 Sigurður Steinþórsson, 1639.
 Sigurður Úlfarsson, 1637.
 Sigurður M. Þorsteinsson, 1648.
 Sigurður Þórarinnsson, 1636.
 Sigurgísli Harðarson, 1643.
 Sigurlaug Karlsdóttir, 1637.
 Símagjald, eftirgjöf, rg., 93—94.
 Símaþjónusta, gjsk., r., 49—72, 433—456, 953—976.
 Sjárútvægur, hagræðingar- og framkvæmdalán, rg., 310.
 Sjóðurinn Stígur, rkn., 775.
 Sjúklingar, ferðakostnaður, rg., br., 118, 1069; rg., 143.
 Sjúkraliðaskóli Íslands, rg., 575—578.
 Sjúkrasamlög, tannlækniskostnaður, rg., 427—527.
 Sjúkratryggðir, greiðslur á sérfræðingshjálpi, rg., 123, 1067; greiðslur til samlagslækna, rg., 128, 1067; greiðslur sjúkraflutninga, rg., 151.
 Skagaströnd, hafnarsjóður, gjsk., br., 41—43, 349—350, 425—426, 604—605, 835—836.
 Skemmtanaskattur, rg., br., 149.
 Skip, gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu, rg., 477—480; radióbúnaður, fjar-skípti, rg., r., br., 789—790; smíði, búnaður, r., 495—513, 1073—1093, 1093—1129, 1130—1149, 1150—1152.
 Skipaskoðunarmenn, rg., 427—428.
 Skipulagsskrár: Dvalarheimili aldraðra, Eyrarsveit, 1274—1276; Heilsugæslusjóður Náttúrulækningafélags Íslands, 807—808; heimili fyrir aldraða í Grindavík, 804—806; Kirkjuhúsið, 247—248; Minningarsjóður Guðmundar Kortssonar, stj., br., 1405; Minningarsjóður Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur, 807; Minningarsjóður Jóhannesar Sæmundssonar, 646—647; Minningarsjóður Jóns Jóhannessonar, 646; Minningarsjóður Jóns Júlíusar Þorsteinssonar, 131—132; Minningarsjóður Karólínu Kristjánsdóttur, 540; Minningarsjóður Kristjáns Á. Ásgeirssonar, 1044—1045; Minningarsjóður Marinós Bjarna Kristjánssonar, 480—481; Minningarsjóður Pálinu Pálsdóttur og Jóns Andrésónar, 130—131; Minningarsjóður frú Stefaníu Guðmundsdóttur, 1401—1402; Styrktarsjóður til rannsókna á stjörnulíffræði, 1379—1380; Tækjasjóður Landspítalans, 1362; Verðlaunarsjóður dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts, 1380—1381.
 Skipulagsupphættur, Hafnarfjörður, augl., 1281.
 Skúli Bjarnason, 1639.
 Skúli Sigurðsson, 1639.
 Sláturafurðir, heilbrigðisskoðun, rg., br., 647—648.
 Slökkviliðsmenn, hlífðarbúnaður, rg., 299—301.
 Snjólaug Þorkelsson, 1645.
 Snorri Hjartarson, 1648.
 Snorri Páll Snorrason, 1637.
 Soares, Mario, 1651.
 Soffía Ingvarsdóttir, 1648.
 de Sousa, Bivar, 1651.
 Sousa, Sergio e, 1651.
 Sorphheimta, Hveragerði., sp., 85—86.
 Sorphreinsun, Blönduós, sp., 1041—1042; Hveragerði, gjsk., 104; Selfoss, sp., 518—520; gj., sp., 309.
 Sólveig Benjamínsdóttir, 1644.
 Starfsmannabústaðir, íbúðir, rg., br., 546.
 Starfsmannaráð, Póst- og símamálastofnun, rg., 6—8.
 Starfsmenn ríkisins, veikindaforföll, rg., 140—142.
 Stefán Carlsson, 1643.
 Stefán Finnsson, 1644.
 Stefán Skaftason, 1645.
 Stefán Þorleifsson, 1648.
 Steingrímsfjörður, göngusilungur, bann, augl., 432.
 Steinþór Gestsson, 1648.
 Sterri, Jens, 1649.
 Stokkseyri, rafveita, gjsk., 76—77, 220—223, 458—459, 723—726, 925—928, 980—981, 1244—1246.
 Strano, Antonio, 1635.
 Stykkishólmur, gatnagerðargjöld, sp., br., 298; heimilishjálpi, gjsk., 297—298; hafnarsjóður, gjsk., br., 41—43, 334—335,

- 425—426, 589—590, 818—819; umferð, augl., 563.
- Styrktarsjóður Christians konungs X og Alexandrine drottningar, rkn., 770.
- Styrktarsjóður Gísla Jóns Nikulássonar, rkn., 772.
- Styrktarsjóður vegna jarðelda, rkn., 774.
- Styrktarsjóður Þórarins Tulíníus, rkn., 774.
- Stöðvarfjörður, hafnarsjóður, gjsk., br., 41—43, 377—378, 425—426, 632, 865; umferð, augl., 1172.
- Stöðvarhr., gatnagerðargjöld, rg., 1332—1334.
- Suðureyrarhr., hundahald, sp., 1043.
- Suðureyri, hafnarsjóður, gjsk., br., 41—43, 342, 425—426, 597, 827; hitaveita, gjsk., br., 457—458, 657, 979—980, 1183; umferð, augl., 1038.
- Suður-Múlasýsla, lögreglusp., br., 1071.
- Suðurnes, hitaveita, gjsk., br., 77—78, 187—188, 457—458, 687, 979—980, 1209.
- Súðavík, hafnarsjóður, gjsk., br., 41—43, 425—426, 600—601, 830—831.
- Súðavíkurhr., gatnagerðargjöld, sp., 882—883.
- Svalbarðseyri, hafnarsjóður, gjsk., br., 41—43, 359—360, 425—426, 614—615, 845—846.
- Svartbakur, hrafni, eyðing, rg., br. 391.
- Svedberg, Björn, 1650.
- Sveinn Björnsson, 1642.
- Sveinn A. Guðmundsson, 1645.
- Sveinn Már Gunnarsson, 1635.
- Sveinn Arvid Rasmussen, 1636.
- Sveinn Sveinsson, 1643.
- Sveinn Tryggvason, 1648.
- Sveinsson-Mír, Sigrún, 1645.
- Sveitarfélög, Atvinnuleysistryggingasjóður, framlög, rg., 488.
- Sverrir H. Gunnlaugsson, 1642.
- Szigeti, Karoly, 1647.
- Söfnunarsjóður Íslands, rkn., 1282—1283, 1283—1284.
- Söluskattur, rg., br., 251, 555, 806, 1169, 1320.
- T.**
- Talstöðvar, starfræksla, rg., 1023—1037, 1305—1319.
- Tannlækniskostnaður, sjúkrasamlög, rg., 427, 527.
- Tannverndarsjóður, r., 416.
- Tálknafjarðarhr., hafnarsjóður, gjsk., br., 41—43, 337—338, 425—426, 592—593, 822—823.
- Ter-Oganian, Leon, 1650.
- Thaysen, Jörn Hess, 1650.
- Theis, Karl, 1650.
- Themido, Hall, 1651.
- Thomas, Richard, 1646, 1647.
- Thomson, Snjólaug Sigursteinsdóttir, 1636.
- Thor Thors, 1648.
- Thornton, Grace, 1650.
- Thunholm, Lars-Erik, 1649.
- Togskip, takmörkun þorskveiða, rg., 2—3.
- Togveiðar, bann, Húnaflói, rg., 986, 1173; Kögurgrunn, rg., 117; Strandagrunn, rg., 981; Vestfirðir, rg., 256, rg., br., 520; Þveráll, Kögurgrunn, rg., 1354—1371.
- Tollafgreiðslugengi, rg., 40—41, rg., br., 527.
- Tollfrjáls farangur, ferðamenn, farmenn, rg., br., 249—250, rg., 521—525, rg., br., 985—986, 1436—1437.
- Tollfrjáls innflutningur, verðlítill sýnishorn, r., 1071—1072.
- Tollgæslumenn, einkennisbúningar, rg., 302—304.
- Tollmeðferð, smábögglar, einkafarangur ferðamanna, r., 526; vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu, augl., br., 528; viðskiptasamningur EFTA-landanna og Spánar, augl., br., 529.
- Tollskóli ríkisins, rg., 133—139.
- Tollvörugeymslur, rg., br., 308.
- Tómas Guðmundsson, 1648.
- Tómas Karlsson, 1638.
- Tómas Á. Tómasson, 1634, 1644.
- Tómas Þorvaldsson, 1638.
- Trausti Gíslason, 1641.
- Trinidad, Jose, 1651.
- U, Ú.**
- Umferð, augl.: Akranes, 432, 1462; Akureyri, 25, 129, 1174, 1352; Árnessýsla, 1321; Dalvík, 100, 1321; Grindavík, 1292; Hafnarfjörður, 1363; Hveragerði, 1290; Húsavík, 396; Ísafjörður, 545; Keflavík, 1172; Kópavogur, 1351, 1363; Mos-

CXXVIII

- fellshr., 106, 1375; Njarðvík, 1353; Reykjavík, 6, 150, 983, 1368, 1372; Sel-tjarnarnes, 1294; Siglufjörður, 982; Seyðisfjörður, 151, 1334; Stykkishólmur, 563; Stöðvarfjörður, 1172; Suðureyri, 1038; Þorlákshöfn, 268.
- Uitto, Jorma A.E., 1649.
- Unnur Ólafsdóttir, 1648.
- Útflutningur, hross, rg., 417—421.
- Útlendingar, atvinnuréttindi, rg., 421—424, br., 575.
- Útungunarstöðvar, hænsnfluglar, rg., 9—12.
- Útvegsbanki Íslands, rkn., 1010—1014.
- V, W.**
- de Vaivre, Jean-Bernard, 1649.
- Valdimar Örnólfsson, 1648.
- Varmahlíð, aðalskipulag, augl., 1289.
- Vatnsleysustrandarhr., hundahald, sp., 560—561; gjsk., 1320; rafveita, rg., 13—20, gjsk., 76—77, 238—241, 458—459, 741—743, 944—946, 980—981, 1261—1263.
- Vatnsskattur, Blönduós, rg., br., 90—91.
- Vatnsveita, Grindavík, rg., 1425—1429, gjsk., 1430—1431; Neskaupstaður, gjsk., 1437—1438; Reyðarfjörður, gjsk., 515; Siglufjörður, gjsk., br., 1465—1466; Vestmannaeyjar, gjsk., br., 91, 476, 999, 1305.
- Vedrine, Hubert, 1649.
- Veiðibann, togveiðar, rg.; Húnaflói, 986, 1173; Kögurgrunn, 117; Þveráll, Kögurgrunn, 1354, 1371; Strandagrunn, 981; Vestfirðir, 256, rg. br., 520; þorskur, rg., 794, 1381—1382.
- Veiðifélög: Búðardalsár, arðskrá, 481; Fróðár, sp., 1469; Hrótsvatn, sp., 482—483; Ósár og Miðdalsvatn, sp., 1470, Reyðarvatns, arðskrá, 482.
- Verðgrundvöllur, augl.: freðfiskur, 271—273, 274—276, 779—781, 1294—1296; fryst rækja 132, 273, 574, 1280; frystur humar, 769; frystur hörpudiskur, 84, 277, 573—574, 1273; loðnuafurðir, 1352; óverkaður saltfiskur, 269, 559, 768, 1324; söltuð ufsaflök, 771, 1324; söltuð þorskflök, 269, 1323.
- Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, rkn., 1057—1063.
- Verðslanir, afgr.tími: Akureyri, sp., br., 1173—1174; Kópavogur, augl., 1369—1370, Reykjavík, sp., br., 28—29, augl., 1353.
- Vestmannaeyjar, fjarhitun, gjsk., br., 77—78, 180—181, 457—458, 676—677, 977—978, 1201—1202; hafnarsjóður, gjsk., br., 41—43, 382—383, 425—426, 636—637, 870—871; leigubifreiðar, rg., br., 564, rg., 1433—1436; lögreglusp., br., 1293; rafveita, gjsk., br., 79—80, 214—217, 459—461, 566—568, 717—720, 920—923, 977—978, 1236—1238; vatnsveita, gjsk., br., 91, 476, 999, 1305.
- Vestur-Skaftafellssýsla, manntalsþing, stj.-bréf, 1168.
- Vidon, Jean-Pierre, 1649.
- Viðar Konráðsson, 1638.
- Viðskiptamál, gjaldeyrismál, rg., br., 75, 984.
- Vigfús Önundur Þorsteinsson, 1638.
- Vilhjálmur Guðmundsson, 1648.
- Vinnueftirlit ríkisins, gjsk., 544—545; þjónustustörf, gjsk., 8—9.
- Vinnustaðir, aðbúnaður, hollustuhættir, öryggi, iðgjöld, rg., 775—776; verndaðir, rg., 542—543.
- Vinnuvélar, réttindi, r., 320—323.
- Vogar, hafnarsjóður, gjsk., br., 41—43, 389, 425—426, 643—644, 876—877; rafveita, 76—77, 238—241, 458—459, 741—743, 944—946, 980—981, 1261—1263.
- Vopnafjörður, hafnarsjóður, gjsk., br., 41—43, 369—370, 425—426, 623—624, 856—857.
- Vörugjald, rg., br., 113—114, 114, 116, 802, 1289.
- Vöruhappdrætti SÍBS, rg., br., 1015.
- Vörumerki, rg., 1400—1401; einkaleyfi, útgáfa blaðs, augl., 1419.
- Vörur, án útflutningsleyfa, augl., 1414.
- Wulff, Otto, 1649.
- Y.**
- Yngvi Ólafsson, 1643.
- Yngvi Pétursson, 1642.
- Z.**
- Zaman, Selimuz, 1647.
- Zietowski, Stefán, 1650.

Þ.

Þingeyrarhr., gatnagerðargjöld, rg., 258—260.
 Þingeyri, hafnarsjóður, gjsk., br., 41—43, 339—340, 425—426, 595, 824—825.
 Þinggjöld, innheimta, rg., 1414—1415.
 Þjóðbjörn Hannesson, 1645.
 Þjóðvegir, kaupstaðir, kauptún, rg., 750—756.
 Þorbjörg Kristinsdóttir, 1642.
 Þorbjörn Árnason, 1636.
 Þorbjörn Sigurgeirsson, 1645.
 Þorgeir Sigurðsson, 1641.
 Þorkell Guðbrandsson, 1643.
 Þorkell Elí Guðmundsson, 1637.
 Þorlákshöfn, hitaveita, gjsk., br., 77—78, 186—187, 457—458, 686, 979—980, 1208; landshöfn, hafnarsjóður, gjsk., br., 41—43, 383—384, 425—426, 638—639, 871—872; umferð, augl., 268.
 Þorleifur Thorlacius, 1642, 1645.
 Þorskfisknet, rg., 4—6, br., 277.
 Þorskveiðar, togskip, takmörkun, rg., 2—3, 252, 413, 794, 1381—1382, br., 516.
 Þorsteinn Loftsson, 1635.
 Þorsteinn Pétursson, 1642.
 Þorvaldur Gylfason, 1643.
 Þorvarður K. Þorsteinsson, 1635.

Þór Vilhjálmsson, 1648.
 Þórarinn Hrafn Harðarson, 1643.
 Þórarinn Þórarinsson, 1648.
 Þórir S. Njálsson, 1635.
 Þórir Þórhallsson, 1639.
 Þórir Þórisson, 1638.
 Þóroddur Jónasson, 1639.
 Þórshöfn, hafnarsjóður, gjsk., br., 41—43, 425—426, 621—622, 853—854.
 Þráinn Eggertsson, 1643.
 Þröstur Laxdal, 1641.
 Þungaskattur, bifreiðar, rg., 289—291.
 Þuríður Þorbjörnsdóttir, 1641.

Æ.

Ægir Rafn Ingólfsson, 1642.

Ö.

Ökukennsla, próf ökumanna, rg., br., 1384, rg., 1385—1399.
 Ökutæki, ábyrgðartryggingar, augl., 251, 281; skoðunargjald, rg., 1423; almenn skoðun, r., 1424.
 Öl, áfengt, tilbúningur, rg., 564.
 Örn Ólafsson, 1641.
 Örn Sigurðsson, 1634.
 Örorku- og ellilífeyrisþegar, ráðstöfunarfé, rg., 468.

Skammstafanir í efnisyfirliti, B-deild.

augl. = auglýsing.
 br. = breyting.
 gjsk. = gjaldskrá.
 r. = reglur.

rg. = reglugerð.
 rkn. = reikningur.
 stj.bréf = stjórnarráðsbréf.
 sp. = samþykkt.

Skrá um útgáfudaga B-deildar 1983.

B 1,nr. 1	20. jan
B 2,nr. 2—28	31. jan.
B 3,nr. 29—35	31. jan.
B 4,nr. 36	11. febr.
B 5,nr. 37—65	28. febr.
B 6,nr. 66—67	28. febr.
B 7,nr. 68—69	2. mars
B 8,nr. 70	4. mars
B 9,nr. 71—97	14. mars
B 10,nr. 98—143	23. mars
B 11,nr. 144—145	17. mars
B 12,nr. 146—148	23. mars
B 13,nr. 149—150	25. mars
B 14,nr. 151—173	7. apríl
B 15,nr. 174—175	30. mars
B 16,nr. 176—257	29. apríl
B 17,nr. 258—272	29. apríl
B 18,nr. 273	29. apríl
B 19,nr. 274—279	11. maí
B 20,nr. 280—282	9. maí
B 21,nr. 283—312	30. maí
B 22,nr. 313—314	30. maí
B 23,nr. 315—320	2. júní
B 24,nr. 321—343	10. júní
B 25,nr. 344	3. júní
B 26,nr. 345—346	6. júní
B 27,nr. 343—412	22. júní
B 28,nr. 413—480	30. júní
B 29,nr. 481	29. júní
B 30,nr. 482—489	11. júlí
B 31,nr. 490	11. júlí
B 32,nr. 491—503	20. júlí
B 33,nr. 505—584	29. júlí
B 34,nr. 585—593	29. júlí
B 35,nr. 594—595	9. ágúst
B 36,nr. 596—617	31. ágúst
B 37,nr. 618—625	12. sept.
B 38,nr. 626—634	20. sept.
B 39,nr. 635—644	30. sept.
B 40,nr. 645—646	30. sept.
B 41,nr. 647—650	3. okt.
B 42,nr. 651—654	11. okt.
B 43,nr. 655—717	19. okt.
B 44,nr. 718—720	14. okt.
B 45,nr. 721—723	19. okt.
B 46,nr. 724—731	28. okt.

CXXXI

B 47,nr. 732—746	8. nóv.
B 48,nr. 747—756	18. nóv.
B 49,nr. 757—758	18. nóv.
B 50,nr. 759	23. nóv.
B 51,nr. 760—770	30. nóv.
B 52,nr. 771	3. des.
B 53,nr. 772	6. des.
B 54,nr. 773—777	12. des.
B 55,nr. 778—786	19. des.
B 56,nr. 787—805	30. des.
B 57,nr. 806—820	12. jan. 1984
B 58,nr. 821—831	29. des 1984

Leiðréttingar:

- Bls. 40, sjá 5. gr., 1. línu: skv. 1. tl. 11. gr., les skv. 1. tl. 14. gr.
 Bls. 137, sjá 12. Rannókn brota, les 12. Rannsókn brota.
 Bls. 140, sjá 1. gr. 13. línu: 6. gr., les 2. gr.
 Bls. 141, sjá 7. línu: ...skal telja með... les ...skal ekki telja með... Sjá 3. gr. sömu síðu, 2. og 3. línu, 5. gr. 9. línu og 7. gr. 3. og 4. línu: 6. gr., les 2. gr.
 Bls. 141, sjá 5. gr. 2. línu: ...samkvæmt ákvæðum 8. gr.... les ...samkvæmt ákvæðum 4. gr...
 Bls. 142, sjá 8. gr. 4. línu: reglubundinni verðskrá, á að vera reglubundinni varðskrá.
 Bls. 281, sjá fyrirsögn Reglugerð um eftirlit með skipulögum... les ...skipulögðum...
 Hefti B 20—21 1983, 2. kápusíða sjá nr. 239. Samþykkt fyrir Veiðifélag Húnavatns... les Samþykkt fyrir Veiðifélag Hrútsvatns.
 Hefti 22—25 1983, 3 kápusíða sjá nr. 334. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 484/1982... les Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 486/1982...
 Hefti 22—25, 3. kápusíða sjá nr. 335. Reglugerð um sölu og veitingu áfengis, les Reglugerð um sölu og veitingar áfengis.
 Bls. 416, sjá síðustu línu í 4. gr.: ...eða stjórnendur skólatannlækninga, les ..og stjórnendur skólatannlækninga..
 Bls. 556, sjá 2. gr. 1. línu: ...selur áfengi í útstöðustöðum sínum... les ...selur áfengi í útsölustöðum... Sjá 6. gr. sömu síðu, 6. línu: ...framkvæmd lokunnarinnar eða... les ...framkvæmd lokunarinnar eða...
 Bls. 557, sjá 9. gr. 5. línu: Veitingamenn og þjónar þeirra... les Veitingamenn og þjónar þeirra...
 Bls. 558, sjá 14. gr. 3. línu: ...Áfengis- og tóbaksverlsun... les ...Áfengis- og tóbaksverlsun...
 Bls. 559, sjá 17. gr. 3. línu: ...áfenigs með síðari... les ...áfengis með síðari...
 Bls. 579, sjá 4. gr. 4. málsg. 5. línu: ...ritverk... les ...ritverka... Sömu bls. sömu línu, ...námsferil... les ...námsferli...
 Bls. 580, sjá 6. gr. b. 1. línu, ...orðfræðirannsóknir... les ...orðfræðirannsóknir...
 Bls. 802, sjá í undirskrift: Þorsteinn Pétursson les Þorsteinn Geirsson.
 Bls. 809, sjá dagsetningu: 17. maí 1983 les 19. júlí 1983.
 Bls. 810, sjá dagsetningu undirskriftar: 17. maí 1983 les 19. júlí 1983.
 Bls. 1388, sjá 11. gr. 2. línu: ...Framan og aftan á kennslubifreiða... les ...Framan og aftan á kennslubifreið...
 Bls. 1389, sjá 5. línu að neðan: g) Tengsli, gírkassi... les g) Tengsli, gírkassa...
 Bls. 1392, sjá 8. línu að neðan: Um 28. gr. les 28. gr.
 Bls. 1395, 36. gr. 9. línu: ...bifreiða. Ekki skal... les ...bifreið. Ekki skal...
 Efnisyfirlit B 20—21 1983, sjá reglugerð nr. 295, ...3. maí... les ...13. maí...
 Efnisyfirlit B 57/1983, sjá 8. línu: ...tollfrjálsan farangur við komu frá útlöndum... les ...tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu...

I lína skipulagsskrá E S

Meðal hlutverka sjóðsins skal vera að stuðla að því að saga Dagsbrúnar verði skrifuð og gefin út.

Endurprentuð blöð:

837 1982.

41, 107, 139, 141, 269, 829, 1323, 1381, 1383, 1387, 1393.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1983

17. janúar 1983

1

Nr. 1

AUGLÝSING

varðandi gin- og klaufaveiki.

Vegna þess að komið hefur upp í Danmörku gin- og klaufaveiki, er samkvæmt heimild í lögum nr. 11/1928 um varnir gegn gin- og klaufaveiki, bannað, þar til annað verður ákveðið, að flytja til landsins frá Danmörku hverskonar fóðurvörur, lifandi dýr og afurðir af dýrum. Jafnframt er bannað að nota til skepnufóðurs matarleifar sem aflað er utan heimilis.

Brot gegn banni þessu varða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. janúar 1983.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1983.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til eftirfarandi skipaflokka:

1. Skuttogara, þ. e. togskipa, sem taka trollið inn um skutrennu og eru með aflvél 900 hestafla eða stærri.
2. Síðutogara, sem eru lengri en 39 metrar, miðað við mestu lengd skipsins.
3. Skipa, sem loðnuveiðar stunduðu samkvæmt reglugerð nr. 309 30. júní 1981, ásamt síðari breytingum.

Þegar í grein þessari er rætt um aflvél og mestu lengd skipa er miðað við mælingar Siglingamálastofnunar ríkisins.

2. gr.

Skipum þeim sem eru talin í 1. gr., eru bannaðar þorskveiðar, sem hér segir:

1. Í 30 daga samtals á tímabilinu 1. janúar til 30. apríl 1983 og þar af skal hvert skip láta af þorskveiðum í a. m. k. 10 daga á tímabilinu 1. janúar til 28. febrúar 1983.
2. Í 45 daga samtals á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst 1983, og þar af skal hvert skip láta af þorskveiðum í a. m. k. 25 daga á tímabilinu 1. júlí til 31. ágúst 1983.
3. Í 35 daga samtals á tímabilinu 1. september til 31. desember 1983.

3. gr.

Útgerðaraðilar ráða tilhögun veiðitakmörkunar samkvæmt 2. gr., en láti skipið af þorskveiðum skemur en 4 sólarhringa samfelld, telst sá tími ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

4. gr.

Við ákvörðun á því, hversu lengi skip láta af þorskveiðum hverju sinni, gilda eftirfarandi reglur:

1. Upphaf tímabils miðast við þann tíma, er skip kemur í höfn til löndunar afla úr síðustu veiðiferð fyrir tímabil.
2. Lok tímabils miðast við þann tíma, er skip heldur úr löndunarhöfn til þorskveiða á ný.
3. Sigli skip með afla til löndunar erlendis og reynist þorskur yfir leyfilegum mörkum sbr. 5. gr., telst jafnlangur tími og fer í siglingar með afla út og til heimahafnar aftur, ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.
4. Stundi loðnuskip, sbr. 3. tl. 1. gr., þorsknetaveiðar einhvern hluta ársins telst sá tími, er það notar til þeirra veiða, ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

5. gr.

Á þeim tíma, sem skip láta af þorskveiðum sbr. 2. og 6. gr. má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en hér segir:

1. 5% í 33 daga.
2. 15% í 44 daga.
3. 30% í 33 daga.

Fari þorskafli yfir leyfileg mörk samkvæmt 1. mgr. sbr. 2. og 6. gr., verður andvirði þess, sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla nr. 32/1976.

6. gr.

Útgerðaraðili skal, þegar eftir löndun og strax er löndunarnótur liggja fyrir, tilkynna til ráðuneytisins með skeyti, hversu lengi skipið lét af þorskveiðum, hvert var hlutfall þorsks í afla og til hvaða prósentuflokks, sbr. 5. gr., veiðiferðin telst.

Hafi skip ekki stundað fiskveiðar á þeim tíma, er það lét af þorskveiðum, skal tilkynna í skeyti, hvaða tímabil skipið lét af þorskveiðum, um leið og skip heldur til veiða á ný.

Útgerðaraðilar eru bundnir við tilkynningar sínar og geta ekki gert breytingar á þeim, nema að fengnu samþykki ráðuneytisins.

Berist ráðuneytinu ekki skeyti innan þriggja sólarhringa frá því er löndun lauk, sbr. 1. mgr. eða skip heldur til þorskveiða sbr. 2. mgr. eða reynast upplýsingar rangar, getur ráðuneytið ákveðið, að tilkynnt tímabil reiknist ekki með sem þorskveiðibann.

7. gr.

Verði upplýsingar samkvæmt 6. gr. ekki látnar í té, getur ráðuneytið ákveðið að hlutaðeigandi skip skuli láta af þorskveiðum ákveðið tímabil og ennfremur hver hlutur þorsks í heildarafla megi vera á því tímabili. Fari hlutur þorsks yfir leyfileg mörk samkvæmt þessari grein, varðar það upptöku samkvæmt 2. mgr. 5. gr.

8. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. janúar 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um þorskfisknet.

1. gr.

Allar veiðar í þorskfisknet eru óheimilar án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins.

Ráðuneytið getur bundið leyfi samkvæmt 1. gr. og úthlutun þeirra þeim skilyrðum er þurfa þykir m. a. í því skyni að stuðla að auknum gæðum afla og takmarka fjölda eða veiðar einstakra gerða fiskiskipa.

2. gr.

Á tímabilinu 16. janúar til 15. maí, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að nota, vera 7 þumlungar (178 mm).

Á tímabilinu 16. maí til 15. janúar skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að nota, vera 6 þumlungar (152 mm).

3. gr.

Þegar möskvastærð er mæld skulu þrír möskvar lagðir saman og teygðir horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreið leyfilegri lágmarksmöskvastærð (sbr. 2. gr.) og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvana, þegar netið er vott.

4. gr.

Allir netadrekar skulu ávallt greinilega merktir umdæmisbókstöfum og tölum þeirra skipa, sem nota þá. Merki þessi skulu vera soðin á netadrekana.

5. gr.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og skulu allar netabaujur merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Á flaggið skal mála umdæmisbókstafi og tölur þess skips, sem notar netin. Auk þessa er heimilt að auðkenna flaggið með merki skipsins. Undir fyrrnefndu flaggi skal komið fyrir öðru flaggi þar sem á er málað númer hvernar netatrossu þannig, að allar netatrossur skipsins séu tölusettar frá einum og til þess fjölda, sem skipinu er heimilt að nota samkvæmt 10. gr. reglugerðar þessarar. Auk þessa skulu allir belgir merktir með umdæmisbókstöfum og tölum þess skips, sem notar þá.

6. gr.

Merkingar á baujuflöggum og belgjum skulu vera greinilegar og skulu stafir stórir og skýrir.

7. gr.

Verði breytingar á umdæmisbókstöfum eða tölum skips, ber að breyta merkingum á veiðarfæraútbúnaði í samræmi við þá breytingu.

8. gr.

Þegar netadrekar, netabaujur og belgir eru um borð í veiðiskipi, skulu þau vera merkt í samræmi við 4.—6. gr., eftir því sem við á.

9. gr.

Skipstjóra skal skylt að merkja net sín þannig, að glöggst megi greina, hvor endi netatrossu séu austur- eða vesturendi og er þá miðað við réttvísandi norður- og suðurlínu. Skal merking framkvæmd á þann hátt, að á miðju baujustangar á vestari enda trossu skal

komið fyrir netahring (flot), sem hæglega má losa og færa milli bauja. Leggi skip net sín á svæði þar sem togveiðar eru heimilar er skipstjóra skylt að auðkenna vestri enda netatrossa með hvítu blikkljósi.

10. gr.

Skipum, sem hafa 12 menn eða fleiri í áhöfn, skal óheimilt að hafa fleiri en 150 net í sjó.

Sé áhöfn 11 menn skulu ekki fleiri en 138 net í sjó.

Sé áhöfn 10 menn skulu ekki fleiri en 126 net í sjó.

Sé áhöfn 9 menn skulu ekki fleiri en 114 net í sjó.

Sé áhöfn 8 menn skulu ekki fleiri en 102 net í sjó.

Sé áhöfn 7 menn skulu ekki fleiri en 90 net í sjó.

Sé áhöfn 6 menn skulu ekki fleiri en 78 net í sjó.

Sé áhöfn 5 menn skulu ekki fleiri en 66 net í sjó.

Sé áhöfn 4 menn skulu ekki fleiri en 54 net í sjó.

Sé áhöfn 3 menn skulu ekki fleiri en 42 net í sjó.

Sé áhöfn 2 menn skulu ekki fleiri en 30 net í sjó.

Sé sjálfvirkur netaafdráttarbúnaður (dráttarkarl) notaður við veiðarnar er heimilt að hafa 12 netum fleira í sjó en tilgreint er hér að ofan.

Miðað er við, að 60 fadma löng slanga sé í hverju neti.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt í veiðileyfum til þorskfisknetaveiða að takmarka enn frekar leyfilegan netafjölda báta, telji það ástæðu til t. d., ef bátar landa ekki aflla daglega.

11. gr.

Þorskfisknet skulu lögð í eina stefnu á sama veiðisvæði, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Týni skip þorskfisknetum í sjó, ber skipstjóra að reyna að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það Landhelgisgæslunni og skýra frá staðsetningu netanna, eins nákvæmlega og unnt er.

13. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

14. gr.

Auk almenns eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa sérstakir eftirlitsmenn sjávarútvegsráðuneytisins eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og skal skipstjóri veiðiskips gera eftirlitsmanni kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum skipsins, er hann telur nauðsynlegar.

15. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 129 13. mars 1978, um þorskfisknet ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Prátt fyrir ákvæði 3. gr. skal árið 1983 heimilt að nota net sem standast mál samkvæmt eldri reglum um mælingu möskva sbr. reglugerð nr. 120/1978.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. janúar 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið.

1. Einstefnuakstur verður á Grundarstíg til suðurs frá Bjargarstíg og Hellusundi.
2. Einstefnuakstur verður á Hellusundi til austurs frá Grundarstíg að Bergstaðastræti.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. janúar n. k.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 10. janúar 1983.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um Starfsmannaráð Póst- og símamálastofnunarinnar.

1. gr.

Hjá Póst- og símamálastofnun skal vera starfsmannaráð skipað á eftirfarandi hátt:

- a) Framkvæmdastjórar aðaldeilda Póst- og símamálastofnunarinnar (fjármáladeild, tæknideild, umsýsludeild og viðskiptadeild) og umdæmisstjóri í Umdæmi I.
- b) Formaður Félags íslenskra símamanna og einn fulltrúi tilnefndur af félaginu.
- c) Formaður Póstmannafélags Íslands. Auk þess einn fulltrúi tilnefndur af félaginu með málfrelsi og tillögurétt.
- d) Formaður Félags háskólamenntaðra póst- og símamanna og hefur hann atkvæðisrétt, þegar fjallað er um stöður, þar sem krafist er háskólamenntunar, svo og um stöður framkvæmdastjóra- og umdæmisstjóra og einnig í öðrum málum.

2. gr.

Starfsmannaráð kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stjórnenda Póst- og símamálastofnunar og ritara og vararitara úr hópi fulltrúa félaganna.

Starfsmannaráð skal halda fund minnst einu sinni í mánuði.

Starfsmannaráð getur ákveðið fasta fundardaga og haldið aukafundi eftir því sem þörf krefur, svo og ef a. m. k. þrír atkvæðisbærir ráðsmenn krefjast. Formaður boðar fundi með dagskrá og stjórnar þeim. Fundir eru ályktunarbærir, ef 6 ráðsmenn eru mættir, enda hafa allir verið boðaðir. Að jafnaði skal ekki afgreiða mál, er heyra undir einhvern fulltrúa stofnunarinnar í ráðinu, að honum fjarstöddum, né heldur mál er varða starfsfólk að fjarstöddum fulltrúum viðkomandi félags.

Halda skal gjörðabók, þar sem fundarefni og afgreiðsla mála er skráð. Ef ráðið er ekki sammála hafa einstakir ráðsmenn rétt á að fá bókuð stutt efnisleg sérálit. Afgreiðsla mála og sérálit skulu jafnan fylgja til þess aðila, sem fær málið til endanlegrar afgreiðslu. Allir fundarmenn skulu undirrita fundargerð.

3. gr.

Starfsmannaráð fjallar um þau mál, er varða launakjör og starfsaðstöðu starfsfólks, skipun, setningu og ráðningu í stöður, niðurlagningu á stöðum, frávikningu, menntunarkröfur og önnur skilyrði til starfa, svo og önnur mál, er varða hagsmuni einstakra starfsmanna, starfshópa og stofnunarinnar, svo sem aðgerðir sem kunna að fela í sér almenna röskun á atvinnuöryggi og högum starfsfólks, hvort sem slík mál berast frá póst- og símamálastjóra eða einstakir ráðsmenn bera þau fram.

Jafnframt skal ráðið fjalla um tillögur og hugmyndir starfsmanna um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustað.

Skal að jafnaði kynna málin með dagskrá.

Póst- og símamálastjóri skal boða starfsmannaráð á fundi þá, sem hann heldur með framkvæmdastjórum aðaldeilda og umdæmisstjórum sbr. 8. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála nr. 36/1977.

Skal þar leggja fram, skýra og ræða rekstrar- og framkvæmdaáætlanir stofnunarinnar, svo og ársreikninga og fjárhagsstöðu, og annað er varðar meginstefnumál og verkefni stofnunarinnar.

Leitast skal við að auka áhuga starfsfólksins á því að gefa ráðinu ábendingar um það, sem betur mætti fara og gera tillögur til úrbóta og senda þær starfsmannaráði.

Skal ráðið auglýsa eftir slíkum ábendingum eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Póst- og símamálastjóri veitir starfsmönnum viðurkenningu fyrir slíkar tillögur, eftir ábendingu starfsmannaráðs.

4. gr.

Starfsmannaráð er ráðgefandi um þau mál, sem það tekur til meðferðar og gerir skriflegar tillögur eða umsögn um þau til póst- og símamálastjóra. Ráðið getur kallað starfsmenn Póst- og símamálastofnunar á sinn fund til að fá upplýsingar um mál. Ef um er að ræða mál, sem snerta störf umdæma, sem ekki eiga fulltrúa í starfsmannaráði, skal leitað álits viðkomandi umdæmisstjóra.

Áður en starfsmannaráð tekur afstöðu til stöðuveitinga, skal að jafnaði leitað álits næsta yfirmanns þeirrar stöðu, sem um er að ræða.

5. gr.

Umræður á fundum ráðsins, er varða einstaka menn persónulega, skulu vera trúnaðarmál.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt 10. gr. laga nr. 36/1977, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 529/1979.

Samgönguráðuneytið, 10. janúar 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendum eða umráðamönnum eftirlitsskyldra farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyftna og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum skv. gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða gjald fyrir ýmiss konar aukaþjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Fyrir farandvélar, farandvinnuvélar og lyftur greiðist sem hér segir:

1. flokkur: Gjald kr. 427,50.

Fólkslyftur, málaraustólar, vörulyftarar með sæti, dráttarvélar.

Gjaldið greiðist þó ekki ef tæki þessi eru í eigu eftirlitsskyldra fyrirtækja.

2. flokkur: Gjald kr. 576,25.

Vegaþjoppur, vegheflar og aðrar vegagerðarvélar, jarðýtur, ámokstursvélar, skurð-gröfur og aðrar svipaðar vélar, litlir farandkranar (bómulengd minni en 8 m, lyftigeta minni en 2 tonn). Skíðalyftur minni.

3. flokkur: Gjald kr. 851,25.

Farandkranar, byggingakranar. Skíðalyftur stærri.

Þó skoðun fari fram oftar en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema framkvæma þurfi aukaeftirlitsskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald.

3. gr.

Fyrir skoðun vatnshitunarkerfa sbr. reglugerð nr. 302/1978 greiðist kr. 491,25 og fyrir neyluvatnshylki kr. 146,25.

4. gr.

Fyrir gasmælingu olúgeyma í skipum greiðist kr. 183,75 fyrir fyrsta geymi og síðan 107,50 fyrir hvern geymi. Fyrir gasmælingu vélarrúms eða dælurúms greiðist ekki gjald, nema eingöngu sé mælt í því.

Fyrir þrýstiraun katla eða geyma, sem eru minni en 2m³ að rúmtaki eða með minni þrýsting en 2 kg/cm² greiðist 168,75 en fyrir stærri katla kr. 240,00.

Sé gasmæling, þrýstiraun eða önnur þjónusta framkvæmd utan reglulegs vinnutíma, samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis eða skips, skal hann greiða þann kostnað sem af slíku hlýst.

5. gr.

Fyrir umfangsmeiri mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnu-
rýmis eða aðrar hliðstæðar athuganir skal eigandi eða umráðandi fyrirtækis greiða þann
kostnað sem af mælingum hlýst annan en dagvinnulaun fastráðinna starfsmanna Vinnueftir-
lits ríkisins.

6. gr.

Fyrir þátttöku í námskeiðum um meðferð og notkun á sprengiefnum greiðir hver þátt-
takandi gjald sem svarar til heildarkostnaðar námskeiðs hverju sinni deilt niður á alla þátt-
takendur. Á sama hátt reiknast þátttökugjald vegna námskreiða vegna notkunar naglabyssu
og námskeiða um öryggismál í meðferð og stjórnun farandvinnuvéla.

Gjald vegna verklegrar prófunar í notkun sprengiefna skal vera: kr. 281,25

Gjald vegna verklegrar prófunar tækjastjóra skal vera:

Fyrir próf á lyftara: kr. 112,50

Fyrir próf á aðrar vélar: kr. 225,50

Sé samtímis tekið próf á fleiri en eina vél skal prófgjald fyrir hverja vél
eftir fyrstu vél vera: kr. 112,50

Gjaldskrá þessi sem sett er samkv. 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80 gr.
laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til
þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.
Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 338/1982.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

**um útungunarstöðvar og ráðstafanir gegn kjúklingasótt og öðrum
smitsjúkdómum hænsnfugla.**

1. gr.

Útungunarstöðvar nefnast í reglugerð þessari þeir staðir, ásamt nauðsynlegum húsa-
kynnum og búnaði, þar sem stunduð er útungun á hænueggjum í vélum, hvort heldur
ungarnir eru ætlaðir til sölu eða til nota á eigin búi.

2. gr.

- 2.1. Allir þeir sem stunda útungun á hænueggjum með vélum, skulu hafa til þess skriflegt
leyfi landbúnaðarráðuneytisins.
- 2.2. Umsókn um leyfi til þess að reka útungunarstöð, skal senda landbúnaðarráðuneytinu,
ásamt vottorði um að hænsnabú það sem lætur af hendi útungunaregg til stöðvarinnar
hafi staðist blóðpróf gegn kjúklingasótt (salmonellosis pullorum) sbr. 3. gr. og umsögn
viðkomandi héraðsdýralæknis. Í umsögn dýralæknis skal upplýst um heilsufar fugla á
búi eða búum þeim sem láta af hendi útungunaregg til stöðvarinnar. Skal það stutt
vanhaldaskýrslum búanna, og skýrslu viðkomandi alifuglasláturhúss um vanmetafugla

og sjúka fugla frá búinu undanfarna 6 mánuði. Ennfremur skal fylgja umsókninni lýsing á stærð og gerð húsnæðis búins, útungarvélum og afkastagetu þeirra, sem og öðrum búnaði. Tilgreina skal tegund hænsnfugla á búi því sem lætur af hendi útungunaregg til stöðvarinnar.

- 2.3. Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til starfrækslu útungunarstöðva, að fenginni um-sögn yfirdýralæknis, til allt að þriggja ára í senn. Leyfi má afturkalla án fyrirvara ef ástæða þykir til t. d. vegna sjúkdóma eða brota á settum reglum, án þess að bætur komi fyrir.

3. gr.

- 3.1. Á búum þeim sem láta af hendi útungunaregg eða selja unga til lífs skulu fara fram blóðprófanir vegna kjúklingasóttar á hænsnum eldri en 6 mánaða. Sýni blóðprófun að í hænsnastofninum leynist smitberar skal stöðva afhendingu útungunareggja eða sölu unga frá búinu, en eigandi skal gefinn kostur á nýrri blóðprófun að þremur mánuðum liðnum. Þau hænsni sem svara jákvætt skulu fjarlægð án tafar úr hænsnabúinu og slátrað jafnskjótt og kostur er.

Að lokinni blóðprófun skal sá sem þau framkvæmir gefa eiganda eða umboðs-manni hans vottorð um árangur prófanna.

- 3.2. Vottorð skoðunarmanns gildir í 12 mánuði frá útgáfudegi, en fellur að þeim tíma liðnum úr gildi uns prófað hefur verið að nýju og er útungun óheimil þann tíma.
- 3.3. Hafi hænsni í búi sýnt neikvæða útkomu við blóðprófanir tvisvar í röð með eins árs millibili er skoðunarmanni leyfilegt að gefa út vottorð er gildi í tvö ár frá útgáfudegi. Sýni hænsnastofn búins framvegis neikvæða útkomu, er eigandu eigi skylt að láta prófa hænsni sín nema annað hvert ár. Er þá nægjanlegt að prófa hluta af hænsnastofni búins (10%) en þó þannig að sem jöfnust hlutfallstala sé tekin úr hverjum hóp eða aldurs-flokki. Aldrei skal þó prófa færri fugla en 100, en alla fugla skal prófa á búum þar sem fuglar eru færri en 100.

4. gr.

- 4.1. Óheimilt er að flytja egg eða fugla í hænsnabú sem hlotið hafa rétt til að selja útungun-aregg og unga til lífs frá búi, þar sem blóðpróf hafa ekki verið framkvæmd.
- 4.2. Útungunarstöð er óheimilt að taka við ungum sem hefur verið ungað út í búi, þar sem eru smitberar, jafnvel þótt eggin hafi komið frá búi með jafn heilbrigðum eða heilbrigðri hænsnastofn en fyrir er á útungunarstöð.
- 4.3. Ennfremur er óheimilt að flytja í útungunarstöð fullorðin hænsni nema frá búum sem reynt er að hafi heilbrigð hænsni samkvæmt blóðprófum.

5. gr.

- 5.1. Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum framleiðir eða útvegar nauðsynleg efni til rannsóknar á útbreiðslu kjúklingasóttar. Dýralæknar eða aðrir aðilar, sem yfir-dýralæknir ákveður framkvæma blóðprófanir með aðferð sem Tilraunastöðin ákveður.
- 5.2. Að prófun lokinni skulu allir fuglar sem sýna jákvæð blóðpróf fjarlægðir og þeim slátrað jafn skjótt og kostur er. Þegar jákvæðir fuglar finnast, skal sýking staðfest með sýklarannsókn. Hænsnahús, hreiður, hæsnagarðar, búr og útungunarvélar, skulu þá sótthreinsaðar á þann hátt sem skoðunarmaður telur tryggilegan.
- 5.3. Skylt er hænsnaeiganda að veita skoðunarmanni nægilega aðstoð við blóðprófun endurgjaldslaust, og fullan aðgang að öllum þeim húsum þar sem hænsni eru geymd. Ef skoðunarmaður telur nauðsynlegt, er hænsnaeigandi og skylt að veita fullkomnar upp-lýsingar um hverjum hann hafi afhent unga og egg til útungunar síðastliðið ár.

6. gr.

Sá sem framkvæmir prófanir vegna kjúklingasóttar tekur þóknun fyrir af hænsna-búseiganda, samkvæmt gjaldskrá, sem landbúnaðarráðherra setur.

7. gr.

- 7.1. Nú verður vart óeðlilega mikilla vanhalda að mati héraðsdýralæknis í útungunarstöð eða í hæsnabúum sem láta af hendi egg til útungunarstöðva og er eiganda þá skylt, ef héraðsdýralæknir krefst, að senda fugla til rannsóknar að Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum, ásamt ítarlegum upplýsingum um einkenni sjúkdómsins. Ennfremur skal umráðamaður útungunarstöðvar hlutast til um að fuglar séu sendir til rannsókna á sama hátt og að framan greinir, ef óeðlilega mikil vanhöld koma fram í ungum seldum frá útungunarstöð hans.
- 7.2. Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur eða grunur um smitsjúkdóm að dómi héraðsdýralæknis í fuglum á útungunarstöð eða á búi sem afhendir útungunarstöð egg, skal héraðsdýralæknir hlutast til um að nauðsynleg sýni séu send til rannsókna án tafar. Er honum heimilt að stöðva sölu á ungum frá stöðinni fyrirvaralaust uns nauðsynlegar ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir smitdreifingu frá búinu. Eiganda eða umráðamanni er skylt að veita nauðsynlega aðstoð við sýnatöku og láta sýni af hendi endurgjaldslaut.

8. gr.

- 8.1. Á útungunarstöð skal halda nákvæmar dagbækur um rekstur útungunarvéla, sölu unga og vanhöld. Skal héraðsdýralækni heimill aðgangur að þeim, óski hann eftir því.
- 8.2. Óheimilt er að halda gæsir, æðarfugla, endur eða aðra sundfugla á útungunarstöð eða á búum sem afhenda egg til útungunarstöðva. Ennfremur er óheimilt að unga út eggjum þessara fuglategunda ásamt með hænueggjum.
- 8.3. Húsnæði það sem útungun og geymsla unga fer fram í skal vera rúmgott miðað við þarfir. Húsnæði skal þannig úr garði gert að auðvelt sé að hreinsa það og sótthreinsa. Þar skal vera góð aðstaða til að þrifa eggjabakka og annan búnað og áhöld. Þar skal vera hreinlætisaðstaða og aðstaða til fataskipta. Gólf skulu vera úr steinsteypu, gallalaus, með fullkomnum niðurföllum. Húsnæði, búnaði og áhöldum skal halda hreinum og þrifalegum og þar má ekki geyma hluti sem eru starfseminni óviðkomandi. Þeir sem vinna við útungun, afgreiðslu unga og ungageymslu skulu nota sérstök hlífðarföt og skófátnað sem ekki er notaður við önnur störf. Óviðkomandi er bannaður aðgangur að útungunarstöðvum nema gætt sé sérstakra varúðarráðstafana. Óheimilt er að hafa heimilisdýr (hunda, ketti) eða dúfur á útungunarstöðvum. Útungunarstöðvar skulu þannig búnar að þangað komist hvorki rottur eða mýs.
- 8.4. Til flutnings á daggömlum hænuungum skal nota hreinar, áður ónotaðar umbúðir. Eldri unga skal flytja í þar til gerðum umbúðum, og skal þvo þær og sótthreinsa eftir hverja notkun. Umbúðir skulu greinilega merktar „Lifandi ungar“ og skal þess gætt að sem best fari um ungana meðan á flutningi stendur og leitast skal við að flutningar á ungunum séu eins beinir og greiðir og kostur er.
- 8.5. Kyngreining á ungum má ekki fara fram í herbergi þar sem útungun fer fram. Þeir sem kyngreina unga skulu halda áhöldum sínum vel hreinum, og sótthreinsa þau eftir því sem við á að loknu starfi í útungunarstöðinni. Þeir skulu hafa sérstök hlífðarföt og skófátnað við vinnu sína, sem auðvelt er að þvo og sótthreinsa, og í öllu starfi skulu þeir gæta þess að bera ekki smitefni milli búa eða stöðva. Ungu, sem deyða þarf að lokinni kyngreiningu skal aflífa með jafn skjótum og sársaukalitlum hætti og kostur er.
- 8.6. Fúlegg úr útungunarvéllum, eggjaskurn, sjálfdauda unga eða unga sem eru deyddir skal hirða jafnóðum og brenna eða grafa á tryggilegan hátt. Útungunarvélar, ungageymslur,

eggjabakkar, búnaður og áhöld skulu hreinsuð og sótthreinsuð iðulega og útungunarfél og klekjara í hvert sinn sem útungun hefst á ný. Samráð skal hafa við héraðsdýralækni um sótthreinsun. Þess skal gætt að hún skaði hvorki egg eða unga. Öll sótthreinsunarefni skal geyma undir lás þar sem óviðkomandi ná ekki til.

8.7. Til sótthreinsunar skal nota formalín óblandað (36%) og kalíumpermanganat.

Nota skal 30 ml af formalíni og 20 ml af kalíumpermanganati fyrir hvern kúbikmetra í útungunarfélinni.

Sótthreinsun fer fram á eftirfarandi hátt:

Neðst í vélinni er komið fyrir skál með hæfilegu magni af kalíumpermanganati. Þá er hæfilegu magni af formalíni hellt í skálina. Loftopum verður fyrst að loka.

Strax og formalíni hefur verið hellt í skálina er hurðum vélarinnar lokað. Strax og formalíni hefur verið hellt í skálina kemur fram hiti og formaldehyð gufur myndast.

Vélin er látin standa lokuð í ca. 20 mín. Þá eru loftrásir opnaðar. Þess skal gætt að loftraki í vélinni sé mikill, það eykur á verkun sótthreinsunarefnisins.

Útungunarfélur skal sótthreinsa rétt eftir að egg hafa verið sett í þær.

Ef sótthreinsun fer fram eftir að útungun er hafin, skal nota helming af því sótthreinsunarefni sem að ofan er talið hæfilegt.

9. gr.

Nú kemur upp alvarlegur smitsjúkdómur áður óþekktur hér á landi í útungunarstöð eða í búi sem afhendir egg á útungunarstöð eða rökstuddur grunur um slíkan sjúkdóm, og er þá héraðsdýralækni rétt að fengnu samþykki yfirdýralæknis að gera hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að hefja útbreiðslu sjúkdómsins eða uppræta hann. Jafnframt er eigandi eða umráðamanni skylt að upplýsa hvaða aðilum hafi verið afhentar afurðir frá búinu, um tiltekinn tíma eða hvaða samgangur hafi verið við önnur hænsnabú.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar missi réttinda til útungunar og til þess að afhenda unga eða útungunaregg eitt ár eða lengur, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 77/1981 og tekur gildi 1. maí 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um ráðstafanir gegn kjúklingasótt nr. 225/1950.

Peir aðilar sem þegar hafa hlotið leyfi til sölu á ungum og útungunareggjum halda leyfum sínum þar til gildistími þeirra rennur út. Um endurnýjun leyfa fer eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. janúar 1983.

Pálmi Jónsson.

Tryggvi Gunnarsson.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps er fyrirtæki, sem Vatnsleysustrandarhreppur starfrækir, í þeim tilgangi að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Vatnsleysustrandarhrepps en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps aflar raforku til almenningsþarfa í Vatnsleysustrandarhreppi með því að kaupa raforku af Rafmagnsveitum ríkisins eða öðrum, svo og vinna hana sjálf í orkuverum, er síðar kunna að verða reist, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Vatnsleysustrandarhrepps.

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps hefur einkarétt til sölu á raforku til notenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn rafmagnsmála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn rafmagnsmála hreppsins er í höndum hreppsnefndar en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd, ásamt rafveitustjóra, sem sveitarstjóri skipar eða ræður að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann vera tæknilegur ráðunautur og hafa a. m. k. háspennulöggildingu.

Sveitarstjóri setur honum erindisbréf. Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Sveitarstjóri ræður alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitunefndar og setur þeim erindisbréf.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd.

Sveitarstjóri og rafveitustjóri eiga sæti á fundum nefndarinnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur, og allt, er að rekstri hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um rekstur og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsnefndar.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra rafmagnsmála hreppsins.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði svo og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur umsjón með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið

efni og tækjum, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem rafveitan kaupir eða selur.

Þetta hindrar þó eigi, að einstaka þætti rafveitunnar, megi sameina öðrum störfum sveitarstjóra.

Sveitarstjóri ræður verkamenn, svo sem þörf er á í samráði við rafveitunefnd.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum af áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum reksturskostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun mannvirkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd. Sveitarstjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafverktaka.

Rafveitunefnd veitir þeim rafverktökum leyfi, sem fullnægja skilyrðum og skilmálum rafveitunnar, enda hafi þeir áður hlotið löggildingu Rafmagnseftirlits ríkisins til rafverktaka-starfa.

Rafveitunefnd getur sett reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið rafverktaka og setur reglur um vinnustofu hans og lágmarksbúnað mæli- og prófunartækja og verkfæra, svo að hann geti starfrækt fyrirtæki sitt og rækt starf sitt á viðunandi hátt.

Engir aðrir en þeir, sem hafa fengið fullgilt rafverktakaleyfi, mega taka að sér lagningu á húsveitum, uppsetningu tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við kerfi rafveitunnar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps selur raforku á orkuveitusvæði sín þar sem raflínakerfi hennar nær til með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og í samræmi við sérreglur um raforkuvirki á orkuveitusvæði rafveitunnar og gjaldskrá hennar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem einfasa eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta og 380 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu, eftir því hvort spennukerfið er tiltækt hverju sinni. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu annarri straumtegund.

Ef rafveitan telur nauðsynlegt, að komið verði upp raforkuvirkjun, þ. m. t. dreifistöð í húsi eða á lóð viðkomandi húseignar í því skyni að sala raforku geti farið þar fram, skal rafveitunni látið í té húsrými með sérstökum samningi eða ókeypis lóð. Hér er miðað við að um meiriháttar notkun sé að ræða.

Rafveitunni er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá stöðinni og að tryggja uppsetningu hennar og óslitinn rekstur með þinglýsingu á kvöð þess efnis.

Rafveitan getur neitað að láta raforku til fjarliggjandi staða eða til staða, þar sem lóðareigendur neita að leggja til lóð fyrir nauðsynlega dreifistöð og lóð eða aðstöðu fyrir strengi, raflínur, stólpa, festur eða tengiskápa án endurgjalds.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætlað umsóknareyðublað, sem fæst á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimaug.

Umsókn um heimaug eða breytingu á heimaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar enda þótt heimaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimaugar, án sérstaks endurgjalds, nema heimaug þurfi að breyta vegna breytinga á húsi eða lóð. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu og ef ofanjarðarheimaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða kostnaðarmun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf til þess að fullnægja henni sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiriháttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafverktaka eða rafveituna, ef hún tekur slíkt verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafverktakar annast fyrir hönd húseiganda eða notanda, umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningu í Vatnsleysustrandarhreppi, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlögnum, viðaukum og breytingum á raflögnum samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta veitu, í fyrsta sinn eftir úttekt.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, og þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafverktaka, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki veitukerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að vera á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við veitukerfi hennar í því skyni að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara, með því

skilyrði að greitt sé lágmarksgjald, sem svari til þeirrar kvaðar sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsál til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni er óheimilt án leyfis rafveitunnar.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum.

Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerð rafveitunnar um raflagnir og raforkuvirki.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar, eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig gerð eða útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða tækjum. Sé misbrestur á þessu, getur rafveitustjóri stöðvað notkun slíkra véla og tækja og látið taka þau úr sambandi frá veitunni.

Nú kemur í ljós við skoðun húsveitu, sem framkvæmd er af rafveitunni, Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafverktaka, að galli er á veitu eða tækjum, skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess, að láta löggiltan rafverktaka gera við gallana á sinn kostnað.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Óleyfilegt er að nota annað efni í veitu eða tæki en það, sem viðurkennt er af rafveitunni.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun Rafmagnseftirlits ríkisins.

Sé tengt óleyfilega eða breytingar gerðar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu. Er þá heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum Rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

14. gr.

Mælitæki.

1) Rafveitustjóri ákveður stærð, gerð og fjölda mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og tengingu. Mælitækin má ekki flytja til án samþykkis rafveitunnar, en hún getur krafist flutnings þeirra ef það þykir hentugra að dómi rafveitustjóra.

Starfsmenn rafveitunnar skulu ætíð hafa aðgang að mælitækjum, og þeir einir mega rjúfa innsigli þeirra.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu svo og raforkunotkun veitunnar þar til hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á

sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess, eða endurnýjun. Verði vart bilana á mælitækjum ber húseiganda og/eða notanda að tilkynna það tafarlaust til rafveitunnar.

Notandi greiðir leigu fyrir afnot mælitækja skv. gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Þar sem eitt mælitæki er sett fyrir sameiginlega notkun fleiri aðila, ber skráður notandi mælitækisins ábyrgð á greiðslum vegna hinnar sameiginlegu notkunar. Aðrir notendur bera þó hver um sig ábyrgð in solidum á greiðslum þessum með hinum skráða notanda.

Breyting á skráningu notanda mælitækis fyrir sameiginlegri notkun verður því aðeins gerð, að allir notendur hinnar sameiginlegu notkunar fari fram á það skriflega.

2) Ef notandi óskar að mælitæki sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $\pm 5\%$ eða minni er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar Rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minna en $\pm 5\%$ en rafveitan annars.

Hafi kwst-mæling sýnt $\pm 5\%$ skekkju eða meira, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komist, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað að um lengri tímabil hafi verið að ræða. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum, sem að framan greinir.

3) Nú hættir skráður notandi mælitækis notkuninni og skal hann þá í tæka tíð tilkynna það rafveitunni, sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn, skal loka því, og eigi skal hefja orkusölu á ný um tækið, fyrr en tilkynnt hefur verið um nafn og nafnúmer nýs notanda.

Nú mælist engin notkun um mælitæki um langt skeið, og er rafveitunni þá heimilt að fjarlægja tækið og láta loka viðkomandi raflögn.

4) Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandands þess vegna.

5) Ef svo reynist að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir, eða álestur verið skakkur eða úrreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undireins og vítað er.

6) Verði uppvíst að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið, eða að raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá, fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerst.

Ef maður rýfur innsigli mælis varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verða á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan stöðvað orkuafhendingu án ábyrgðar, að undangenginni tilkynningu skv. 17. gr. uns hæfileg trygging fyrir skilvísri greiðslu orkusölu um viðkomandi veitu hefur verið sett. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar

um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni, eða breyta tengingu hennar. Heimilt er að loka fyrir orku að mælitæki fyrir veitu, sem vangreitt er af.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn gjaldfallinn við framvísun. Reikningurinn skal greiddur innan 10 daga frá útsendingardegi hans.

Nánari reglur um gjalddaga má setja í gjaldskrá. Heimilt er að áætla raforkunotkun notanda og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun. Uppgjör á sannreyndri notkun skal fara fram skv. álestrum að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum 4 mánuðum.

Reikningur fyrir áætlaða notkun telst fullgildur reikningur á sama hátt og uppgjör-reikningur. Notandi getur jafnan krafist aukaaflestrar og uppgjör miðað við staðreynda notkun gegn aukagjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Við verðbreytingar á raforku skal áætla notkun skv. eldri og nýrri gjaldskrá. Skal notkuninni skipt jafnt niður á það tímabil, sem reikningurinn nær til.

Eigi skal reikna vexti af uppgjörreikningum skv. þessari grein, en heimilt er rafveitunni að krefja notendur um dráttarvexti af ógreiddum orkureikningum, ef um vanskil er að ræða og sérstakra innheimtuaðgerða reynist þörf.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé raforkureikningur eigi greiddur innan 10 daga frá útsendingardegi, getur rafveitan sent notanda viðvörðun um stöðvun orkusölu til hans, verði greiðslan ekki innt af hendi innan þriggja daga. Í stað viðvörðunar getur rafveitan tilgreint á reikningi, eindaga á greiðslu hans.

Að þeim tíma liðnum er heimilt að taka straum af veitunni, án ábyrgðar rafveitunnar á hugsanlegum afleiðingum.

Rafveitunni er heimilt að loka fyrir rafmagn og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki, þegar:

a) Gjaldfallin reikningur, sem að framan greinir, hefur ekki verið greiddur.

Hafi notandi ábyrgð á einni eða fleiri veitu, má rafveitan beita þessu ákvæði við hverja þeirra sem er gagnvart vanskilum vegna einnar þeirra.

b) Ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.

c) Húseigandi eða notandi hafa gerst brotlegir við reglugerð þessa eða reglur um tæknilegan frágang raforkuvirkja og lagna.

Sé lokað fyrir veitu, vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1) Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því að skuldin verði greidd.

2) Að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá.

3) Að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Nú fæst skuldin ekki greidd þrátt fyrir lokun og má þá senda skuldakröfuna til innheimtu með lögtaki.

Ef notandi veitu óskar eftir að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess, hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Reksturstruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og audið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgjaldi þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum sem kunna verða af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgidögum, á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júlí, svo og endranær þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimitaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni þótt straumur hafi verið tekinn af, eða rofinn, fyrirvaralaust.

19. gr.

**Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning
eða breytingu í notkun.**

Sérhver rafmagnsnotkun, sem notandi byrjar á skv. tilteknum lið gjaldskrár rafveitunnar er bindandi fyrir hann að minnsta kosti í eitt ár, nema um sé að ræða rafmagn fyrir vinnuvélar, vinnuljós og til annarrar notkunar við mannvirkjagerð eða tilraunataxta sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Um gjalddöku fyrir rafmagnsnotkun skal farið eftir gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma. Tilkynning um breytingu á notkun, þannig að hún geti fallið undir annan gjaldskrárlið skal send rafveitunni með mánaðar fyrirvara.

Tilkynning um flutning til notanda frá einum notkunarstað til annars, skal berast skrifstofu rafveitunnar með hálfmánaðar fyrirvara. Skal þá, ef unnt er, gefa upp nafn og nafnnúmer þess notanda, sem hættir notkun, og þess sem tekur við notkun viðkomandi húsveitu.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkuninni og hefur sagt henni upp með réttum fyrirvara.

Ef notandi hættir viðskiptum við rafveituna skal hann gera upp viðskipti sín við hana. Nýjum notanda er óheimilt að hefja viðskipti um húsveitu, húsveituhluta eða mælitæki, þar sem notkun hefur ekki verið gerð upp við rafveituna.

Ef húseigandi eða trúnaðarmaður hans verður þess var að notendaskipti hafa orðið, án þess að þau hafi verið tilkynnt til rafveitunnar, ber honum að gera rafveitunni aðvart um það án tafar.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafist þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 20 000,00 krónum, (fylgir byggingavísitölu) nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem opinber mál. Rafveitan getur auk þess höfðað skaðabóta- og innheimtumál skv. almennum reglum um meðferð einkamála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri reglugerð sama efnis, nr. 211, 10. desember 1947.

Iðnaðarráðuneytið, 3. janúar 1983.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gatnagerðargjöld í Hveragerðishreppi nr. 202 29. apríl 1977.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Gjaldið reiknast af lóðarstærð, svo og stærð byggingar sem ákveðinn hundradshluti af byggingarkostnaði pr. rúmmetra eins og hann er reiknaður af Hagstofu Íslands hverju sinni. Miðað skal við vísitölu byggingarkostnaðar 1331 í nóvember 1982 og rúmmetra vísitöluhúss kr. 2 375,07 með þeim breytingum er síðar kunna að verða. Gjald sem reiknast af lóðarstærð breytist í samræmi við vísitöluna.

Gjald í A-flokki er sem hér segir:

1. Einbýlishús	lóð kr. 31,70 pr.m ²	og hús	2,5% pr.m ³
2. Raðhús	lóð kr. 31.70 pr.m ²	og hús	2,0% pr.m ³
3. Raðhús, 2 hæðir og fjölbýli	lóð kr. 31.70 pr.m ²	og hús	1,0% pr.m ³
4. Versl. og skrifst.			
að fyrstu 1000 m ³	lóð kr. 31,70 pr.m ²	og hús	2,0% pr.m ³
umfram 1000 m ³			1,0% pr.m ³
5. Iðnaðarhús	lóð kr. 15,85 pr.m ²	og hús	0,5% pr.m ³
6. Gróðurhús	lóð kr. 15,85 pr.m ²	og hús	0,5% pr.m ³

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Gjaldið reiknast af lóðarstærð og/eða stærð byggingar með sama hætti og A-gjald skv. 2. grein.

Gjald í B-flokki er sem hér segir:

1. Einbýlishús	lóð kr. 31,70 pr.m ²	
2. Raðhús 1 hæð	lóð kr. 31,70 pr.m ²	
3. Raðhús 2 hæðir og fjölbýlishús	lóð kr. 31,70 pr.m ²	
4. Versl. og skrifst. húsnæði	lóð kr. 31,70 pr.m ²	og hús 0,5% pr.m ³
5. Iðnaðarhús	lóð kr. 15,85 pr.m ²	og hús 0,5% pr.m ³
6. Gróðurhús	lóð kr. 15,85 pr.m ²	

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á vegum Selfossbæjar.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu skal þiggjandi greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við mánaðartekjur þiggjanda og tíma-laun starfsfólks heimilisþjónustunnar.

1. taxti: 0%	kr. 0,00
2. taxti: 33%	kr. 21,00
3. taxti: 66%	kr. 42,00
4. taxti: 100%	kr. 65,00

2. gr.

Ákvörðun um taxa skal tekin eftir viðmiðun við mánaðartekjur þiggjandi og skal þá tekið tillit til hvort um er að ræða einstakling, hjón eða sambýlissólk. Félagsmálaráði er einnig heimilt að víkja frá gjaldskránni ef um sérstakar ástæður er að ræða.

Taxti fyrir einstaklinga:

1. Sérstakar ástæður, samkv. ákvörðun félagsmálaráðs hverju sinni.
2. Einstaklingar með ellilífeyri og tekjutryggingu eða sambærilegt.
3. Einstaklingar með ellilífeyri, tekjutryggingu og lífeyrissjóð eða sambærilegt.
4. Einstaklingar með tekjur umfram lið 3.

Taxti fyrir hjón og sambýlisfólk:

1. Sérstakar ástæður, samkv. ákvörðun félagsmálaráðs hverju sinni.
2. Hjón og sambýlisfólk með ellilífeyri og tekjutryggingu eða sambærilegt.
3. Hjón og sambýlisfólk með ellilífeyri, tekjutryggingu og lífeyrissjóð eða sambærilegt.
4. Hjón og sambýlisfólk með tekjur umfram lið 3.

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við tímalaun starfsfólks heimilisþjónustunnar, launaf. skv. kjarasamningi, þrep 3 og einnig tekið tillit til launatengdra gjalda. Verði breyting á þessum kaup-taxta, ber að breyta gjaldstiganum til samræmis við þær breytingar.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Selfossbæjar, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heimaþjónustu á vegum félagsmálaráðs Dalvíkur og Dalbæjar — heimilis aldraðra.

1. gr.

Fyrir heimaþjónustu á vegum félagsmálaráðs Dalvíkur og Dalbæjar skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga:

1. taxti kr. 10,00
2. taxti kr. 50,00

2. gr.

Greiðslutaxti neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans. Samkvæmt 1. taxa greiðir einstaklingur sem hefur mánaðarlega minni tekjur en svarar til tvöföldunar einstaklingslífeyris almannatrygginga auk tvöfaldrar tekjutryggingar, svo sem þessar upphæðir eru í þeim mánuði, sem heimaþjónustan fer fram. Hafi einstaklingur hærri tekjur mánaðarlega en þessu nemur skal hann greiða eftir 2. taxa. Hjón og sambýlisfólk er nota heimaþjónustu greiða eftir 1. taxa, hafi þau lægri mánaðartekjur en svarar til 1,5 földum lífeyri hjóna með tekjutryggingu, en skv. 2. taxa ella.

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við mánaðarlaun starfsfólks heimilisþjónustunnar og ber að breyta honum til samræmis við þær breytingar, sem á þeim kunna að verða.

4. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari ef þar að lútandi umsókn berst ráðinu og aðstæður krefjast þess.

5. gr.

Heimaþjónusta sem innt er af hendi eftir 1. janúar 1983 skal greidd eftir gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Gerðarhreppi í Gullbringusýslu
nr. 19 7. janúar 1980.**

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast tvisvar á ári þ. e. 1. apríl og 1. október í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Gerðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu í Hveragerði.

1. gr.

Hreppsnefnd Hveragerðis fer með stjórn heimilisþjónustu í Hveragerði.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að útvega aðstoð á heimilum, aðra en hjúkrun. Þjónusta þessi stendur þeim til boða, sem þurfa á aðstoð að halda við heimilisstörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum að tilvísun læknis eða hjúkrunarkonu eða öðrum tilvísunum, sem hreppsnefnd metur gilda.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem hreppsnefnd metur að nauðsyn sé hverju sinni og ákveður hvaða form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

Heimilishjúðustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð og umönnun við aldraða, sem ekki geta séð um sig sjálfir, í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur en ella í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Hreppsnefnd skal ganga úr skugga um að menn séu hæfir til starfsins og skulu þeir starfsmenn ganga fyrir um störf, sem lokið hafa tilskildum námskeiðum.

Starfsmenn skulu leggja fram heilbrigðisvottorð frá lækni og er skylt að undirgangast lækni skoðun og bólusetningar ef þess er talin þörf.

4. gr.

Starfsmenn heimilishjúðustu taka laun hjá Hveragerðishreppi og skulu um launakjör gilda samningar milli Hveragerðishrepps og viðkomandi stéttarfélags. Starfsmönnum er óheimilt að þiggja greiðslu eða gjafir frá þeim sem fá aðstoð. Skylt er starfsmönnum að gæta þagmælsku um það, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

5. gr.

Sá sem heimilishjúðustu nýtur ber jafnframt fjárhagslega áhættu af því tjóni, er hann verður fyrir og starfsmaður er vinnur í hans þágu á vegum heimilishjúðustunnar kann að valda við störf sín.

6. gr.

Fyrir heimilishjálpi skulu notendur greiða samkvæmt gjaldskrá, sem hreppsnefnd setur. Þar skal tekið tillit til tekna og aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpinu.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað sem máli skiptir í þessu efni.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðis staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, með síðari breytingum, um heimilishjálpi í viðlögum og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1983.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu í Hveragerði.

1. gr.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar, sem ekkert hafa til framfæris nema ellilífeyri, örorkubætur og tekjutryggingu, greiða ekkert fyrir veitta heimilishjálpi.

Hafi fyrrnefndir aðilar eftirlaun eða aðrar tekjur skulu þeir endurgreiða að $\frac{1}{3}$ hluta útlagðan launakostnað fyrir veitta heimilisaðstoð.

2. gr.

Í veikindatilfellum einstaklings um stundarsakir skal hann greiða fyrir veitta heimilishjálpi að fullu.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðis staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, með síðari breytingum, um heimilishjálpi í viðlögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Öll umferð ökutækja um göngugötuna í Hafnarstræti er bönnuð, nema takmörkuð umferð vegna vörulosunar og flutnings á sjúklingum og hreyfihömluðum að og frá heilsugæslustofnunum. Akstursstefna verður frá suðri til norðurs og til austurs sunnan Ráðhústorgs.

Allar bifreiðastöður í göngugötunni eru bannaðar, nema fyrir hreyfihamlaða. Hámarkshraði fyrrgreindra ökutækja um göngugötuna er 10 km miðað við klukkustund.

Akstur umhverfis Ráðhústorg verður óbreyttur, en bifreiðastöður leyfðar á Brekkugötu vestan torgsins.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 6. janúar 1983.

Eliás I. Eliasson.

REGLUGERÐ

um róðratíma frá Rifshöfn, Ólafsvík og Grundarfirði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir alla fiskibáta, er þeir fara í línuróðra frá Rifshöfn, Ólafsvík og Grundarfirði.

2. gr.

Á tímabilinu 1. september til 15. maí, er bátum sem fara í línuróðra frá Rifshöfn, Ólafsvík og Grundarfirði og leggja inn bogalínu, sem dregin er 30 sjómílnur frá Öndverðar-nesvita óheimilt að fara í róðra fyrir kl. 01.20 í íslenskum meðaltíma.

Róðratími miðast við, að brottfararstaður sé við innsiglingarbauju að Rifi á Snæfells-nesi.

Sé ekki róíð frá Rifsbauju ber skipstjórum að haga siglingu þannig, að komið sé á veiðisvæði á sama tíma og hefði verið róíð frá Rifsbauju.

3. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefndir eða bæjarstjórnir tilnefna þrjá til fimm bátaformenn ár hvert í nefnd til að gæta þess, að fylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar, og annast nefndar-menn að fyrirskipuð merki um róðratíma séu gefin og kæra fyrir brot á reglugerðinni til lögreglustjóra.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 47 25. apríl 1973.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 47 25. apríl 1973 um róðratíma fiskibáta til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. janúar 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu í Mosfellshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn fer með yfirstjórn heimilisþjónustunnar í Mosfellshreppi. Umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum trúnaðarmálanefndar.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan lækni, hjúkrun-arfræðings, ljósmóður eða að öðrum tilvísunum, sem trúnaðarmálanefnd metur gildar ef hjálpar annarrar en hjúkrunar er þörf vegna elli, sjúkdóma, örörku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem trúnaðarmálanefnd metur að nauðsyn sé á hverju sinni.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel að koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru veik.
4. Aðstoð við fatlaða.
5. Önnur tilfelli, sem meta skal hverju sinni.

3. gr.

Trúnaðarmálanefnd ber að ganga úr skugga um, að þeir aðilar er heimilishjálpin stunda, séu hæfir til starfsins og gefa þeim kost á að sækja námskeið til að auka þekkingu sína á þessu sviði.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

5. gr.

Sveitarstjórn setur starfsfólki heimilisþjónustunnar ákveðnar starfsreglur.

6. gr.

Sveitarsjóður Mosfellshrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfslið það er vinnur á vegum heimilisþjónustunnar kann að valda við störf sín.

7. gr.

Fyrir heimilisþjónustuna skv. reglugerð skal sá er hjálpar nýtur, greiða eftir taxta sem sveitarstjórn setur. Þar skal tekið tillit til tekna viðkomandi og kostnaðar við hjálpinu. Skal taxti þessi breytast í samræmi við breytingar á launum.

Sveitarstjórn getur sett nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað, sem hún telur máli skipta í þessu efni.

8. gr.

Skrifstofa Mosfellshrepps annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar hennar færðir með öðrum reikningum sveitarsjóðs og endurskoðast með sama hætti.

9. gr.

Um greiðslu kostnaðar fer skv. lögum nr. 10 frá 25. jan. 1952 um heimilishjálp í viðlögum með síðari breytingum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Mosfellshrepps, staðfestist hér með skv. lögum nr. 10, 25. jan. 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1983.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 64 5. febrúar 1974, sbr. auglýsingu nr. 333 4. júní 1982.

3. tl. B-liðar 36. gr. fellur niður. Í hans stað bætist nýr liður, 12. tl., við A-lið 36. gr. svohljóðandi:

„Fimm menn í íþróttaráð.“

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi 1. júní 1983.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 19

12. janúar 1983

REGLUGERÐ

um breytingu á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979.

Aftan við lið 3.1.1. bætist svohljóðandi málsgrein:

Áður en leyfi er veitt fyrir nýbyggingu, viðbyggingu eða breytingu á húsi í þegar byggðu hverfi, eða verulegri breytingu á notkun húss, skal nágrönnum, sem bygginganefnd telur að hagsmuna eigi að gæta, gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða framkvæmd innan mánaðar. Bygginganefnd getur þó veitt lengri frest ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1978 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 20

14. janúar 1983

AUGLÝSING

um breytingu á Samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl. nr. 137 26. júlí 1971.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð, kr. 12 200,00 á ári. Gjald dagar eru 15. janúar og 15. júlí ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

12. janúar 1983

Nr. 21

REGLUGERÐ

um veitingu leyfis til dýralækninga.

1. gr.

Dýralæknar sem lokið hafa prófi við dýralæknaháskóla, sem landbúnaðarráðuneytið viðurkennir, og óska eftir leyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi, sbr. lög 77/1981 um dýralækna, skulu senda skriflega umsókn ásamt prófvottorðum og vottorðum um að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fullnægt til landbúnaðarráðuneytisins.

Landbúnaðarráðherra veitir leyfi til dýralækninga á Íslandi að fengnum meðmælum yfirdýralæknis.

2. gr.

Dýralæknakandidat, sem óskar eftir dýralækningaleyfi, skal á síðasta námsári eða að prófi loknu, ljúka eftirfarandi áður en sótt er um leyfi:

- a) Starfa um sex vikna skeið undir haldleiðslu héraðsdýralæknis eða héraðsdýralækna.
- b) Starfa í fjórar vikur undir handleiðslu dýralæknis við stofnun, sem nefnd sú er starfar skv. 3. gr. hefur viðurkennt.
- c) Kynna sér sérstaklega búfjárjúkdóma sem algengir eru hér á landi og sögu þeirra.
- d) Kynna sér ítarlega helstu lög og reglur sem varða starfsemi dýralækna, svo sem um heilbrigðiseftirlit, smitsjúkdóma búfjár, innflutning búfjár, lyfjamál, dýraverndarmál, réttindi og skyldur dýralækna, starfsreglur þeirra og gjaldskrá.

Yfirdýralæknir skal, að höfðu samráði við nefnd þá er starfar skv. 3. gr., jafnan hafa tiltæka skrá yfir leefni og annað sem dýralæknakandidat þarf að kynna sér skv. c)- og d)-lið þessarar greinar.

3. gr.

Þrjú dýralæknar, einn tilnefndur af yfirdýralækni, annar af landbúnaðarráðuneytinu og sá þriðji af Dýralæknafélagi Íslands, skulu sannreyna þekkingu skv. c)- og d)-lið 2. gr. og meta hvort hún telst fullnægjandi. Skal það staðfest með vottorði. Afrit af vottorðinu skal sent yfirdýralækni.

4. gr.

Nú kemur í ljós við próf skv. 3. gr., að dýralæknakandidat hefur ekki kynnt sér þau mál sem um getur í c)- og d)-lið 2. gr. svo að viðhlítandi verði talið og skal honum þá gefinn frestur til frekari undirbúnings, þó eigi lengri en sex vikur, áður en þekking hans er reynd á nýjan leik.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1981 um dýralækna og öðlast gildi 1. maí 1983.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. janúar 1983.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

REGLUGERÐ**um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.**

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 31. mars 1983, eru allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á 7 sjómílna breiðu svæði utan við línu, sem dregin er úr punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V, vestur og norður um í 5 sjómílna fjarlægð frá Geirfugladrang í punkt 64°04'9 N, 23°45'0 V og þaðan í 270° réttvísandi. Að austan markast svæðið af línu, sem dregin er 213° réttvísandi úr punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 10. febrúar til og með 15. maí 1983, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita í punkt 63°58'3 N, 23°40'5 V og þaðan í eftirgreinda punkta:

- a) 64°04'9 N, 23°45'0 V.
- b) 64°04'9 N, 23°42'0 V.
- c) 64°20'0 N, 23°42'0 V og þaðan í 90° réttvísandi.

3. gr.

Á tímabilinu frá og með 20 mars til og með 15. maí 1983, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu, bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- a) 63°10'0 N, 22°00'0 V.
- b) 63°25'3 N, 22°00'0 V.
- c) 63°33'7 N, 23°03'0 V.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá og með 10. febrúar 1983, fellur úr gildi reglugerð nr. 605 2. nóvember 1982, um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. janúar 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 17 24. janúar 1978, um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hafnarfirði skal, meðan bæjarstjórn Garðabæjar ekki leyfir fólksbifreiðastöðvar í sínu lögsagnarumdæmi fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Hafnarfirði, miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Neista, Hafnarfirði, þannig að ein bifreið komi fyrir hverja 600 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkvæmt 1. mgr. telst Hafnarfjörður og Garðabær.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 600 íbúa, skal ekki veita nema fjórða hvert leyfi sem losnar.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita, vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 600 íbúa og eitt atvinnuleyfi fyrir hvert atvinnuleyfi sem losnar.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. febrúar ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 13. janúar 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um búnað og rekstur lyfjabúða og undirstofnana þeirra.

I. KAFLI

Búnaður lyfjabúða.

1. gr.

Heiti lyfjabúðar og staðsetning.

- a. Lyfjabúð skal velja heiti, er ráðherra samþykkir. Lyfjabúð skal auðkenna heitinu á áberandi hátt.
- b. Nýstofnuð lyfjabúð skal vera innan þess svæðis, er tiltekið er í lyfsöluleyfi. Ráðherra samþykkir staðsetningu lyfjabúðar, að fengnum umsögnum Lyfjaeftirlits ríkisins, heilbrigðisyfirvalda staðarins og fagfélags lyfsala á viðkomandi lyfsölusvæði.

2. gr.

Endurbætur á gömlum húsakynnum og nýbyggingar.

- a. Þegar ný lyfjabúð er stofnuð, skal leggja hæfilega uppdrætti fyrir Lyfjæftirlit ríkisins til samþykktar, áður en framkvæmdir eru hafnar. Sama máli gegnir, ef verulegar endurbætur eru gerðar á húsakynnum eldri lyfjabúðar eða ef aukið er við þau.
- b. Heimilt er að krefjast þess, að húsakynnum lyfjabúðar sé breytt, eða þau aukin, ef þau verða ekki lengur talin fullnægjandi.
- c. Lyfjæftirlit ríkisins getur krafist grunnflataruppdráttar af húsakynnum lyfjabúðar í því skyni að ganga úr skugga um nothæfi þeirra.

3. gr.

Anddyri.

Ef næturvarsla er í lyfjabúð, skal vera anddyri við aðalinngang eða við þær dyr, þar sem næturafgreiðsla fer fram. Við anddyri, sem á að vera vel upplýst, skal vera rofi, sem tengdur er við bjöllu næturvarðar, svo og dyrasími.

4. gr.

Almenn ákvæði um húsakynni og búnað herbergja.

- a. Húsakynni lyfjabúðar skulu fullnægja heilbrigðissamþykkt staðarins.
- b. Húsakynni lyfjabúðar skulu aðgreind frá einkahúsakynnum og öðrum húsakynnum, sem ekki eru ætluð lyfjabúðinni.
- c. Húsakynni lyfjabúðar skulu að öðru leyti uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 225/1975 um húsnæði vinnustaða, kafla 2, 3 og 4.
- d. Sérstakrar varúðar skal gæta við geymslu mjög eldfimra efna.

5. gr.

Búnaður og áhöld.

- a. Búnaður og áhöld skal hvort tveggja vera í góðu lagi og í samræmi við stærð og þarfir lyfjabúðar og þannig frá öllu gengið, að auðvelt sé að halda því hreinu.
- b. Lyfjabúð skal búin þeim tækjum og áhöldum, sem nauðsynleg verða talin við framleiðslu á þeim lyfjum, sem gerð eru í lyfjabúðinni, samkvæmt fyrirmælum gildandi lyfjaskrár, grundvallarstaðla góðra framleiðsluhátta í lyfjagerð og annarra staðla, sem viðurkenndir eru af heilbrigðisyfirvöldum.
- c. Um löggildingu voga og vogarlóða fer eftir lögum nr. 13, 4. júní 1924 um mælitæki og vogaráhöld, sbr. og tilskipun nr. 1 13. mars 1925. Um löggildingu mælitækja og vogaráhalds með rafeindabúnaði fer eftir gildandi reglugerð (nú nr. 125/1981).

II. KAFLI

Rekstur lyfjabúða.

6. gr.

Almenn ákvæði.

- a. Lyfsöluleyfishafi skal tilkynna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, svo og hér- aðslækni (borgarlækni í Reykjavík) þegar hann hefur rekstur lyfjabúðar sinnar, ef um nýstofnaða lyfjabúð er að ræða, eða tekur við rekstri lyfjabúðar.

7. gr.

- a. Lyfsali ber endanlega ábyrgð á rekstri lyfjabúðar sinnar. Í fjarveru lyfsala skal lyfjabúðarinnar gætt af lyfjafræðingi. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið getur þó veitt

aðstoðarlyfjafraeðingi leyfi til þess að gæta lyfjabúðarinnar í slíkum tilvikum, enda sé hann fastur starfsmaður lyfjabúðarinnar.

- b. Ef lyfsali er fjarverandi lengur en tvær vikur, skal hann tilkynna það Lyfjaeftirliti ríkisins og geta nafns og stöðu staðgengils síns.
- c. Ef lyfsali hyggst verða fjarverandi lengur en tvo mánuði, skal lyfjabúðinni stjórnað af forstöðumanni, er fullnægir skilyrðum 4. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982. Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á ráðningu hans.

8. gr.

- a. Lyfsali, sem hætta verður störfum fyrir aldurs sakir, skal gera heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu aðvart a. m. k. 6 mánuðum áður en lyfsöluleyfi hans fellur niður.
- b. Ef lyfsali fellur frá, skal það þegar í stað tilkynnt heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, en forstöðumaður, er kann að verða ráðinn til þess að stjórna lyfjabúðinni og reka hana um stundarsakir, skal hljóta staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.
- c. Við lyfsalaskipti skal framkvæmd ítarleg birgðakönnun af óvilhöllum aðilum, sem bú lyfsala og væntanlegur lyfsali koma sér saman um. Á sama hátt skal ganga frá reikningsskilum að því er varðar kröfur, peninga í sjóði og bankaviðskipti.

9. gr.

Þegar lyfjabúð er flutt úr stað, jafnvel þótt aðeins sé um bráðabirgðahúsnæði að ræða, skal tilkynna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu með hæfilegum fyrirvara, hvenær lyfsali hyggst hefja reksturinn á hinum nýja stað.

10. gr.

- a. Eftir lokunartíma lyfjabúðar skal við inngöngudyr greinilega auglýst hvaða lyfjabúð gegni kvöld- eða næturþjónustu eða kallvakt, eða ef næturþjónusta er utan lyfjabúðar, þá hvar hún sé til húsa.
- b. Um afgreiðslutíma lyfjabúða fer eftir fyrirmælum, sem í gildi eru á hverjum tíma.

11. gr.

Fyrirskipaðar bækur o. fl.

- a. Þessar bækur og gögn skulu vera í lyfjabúð.
 1. Gildandi lyfjaskrá og lyfjastaðlar ásamt viðaukum og breytingum, svo og lyfjaskrá sú, er í gildi var næst á undan.
 2. Lyfjaverðskrár og sérlyfjaskrá ásamt viðaukum og breytingum.
 3. Lög, reglugerðir, auglýsingar og önnur opinber fyrirmæli, er lyfjabúðir varðar.
 4. Skrá um lækna, tannlækna og dýralækna, er lækningaleyfi hafa hér á landi.
 5. Eftirlitsgerðabók.
 6. Vörukaupaspjaldskrá.
 7. Vinnustofuspjaldskrá, svo og rannsóknaskrá, framleiðsluspjöld og áfyllingar-spjaldskrá, sbr. g-lið 15. gr.
 8. Símalyfseðlabók eða eyðublöð til eftirritunar á símalyfseðlum.
 9. Sölubók eiturefna og hættulegra efna.
 10. Áfengisbók.
 11. Fyrningaskrá.
 12. Skrá yfir heilbrigðisvottorð starfsfólks lyfjabúðar, svo og vottorð um árlega skoðun, sbr. 16. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982.
 13. Helstu innlend og erlend fag tímarit.
 14. Þær bækur varðandi bókhald, er lyfsölum er skylt að halda sbr. lögum.

- b. Bækur þær og gögn, er um getur í 1.—13. tölulið a-liðs, má lyfsali ekki hafa á brott með sér við eigendaskipti, eða bú hans að honum látnum.
- c. Í eftirlitsgerðabók skulu eftirlitsgerðir varðveittar.
- d. Í vörukaupspjaldskrá skal færa kaup á hvers konar lyfjavörum og efnum. Hverja vörutegund skal færa á sérstakt spjald (blað) og einstakra kaupa getið í þeirri röð, sem þau voru gerð.

Geta skal dagsetningar, magns, einingarverðs og seljanda, svo og vörunúmers seljanda eða lotunúmers framleiðanda sbr. 15. gr.

Færslum skal vera lokið eigi síðar en þrem mánuðum eftir að kaup hafa verið gerð.

Vörukaupspjöld skulu varðveitt í tvö ár eftir að birgðir vöru þrotu í lyfjabúðinni.

- e. Í vinnustofuspjaldskrá skal getið hvers konar framleiðslu, er á sér stað í lyfjabúð. Skal færa hverja tegund á sérstakt spjald (blað). Skal greina hversu mikið er framleitt hverju sinni af samsetningu og hvenær, svo og vörunúmers samsetningar sbr. 15. gr.
- f. Eyðublöð til eftirritunar á símalyfseðlum (símalyfseðlabók) skulu auðkennd hlaupandi númerum og að öðru leyti úr garði gerð, svo sem mælt er fyrir um í reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.
- g. Í sölubók eiturefna og hættulegra efna skal skrá alla sölu lyfjabúðar á eiturefnum, sem eru í listum I og II í gildandi reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna, svo og alla sölu eiturefna í listum X, A og B skv. ákvæðum gildandi reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra. Bókin skal vera í tvíriti og stöðluð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Senda skal afrit bókarinnar til eiturefnanevndar í lok hvers árs.
- h. Í áfengisbók, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur lyfsölum í té, skal skrá hvers konar notkun áfengis til lyfja. Skal í bók þessari vera greinilegt og sundurliðað yfirlit um áfengiseyðslu:
 1. Í vinnustofu.
 2. Vegna áfengisútláta til lækna, sbr. reglugerð nr. 116 13. maí 1952 um sölu áfengis til lækninga.
 3. Vegna annarra áfengisútláta, sbr. téða reglugerð. Áfengisbók skal í lok hvers árs send Lyfjaeftirliti ríkisins.
- i. Ef lyfjaeftirlit ríkisins óskar þess, skulu bækur þær og gögn, er um getur í 1.—13. tölulið a-liðs vera tiltæk, enda þótt þau séu ekki geymd í sjálfri lyfjabúðinni. Skylt er að leyfa athugun á bókhaldsgögnum, ef þess er krafist í umboði ráðherra, sbr. 22. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982.
- j. Öll bréf og önnur gögn varðandi heimild lyfsala til að setja á stofn lyfjaútibú eða útsölu lyfja (lyfjaförða), sbr. 27. og 28. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1981, skulu varðveitt í sérstakri bók. Sama máli gegnir um gögn varðandi undanþágur, er kunna að hafa verið veittar frá einstökum fyrirmælum reglugerðar þessarar. Gögn þessi má lyfsali ekki hafa á brott með sér við eigendaskipti, eða bú hans að honum látnum.
- k. Beiðnir, er hljóða á lyf í lyfjakistur skipa og loftfara skal lyfsali geyma í tvö ár frá afhendingu lyfs.
 - l. Samritabækur, spjaldskráreyðublöð og önnur slík gögn, sem farga má að geymslufresti liðnum, skal brenna eða eyðileggja á tryggilegan hátt.

12. gr.

Geymsla lyfja.

- a. Hráefni og lyf, framleiddi skv. gildandi forskriftum, skulu geymd í samræmi við fyrirmæli gildandi lyfjaskrár og lyfjastaðla. Sérlyf skulu geymd skv. ákvæðum lyfjaverðskrár II.

- b. Ílát undir lyf skulu árituð heiti lyfsins eftir þeim reglum, sem hér greinir:
1. Lyf gildandi lyfjaskrár og annarra lyfjastaðla skal árita hinu skráða latneska heiti. Sé heiti lyfs ekki á latínu í viðkomandi lyfjastaðli (heimildarriti) skal lyfið áletrað í samræmi við nafngiftareglur gildandi lyfjaskrár.
 2. Hráefni, sem ekki eru tilgreind í gildandi lyfjaskrá (lyfjastöðlum) skal árita samheiti (INN-heiti eða NFN-heiti ef hið fyrra er ekki til). Nú er samheiti ekki til og skal þá, að svo miklu leyti sem unnt er, nota heiti, sem myndað er samkvæmt nafngiftareglum gildandi lyfjaskrár.
 3. Lyfjasamsetningar, sem ekki eru skráðar í gildandi lyfjaskrá (lyfjastöðlum), skal árita heiti þess heimildarrits, sem þau eru gerð eftir, að viðskeyttu nafni heimildarritsins, t. d. skammstöfuðu. Nú hefur lyf ekki verið birt í heimildarriti og skal þá, eftir því sem hægt er, árita alla samsetninguna skv. nafngiftareglum gildandi lyfjaskrár.
- c. Óheimilt er að auðkenna umbúðir efna, sem ekki fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til lyfja, áletrunum þeim, er um getur í b-lið, og skulu umbúðir um efni þessi jafnframt áletraðar: Ekki lyfjavara.
- d. Ganga skal þannig frá lyfjum í afmældum skömmtum þegar búið er um hvern skammt sérstaklega, að hver skammtur lyfsins sé auðkenndur.
- e. Lyfjum má einungis hella í ílát eða blanda undir eftirliti lyfjafræðings (aðstoðarlyfjafræðings).
- f. Hráefni og lyfjasamsetningar, sem ekki standast kröfur lyfjaskrár (lyfjastaðla) skal geyma á bannlager uns þeim er fargað eða ráðstafað á annan viðeigandi hátt. Lyfjasamsetningar er óheimilt að geyma lengur en 5 ár frá framleiðsludegi. Hráefni, sem geymd hafa verið lengur en 9 ár skulu rannsökuð. Ef þau reynast óskemmd, skal skrá niðurstöður rannsókna í sérstaka bók eða spjaldskrá, sbr. 2. tölulið g-liðs 15. gr. og auðkenna hráefnin nýju vörunúmeri, sbr. e- og f-liði 15. gr.

13. gr.

- a. Þau efni og samsetningar, er nú greinir, skulu merkt varnaðarmerki A, sbr. reglugerð nr. 479/1977 og varðveitt í læstum eiturskáp.
1. Efni og samsetningar, sem Danskir lyfjastaðlar (DLS) mæla fyrir um, að geymd skuli í eiturskáp.
 2. Efni og samsetningar sem teljast mega álíka hættuleg.
- b. Undanþegin ákvæðum þessum eru þau lyf, sem ætluð eru til inntöku í afmældum skömmtum eða skeiðatali.
- c. Undanþegin ákvæðum þessum eru enn fremur þau lyf, sem geymd eru í umbúðum tilbúin til afhendingar.
- d. Óheimilt er að geyma í eiturskáp önnur efni eða samsetningar en þær, sem samkvæmt ofanskráðu skal varðveita þar sbr. þó e-lið hér á eftir.
- e. Eitruð og hættuleg plöntulyf, útrýmingarefni og önnur þess háttar efni, skal geyma í sérstökum læstum skáp, sem er greinilega merktur: Eitur. Heimilt er þó að geyma efni þessi í eiturskáp lyfjabúðarinnar, en þá skulu þau geymd í sérstökum bás (hillu) í skápum, aðgreind frá eiturefnaskápslyfjum lyfjabúðarinnar.

14. gr.

Stofnlausir (diluenda) og stofnblöndur (triturationes) efna, er geyma skal í eiturskáp, svo og téðar lausnir og blöndur silfurnítrats og sínkklóríðs, skal geyma í íláti merktu sérstökum miða, sem á er letrað með ljósum bókstöfum á dökkum grunni: Einungis í þynningar.

15. gr.

Rannsóknir á lyfjum og eftirlit með lyfjum.

- a. Hvers konar rannsóknir lyfja skal gera í samræmi við fyrirmæli gildandi lyfjaskrár (lyfjastaðla). Heimilt er þó að framkvæma rannsóknir þessar skv. öðrum aðferðum, svo framarlega að tryggt sé, að aðferðirnar veiti a. m. k. sama öryggi og fyrirmæli gildandi lyfjaskrár (lyfjastaðla).
- b. Í lyfjabúð skal á hverju aðkeyptu hráefni til lyfjagerðar gera sannkennslispróf.
Undanþegin þessum prófum eru: Efni, sem fengin eru úr annarri lyfjabúð og efni, sem keypt eru hjá innlendum lyfjaheildsölum, enda betri umbúðir vörunnar með sér, að sannkennslispróf hafi verið gert af lyfjabúð eða lyfjaheildsölu.
- c. Hreinleikapróf skal gera á efni til lyfjagerðar, sem innflutt hefur verið af lyfjabúð. Undanþegin þessum prófum eru efni sem keypt hafa verið frá lyfjafyrirtækjum á Norðurlöndum, sem hlotið hafa viðurkenningu hlutaðeigandi yfirvalda þar, eða frá meiri háttar fyrirtækjum, sem alþekkt eru fyrir vöruvöndun.
- d. Öll aðkeypt lyf og hráefni til lyfjagerðar og birgðir samsetninga gerðar í lyfjabúðinni, skal auðkenna vörunúmeri, sbr. e-lið og/eða áfyllingarnúmeri, sbr. 3. tölulið g-liðs, þannig að tvö lyf sama lyfjaforms hafi eigi sama vörunúmer (áfyllingarnúmer). Undanþegin þessu ákvæði eru öll aðkeypt lyf í neytendaumbúðum, sáraumbúðir íbornar lyfjum.
- e. Ef um aðkeypt lyf eða hráefni til lyfjagerðar er að ræða, skal með vörunúmeri vera unnt að afla upplýsinga um neðangreind atriði:
 1. Hvenær varan hefur verið keypt, frá hverjum og í hvaða magni og hvert hafi verið vörunúmer seljanda, sbr. vörukaupspjaldskrá 11. gr.
 2. Niðurstöður rannsókna, er gerðar hafa verið, sbr. rannsóknaskrá 2. töluliðs g-liðs. hverjir hafa annast áfyllingu og eftirlit og hvenær, sbr. áfyllingaskrá 3. töluliðs g-liðs.
- f. Ef um er að ræða birgðir lyfja, sem framleidd eru í lyfjabúð, skal með vörunúmeri vera hægt að afla upplýsinga um neðangreind atriði:
 1. Hvenær var framleitt, hversu mikið og af hverjum, svo og vörunúmer og magn þeirra efna, sem notuð voru í samsetninguna, sbr. 1. tölulið g-liðs.
 2. Niðurstöður rannsókna, er gerðar hafa verið á samsetningu, sbr. rannsóknaskrá 2. töluliðs g-liðs.
 3. Hverjir hafa annast áfyllingu og eftirlit og hvenær, sbr. áfyllingarspjaldskrá 3. töluliðs g-liðs.
- g. Til að fullnægja fyrirmælum d-, e- og f-liða, skal auk vörukaupspjaldskrár og vinnustofuspjaldskrár sbr. 11. gr. vera fyrir hendi:
 1. Framleiðsluspjöld, raðað í starfrófsröð og/eða rétttri tímaröð. Þar skal skráð: Framleiðsluforskrift (Master formula), vörunúmer lyfs, hvenær lyf var framleitt, hve mikið og af hverjum. Enn fremur vörunúmer og magn þeirra efna, sem notuð voru í samsetninguna.
 2. Rannsóknaskrá. Þar skal skráð: Vörunúmer og niðurstöður prófa í stafrófsröð og/eða rétttri tímaröð. Þá skal þess getið, hver hafi framkvæmt rannsókn hverju sinni.
 3. Áfyllingarspjaldskrá. Þar skal skráð: Vörunúmer þess sem áfyllt er, stærð og fjölda pakkninga, hvenær áfyllt, hver hafi annast áfyllingu og eftirlit svo og áfyllingarnúmer.
- h. Lyfjafræðingur (aðstoðarlyfjafræðingur) skal framkvæma eftirlit á aðkeyptum vörum og eftirlit í sambandi við lyfjagerð á áfyllingu (pökkun) lyfja.

- i. Öllum gögnum, er varða eftirlit og rannsóknir á vörum, skal haldið til haga og þau vera tiltæk eins lengi og varan er til í lyfjabúðinni, þó aldrei skemur en fimm ár.

16. gr.

Framleiðsla lyfja.

- a. Framleiðslu lyfja skal haga í samræmi við fyrirmæli gildandi lyfjaskrár (lyfjastaðla) svo og annarra þeirra reglna heilbrigðisyfirvalda sem í gildi eru hverju sinni, nema öðruvísi sé beinlínis fyrir mælt.
- b. Samsetningar, sem ekki eru lengur í gildi en heimilt er að framleiða, skal gera eftir þeirri lyfjaskrá (lyfjastöðlum), þar sem þær voru síðast skráðar, sbr. og a-lið hér að framan.
- c. Þegar lyf eru gerð í afmældum skömmtum, er heimilt ef annað er ekki beinlínis fram tekið, að víkja frá fyrirmælum skráðrar forskriftar að því er varðar notkun hjálparefna.
- d. Við gerð lyfja er óheimilt að nota önnur hjálparefni, en þau sem notuð eru í skráðum samsetningum og í tilsvarendi lyfjaformum. Ekki má hnika til tegund né magni tilgreindra litarlyktar- og bragðefna. Nú skal nota litarefni án þess að tilgreind sé tegund, og er þá einungis heimilt að nota þau litarefni, sem tilgreind eru í gildandi reglugerð um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra nauðsynjavara.
- e. Við gerð lyfja, sem gerð eru eftir sérstakri ósk, er óheimilt að nota lituð hjálparefni, nema beinlínis sé óskað eftir því.

17. gr.

Afhending lyfja.

- a. Um afhendingu hráefni og lyfjasamsetninga fer eftir fyrirmælum lyfjaskrár, lyfjastaðla svo og reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.
- b. Óheimilt er í lyfjabúð (lyfjaútibúi, lyfjaförða) að láta úti lyf, þar með talin sérlyf, sem fyrnd eru orðin.
- c. Þegar vega þarf, mæla eða blanda við afgreiðslu lyfs eftir lyfseðli, skal lyfjagerð þessi framkvæmd af lyfjafræðingi (aðstoðarlyfjafræðingi) eða undir eftirliti hans.
- d. Afgreiðslurétt lyfja og eiturefna hafa lyfjafræðingar (aðstoðarlyfjafræðingar). Auk framangreindra aðila er þjálfuðu aðstoðarfólki heimilt að afhenda lyf eftir lyfseðli, enda fullvissi viðkomandi sig um, að um rétt lyf sé að ræða og að rétt sé áritað. Sá sem afhendir lyfið skal gæta þess, að réttur aðili fái það í hendur, einnig skal hann árita lyfseðilinn fangamarki sínu.
- e. Ef lyf, sem látið er úti eftir lyfseðli, er sent lengri eða skemmri leið, skal gæta varúðar sbr. d-lið, þar með einnig að réttur aðili fái lyfið í hendur.
- f. Umbúðir um hvers konar efni, sem gerð eru hverju sinni og ætluð eru til tæknilegra nota, þar með talin eitur og önnur efni skaðleg heilsu manna, skulu auðkennd dagsetningu og fangamarki þess, er látið hefur í umbúðirnar, svo og þess, er athugað hefur, að rétt efni hafi verið tekið og að áritun sé rétt. Allar birgðir áfylltra efna og lyfja, sem tilbúnar eru til afgreiðslu, skulu bera númer, er gefi til kynna, að framkvæmt hafi verið fyrirskipað eftirlit með áfyllingu, sbr. ákvæði 15. gr. um vörunúmer lyfja.
- g. Ekki má selja lyf í sjálfsölum nema samkvæmt fyrirmælum eða með sérstöku samþykki heilbrigðisstjórnarinnar.

18. gr.

Lyfjaílát.

- a. Heimilt er að endurnota undir lyf eftirtalin glerílát frá neytendum: Lyfjaglös með skrúfloki (KH-glös), stútvíð glös (KH-glös), smyrslakrúkkur með skrúfloki og eiturflöskur, enda hafi ílátin verið hreinsuð á viðunandi hátt og skipt um lokunarbúnað.
- b. Þegar lyf eru látin úti, skal búa um þau á tryggilegan hátt og gæta sérstakra fyrirmæla lyfjaskrár (lyfjastaðla) og annarra fyrirmæla, er heilbrigðisyfirvöld kunna að setja.

19. gr.

Lyf handa læknum, er ekki hafa lyfsöluleyfi.

Um lyf til lækna, sem ekki hafa lyfsöluleyfi og ætluð eru til sölu (dreifingar), fer eftir sérstökum fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda, sbr. 33. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982.

20. gr.

Lyfjaútibú.

- a. Lyfsali sem fær leyfi ráðherra eða er gert að reka lyfjaútibú sbr. 3. og 27. gr. laga um lyfjadreifingu 76/1982, skal er hann hefur reksturinn tilkynna Lyfjaeftirliti ríkisins svo og héraðslækni.
- b. Lyfjaútibú skal auðkenna á áberandi hátt þannig: NN - Apótek, útibú.
- c. Staðsetning lyfjaútibús er háð ákvæðum 1. greinar, b-liðs í þessari reglugerð.
- d. Ákvæði 2. og 4. greinar reglugerðar þessarar gilda einnig um húsnæði lyfjaútibús.
- e. Daglegur afgreiðslutími skal auglýstur tryggilega við inngöngudyr. Afgreiðslutími lyfseðla skal auglýstur þar sérstaklega, svo fremi hann sé ekki sá sami og venjulegur afgreiðslutími.

21. gr.

Í lyfjaútibúi má versla með sömu vörur sem í lyfjabúðum.

22. gr.

Í lyfjaútibúi má heimila framleiðslu skyndilyfja (ordinatio magistralis), að fengnum meðmælum Lyfjaeftirlits ríkisins.

23. gr.

Í lyfjaútibúi skulu vera þær bækur, sem upptaldar eru í 11. gr. staflíð a þessarar reglugerðar, að undanteknum eftirtöldum töluliðum 1, 5, 6, 7, 10, 12 og 14.

24. gr.

Geymslu lyfja í lyfjaútibúi skal haga í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

25. gr.

Lyfsala ber að fylgjast með rekstri lyfjaútibús og ber alla ábyrgð á því að rekstur hennar fari fram skv. gildandi fyrirmælum og reglum.

26. gr.

Lyfjaforðar.

- a. Ef lyfsala fær leyfi ráðherra til að reka lyfjaforða, sbr. 31. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, skal hann, er hann hefur reksturinn, tilkynna það Lyfjaeftirliti ríkisins, svo og héraðslækni. Í tilkynningunni skal m. a. greint frá hver sá um daglegan rekstur lyfjaforðans (forstöðumaður tilgreindur).
- b. Lyfjaforða skal auðkenna á áberandi hátt þannig: Lyfjaforði frá NN - Apóteki (lyfjabúð).
- c. Staðsetning lyfjaforða er háð ákvæðum 1. greinar, b-liðs í þessari reglugerð.
- d. Ákvæði 2. og 4. greinar reglugerðar þessarar gilda einnig um húsnæði lyfjaforða.
- e. Daglegur afgreiðslutími lyfjaforða skal auglýstur tryggilega við inngöngudyr.

27. gr.

- a. Í lyfjaförða má versla með hvers konar lausasölulyf, hjúkrunar- og sjúkragögn, februnar- og snyrtivörur, næringarefni, sem að jafnaði eru seld í lyfjabúðum, sóttþreinsunarefni og hættuleg efni ætluð til iðnaðar eða tæknilegra nota skv. listum 3—4 í reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna.
- b. Í lyfjaförða er aðeins heimilt að selja lyf og sáraumbúðir, svo og lyfjamál og önnur áhöld til lyfjagjafa, sem fengið hefur verið frá lyfjabúð þess lyfsala, er lyfjaförðann rekur.
- c. Um vörur sem sendar eru úr lyfjabúð lengri eða skemmri leið, þar með talin sending til lyfjaförða, skal vera svo búid, að viðtakandi geti gengið úr skugga um, að ekki hafi verið hreyft við innihaldi. Á umbúðum skal standa nafn lyfjabúðar, nafn viðtakanda og heimilisfang.
- d. Lyf gegn lyfseðli svo og annað, er viðskiptavinur hefur óskað sérstaklega eftir að sent verði til lyfjaförða og afgreitt þaðan, skal endursenda til lyfjabúðarinnar, ef hið umbeðna hefur ekki verið sótt innan mánaðar frá því að það barst lyfjaútsölu.

28. gr.

Í lyfjaförða er óheimil hvers konar lyfjagerð, þar með talin blöndun, áfylling eða skipting í smærri einingar á lyfjum þeim, sem aflað hefur verið úr lyfjabúð. Lyf skal ávallt afhenda í órofum umbúðum lyfjabúðar.

29. gr.

Geymslu lyfja í lyfjaförða skal haga í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

30. gr.

- a. Lyfsala ber að fylgjast með rekstri lyfjaförða og ber alla ábyrgð á því, að rekstur hans fari fram skv. gildandi fyrirmælum og reglum.
- b. Ef lyfsali verður þess áskynja að óreiða eða misfellur hafi átt sér stað í lyfjaförða hans, ber honum að gera ráðstafanir þegar í stað, til þess að bætt verði úr því, er úrskæiðis hefur gengið.

31. gr.

Í lyfjaförða er heimilt að selja þau lyf og sáraumbúðir (hjúkrunarvörur), sem aflað hefur verið úr lyfjabúð þeirri, er lyfjaförðinn heyrir undir, hvenær sólarhringsins sem er, að sunnudögum og helgidögum meðtöldum.

III. KAFLI

Gildistaka.

32. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 19. og 34. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982 öðlast gildi við birtingu, jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 151/1968 ásamt síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. janúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ

um tollafgreiðslugengi vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum.

1. gr.

Sé tollverð innfluttrar vöru eða einhver hluti þess tilgreindur í erlendri mynt skal breyta því eða hluta þess í innlenda mynt miðað við tollafgreiðslugengi eins og það er ákveðið samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Tollafgreiðslugengi er sölugengi erlendrar myntar sem skráð er af Seðlabanka Íslands og í gildi er við opnun banka hinn 28. hvers mánaðar eða næsta vinnudag þar á eftir ef ekki er opið í banka þann dag. Skal tollafgreiðslugengi þannig ákveðið gilda við ákvörðun tollverðs næsta almanaksmánuð á eftir, enda fari fullnaðartollafgreiðsla viðkomandi vöru fram í þeim mánuði, sbr. þó 5. og 6. gr.

Tollafgreiðslugengi viðkomandi erlendrar myntar skv. 1. mgr. fellur úr gildi ef skráning Seðlabankans á sölugengi hennar fellur niður eða tollafgreiðslugengi er breytt skv. 3. gr.

Hafi skráning á sölugengi erlendrar myntar verið felld niður er fyrsta sölugengi myntar sem Seðlabankinn skráir að nýju það tollafgreiðslugengi sem gilda skal til loka mánaðarins, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Verði breyting á sölugengi einnar eða fleiri erlendrar myntar 5% eða meira milli gengisskráninga Seðlabankans ákveður fjármálaráðuneytið með auglýsingu nýtt tollafgreiðslugengi er gildi frá og með útgáfudegi þeirra Stjórnartíðinda sem hún er birt í til loka mánaðarins, sbr. þó 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Sé verð vöru tilgreint í erlendri mynt sem ekki er skráð í almennri gengisskráningu Seðlabankans skal tollafgreiða vöruna miðað við það sölugengi sem Seðlabankinn ákveður í hverju tilviki og skal það gilda til loka þess mánaðar þegar það var ákveðið, sbr. þó 5. og 6. gr.

5. gr.

Hafi fullgild aðflutningsskjöl skv. 1. tl. 11. gr. tollskrárlaga verið afhent tollstjóra til tollafgreiðslu á vöru áður en tollafgreiðslugengi fellur úr gildi, sbr. 2. gr., er heimilt að tollafgreiða vöruna samkvæmt því tollafgreiðslugengi, enda hafi aðflutningsskýrsla við það miðuð verið lögð inn fyrir þann tíma og fullnaðartollafgreiðsla vörunnar fari fram innan viku talið frá og með gildistöku hins nýja tollafgreiðslugengis, sbr. þó 6. gr.

Leiði breytingar á tollafgreiðslugengi, eftir að aðflutningsskýrsla hefur verið lögð inn hjá tollstjóra, ekki til hækkunar aðflutningsgjalda umfram 350 kr. er heimilt að tollafgreiða viðkomandi vöru án endurútreiknings og leiðréttingar aðflutningsskýrslunnar. Fjárhæð þessi, sem miðuð er við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar 1983, skal breytast til samræmis við breytingar á henni á hverjum tíma.

6. gr.

Vöru sem hlotið hefur bráðabirgðatollafgreiðslu gegn fjártryggingu í peningum skv. 21. gr. tollskrárlaga skal tollafgreiða miðað við það tollafgreiðslugengi sem gildi þegar bráðabirgðatollafgreiðsla fór fram, enda sé gætt frestskilyrða 2. og 6. gr. reglna nr. 23/1982 við fullnaðartollafgreiðslu.

Ökutæki sem heimilaður hefur verið tímabundinn innflutningur á skv. 10. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu tollafgreidd miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar heimild til tollfrjáls innflutnings var veitt, enda fari fullnaðartollafgreiðsla fram innan þriggja mánaða frá komudegi flutningsfars til landsins. Ökutæki sem tímabundinn innflutn-

ingur hefur verið heimilaður á umfram þrjá mánuði og eigi eru endurúttflutt skulu tollafgreidd miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi er þegar fullnaðartollafgreiðsla fer fram.

Vöru sem heimilaður er tímabundinn innflutningur á samkvæmt öðrum ákvæðum tollskrárlaga eða sérstökum heimildum skal tollafgreiða miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar heimild til bráðabirgðatollafgreiðslu vöru var veitt, enda hafi fjártrygging í peningum verið sett eða skuldaviðurkenning sem ber hæstu vexti verið út gefin til tryggingar greiðslu ríkissjóðsgjalda, varan verði eigi endursend og fullnaðartollafgreiðsla fari fram innan þess frests sem tollstjóri ákveður. Sé trygging sett með öðrum hætti skal miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi er við fullnaðartollafgreiðslu.

7. gr.

Þegar Seðlabankinn fellir niður gengisskráningu skal tollstjóri fella niður móttöku aðflutningsskjala þar til sölugengi erlendra myntar er skráð að nýju.

Tollstjóra er þó heimilt þegar svo stendur á sem um ræðir í 1. mgr. að heimila bráðabirgðatollafgreiðslu á vörum gegn fjártryggingu í samræmi við ákvæði 21. gr. tollskrárlaga, sbr. reglur nr. 23/1982. Í þeim tilvikum skal tollafgreiðslugengi vera sölugengi erlendra myntar sem síðast var skráð af Seðlabankanum að viðbættu því álagi sem viðkomandi viðskiptabanki ákveður til bráðabirgða vegna gjaldeyrisyfírfærslna á innfluttum vörum. Ríkissjóðsgjöld við það miðuð skulu innheimt án álags skv. 2. gr. reglna nr. 23/1982, enda séu aðflutningsskjöl að öðru leyti fullnægjandi. Fjártrygging sem sett hefur verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal gerð upp miðað við tollafgreiðslugengi það sem gildi tekur er sölugengi erlendra myntar er skráð að nýju og skal innflytjandi vegna fullnaðaruppgjörs afhenda viðkomandi tollstjóra fullnægjandi aðflutningsskjöl innan viku frá gildistöku hins nýja tollafgreiðslugengis, nema lengri frestur hafi verið veittur.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., sbr. 10. gr. laga nr. 79/1982 um efnahagsaðgerðir, og öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1983. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi auglýsing nr. 464/1982 um tollafgreiðslugengi.

Fjármálaráðuneytið, 20. janúar 1983.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING

um hækkun hafnargjaldskráa.

Samkvæmt 27. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með hækkun á gjaldskrá eftirtalinnna hafnarsjóða um 11.3% með gildistöku frá og með 1. febrúar 1983 að telja:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108/1975, sbr. reglugerðir nr. 61/1977, nr. 336/1977 og nr. 648/1982.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundartangahafnar, nr. 213/1980, sbr. reglugerð nr. 649/1982.

3. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness, nr. 267/1975, sbr. reglugerðir nr. 388/1977 og 650/1982.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147/1975, sbr. reglugerð nr. 651/1982.
5. Gjaldskrá fyrir Landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi, nr. 195/1975, sbr. reglugerð nr. 652/1982.
6. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsvíkurrepps, nr. 112/1975, sbr. reglugerð 653/1982.
7. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundarfjarðar, nr. 136/1975, sbr. reglugerð nr. 654/1982.
8. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stykkishólms, nr. 118/1975, sbr. reglugerð nr. 665/1982.
9. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykhólahafnar, Austur-Barðastrandarsýslu, nr. 259/1975, sbr. reglugerð nr. 656/1972.
10. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Patrekshafnar, nr. 407/1975, sbr. reglugerð nr. 657/1982.
11. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhafnar, nr. 124/1975, sbr. reglugerð nr. 658/1982.
12. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bíldudalskaupþúns, nr. 217/1976, sbr. reglugerð nr. 659/1982.
13. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þingeyrarkaupþúns, nr. 179/1976, sbr. reglugerð nr. 660/1982.
14. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Flateyrarkaupþúns, nr. 134/1975, sbr. reglugerð nr. 661/1982.
15. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Suðureyrarkaupþúns, nr. 211/1976, sbr. reglugerð nr. 662/1982.
16. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bolungarvíkurkaupstaðar nr. 138/1975, sbr. reglugerð nr. 663/1982.
17. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar, nr. 151/1975, sbr. reglugerð nr. 664/1982.
18. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Súðavíkur, nr. 406/1975, sbr. reglugerð nr. 665/1982.
19. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hólmavíkurkaupþúns, nr. 192/1975, sbr. reglugerð nr. 666/1982.
20. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 261/1975, sbr. reglugerð nr. 667/1982.
21. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduósshrepps, nr. 263/1975, sbr. reglugerð nr. 668/1982.
22. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Skagastrandar, nr. 269/1975, sbr. reglugerð nr. 669/1982.
23. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Sauðárkrókskaupstaðar, nr. 256/1975, sbr. reglugerð nr. 670/1982.
24. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hofsósskaupþúns, nr. 194/1975, sbr. reglugerð nr. 671/1982.
25. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar nr. 180/1975, sbr. reglugerð nr. 672/1982.
26. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsfjarðar, nr. 213/1976, sbr. reglugerð nr. 673/1982.
27. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Dalvíkur, nr. 132/1976, sbr. reglugerð nr. 674/1982.
28. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hríseyjar, nr. 173/1975, sbr. reglugerð nr. 675/1982.
29. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akureyrar, nr. 198/1975, sbr. reglugerð nr. 676/1982.
30. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Svalbarðseyrar við Eyjafjörð, nr. 70/1981, sbr. reglugerð nr. 678/1982.
31. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grenivíkur í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 99/1979, sbr. reglugerð nr. 679/1982.
32. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grímseyjarhafnar, nr. 190/1975, sbr. reglugerð nr. 677/1982.
33. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Húsavíkur, nr. 184/1975, sbr. reglugerð nr. 680/1982.
34. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Kópaskerskaupþúns, nr. 166/1977, sbr. reglugerð nr. 681/1982.
35. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Raufarhafnar, nr. 23/1976, sbr. reglugerð nr. 682/1982.
36. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þórshafnar, nr. 489/1975, sbr. reglugerð nr. 683/1982.

37. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bakkafjarðar, Skeggjastaðahreppi, Norður-Múlasýslu, nr. 188/1975, sbr. reglugerð nr. 684/1982.
38. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vopnafjarðarhrepps, nr. 110/1975, sbr. reglugerð nr. 685/1982.
39. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarfjarðarhrepps, nr. 126/1975, sbr. reglugerð nr. 686/1982.
40. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar, nr. 122/1975, sbr. reglugerð nr. 687/1982.
41. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Neskaupstaðar, nr. 21/1976, sbr. reglugerð nr. 689/1982.
42. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Eskifjarðarkaupstaðar, nr. 149/1975, sbr. reglugerð nr. 690/1982.
43. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reyðarfjarðarkauptúns, nr. 197/1975, sbr. reglugerð nr. 691/1982.
44. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Búðakauptúns í Suður-Múlasýslu, nr. 240/1977, sbr. reglugerð nr. 692/1982.
45. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stöðvarfjarðarkauptúns, nr. 209/1976, sbr. reglugerð nr. 693/1982.
46. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Breiðdalsvíkur, nr. 140/1975, sbr. reglugerð nr. 694/1982.
47. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogs, nr. 215/1976, sbr. reglugerð nr. 688/1982.
48. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarkauptúns, n. 114/1975, sbr. reglugerð nr. 695/1982.
49. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vestmannaeyja, nr. 436/1981, sbr. reglugerð nr. 696/1982.
50. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Þorlákshöfn, nr. 130/1975, sbr. reglugerðir nr. 334/1977 og 697/1982.
51. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grindavíkur, nr. 182/1975, sbr. reglugerð nr. 698/1982.
52. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Miðneshrepps, nr. 186/1975, sbr. reglugerð nr. 699/1982.
53. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 413/1975, sbr. reglugerð nr. 700/1982.
54. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vogahafnar í Gullbringusýslu, nr. 499/1975, sbr. reglugerð nr. 701/1982.
55. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarfjarðar, nr. 116/1975, sbr. reglugerð nr. 702/1982.

Prátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskrá.

Samgönguráðuneytið, 21. janúar 1983.

F. h. r.

Brynjólfur Ingólfsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa.

1. gr.

Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu vera í héruðum skv. 6. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978. Héruðunum skal skipt í lyfsöluumdæmi svo sem hér greinir:

Reykjavíkurbérað:

Staðarval og fjöldi lyfjabúða er ákveðinn af ráðuneytinu með hliðsjón af ákvörðun borgarstjórnar um staðarval heilsugæslustöðva í Reykjavík skv. 14. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

- | | |
|---|---|
| 1. Gamli miðbærinn og hluti vesturbæjar:
4 lyfjabúðir. | 6. Laugarneshverfi:
Lyfjabúð. |
| 2. Vesturbær:
Lyfjabúð. | 7. Sunda- og Vogahverfi:
Lyfjabúð. |
| 3. Austurbær:
Lyfjabúð. | 8. Árbæjarhverfi:
Lyfjabúð. |
| 4. Háaleitishverfi:
2 lyfjabúðir. | 9. Breiðholtshverfi I og II:
Lyfjabúð. |
| 5. Bústaðahverfi:
Lyfjabúð. | 10. Breiðholtshverfi III:
Lyfjabúð. |

Vesturlandshérað:

- | | |
|--|---|
| 1. Akranessumdæmi:
Lyfjabúð. | 3. Ólafsvíkurumdæmi:
Lyfjabúð.
3.1. Hellisandur:
Lyfjaútibú. |
| 2. Borgarnessumdæmi:
Lyfjabúð.
2.1. Kleppjárnsreykir:
Lyfjaútibú. | 4. Stykkishólmsumdæmi:
Lyfjabúð. |

Vestfjarðarhérað:

- | | |
|---|--|
| 1. Patreksfjarðarumdæmi:
Lyfjabúð. | 3. Hólmavíkurumdæmi:
3.1. Hólmavík:
Lyfjaútibú frá Ísafirði. |
| 2. Ísafjarðarumdæmi:
Lyfjabúð.
2.1. Þingeyri:
Lyfjaútibú.
2.2. Flateyri:
Lyfjaútibú.
2.3. Suðureyri:
Lyfjaútibú.
2.4. Bolungarvík:
Lyfjaútibú. | |

Norðurlandshérað vestra:

- | | |
|--|-------------------------------------|
| 1. Hvammstangaumdæmi:
Lyfjabúð. | 3. Sauðárkróksumdæmi:
Lyfjabúð. |
| 2. Blönduóssumdæmi:
Lyfjabúð.
2.1. Skagaströnd:
Lyfjaútibú. | 4. Siglufjarðarumdæmi:
Lyfjabúð. |

Norðurlandshérað eystra:

1. Dalvíkurumdæmi:
Lyfjabúð.
 - 1.1. Ólafsfjörður:
Lyfjaútibú.
2. Akureyrarumdæmi:
2 lyfjabúðir.
3. Húsavíkurumdæmi:
Lyfjabúð.
4. Þórshafnarumdæmi:
Lyfjabúð.
 - 4.1. Raufarhöfn:
Lyfjaútibú.
 - 4.2. Kópasker:
Lyfjaútibú.

Austurlandshérað:

1. Egilsstaðaumdæmi:
Lyfjabúð.
 - 1.1. Vopnafjörður:
Lyfjaútibú frá Egilsstöðum er einnig gegnir Bakkafirði.
2. Seyðisfjarðarumdæmi:
Lyfjabúð.
3. Norðfjarðarumdæmi:
Lyfjabúð á Neskaupstað.
4. Reyðarfjarðarumdæmi:
Lyfjabúð.
 - 4.1. Eskifjörður:
Lyfjaútibú.
5. Fáskrúðsfjarðarumdæmi:
Lyfjabúð á Fáskrúðsfirði.
 - 5.1. Stöðvarfjörður:
Lyfjaútibú, er einnig gegnir Breiðdalsvík.
6. Hafnarumdæmi:
Lyfjabúð.
 - 6.1. Djúpivogur:
Lyfjaútibú.

Suðurlandshérað:

1. Víkurumdæmi:
Lyfjabúð.
 - 1.1. Kirkjubæjarklaustur:
Lyfjaútibú.
2. Rangárvallaumndæmi:
Lyfjabúð á Hellu.
 - 2.1. Hvolsvöllur:
Lyfjaútibú.
3. Selfossumdæmi:
Lyfjabúð.
 - 3.1. Eyrarbakki:
Lyfjaútibú.
 - 3.2. Laugarás:
Lyfjaútibú, er einnig gegnir Laugarvatni.
4. Hveragerðisumdæmi:
Lyfjabúð.
 - 4.1. Þorlákshöfn:
Lyfjaútibú.
5. Vestmannaeyjaumdæmi:
Lyfjabúð.

Reykjaneshérað:

- | | |
|--|---------------------------------------|
| 1. Keflavíkurumdæmi:
Lyfjabúð.
1.1. Sandgerði:
Lyfjaútibú, er einnig gegnir Garðinum. | 5. Kópavogsumdæmi:
Lyfjabúð. |
| 2. Grindavíkurumdæmi:
Lyfjabúð. | 6. Mosfellsumdæmi:
Lyfjabúð. |
| 3. Hafnarfjarðarumdæmi:
2 lyfjabúðir. | 7. Seltjarnarnessumdæmi:
Lyfjabúð. |
| 4. Garðabæjarumdæmi:
Lyfjabúð. | |

Breytingum frá núverandi fyrirkomulagi samkvæmt framansögðu, skal komið á í áföngum samkvæmt ákvörðun ráðherra hverju sinni.

2. gr.

Ráðherra veiti leyfi til flutnings lyfjabúðar, að fengnum umsögnum Apótekarafélags Íslands, Lyfjafræðingafélags Íslands og hlutaðeigandi sveitastjórnar.

Verði ákveðið að byggja nýja heilsugæslustöð, þar sem er eða stofna á lyfjabúð, skal gerð sérstök athugun í samráði við viðkomandi sveitarstjórn og heilbrigðisráð, Apótekarafélag Íslands og Lyfjafræðingafélag Íslands á því, hvort hentugt þyki, að lyfjabúð sé í heilsugæslustöðinni eða nægja þyki með tilliti til nauðsynlegra tengsla heilsugæslustöðvar og lyfjabúðar, að hún sé rekin í næsta nágrenni við stöðina. Framangreindir aðilar skulu skila skriflegu álitu sínu til ráðherra.

3. gr.

Lyfjabúð eða undirstofnanir hennar (lyfjaútibú, lyfjaforði), sem starfar í heilsugæslustöð (sbr. ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978) greiðir leigu fyrir húsnæði sitt.

4. gr.

Lyfjaútibúum skv. 1. gr. skal komið á fót eftir því sem aðstæður leyfa og er þá fyrst og fremst miðað við að takist að útvega lyfjafræðinga eða aðstoðarlyfjafræðinga til starfa í þeim.

Í sérstökum undantekningartilvikum má heimila sveitarstjórn að annast lyfjasölu, enda veiti henni forstöðu aðili, sem Lyfjaeftirlit ríkisins samþykkir. Slík lyfjasala skal sæta ársfjórðungslegu eftirliti lyfjafræðings í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins. Beri læknir ábyrgð á lyfjasölu sveitarfélags, ber honum þóknun, sem ákveðin er af ráðherra að fengnum tillögum lyfjaverðlagsnefndar.

Á strjálbýlli stöðum má heimila lækni að annast lyfjasölu og skal sótt um það hverju sinni til ráðuneytisins.

Leyfi til lyfjasölu samkvæmt 2. og 3. málsgrein verða aðeins veitt til eins árs í senn.

5. gr.

Þeim læknum, sem reka lyfjasölu á stöðum, sem fyrirhugað er að setja á stofn lyfjabúð eða lyfjaútibú samkvæmt ákvörðun ráðherra (sbr. 1. grein) skal veittur eins árs frestur frá ákvarðanatöku ráðherra, eða þar til lyfjabúðin (lyfjaútibúðið) tekur formlega til starfa.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982 öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. janúar 1983.

Svavar Gestsson.

Ingolf J. Petersen.

14. janúar 1983

Nr. 28

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á vegum Mosfellshrepps.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga sem miðast við tímalaun starfsfólks ásamt launatengdum gjöldum:

	Dagv.	Næturv.	
1. taxti kr.	0,00	0,00	
2. taxti kr.	19,20	32,50	($\frac{1}{3}$ hluti tímalauna auk launat.gj.)
3. taxti kr.	34,50	58,50	($\frac{2}{3}$ hlutar tímalauna auk launat.gj.)
4. taxti kr.	57,50	97,50	(tímalaun auk launat.gj.)

2. gr.

Greiðsluskylda neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans, og er því tillit tekið til þess hvort um er að ræða einstaklinga eða hjón og sambýlisfólk. Greiðsluskylda fer að eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við grunnellilífeyri (g) og tekjutryggingu (t).

Einstaklingar greiði skv.:

1. taxa, séu tekjur hans undir kr. 6 745,00 $(g+t) \times 1.3$.
2. taxa, séu tekjur hans milli kr. 6 745,00 og kr. 10 376,00 $(g+t) \times 1.3$ til $(g+t) \times 2.0$.
3. taxa, séu tekjur hans milli kr. 10 376,00 og kr. 12 970,00 $(g+t) \times 2.0$ til $(g+t) \times 2.5$.
4. taxa, séu tekjur hans yfir kr. 12 970,00 $(g+t) \times 2.5$.

Hjón og sambýlisfólk greiði skv.:

1. taxa, séu tekjur þeirra kr. 10 838,00 og þaðan af lægri $(g+t) \times 1.2$.
2. taxa, séu tekjur þeirra milli kr. 10 838,00 og kr. 14 451,00 $(g+t) \times 1.2$ og $(g+t) \times 1.6$.
3. taxa, séu tekjur þeirra milli kr. 14 451,00 og kr. 18 064,00 $(g+t) \times 1.6$ til $(g+t) \times 2.0$.
4. taxa, séu tekjur þeirra kr. 18 064,00 og þaðan af hærri $(g+t) \times 2.0$.

Trúnaðarmálanefnd er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari ef um sérstakar ástæður er að ræða.

3. gr.

Verði breytingar á launum starfsfólks eða lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins ber trúnaðarmálanefnd að breyta gjaldstiga þessum til samræmis við þær, en tilkynna slíkt hreppnefnd og félagsmálaráðuneyti.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1983

28. janúar 1983

49

Nr. 29

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. febrúar 1983.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu kr. 2 386,00
- 1.2. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutað-eigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — áætlaður helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljörum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.

Pó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur simnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og sídari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 387,00 að viðbættum kr. 0,91 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eda atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 129,00 á ársfjórðungi.

2.3. Fyrir notendabúnað, sem Póst- og símamálastofnunin lætur í té, greiðist rekstrargjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, eða afnotagjald skv. I. kafla 3. og 4.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutadeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

a. Lengd línuleiðar	0.5—1.0 km	kr. 101,00
b. Lengd línuleiðar	1.0—2.0 km	kr. 152,00
c. Lengd línuleiðar	2.0—4.0 km	kr. 253,00
d. Lengd línuleiðar	4.0—8.0 km	kr. 606,00
e. Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	kr. 808,00

3. Talfæri, talfærakerfi og fleira.

Hér er um að ræða búnað sem látinn var í té á stofngjaldi og ekki er gjaldfærður skv. kostnaðarverði og rekstrargjaldi skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.1. Aukatalfæri með gaumskífu (binker)	1 169,00	118,00
3.2. Talfæri með hringirafli (magnetu, DBH4)		121,00
3.3. Vatnspétt talfæri		140,00
3.4. Hátalarasími		483,00
3.5. 2ja línu talfæri Siemens	2 916,00 ²⁾	250,00
3.6. 2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört)	1 468,00 ²⁾	199,00
3.7. Ritarasímar (sekreter), ATEA 812L, 1 lína, 2 talfæri		208,00 ³⁾ 4)5)
3.8. Ritarasímar, AVH dialóg, 2 línur, 2 til 3 talfæri	2 608,00 ²⁾ 3)	223,00 ³⁾

Skýringar:

- 2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.
- 3) Á hvert talfæri.
- 4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.
- 5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.9. Rítarasímar, Siemens, 2 línur, 2 talfæri	7 106,00 ²⁾	598,00
3.10. Rítarasímar, DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört)	1 249,00 ²⁾³⁾	132,00 ³⁾
3.11. Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri		219,00 ³⁾⁴⁾⁵⁾
3.12. Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 1 til 2 talfæri		261,00 ³⁾⁴⁾⁵⁾
3.13. Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri		345,00 ³⁾⁴⁾⁵⁾
3.14. Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri		421,00 ³⁾⁴⁾⁵⁾
3.15. Raðsímar, Reiha $\frac{1}{2}$, 1 lína, 2 til 3 talfæri	4 969,00 ²⁾³⁾	426,00 ³⁾
3.16. Raðsímar, Reiha $\frac{1}{5}$, 1 lína, 3 til 6 talfæri	3 601,00 ²⁾³⁾	306,00 ³⁾
3.17. Raðsímar, Reipos $\frac{2}{5}$, 2 línur, 3 til 6 talfæri	3 369,00 ²⁾³⁾	298,00 ³⁾
3.18. Raðsímar, Reipos $\frac{2}{10}$, 2 línur, 7 til 11 talfæri	5 171,00 ²⁾³⁾	449,00 ³⁾
3.19. Fjöllínusímar, Makler, 8 línur, 2 til 12 talfæri		750,00 ³⁾
3.20. Millisamband á sömu lóð (hámark 50 m) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	1 797,00 ²⁾	199,00
3.21. Millisamband á sama svæði DBH4 (magneto), talfæri innifalin	3 734,00 ²⁾	435,00
3.22. Millisamband milli svæða (Rvík) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	3 734,00 ²⁾	2 574,00
3.23. Millisamband innanhúss DBH4 (magneto), talfæri innifalin	1 459,00 ²⁾	183,00
3.24. Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð	3 734,00	1 058,00
3.25. Millisamband milli svæða (Reykjavík) án tengingar við miðstöð	3 734,00	3 192,00
3.26. Sjálfsalar, einnar myntar. Árstekjutrygging kr. 3 405,00		
3.27. Sjálfsalar, 3ja mynta. Árstekjutrygging kr. 4 965,00		
3.28. Aukagjald fyrir óskráð númer kr. 104,00		
3.29. Tengingjald, nýr sími í stað millisambands, talfæri ekki innifalið, kr. 511,00		
3.30. Útskipting á talfæri, kostnaðarverð.		

4. Einkasímstöðvar.

4.1. Handvirkar einkasímstöðvar (CB).

Uppsetningarkostnað einkasímstöðvar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.1. L.M.E. 1+3	11 200,00	222,00
4.1.2. L.M.E. 2+6	17 993,00	444,00
4.1.3. L.M.E. 3+9	26 555,00	666,00

Skýringar:

- Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.
- Á hvert talfæri.
- Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.
- ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.4. L.M.E. 4+16	41 857,00	1 110,00
4.1.5. L.M.E. 5+30	42 839,00	1 942,50
4.1.6. L.M.E. 6+40	47 529,00	2 553,00
4.1.7. E.B. 6+30	43 652,00	1 998,00
4.1.8. ADG 101 8+40	102 017,00	2 664,00
4.1.9. ADG 101 16+80	134 249,00	5 328,00
4.2. Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX).		
Nýjar sjálfvirkar einkasímstöðvar eru settar upp gegn greiðslu kostnaðarverðs, sem reiknast hverju sinni, og rekstrargjalds, sem er 1,5% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi.		
Uppsetningarkostnað símstöðvarinnar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengi-lista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.		
4.2.1. Fyrir hvern númerabúnað í áður uppsettum einkasímstöðvum		157,00
4.2.2. Fyrir hvern miðstöðvalínubúnað í áður uppsettum einkasímstöðvum		314,00
Greiða skal $\frac{1}{3}$ hluta áætlaðs kostnaðargjalds, þegar stöðin er pöntuð, $\frac{1}{3}$ þegar stöðin kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.		
4.3. Búnaður og línur tengdar handvirkum og sjálfvirkum einkasímstöðvum í 4.1. og 4.2.		
4.3.1. Númer frá einkasímstöð í sama húsi. Talfæri ekki innifalið		56,10
4.3.2. Númer frá einkasímstöð í öðru húsi á sömu lóð (hámark 50 m). Talfæri ekki innifalið	657,00	81,50
4.3.3. Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið	2 594,00	328,00
4.3.4. Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	2 594,00	2 468,00
4.3.5. Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	2 594,00	3 526,00
4.3.6. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi	2 594,00	2 142,00
4.3.7. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	2 594,00	3 526,00
4.3.8. Þverlínusamband milli einkastöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	2 594,00	4 601,00

5. Tegundaprófun tækja.

Skv. reglum nr. 293/1981 um heimild til innflutnings og sölu tækja til tengingar við sjálfvirka símakerfið.

- 5.1. Gjald fyrir tegundaprófun venjulegs talfæris kr. 1 940,00
 5.2. Gjald fyrir tegundaprófun annarra tækja er samkvæmt kostnaðarskýrslu.
 5.3. Gjald fyrir prófanir á einstökum venjulegum talfærum flutt inn af einstaklingum til eigin nota kr. 194,00
 Ef talfærið stenst ekki prófun er heimilt að fella niður þetta gjald.

6. Flutningsgjald.

- 6.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað kr. 1 193,00
 (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).
 6.2. Milli stöðvargjaldsvæða kr. 1 612,00
 Til viðbótar 6.1. og 6.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.
 6.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, innan sama gjaldsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 6. l. niður í allt að kr. 612,00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 759,00 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

7. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnaði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 1 334,00.

Viðtökugjald lækkar í kr. 238,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 478,00.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf tölubúnaðsgjald sbr. 6.1. og 6.2. hér að framan.

8. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

9. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður notendabúnaðar, sem stofnunin lætur í té, er innifalinn í rekstrargjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða, eða afnotagjaldi skv. I. kafla 3. og 4.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu búnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu kr. 1 880,00
- 1.2. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.2. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.
- 1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

- 2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð með línu.

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum	kr.	2—3 notendur á sömu línu kr.	Yfir 3 notendur á sömu línu kr.
2 std.	176,80	141,50	106,10
4 —	233,00	186,40	139,80
6 —	263,90	211,10	158,30
8 —	294,80	235,80	176,90
10 —	325,60	260,50	195,40
12 —	331,20	264,90	198,70
14 —	336,90	269,50	202,10
16 —	342,60	274,10	205,60
24 —	404,20	323,40	242,50

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

- 2.2. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

2.3. Almenn ákvæði.

Ofanefnt afnotagjald fyrir númer í miðstöð og línu hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

3. Flutningsgjald.

- 3.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað kr. 940,00
- 3.2. Milli stöðvargjaldsvæða — 1 302,00
- 3.3. Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.
- 3.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, má lækka flutningsgjald skv. 3. 1. niður í allt að kr. 478,00

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 1 034,00

Viðtökugjald lækkar í kr. 238,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 478,00.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf tölubúnað sbr. 3.1. og 3.2. hér að framan.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfalli af Póst- og símamálastofnuninni með tillit til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða. Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

III. KAFLI

Notendasímar í sveitum.

1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

- 1.1. Stofngjald fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu er kr. 1 265,00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveður Póst- og símamálastofnunin stofngjald í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
- 1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.
- 1.3. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.
- 1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

- 2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std.	kr. 92,60
4 —	— 103,00
6 —	— 134,00
8 —	— 158,00
10 —	— 173,00
12 —	— 177,00
14 —	— 181,00
16 —	— 188,00
24 —	— 200,00

- 2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.
- 2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.
- 2.4. Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða

afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

3. Almenn ákvæði.

- 3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.
- 3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.
- 3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.
- 3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigandur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
- 3.5. Símnótendur eru að sjálfsgöðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.
- 3.6. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsgöðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.
- 3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

- 3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kaптúnunum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI

Símtalagjald

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir bæjar- og langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirk innanlands:

Símtöl eru gjaldfærð samkvæmt tímamælingu sem skráð er í skrefum á teljara hlutaðeigandi síma. Fyrsta talning kemur ætíð við svar. Líkur fyrir fjölda talninga ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$F = 1 + n + \frac{t - ns}{s}$$

F = Fjöldi talninga símtals
 s = Skreflengd í viðkomandi gjaldflokki
 n = Fjöldi viðtalsbila að tímalengd s.

$$n = \begin{cases} 0, & t < s \\ 1, 2, 3 \dots & t \geq s \end{cases}$$

t = lengd símtalsins.

$\frac{t - ns}{s}$ = Líkindi fyrir talningu til viðbótar við svartalninguna og fjölda viðtalsbila, n.

$$0 \leq \frac{t - ns}{s} < 1$$

Mæla skal t og s í sömu einingum, sekúndum eða mínútum.

1.1. Dagtaxti er frá kl. 08.00 til kl. 19.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
0 bæjarsímtöl	360 sek.
1	60 sek.
2	18 sek.
3	12 sek.

1.2. Nætur- og helgartaxti er frá kl. 19.00 til kl. 08.00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 19.00 á föstudegi til kl. 08.00 næsta mánudag.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
0 bæjarsímtöl	Öt. tími
1	120 sek.
2	36 sek.
3	24 sek.

1.3. Sveitabærir með sjálfvirkan síma hafa gjaldflokk 0 við símtöl til annarra notenda sömu símstöðvar.

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

	Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
2.1. Um 0— 10 km línulengd	kr. 6,00	kr. 2,00
— 10— 25 — —	— 9,90	— 3,30
— 25—100 — —	— 13,20	— 4,40
Yfir 100 — —	— 15,90	— 5,30

Framanefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðvasímtöl.

2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.

2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.

- 2.4. Kvaðning kr. 7,20. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.
- 2.5. Afgreiðslugjald: kr. 18,20 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innfalin.
- 2.6. Boðsending: kr. 11,70 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 11,70 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir sjálfvirkt val til útlanda gilda ekki næturtaxtar eins og fyrir val innanlands.

4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

- 4.1. Línugjald kr. 9,60 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 3,20 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.2. Strandargjald kr. 20,40 fyrir fyrstu 3 mín., ef skipið er ekki meira en 150 sjómíllur frá landi, an annars kr. 27,90 fyrstu 3 mín. og kr. 6,80 eða kr. 9,30 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
- 4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla 2.
- 4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
 - a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
 - b. Strandargjald.
 - c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. kafla 2.

V. KAFLI

Símskeytagjald.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

- 1.1. Venjulegt símskeyti: Grunn gjald kr. 18,20 og kr. 1,15 fyrir hvert orð: Lágmarksorða-fjöldi 7 orð.
- 1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
- 1.3. Veðurskeyti: Kr. 10,20 fyrir hvert skeyti.
- 1.4. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjulegt símskeyti, auk kr. 10,20 fyrir heillaskeytiseyðublaðið.
- 1.5. Samúðarskeyti: Grunn gjald kr. 18,20. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalasjóðs.
- 1.6. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kaupúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 11,70 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirsögn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt

sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

- 1.7. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
- 1.8. Samanburður til tryggingar gegn missímum (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

- 3.1. Almenn loftskeyti.
- 3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:
 - a. Grunn gjald fyrir hvert skeyti kr. 18,20.
 - b. Línugjald kr. 1,15 á hvert orð.
 - c. Strandargjald kr. 1,35 hvert orð.
 - d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - e. Gjald fyrir aukapjónustu að beiðni sendanda.
 Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
- 3.2. Sérstök loftskeyti.
- 3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 10,20 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 6,75.
- 3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukapjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
- 3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KALFI

Fjarritvélar.

1. Stofngjald.

1. 1. Númer í telexstöð	kr. 10 523,00
1. 2. Bæjarlína	— 2 615,00
1. 3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð	— 15 607,00
Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.	
1. 4. Innbyggður endurgati	kr. 2 777,00
1. 5. Innbyggður vélsendir	— 2 777,00
1. 6. Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	— 6 402,00
1. 7. Afriðill	— 1 378,00
1. 8. Tengipúlt	— 2 047,00
1. 9. Fyrir útskiptingu á fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald, eða kostnaðarverð ásamt uppsetningarkostnaði.	
1.10. Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður	— 1 378,00
1.11. Bréyting á telexheiti	— 730,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1.	Númer í telexstöð	— 3 790,00
2.2.	Bæjarlína	— 730,00
2.3.	Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega. Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.	— 6 120,00
2.4.	Innbyggður endurgati	— 898,00
2.5.	Innbyggður vélsendir	898,00
2.6.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	— 3 282,00
2.7.	Afriðill	— 730,00
2.8.	Tengipúlt	— 926,00
2.9.	Fyrir ritsímataeki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.	
2.10.	Fyrir ICAO ritsímataeki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.3. vegna utanbæjarferða fellur niður.	
2.11.	Fyrir ritsímataeki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.	

3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

3.1.	Milli húsa á svæði sömu símstöðvar	— 2 608,00
3.2.	Innanhúss	— 1 319,00
3.3.	Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar	— 3 932,00

4. Gjald fyrir telexritanir.

- 4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 0,91 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 2,28 á mínútu.
- 4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

VII. KAFLI

Modem fyrir datasendingar.

Modem eru sett upp gegn greiðslu kostnaðarverðs á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði og rekstrargjaldi, sem er 2.2% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi. Viðhald utan dagvinnutíma, sé þess óskað, greiðist sérstaklega.

Uppsetningarkostnaður ásamt tilheyrandi lögnum greiðist samkvæmt reikningi (efni og vinnu). Ferðakostnaður vegna uppsetninga og viðhalds greiðist samkvæmt reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu modema, sem eru í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni. Upplýsingar um endurkaupsverð modema fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Greiða skal $\frac{1}{3}$ hluta áætlaðs kostnaðarverðs, þegar modem er pantað, $\frac{1}{3}$ þegar modemið kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.

VIII. KAFLI

Sambönd og línur.**1. Stofngjald.**

Ef unnt er að láta innanbæjarlínu á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt tvöfaldri ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar tvöfaldri ársleigu fyrir 1 km. Stofngjöld fyrir línur milli gjaldsvæða ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Viðbótarstofngjald fyrir datasamband ef lína er bætt fyrir sendingarhraða 2 400 bits/sek. eða meira, er kr. 11 315,00.

2. Afnotagjald.

- 2.1. Viðskiptagjald. Þetta gjald er tekið fyrir sambönd, sem Póst- og símamálastofnunin samþykkir að leigja notanda fyrir símaviðskipti, (þ. m. t. tal og dataviðskipti) og miðast gjaldið við 72 þúsund mínútna notkun á ári samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli hlutaðeigandi símamiðstöðva. Póst- og símamálastofnunin veitir afslátt á viðskiptagjöldum eftir því hver notkunin er, sbr. eftirfarandi.
 - 2.1.1. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði skal nota margföldunarstuðul 0,694.
 - 2.1.2. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,555.
 - 2.1.3. Fyrir samband í fjölsímakerfi milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum, sem er notað eingöngu fyrir gæslu- og öryggismál en ekki fyrir venjuleg símaviðskipti skal nota margföldunarstuðul 0,347. Þar að auki er veittur 30% afsláttur, ef sambandið er eingöngu í aðra áttina. Fyrir sams konar samband, sem ekki er komið á með fjölsímakerfi, vísast til 2.2.
 - 2.1.4. Fyrir ritsímarás milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,167.
 - 2.1.5. Fyrir samband þar sem sami notandi fær aðgang að rás á fleiri en tveimur stöðum, en þó að þannig að rásin beri aðeins eina sendingu í einu, gildi eftirfarandi gjöld enda gefi uppbygging símakerfisins kost á beinni tengingu viðkomandi staða:
 - 2.1.5.1. Þegar einungis er um að ræða tvö gjaldsvæði greiðist viðskiptagjald samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á og km-gjald milli þeirra staða innan gjaldsvæðis, þar sem notandi fær aðgang að rásinni.

- 2.1.5.2. Þegar um fleiri en tvö gjaldsvæði er að ræða er viðskiptagjald miðað við þá staði, sem hæst gjald er á milli og greiðist samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á. Fyrir hvern aðgangsmöguleika notanda að rásinni á mismunandi gjaldsvæðum á leiðinni greiðist viðtengingargjald, sem er 12.5% ofan á viðskiptagjaldið. Ef endakaflar rásarinnar eru innan sama gjaldsvæðis reiknast þeir samkvæmt kílómetragjaldi.
- 2.1.5.3. Þegar um afgreiningu frá rás er að ræða, er litið á hana eins og um aðskilda rás væri að ræða og gjöld fyrir hana reiknuð frá afgreiningarstað á sama hátt og í 2.1.5.1. og 2.1.5.2, en með 50% afslætti.
- 2.2. Innan hvers gjaldsvæðis er afnotagjald reiknað sem leiga á km (gjaldið reiknast í 500 m þrepum). Sama gildir um samband milli gjaldsvæða, þegar sambandi er ekki komið á með fjölsímakerfi og um er að ræða samband fyrir gæslu — og öryggismál. Á ársfjórðungi er afnotagjaldið:
- | | | |
|--------|---|------------|
| 2.2.1. | Fyrir 2 víra tallínu í notendakerfi | kr. 164,00 |
| | Fyrir 4 víra tallínu í notendakerfi | kr. 263,00 |
| 2.2.2. | Fyrir 2 víra datalínu í notendakerfi | kr. 208,00 |
| | Fyrir 4 víra datalínu í notendakerfi | kr. 332,00 |
| 2.2.3. | Fyrir 2 víra tallínu í langlínakerfi | kr. 232,00 |
| | Fyrir 4 víra tallínu í langlínakerfi | kr. 371,00 |
| 2.2.4. | Fyrir 2 víra datalínu í langlínakerfi | kr. 293,00 |
| | Fyrir 4 víra datalínu í langlínakerfi | kr. 469,00 |
| 2.2.5. | Fyrir ritsímarás í tónritsíma | kr. 87,00 |
- 2.2.6. Skemmstur leigutími fyrir framangreindar línur er 6 mánuðir. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og er gagnkvæmur. Leiga til annarrar notkunar en getið er að ofan ákvarðast af Póst- og símamálastofnunni hverju sinni.

3. Leigur í stuttan tíma.

- 3.1. Eftirfarandi afnotagjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ. e. a. s. í allt að 6 mánuði. Stofngjöld eru ekki tekin fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.
- 3.1.1. Fyrir línur milli gjaldsvæða. Fundið skal notkunargjald á dag með því að deila 360 upp í árgjald á viðkomandi leið. Dagafjöldi ákveðst með því að deila í fjölda klukkustunda með 24, hækka upp í næstu heilu tölu og bæta 3 dögum við vegna undirbúnings- og tengingarvinnu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda.
- 3.1.2. Fyrir línur innan sama gjaldsvæðis. Fundið skal notkunargjald á dag með því að deila með 20 í ársfjórðungsgjaldið, sem gildir fyrir viðkomandi línu. Dagafjöldi ákveðst með því að deila í fjölda klukkustunda með 24, hækka upp í næstu heila tölu og bæta við 15 dögum vegna undirbúnings- og tengingarvinnu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda.

IX. KAFLI

Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

X. KAFLI

Skrásetning símnafna.

Fyrir skrásetningu símnafna greiðast kr. 215,00 á ári. Sé sama símnafni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 43,00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

XI. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri (í aðalstöðvum og einkastöðvum) eitt eintak af hverju útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 56,00. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukantendur að sama síma, ber að greiða kr. 107,00 fyrir hvern aukantanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur Póst- og símamálastofnunin heimilað það gegn 104,00 króna gjaldi sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutadeigandi hafi rétt til að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

3.1. Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 101,00
3.2. Aukanafn í skrá	— 107,00
3.3. Aukalína í skrá, hver lína	— 56,00
3.4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 101,00 + 107,00	— 208,00

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 107,00 sem aukanafn.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamál-

astofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu lettri í einn flokk skrárinnar. Auka-símnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 56,00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu lettri, kostar það kr. 101,00. Auglýsingalína kostar kr. 56,00.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XII. KAFLI

Radíótæki og þjónusta um radióstöðvar.

1. Radióeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

1.1.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar m. a. fyrir þjónustu við bifreiðar).	
1.1.1.	Leyfisbréfastgjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	kr. 261,00
1.1.2.	Árlegt eftirlitsgjald senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött	— 575,00
1.1.3.	Leyfisbréfastgjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	— 124,00
1.1.4.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna	— 379,00
1.2.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.	
1.2.1.	Leyfisbréfastgjald (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	— 124,00
1.2.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sértíðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir	— 157,00
1.3.	Fyrir almenningstalstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.	
1.3.1.	Starfsleyfi (gildir í 5 ár)	— 286,00
1.3.2.	Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi	— 230,00
1.3.3.	Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár)	— 194,00
	Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi	— 135,00
1.3.4.	Leyfisbréfastgjald fyrir stöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna	— 194,00
1.4.	Önnur gjöld.	
1.4.1.	Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	— 244,00
1.4.2.	Leyfisbréf nýliða vegna amatorsstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár) og bráðabirgðaleyfi erlendra amatöra	— 124,00
1.4.3.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum	— 104,00
1.4.4.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	— 56,00
1.4.5.	Fyrir skírteini loftskýtamanns	— 202,00
1.4.6.	Fyrir skírteini talstöðvarvarðar	— 101,00
1.4.7.	Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	— 135,00
1.4.8.	Innsigliðgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	— 269,00

- 1.4.9. Leyfisbréf (gildir í 4 ár) fyrir endurvarpsstöðvar fyrir sjónvarp með sendiafl minna en 100 milliwött, settar upp með heimild Ríkisútvarpsins — 201,00

2. Gjöld fyrir tegundaprófun.

- 2.1. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0,5 watt kr. 1 940,00
 2.2. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl 0.5 watt eða minna — 970,00
 2.3. Gjald fyrir tegundaprófun á radiótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi.
 2.4. Innflutningur erlendra radiótækja, þar á meðal talstöðva, er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning að ræða á tæki eða talstöð, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort tækið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru.
 2.5. Innflytjandi, sem flytur inn radiótæki í fyrsta sinn, fær áritun Póst- og símamálastofnunarinnar á tollskjöl, en ber síðan að afhenda tækið í prófun. Með tækinu skal fylgja handbók, sem í eru allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið og notkun þess. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva greiðist fyrir fram.
 2.6. Að lokinni prófun skilar Póst- og símamálastofnunin niðurstöðum til innflytjanda.

3. Viðskiptagjöld.

- 3.1. Radiósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.
 3.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3 hér að framan.
 3.3. Viðskiptagjöld vegna radióstöðva í verstöðvum.
Vegna radióstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:
 Fyrir 1—5 báta kr. 56,00
 Fyrir 6—15 báta — 104,00
 Fyrir 16—30 báta — 146,00
 Fyrir 31 bát og fleiri — 194,00
 Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.
 3.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 101,00 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.
 3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.
 3.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 194,00.
 3.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í síma-kerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 28,10.

4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	kr. 104,00
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	— 154,00
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	— 208,00
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	— 278,00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strand-arstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

5. Sölu- og leigukjör á radiótækjum.

Fyrir þau radiótæki, sem Póst- og símamálastofnunin framleiðir, gilda eftirfarandi sölu- og leigukjör:

Gerð	Tæki	Söluverð eða stofnverð (Ný tæki) kr.	Leigukjör Afgreiðslugj. kr.	Ársleiga kr.
5.1.	FF — 3 Talsendir/viðtæki		2 742,00	556,00
5.2.	FF — 5 Talsendir/viðtæki		2 742,00	803,00
5.3.	FF —10 Talsendir/viðtæki		2 150,00	556,00
5.4.	FVT—20 Talsendir/viðtæki		1 985,00	556,00
5.5.	FVT—30 Talsendir/viðtæki		2 150,00	590,00
5.6.	FVT—40 Talsendir/viðtæki		3 374,00	887,00
5.7.	FT Talsendir		3 158,00	887,00
5.8.	VFT Viðtæki	7 411,00	1 013,00	443,00
5.9.	VKT Viðtæki	4 633,00	634,00	275,00
5.10.	VKT—74 Viðtæki	2 933,00	400,00	177,00
5.11.	VTS—12	8 030,00	1 098,00	574,00

Notuð viðtæki í leigu fást einnig keypt, og er þá veittur 6% afsláttur frá nývirði tækisins fyrir hvert ár, sem það hefur verið í notkun. Þó skal söluverð slíkra tækja ekki vera lægra en 40% af nývirði.

Leigugjöld, sem tiltekin eru í lið 5.1 til 5.7 að ofan, gilda einungis um talsenda, sem settir voru upp fyrir 1. janúar 1973. Uppsetning senda af ofangreindum tegundum, sem senda út á báðum hliðarbondum burðarbylgju, er ekki lengur leyfð samkvæmt alþjóðasamþykkt.

6. Radiótæki á leigu.

- 6.1. Fram að 1. janúar 1973 leigði Póst- og símamálastofnunin notendum talsenda ásamt viðtækjum. Nýuppsetning senda af þeim tegundum, sem notaðar voru í þessu skyni eru ekki leyfðar eftir 1. jan. 1982, en þess í stað skal nota einhliðarbandstæki (SSB), sem Póst- og símamálastofnunin leigir ekki út, en hefur eingöngu til sölu. Allar leigutalstöðvar nema þær, sem eingöngu eru notaðar á tíðninni 2182 KHz, verða nú kallaðar inn. Fyrir hinar síðastnefndu og önnur radiótæki, sem stofnunin leigir út, skulu gilda eftirfarandi reglur:
- 6.2. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða á tækjunum, er stafar af slæmri meðferð og vanhirdu þeirra, meðan þau voru í vörslu leigutaka, ber honum að greiða samkvæmt mati við afhendingu eftir leigu.
- 6.3. Leigutaki ber allan viðhaldskostnað á tækjunum, meðan þau eru í hans vörslu, og skal hann greiddur samkvæmt reikningi.

- 6.4. Öll radiótæki á leigu frá Póst- og símamálastofnuninni skulu vera váttrygð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni, og á Póst- og símamálastofnunin beinan rétt til váttryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastofnunin annast váttryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflugningaskipum stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast váttryggingu tækjanna í þeim skipum. Váttryggingariðgjöld fyrir tæki, sem Póst- og símamálastofnunin annast váttryggingu á, skal leigutaki greiða Póst- og símamálastofnuninni samtímis með leigu, og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.
- 6.5. Leiga og váttryggingariðgjald fyrir talsenda/viðtæki greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár.
- 6.6. Ef nýr eigandi verður að farartæki, sem talsendir/viðtæki er í og óskar að verða leigutaki að þeim, skal hann greiða viðtökugjald, sem er helmingur afgreiðslugjalds sbr. grein 1 í þessum kafla.
- 6.7. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar þar til uppsagnarfrestur er liðinn.
- 6.8. Séu ársleiga, váttryggingariðgjöld og viðskiptagjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá framvísun reiknings, getur Póst- og símamálastofnunin:
- 6.8.1. Innsiglað radiótækin, þó þannig að nota megi tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsiglun, getur Póst- og símamálastofnunin tekið hin leigðu tæki í sína vörslu.
- 6.8.2. Ef um ólögboðin tæki er að ræða, getur stofnunin tekið þau í sína vörslu á undan-genginnar innsiglunar.
- Sama gildir, ef reikningur fyrir uppsetningu og viðgerðir á radióbúnaði, sem framkvæmdar eru af Póst- og símamálastofnuninni eru ekki greiddar innan eins mánaðar frá framvísun reiknings.
- Fyrir enduroppun innsiglis greiðist innsiglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opunar innsiglis greiði leigutaki, auk innsiglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó aldrei lægri en lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd radiótækja- og viðskiptagjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila, að viðlagðri lokun símans.
- 6.9. Póst- og símamálastofnunin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu radióstöðva á millibylgju á afskekktum bæjum, og þá til viðskipta við ákveðnar símstöðvar. Gjöld fyrir slíka notkun eru samkvæmt gjaldskrá um sveitasíma.

7. Almenn ákvæði.

- 7.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radiótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.
- 7.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radiótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.
- 7.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé

Þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radiótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálf eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

- 7.4. Þeim, sem leyfi fá fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
- 7.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrir mælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá Póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.
- 7.6. Radióeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.
- 7.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.
- 7.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.
- 7.9. Hafi áfallin gjöld vegna radiótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfalli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutadeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
- 7.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsigliðgjald, áður en endurofnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsiglunar greiðir leyfishafi.
- 7.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
- 7.12. Innflutningur erlendra radiótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.
- 7.13. Leyfi til starfrækslu radióstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnun leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.
- 7.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

- 7.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radiótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótæki.

8. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

- 8.1. Póst- og símamálastofnunin starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarastöðvar. Enn fremur veitir Póst- og símamálastofnunin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.
- 8.2. Ekki er heimiilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.
- 8.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.
- 8.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af Póst- og símamálastofnuninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.
- 8.5. Skylt er að halda sérstaka radió-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.
- 8.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa, og má ekki í slíku tilfalli loka stöðvunum, fyrir en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.
- 8.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.
- 8.8. Viðskiptagjöld landfarastöðva eru tilgreind í grein 3.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

XIII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

- 1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{5}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.
Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.
Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).
- 1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símstjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIV. KAFLI.

1. Almennir skilmálar.

- 1.1. Frádráttur vegna eldri búnaðar, sem Póst- og símamálastofnunin kann að endurkaupa.
- a) Sjálfvirkar einkasímstöðvar afskrifast á 10 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aldur stöðva, ár	0—1	1—2	2—3	3—4	4—5	5—10
Frádráttur, %	80	60	40	30	20	10

- b) Telex- og fjarritvélar, modem, handvirkar einkasímstöðvar og talfærakerfi afskrifast á 8 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aldur, búnaður, ár	0—1	1—2	2—3	3—5	5—8
Frádráttur, %	80	60	40	20	10

- c) Ef nýr búnaður samkv. a) og b) er settur upp í stað eldri búnaðar, er endurgreiðsla af kostnaðarverði eldri búnaðarins reiknuð út frá gildandi kostnaðarverði samkvæmt töflum í a) og b), og kemur sú upphæð til frádráttar kostnaðarverði nýja búnaðarins. Ef ádurnefndur frádráttur er hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, skal umreikna hann miðað við upprunalegt kostnaðarverð og sé hann enn hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, endurgreiðir Póst- og símamálastofnunin þann mismun (sbr. d.).
- d) Ef búnaði samkv. a) og b) er sagt upp, án þess að nýr búnaður komi í staðinn, er endurgreiðsla samkv. c) miðuð við upprunalegt kostnaðarverð.
- 1.2. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukid samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn. Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símsstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.
- 1.3. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslausu að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
- 1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.
- 1.5. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.
- 1.6. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í sambandi við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsgöðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.
- 1.7. Bili símabúnaður, ber þegar í stað að tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur á viðgerð símans má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
- 1.8. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.
- 1.9. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi

- fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.
- 1.10. Hægt er að fá síma geymdan í umsaminn tíma og er þá heimilt að veita 25% afslátt af afnotagjaldi og fella niður atvinnusímaálag, ef það á við.
 - 1.11. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka sínum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
 - 1.12. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.
 - 1.13. Verðskrá sú er póst- og símamálastjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarskiptavélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.
 - 1.14. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður réttihafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.
- 2.2. Eindagi síma- og radiógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 135,00 og hærrí. Innheimt verður gjald, krónur 57,00 fyrir lokun og enduröpunun talsímasambands. Séu síma- og/eða radiógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlöð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símtæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann tilkynna það skriflega hlutaðeigandi stöðvarstjóra, sem lætur því næst framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. febrúar 1983. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. febrúar 1983 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 63 28. október 1983.

Samgönguráðuneytið, 28. janúar 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um afgreiðslutíma lyfjabúða.

I. KAFLI

Afgreiðslutími lyfjabúða í Reykjavík.

1. gr.

Lyfjabúðir í Reykjavík skulu vera opnar sem hér segir:

1.1. Almennur afgreiðslutími skal vera:

Mánudaga—föstudaga kl. 9—18
 Í desember er lyfjabúðum heimilt að hafa opið umfram almennan afgreiðslutíma á sama hátt og almennar verslanir.

1.2. Auk framangreinds afgreiðslutíma skulu tvær lyfjabúðir vera opnar saman eina viku í senn þannig:

Mánudaga—föstudaga kl. 18—22
 Laugardaga kl. 9—22
 Aðfangadag jóla og gamlársgdag kl. 9—12

1.3. Á helgidögum og almennum frídögum skal aðeins ein lyfjabúð vera opin á tímabilinu 10—22.

1.4. Næturvarsla skal vera í einni lyfjabúð þannig:

Mánudaga—föstudaga kl. 22— 9 næsta morgun
 Laugardaga kl. 22—10 næsta morgun
 Helgidaga og almenna frídaga kl. 22— 9 næsta morgun
 Aðfangadag og gamlársgdag kl. 12—10 næsta morgun

1.5. Árbæjar Apótek tekur hvorki þátt í vörslu á helgidögum, almennum frídögum né kvöld- og næturvörslu. Hins vegar skal það opið á laugardögum kl. 9—12.

2. gr.

Nánari reglur um skiptingu afgreiðslutíma milli lyfjabúða skv. 1. gr. setur ráðuneytið að fengnum tillögum Apótekarafélags Íslands, er þurfa þykir.

II. KAFLI

Afgreiðslutími lyfjabúða utan Reykjavíkur.

3. gr.

Almennur afgreiðslutími lyfjabúða utan Reykjavíkur skal vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga kl. 9—18
 Laugardaga kl. 9—12
 Aðfangadag og gamlársgdag kl. 9—12

Í desember er lyfjabúðum heimilt að hafa opið umfram almennan afgreiðslutíma á sama hátt og almennar verslanir.

4. gr.

Ef sérstakar ástæður mæla með því og lækna á viðkomandi stað eru samþykkir er heimilt að haga almennum afgreiðslutíma á annan hátt en um getur í 3. gr.

5. gr.

Eftirtaldar lyfjabúðir skulu vera opnar til afgreiðslu umfram hinn almenna afgreiðslutíma skv. nánari ákvörðun ráðuneytisins:

Akranness Apótek.	Apótek Norðurbæjar, Hafnarfirði.
Akureyrar Apótek.	Kópavogs Apótek.
Apótek Keflavíkur.	Stjörnu Apótek.
Hafnarfjarðar Apótek.	Apótek Vestmannaeyja.

6. gr.

Á hinum almenna afgreiðslutíma er eftirtöldum lyfjabúðum heimilt að loka í hádegi allt að eina og hálf klukkustund:

Mosfells Apótek.	Húsavíkur Apótek.
Borgarness Apótek.	Egilsstaða Apótek.
Stykkishólms Apótek.	Apótek Austurlands, Seyðisfirði.
Patreks Apótek.	Nes Apótek, Neskaupstað.
Ísafjarðar Apótek.	Hafnar Apótek.
Apótek Blönduóss.	Apótek Vestmannaeyja.
Sauðárkróks Apótek.	Rangár Apótek.
Siglufjarðar Apótek.	Ölfus Apótek.
Dalvíkur Apótek.	

7. gr.

Lyfjabúðir á Akureyri skulu annast neyðarvakt (kallvakt) að næturlagi til skiptis, eina viku í senn.

8. gr.

Lyfjabúðir skv. 5. og 6. gr. skulu afhenda lækni (vaktlækni) nauðsynlegan forða lyfja til notkunar í bráðri nauðsyn utan afgreiðslutíma viðkomandi lyfjabúðar.

9. gr.

Ráðuneytið gefur út auglýsingu um afgreiðslutíma lyfjabúða á hverjum einstökum stað skv. reglugerð þessari. Viðkomandi lyfsali sækir um það skriflega til ráðuneytisins, ef hann óskar að njóta heimildar 4. og 6. gr. og skal hann jafnframt afla þeirra gagna sem nauðsynleg eru að mati ráðuneytisins skv. 4. gr.

III. KAFLI.

Almenn ákvæði og gildistaka.

10. gr.

Ef farsóttir ganga getur ráðuneytið mælt svo fyrir samkvæmt tillögum landlæknis og að höfðu samráði við Apótekarafélag Íslands að fjölgað verði afgreiðslutímum skv. 1. og 5. gr. og aukið starfslíð eftir þörfum.

11. gr.

Taka skal sérstakt afgreiðslugjald (söluskattur innifalinn), er sé sama upphæð og afhendingargjald lyfseðilsskyldra lyfja skv. lyfjaverðskrá II, eins og það er hverju sinni, fyrir

að afgreiða hvern einstakling á næturvörslu í Reykjavík (þ. e. á tímabilinu kl. 22—9 eða 10 eftir því sem við á), en annars staðar utan almenns opnunartíma, sbr. 3. gr.

Gjald þetta má ekki innheimta, þegar um er að ræða afgreiðslu samkvæmt lyfseðli, sem greinilega er auðkenndur þannig, að hann skuli afgreiða þegar í stað og í næturvörslu (t. d. nocte).

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 20. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76 21. maí 1982, öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt falla úr gildi reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða í Reykjavík nr. 166/1972 með síðari breytingu nr. 611/1981 og reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. janúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 519 14. desember 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

1. gr.

Fyrri málsg. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ráðuneytið skipar samstarfsnefnd um framkvæmd gjaldeyrismála, er skipuð skal fimm mönnum, formanni, sem sé fulltrúi ráðuneytisins, fulltrúa Seðlabankans og einum fulltrúa frá hverjum gjaldeyrisviðskiptabanka. Skal kostnaður af starfi nefndarinnar greiddur af leyfisgjöldum, sbr. 5. gr. Starfsemin er undir yfirstjórn ráðuneytisins.

2. gr.

20. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í lánanefnd eiga sæti 8 fulltrúar tilnefndir af viðskiptaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, Seðlbankanum, gjaldeyrisviðskiptabönkum, Framkvæmdastofnun ríkisins og Þjóðhagsstofnun. Formaður nefndarinnar er fulltrúi viðskiptaráðuneytisins, en umsóknir um lántökuheimildir skulu sendar viðskiptaráðuneytinu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett skv. lögum nr. 63 31. maí 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og lögum nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 18. janúar 1983.

Tómas Árnason.

Þórhallur Ásgeirsson.

SAMÞYKKT

um notkun og hreinsun rotþróa í Mosfellshreppi.

1. gr.

Sérhver húseign í Mosfellshreppi sem ekki tengist frárennsliskerfi hreppsins skal vera tengd rotþró af nægjanlegri stærð. Skal slík rotþró og staðsetning hennar viðurkennd af heilbrigðisfulltrúa.

2. gr.

Árlega skal fara fram tæming og hreinsun allra rotþróa skv. nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

3. gr.

Hreinsun skal unnin á vegum Mosfellshrepps og skal heilbrigðisfulltrúi hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd og heilbrigðisfulltrúi gera tillögur um verktilhögun og annað er skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist.

4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu skal sérhver húseigandi greiða gjald skv. sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og skal gjald þetta innheimt með fasteignagjöldum eins og önnur holræsagjöld til Mosfellshrepps. Skal gjald þetta vera jafnt álögðu holræsagjaldi eins og það er á hverjum tíma en þó skal heimilt að innheimta aukagjald af þeim húseignum, þar sem óeðlilega mikinn kostnað er að ræða við tæmingu og hreinsun þó aldrei meira en nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

5. gr.

Rotþrær við sumarbústaði skal hreinsa svo oft sem þörf er á til að þær þjóni tilgangi sínum, og er eigendum bústaða skylt að sjá um slíka hreinsun. Heilbrigðisfulltrúi getur krafist hreinsunar ef þörf er á að hans mati á kostnað eiganda. Með brot gegn samþykkt þessari, valdsvið, þvingunarúrræði, málsferð, úrskurði og viðurlög fer skv. lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

6. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Mosfellshrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. janúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá rafveitna frá og með 1. febrúar 1983:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 738, 22. nóvember 1982. Innleitt verði fastagjald á liði A.2, C.2 og C.3 að upphæð 1 580,00 kr/a. Jafnframt verði felld niður mælis- og liðaleiga á liðum C.2 og C.3 og lágmarksgjald á lið A.2. Allir taxtar hækki um	21,3%
Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 739, 30. nóvember 1983. Allir taxtar hækki um	21,3%
Gjaldskrá Rafveitu Akraness, nr. 740, 30. nóvember 1982. Allir taxtar hækki um	22,2%
Gjaldskrá Rafveitu Borgarness, nr. 741, 30. nóvember 1982. Allir taxtar hækki um	23,7%
Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 743, 30. nóvember 1982. Allir taxtar hækki um	21,8%
að undanskildum töxtum a1 sem verði jafn taxa b1 og c1 sem hækki um ...	13,9%
Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 745, 30. nóvember 1982. Allir taxtar hækki um	23,7%
Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 746, 30. nóvember 1982. Allir taxtar hækki um	22,3%
Gjaldskrá Rafveitu Selfoss, nr. 749, 30. nóvember 1982. Allir taxtar hækki um	24,5%
Gjaldskrá rafveitna Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis, nr. 750, 30. nóvember 1982. Allir taxtar hækki um	24,5%
Gjaldskrá Rafveitu Grindavíkur, nr. 751, 30. nóvember 1982. Allir taxtar hækki um	23,1%
Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps, nr. 752, 30. nóvember 1982. Allir taxtar hækki um	23,1%
Gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps, nr. 753, 30. nóvember 1982. Allir taxtar hækki um	23,1%
Gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur, nr. 754, 30. nóvember 1982. Allir taxtar hækki um	23,1%
Gjaldskrá Rafveitu Njarðvíkur, nr. 755, 30. nóvember 1982. Allir taxtar hækki um	23,1%
Gjaldskrá Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar, nr. 756, 30. nóvember 1982. Allir taxtar hækki um	23,1%

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskráum hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á auglýsingum um breytingu á gildandi gjaldskráum hitaveitna, er gildi frá og með 1. febrúar 1983:

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 709, 30. nóvember 1982, hækki um	18,5%
Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 710, 30. nóvember 1982, hækki um	20,0%

Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977, með síðari breytingum, hækki um	18,5%
Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Bessastaðahrepps, nr. 428 14. ágúst 1980 með síðari breytingum, hækki um	11,3%
Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 581 12. nóvember 1980, með síðari breytingum hækki um	25,5%
Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykhólahrepps, nr. 130 29. janúar 1980, með síðari breytingum, hækki um	30,0%
Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 387 27. desember 1973, með síðari breytingum, hækki um	20,0%
Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977, með síðari breytingum, hækki um	20,0%
Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Saudárkróks nr. 113 3. apríl 1973, með síðari breytingum, hækki um	13,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 720, 30. nóvember 1982, hækki um	11,3%
Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 368 5. ágúst 1975, með síðari breytingum, hækki um	12,0%
Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember 1970, með síðari breytingum. Vatnsgjald hækki um	15,8%
Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973, með síðari breytingum, hækki um	22,0%
Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 393 3. nóvember 1977, með síðari breytingum, hækki um	33,6%
Gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur, nr. 726, 30. nóvember 1982, hækki um	11,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar, nr. 727, 30. nóvember 1982, hækki um	20,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella, nr. 728, 30. nóvember 1982, hækki um	18,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Rangæinga, nr. 632, 25. nóvember 1982, hækki um	11,3%
Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fjarhitunar Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979 með síðari breytingum. Vatnsnotkunargjöld hækki um	20,0%
Öll önnur gjöld hækki um	11,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Eyra, nr. 733, 30. nóvember 1982, hækki um	11,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, nr. 734, 30. nóvember 1982, hækki um	15,0%
Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar nr. 736 30. nóvember 1982, með síðari breytingum, hækki um	11,3%
Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 737 30. nóvember 1982, með síðari breytingum, hækki um	31,3%

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Rafveitu Siglufjarðar, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Vestmannaeyja, Hitaveitu Seyðisfjarðar og Hitaveitu Hafnarhrepps.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66, 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða frá og með 1. febrúar 1983:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 757, 30. nóvember 1982:

Allir taxtar, að undanskildum töxtum A5, c1 og c2 hækki um	21,3%
Taxti A5. Markmæling. Orkugjald verði	kr. 0,44/kWh
Taxti c1. Hitun íbúðarhúsnæðis. Orkugjald verði	kr. 0,58/kWh
Taxti c2. Hitun íbúðarhúsnæðis. Orkugjald verði	kr. 0,41/kWh

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 742, 30. nóvember 1982.

Allir taxtar, að undanskildum töxtum B. Heimili. Markmæling og D. húshitun. Íbúðarhúsnæði, taxtar 4.1, 4.2, 4.3, 4.4 og 4.6 svo og taxti 8.3 heimtaugagjöld í þéttbýli hækki um	21,3%
B. Heimili. Markmæling, liður 2.2 Orkugjald af allri notkun verði	kr. 0,44kWh
D. Húshitun. Íbúðarhúsnæði.	
Taxti 4.1 orkugjald, verði	kr. 1,90/kWh
Taxti 4.2 orkugjald, verði	kr. 1,46/kWh
Taxti 4.3 orkugjald, verði	kr. 0,58/kWh
Taxti 4.4 orkugjald, verði	kr. 0,17/kWh
Taxti 4.6 næturhitun, orkugjald, verði	kr. 0,32/kWh
Taxti 8.3 heimtaugagjöld í þéttbýli hækki um	11,3%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 496, 18. ágúst 1982.

Allir taxtar, að undanskildu gjaldi samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins fyrir íbúðarhúsnæði, hækki um	21,3%
Orkugjald samkvæmt 1. mgr. 3. gr. verði	kr. 0,52/kWh

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafveitu Siglufjarðar, Rafveitu Reyðarfjarðar og Rafveitu Vestmannaeyja, frá og með 1. febrúar 1983:

Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 744 30. nóvember 1982.

Allir taxtar, að undanskildum taxa 4.1 orka til húshitunar, hækki um	21,3%
Taxti 4.1, orka til húshitunar, verði	kr. 0,67/kWh

Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar, nr. 747 30. nóvember 1982.

Allir taxtar, að undanskildum taxa 4.2, orkugjald og 4.3, orkugjald (næturhitun), hækki um	26,5%
Taxti 4.2, orkugjald, verði	kr. 0,62/kWh
Taxti 4.3, orkugjald (næturhitun), verði	kr. 0,32/kWh

Rafveita Vestmannaeyja, nr. 748 30. nóvember 1982.

Allir taxtar, að undanskildum taxta D1, orkugjald (húshitun) C2 og F5, hækki um	22,2%
Taxti D1 verði	kr. 0,65/kWh
Taxtar C2 og F5, hækki um	29,0%

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá hitaveitu Seyðisfjarðar og Hitaveitu Hafnarhrepps, frá og með 1. febrúar 1983:

Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 729, 30. nóvember 1982.

Allir taxtar að undanskildum töxtum í 3. gr. hækki um	21,3%
Taxtar samkvæmt 3. gr. verði:	
Samkvæmt orkumæli	kr. 0,54/kWh
og jafnframt samkv. vatnsmæli	kr. 5,18/m ³
Gjald fyrir hvern rúmmetra	kr. 39,40/m ³

Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps, nr. 730 30. nóvember 1982.

Allir taxtar að undanskildum töxtum í 3. gr. hækki um	21,3%
Taxtar samkv. 3. gr. verði:	
Taxti I hækki um	21,3%
Taxti II verði:	
fyrir hverja kWh	kr. 0,42/kWh
fyrir hvern rúmmetra vatns	kr. 5,65/m ³
Fyrir vatnsmælingu eingöngu:	
hver rúmmetri vatns verði	kr. 35,00/m ³

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um Olíusjóð fiskiskipa.

1. gr.

Olíusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á gas- og svartolíu til íslenskra fiskiskipa á árinu 1983.

2. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast stjórn og gæslu sjóðsins og sjá um greiðslu úr honum.

3. gr.

Niðurgreiðsla olíuverðs skal vera 35% af útsöluverði eins og það er ákveðið af verðlagsnefnd hverju sinni á tímabilinu.

4. gr.

Niðurgreiðsla á olíu skal bundin við það að olía sé afgreidd um borð í fiskiskip hér á landi.

5. gr.

Olíusjóður fiskiskipa skal greiða olíufélögunum jafngildi niðurgreiðslna sbr. 3. gr., enda láti olíufélögin sjóðnum í té afrit af sölunótum staðfestum af móttakanda, þar sem greint sé frá nafni og númeri skips, afhendingartíma, magni og tegund olíu.

Miðað skal við að uppgjör til olíufélaganna fari fram hálfsmánaðarlega.

6. gr.

„Fiskiskip“ merkir í reglugerð þessari sérhvertt það skip sem gert er út til fiskveiða í atvinnuskyni og skráð er hjá Siglingamálastofnun ríkisins.

7. gr.

Olíufélögin skulu láta Seðlabankanum í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til eftirlits með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt.

8. gr.

Skipstjórum eða útgerðarmönnum íslenskra fiskiskipa, sem fá keypta olíu á niðurgreiddu verði samkvæmt 3. gr., er skylt að halda til haga afritum af sölunótum og láta þau af hendi við Seðlabankann verði þess krafist. Seðlabankinn skal velja af handahófi einstök fiskiskip til athugunar á því hvort olíukaup þeirra séu með eðlilegum hætti samkvæmt reglugerðinni.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða missi niðurgreiðsluréttinda eftir ákvörðun ráðuneytisins, auk viðurlaga samkvæmt almennum hegningarlögum, eftir því sem við á. Hver sá maður, sem veitir liðsinni sitt til slíkra brota skal einnig sæta viðurlögum almennra hegningarlaga.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 1 11. febrúar 1983, um Olúsjóð fiskiskipa, olúgjald o. fl., til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. febrúar 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kjartan Júlíusson.

20. janúar 1983

83

Nr. 37

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Reyðarfjarðarkauptúni.

1. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Reyðarfjarðarkauptúni án sérstaks leyfis sveitarstjórnar. Með búfjárhaldi er átt við nautgripa-, sauðfjár-, svína-, alifugla- og hrossahald.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru sem máli kann að skipta.

3. gr.

Telji sveitarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið og veita það í ákveðinn tíma. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar samkvæmt reglugerð þessari skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið að greitt skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip sem leyfi er veitt fyrir eða ákveða upphæð fyrir hvert leyfi.

6. gr.

Eigandi búfjár skal samkvæmt reglugerð þessari, hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni sem það kann að valda.

7. gr.

Sveitarstjórn skal hafa búfjárhelda girðingu umhverfis íbúðabyggð í Reyðarfjarðarkauptúni og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka. Stefnt skal skipulega að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu.

8. gr.

Enginn má halda búfé nema hann hafi yfir það hús, sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu á sumrin og fóður á veturna, svo og allri meðferð búfjárins.

9. gr.

Halda skal skrá yfir leigð lönd. Leitast skal við að taka til greina tillögur þeirra búfjáreigendafélaga, sem starfandi eru, um leigu á löndum og miða að því að jafna aðstöðu búfjáreigenda.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Reyðarfjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. janúar 1983.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983:

	U.S. \$ pr. lbs. cif.
Lausfrystur hörpudiskur	3,20
Blokkfrystur hörpudiskur	3,00
Rauður hörpudiskur	1,77

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. janúar 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

SAMÞYKKT

um sorpheimtu í Hveragerði.

1. gr.

Hveragerðishreppur sér um að flytja reglulega sorp og úrgang frá íbúðarhúsnæði og opinberum þjónustubyggingum innan skipulagðra svæða í Hveragerði á kostnað sveitar-sjóðs, sbr. þó 5. gr. Flutning sorps og úrgangs frá atvinnuhúsnæði og húsnæði utan skipulagðra svæða annast húseigendur sjálfir á sinn kostnað nema annað sé sérstaklega ákveðið af hreppsnefnd.

2. gr.

Sorp, sem fellur til daglega skal setja í sérstakt sorpílát, sem húseigendur kaupa.

Notað skal pokakerfi og skal pokum komið fyrir í sérstökum grindum eða kössum sem húseigendur leggja til og standa undir kostnaði við. Lok skulu vera á öllum sorpílátum nema þar sem grindur eru undir sorprenum.

Um gerð, frágang og staðsetningu sorpgeymslna, sorpgrinda, sorpkassa og sorpkista skal farið að fyrirmælum byggingafulltrúa og bygginganefndar annars vegar og heilbrigðisfulltrúa heilbrigðisnefndar hins vegar.

Húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum, sorpgrindum, sorpkössum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

3. gr.

Húseiganda ber að sjá um, að húsi hans fylgi nægjanlega mörg sorpílát, sem endurnýjuð skulu eftir þörfum. Skal hverju húsi fylgja a. m. k. eitt ílát fyrir hverja íbúð. Víkja má frá ákvæði þessu í fjölbýlishúsum sem hafa sérstaka sorpgeymslur, enda sé frágangur allur með samþykki heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar.

Húseiganda ber að skipta um poka fyllist þeir milli tæminga og ganga þannig frá þeim, að sorp hrynji ekki úr þeim.

4. gr.

Blautt sorp skal setja innpakkað í sorppoka. Glerbrot og aðra oddhvassa hluti má ekki setja í sorppoka nema þannig sé búið um að ekki sé hætt á að rífi pokann eða slyshætta geti af stafað fyrir hreinsunarmenn.

Heyi af lóðum skal komið fyrir í sorppokum hjá íláti. Pappaumbúðir og annað slíkt skal binda í búnt og koma fyrir við sorpílát.

5. gr.

Mold, grjót, járn, timbur, múrbrot, stærri trjágreinar og annað þess háttar má aldrei setja í sorppokana og ber húseigendum sjálfum að sjá um flutning slíks svo og flutning á húsmunum og öðrum stærri hlutum, sem þeir vilja losa sig við. Losa skal allan slíkan úrgang á sorphauga þá, sem vísað er til hverju sinni af hreppnum, sbr. þó 1. og 7. gr.

6. gr.

Flutningur sorps skal að jafnaði fara fram einu sinni í viku. Hreinsunarmenn afhenda nýja poka í stað þeirra sem þeir taka. Fjöldi afhentra poka skal miðaður við reynslu þannig að nægi að jafnaði milli tæminga. Húseigendur eiga rétt á að fá poka gegn greiðslu umfram framangreint magn.

7. gr.

Einu sinni á ári skal fara fram flutningur á garðsorpi og öðrum úrgangi, sbr. 5. gr., húseigendum að kostnaðarlausu. Skal sá flutningur fara fram að vori og skal heilbrigðisnefnd rækilega auglýsa fyrirkomulag og tímasetningu flutninganna.

8. gr.

Við flutning á hvers konar sorpi, úrgangi, jarðefnum og öðrum lausum eignum skal þess gætt, að þannig sé um flutninginn búið að eigi sé hætta á að fjúki eða falli af flutningstæki. Skylt er að hafa palla bifreiða og annarra flutningstækja lokaða að aftan auk hárra hliðarborða.

9. gr.

Hver íbúð og hver sumarbústaður á skipulögðu svæði skal greiða eitt sorphreinsunargjald á ári. Í þeim tilvikum sem Hveragerðishreppur tekur að sér flutning á sorpi og öðrum úrgangi frá fyrirtækjum er hreppnum heimilt að taka gjald fyrir þá flutninga ennfremur. Heildarálagning þessa gjalds skal nema útlögðum kostnaði Hveragerðishrepps við sorphreinsun frá þessum fyrirtækjum og skiptast niður á þau eftir nánari reglum sem hreppsnefnd ákveður.

Upphæð gjalda skv. grein þessari skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir.

10. gr.

Brjótí húseigendur gegn ákvæðum samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu hreinsunarmenn tilkynna það skrifstofu Hveragerðishrepps. Skulu heilbrigðisfulltrúi eða heilbrigðisnefnd hlutast til um að húseiganda verði gert að ráða bót á slíku innan tiltekins frests og geta sorphreinsunarmenn neitað að taka sorp hjá viðkomandi fyrir en úr er bætt.

Húseigendum ber að snúa sér til skrifstofu Hveragerðishrepps eða heilbrigðisnefndar með kvartanir telji þeir að sorphreinsunarmenn hafi ekki tekið þær til greina. Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim muni.

11. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála. Um valdsvið og þvingunarúrræði heilbrigðisnefndar og heilbrigðisfulltrúa svo og málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer skv. 6. og 7. kafla laga nr. 50/1980 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

12. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hveragerðishrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða

Húseigendur í Hveragerði skulu útvega sér ílát fyrir sorppoka sem allra fyrst. Skulu allir hafa fengið sér slík sorpílát eigi síðar en 31. desember 1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. 14. janúar 1983.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

ERINDISBRÉF

fyrir eftirlitsmenn sjávarútvegsráðuneytisins.

1. gr.

Erindisbréf þetta tekur til eftirlitsmanna eða trúnaðarmanna sjávarútvegsráðuneytisins, sem ráðnir eru til þess að fylgjast með fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni, sbr. 8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Eftirlitsmenn hafa skyldur og njóta réttinda, sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna.

Ráðuneytið ákveður vinnutilhögun eftirlitsmanna með hliðsjón af gildandi kjarasamningum.

Eftirlitsmönnum er skylt að rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

3. gr.

Eftirlitsmenn lúta yfirstjórn sjávarútvegsráðuneytis, en deildarstjóri eftirlitsdeildar stýrir eftirlitsdeild og er yfirboðari eftirlitsmanna. Sér hann, ásamt manni tilnefndum af Hafrannsóknastofnuninni, um daglega stjórnun eftirlitsins, að svo miklu leyti, sem hún er ekki ákveðin í erindisbréfi þessu.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu kynna sér rækilega lög og reglugerðir svo og aðrar reglur svo sem ákvæði leyfisbréfa, sem gilda um hvers kyns veiðar og veiðarfæri í fiskveiðilandhelginni. Þeim er skylt að haga störfum sínum í samræmi við ákvæði slíkra fyrirmæla og ákvarðanir yfirmanna eftirlitsins.

5. gr.

Skipstjórum fiskiskipa er skylt að taka eftirlitsmenn með í veiðiferð(ir) sé þess óskað.

Einnig er skipstjórum skylt að veita eftirlitsmönnum alla þá starfsaðstöðu og aðstoð, sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m. a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningartækjum og kortum.

6. gr.

Eftirlitsmenn ráðuneytisins skulu fylgjast með fiskveiðum og veiðarfærum í því skyni að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar og hafa eftirlit með því, að þeim reglum sé fylgt, sem um veiðarnar gilda.

Hvenær sem eftirlitsmenn ráðuneytisins telja, að veiðar skipa geti talist skaðlegar nytjastofnum, m. a. vegna mikils magns af smáfiski í afla, skulu þeir þegar tilkynna það Hafrannsóknastofnuninni, eða þeim manni, sem forstjóri stofnunarinnar hefur tilnefnt í þessu skyni.

Sé nauðsynlegt að banna veiðar af fyrrnefndum ástæðum, skal eftirlitsmaður gera tillögur um stærð svæðis eða svæða, sem banna þarf veiðar á.

Hvenær, sem eftirlitsmaður verður þess var að afla er kastað fyrir borð, skal hann áætla og skrá eins nákvæmlega og við verður komið magn einstakra tegunda.

7. gr.

Eftirlitsmenn skulu eftir því sem við verður komið og í samráði við Hafrannsóknastofnunina annast almenna sýnatöku á fiski, skrá kyn hans, lengd og kynþroska, o. s. frv. Einnig gera aðrar þær athuganir, sem Hafrannsóknastofnunin óskar, svo sem mælingar á ástandi sjávar.

8. gr.

Eftirlitsmenn skulu eftir nánari fyrirmælum safna upplýsingum um gæðamat, stærðarmat og aflamagn hjá mats- og vigtarmönnum ef þurfa þykir.

Einnig skulu þeir fylgjast með að afli sé vinninn af löggiltum vigtarmönnum eins og lög og reglur mæla fyrir um.

9. gr.

Eftirlitsmenn skulu að loknu hverju verkefni gefa viðkomandi yfirmanni skýrslu um eftirlitsferðina. Í skýrslum skal, m. a. getið um áminningar og kærur vegna brota og hvaða gagna hefur verið aflað í ferðinni.

Ennfremur skulu eftirlitsmenn halda dagbók, sem ráðuneytið leggur til. Í dagbók skal tekið fram á hvaða skipi þeir voru og hvenær. Sömuleiðis í hvaða verstöðvum verið var við eftirlit, gististaðir, farartæki og annað er yfirmenn eftirlitsins óska eftir og að gagnni má koma við daglegan rekstur eftirlitsins.

Dagbók skal skila eftir hvern mánuð.

10. gr.

Eftirlitsmenn skulu leita álits og úrskurðar deildarstjóra um atriði, sem þeir eru í vafa um.

11. gr.

Verði eftirlitsmaður þess var, að einhver brýtur móti ákvæðum laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og skyldra laga og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, skal hann tilkynna deildarstjóra um það, hafi hann ekki önnur fyrirmæli.

12. gr.

Eftirlitsmönnum er óheimilt að stunda nokkurn atvinnurekstur, sem lýtur að fiskveiðum, fiskverkun eða fiskverslun.

13. gr.

Eftirlitsmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

14. gr.

Eftirlitsmenn verða að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

15. gr.

Erindisbréf þetta er gefið út samkvæmt 8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. janúar 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um framlag til hitaveitna til jöfnunar á húshitunarkostnaði.

1. gr.

Heimilt er að greiða framlag úr ríkissjóði þeim aðilum, sem reka hitaveitur eða hyggjast setja á stofn hitaveitur, ef orkuverð þeirra er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk.

Framlag skal þó ekki greitt, nema hitaveitan sé metin hagkvæmari en aðrir kostir upphitunar á viðkomandi svæði.

2. gr.

Hitaveitur samkvæmt reglugerð þessari teljast veitur, sem starfa samkvæmt starfsleyfi iðnaðarráðuneytisins og selja heitt vatn til upphitunar.

3. gr.

Stefnt skal að því, að framlag skv. 1. gr. verði sú upphæð, sem stofnkostnaður hitaveitu þarf að lækka um, til þess að matsverð orku til íbúðarhúsa verði 90% af hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk.

Framlagið skal þó aldrei vera hærra en 15% af heildarstofnkostnaði hitaveitunnar.

4. gr.

Orkuverð hitaveitu skal metið með hliðsjón af áætluðum stofnkostnaði, upphituðu íbúðarhúsrými, reksturskostnaði og orkukaupum.

Stofnkostnaður er hér skilgreindur sá hluti heildarstofnkostnaðar, sem tilheyrir íbúðarhúsrými. Heildarstofnkostnaður skiptist í hlutfalli við orkusölu til íbúðarhúsrýmis og annars húsrýmis.

Fjármagnskostnaður miðast við 10 ára jafnar afskriftir á borholum og borholudælum en 25 ára jafnar afskriftir á öðrum mannvirkjum hitaveitu og 6% reiknivöxtum. Fjármagnskostnaður reiknast af endurmetnum stofnkostnaði á umsóknarári sbr. 6 og 7 gr.

Reksturskostnaður telst vera 1,5% af stofnkostnaði. Orkukaup hitaveitu eru kostnaður vegna olíu, raforku og heits vatns.

5. gr.

Hitunarkostnaður með olíu að frádregnum olíustyrk skal miðast við 13 lítra olíunotkun á rúmmetra íbúðarhúsrýmis á ári að frádregnum einum olíustyrk fyrir hverja 100 m³ þess íbúðarhúsrýmis, sem tengist veitunni.

6. gr.

Stofn- og reksturskostnaður hitaveitu skv. 4. gr. skal vera á verðlagi vísitölu byggingarkostnaðar þegar umsókn um framlag berst iðnaðarráðuneytinu. Olíuverð og olíustyrkir skv. 5. gr. skulu miðast við sama verðlag.

7. gr.

Umsóknir um framlag skv. 1. gr. skulu sendar iðnaðarráðuneytinu fyrir 1. ágúst ár hvert. Þeim skal fylgja áætlun yfir eftirtalda þætti:

- a. heildarstofnkostnað við veituna og yfirlit yfir áætlaðar framkvæmdir næstu 4 ár.
- b. reksturskostnað við hitaveituna.
- c. heildarrúmmetrafjölda íbúðarhúsrýmis, sem tengist hitaveitunni miðað við fasteignamat.
- d. hlutfall orkunotkunar íbúðarhúsrýmis skv. c-lið af heildarnotkun orku frá heitaveitunni.
- e. greiðsluáætlun til 10 ára.

8. gr.

Framlag skv. 1. gr. greiðist á allt að 3 árum. Framlög eru verðtryggð miðað við byggingarvísitölu. Ef fjárveitingar á fjárlögum nægja ekki til að greiða áætluð framlög, skal minnka þau að tiltölu.

Áður greitt framlag samkvæmt reglugerð nr. 510/1980 skal draga frá framlagi samkvæmt þessari grein og skal reikna þau til sama verðlags miðað við byggingarvísitölu.

9. gr.

Hitaveita, sem fær framlag samkvæmt þessari reglugerð skal í skemmst 10 ár hafa gjaldskrá fyrir íbúðir sem að lágmarki samsvarar því matsverði á orku sem segir í 3. gr.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 15. gr. laga nr. 53/1980 um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar og öðlast hún þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1983.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Blönduósi nr. 197 7. júlí 1972 sbr. reglugerð nr. 86 24. janúar 1979.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Húseigandi skal einnig greiða tengigjald til vatnsveitunnar áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 210,00 á hvern rúmmetra húss og er það miðað við byggingarvísitölu 1 140 stig, en heimilt er hreppsnefnd að hækka það eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölunni.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá og nemur hann árlega sem næst 0,15% (0,15 af hundraði) fasteignamats, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar. Vatnsskattur skal ekki vera lægri en kr. 250,00 árlega.

3. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Þar sem um tímabundna eða sérstaklega mikla vatnsnotkun er að ræða er heimilt að setja upp rennismæla. Skal þar innheimta auk vatnsskatts gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar kr. 1,50. Ef ekki eru rennismæljar skal gjald þetta innheimt sem hér segir auk vatnsskatts:

- a. Sé vatn látið af hendi úr brunahönum eða öðrum vatnstökustöðum sem almennur vatnsskattur er ekki greiddur af. Þar á meðal til skipa og báta í Blönduósshöfn, skal endurgjaldið vera kr. 3,00 pr. m³.

- b. Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar kr. 3,10 fyrir hver 100 kg af sementsnotkun.
- c. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytis-sölur, skal greiða kr. 1 425,00 á ári fyrir vatnsnotin.
- d. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald sem hér segir: Á hverja slátraða sauðkind skal greiða kr. 0,62, á kálf yngri en 6 mánaða kr. 3,10 en á hvern stórgrip eða alisvín kr. 4,75.
- e. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 7,85 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- f. Vatnsnot af mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 7,85 á hverja eitt þúsund lítra af innveginni mjólk.
- g. Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein, skal fara eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Gjöld samkvæmt grein þessari skulu hækka í samræmi við hækkun byggingarvísitölu, sem er 1 140 stig 1. júlí 1982.

Gjöld samkvæmt grein þessari má innheimta á 2 mánaða fresti, eða með almennum vatnsskatti.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduósshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31 2. febrúar 1982.

1. málsgrein 3. gr. orðist svo:

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 4,60 fyrir hvern rúmmetra vatns.

1. málsgrein 4. gr. orðist svo:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 9,20 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Einnig skal greiða í afgreiðslugjald kr. 93,00 ef vatnið er afgreitt á virkum dögum kl. 8—17, en kr. 186,00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar
nr. 359 21. júlí 1975.**

24. gr. orðist svo:

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júní ár hvert, skal kjósa þrjá menn í bæjarráð og þrjá til vara, hlutfallskosningu. Kosning bæjarráðs gildir uns nýtt bæjarráð hefur verið kjörið.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarráðs. Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal það kjósa sér formann og varaformann. Þeir flokkar, sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði mega tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs, með málfrelsi og tillögurétt. Formaður bæjarráðs stýrir fundum þess.

Bæjarráð skal halda fund í viku hverri, að jafnaði á mánudegi. Aukafundi skal halda, ef formaður eða bæjarstjóri ákveða það eða ef bæjarráðsmaður óskar þess.

Reglugerð þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglum nr. 351 25. júní 1982, um staðsetningu,
losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta fyrir þilfarsskip
og búnað til að komast í gúmmíbjörgunarbáta.**

1. gr.

4. gr. 2. orðist þannig:

Við fyrstu búnaðarskoðun annarra skipa, sem gerð verður eftir 1. september 1983, skal hvert skip vera með búnaði samkvæmt þessum reglum.

2. gr.

Á eftir 4. gr. 2. komi nýr liður, sem verður 4.3. þannig:

Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að veita frest, ef vandkvæði verða á að framkvæma nauðsynlegar breytingar.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 28. janúar 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um eftirgjöf á hinu fasta ársfjórðungsgjaldi fyrir venjulegan síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

1. gr.

Póst- og símamálastofnun skal fella niður hið fasta ársfjórðungsgjald af venjulegum síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, með þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð þessari.

2. gr.

Umsókn um niðurfellingu ársfjórðungsgjalds skal vera á sérstöku eyðublaði, réttilega útfylltu og undirrituðu. Eyðublöðin skulu afhent ókeypis í starfsmannadeild Póst- og símamálastofnunar og á póst- og símstöðvum.

Allar slíkar umsóknir skulu sendar starfsmannadeildinni, sem kannar aðstæður og afgreiðir málið síðan, sé skilyrðum reglugerðar þessarar fullnægt.

3. gr.

Skilyrði til að ársfjórðungsgjald megi fella niður eru:

- a) Að viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegi njóti óskertrar uppbótar á elli- eða örorkulífeyri (tekjutrygging), samkvæmt 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.
- b) Að umsækjandi búi einn í íbúð, eða sé hann í hjónabandi eða öðru sambýli, þá uppfylli hver einstaklingur kröfur reglugerðar þessarar.

Umsækjandi telst þó uppfylla skilyrði þessarar greinar, ef sambýlismaður nýtur makabóta í stað óskertrar tekjutryggingar.

Jafnframt teljast skilyrðin uppfyllt þótt fólk undir 25 ára aldri dveljist á heimilinu, eða eldra, sem þar hefur ekki lögheimili, enda hafi viðkomandi elli- eða örorkulífeyrisþegi óskerta tekjutryggingu eftir sem áður.

Auk allra almennra íbúða sem um getur í upphafi 3. gr. b) nær grein þessi til leigu- og þjónustuíbúða fyrir aldraða og öryrkja, enda uppfylli hver einstaklingur skilyrði greinar þessarar svo sem fyrr getur.

- c) Að ekki sé annar sími í íbúðinni.

4. gr.

Heimild til niðurfellingar gjalds samkvæmt reglugerð þessari nær aðeins til hins fasta ársfjórðungsgjalds síma samkvæmt gjaldskrá en ekki til annarra gjalda, hvorki stofngjalda, gjalda vegna umframsímtala, aukabúnaðar, né annarra gjalda en fasts ársfjórðungsgjalds, sem nú eru í gildi eða síðar kunna að verða sett með gjaldskrá.

Rétthafar samkvæmt gjaldskrá þessari skulu hlíta almennum skilmálum um innheimtu símagjalda o. fl.

5. gr.

Þótt réttur elli- og örorkulífeyrisþegar til að fá hið fasta ársfjórðungsgjald síma fellt niður, sé viðurkenndur, fær hann ekki forgangsrétt til að fá síma umfram aðra umsækjendur.

6. gr.

Skýlt skal rétthafa síma, er fengið hefur ársfjórðungsgjald fellt niður, að tilkynna starfsmannadeild Póst- og símamálastofnunar þær breytingar sem á högum hans kunna að verða og raskað geta forsendum fyrir gjaldfrelsi hans. Misnotkun eða rangar upplýsingar varða missi réttinda samkvæmt reglugerð þessari.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins lætur Póst- og símamálastofnun ársfjórðungslega í té skýrslu um þá elli- og örorkulífeyrisþega um land allt, sem óskertrar tekjutryggingar njóta, sbr. a-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, ennfremur þeirra er njóta makabóta.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 24 23. maí 1975, um breyting á lögum nr. 30/1941, um fjarskipti, til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 256 14. maí 1982, um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 4. febrúar 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ**um framlög til eftirlauna aldraðra.**

1. gr.

Fé til greiðslu eftirlauna samkvæmt I. kafla laga nr. 97 1979 að undanskilinni uppbót samkvæmt 21. gr. laganna greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ávísun umsjónarnefndar eftirlauna, en Atvinnuleysistryggingasjóður endurkrefur ríkissjóð um $\frac{1}{4}$ hluta útgjaldanna.

2. gr.

Gjöld til uppbótageiðslna á lífeyri samkvæmt I. kafla laganna, sbr. 1. málsg. 21. gr. þeirra, skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður sem tilgreindur er á fylgiskjali með samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skal leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum á árunum 1980—1984, sbr. 4. gr.

3. gr.

Allir lífeyrissjóðir, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt og ekki eiga aðild að samkomulagi því, sem um getur í 2. gr., skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum á árunum 1980—1984 til að standa undir útgjöldum til lífeyrisgreiðslna samkvæmt II. kafla laganna ásamt uppbót á þann lífeyri, sbr. 22. grein laganna, og sérstakri uppbót á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda.

4. gr.

Séu iðgjöld til lífeyrissjóðs ákveðin hærrí er 10% af iðgjaldsskyldum tekjum, skal við ákvörðun framlags samkvæmt 2. eða 3. gr. ekki reikna með þann hluta iðgjalda, sem umfram er 10%. Til frádráttar skulu koma iðgjöld, endurgreidd á árinu eða flutt til annarra sjóða, og ekki skal telja til iðgjalda sérstök aukaframlög vinnuveitenda, svo sem til verðtryggingar lífeyris eða til að mæta halla, sem fram hefur komið við tryggingafræðilega athugun. Að öðru leyti skal framlag reiknað af öllum iðgjaldatekjum að meðtöldum iðgjöldum fluttum til sjóðsins á árinu.

Nú hefur breyting orðið á tilhögun færslu iðgjalda á ársreikningi lífeyrissjóðs frá árinu 1978, og er þá umsjónarnefnd heimilt að miða útreikning framlags við fyrri tilhögun og áætla breytingar á reikningi í því skyni eftir því, sem nauðsyn krefur.

5. gr.

Umsjónarnefnd eftirlauna skal í marsmánuði ár hvert 1980—1984 áætla iðgjaldatekjur lífeyrissjóða á árinu, sbr. 2.—4. gr. Áætlun iðgjaldatekna skal miða við tölur nýjasta ársreiknings eða yfirlits frá sjóðnum og breytingar á grundvallarlaunum samkvæmt 6. gr. laganna frá hlutaðeigandi reikningsári til gjaldársins. Grundvallarlaun gjaldársins skulu áætluð þannig, að reiknað sé með óbreyttum launum frá mars til desember, en síðan skal umsjónarnefnd ákveða nauðsynlega viðbót við árstölu, er þannig er fengin, vegna óvissra launahækkana.

Iðgjaldatekjur Lífeyrissjóðs bænda skulu þó áætlaðar á grundvelli upplýsinga um grundvallarlaun þess sjóðs.

Telji umsjónarnefnd, að veruleg breyting hafi orðið á iðgjaldatekjum lífeyrissjóðs vegna breyttra laga- eða reglugerðarákvæða eða breytinga á fjölda sjóðfélaga, skal hún breyta áætlun sinni í samræmi við það.

Umsjónarnefnd skal jafnframt áætlun sinni um iðgjaldatekjur lífeyrissjóða gera áætlun um viðbótargreiðslur samkomulagssjóða samkvæmt 21. gr. laganna, svo og áætlun um hina sérstöku uppbót á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda.

6. gr.

Hver samkomulagssjóður skal greiða til umsjónarnefndar iðgjaldaframlag sitt að frádreginni þeirri fjárhæð, sem áætlað er, að í hlut hans komi við hlutfallslega skiptingu samanlagðra framlaga samkomulagssjóðanna.

Nemi áætlaður hluti samkomulagssjóðs í hinum samanlögðu framlögum hærri fjárhæð en iðgjaldaframlag hans, skal umsjónarnefnd greiða honum mismuninn.

Umsjónarnefnd greiðir Lífeyrissjóði bænda þann mismun, sem er á áætlaðri uppbótarfjárhæð samkvæmt 3. málsgrein 5. gr. og áætluðu iðgjaldaframlagi sjóðsins.

7. gr.

Gjalddagi greiðslna samkomulagssjóða til umsjónarnefndar, sbr. 1. málsg. 6. gr., og iðgjaldaframlaga annarra sjóða, sbr. 3. gr., að undanskildum Lífeyrissjóði bænda, er 1. apríl ár hvert 1980—1982. Heimilt er lífeyrissjóðum að inna ársgreiðsluna af hendi í tveimur jöfnum hlutum. Sé fyrri hlutinn ekki greiddur í síðasta lagi 30. apríl reiknast dráttarvextir af ársgreiðslunni í heild frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um heimild til töku dráttarvaxta af fasteignaveðskuldum. Sé fyrri hluti greiddur fyrir apríllok, en síðari hluti ekki greiddur í síðasta lagi 31. júlí, reiknast dráttarvextir á sama hátt af eftirstöðvum frá gjalddaga til greiðsludags.

Árin 1983 og 1984 skulu gjalddagar þeirra greiðslna samkomulagssjóða og iðgjaldaframlaga annarra sjóða, sem 1. málsg. tekur til, vera tveir, 1. apríl og 1. ágúst, og greiðist helmingur ársgreiðslunnar í hvort sinn. Dráttarvextir reiknast af hvorum hluta fyrir sig frá gjalddaga til greiðsludags, sé greiðsla ekki innt af hendi innan mánaðar frá gjalddaga, sbr. að öðru leyti ákvæði 1. málsg.

Umsjónarnefnd er heimilt að semja um aðra greiðslutilhögun við einstaka samkomulagssjóði, er mikla greiðslubyrði hafa samkvæmt 1. og 2. málsg., enda verði sú tilhögun ekki talin óhagstæðari þeim samkomulagssjóðum, er greiðslur renna til.

Árlegar greiðslur umsjónarnefndar til samkomulagssjóða samkvæmt 2. málsgrein 6. gr. skulu inntar af hendi í tveimur jöfnum hlutum í maí og ágúst ár hvert 1980—1982, en í maí og september 1983 og 1984.

Árlegar greiðslur umsjónarnefndar til Lífeyrissjóðs bænda skv. 3. málsg. 6. gr. skulu inntar af hendi í þremur jöfnum hlutum í júní, september og desember ár hvert.

8. gr.

Endanlegt uppgjör fyrir árin 1980—1982 í stað áætlunar þeirrar, sem um getur í 5. gr., skal miðast við 1. júlí ár hvert 1981—1983. Mismunur á endanlegri niðurstöðu og áætlunarfjárhæð skal greiddur eigi síðar en 31. júlí, en dráttarvextir, sbr. 1. málsg. 7. gr., reiknast frá og með 1. ágúst.

Endanlegt uppgjör fyrir árin 1983 og 1984 skal miðast við 1. ágúst næsta ár á eftir, og skulu eftirstöðvar og ofgreiðslur reiknaðar með álagi, er svarar til hækkunar, sem orðið hefur á grundvallarlaunum samkvæmt 1. málsgrein 6. gr. laganna frá 1. ágúst á framlagsárinu.

Lífeyrissjóðum er skylt að láta umsjónarnefnd í té ársreikninga sína, um leið og þeir eru fullgerðir. Hafi ársreikningur ekki borist nefndinni fyrir þann tíma, er endanlegt uppgjör samkvæmt 1. og 2. málsg. skal miðast við, skal hún miða uppgjör við eigin áætlun.

9. gr.

Framlög ríkissjóðs, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóð samkvæmt 2. tölulið 1. málsg. 25. gr. laganna skulu greidd umsjónarnefnd með jöfnum mánaðarlegum greiðslum ár hvert.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 97 24. desember 1979, sbr. lög nr. 86/1980, lög nr. 52/1981 og lög nr. 92/1982, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 207 26. mars 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. febrúar 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er 720,00 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 60,00 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 22 25. janúar 1982.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. janúar 1983.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglum nr. 51 10. janúar 1979 um smíði og öryggisbúnað báta minni en 6 m að lengd.

1. gr.

Í 3. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, sem verður nr. 3.2. svohljóðandi:

Bátar, sem smíðaðir eru í alþjóðlega keppnisflokkka eru undanþegnir ákvæðum reglna um smíði skemmtibáta, að undanskildum kröfum um flotholt, enda séu bátarnir eingöngu notaðir á takmörkuðu svæði til æfinga eða keppni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 28. janúar 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

13. janúar 1983

Nr. 50

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur.

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða nr. 30/1983 skal almennur afgreiðslutími eftirtalinna lyfjabúða vera sem hér segir:

	Kl.
Mosfells Apótek	
Mánudaga—föstudaga	9—18:30
Laugardaga	9—12
Aðfangadag og gamlársdag	9—12
Akraness Apótek	
Mánudaga—föstudaga	9—18:30
Laugardaga	10—13
Sunnudaga og aðra helgidaga	13—14
Borgarness Apótek	
Mánudaga—föstudaga	9:30—18
Stykkishólms Apótek	
Mánudaga—föstudaga	9—12:15 og 13:15—18
Patreks Apótek	
Mánudaga—föstudaga	10—12 og 13:15—18
Ísafjarðar Apótek	
Mánudaga—föstudaga	9—18
Laugardaga	11—12
Apótek Blönduóss	
Mánudaga—föstudaga	9—12 og 13:30—18
Sauðárkróks Apótek	
Mánudaga—föstudaga	9—12 og 13—18

Siglufjarðar Apótek	Kl.
Mánudaga—föstudaga	9—12 og 13:30—18
Dalvíkur Apótek	
Mánudaga—föstudaga	9:30—12 og 13:15—18
Akureyrar Apótek og Stjörnu Apótek	
Mánudaga—fimmtudaga	9—18
Föstudaga	9—19

Auk framangreins almenns afgreiðslutíma skulu lyfjabúðirnar vera opnar til skiptis eina viku í senn, sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga	18—19
Laugardaga	11—12 og 20—21
Helgidaga og almenna frídaga	11—12 og 20—21
Aðfangadag og gamlársgdag	9—12 og 20—21

Einnig skulu lyfjabúðirnar annast neyðarvakt (kallvakt) að næturlagi á þeim tíma, sem ekki er opið skv. framangreindu, og skulu þær annast þessa neyðarvakt til skiptis, eina viku í senn.

Húsavíkur Apótek	
Mánudaga—föstudaga	9—12 og 13—18
Laugardaga	9—12
Egilsstaða Apótek	
Mánudaga—föstudaga	10—12 og 13:30—18
Laugardaga	10—12
Apótek Austurlands	
Mánudaga—föstudaga	10—12 og 14—18
Laugardaga	10—12
Nes Apótek	
Mánudaga—fimmtudaga	9—12 og 13—18
Föstudaga	9—12 og 13—18:45
Hafnar Apótek	
Mánudaga—föstudaga	9—12 og 13:30—18
Apótek Vestmannaeyja	
Mánudaga—föstudaga	8:45—12:30 og 14—18
Aðfangadag, gamlársgdag og laugardag fyrir páska	9—12
Rangár Apótek	
Mánudaga—föstudaga	9:15—12:15 og 14—17:30
Selfoss Apótek	
Mánudaga—föstudaga	9—18:30
Laugardaga og sunnudaga	10—12
Helgidaga, að undanskildum nýársdegi, föstudeginum langa og páskadegi, hvítasunnudegi og jóladegi	10—12
Ölfus Apótek	
Mánudaga—föstudaga	9—12 og 13—18
Laugardaga	10—12

Apótek Keflavíkur	Kl.
Mánudaga—föstudaga	9—19
Laugardaga, helgidaga og almenna frídaga	10—12
Hafnarfjarðar Apótek og Apótek Norðurbæjar	
Mánudaga—föstudaga	9—18:30

Auk framangreinds almenns afgreiðslutíma skulu lyfjabúðirnar vera opnar til skiptis eina viku í senn um helgar og á almennum frídögum sem hér segir:

Laugardaga	10—13
Sunnudaga, helgidaga og almenna frídaga	10—12

Vaktþjónusta skv. þessu hefst á laugardögum.

Lyfjabúðir skulu sjá læknum fyrir lyfjum í vakttösku, skv. nánara samkomulagi við héraðslækninn í Hafnarfirði.

Kópavogs Apótek

Mánudaga—föstudaga	9—19 á tímabilinu 1. október til 31. maí
Laugardaga, aðfangadag og gamlársdag	9—12

Á tímabilinu 1. júní til 30. september er heimilt að loka á laugardögum. Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Jafnframt eru felldar úr gildi auglýsingar sama efnis nr. 30 og 95/1973, nr. 275/1974, nr. 315 og 433/1975, nr. 38; 285; 341 og 382/1976, nr. 159; 298; 413; 414 og 415/1977, nr. 104/1980, nr. 576/1981 og nr. 91/1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. janúar 1983.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi Setbergshverfis í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 31. janúar 1983 staðfest deiliskipulag Setbergshverfis í Hafnarfirði. Deiliskipulag þetta hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1983.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 12. janúar 1983 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á landnotkun í aðalskipulagi Reykjavíkur að í stað íbúðasvæðis á staðgreinireit 1.254, sem er spildan næst núverandi íbúðabyggð við Skipholt, komi miðbæjarsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 53

31. janúar 1983

AUGLÝSING

um umferð á Dalvík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Dalvíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að bifreiðastöður skuli bannaðar á Skíðabraut að austanverðu, frá Vegamótum og að gatnamótum Grundargötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Dalvík, 31. janúar 1983.

Eliás I. Eliasson.

Nr. 54

10. febrúar 1983

REGLUGERÐ

um notkun nítítra og formalíns sem rotvarnarefna til geymslu á loðnu og öðrum bræðslufiski.

1. gr.

Leyfi til notkunar nítítra er háð því skilyrði, að verksmiðjustjóri (vinnslustjóri) tilkynni Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, ef notað er nítítr til rotvarnar á loðnu eða öðrum bræðslufiski. Leyfi er því aðeins veitt, að verksmiðjan hafi í þjónustu sinni kunnáttumann, sem kann skil á notkun rotvarnarefna og getur gert nítírtákvarðanir.

2. gr.

Hráefni (loðna og annar bræðslufiskur) má aldrei innihalda meira en 150 mg/kg nítítr, þegar það er unnið. Allar nítírtákvarðanir í hráefni skulu bókfærðar og er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins heimill aðgangur að þessum niðurstöðum. Leyfilegt er að blanda saman rotvörðu og órotvörðu hráefni að því tilskildu, að nítírtinnihald þess rotvarða sé undir 200 mg/kg og tryggt sé, að blöndun hráefnis sé góð.

3. gr.

Sýni skulu send Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins af öllu mjöli, sem framleitt hefur verið úr nítírtrotvörðu hráefni. Verksmiðjustjóri (vinnslustjóri) ber ábyrgð á, að sýni séu send Rannsóknastofnuninni sem fyrst af öllu nýframleiddu mjöli, sem unnið hefur verið úr nítírtrotvörðu hráefni. Í mjöli úr nítírtrotvörðu hráefni mega ekki mælast nítrosamín eða önnur eiturefni og hættuleg efni í því magni, er að dómi eiturefnanefndar telst varhugavert, sbr. 15. gr. laga nr. 85/1968.

4. gr.

Heimilt er að blanda formalíni (35% w/w lausn af formaldehyði í vatni) í nítírtlausnir samkvæmt fyrirmælum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, sbr. ákvæði 6. gr.

Um eftirlit með notkun formalíns og nítрата í fiskimjölsverksmiðjum fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðvum. Leyfi til notkunar formalíns er háð því skilyrði að farið sé að fyrirmælum og leiðbeiningum Vinnueftirlits ríkisins um notkun efnisins.

5. gr.

Notkun nítрита um borð í veiðiskipum er óheimil.

6. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur á hendi eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Rannsóknastofnunin sendir eiturefnanefnd árlega skýrslu um mælingar á nítírtum og öðrum eiturefnum og hættulegum efnum í bræðslufiski, sbr. ákvæði 3. gr.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða fyrirmælum sem sett kunna að vera samkvæmt henni, varða sviptingu leyfis til notkunar nítrits eða formalíns og sektum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, og að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið hvað varðar Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 459/1981 um notkun rotvarnarefna til geymslu á loðnu og öðrum bræðslufiski.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. febrúar 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Bessastaðahreppi
nr. 521 30. september 1980.**

1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla skv. 3. og 6. gr. um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ**fyrir pósthjónustu.**

Gildir frá 1. mars 1983.

TEGUND SENDINGAR	Pyngd- armörk g	Innan- lands Burðar- gj. aur.	Norðurlönd		Önnur lönd í Evrópu		Lönd utan Evrópu	
			Alm. burðar- gj. aur.	¹⁾ Flug- burðar- gj. aur.	Alm. burðar- gj. aur.	¹⁾ Flug- burðar- gj. aur.	Alm. burðar- gj. aur.	¹⁾ Flug- burðar- gj. aur.
Hámark stærðar og þyngdar								
Bréf.	20	450	450	²⁾	500	²⁾	500	900
Hámarksstærð:	100	900	900		1150		1150	2600
Lengd + breidd	250	1800	1800		2350		2350	7200
+ þykkt 900 mm.	500	3600	3600		4500		4500	13400
Mesta lengd 600 mm.	1000	5400	6650		7850		7850	26000
Í ströngum:	2000	12750	12750		12750		12750	49550
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í ströngum:								
Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
Póstkort.				²⁾		²⁾		
Mest 105 × 148 mm.		400	400		400		400	450
Minnst 90 × 140 mm.								
Prent.								
Stærð sama og bréfs.	20	400	400	400	400	400	400	450
(Prentkort, sama stærð og póstkort).	100	500	500	750	550	750	550	1250
Hámarksþyngd 2 kg.	250	900	900	1250	1000	1250	1000	2550
Bækur þó 5 kg.	500	1650	1650	2800	1750	2800	1750	5150
Burðargjald fyrir prent	1000	2550	2550	5050	2950	5050	2950	9850
yfir 1000 g til Norðurl.	2000	3650	4100	9000	4100	9000	4100	19900
er sama og fyrir	3000	5700	6650	14200	6150	14200	6150	25250
„Önnur lönd.“	4000	7400	8200	19400	8200	19400	8200	30600
	5000	9200	10250	24600	10250	24600	10250	35950
Smápakkar.								
Stærð sama og bréfa.	100	500	500	750	550	750	550	1250
Hámarksþyngd 1 kg.	250	900	900	1250	1000	1250	1000	2550
	500	1650	1650	2800	1750	2800	1750	5150
	1000	2550	2550	5050	2950	5050	2950	9850
Innrituð blöð og tímarit.								
Innritunargjald 2592.00 kr.								
Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm. (minnst 50 eintök til hvers í einu). Hámarksþ. 20 kg.	hver 500	234						
b) Til áskrifenda. Minnsta gjald: 200 eint. Hámarksþyngd 500 g hvert eintak.	100 200 300 400 500	92 182 264 327 599						

Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmála-blöð og tímarit landssamtaka stéttarfélagas og fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúmál, vísast til reglugerðar fyrir pósthjónustu nr. 138/1982, grein 14.4.1.

¹⁾ Samanlagt fluggjald og alm. burðargjald.

²⁾ Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks fluggjalds.

TEGUND SENDINGAR	Burðar- gjald aurar	TEGUND SENDINGAR	Burðargjald aurar
Gíröþjónusta Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	650	Almennir böggjar (innanlands):	Pyngdar- mörk kg
Póstávisanir. a. Innanlands og til Norðurlanda: Hámarksupphæð innanlands: 15 000 nýkr. Burðargjald a). almenn póstaúvisun b). símapóstávisun	1100 4850	Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m. Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	1 3 5
b. Til annarra landa: Burðargjald	1350	Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	10 15 20
Póstkröfur. Hámarksupphæð sama og póstaúvisana (15 000 kr.) eða innborgunar á póst- gíróreikning (upphæð ótakmörkuð). Burðargjald sendingar eftir tegund.		Verðbréf og -böggjar. Burðargjald sendingar eftir tegund. Skrásetningargjald	Alm. böggjar aurar
a. Innanlands og til Norðurlanda: Með póstaúvisun	2000	Tryggingargjald. Fyrir hverjar 500 kr. eða minna	Rúmfr. broth. aurar
Með innb. á póstgíróreikn. (aðeins innanl.)	1350		aurar
b. Til annarra landa: Burðargjald	2150	Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.	950 950
		Loftbréf: Söluverð 50 aurar, auk burðargjalds fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki (500 aurar). Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.	

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	950 aurar	Talning í verðbréfi innanlands: 950 aurar hver sending. Alþjóða-svarmerki: Söluverð 950 aurar. Skiptiverð í frimerkjum 500 aurar.
Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu	900 aurar	Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: 900 aurar. Tollmeðferð bréfs, prents og smápakka: 900 aurar. Tollmeðferð böggla: 1100 aurar. Gjald fyrir að búa um böggla á ný: 600 aurar.
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er	2150 aurar	Geymslugjald böggla: 1100 aurar á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús.
Móttökukvittun	500 aurar	Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Útanlands og innan 500 aurar.

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

- Verðbréf og -böggjar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
- Ábyrgðarsendingar og almennir böggjar: a. allt að 228 kr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 1138 kr. fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.
Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Pósthólfaleiga. Ársleiga eftir stærð: 52, 85, 103, 132 og 157 kr.

Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. mars 1983. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir pósthjónustu nr. 616 frá 12. nóvember 1982.

Samgönguráðuneytið, 7. febrúar 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

GJALD**fyrir sorphreinsun í Hveragerði fyrir árið 1983.**

1. gr.

Upphæð sorphreinsunargjalds í Hveragerði fyrir árið 1983 skal vera kr. 500 fyrir hverja íbúð og hvern sumarbústað sbr. 9. gr. samþykktar um sorpheimtu í Hveragerði sem staðfest var 14. janúar 1983.

2. gr.

Ofangreind gjaldákvörðun Hveragerðishrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. febrúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingmar Sigurðsson.

AUGLÝSING**um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.**

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

	kr.
1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	1 340,00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	480,00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllum á prókúruumboði	480,00
4. Fyrir tilkynningu um breyting á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	480,00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	110,00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	625,00
7. Fyrir fjármark (brennimark innifalið)	120,00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	70,00
9. Fyrir innköllun	625,00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	250,00
11. Fyrir ógildingarstefnu	800,00
12. Fyrir dómsbirtingu	800,00
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum	360,00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 56,00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 14. mars 1983. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 607 29. okt. 1982 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem bitist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. febrúar 1983.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 455/1975 um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968.

1. gr.

Þar sem stendur Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal standa Hollustuvernd ríkisins og þar sem stendur Öryggiseftirlit ríkisins skal standa Vinnueftirlit ríkisins.

2. gr.

Upphaf 4. gr. orðist svo:

Óheimilt er að tollafgreiða sterk eiturefni, sbr. lista I, og eitur, sbr. lista II, 1. gr. reglugerðar nr. 445/1978,

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 24. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni öðlast gildi þegar í stað nema hvað snertir tollafgreiðslu eiturs skv. lista II, 1. gr. reglugerðar nr. 455/1978 frá og með 1. júlí 1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. febrúar 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

3. febrúar 1983

AUGLÝSING

Nr. 60

um leiðbeiningar varðandi notkun rása í 27 MHz tíðnisviðinu.

Með hliðsjón af 11. gr. reglna nr. 506 19. desember 1979 um starfrækslu almenningstalstöðva í 27 MHz tíðnisviðinu hefur ráðuneytið ákveðið að birta eftirfarandi leiðbeiningar um notkun rása í 27 MHz tíðnisviðinu.

Rás 1, 2, 3, 4, 5	Almennar samtalsrásir.
Rás 6	Kallrás F.R. og allra hjálparsveita.
Rás 7, 8, 27	Atvinnurekstur.
Rás 9	Almenn kall- og neyðarrás.
Rás 10, 11, 12	Samtalsrásir F.R.
Rás 13, 22	Slysavarnir og leitir.
Rás 14, 15	Samtalsrásir F.R.
Rás 16	Bæjarstofnanir.
Rás 17	Löggæsla.
Rás 18, 19	Vegaþjónusta.
Rás 20	Vinnurás vegna íþróttaiðkana.
Rás 21, 23, 24	Smábátar.
Rás 25, 26	Lamaðir og fatlaðir.
Rás 30, 31, 32, 33, 34, 35	Samtalsrásir F.R.
Rás 36, 37, 38, 39, 40	Almennar samtalsrásir.

Samgönguráðuneytið, 3. febrúar 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um leiðréttingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða.

Vísað er til auglýsingar nr. 35/1983 um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða: fyrir raforku:

Heimtaugagjöld í þéttbýli hækki um 21.3%
í stað 11.3%,

fyrir hitaveitur:

Heimtaugagjöld í þéttbýli hækki um 11.3%
í stað 21.3%.

Iðnaðarráðuneytið, 7. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Mosfellshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í hreppnum.

1. Umferð úr Langatanga er stöðvunarskyld við gatnamót **Álfatanga** (stanz).
2. Umferð um **Álfatanga** nýtur forgangs fyrir umferð úr Brekkutanga og Arnartanga (biðskylda).
3. Umferð um **Langatanga** nýtur forgangs fyrir umferð úr Bjarkarholti, Hamraborg, Hlaðhömrum, Grundartanga, Dalatanga, Borgartanga, Bugðutanga og Bjargartanga (biðskylda).
4. Umferð um **Arnartanga** (stofngötu) nýtur forgangs fyrir umferð úr öllum botnlöngum sem ganga inn á þá götu (biðskylda).
5. Umferð um **Álfholt** nýtur forgangs fyrir umferð úr Akurholti, Arkarholti, Álmholti, Ásholti, Brattholti, Byggðarholti og Dvergholti (biðskylda).
6. Umferð um **Skeiðholt** nýtur forgangs fyrir umferð úr Brattholti, Byggðarholti, Dvergholti, Urðarholti og Njarðarholti (biðskylda).
7. Umferð um **Skólabraut** nýtur forgangs fyrir umferð úr Markholti, Lágholti og Háholti (frá Hlégarði) (biðskylda).
8. Umferð um **Jónsteig** nýtur forgangs fyrir umferð úr Markholti, Lágholti og Háholti (frá Hlégarði) (biðskylda).
8. Umferð um **Jónsteig** nýtur forgangs fyrir umferð úr Asparteigi, Birkiteigi, Stórateigi, Hamarsteigi og Merkjateigi (biðskylda).
9. Umferð um **Reykjaveg** nýtur forgangs fyrir umferð af vegi frá dælustöð Hitaveitu Reykjavíkur og Reykjabyggð (biðskylda).
10. Umferð um **Álafossveg** nýtur forgangs fyrir umferð úr Brekkulandi (biðskylda).
11. Umferð um **Aðaltún** nýtur forgangs fyrir umferð úr Hlíðartúni, Lækjartúni og Hamratúni (biðskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Kjósarsýslu, 4. febrúar 1983.

Einar Ingimundarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 250/1976, um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, með síðari breytingum.

1. gr.

Við fyrri hluta aukefnalista II. Tæknileg hjálparefni bætist stafliður:

j. Útrýmingarefni.

1. Pyretrum*.
2. Piperonylbutoxíð*.

2. gr.

Seinni hluti aukefnalista VIII. 2 (Fiskur, skelfiskur og skyldar vörur) breytist sem hér segir:

Nr.	Matvæli	Aukaefnaflokkur		Ákvæði um hámark og athugasemdir	
		Náttúruleg	Gervi		
VIII. 2	Purrkaðar, saltaðar reyktar og gerjaðar fiskvörur (saltfiskur, reyktur lax, reykt síld, harðfiskur, skreið, riklingur, siginn fiskur, gler- og skyrhákarl, kæst skata o. m. fl.)	Rotvarnarefni Bensósýra Bensóöt Sorbinsýra Sorböt	p-Hydroxybensósýru-esterar og natriumsölt	1 g/kg 300 mg/kg 1 g/kg	Aðeins í saltaðar fiskvörur.
		Þráavarnarefni			
		Bindi-límeffni			
		Ein-tví-og fjölfösföt			Eins og VIII. 1 Aðeins fösföt í purrkaðan og saltaðan fisk
		Útrýmingarefni	Pyretrum-fleyti* með viðurkenndum fylli- og fleyti-efnum.	5 g/kg r. s. P ₂ O ₅ Aðeins í skreið. Piperonylbutoxíð. 20 mg/kg	
					Pyretrum 3 mg/kg.

* Skráð samsetning samkvæmt reglugerð nr. 132/1972.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni og lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. febrúar 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

Endurprentað blað.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

I. SMÁSALA

Gjaldskrárlíðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Heimilisnotkun.

Orkugjald	2,43 kr/kWh
Fastagjald	1 180,00

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtíma notkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkja-gerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	3,64 kr/kWh
Fastagjald	1 180,00 kr/a

A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald	2,10 kr/kWh
Fastagjald	1 180,00

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	0,82 kr/kWh
Fastagjald	4 720,00

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	13 100,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW	1 810,00 kW/a
Orkugjald af allri notkun	0,44 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	2,43 kr/kWh

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

A.6 Almenn notkun.

Öll almenn notkun svo sem lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	3,15 kr/kWh
Fastagjald	1 180,00

B.1 Aflmæling.

Öll meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald, 12, kW	38 760,00 kr/a
Aflgjald umfram 12 kW	3 230,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,01

C.1 Hitun.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	0,65 kr/kWh
Fastagjald	1 180,00

Roftími er allt að $2 \times 1\frac{1}{2}$ klukkustund á dag.**C.2 Hitun.**

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	0,41 kr/kWh
-----------------	-------------

Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.

D.1 Hitun.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	0,82 kr/kWh
Fastagjald	1 180,00

Roftími er allt að $2 \times 1\frac{1}{2}$ klukkustund á dag.**D.2. Hitun.**

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	0,51 kr/kWh
-----------------	-------------

Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.

Lokun.

Gjald fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals kr. 450,00.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.**1. Utanhússlýsing.**

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

2. Sumarbústaðanotkun.

Orkuverð A.4 fylgir orkuverði D.1.

3. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

4. Aflgjaldsmæling.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsværsmiðjum og hliðstæðri notkun, meðaltal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 12 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall.

Rafmagnsveiturnar geta krafist notanda um sérstakt gjald fyrir launaafli sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos Ø undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.

2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilur Orkubúíð sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A.4, A.5, C.1, C.2, D.1 og D.2 og tilsvarendi fastagjöldum.

Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

II. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kaupúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubússtjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsóknum gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir.

2.1. Heimtaug.

Varstærð Amp	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd ¹⁾ kr/m
63 þriggjafasa	18 130,00	418,00
100 þriggjafasa	28 020,00	520,00
200 þriggjafasa	55 930,00	608,00
315 þriggjafasa	18 070,00	768,00
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2)	3 940,00	

¹⁾Yfirlengd reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 í lóð.

2.2. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.

2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánari samkomulagi þar um, hverju sinni.

2.4. Telji Orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1. Grunnjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 2 370,00.

3.2. Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.3. Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Orkubúsins, skal greiða eins og 2.1. segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kaupþúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Orkubúsins hverju sinni.

III. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM

9. Heimtaugargjald í sveitum.

9.1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

9.2 Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera 13 506,00 á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald, skal greiða 1,2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 1 127 970,00 af matsverði, og 0,6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 1 127 970,00, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1,5 km á hverjar 13 506,00 krónur sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum. Framangreint grunnjald kr. 13 506,00 miðast við vísitölu

byggingarkostnaðar 1482 stig. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubússtjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal leggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 620 371,00 kr.

Heimtaugargjöld sumarbústaða, veiðihúsa, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra mannvirkja, sem ekki eru í tengslum við búrekstur greiðast samkv. kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum relglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein (9.2) skulu heimtaugagjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línnum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. mars 1983, sbr. auglýsingu nr. 35/1983 um breytingu á gjaldskrám rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 742, 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 22. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir fyrri gjalddaga ársins 1983 hafa verið ákveðin sem hér segir:

Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í lit	kr. 1 176,00
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu	kr. 932,00
Hljóðvarpsgjald (þ. e. ef greitt er af hljóðvarpi eingöngu)	kr. 294,00

Menntamálaráðuneytið, 23. febrúar 1983.

Ingvar Gíslason.

Árni Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 — 1983

28. febrúar 1983

113

Nr. 66

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt tímabundið vörugjald,
sbr. reglugerð nr. 540 10. september 1982 um breyting á henni.

1. gr.

a) Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar:

07.05.00	18.06.02	21.04.09
16.03.00	18.06.03	21.05.11
17.01.23	19.02.01	21.05.19
17.01.24	19.02.02	21.05.21
17.01.27	20.02.01	21.06.01
17.01.29	21.02.11	21.06.02
17.02.04	21.02.19	21.07.01
17.04.02	21.02.20	21.07.02
18.05.01	21.03.00	33.04.01
18.05.09	21.04.01	33.04.03
18.06.01	21.04.02	33.04.09

b) Vörur í eftirtöldum tollskrárnúmerum í gjaldflokk A í 2. gr. reglugerðarinnar færast í gjaldflokk B: 19.07.01, 19.07.02, 19.07.09, 19.08.01, 19.08.02, 19.08.03, 19.08.04 og 19.08.09.

2. gr.

2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sé almenn verðlagning framleiðanda miðuð við heildsöluverð er honum heimilt í stað útreiknings sérstaks vörugjalds skv. 1. mgr. að reikna sérstakt vörugjald, 24% og 30% skv. 2. gr. á 80% heildsöluverðsins að viðbættu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980 um vörugjald, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 12/1981. Svarar það til 19,2% og 24% af heildsöluverði að viðbættu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980 um vörugjald, sbr. 1. mgr. laga nr. 12/1981, en án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umbods- og sölulaunum, afsláttar vegna dreifingar eða öðrum gjöldum. Vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds, 32% og 40%, til 28. febrúar 1983, sbr. 2. gr. svarar það með sama hætti til 25,6% og 32% af heildsöluverði.

3. gr.

Af vörum, sem um ræðir í b-lið 1. gr. og með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 1. mars 1983 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m.a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða vörugjald, sem samkvæmt ákvæðum 1. gr. þessarar reglugerðar gildir frá og með 1. mars 1983, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir apríllök 1983.

Hafi innflytjandi fyrir 1. mars 1983 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl yfir vöru sem um ræðir í b. lið 1. gr. sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd

B 15

gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem gildir til og með 1. mars 1983 en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 8. mars 1983.

4. gr.

Vegna breytinga þeirra sem um ræðir í 2. gr. reglugerðar þessarar skulu framteljendur skila tveimur skýrslum um sérstakt vörugjald vegna tímabilsins 1. janúar til og með 31. mars 1983, annarri fyrir sölu vörugjaldsskyldrar innlendirar framleiðslu á tímabilinu 1. janúar til 28. febrúar 1983 en hinni fyrir marsmánuð 1983.

Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af vörugjaldsskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum gildir frá og með 1. mars 1983.

Fjármálaráðuneytið, 28. febrúar 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 634 30. desember 1980 um vörugjald, sbr. reglugerð nr. 234 30. apríl 1981, nr. 244 8. maí 1981 og nr. 468 23. ágúst 1982 um breyting á henni.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar verði tvær málsgreinar er orðist svo:

Sé almenn verðlagning framleiðenda miðuð við heildsöluverð er honum heimilt í stað útreiknings vörugjaldsins skv. 1. mgr. að reikna vörugjald 7% og 17%, sbr. 1. gr., á 80% heildsöluverðsins. Svarar það til 5,6% og 13,6% af heildsöluverðinu án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- og sölulaunum, afslætti vegna dreifingar eða öðrum gjöldum.

Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en vörugjald myndar stofn til sérstaks tímabundins vörugjalds og söluskatts.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 með síðari breytingum og gildir frá og með 1. mars 1983.

Fjármálaráðuneytið, 28. febrúar 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 3. mars 1983 nema kr. 3,40 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 3. mars 1983. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 614/1982 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 3. mars 1983 skal greiða kr. 0,34 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, er á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni eða meira þann 3. mars 1983, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna, er fram fór fyrir 3. mars 1983.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 614/1982 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 2 mars 1983.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 66/1983 um breyting á reglugerð nr. 467/1982
um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum.**

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. mars 1983.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

3. mars 1983

117

Nr. 70

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum við Kögurgrunn.

1. gr.

Frá kl. 19.00, 4. mars 1983 til og með 31. mars 1983, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra C-loranpunkta:

1.	46400,	62600
2.	46600,	62600
3.	46600,	62500
4.	46500,	62500
5.	46500,	62550
6.	46400,	62550

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3 mars 1983.

F. h. r.
Jón Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 71

118

25. febrúar 1983

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka um 14.74% frá og með 1. mars 1983 frá því sem þær voru í febrúar 1983.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. febrúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 72

1. mars 1983

REGLUGERÐ

um breyting á reglum um ferðakostnað sjúklinga innanlands nr. 70/1982.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Endurgreiðsla sjúkrasamlaga

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferðin er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 300 krónum en síðari ferðir að frádregnum 150 krónum. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 15. mars 1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. mars 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um viðbótargreiðslur láglauabóta.

1. gr.

Greiða skal aðilum, sem um er rætt í 2. gr. reglugerðar nr. 704/1982 með áorðnum breytingum, láglauabætur, enda uppfylli þeir öll eftirfarandi skilyrði:

1. Að laun skv. reit 21 á skattframtali 1982, sbr. 1. másl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 704/1982, séu á bilinu 10.000 kr. til 70.000 kr. og útsvarsstofn viðkomandi sé minna en 20.000 kr. umfram fjárhæð launa í reit 21.
2. Að eignarskattsstofn viðkomandi samkvæmt skattframtali 1982 sé eigi hærri en 326.250 kr. hjá hvoru hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, 489,375 kr. hjá einhleypingi og 652.500 kr. hjá einstæðu foreldri.
3. Að útsvarsstofn maka samkvæmt skattframtali 1982 sé ekki yfir 140.000 kr.
4. Að námsfrádráttur í reit 51 á skattframtali 1982 sé ekki hærri en 5.438 kr. Þetta skilyrði gildir þó ekki um þá sem hafa barn á framfæri sínu.

Láglauabætur samkvæmt grein þessari skulu vera 1.000 kr. en frá þeim bótum skal draga útborgaðar bætur samkvæmt reglugerð nr. 704/1982 með áorðnum breytingum. Lægri útborgun fjárhæðar en 300 kr. fellur niður við greiðslu.

2. gr.

Ellli- og örorkulífeyrisþegar, sem fengu í janúar 1983 óskerta tekjutryggingu, skulu fá greiddar 1.000 kr. láglauabætur en þeir sem þá fengu skerta tekjutryggingu skulu fá greiddar 750 kr. láglauabætur að uppfylltum skilyrðum 2. tl. 1. mgr. 1. gr. þessarar auglýsingar. Breytingar er síðar kunna að verða gerðar á greiðslu tekjutryggingar fyrir janúar 1983 hafa ekki áhrif á ákvörðun samkvæmt þessari grein.

Frá bótum, sem greiða skal út samkvæmt grein þessari, skal draga útborgaðar bætur samkvæmt reglugerð nr. 704/1982 með áorðnum breytingum, svo og útborgaðar bætur skv. 1. gr. þessarar auglýsingar. Lægri útborgun fjárhæðar en 300 kr. fellur niður við greiðslu.

3. gr.

Varðandi útreikning og kærufrest gilda reglur 2. og 9. gr. reglugerðar nr. 704/1982 með áorðnum breytingum.

4. gr.

Láglauabætur samkvæmt auglýsingu þessari skal greiða út í mars 1983 ásamt bótum samkvæmt reglugerð um breyting á reglugerð nr. 704/1982 um láglauabætur.

5. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. mars 1983.

Ragnar Arnalds.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um bann við innflutningi og notkun asbests.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Innflutningur og notkun asbests er bönnuð með þeim undantekningum, er greinir í 2. og 3. gr.

Með asbesti er átt við þráðlaga, kristölluð sílíkatsambönd: Krýsótl (hvítt asbest), krókídólít (blátt asbest), amósít (brúnt asbest), antófyllít, tremólít og aktínólít. Fyrir efni og vörur, er hafa asbest að geyma sem óhreinindi, gildir bann þetta eingöngu, ef styrkt asbests er 1% eða meira, nema annað sé ákveðið.

2. gr.

Innflutningur og notkun.

Vinnueftirlit ríkisins getur að höfðu samráði við eiturefnanefnd veitt undanþágur frá ákvæðum 1. málsg. 1. gr. um bann við innflutningi og notkun á asbesti og vörum úr asbesti. Slíkan innflutning og notkun skal takmarka við það notagildi eitt, að önnur efni komi ekki með góðu móti í stað asbests.

Skal í hverju veittu leyfi til innflutnings samkvæmt 1. málsg. taka fram til hverra nota varningurinn er ætlaður og er óheimilt að nota hann til annars.

Rísi upp ágreiningur milli Vinnueftirlits ríkisins og eiturefnanefndar um veitingu undanþágu skv. 1. mgr. sker heilbrigðismálaráðherra úr.

Um notkun, vinnslu og meðferð asbests á vinnustöðum fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Vinnueftirlit ríkisins tilkynnir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu um þær undanþágur, sem veittar eru samkvæmt ákvæðum 1. málsg.

3. gr.

Hreinsun og förgun.

Asbestmengað loft skal hreinsa áður en því er blásið út í andrúmsloftið með þar til gerðum búnaði, sem Hollustuvernd ríkisins viðurkennir.

Eigi má farga asbesti nema að fengnu leyfi Vinnueftirlits ríkisins sem hefur um slíkt samráð við Hollustuvernd ríkisins og eiturefnanefnd og ennfremur Siglingamálastofnun ríkisins, ef um förgun í sjó er að ræða.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 16. og 24. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni og lögum nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað snertir afskipti Vinnueftirlits ríkisins, öðlast gildi 1. september 1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. febrúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um asbest.

Markmið.

1. gr.

Með reglum þessum er leitast við að fyrirbyggja atvinnusjúkdóma, sem innöndun asbetryks getur haft í för með sér, með því að koma í veg fyrir notkun asbests.

Gildissvið.

2. gr.

Reglur þessar gilda um alla starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þar sem asbest og vörur sem hafa asbest að geyma eru notaðar, framleiddar og meðhöndlaðar á einhvern hátt.

Jafnframt gilda reglur þessar um allan innflutning á asbesti og vörum sem innihalda asbest.

Fyrir vörur sem innihalda asbest sem óhreinindi gilda reglurnar ef hlutur asbest er 1% eða meir.

Skilgreiningar.

3. gr.

Með asbesti er í reglum þessum átt við eftirtalin þráðlaga, kristölluð silikatsteinefni: Krýsótl (hvítt asbest), krókídólít (blátt asbest), amósít (brúnt asbest), antófyllít, tremólít og aktínólít.

Almennt ákvæði.

4. gr.

Bannað er að flytja inn, framleiða, nota eða meðhöndla á annan hátt asbest og vörur sem innihalda asbest með þeim undantekningum sem heimilaðar eru í reglum þessum sbr. 5. gr.

Undanþágur.

5. gr.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt heimild til innflutnings, notkunar eða meðhöndlunar á asbesti og vörum sem innihalda asbest í neðgreindum tilvikum:

1. Til viðhalds og viðgerða á byggingum, vélum og öðrum búnaði ef það er nauðsynlegt til að búnaðurinn haldi gildi sínu og ekki er unnt að nota önnur minna skaðleg efni. Sama gildir um vélar, tæki og annan búnað þar sem asbest er í einstökum, afmörkuðum hlutum búnaðarins.
2. Við niðurrif á byggingum, byggingarhlutum eða búnaði.
3. Í einstökum tilvikum, enda hafi verið sýnt fram á með fullgildum rökum að mati Vinnueftirlitsins að notkun asbests sé forsenda viðkomandi verkframkvæmdar og að öryggisráðstafanir séu fullnægjandi.

Sækja skal um heimild til innflutnings og notkunar á asbesti samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar til Vinnueftirlits ríkisins á eyðublöðum sem þar fást.

Merkingar og aðvaranir.

6. gr.

Asbest og asbestvörur skulu greinilega merktar af framleiðanda eða innflytjanda eftirfarandi áletrun: „**Varúð.** Inniheldur asbest. Innöndun asbestryks getur valdið alvarlegum sjúkdómum.“

Þar sem unnið er með asbest, sbr. 1. mgr. 5. gr., skulu festar upp viðvaranir um hættu af völdum asbestryks og leiðbeiningar um starfshætti sem samræmast reglum þessum. Starfsmenn sem vinna við asbest skulu fræddir um þær hættur sem innöndun asbestryks hefur í för með sér.

Varnir gegn asbestmengun.

7. gr.

Öll vinna við asbest og vörur sem innihalda asbest skal fara þannig fram að rykmengun frá þeim sé svo lítil sem kostur er.

Fjarlægja skal ryk frá þeim stað sem það myndast með vélknúinni loftræstingu.

Gæta skal þess að albestmengað loft frá vélknúinni loftræstingu sé ekki endurnýtt. Asbestmengað loft skal hreinsað áður en því er blásið út í andrúmsloftið með þar til gerðum búnaði sem Hollustuvernd ríkisins viðurkennir.

Vinnueftirlit ríkisins getur gefið nánari fyrirmæli um varnir gegn asbestmengun í einstökum tilvikum.

Eigi má farga asbesti nema að fengnu leyfi Vinnueftirlits ríkisins sem hefur um slíkt samráð við Hollustuvernd ríkisins og eiturefnanefnd og enn fremur Siglingamálastofnunn ríkisins sé um förgun í sjó að ræða.

8. gr.

Í allri vinnu þar sem hætta er á asbestmengun skulu starfsmenn nota öndunargrímur af viðurkenndri gerð.

Í vinnu með asbest og vörur sem innihalda asbest skulu starfsmenn vera klæddir sérstökum vinnufatnaði sem tekur ekki í sig ryk.

Starfsmenn skulu skipta reglulega um vinnuföt og fara úr þeim í matarhléum og strax að lokinni vinnu.

Hver starfsmaður skal hafa aðgang að tveimur fataskápum þar sem annar er fyrir gönguföt og hinn fyrir vinnuföt.

Starfsmenn sem vinna við asbest skulu hafa aðgang að steypibaði að lokinni vinnu.

9. gr.

Óheimilt er að unglingar yngri en 16 ára vinni við asbest og vörur úr asbesti.

10. gr.

Vinnustaður þar sem notað er asbest eða vörur sem innihalda asbest skal þrífinn svo oft sem þörf krefur. Við þríf skulu notaðar ryksugur af viðurkenndri gerð eða aðrar aðferðir sem takmarka rykmengun. Asbestmengud vinnuföt skal ekki geyma eða þvo með öðrum fatnaði.

Mælingar.

11. gr.

Pegar Vinnueftirlit ríkisins krefst þess skal atvinnurekandi láta fara fram mælingar á asbestryki í andrúmslofti starfsmanna í samráði við stofnunina.

Læknisskoðun.

12. gr.

Starfsmenn sem vinna við notkun eða meðferð asbests skulu gangast undir læknisskoðun samkvæmt nánari ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins sbr. 67. gr. laga nr. 46/1980.

Gildistaka.

13. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 33., 38., 40., 50., 51., 67. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og öðlast gildi 1. september 1983.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til 1. janúar 1984 er heimilt að nota asbest og asbestvörur sem fluttar eru til landsins fyrir 1. september 1983.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

22. febrúar 1983

Nr. 76

REGLUGERÐ**um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðingshjálp í rannsóknnum og röntgengreiningu.**

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðingslæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 64 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 64 hvernar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 64 af kostnaði við hverja röntgengreiningu. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf t. gjald, þ. e. a. s. kr. 32 í hvert skipti.

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr. skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknnum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. mars 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 83/1982 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. febrúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu eiturefna.

1. gr.

Gildissvið og afgreiðsla.

Eiturefni teljast efni þau, sem greind eru á listum I og II í 1. gr. gildandi reglugerðar um flokkun eiturefna og hættulegra efna nr. 445/1978, ásamt síðari breytingum og viðaukum.

Eiturefni mega þeir einir láta úti og selja, er ræðir í 1.—5. tölulið 1. mgr. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, sbr. einnig 7. og 8. gr. laganna. Nánari fyrirmæli um sölu og afhendingu eiturefna eru í reglugerð um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvaramandi leyfa nr. 131/1971.

Óheimilt er að tollafgreiða eiturefni, sem talin eru á lista I og II sbr. 1. mgr. nema innflytjandi leggi fram við tollafgreiðslu vörureikning, sem Lyfjaeftirlit ríkisins hefur samþykkt til innflutnings, sbr. ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 455/1975 um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, með síðari breytingum.

2. gr.

Sameiginleg ákvæði.

Ílát skulu vera þétt og vel lukt þannig, að eiturefni vinni ekki á þeim eða berist frá þeim og verði að tjóni eða mengi umhverfið. Varast ber að geyma ílát með eiturefnum þannig, að á þeim verði villst og ílátum undir matvæli, lyf, snyrtiefni eða annað, sbr. einnig ákvæði 9. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni.

Leitast skal við að selja og varðveita eiturefni í upphaflegum ílátum framleiðanda.

Ef tiltekin eiturefni eru talin sérstaklega viðsjárverð, er heimilt að hafa ílát með slíkum efnum í sérstökum öryggisumbúðum.

Á ílátum undir eiturefni skal auk nafns framleiðanda (seljanda) greina heiti efnis og styrkt í hundradshlutum eða mólstyrkt, ef við á. Upplýsingar þessar skulu vera á sérstökum merkimiða, sem er tryggilega festur á ílát eða öryggisumbúðir undir eiturefni eða greypar í ílátin. Texti upplýsinga þessara skal vera með greinilegu letri svo og texti notkunarfyrisagna eða annarra leiðbeininga, er framleiðandi (seljandi) telur að vera eigi á ílátunum.

Stórir bókstafir, er greinir við einstök efni að neðan (sjá 3. og 4. gr.), eiga við varnaðarmerki, sbr. viðauka 1. Setja skal varnaðarmerki á ílát undir einstök efni, svo sem bókstafir þessir gefa til kynna. Varnaðarmerki skulu vera tryggilega fest á ílát og vera hæfilega stór í hlutfalli við stærð íláta. Ef ílát er stærra en sem nemur 25 l að rúmmáli, skal festa varnaðarmerki á a. m. k. tvo mismunandi staði, t. d. á báða botna, ef um tunnur er að ræða.

Ef eiturefni eru framleidd og ílát merkt samkvæmt tilskipun Efnahagsbandalags Evrópu (67/548 EEC) 27.6. 1967, með breytingum og viðaukum, og varðveitt eða seld í upphaflegum ílátum framleiðanda, skal einungis festa á ílátin hið fyrsttalda varnaðarmerki, er greinir við einstök efni að neðan. Ef um önnur eiturefni er að ræða í upphaflegum ílátum framleiðanda, er standast kröfur Efnahagsbandalagsins, skal innflytjandi (seljandi) leita áljúts eiturefnanefndar á því, hver þeirra varnaðarmerkja, er greinir í viðauka 1, eigi við.

Ef innflytjandi (seljandi) rýfur upphafleg ílát framleiðanda og setur eiturefni í önnur ílát, ber hann ábyrgð á því, að þau ílát séu jafngóð hinum upphaflegu. Skal merkimiði í slíku tilviki vera gulur.

Ef eiturefni eru seld í öðrum ílátum en hinum upphaflegu, skulu þær upplýsingar, er greinir á merkimiða, sbr. 4. mgr. að framan, vera á íslensku. Varnaðarmerki skulu ennfremur vera svo sem greinir við einstök efni að neðan. Ef um er að ræða önnur eiturefni

en þar eru talin, skal innflytjandi (seljandi) leita álits eiturefnanefndar um það, hver varnaðarmerki, sem talin eru í viðauka 1, eigi við.

Ef ílát hafa að geyma varning eða efnablöndur, sem í eru eiturefni, er bæði eru talin á listum I og II, skulu varnaðarmerki vera svo sem við á um það/þau efni, sem talið er á lista I.

Í flutningum innanlands skulu vera viðeigandi merkimiðar og varnaðarmerki á ystu umbúðum um ílát undir eiturefni, sbr. ákvæði 4. og 5. málsg. að framan, sbr. einnig ákvæði 6. og 8. málsg.

3. gr.

Ákvæði um varnaðarmerki á ílát undir eftirtalin eiturefni á lista I.

Efni	Varnaðarmerki
ARSEN og ólífræn arsensambönd (önnur en blý-, kalcíum- og zinkarsenöt)	A+D
CÝANVETNI (BLÁSÝRA)	A+D+G
CÝANSAMBÖND, er í vatnslausn klofna í cýaníðjóna	A+D
DÍKLÓRDÍMKETÝLETRÍ	A+I
DÍMETÝLSÚLFAT	A+D
DÍNÍTRÓFENÓL (2.4-dínítrófenól)	A+D
DÍNÓSEB	A+D
FLÚSSÝRA (FLÚORVETNI) og alkálí- og ammóníumsölt sýrunnar	A+D
FOSFÓR, gulur	A+D+G
FOSFÓRVETNI (FOSFÍN)	A+D+G
KVIKASILFUR	B+D
KVIKASILFURSAMBÖND, ólífræn, sbr. þó lista I í 1. gr. reglugerðar nr. 445/1978	A+D
METÝLBRÓMÍÐ (MÓNÓBRÓMMETAN)	A+I
NATRÍUM	A+G
STRYKNÍN og stryknínsölt	A+D
TETRAETÝLBLÝ	K

4. gr.

Ákvæði um varnaðarmerki á ílát undir eftirtalin eiturefni á lista II.

Efni	Varnaðarmerki
ALLÝLALKÓHÓL (PRÓPENÓL)	A+G+ I
ANTÍMONSAMBÖND, ólífræn önnur en antímonsúlfíð og litarefni	A+D
BARÍUMSÖLT, önnur en baríumsúlfat	A+D
BLÝARSENAT	K
BÓRSÝRA, óblönduð, í duftblöndum og lausnum, ef magn er umfram 20 g	F
BRÓM	A+D
DÍETÝLSÚLFAT	B+D+I
DÍKLÓREDIKSSÝRA og sölt sýrunnar í lausnum eða blöndum, ef styrkt er meira en 50% w/v	A+D
DÍKLÓRETAN (1.2.-díklóretan), ef látið er út í meira magn en 100 ml	B+G+I
DÍNÍTRÓBENZEN (meta- og paradínítróbenzen)	A+D
HYDROXÝLAMÍN og hýdroxýlamínsölt	D+G
KADMÍUMSAMBÖND, ólífræn önnur en kadmíumsúlfíð	A+D
KALÍUM	A+G
KALÍUMKRÓMAT, KALÍUMDÍKRÓMAT	D
KALÍUMNÍTRÍT, óblandað	A+ F
KLÓRÓFORM	B+I
KRÓMTRÍOXÍÐ	A+H
LITÍUM	A+G

Efni	Varnaðarmerki
LITÍUMHÝDROXÍÐ	B+H
LITÍUMSÖLT, ólifraen	B+F
MERKÚRÍOXÍÐ	B+F
METANÓL (METÝLALKÓHÓL, TRÉSPÍRITUS)	A+G
NATRÍUMNÍTRÍT, óblandað	A+F
NÍTRÓBENZEN	A+G+I
TETRAKLÓRETÝLEN (PERKLÓRETÝLEN), ef látið er úti meira magn en 200 ml	D+I
TERTRAKLÓRMETAN (TETRAKLÓRKOLEFNI)	A+I
TRÍKLÓREDIKSSÝRA og sölt sýrunnar í lausnum eða blöndum, ef styrkt er meiri en 50% (w/v)	A+D
TRÍKLÓRETÝLEN (1,1,2-tríklóretýlen), ef látið er úti meira magn en 100 ml	E+I

5. gr.

Sérákvæði um merkingu og varðveislu eiturefna á vinnustöðum.

Framangreind efni, ein sér eða í blöndum, er heimilt að geyma í tönkum, kerjum, tunnum, brúsum eða dunkum á vinnustöðum þótt ekki séu merkt samkvæmt framansögðu. Skal þó festa á ílát þessi það varnaðarmerki (sbr. viðauka 1), er fyrst greinir í 3. eða 4. gr. að framan, aftan við heiti hlutaðeiganda efnis eða þess/þeirra efnis/efna, sem mest er af í blöndunni. Auk varnaðarmerkis þess, sem við á, skal merkja ílát greinilega heiti efnis eða þess efnis, sem mest er af í blöndunni.

Framangreind ákvæði gilda ennfremur um hvers konar lagnir, leiðslur og slöngur, er efni þessi fara um. Vinnueftirlit ríkisins getur krafist þess, að slíkar lagnir, leiðslur og slöngur séu með sérstökum lit og sérstakrar gerðar.

Eiturefni þau, er að framan greinir, skal varðveita á vinnustöðum þannig, að sem tryggilegast sé um þau búið og sem minnst hætta stafi af notkun þeirra. Vinnueftirlit ríkisins setur nánari reglur að þessu lútandi í samræmi við lög nr. 46/1980, um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

6. gr.

Eftirlit.

Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með sölu og varðveislu eiturefna í lyfjabúðum, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum. Hollustuvernd ríkisins hefur ennfremur eftirlit með sölu og varðveislu eiturefna í öðrum fyrirtækjum, sem hafa heimild til sölu þeirra samkvæmt 5. tl. 5. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með eiturefnum á vinnustöðum, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 455/1978, sbr. einnig 5. gr. að framan.

7. gr.

Viðurlög.

Með mál, er rísa vegna brota á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

Fyrir brot gegn reglugerð þessari skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt, og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi, allt að 2 árum.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 17. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og öðlast gildi 1. júlí 1983.


Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. febrúar 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

Viðauki 1.

VARNAÐARMERKI



VARNAÐARMERKI A

VARÚÐ – HÆTTULEGT

VARNAÐAR-
MERKI B

HÆTTULEGT AÐ NEYTA ÓPYNNT

VARNAÐARMERKI C

(Rautt letur á ljósum grunni)

MÁ EKKI GEYMA HJÁ EÐA HELLA Í
ÍLÁT, SEM NOTUÐ ERU UNDIR
MATVÆLI EÐA LYF. ANDIÐ EKKI AÐ
YÐUR INNIHALDINU, NEYTIÐ ÞESS
EKKI NÉ LÁTIÐ ÞAÐ LIGGJA Á HÚÐ.
GEYMIÐ ÞAR, SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

VARNAÐARMERKI D

(Rautt letur á ljósum grunni)

MÁ EKKI GEYMA HJÁ EÐA HELLA Í
ÍLÁT, SEM NOTUÐ ERU UNDIR
MATVÆLI EÐA LYF.
GEYMIÐ ÞAR, SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

VARNAÐARMERKI E

(Rautt letur á ljósum grunni)

VARÚÐ
GEYMIÐ ÞAR, SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

VARNAÐARMERKI F

(Rautt letur á ljósum grunni)

ELDFIMT FORÐIST ELD
OG ÓBYRGT LJÓS

VARNAÐARMERKI G

(Rautt letur á ljósum grunni)

SPRENGIFIMT FORÐIST
ELDNÆM
EFNI

VARNAÐARMERKI H

(Rautt letur á ljósum grunni)

VARÚÐ VIÐ ALLA MEÐHÖNDLUN
ER GÓÐ LOFTRÆSTING
NAUÐSYNLEG
GEYMIÐ Á KÖLDUM STAÐ

VARNAÐARMERKI I

(Rautt letur á ljósum grunni)

VARÚÐ HÆTTA Á
BLÝEITRUN

VARNAÐARMERKI K

(Rautt letur á ljósum grunni)

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði
nr. 246/1982.**

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 26 kr., en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 64 kr. en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gald, þ. e. kr. 13 og kr. 32 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. mars 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 283/1982 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. febrúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.**

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma, skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 15 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 30 fyrir hverja vitjun lækni til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimilid í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. mars 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 80/1982 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. febrúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

1. Gránufélagsgötu verður lokað rétt austan Glerárgötu.
2. Lokun Gránufélagsgötu austan Norðurgötu verður felld niður.
3. Tvístefnuakstur verður á Gránufélagsgötu milli Glerárgötu og Norðurgötu, en stöðvunarskylda við Norðurgötu.
4. Einstefnuakstur verður á Gránufélagsgötu til austurs, frá Norðurgötu að Hjaltreyrargötu.
5. Einstefnuakstur verður til suðurs um Grundargötu.

Ákvæði auglýsingar þessarrar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 23. febrúar 1983.

Eliás I. Eliasson.

15. febrúar 1983

Nr. 81

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér segir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgðaákvæðum Kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgðaákvæðum Kr.
Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:		
1. sept. 1982	192 153	576 460
1. desember 1982	206 987	620 963
1. janúar 1983	211 127	633 382

Samgönguráðuneytið, 15. febrúar 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Pálinu Pálsdóttur og Jóns Andréssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum, af dómsmálaráðherra 18. febrúar 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Pálinu Pálsdóttur og Jóns Andréssonar.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um hjónin Pálinu Pálsdóttur og Jón Andrésson frá Valdasteinsstöðum í Hrutafirði af dætrum þeirra Ingibjörgu og Guðlaugu, Grandavegi 28, Reykjavík 13. okt. 1975.

1. gr.

Sjóðurinn er gefinn Héraðsskólanum að Reykjum.

2. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður hjónanna Pálinu Pálsdóttur og Jóns Andréssonar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er gkr. 100 000 — eitt hundrað þúsund. —.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Hrutfirðinga eða annarri viðurkenndri peningastofnun með bestu fánlegum vaxtakjörum.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða, en allt að $\frac{2}{3}$ vaxta sjóðsins skal varið til kaupa á viðurkenndum íslenskum skáldverkum eða fræðiritum handa bókasafni skólans.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: skólastjóri héraðsskólans, formaður skólanefndar og sá af starfsmönnum skólans, sem hefur umsjón með bókasafninu.

7. gr.

Stjórnin sér um bókhald yfir fjárreiður sjóðsins og heldur skrá um þær bækur, sem keyptar eru fyrir fé hans.

8. gr.

Verði Héraðsskólinn að Reykjum lagður niður eða hann hætti algjörlega störfum, skal fjármunum sjóðsins ráðstafað til barnaskólanna (grunnskólanna) í Staðarhreppi, V-Húnavatnssýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Júlíusar Þorsteinssonar, kennara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. janúar 1983. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Júlíusar Þorsteinssonar, kennara.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á Akureyri hinn 28. nóvember 1982 til minningar um Jón Júlíus Þorsteinsson kennara frá Ólafsfirði, síðast starfandi við Barnaskóla Akureyrar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins (höfuðstóll) er kr. 5 000,00 lagt fram af stofnendum sjóðsins, þ. e. vinum, vandamönnum og öðrum, er hafa áhuga á tilgangi þessa sjóðs. — Höfuðstóllinn má ekki skerða. —

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Landsbanka Íslands eða á annan tryggilegan hátt að mati sjóðsstjórnar hverju sinni.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst að gefa út kennslugögn fyrir hljóðlestrar-, tal- og söngkennslu. Annað getur þó komið til greina og skal það metið af sjóðsstjórn hverju sinni.

Fyrsta verkefni:

Kennslugögn Jóns Júlíusar Þorsteinssonar, kennara, þ. e. hljóðstöðumyndir, íslensk máhljóð og leiðbeiningar við hljóðlestrarkennslu ásamt viðbæti Árna Böðvarssonar, cand. mag., þ. e. hljóðasambönd og skýringar.

4. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku minningargjöfum og öðrum gjöfum.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

6. gr.

Aðalfund skal halda í september ár hvert, í fyrsta skipti í september 1983.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: 5 í aðalstjórn og 3 til vara. Þeir skulu valdir úr hópi starfsfólks eftirtalinna skóla: Barnaskóla Akureyrar, Glerárskóla, Oddeyrarskóla, Lundarskóla, Tónlistarskóla Akureyrar og Barnaskóla Ólafsfjarðar, einn frá hverjum skóla. Ennfremur skulu 2 valdir úr hópi aðstandenda og vina Jóns Júlíusar Þorsteinssonar og/eða áhugafólks um málefni sjóðsins. — Endurskoðendur skulu vera 2 og 1 til vara. — Stjórnin kýs formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Aðalfundur kýs endurskoðendur.

Sjái einhver af stjórnarmönnum sér eigi fært að starfa áfram, tilnefni hann mann í sinn stað. Samþykki stjórnar þarf fyrir slíkri breytingu.

8. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd fjárveitinga sjóðsins, reikningshald og umsjón hans.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að ráða sérstakan framkvæmdastjóra og fela honum nánar tiltekin verkefni.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983:

Vélskelflett rækja:

Færri en 350 stk. í lbs.

	SDR pr. lbs. cif.
Blokkfryst	2,49
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,61
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,49
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,90
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,04

Fleiri en 350 stk. í lbs. og óflokkuð:

Blokkfryst	2,38
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,38
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,49
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,76
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,90

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. febrúar 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um Tollskóla ríkisins, veitingu í fastar tollstöður o. fl.

I. KAFLI

Um Tollskóla ríkisins og starfsnám.

1. gr.

Við embætti tollstjórans í Reykjavík skal starfræktur Tollskóli ríkisins er veiti tollstarfsmönnum almenna menntun í tollfræðum, sbr. 3. og 5. gr., svo og sérmenntun í ýmsum greinum á sviði tollheimtu og tollgæslu.

Tollstjórinn í Reykjavík skal veita skólanum forstöðu og ræður stundakennara og annað starfslíð til skólans. Tollgæslustjóri hefur umsjón með kennslu og prófun tollgæslumanna að því er varðar tollgæslustörf.

Yfirumsjón með starfsemi tollskólans hefur skólanefnd sem skipuð er starfsmanni fjármálaráðuneytisins tilnefndum af fjármálaráðherra, tollstjóranum í Reykjavík og tollgæslustjóra. Starfsmaður fjármálaráðuneytisins er formaður skólanefndar.

Skólanefnd kveður nánar á um námsefni í samræmi við ákvæði 3. og 5. gr. og skal gera tillögur um kennara til forstöðumanns skólans. Skal nefndinni heimilt að fella niður eða bæta við námsgreinum eftir því sem þörf þykir.

2. gr.

Almennu námi í tollskólanum í tollfræðum skal að jafnaði lokið innan tveggja ára frá ráðningu tollstarfsmanns. Skal því skipt í grunnám er fari fram í tveimur öðrum, sbr. 3. og 5. gr., og starfsnám er fari fram að loknu grunnámi fyrri annar.

3. gr.

Tollstarfsmenn sem ráðnir hafa verið til reynslu í fastar tollstöður við tollendurskoðun eða tollgæslustörf að aðalstarfi skulu kvaddir til náms í tollskólanum svo fljótt sem við verður komið að mati viðkomandi tollstjóra og tollgæslustjóra.

Fyrri önn grunnnáms tollskólans skal standa yfir í tvo mánuði hið skemmsta.

Kennsla á fyrri önn grunnnáms skal miða að því að veita nemandanum nægjanlega undirstöðuþekkingu til þess að hann geti hafið störf sem nýliði við tollendurskoðun og tollgæslu. Eftirfarandi námsgreinar skulu kenndar:

1. Skipan tollheimtu og toleftirlits.

Áhersla skal lögð á að veita nemendum almenna fræðslu um skipan tollamála innan stjórnkerfisins og þær grundvallarreglur sem stjórn þeirra er byggð á, tollstjórnina, starfsmenn við tollheimtu og toleftirlit og almenna verkaskiptingu þeirra, réttindi og skyldur tollstarfsmanna samkvæmt lögum og reglum þar að lútandi og menntun þeirra innan tollkerfisins.

2. Tollalöggjöf og reglur.

Nemendum skulu kynnt í grundvallaratriðum ákvæði laga um tollheimtu og toleftirlit og tollvörugæmslur o. fl. svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Jafnframt skal farið yfir helstu lög og reglur um innflutningsbann, innflutningstakmarkanir og einkasölu.

3. Tollflokkun.

Nemendum skal veitt fræðsla um uppbyggingu flokkunarkerfis tollskrárinnar, meginreglur um flokkun vara í tollskránni og leiðbeint um notkun helstu skýringarrita. Jafnframt skal gerð grein fyrir þeim gjöldum sem lögð eru á innfluttar vörur með tilliti til flokkunar þeirra samkvæmt tollskrárlögum.

4. Vörufræði.

Gerð skal grein fyrir hugtakinu vara í tollalegum og almennum skilningi og framleiðslu, efnissamsetningu, gerð, eðli, virkni og notagildi ýmissa vörutegunda. Skal leitast við að tengja kennslu vettvangs- og skoðunarferðum í stofnanir og fyrirtæki sem vinna að rannsókn eða framleiðslu mikilvægustu vörutegunda. Miða skal að því að í starfsnámi geti nemandi hagnýtt sér nám í vörufræði við flokkun vara samkvæmt tollskrá.

5. Gerð aðflutningsskýrslu og útreikningur aðflutningsgjalda.

Farið skal yfir helstu reglur sem gilda um afhendingu og frágang aðflutningsskýrslu, vörureiknings og annarra staðfestingarskjala. Kennnd skulu undirstöðuatriði við ákvörðun tollverðs og útreikningur þeirra gjalda sem innheimt eru í tolli. Leiðbeint skal um notkun þeirra eyðublaða sem notuð eru vegna tollheimtu og tollefirlits, s. s. aðkomuskjala, aðflutningsskýrslu, endursendingarbeiðna og útflutningsvottorða, skoðunargjörða, búslóðayfirlýsinga, tollseðla og bráðabirgðatollafgreiðslna.

6. Reikningshald, verslunarréttur og milliríkjavíðskipti.

Kennnd skulu grundvallaratriði bókhalds og reikningsskila svo og þau ákvæði verslunarréttar er snerta flutning varnings milli landa. Lögð skal áhersla á þau ákvæði sem snerta milliríkjavíðskipti og kynnt þau gögn er almennt eru notuð í því sambandi, t. d. farmskírteini, vörureikningar o. fl.

7. Tollgæslufræði.

Nemendum skal gerð grein fyrir starfssviði tollgæslunnar og helstu eftirlitsþáttum sem tengjast samgöngum við landið. Kynntar skulu í meginatriðum þær aðferðir er tollgæslan beitir við eftirlitsstörf, m. a. til að hindra ólöglegan inn- og útflutning.

8. Tungumál.

Áhersla skal lögð á að æfa nemendur í réttitun íslensku, liðlegri setningaskipan og setningu greinarmerkja svo og að kynna þeim undirstöðuatriði í málfræði hennar. Gera skal nemandann hæfan til að tjá sig bæði munnlega og skriflega. Kennnd skal enska og danska eftir því sem þurfa þykir og skal áhersla lögð á orðaforða og lestur efnis sem snertir þau viðfangsefni sem tollstarfsmenn sinna í starfi sínu.

9. Vélritun og skýrslugerð.

Veitt skal leiðsögn í vélritun svo sem þurfa þykir. Kennnd skulu grundvallaratriði skýrslugerðar og tilkynninga. Farið skal yfir niðurröðun efnis, málfar og efnisatriði frumskýrslna. Tekin verði til meðferðar eftirtalin atriði: Tilgangur skýrslugerðar, notkun skýrslueyðublaða og niðurröðun efnis, lýsing á vörum, tilkynningar mótteknar og útsendar, vitni, grunaður, vettvangslýsing og skráning, röðun og vistun skjala.

10. Löggæsluæfingar.

Tollstarfsmenn skulu fá líkamlega þjálfun er miði að því að gera þá hæfa til þess að framfylgja með festu lögum og reglu og með valdi ef nauðsyn ber til. Kennnd skulu undirstöðuatriði við handtöku og sjálfsvörn. Jafnframt skulu tollgæslumenn fá sundkennslu og æfingar í björgun manna frá drukkun.

4. gr.

Þegar tollstarfsmaður hefur lokið fyrri önn grunnnáms skv. 3. gr. og staðist próf að því loknu hefst starfsnám hans sem standa skal yfir í a. m. k. átta mánuði.

Verði því við komið að mati viðkomandi tollstjóra og tollgæslustjóra, skal starfsnám fara fram að hluta við tollembætti sem skipað er fjölmennu liði tollstarfsmanna þar sem reyni á sem flesta þætti tollheimtu- og tolleftirlitsstarfsins.

Starfsnám skal fara fram undir eftirliti viðkomandi tollstjóra, tollgæslustjóra, eða yfirmanns sem tilnefndur er af þeim, og skal því hagað í samræmi við reglur sem skólanefnd setur.

Yfirmaður tollstarfsmanns sem eftirlit hefur með starfsnámi hans skal að því loknu og áður en nám á síðari önn grunnnáms hefst senda skólanefnd skýrslu um starfsnám tollstarfsmannsins.

5. gr.

Tollstarfsmaður sem lokið hefur starfsnámi skv. 4. gr. skal svo fljótt sem aðstæður leyfa kvaddur til náms á síðari önn grunnnáms sem standa skal yfir í fjóra mánuði hið skemmsta.

Kennsla á síðari önn skal miða að því að veita tollstarfsmanni staðgóða menntun í almennu tollheimtu- og tollgæslustarfi. Eftirfarandi námsgreinar skulu kenndar:

1. Skipan tollheimtu og tolleftirlits.

Farið skal yfir meginefni laga um tollheimtu og tolleftirlit og laga um tollvörugeymslur o. fl. og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Skal fræðsla sérstaklega veitt um eftirfarandi:

1. Tollstjórn, yfirstjórn þeirra og tollyfirvöld, tollsvæði og tollumdæmi, tollhafnir o. fl.
2. Tolleftirlit.
3. För í utanlandsferðum.
4. Varsla og tollmeðferð aðfluttra vara í geymslum farmflytjenda, tollvörugeymslna og póststjórnarinnar.
5. Flutningur á ótollafgreiddum vörum innanlands.
6. Gjaldldagi og fullnusta aðflutningsgjalda.
7. Vantanir, skemmdir og endursending á vörum.
8. Útflutningur.
9. Ólöglegur innflutningur og refsingar og önnur viðurlög.

2. Tollskylda og tollfrelsi.

Nemendum skal gerð grein fyrir meginreglum þeim sem fjalla um tollskyldu og tollfrelsi samkvæmt ákvæðum laga um tollskrá o. fl. og sérlaga svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Kennslan skal taka m. a. til eftirfarandi:

1. Tollskyldir aðilar og tollskyldar vörur samkvæmt ákvæðum laga um tollskrá o. fl.
2. Tollfrjálsar vörur og aðilar undanþegnir tollskyldu og takmarkanir á tollfrelsi þeirra.
3. Tollundanþágur og tollalækkanir samkvæmt sérstökum heimildum:
 - a) Friverslunar- og milliríkjasamningar.
 - b) Framhaldsflutningur, tollseðlar og tollband.
 - c) Tímabundinn innflutningur.
 - d) Tollmeðferð á vörum sem hafa eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum.
 - e) Lækkun eða niðurfelling aðflutningsgjalda af vélum, tækjum, varahlutum, efnivörum, hráefnum og umbúðum sem notað er til innlendrar framleiðslu eða þjónustu.
 - f) Samræming tolla.
 - g) Tollmeðferð á vörum sem sendar hafa verið til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu erlendis.
 - h) Ýmsar aðrar undanþágu- eða lækkunarheimildir.

3. Tollflokkun.

Farið skal fræðilega yfir greiningu vara samkvæmt flokkum, köflum, undirköflum og númerum tollskrárinnar. Skal áhersla lögð á beitingu almennra reglna um túlkun tollskrárákvæða og leiðbeint um notkun lögskýringargagna, útskurða og álita um tollflokkun vara og skýringarrita við tollnafnaskrá Tollsamvinnuráðsins.

4. Vörufræði.

Samhliða námi í flokkun vara í tollskrá skal kennd vörufræði. Kennsla í þeirri grein skal taka til námsefnis á sviði matvælarfræði, eðlis- og efnafræði, efnaiðnaðar, viðarfræði, spunaíðnaðar, málmfræði, vélfræði og rafmagnsfræði. Nám skal eftir fönngum tengt vettvangs- og kynnisferðum í stofnanir og fyrirtæki sem stunda rannsóknir eða framleiðslu í þessum greinum.

5. Aðflutningsskjöl og útreikningur aðflutningsgjalda.

Gerð skal ítarleg grein fyrir meginreglum þeim sem gilda um afhendingu og frágang aðflutningsskýrslu og staðfestingarskjala sem afhenda ber með henni vegna tollmeðferðar á aðfluttum vörum, m. a. vöru-reikningi, pökkunarlista, farmskírteini, flutningsskilríki o. þ. h. Jafnframt skal nemendum veitt kennsla í reglum þeim sem gilda um ákvörðun tollverðs vöru og umreikning þess í innlenda fjárhæð samkvæmt reglum um tollafgreiðslu-gengi.

Farið skal yfir lög og reglur um álagningu gjalda sem innheimt eru við tollmeðferð á vöru og kynntir þeir eftirlitsþættir sem sérstaklega ber að hafa í huga við endurskoðun útreiknings innflytjanda í aðflutningsskýrslu og önnur atriði sem upplýsa skal í aðflutnings-skýrslu. Í þessu sambandi skal gerð grein fyrir ferli tollskjala vegna upplýsingaöflunar og endurskoðunar og vörslu þeirra af hálfu Hagstofu Íslands og ríkisendurskoðunar.

Ennfremur skal leiðbeint um eftirfarandi atriði: Undirstöðuatriði verðútreikninga, endurgreiðslubeiðnir, bifreiðalýsingu, innflutningsleyfi, framhalds- og gegnumflutningur, skjöl varðandi tímabundinn innflutning, heilbrigðisvottorð og matsgerðir og tjónaskýrslur.

6. Reikningshald og verslunarréttur.

Lögð skal áhersla á þá þætti sem snerta viðfangsefni sem unnið er að í tollstarfseminni. Gerð skal grein fyrir aðalatriðum í reikningsskilum fyrirtækja. Kennsla skal miða að því að nemendur geti framkvæmt vörutalningar í fyrirtækjum með hliðsjón af bókhaldi þeirra vegna uppgjörs gjalda af vörunum eða framleiðslu úr þeim.

7. Útflutningur.

Gerð skal grein fyrir reglum um útflutning og skjölum og eyðublöðum sem honum tengjast. Leiðbeint skal um útreikning útflutningsgjalda og eftirlit með heimtu þeirra.

8. Ýmis lög og reglur.

Farið skal yfir meginreglur laga, reglugerða og annarra fyrirmæla sem fjalla um eftirfarandi atriði:

1. Varnir, gegn alidýra- og jurtasjúkdómum og öðrum sjúkdómum.
2. Verslun með einkasöluvörur.
3. Innflutningstakmarkanir á sendi- og móttökutækjum, vopnum, sprengiefnum, lyfjum, geislavirkum efnum, eiturefnum og fíkniefnum.
4. Skipan innflutnings- og gjaldeyrismála.

9. Tollgæslufræði.

Veitt skal sérstök fræðsla um starfssvið tollgæslunnar, umferðarrétt og rétt til eftirlits og rannsókna á hafnarsvæðum og flugvöllum og rétt til rannsókna og töku vara sem þar eru geymdar, rétt til leitar í skipum, flugvélum og húsum, á mönnum og í farangri, upplýsingaskyldu gagnvart tolyfirvöldum og afgreiðslu vara í utanlandsferðum.

Kynt skal eftirlit með útflutningi, tollvörugeymslum og tollfrjálsu fylgifé, búnaði og vistun í förum í utanlandsferðum og upplýst um reglur þær sem gilda um innflutning sendiráða erlendra ríkja og starfsmanna þeirra og stjórnarpóst.

10. Refsiréttur.

Skýrð skulu grundvallarhugtök almennra hluta refsiréttarins og þau tengd algengustu brotum á sviði tollamála. Gerð skal grein fyrir hugtökunum tilraun og hlutdeild, ásetningur, fullframning brots, varnaðaráhrif refsinga, hugtakinu refsing og önnur viðurlög og brot í opinberu starfi.

11. Meðferð opinberra mála.

Farið skal yfir meginreglur laga um meðferð opinberra mála og aðgreiningu þeirra frá einkamállum svo og tengsl opinberra mála og refsiréttar. Veitt almennt yfirlit um skipulag og hlutverk dómstólanna, ákærvaldsins, tolyfirvalda og tollgæslunnar; kæruskyldu og frumkvæði tollgæslunnar til aðgerða vegna refsiverðrar háttsemi; frumrannsókn opinbers máls og ráðstöfun þess að henni lokinni; heimildum dómara og tolyfirvalda til þess að ljúka opinberu máli án málshöfðunar; rannsókn og meðferð opinbers máls fyrir dómi; fullnustu refsidóma; almennt um sakborning og réttarstöðu hans; valdbeitingu tollgæslumanna, handtöku, gæsluvarðhaldi, haldi á vörum og leit; yfirheyrslu sakbornings og vitnis.

12. Rannókn brota.

Kenndar skulu aðalreglur um rannsókn afbrota og farið yfir rannsókn nokkurra flokka afbrota á sviði tollamála. Kennð skal yfirheyrslutækni, aðferð við leit í skipum, flugvélum og öðrum farartækjum, húsum og opnum svæðum, leit á mönnum og í farangri. Leiðbeint skal um notkun helstu tækja og gagna sem notuð eru við rannsókn mála.

13. Sálarfræði.

Farið skal yfir nokkur hagnýt atriði sálarfræðinnar varðandi tollheimtu- og tollgæslustarfið og samskipti við fólk.

14. Erlend mál.

Kennsla skal beinast að tungumálum, ensku og norðurlandamáli, sem einkum reynir á í tollstarfinu og skal áhersla lögð á lestur efnis er veitir tollstarfsmönnum þjálfun í úrvinnslu þeirra gagna sem tengjast tollafgreiðslu vara og afgreiðslu fara í utanlandsferðum.

15. Löggæsluæfingar.

Æfingar í framkvæmd ýmissa tollgæsluadgerða, meðferð og beiting tollgæslutækja, sjálfsvörn, sund og leikfimi.

6. gr.

Í lok annar grunnnáms skv. 3. og 5. gr. skulu nemendur prófaðir í námsgreinunum og þeim gefnar einkunnir í heilum tölum frá 1—10. Til þess að standast próf þarf nemandi að fá einkunnina 5 hið minnsta í hverri grein. Fyrir verklega þjálfun, þ. m. t. starfsnám, má gefa tvær einkunnir, fullnægjandi eða ófullnægjandi.

Skrifleg próf dæmir hlutaðeigandi kennari einn. Nemandi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess, innan 15 daga frá birtingu

einkunnar. Vilji nemandi, sem ekki hefur staðist próf, ekki una mati kennarans, getur hann snúið sér til skólanefndar. Skal þá skólanefnd, í samráði við forstöðumann tollskólans, skipa prófdómara í hverju tilviki.

Við munnleg próf skal vera prófdómari og dæma kennari og prófdómari í sameiningu. Hvor um sig skal gefa sjálfstæða einkunn fyrir úrlausn og gilda þær jafnt í einkunnagjöf.

Kennarar eða meirihluti nemenda geta óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi, telji þeir til þess sérstaka ástæðu.

Skólanefnd setur nánari reglum um framkvæmd prófa.

7. gr.

Um framhaldsnám o. fl.

Tollstarfsmenn skulu eftir því sem við verður komið eiga kost á endurmenntunarnámskeiði innan fimm ára frá því að þeir luku námi við tollskólann og síðan á a. m. k. 10 ára fresti. Á námskeiðinu skal rifja upp námsefni grunnnámsins og kynntar lagabreytingar og nýjungar sem snerta störf tollstarfsmanna.

8. gr.

Við tollskólann skal heimilt að starfrækja framhaldsdeild. Kennsla framhaldsdeildar skal miða að því að gera nemendur hæfa yfirmenn í tollheimtu- og tollgæslustörfum. Námsefni skal ákveðið af skólanefnd í samráði við fjármálaráðuneytið, sem ákveður fjölda þátttakenda í náminu að undangenginni auglýsingu.

Um próf í námsefni við framhaldsdeild tollskólans skulu gilda ákvæði 6. gr.

Miða skal að því að yfirmenn verði ekki skipaðir nema þeir hafi lokið framhaldsdeildarprófi.

9. gr.

Í tollskólanum skulu haldin námskeið í ýmsum sérgreinum tollheimtu og tolleftirlits, þ. á. m. tollflokkun, vörufræði, bókhaldi og reikningsskilum, rannsókn brota, fíkniefnarannsóknnum o. fl. samkvæmt nánari ákvörðun skólanefndar.

10. gr.

Við tollskólann skulu haldin námskeið fyrir lausráðna starfsmenn og starfsmenn í hlutastarfi. Jafnframt skal heimilt að halda sérstök námskeið fyrir almennt skrifstofufólk er starfar að tollamálum. Námsefni og kennsla skulu ákveðin af skólanefnd með hliðsjón af námsefni skv. 3. og 5. gr.

11. gr.

Við tollskólann skal vera a. m. k. einn yfirkennari í fullu starfi. Auk almennrar kennslu skal hann hafa umsjón með öflun kennslubóka og annars námsefnis og skipulagningu skólastarfsins undir stjórn forstöðumanns hans sem jafnframt getur falið honum önnur störf við embættið.

12. gr.

Skólanefnd er heimilt í samráði við viðkomandi skólayfirvöld að láta kennslu og próf í einstökum námsgreinum skv. 3. og 5. gr. fara fram í almennum skólum og sérskólum skólakerfisins telji hún kennslu betur fyrir komið með þeim hætti.

Skólanefnd getur í samráði við forstöðumann tollskólans heimilað tollstarfsmönnum og starfsmönnum fyrirtækja sem fást við innflutning og útflutning á vörum eða þjónustu að taka þátt í námi í einni eða fleiri námsgreinum sem kenndar eru við skólann eða námskeiði sem

þar er haldið, enda geti það fallið að og samrýmst eðlilegu skólahaldi. Skulu fyrirtæki sem óska eftir að láta starfsmenn sína taka þátt í starfsemi skólans með ofangreindum hætti greiða skólagjöld eins og þau eru ákveðin af fjármálaráðuneytinu á hverjum tíma.

II. KAFLI

Um veitingu í fastar tollstöður.

13. gr.

Þeir sem ráðnir verða í tollstöður við tollendurskoðun eða tollgæslu skulu auk almennra skilyrða 3. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Umsækjandi skal hafa lokið grunnskóla, fjölbrautarskóla, menntaskóla eða sérskóla er veiti sambærilega menntun. Sérstök áhersla er lögð á góða kunnáttu í íslensku. Skal honum skylt að gangast undir hæfnispróf í íslensku og vélritun. Umsækjandi skal hafa vald á einhverju Norðurlandamálanna, ensku eða þýsku.
2. Umsækjandi um stöðu tollgæslumanns skal auk skilyrða 1. tl. fullnægja þeim skilyrðum að vera á aldrinum 20—30 ára, andlega og líkamlega heilbrigður og skal honum skylt að gangast undir læknisskoðun trúnaðarlæknis sé þess krafist. Jafnframt skal hann hafa almenn öikumansréttindi til bifreiðaaksturs og vera syndur.

Heimilt er að víkja frá einstökum skilyrðum 1. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því.

14. gr.

Skólanefnd, sbr. 1. gr., skal sent afrit af umsókn viðkomandi ásamt tilheyrandi gögnum.

Getur nefndin látið umsækjanda gangast undir almennt hæfnispróf eða hæfnispróf í einstökum greinum og óskað eftir frekari gögnum um einstök atriði umsóknar áður en endanleg ákvörðun er tekin um afgreiðslu hennar.

15. gr.

Þegar tollstarfsmaður hefur verið ráðinn til starfa við tollendurskoðun eða tollgæslustörf ber að líta á fyrstu tvö starfsár hans sem reynslu- og námstíma, sbr. 3.—5. gr.

16. gr.

Eigi skal ráða eða skipa í fastar tollstöður við tollendurskoðun eða tollgæslu aðra en þá sem staðist hafa próf frá tollskólanum. Víkja má frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

17. gr.

Lausráðnir starfsmenn sem sinna tímabundnum verkefnum skulu sækja undirbúningsnámskeið sem haldin eru fyrir þá, nema miklum erfiðleikum sé bundið að koma því við að senda þá á námskeið.

18. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæm 5. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Ákvæði reglugerðar þessarar taka þó ekki til yfirstandandi náms við tollskólann og skal um kennslu og próf í því námi fara venju samkvæmt.

Fjármálaráðuneytið, 18. febrúar 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um veikindaförföll starfsmanna ríkisins.

1. gr.

Ef starfsmaður veikist og getur af þeim sökum eigi sótt vinnu, skal hann þegar tilkynna það yfirboðara sínum, sem ákveður, hvort læknisvottorðs skuli krafist. Vottorð skal vera frá trúnaðarlækni hlutaðeigandi stofnunar, ef þess er óskað.

Krefjast má læknisvottorðs af starfsmanni í veikindum, hvenær sem forstöðumanni stofnunar þykir þörf á.

Ef starfsmaður kemur ekki til starfa sökum veikinda meira en 10 vinnudaga samfleytt, skal hann sanna veikindi sín með læknevottorði.

Ef um er að ræða endurteknar fjarvistir starfsmanns, skal hann sanna veikindi sín með læknisvottorði, þegar hann hefur verið forfallaður meira en 15 vinnudaga samtals á einu og sama almanaksári, en eftir það hvert sinn, sem hann er fjarverandi án leyfis á sama ári.

Ef starfsmaður er veikur um langan tíma, skal hann endurnýja læknisvottorð sitt, þegar tveir mánuðir eru liðnir frá því er hann veiktist, en síðan á þriggja mánaða fresti meðan hann á rétt á launum skv. 2. gr. þessarar reglugerðar. Frá þessu má þó veita undanþágu, eftir tillögu trúnaðarlæknis, ef hann telur auðsætt fyrirfram, að starfsmaðurinn verði ekki fær um að hefja starf innan tímamarka, sem tiltekin eru hér að framan.

Skylt er starfsmanni, sem er frá störfum vegna veikinda svo lengi, að vottorðsskylda taki til hans, að ganga undir hverja þá venjulega og viðurkennda læknisrannsókn, sem trúnaðarlæknir kann að telja nauðsynlega, til þess að skorið verði úr því, hvort veikindaförföll séu lögmæt.

2. gr.

Starfsmaður skal halda fullum launum svo lengi sem veikindadagar hans verða eigi fleiri en 90 á 12 mánuðum. Ef þeir verða fleiri, lækka launin um helming þann tíma, sem umfram er. Þegar starfsmaður hefur verið fjarverandi í 180 daga á 12 mánuðum, fellur launagreiðsla niður. Fyrir starfsmenn, sem verið hafa í þjónustu ríkis í 10 ár, lengist 90 daga tímabilið í 120 daga og 180 daga tímabilið í 240 daga. Eftir 15 ára þjónustualdur lengist tíminn á sama hátt í 180 daga og 360 daga. Starfsmaður, sem verið hefur í þjónustu ríkisins í 20 ár eða lengur, á rétt til fullra launa í 360 veikindadaga á 12 mánuðum, en þá fellur launagreiðsla niður.

Starfsmenn ríkisins, er verið hafa skemur en 6 mánuði í starfi, eiga rétt til fullra launa í 30 daga og hálfra launa í 30 daga.

Til fullra launa teljast, auk fastra mánaðarlauna samkvæmt kjarasamningi, greiðslur fyrir yfirvinnu, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálag, greiðslur fyrir eyður í vinnutíma og fyrir leiðréttingu verkefna, enda hafi vinnuframlag eða vinnutími verið ákveðið með stundaskrá til heils skólaárs eða skólaannar eða reglubundinni varðskrá. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til annarrar reglubundinnar yfirvinnu, sem staðið hefur í 12 almanaksmánuði eða lengur eða er ætlað að standa a. m. k. svo lengi.

Þegar starfsmaður hefur verið fjarverandi vegna veikinda samfellt lengur en svarar til 1 viku vinnuskyldu hans, skal hann auk launa, sem greidd verða samkvæmt 1. — 3. mgr., fá greidda aðra yfirvinnu, þannig að fyrir hverja klukkustund í dagvinnu- eða vinnuskyldu veikindatímans skal greiða 1/1000 þeirra yfirvinnustunda, sem hann fékk greiddar síðasta 6 mánaða uppgjörstímabil yfirvinnu eða síðustu 6 heilu almanaksmánuðina. Ef föst yfirvinna er ekki merkt á varðskrá, skal gert ráð fyrir, að þær dagvinnu- eða vinnuskyldustundir, sem leiða til greiðslu yfirvinnu samkvæmt þessari málsgrein, séu sama hlutfall veikindafjarvistanna eins og varðskrárinnar. Kennari skal í stað reglu þessarar fá greidda yfirvinnu fyrir hvern kennsludag hans á stundaskrá. Yfirvinnustundafjöldinn skal ákveðinn með því að finna vikulegt meðaltal yfirvinnu kennarans síðustu 6 heilu kennslumánuðina áður en

veikindafjarvistin hófst og deila í meðaltalið með vikulegum kennsludagafjölda samkvæmt stundaskrá hans. Ekki skal greitt samkvæmt þessari málsgrein fyrir þá daga, sem kennsla fellur niður í skóla vegna almennra eða sérstakra frídaga. Ef starfsmaður er fjarverandi á 6 mánaða tímabilinu vegna orlofs, skal telja, að hann hafi sama meðaltal yfirvinnu orlofsdagana og hinn hluta tímabilsins. Sama gildir um keppnara að því er tekur til almennra eða sérstakra frídaga skóla. Við útreikning yfirvinnustunda samkvæmt þessari málsgrein skal telja með þær yfirvinnustundir, sem greiddar hafa verið skv. 3. mgr.

Verði starfsmaður óvinnufær af völdum slyss á vinnustað eða á leið til eða frá vinnu, greiðast laun skv. 1. — 4. mgr. frá upphafi fjarvistanna.

Pegar mánaðarlaunagreiðslur skv. 1. eða 2. mgr. skerðast eða falla niður, þá skulu á sama hátt skerðast eða falla niður greiðslur skv. 3., 4. og 5. mgr.

3. gr.

Nú hefur starfsmaður verið tvisvar sinnum frá störfum vegna veikinda með fullum launum þá dagatölu, er hann skv. 2. gr. nýtur óskertra launa, og skerðast þá um helming næstu 4 ár hlunnindi þau, er hann á samkvæmt ákvæðum 2. gr. um greiðslur í veikindaförföllum.

4. gr.

Starfsmaður, sem verið hefur veikur í einn mánuð eða lengur, má ekki hefja starf að nýju nema læknir votti að heilsa hans leyfi.

Krefjast má vottorðs trúnaðarlæknis hlutaðeigandi stofnunar.

5. gr.

Ef starfsmaður í þjónustu ríkisins er frá starfi vegna veikinda svo mánuðum skiptir á hverju ári um 5 ára tímabil, og ekki er skýlaust vottað samkvæmt ákvæðum 8. gr., að hann hafi fengið heilsubót, sem ætla megi varanlega, má veita starfsmanni lausn frá störfum vegna heilsubrests. Skal það að jafnaði gert, nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi, svo sem að fært sé að beita heimild 2. mgr. 25. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins til að leyfa starfsmanni að vinna 2/3 starfstíma gegn samsvarandi launafrádrætti.

Með sama hætti er rétt að veita manni lausn frá starfi vegna heilsubrests, ef hann hefur verið frá vinnu vegna veikinda tvöfaldan þann tíma, er hann átti rétt á að halda launum í fjarveru sinni skv. 1. mgr. 2. gr. Þetta gildir þó eigi, ef læknir vottar, að líkur séu til fulls bata á næsta misseri, enda sé starfsmanni þá veitt lausn að liðnu því misseri, ef hann er þá enn óvinnufær.

Ekki skulu framangreindar reglur um veikindaförföll vera því til fyrirstöðu, að starfsmanni verði veitt lausn frá störfum vegna vanheilsu er hann æskir þess, ef hann er samkvæmt læknavottorði orðinn varanlega ófær gegna starfi vegna vanheilsu. Fer þá um greiðslu launa skv. 1. mgr. 21. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

6. gr.

Halda skal skrá yfir veikindadaga opinberra starfsmanna við hverja stofnun. Ef maður flyst milli starfa, skal leggja saman veikindadaga hans í báðum störfum, eftir því sem við á.

7. gr.

Vegna barnsburðar skal kona, sem starfað hefur í þjónustu ríkisins samfelld í sex mánuði fyrir barnsburð, eiga rétt á að vera fjarverandi með fullum launum í samtals 90 daga og skal um uppgjör fyrir yfirvinnu farið eftir ákvæðum 2. gr. Séu lengri frátafir nauðsynlegar að dómi lækna, skal meta þær eftir reglum um veikindadaga, sbr. 2. gr.

Réttar samkvæmt grein þessari nýtur kona án tillits til ráðningarforms.

Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð sé um að ræða fleirburafæðingu eða alvarlegan sjúkleika barns, sem krefst nánari umönnunar móður. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingarráði.

Ættleiðandi móðir, uppeldis- og fósturmóðir á rétt á tveggja mánaða fæðingarorlofi vegna töku barns til fimm ára aldurs.

Fæðingarorlof fellur niður frá þeim degi að telja er móðir lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs, eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein, svo og, ef móðir fæðir andvana barn, skal fæðingarorlof aldrei vera minna en einn mánuður eftir fæðingu. Sama gildir, ef um er að ræða fósturlát, sem jafna má til fæðingar. Kona, sem fer í barnsburðarleyfi, skal hafa tilkynnt við upphaf leyfis, ef hún hyggst láta af starfi við lok leyfisins. Ef breyttar heilsufarsástæður eða aðrar breyttar fjölskylduadstæður, sem ekki verða séðar fyrir, verða á leyfistímanum, skal þó tekið tillit til slíkra aðstæðna.

Um framkvæmd á barnsburðarleyfi kennara fer samkvæmt sérákvæðum í samningum fjármálaráðherra og einstakra kennarafélaga.

8. gr.

Heimilt er öðru foreldra að ráðstafa allt að einni viku árlega af áunnum rétti sínum til fjarvista vegna veikinda til að vera frá vinnu vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum veikindaforföllum greiðast starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag samkvæmt reglubundinni varðskrá.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 87/1954 um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins með síðari breytingum, sbr. reglugerðir nr. 129/1965, 122/1967, 377/1974 og 295/1981.

Fjármálaráðuneytið, 10. febrúar 1983.

Ragnar Arnalds.

Porsteinn Geirsson.

GJALD

fyrir hundahald í Hveragerði fyrir árið 1983.

1. gr.

Upphæð gjalds fyrir hundahald í Hveragerði fyrir árið 1983 skal vera kr. 1 750 fyrir hvern hund sem leyfi er veitt fyrir skv. samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 510/1975 með breytingu nr. 597/1982.

2. gr.

Ofangreind gjaldákvörðun Hveragerðishrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. febrúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra í ferðakostnaði samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða 30 krónur fyrir óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis í hverri vitjun.

2. gr.

Greiðsla skv. 1. gr. skal dragast frá umsömdum eða ákveðnum ferðakostnaði samlagslæknis eða flytjanda hans þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar snerta ekki greiðslur samlagsmanna, er njóta læknisþjónustu, sem byggist á númerasamningi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 15. mars 1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. mars 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um rannsóknastofnanir við heimspekideild Háskóla Íslands.

I. Bókmenntafræðisstofnun Háskóla Íslands

1. gr.

Við heimspekideild Háskóla Íslands starfar rannsóknastofnun í bókmenntafræði samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, og er hún vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun skv. 1. gr. téðra laga.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a) Stofnunin annast grundvallarrannsóknir í íslenskri og almennri bókmenntafræði: bókmenntasögu, bókmenntalegri fagurfræði og bókmenntagagnrýni.
- b) Stofnunin annast þjóðfélagslegar rannsóknir á íslenskum og almennum bókmenntum.
- c) Stofnunin annast rannsóknir á íslenskum og almennum leikhúsbókmenntum í tengslum við íslenska leiklistar- og leikhússögu, uns sérstakri stofnun yrði komið á fót í þeirri grein.
- d) Stofnunin annast rannsóknir í íslenskri og almennri samanburðarbókmenntafræði, svo og á sambandi bókmennta við aðrar listgreinar, til að mynda myndlist og tónlist.

- e) Stofnunin annast útgáfu bókmenntatexta og fræðirita um íslenskar og almennar bókmenntir.
- f) Stofnunin gengst fyrir ráðstefnum, námskeiðum til kynningar á fræðilegum nýjungum, rannsóknæfingum og fyrirlestrum og fæst við hver önnur þau verkefni, er stuðlað geta að því að efla rannsóknastarfsemi stofnunarinnar, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til.
- g) Stofnunin gengst fyrir námskeiðum, æfingum og fyrirlestrum fyrir starfandi skólakennara í þeim greinum, er undir stofnunina falla, nema heimspekideild ákveði annað, og fæst við hvað annað, er gildi getur haft fyrir bókmenntakennslu í skólum landsins.
- h) Stofnunin skal vinna að því að efla tengsl rannsókna og kennslu eftir því sem kostur er.
- i) Stofnunin skal kosta kapps um að veita stúdentum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna við rannsóknastörf á vegum stofnunarinnar.
- j) Stofnunin skal vinna að því að skapa rannsóknaaðstöðu fyrir lausráðna kennara, sem veita tilsögn á fræðasviðum stofnunarinnar.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur mönnum, tveimur kjörnum af heimspekideild til tveggja ára í senn úr hópi fastráðinna háskólakennara í þeim greinum sem heyra undir stofnunina að fengnum tillögum starfsliðs stofnunarinnar, svo og einum stúdent með íslenskar bókmenntir eða almenna bókmenntafræði sem aðalgrein, kjörnum til eins árs í senn af Mími, félagi stúdenta í íslenskum fræðum, og Félagi stúdenta í almennri bókmenntafræði. Stjórnin kys sér formann til tveggja ára í senn og skal hann vera annar þeirra sem kjörnir eru af heimspekideild.

Stjórnarformaður er jafnframt forstöðumaður stofnunarinnar og skal hann annast rekstur hennar. Ráða skal framkvæmdastjóra að stofnuninni þegar heimild er fyrir í fjárlögum og setur stjórnin honum erindisbréf.

Stjórninni er heimilt að skipta stofnuninni í deildir eftir rannsóknasviðum eftir því sem þörf er fyrir og fé er veitt til. Starfslið getur þá kosið deildarstjóra.

Stjórnin fjallar um málefni stofnunarinnar sbr. 2. gr. og hefur umsjón með fjármálum hennar, gengur frá rekstraráætlun og tillögum um fjárveitingar til hennar.

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé, skv. því sem veitt er í fjárlögum.

Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

- a) Styrkir til einstakra verkefna.
- b) Greiðslur fyrir umbedin verkefni.
- c) Tekjur af bókaútgáfu stofnunarinnar.
- d) Gjafir.

Fjárhagsáætlun stofnunarinnar skal borin undir deildarráð heimspekideildar en heyrir endanlega undir rektor og háskólaritara skv. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi Háskólans.

5. gr.

Stofnunin er til húsa í Árnagarði, uns annað verður ákveðið.

Ennfremur ber stofnuninni að vinna að því að tryggja sérstaklega aðstöðu innan vébanda Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns.

6. gr.

Til bókasafns stofnunarinnar skal leggja þann bókakost Háskólabókasafns, er fellur undir fræðasvið hennar, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, bókasafnsnefndar og háskólabókavardar til háskólaráðs.

Við stofnunarbókasafnið skal árlega auka í samræmi við fjárveitingu til Háskólabókasafns, enda heyrir stofnunarbókasafnið undir það.

Ennfremur njóti stofnunin þeirrar þjónustu sem um getur í lögum nr. 38/1969, um Landsbókasafn Íslands, sbr. sérstaklega 1. mgr. 8. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að stofnanir Háskólans hafi söfn í sinni vörslu, sbr. og 2. mgr. sömu greinar, svo og 12. og 13. gr. téðra laga.

7. gr.

Starfslið stofnunarinnar er:

- a) Fastráðnir kennarar í íslenskri og almennri bókmenntafræði við heimspekideild Háskóla Íslands.
- b) Gistiprófessorar, sérfræðingar og styrkþegar, er vinna að tímabundnum verkefnum, rannsóknum eða kennslu (sjá einnig i- og j- lið 2. gr.).
Forstöðumaður, deildarstjórar svo og annað starfslið skulu fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan Háskólans eða eftir nánari ákvörðun, þegar fært þykir.
Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuástöðu.

II. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands

8. gr.

Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands starfar við heimspekideild Háskóla Íslands samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands, og er hún vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun samkvæmt 1. gr. téðra laga.

9. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a) Að annast grundvallarrannsóknir í sagnfræði og öðrum þeim greinum henni skyldum, sem aðrar stofnanir sinna ekki, eða þá í samvinnu við þær.
- b) Að sinna þeim verkefnum, sem henni kunna að vera falin til úrlausnar, enda komi greiðsla fyrir.
- c) Að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum, rannsóknæfingum, fyrirlestrum og hvers konar annarri starfsemi, er verða megi til gagns fyrir almenning og kennslu í sagnfræði í skólum landsins, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til.
- d) Að annast útgáfustarfsemi.
- e) A vinna að því að efla tengsl rannsókna og kennslu eftir því sem kostur er.
- f) Að kosta kapps um að veita stúdentum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna við rannsóknastörf á vegum stofnunarinnar.
- g) Að vinna að því að skapa rannsóknástöðu fyrir lausráðna kennara.

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur mönnum, tveimur kjörnum af heimspekideild til tveggja ára í senn úr hópi fastráðinna háskólakennara í þeim greinum sem heyra undir stofnunina að fengnum tillögum starfslíðs stofnunarinnar, svo og einum stúdent með sagnfræði sem aðalgrein, kjörnum til eins árs í senn af Félagi sagnfræðinema. Stjórnin kýs sér formann til tveggja ára í senn og skal hann vera annar þeirra sem kjörnir eru af heimspekideild.

Stjórnarformaður er jafnframt forstöðumaður stofnunarinnar og skal hann annast rekstur stofnunarinnar. Ráða skal framkvæmdastjóra að stofnuninni þegar heimild er fyrir í fjárlögum og setur stjórnin honum erindisbréf.

Stjórninni er heimilt að skipta stofnuninni í deildir eftir rannsóknasviðum eftir því sem þörf er fyrir og fé er veitt til. Starfslíð getur þá kosið deildarstjóra.

Stjórnin fjallar um málefni stofnunarinnar og hefur umsjón með fjármálum hennar, gengur frá rekstraráætlun og tillögum um fjárveitingar til hennar.

11. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé skv. því sem veitt er í fjárlögum.

Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

- a) Styrkir til einstakra verkefna.
- b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- c) Tekjur af útgáfuritum stofnunarinnar.
- d) Gjafir.

Fjárhagsáætlun stofnunarinnar skal borin undir deildarráð heimspekideildar en heyrir endanlega undir rektor og háskólaritara samanber 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi Háskólans.

12. gr.

Uns öðruvísi yrði ákveðið, hefur stofnunin til umráða húsnæði í Árnagarði.

Ennfremur ber stofnuninni að vinna að því að tryggja sérstaklega aðstöðu innan vébanda Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns.

13. gr.

Til bókasafns stofnunarinnar skal leggja þann bókakost Háskólabókasafns, er fellur undir fræðasvið hennar, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, bókasafnsnefndar og háskólabókavarðar til háskólaráðs.

900 A 3-fasa	211 440,00		
1 200 A 3-fasa	281 950,00		

- 2.4 Gjald fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan tilgreinir, reiknast í réttu hlutfalli við 300 A heimtaug í 220 V kerfi og 1 200 A heimtaug í 380 V kerfi.
- 2.5 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
- 2.6 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.
- 2.7 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3×220 V notendakerfi er breytt í $3 \times 380/220$ V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innan húss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

2.10 Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Lengdargjald Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa	2 660,00	395,00	5 010,00
63 A 3-fasa	3 740,00	395,00	5 810,00
100 A 3-fasa	3 950,00	517,00	6 660,00

- 2.11 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu að útitingiskáp eða rofa í dreifistöð og fyrir hvern stólpa í loftlínuheimtaug.
- 2.12 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafveitunnar.
- 2.13 Ef hluti af bráðabirgðaheimtaug nýtist með óbreyttri legu sem aðalheimtaug, reiknast ekki lengdargjald af þeim hluta.

2.20 Varðandi aðalheimtaug og bráðabirgðaheimtaugar.

- 2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
- 2.22 Óski húseigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafveitunnar.
- 2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald kr. 428,00. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greiða gjald kr. 926,00.

III. ÝMIS ÁKVÆÐI.

- 3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppnun veitunnar kr. 358,00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

- 3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 358,00 og sett viðeigandi vör.
- 3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduroppun veitunnar kr. 716,00.
- 3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.
- 3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.
- 3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárlíðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 60% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. nóvember 1982 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárlíðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að $\frac{4}{5}$ af þeirri breytingu. Breyting skv. þessum líð er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.
- 3.7 Sölugjald 23,5% og 19% verðjöfnunargjald, samtals 42,5% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema í húshitunartöxtum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 33/1983 um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 739 30. nóvember 1982 ásamt auglýsingu um formbreytingu á henni nr. 778 22. desember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

28. febrúar 1983

Nr. 126

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

Tafla I. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.

Númer Gjald- skrárl. Heiti gjaldskrárlíða	Orkuverð kr/kWh	Fastar greiðslur í krónum	
		Daggreiðslur	Ársgreiðslur
A-LÝSING			
A.1. Með fastagjaldi	2,87	0,13	48,50/m ²
A.2. Án fastagjalds	7,60		
B-HEIMILISNOTKUN OG FL.			
B.1. Heimilisnotkun	2,16	0,49	181,00/herb.
B.2. Mannvirkjagerð Akraneshöfn	4,41		
C-VÉLANOTKUN			
C.1. Með fastagjaldi	2,87	1,65	604,00
C.2. Með rofi 1½ klst. á dag	2,16		
C.3. Stórnotkun (Afltaxti)	0,71	6,93	2 530,00

Númer Gjald- skrárl. Heiti gjaldskrárlíða	Orkuverð kr/kWh	Fastar greiðslur í krónum	
		Daggreiðslur	Ársgreiðslur
D-HÚSHITUN			
D.1. Án rofs	1,22		
D.2. Með rofi 1 1/2 klst. á dag	0,66		
D.3. Með rofi 2 1/2 klst. á dag	0,60		
D.4. Með rofi 4 1/2 klst. á dag	0,48		
D.5. Með rofi 14 1/2 klst. á dag	0,34		
D.6. Sumarhitun með rofi 3 klst. á dag	0,44		
E-ANNAÐ			
E.1. Sérsmningar			
E.2. Gatna- og hafnarlýsing			9 270,00
E.3. Lokun og enduroppnun veitu		371,00	
MÆLA-OG ROFALEIGA			
10 Einfasa		0,40	147,00
11 Einfasa með rofa		2,11	772,00
20 Prífasa		1,56	570,00
21 Prífasa með rofa		3,27	1 200,00
24 Prífasa með 2 rofum		4,07	1 480,00
30 Prífasa með aflmæli		2,51	914,00

Ákvæði og skýringar með töflu I.

A. Lýsing.

- A. 1 Til lýsingar, og reiknast fastagjald af stærð húsnæðis í fermetrum. Reikna skal til fastagjalds, aðeins helming gólfplatar í göngum og geymslum. Í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn skal reikna hálf t fermetragjald, en ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.
- A. 2 Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

B. Heimili og vinnuljós.

- B. 1 Til heimilisnota og reiknast fastagjald af hverju herbergi sem ætlað er til íbúðar, og einnig eldhúsi. Herbergi sem er minna en 5 m² reiknast sem hálf. Ef herbergi er stærra en 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem herbergi.
- B. 2 Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu, einnig til véla við Akraneshöfn. Eftir þessum lið má einnig selja raforku um tengla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3×332 A. og 3×50 A. 220 V.

C. Vélar.

- C. 1 Til véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Fastagjald reiknast á hvert kW. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsa.
- C. 2 Til véla í matvælaíðnaði, þar sem uppsett afl fastra vinnuvéla er yfir 40 kW. og árlegur nýtingartími eigi skemmri en 1200 klst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1 1/2 klst. á dag á tíma mesta álags. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til rafsudu málma.
- C. 3 Til atvinnutækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafli í 15 mín.

D. Hitun.

- D. 3 Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.
- D. 6 Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. okt. ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

E. Annað.

- E. 1 Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforku-kaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
- E. 2 Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu álitni rafveitunefndar.
- E. 3 Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunnar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppnun samkvæmt þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
- Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
- Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu og miðast verðið við útsöluverð diselolíu á hverjum tíma.
- Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
- Að tæki, lagdir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
- Að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er liður D. 1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á lið D. 1.
- Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, en notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi.

Mæla- og rofaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og klukkurofa, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,9 miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, er rafveitunni heimilt að miða við voltamper (VA). Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliða-tengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjaldskrárlíður nr.	Málstraumur aðalvara		Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara KVa.	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftlh. allt að 30 m. kr
	220 V. kerfi Amp.	380 V. kerfi Amp.		
2.01	2×35	1×35	7	5 940,00
2.02	2×60	1×60	13	7 120,00
2.03	3×60		22	8 900,00

Gjaldskrárlíður nr.	Málstraumur aðalvara		Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara kVa.	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftlh. allt að 30 m. kr
	220 V. kerfi Amp.	380 V. kerfi Amp.		
2.04	3×100	3×60	38	12 060,00
2.05		3×100	66	17 590,00
2.06	2×200		76	19 560,00
2.07	3×350	3×200	132	30 620,00
2.08		3×350	231	50 170,00
2.09	Bráðabirgðaheimt. 1×35 Amp.			2 200,00
2.10	Bráðabirgðaheimt. 3×35 Amp.			4 410,00
2.11	Bráðabirgðaheimt. 3×60 Amp.			7 550,00
2.12	Tenging við Akraneshöfn			283,00

Tafla 3. Tenging við veitukerfið (spennistöð).

Gjaldskrárlíður nr.	Stærð spennis kVa.	Tengigjald kr.
3.01	150	40 810,00
3.02	300	76 360,00
3.03	500	123 640,00
3.04	600	147 270,00
3.05	800	194 560,00

Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.

- Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- Lengd heimaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 m. þannig: $Y_j = (269,00 + 0,27 \times kVA)$ kr/m og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana $Y_j = (180,00 + 0,18 \times kVA)$ kr/m að viðbættum kr. 3 190,00 á hvern stólpa í umframlínu.
- Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
- Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnaði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnaðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnaðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meir en tengigjaldi nemur.
- Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, eru innifalin í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema á liðum D (húshitun), sem eru undanþegnir gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 33/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 740 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g.
Frá og með 5. nóv. 1982. er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 2,05 kr.

Skammstafanir:

kw = kílóvatt = afl, h = klukkustund, kwh = kílóvattstund orka, d = dagur, a = ár = 365 d, g = gjaldstig, kr. = krónur.

I. KAFLI RAFMAGNSSALA.

Gjaldskrárliður	Orkuverð		Aflverð og fastagjöld	
	g/kwh	kr/kwh	Ársgreiðslur	
			g/a	kr/a
A1 (Lýsing)	1	2,05	30	61,50 á fermetra, skilyrt notk.
A2	2	4,10		lágmark 1200 kwh/a
A3	3	6,15		
B1 (Heimili)	1	2,05	180	369,50 á herbergi, skilyrt notk.
C1 (Vélar)	1	2,05	600	1 230,00 á kw, ástimluð
C2	0,3	0,62	1600	3 280,00 á árskílóvatt
	g/kwh	kr/kwh		kr/kwh
D1 Húshitun	0,603	1,24		Án rofs , 1,76 til annarra nota
D2 —	0,336	0,69	Rof	1,5 h/d , 0,98 til annarra nota
D3 —	0,316	0,65	Rof	2,5 h/d , 0,92 til annarra nota
D4 —	0,257	0,53	Rof	4,5 h/d , 0,75 til annarra nota
D5 —	0,178	0,36	Rof	14,6 h/d , 0,52 til annarra nota

Til annarra nota en húshitunar bætist verðjöfnunar- og sölugjald við taxa D1—5, samtals 42.5%.

E. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Pegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1,3 g/kwh, sem jafngildir nú 2,16 kr/kwh.

F. Mæla- og rofagjöld.

		Árgjöld		Daggjöld
		g/a	kr/a	kr/d
F10	Einfasa mælir	300	615,00	1,68
F11	Einfasa mælir m. rofa	900	1 850,00	5,07
F20	Prífasa mælir	600	1 230,00	3,37
F21	Prífasa mælir m. rofa	1200	2 460,00	6,74
F30	Aflmælir	2800	5 740,00	15,70

Allir taxtar skulu ennfremur fullnægja þeim nánari skilyrðum sem tilgreind eru í skýringum hér á eftir. M. a. koma taxtar A1, A2 og B1 ekki til greina nema fullnægt sé tilgreindum skilyrðum um lágmarksnotkun.

Skýringar á töxtum:

- A1: Fast árgjald reiknast 30 gjaldstig fyrir hvern fermetra gólfplat í rými því er lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmis. Ef flatarmál er minna en 40 fermetrar og ársnotkun minni en 1200 kwh koma taxtar A2 eða A3 í stað A1 — 40 fermetrar og 1200 kwh jafngildir hér hvort 1200 gjaldstigum.
- A2: Ef ársnotkun er minni en 1200 kwh kemur taxti A3 í stað A2.
- A3: Fyrir ársnotkun minni en 1200 kwh.
- B1: Fast árgjald reiknast 180 gjaldstig fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m² reiknast sem tvö. Í stað þessa herbergjagjalds má reikna fermetragjald samkvæmt A1. Um stærð gólfrymis og minnstu ársnotkun gilda sömu ákvæði og fyrir taxa A1.
- C1: Fast árgjald reiknast 600 gjaldstig á hvert kw rafvéla fyrir föst vinnutæki. Miðað er við ástimplað rafafli, samanlagt reiknað í heilum kw.
- C2: Mesta ársálag mælt um mestafli-mæli.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- D: a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
- b) að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c) að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu búnaðarins og greiði leigu af honum skv. ákvæðum um rofagjöld.
- d) að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með rofum og hitastillum.
- e) að notkun sé minnst 6000 kwh. á ári.
- A-E: a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti herra verð fyrir raforkuna.
- b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að dómi hans vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.

- c) Taxtar reiknast hér í nýkrónum með þrjá aukastafi fyrir aftan kommu, sem samsvorar einum aukastaf fyrir aura. Allar greiðslur skulu þó standa á heilum tug aura. Daggreiðslur fást með því að deila 365 í ársgreiðslur.
- d) Mæli- og rofagjöld reiknast samkvæmt F-lið og bætast við önnur gjöld eins og við á í hvert skipti.

II. KAFLI

Tengigjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

Gjaldskrár-liður	Málstraumur stofnvara í		Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis kVa	Tengigjald skv. jöfnu $g = 3600 + 130 \times \text{kVA}$	Tengigjald kr.	
	220 V kerfi A	380 V kerfi A				
T1	2×60	1×60	$0,22 \times 60$	= 13	5 360	10 990,00
T2	3×60		$0,38 \times 60$	= 22	6 570	13 470,00
T3	3×100	3×60	$0,38 \times 100$	= 38	8 730	17 900,00
T4		3×100	$0,66 \times 100$	= 66	12 510	25 650,00
T5	3×200		$0,38 \times 200$	= 76	13 860	28 410,00
T6	3×350	3×200	$0,66 \times 200$	= 132	21 420	43 910,00
T7		3×350	$0,66 \times 350$	= 231	34 780	71 300,00
T8				= 300	44 100	90 410,00
T9				= 500	71 100	145 760,00
T10				= 800	111 600	228 780,00

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

Önnur ákvæði:

a) Um heimtaugar:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

Y (J) = (200 + 3 × kVA) gjaldstig á metra.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig: **Y(L) = (40 + 2 × kVA) gjaldstig á metra**, að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

b) Um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnaðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnaðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) **Almennt:**

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 2000 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

III. KAFLI

Opnunargjald.

Opnunargjald nemur allt að 100 gjaldstigum, en skal standa á heilli krónu.

Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduroppnun.

IV. KAFLI

Verðgildi gjaldstigs.

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reikna eftir hlutfallsgrunni, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé reikningsgrunnurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir breytingunni. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí, nema sérstakt tilefni sé til breytinga á öðrum tíma. Verðgildi gjaldstigs reiknast í krónum með tveimur aukastöfum fyrir aftan kommu, sem jafngildir heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu nr. 33/1983 um breytingu á gjaldskrám rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 741 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Rafveitu Sauðárkróks.****I. RAFORKA.**

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti A—1 Orka til lýsingar og véla, í verslun,
iðnaði og hliðstæðum atvinnugreinum kr. 2,56 kWh
Mælaleiga samkv. kafla II.

A—2	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW)	—	7 530,00 árskW
Taxti B—1	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	—	2,56 kWh
	Lágmarksgjald	—	38,40 á mán.
	Leiga af mælum ekki tekin.		
Taxti C—1	Orka til mannvirkjagerðar	—	3,84 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
C—2	Orka samkv. 15 mín. meðalafsmælingu	—	0,84 kWh
	+ aflgjald (lágmark 20 kW)	—	3 400,00 árskW
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
	Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málaun véla.		
Taxti D—1	Orka til húshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag án söluskatts	—	0,61 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
D—2	Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1,5 klst. á dag	—	0,84 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
D—3	Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota, roftími allt að 13 klst. á sólarhring	—	0,65 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWh.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
- c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minna kr. 12,70 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minna — 21,00 á mán.
3. Af þrífasa mælum 50—100 amp. — 29,50 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 1,5 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Jarðstrengur Yfirlengd kr/m
63 A 1-fasa	12 760,00	407,00
63 A 3-fasa	15 120,00	407,00
100 A 3-fasa	19 700,00	560,00
125 A 3-fasa	24 630,00	624,00
200 A 3-fasa	38 510,00	847,00
300 A 3-fasa	55 660,00	1 530,00

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðast skv. kostnaði.

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörku- um. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Sé nauðsyn- legt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafveitunni að kostnaðarlausu og hlýta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskmjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteyppt hús — er lagt Rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði augin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróks- bæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 171,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 171,00 á skrifstofu Raf- veitunnar.

Söluskattur 23,5% auk 19% verðjöfnunargjalds til Rafveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I kafla gjaldskrár þessarar, nema á Taxta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 33/1983 um breyt-

ingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 743 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

28. febrúar 1983

Nr. 129

GJALDSKRÁ

Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA.

1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar kr. 2,43 á kwh

2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana kr. 2,43 á kwh

3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar kr. 2,43 á kwh

3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafismælingu, lágmark 20 kw kr. 0,85 á kwh
Aflgjald með lýsingu kr. 3 530,00 kw/á ári.

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.-mæli þannig:
Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun kr. 2,43 hverja kwh
Fyrir næstu 80 000 kwst. ársnotkun kr. 1,82 hverja kwh
Fyrir umfr. 100 000 kwst. ársnotkun kr. 1,67 hverja kwh

4. Hitun.

4.1 Orka til íbúðarhúshitunar, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag kr. 0,67 á kwh

4.2 Orka til atvinnuhúshitunar, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag kr. 0,75 á kwh

4.3 Orka til hitunar í iðnaði, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag kr. 1,08 á kwh

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafv.stjóra.
- Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkv. fyrir mælum rafveitunnar.
- Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld	Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa	kr. 9 920,00	564,00
63 A 3-fasa	kr. 9 920,00	564,00
100 A 3-fasa	kr. 13 370,00	640,00
125 A 3-fasa	kr. 16 460,00	724,00
200 A 3-fasa	kr. 21 690,00	980,00
300 A 3-fasa	kr. 37 590,00	1 150,00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálf t heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 94,60. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki endurofnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 94,60 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla og gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 35/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 744 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA.

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 2,70 hver kWh til lýsingar.

A—2 Kr. 1,87 hver kWh til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 960,00 á ári fyrir 25 m² gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 29,00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Pennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kælskápa og 1-fasa mótoru upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Kr. 2,18 hver kWh til heimilisnotkunar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 2,68 hver kWh til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári kr. 2 890/kW/ár og kr. 0,65 kWh. Ljósanotkun hjá notendum sem kaupa samkvæmt þessum gjaldskrárlið verði mæld um sama mæli og vélanotkunin.

C—3 Kr. 2,68 hver kWh ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári.

C—4 Sértexti Gefjunar, kr. 0,37/0,32 hver kWh og kr. 2 950,00 hvert kW.

C—5 Kr. 3,98 hver kWh til nýbygginga.

D. Hitun.

D—1 Kr. 0,59 hver kWh til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D—2 Kr. 0,43 hver kWh til upphitunar (næturhitun), ef straumur er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 1,30 hver kWh til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWh á ári.

F—1 Sértexti Málmhúðunarinnar, kr. 0,89 hver kWh til iðnaðar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti tengingu stjórnþækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn, getur með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR.

Rafveita ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns, og skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 152,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 605,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 1 021,00
Aflmælir	kr. 987,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 1 555,00
Móttökuliði, einpóla	kr. 680,00
Móttökuliði, þrípóla	kr. 987,00
Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar.	
Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.	

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi Rafveitu Akureyrar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
3. Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Heimtaugargjald
63 A 1-fasa	kr.	12 815,00
63 A 3-fasa	kr.	13 895,00
100 A 3-fasa	kr.	21 970,00
160 A 3-fasa	kr.	35 184,00
200 A 3-fasa	kr.	43 977,00
315 A 3-fasa	kr.	69 270,00
400 A 3-fasa	kr.	87 917,00
715 A 3-fasa	kr.	156 086,00
1 200 A 3-fasa	kr.	263 664,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4. Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald	
		Jarðstrengur	Loftlína
	kr.	kr/m	kr/stólpi
63 A 1-fasa	2 504,00	369,00	4 694,00
63 A 3-fasa	3 481,00	369,00	5 429,00
100 A 3-fasa	3 692,00	485,00	6 228,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

5. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstököm samningi hverju sinni.
6. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
7. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram.
8. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppnun veitunnar kr. 300,00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 300,00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 33/1983 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 745 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

- 1.1 Um kWh-mæli á kr. 10,20.
- 1.2 Um kWh-mæli á kr. 4,30 á hverja kWh, auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

- a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 3,44 á ferm., á mánuði.
- b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 1,82 á ferm., á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1 Um kWh-mæli kr. 2,54 á hverja kWh, auk fastagjalds er nemi kr. 18,60 á mánuði, af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íbúðarherbergi, hol eða eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. telst hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

- 3.1 Um einn kWh-mæli þannig: á kr. 6,97 á hverja kWh.
- 3.2 Kr. 2,16 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
- 3.3 Kr. 2,80 hver kWh, án skilyrða um lokun fyrir straum. Til iðnaðar, ef uppsett vélarafi fasttengdra véla er yfir 20 kW.
- 3.4 Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 2 640,00 kW/ári.
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 0,93 hver kWh.
- 3.5 Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja það þannig:
Um kWh-mæli á kr. 0,93 á hverja kWh, auk fastagjalds kr. 2 090,00 á ári, fyrir hvert kW í málraun véla.

D. Hitun.

- 4.1 Til húshitunar um kWh-mæli kr. 1,14 hver kWh.
- 4.2 Til húshitunar um kWh-mæli kr. 0,59 hver kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar:

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

- 5.1 Til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli kr. 4,30. Alla raforkunotkun sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1.

- 5.2 Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum kr. 1,76. Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|--------------------------------------|-------------------|
| 1. Af einfasa mælum | kr. 18,60 á mán. |
| 2. Af þrífasa mælum allt að 100 amp. | kr. 24,20 á mán. |
| 3. Af þrífasa mælum yfir 100 amp. | kr. 59,50 á mán. |
| 4. Af mestaafllsmælum | kr. 109,00 á mán. |

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan inniheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Stofngjald:

- | | |
|------------------|------------------------------------|
| 1. 60 A 1-fasa | kr. 17 380,00 innif. allt að 40 m. |
| 2. 60 A 3-fasa | kr. 26 080,00 innif. allt að 40 m. |
| 3. 100 A 3-fasa | kr. 33 630,00 innif. allt að 40 m. |
| 4. 2000 A 3-fasa | kr. 46 220,00 innif. allt að 40 m. |

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitingar- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJALD.

- Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 258,00.
- Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 258,00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 23,5% söluskattur og 19% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 33/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreynti öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 746 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Rafveitu Reyðarfjarðar.****I. GJALDSKRÁRLIÐUR.****1. Lýsing.**

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1.1 Fast gjald	F1	
Orkugjald		6,88 kr. á kWh
1.2 Fast gjald	F1 + F2	
Orkugjald		3,21 kr. á kWh

2. Notkun til heimilisþarfa.

2.1 Fast gjald	F1 + F3	
Orkugjald		2,06 kr. á kWh

3. Vélanotkun.

3.1 Fast gjald	F1 + F2	
Orkugjald		3,97 kr. á kWh
Lágmarksgjald		18 × F1 á ári
3.2 Aflgjald lágmark 3 kW		8 600,00 kr. á ári.
Aflgjald frá 3—5 kW		2 910,00 kr. á kW
Fast gjald	F1 + F3	
Orkugjald		1,00 kr. á kWh
3.3 Aflgjald umfram 5 kW		2 580,00 kr. á kW á ári.
Fast gjald	F1 + F3	
Orkugjald		0,82 kr. á kWh
3.4 Til súgburrkunar		
Fast gjald	F1	
Orkugjald		0,92 kr. á kWh

4. Húshitun.

4.1 Fast gjald	F1 + F4	
Orkugjald		1,56 kr. á kWh
Roftími allt að 1 klst. á dag.			
4.2 Fast gjald	F1 + F4	
Orkugjald		0,62 kr. á kWh
Roftími allt að 3 klst. á dag.			
4.3 Fast gjald	F1 + F4	
Orkugjald		0,32 kr. á kWh
Roftími allt að 15 klst. á dag.			

5. Utanhússlýsing.

5.1 Fast gjald	F1	
Orkugjald		2,06 kr. á kWh

**Skilgreiningar og ýmis ákvæði.
Föst gjöld.**

F1	48,70 kr. á mán.
F2 a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	1,53 kr. á m ² mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h.	0,90 kr. á m ² mán.
F3	15,60 kr. á gj.e. mán.

Gjaldeiningar eru:

- a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu.
Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálf, 25 m² eða stærra tvö.
 - b) Fyrir félagsheimili, skóla gistihús o. þ. h. 20 m² mælt innan útveggja.
 - c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m² fyrir vinnslurúm, 40 m² fyrir geymslurúm.
 - d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m² eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m² ein gjaldeining.
- F4 Hvert uppsett kW 203,00 kr. kW á ári.

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- b) Að vélaafl, götulínur, og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðli undir 0,8.

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 414,00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 218,00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug kr. 85,50

Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að kr. 6 140,00

5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3 × 70q, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 35/1983, um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 747 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Vestmannaeyja.

1. RAFORKA.

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Almenn notkun.

A1 Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald 2,40 kr/kWh.

Fastagjald 868,00 kr/a.

Þessi liður kemur í stað liða A1, A2, A3, A6, B1, C1 og F1 í fyrri gjaldskrá, og getur verið skráður þannig á reikningum.

C. Afl og orkumæling.

C2 Um kW-kWh — mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.

Aflgjald 3 780,00 kr/kW/a.

Orkugjald:

0—2500 kWh/kW 1,21 kr/kWh

2500—4000 kWh/kW 0,70 kr/kWh

Yfir 4000 kWh/kW 0,35 kr/kWh

Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins. Á tímabilinu 16. maí—15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20%, án þess að aflgjald hækki.

Sé húshitun innan þessa liðar, sérmæld, þá greiðist ekki verðjöfnunargjald og sölugjald af þeirri orku.

Ofangreindur taxti fylgir kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning rafveitunnar sé ávallt 40%. Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshluta stig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

D. Hitun.

- D1 Orkugjald 0,65 kr/kWh (án söluskatts og verðjöfnunargjalds).
Fastagjald 868,00 kr/a
- D3 Orkugjald 0,93 kr/kWh
Fastagjald 868,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrimælum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mestasamtímaafl og ársorkuþörf þess húsrýmis, sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

- F2 Orkugjald 3,47 kr/kWh.
Fastagjald 868,00 kr/a
til vinnuljósa, vinnuvéla og annarar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.
- F5 Aflgjald 7 570,00 kr/kWa
af uppsettu afli til gatna- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxa C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi rafveita til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiði notandi aðrar 7 570,00 kr/kW/a fyrir þá þjónustu.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan leigir mælitæki við því verði sem hér segir:

- | | |
|---|---------------|
| 1. Einfasa kWh-mælir | 171,00 kr/a |
| 2. Þrífasa kWh-mælir | 648,00 kr/a |
| 3. Þrífasa kWh-mælir með straumspennum | 1 090,00 kr/a |
| 4. Þrífasa kW-kWh-mælir | 1 090,00 kr/a |
| 5. Þrífasa kW-kWh-mælir með straumspennum | 1 740,00 kr/a |

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald ¹⁾ kr/m
63 A einfasa	14 300,00	440,00
63 A þrífasa	15 640,00	440,00
100 A þrífasa	24 930,00	538,00
200 A þrífasa	51 570,00	648,00
315 A þrífasa	78 090,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	97 520,00	—
710 A þrífasa	178 530,00	—
1200 A þrífasa	302 690,00	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald ¹⁾²⁾ Jarðstrengur kr/m
63 A einfasa	2 810,00	440,00
63 A þrífasa	3 910,00	440,00
100 A þrífasa	4 150,00	538,00

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstököm samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjalds.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt út loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðar við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðar-ákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduroppnun kr. 349,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 349,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og önnur þjónusta, sem rafveitan veitir, að ósk notanda, skal greiða gjald, kr. 349,00.

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. 23.5% sölugjald, ásamt 19.0% verðjöfnunargjaldi er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema orku til húshitunar, D liðum.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskráum um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágs ársnýtingartíma, getur Rafveita Vestmanneyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárlíði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 sbr. auglýsingu ráuneytisins nr. 35/1983 um breytingu á gjaldskráum rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 748 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Rafveitu Selfoss.****I. RAFORKA.**

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

- 1.1 Til almennrar lýsingar, svo og til götulýsingar.
Orkugjald 3,00 kr/kWh.
- 1.2 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald 3,75 kr/kWh.

2. Heimili o. fl.

- 2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum. Orkugjald 2,74 kr/kWh.

3. Vélar o. fl.

- 3.1 Til vélanotkunar.
Orkugjald 3,00 kr/kWh.

3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskilyt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.

Orkugjald 0,95 kr/kWh.

Aflgjald 2 860,00 kr/kW á ári.

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag:

Orkugjald 1,37 kr/kWh.

4.2 Til húshitunar, roftími $2 \times 1\frac{1}{2}$ klst. á dag.

Orkugjald 0,52 kr/kWh.

4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.

Orkugjald 1,97 kr/kWh.

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.

Orkugjald 0,60 kr/kWh.

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 220,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 519,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 881,00
Aflmælir	kr. 844,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 1 340,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	13 500,00	439,00	3 600,00
3 × 63	14 640,00	439,00	6 190,00
3 × 100	23 180,00	672,00	7 890,00
3 × 200	45 770,00	1 110,00	
3 × 315	72 950,00	1 300,00	

Máltraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
3 × 400	92 710,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	164 460,00	—	
3 × 1200	277 950,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnaði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnaðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 × 63A kr. 2 990,00 3 × 63A kr. 4 020,00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald, samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 197,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 33/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 749 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitna Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis.

I. RAFORKA.

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1 Til almennrar lýsingar.	
Orkugjald	9,60 kr/kWh
1.2 Til almennrar lýsingar.	
Orkugjald	3,00 kr/kWh
Fastagjald af gólfleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja.	
Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	50,20
kr/m ² á ári	
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	18,70 kr/m ² á ári
1.3 Til götulýsingar.	
Orkugjald	3,00 kr/kWh
1.4 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.	
Orkugjald	4,80 kr/kWh

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

2.1 Til heimilisnotkunar.	
Orkugjald	2,25 kr/kWh
Fastagjald af hverju herbergi	202,00 kr. á ári
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m ² eða minna reiknast hálf, en 25 m ² eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m ² má reikna með þeirri meðalstærð.	
2.2 Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgurrkunar, enda séu tæki fasttengd.	
Orkugjald	2,25 kr/kWh

3. Vélanotkun o. fl.

3.1 Til véla o. fl.	
Orkugjald	4,80 kr/kWh
Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2, en þriðjungt lægra.	
3.2 Til véla o. fl.	
Orkugjald	0,77 kr/kWh
Aflgjald, lágmark 2 kW	7 780,00 kr. á ári
Aflgjald, umfram 2 kW	2 590,00 kr/kWh á ári

Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.

Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2 og lágmarksaflgjald af 20 kW.

3.3 Til véla.

Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:

Orkugjald	0,77 kr/kWh
Aflgjald, lágmark	7 240,00 kr. á ári
Aflgjald, af uppsettum kW í málraun véla, umfram 2 kW	2 050,00 kr á ári

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur viðkomandi rafveita krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfínanlegum truflunum hjá notendum, eða takmarka notkun þeirra tiltekinn tíma sólarhrings.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag.

Orkugjald	1,82 kr/kWh
-----------------	-------------

4.2 Til húshitunar, roftími $2 \times 1\frac{1}{2}$ klst á dag.

Orkugjald	0,78 kr/kWh
-----------------	-------------

4.3 Til húshitunar, roftími 15 klst. að degi til.

Orkugjald	0,49 kr/kWh
-----------------	-------------

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.

Orkugjald	0,88 kr/kWh
-----------------	-------------

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði: Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum viðkomandi rafveitu.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem viðkomandi rafveita leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrir mælum viðkomandi rafveitu, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Viðkomandi rafveita ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 164,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 366,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 896,00
Aflmælir	kr. 848,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 1 340,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	11 840,00	383,00	3 660,00
3 × 63	12 770,00	383,00	5 020,00
3 × 100	15 230,00	432,00	6 460,00
3 × 200	24 240,00	591,00	
3 × 315	51 100,00	807,00	
3 × 400	71 380,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	117 270,00	—	
3 × 1200	189 690,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvorttveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt, að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum viðkomandi rafveitu um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem hér segir:

1 × 63 A kr. 2 620,00 3 × 63 A kr. 3 520,00.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 1 340,00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra ársheimingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 224,00.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 33/1983 um breyt-

ingu á gjaldskrá m rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 750 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

28. febrúar 1983

Nr. 136

GJALDSKRÁ

Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- A—1. Um kWh-mæli á kr. 11,50 hverja kWh. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
- A—2. Um kWh-mæli á kr. 4,75 á hverja kWh auk fastagjalds, sem er kr. 50,80 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 16,90 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWh-mæli á kr. 2,94 hverja kWh.

C. Vélnotkun o. fl.

- C—1. Um kWh-mæli á kr. 6,46 hverja kWh. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 3 200,00.
- C—2. Vélnotkun til bráðabirgða um kWh-mæli á kr. 6,46 hverja kWh.
- C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:
- Um kWh-mæli kr. 0,94 hverja kWh auk fastagjalds kr. 3 200,00. Notað afl telst vera meðalálág á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.
 - Ef ekki eru tók á að mæla notað afl má selja þannig: Um kWh-mæli á kr. 0,94 hverja kWh auk fastagjalds kr. 3 030,00 kW. Í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00. og kl. 17.30—19.00.
- C—4. Um afl- og orkumæla:
- Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 3 200,00 á kW á ári.
 - Af allri notkun kr. 0,94 hverja kWh. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa en reikna skal gólfplatargjald vegna ljósa kr. 50,80 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 16,80 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfplatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 27,90 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

- D—1. Um kWh-mæli á kr. 1,19 hverja kWh án rofs.
- D—2. Um kWh-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0,68 hverja kWh.
- D—3. Um afl- og orkumæla:
- á kr. 0,68 hverja kWh auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 605,00 hvert kW.
 - ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.
- D—4. Um kWh-mæli á kr. 0,33 hverja kWh með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

- Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði af þeim samkv. gjaldskrá.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
- Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
- Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem sett verður upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 3,46 hverja kWh enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWh-mæli á kr. 6,18.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á kr. 1,06 hverja kWh ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 0,85 hver kWh, á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 2,66 hver kWh, frá 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 3,42 hverja kWh.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbundin fyrir notandann, sem greiða skal af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|-----------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 17,20 |
| 2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. | — 20,10 |
| 3. Af þrífasa mælum 50—200 amp. | — 50,80 |
| 4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 76,10 |
| 5. Af álagsstýringarliðum | — 76,10 |

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kVA	Heimtaugargjald kr.
1.	3× 60	22	14 580,00
2.	3×100	38	21 260,00
3.	3×200	75 sp.	42 070,00
4.	3×350	132 sp.	84 000,00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiddast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 3 280,00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 4 600,00
Fyrir 100 amp. þrífasa	— 4 880,00.

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnað).

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduroppnun kr. 409,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 409,00 fyrir enduroppnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalin í gjaldskrá eru 42.5% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds, nema hitatöxtum vegna húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 33/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 751 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Rafveitu Miðneshrepps.****I. RAFORKA.**

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- A—1. Um kWh-mæli á kr. 11,60 hverja kWh. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
- A—2. Um kWh-mæli á kr. 4,81 hverja kWh auk fastagjalds, sem er kr. 50,80 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 16,90 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWh-mæli á kr. 2,94 hverja kWh.

C. Vélanotkun o. fl.

- C—1. Um kWh-mæli á kr. 6,49 hverja kWh. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 3 200,00
- C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWh-mæli á kr. 6,49 hverja kWh.
- C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:
- Um kWh-mæli á kr. 0,94 hverja kWh auk fastagjalds kr. 3 200,00. Notað afl telst vera meðalálág á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.
 - Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWh-mæli á kr. 0,94 hverja kWh auk fastagjalds kr. 3 030,00 hvert kW í málaun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3, kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

- a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 3 200,00 kW á ári.
- b) Af allri notkun kr. 0,94 hverja kWh. Samkvæmt gjaldskrárlíð þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa kr. 50,90 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 16,90 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 27,90 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWh-mæli á kr. 1,21 hverja kWh án rofs.

D—2. Um kWh-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0,68 hverja kWh.

D—3. Um afl- og orkumæla:

- a) á kr. 0,68 hverja kWh auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 606,00 hvert kW.
- b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWh-mæli á kr. 0,34 hverja kWh með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

- a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði þá samkv. gjaldskrá.
- d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
- e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
- f) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 3,46 hverja kWh enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWh-mæli á kr. 6,39.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á kr. 1,03 hverja kWh ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 0,86 hver kWh á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 2,66 hver kWh frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 3,42 hverja kWh.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og kemst ekki undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri, þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt á gjaldskrárlíðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGUR.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. kr. 16,90 pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. kr. 20,10 pr. mán.
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. kr. 51,00 pr. mán.
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. kr. 76,20 pr. mán.
5. Af álagsstýringarliðum kr. 76,20 pr. mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafi kVA	Heimtaugargjald kr.
1.	3 × 60	22	14 580,00
2.	3 × 100	38	21 250,00
3.	3 × 200	75 sp.	42 060,00
4.	3 × 350	132 sp.	69 770,00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiddast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 3 280,00
Fyrir 60 amp. þrífasa	kr. 3 280,00
Fyrir 100 amp. þrífasa	kr. 4 880,00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfðar aðstæður, skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduroppnun kr. 416,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 416,00 fyrir enduroppnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 33/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 752 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Rafveitu Gerðahrepps.****I. RAFORKA.**

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- 1.1 Um kWh-mæli á 11,60 kr. hver kWh.
- 1.2 Um kWh-mæli á 4,81 kr. hver kWh, auk fastagjalds, er nemi kr. 49,70 á ári af hverri einingu gólfplatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1 Um kWh-mæli á 2,94 kr. hver kWh.

C. Vélanotkun.

- 3.1 Um kWh-mæli á 6,49 kr. hver kWh. Hafi vélarnir mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds 1 160,00 kr. á hvert uppsett kW vélanna.
- 3.2 Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 2,66 kr. hver kWh.

- 3.3 Ef uppsett rafvélaverð fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
- Um kWh-mæli á 1,86 kr. hver kWh., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegis og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélagagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
 - Um tvígjaldsmæli á 11,10 kr. hver kWh í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en 2,07 kr. hver kWh utan þess tíma.
- 3.4 Um mæli á 2 390,00 kr. fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 1,27 kr. á notaða kWh.
- 3.5 Ef ekki eru tók á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:
Um mæli á 1 560,00 kr. fyrir hvert uppsett kW vélanna og auk þess 1,27 kr. á notaða kWh. Ef fasviksstuðull er lægri en 0,85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

D. Hitun.

- Um kWh-mæli á 1,21 kr. hver kWh, án rofs.
- Um kWh-mæli á 0,68 kr. hver kWh enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
- Um kWh-mæli á 0,33 kr. hver kWh, í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

- Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 3,48 kr. hver kWh, enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
- Til nota fyrir vinnuljósagnir meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli á 5,92 kr. hver kWh.
- Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á 0,85 kr. hver kWh á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 2,66 kr. hver kWh frá kl. 8.30 til 22.
- Til gatnalýsingar á 2,66 kr. hver kWh.
- Um kWh-mæli 5,23 kr. hver kWh fyrir lýsingu án fastagjalds og/eða aflgjalds véla-notkunar.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 16,60 pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	kr. 21,30 —
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	kr. 49,70 —
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	kr. 75,70 —
5. Af álagsstýringarliðum	kr. 75,70 —

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 373,00 á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 297,00

II. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi og Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtauggjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun	Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald	
		Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa	18 490,00	444,00	5 840,00
63 A 3-fasa	19 960,00	535,00	7 320,00
100 A 3-fasa	23 720,00	606,00	9 230,00
200 A 3-fasa	38 270,00	Samkv. kostn.	
315 A 3-fasa	80 210,00	—	
300 kVA 3-fasa	111 370,00	—	
500 kVA 3-fasa	188 210,00	—	
800 kVA 3-fasa	297 260,00	—	

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtauggjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald ¹⁾²⁾	
		Jarðstrengur	Loftlína
63 A 1-fasa	3 280,00	Sama og aðalheimtaugar	
63 A 3-fasa	4 610,00	Sama og aðalheimtaugar	
100 A 3-fasa	4 880,00	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjá eigandi húsveitu um lög frá úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 33/1983 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 753 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Keflavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- 1.1 Um kWh-mæli á 11,60 kr. hver kWh.
- 1.2 Um kWh-mæli á 4,81 kr. hver kWh, auk fastagjalds, er nemi kr. 49,70 á ári af hverri einingu gólfplatár í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verðslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1 Um kWh-mæli á 2,94 kr. hver kWh.

C. Vélanotkun.

- 3.1 Um kWh-mæli á 6,49 kr. hver kWh. Hafi vélarnir mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds 1 160,00 kr. á hvert uppsett kW vélanna.
- 3.2 Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 2,66 kr. hver kWh.

- 3.3 Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
- Um kWh-mæli á 1,86 kr. hver kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
 - Um tvígjaldsmæli á 11,10 kr. hver kWh í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en 2,07 kr. hver kWh utan þess tíma.
- 3.4 Um mæli á 2 390,00 kr. fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 1,27 kr. á notaða kWh.
- 3.5 Ef ekki eru tók á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:
Um mæli á 1 560,00 kr. fyrir hvert uppsett kW vélanna og auk þess 1,27 kr. á notaða kWh. Ef fasviksstuðull er lægri en 0,85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkður upp í það gildi.

D. Hitun.

- Um kWh-mæli á 1,21 kr. hver kWh, án rofs.
- Um kWh-mæli á 0,64 kr hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
- Um kWh-mæli á 0,31 kr. hver kWh, í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

- Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 3,48 kr. hver kWh, enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
- Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli á 5,92 kr. hver kWh.
- Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á 0,85 kr. hver kWh á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 2,66 kr. hver kWh frá kl. 8.30 til kl. 22.
- Til gatnalýsingar á 2,66 kr. hver kWh.
- Um kWh-mæli 5,23 kr. hver kWh fyrir lýsingu án fastagjalds og/eða aflgjalds véla-notkunar.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 16,60 pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	kr. 21,30 —
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	kr. 49,70 —
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	kr. 75,70 —
5. Af álagsstýringarliðum	kr. 75,70 —

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 373,00 á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduroppnun kr. 297,00.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Keflavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun	Heimtaugargj. kr.	Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa	18 490,00	444,00	5 840,00
63 A 3-fasa	19 960,00	535,00	7 320,00
100 A 3-fasa	23 720,00	606,00	9 230,00
200 A 3-fasa	38 270,00	Samkv. kostn.	
315 A 3-fasa	80 210,00	—	
300 kVA 3-fasa	111 370,00	—	
500 kVA 3-fasa	188 210,00	—	
800 kVA 3-fasa	297 260,00	—	

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Jarðstrengur	Loftlína
63 A 1-fasa	3 280,00	Sama og aðalheimtaugar	
63 A 3-fasa	4 610,00	Sama og aðalheimtaugar	
100 A 3-fasa	4 880,00	Sama og aðalheimtaugar	

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjá í eigandi húsveitu um lög frá úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 33/1983 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 754 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Njarðvíkur.

Raforka:

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWh-mæli á kr. 11,66 hver kWh.
2. Um kWh-mæli á kr. 4,79 hver kWh auk fastagjalds er nemi kr. 50,90 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 17,00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWh-mæli á kr. 2,94 hver kWh.

3. Vélanotkun.

1. Um kWh-mæli á kr. 6,49 hver kWh. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 3 200,00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 5,19 hver kWh.

4. Um mæli á kr. 3 200,00 fyrir hvert kW mest notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalálág og auk þess kr. 0,94 á notaða kWh. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 47,40 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 16,90 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 27,90 annars staðar.

4. Hitun.

1. Um kWh-mæli á kr. 0,68 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis en þó eigi lengur en í 1 1/2 klst. í senn.
2. Um kWh-mæli á kr. 0,33 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kWh-mæli á kr. 1,19 hver kWh án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar:

- a. Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal, þegar þess er krafist.

5. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 3,43 hverja kWh, enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar meðan á framkvæmdum stendur, um kWh-mæli á kr. 5,91 hver kWh.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á kr. 0,85 hver kWh á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 2,65 hver kWh á tímanum frá kl. 8.30 til 22.
4. 13 630,00 kr/kWh á ári í uppsettu afli úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósabúnaði rafveitunnar, auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárlíði, skal selja eftir gjaldskrárlíð 1—1.

6. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir pr. mánuð:

Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 22,70
Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	kr. 62,70
Af þrífasa mælum frá 50—220 amp.	kr. 92,70
Af mestastraumsmæli	kr. 273,00
Af líða fyrir álagsstýringu	kr. 76,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

7. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 286,00.

2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 286,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2, nema þyngri refsing liggji við.

8. Heimtaugargjald.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, og jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflum.

1.	63 A	1-fasa	kr.	18 490,00
2.	63 A	3-fasa	kr.	19 950,00
3.	100 A	3-fasa	kr.	23 720,00
4.	200 A	3-fasa	kr.	38 280,00
5.	300 kVA	3-fasa	kr.	111 360,00

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dreginn í.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa, skal greitt samkv. töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða heimtaugargjald samkvæmt töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara, og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3×220 V notendakerfi er breytt í $380/220$ V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Málstraumur	Stofngjald
63 A 1-fasa	3 280,00
63 A 3-fasa	4 600,00
100 A 3-fasa	4 880,00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð, eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi, t. d. til lengri tíma og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsókn og ekki seinna en við tengingu.

9. Ýmis ákvæði.

23,5% söluskattur og 19% verðjöfnunargjald, samtals 42,5% eru talin í upphæð þeirri, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, nema í töxtum 5—1, 5—2 og 5—3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 33/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 755 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Rafveitu Voga og Vatsleysustrandar.****Raforka:**

Rafveita Voga og Vatsleysustrandar selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWh-mæli á kr. 11,60 hver kWh.
2. Um kWh-mæli á kr. 4,79 hver kWh auk fastagjalds er nemi kr. 50,90 af hverjum fermetra gólfplatá í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 17,00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWh-mæli á kr. 2,92 hver kWh.

3. Vélánotkun.

1. Um kWh-mæli á kr. 6,49 hver kWh. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 3 200,00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 5,19 hver kWh.
4. Um mæli á kr. 3 200,00 fyrir hvert kW mest notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalálág og auk þess kr. 0,94 á notaða kWh. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 47,40 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum ö. þ. h., en kr. 16,90 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 27,90 annars staðar.

4. Hitun.

1. Um kWh-mæli á kr. 0,68 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWh-mæli á kr. 0,33 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kWh-mæli á kr. 1,19 hver kWh án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar:

- a. Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal, þegar þess er krafist.

5. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 3,43 hverja kWh, enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli á kr. 5,91 hver kWh.
3. Til bökkunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á kr. 0,85 hver kWh á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 2,65 hver kWh á tímanum frá kl. 8.30 til 22.
4. 13 630,00 kr/kW á ári í uppsettu aflí úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósabúnaði rafveitunnar, auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárlíði, skal setja eftir gjaldskrárlíði 1—1.

6. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir pr. mánuð:

Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 22,70
Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	kr. 62,70
Af þrífasa mælum frá 50—220 amp.	kr. 92,40
Af mestastraumsmæli	kr. 273,00
Af liða fyrir álagsstýringu	kr. 76,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

7. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 286,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrir en notandinn hefur greitt kr. 286,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2, nema þyngri refsing liggji við.

8. Heimtaugargjald.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun. Jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflum:

1.	63	A	1-fasa	kr.	18 490,00
2.	63	A	3-fasa	kr.	19 950,00
3.	100	A	3-fasa	kr.	23 720,00
4.	200	A	3-fasa	kr.	38 280,00
5.	300 kVA		3-fasa	kr.	111 360,00

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dreginn í.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádrægnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa, skal greitt samkv. töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar í stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða heimtaugargjald samkvæmt töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara, og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3×220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Málstraumur	Stofngjald
63 A 1-fasa	kr. 3 280,00
64 A 3-fasa	kr. 4 600,00
100 A 3-fasa	kr. 4 880,00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkv. gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð, eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi, t. d. til lengri tíma og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt hverfi að ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsókn og ekki seinna en við tengingu.

9. Ýmis ákvæði.

23,5% söluskattur og 19%, verðjöfnunargjald, samtals 42,5% eru talin í upphæð þeirri, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, nema í töxtum 5—1, 5—2 og 5—3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 33/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 756 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA. GJALDSKRÁRLIÐIR.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimlisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	2,43 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	1 180,00 kr/a

A. 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkja-gerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	3,64 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	1 180,00 kr/a

A. 3. Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald	2,10 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	1 180,00 kr/a

A. 4. Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	1,12 kr/kWh
Fastagjald 4 × F1	4 720,00 kr/a

A. 5. Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	13 100,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW ...	1 810,00 kr/kW/a
Orkugjald af allri notkun	0,44 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	2,43 kr/kWh

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

B. 1. Aflmæling.

Öll meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald, 12 kW	34 920,00 kr/a
Aflgjald umfram 12 kW	2 910,00 kr/kW/a
Orkugjald	0,93 kr/kWh

B. 2. Súgurrkun.

Til súgurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. okt.

Aflgjald	966,00 kr/kW/a
Orkugjald	0,56 kr/kWh

C. 1. Hitun.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	0,58 kr/kWh
Fastagjald $3 \times F 1$	3 540,00 kr/a

Roftími er allt að $2 \times 1\frac{1}{2}$ klukkustund á dag.

C. 2. Hitun.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	0,41 kr/kWh
-----------------	-------------

Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.

D. 1. Hitun.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	1,12 kr/kWh
Fastagjald $3 \times F 1$	3 540,00 kr/a

Roftími er allt að $2 \times 1\frac{1}{2}$ klukkustund á dag.

D. 2. Hitun.

Til hitunar á öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	0,72 kr/kWh
-----------------	-------------

Roftími allt að 15 klukkustundir á dag.

Gjald fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals kr. 449,00

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.**1. Utanhússlýsing.**

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Sumarbústaðanotkun.

Orkuverð A. 4, fylgir orkuverði D. 1.

3. Markmæling.

Liður A. 5, er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

4. Aflgjaldsmæling.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda en hjá fiskbræðslum, fiskmjölsverksmiðjum og hliðstæðri notkun, meðal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði í fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarsaflgjald sé miðað við 12 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt B. 1., enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mestu útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafðið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum, nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A. 4, A. 5, C. 1, C. 2, D. 1 og D. 2 og tilsvarendi fastagjöldum.

Gjaldskrárverð breytist til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

II. HEILDSALA.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæða þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaksmánuðir og almanaksár.

2. gr.

Rafmagnsgjald.

Aflgjald	1 897,46 kr. á árskW
+ Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW	60,80 aurar á kWh
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	34,80 aurar á kWh
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW ..	17,70 aurar á kWh

3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 málsþennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

4. gr.

Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálág á afhendingarstað.

5. gr.

Ársnýting.

Ársnýting í klukkustundum er raforkunotkun eins almanaksárs í kWh deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

6. gr.

Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

7. gr.

Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílóvattstundarverð skv. 2. gr. umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundradshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

8. gr.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda sbr. 76. gr. orkulaga nr. 581, 1967.

III. HEIMTAUGAGJÖLD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugagjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

- 1.0 Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforku-notkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
- 2.0 Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:
- 2.1 Heimtaug.

Varstærð Amp.	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd ¹⁾ kr/m
63 einfasa	16 390,00	418,00
63 þriggjafasa	18 130,00	418,00
100 þriggjafasa	28 020,00	520,00
200 þriggjafasa	55 930,00	608,00
315 þriggjafasa	88 070,00	768,00
400 þriggjafasa	111 880,00	Samkv. kostn.
710 kVA spst.	198,550,00	—
1200 kVA spst.	335 560,00	—
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.3)	3 940,00	

- 2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frá-dregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínu heimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.
- 2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkuarhúsum, fiskmjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug, sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.

- 2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðahús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.
- 3.0 Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
- 3.1 Grunnjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 2 370,00.
- 3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.
- 3.3 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínu-staur í kerfi Rafmagnsveitnanna, skal greiða eins og 2.1 segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.
- 4.0 Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kaupþúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

IV. HEIMTAUGAGJÖLD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu, Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunnjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.
2. Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundradshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera kr. 8 586,00 á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald, skal greiða 1,2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 717 082,00 af matsverði, og 0,6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 717 082,00, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1,5 km á hverjar 8 586,00 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.
Framangreint grunnjald, kr. 8 586,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 909 stig. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi almanaksársins.
Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.
Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 394 387,00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugagjöld sumarbústaða, sumarþúna, veiðihúsa, hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.
Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 35/1983 um breytingar á gjaldskrám rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 757 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

1. mars 1983

Nr. 143

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Kirkjuhúsið, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 1. mars 1983. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjuhúsið.

1. gr.

Stofnunin heitir Kirkjuhúsið og er sjálfseignarstofnun. Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík. Stofnunin er sett á fót ad frumkvæði kristnissjóðs.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er ad annast dreifingu og sölu á bókum og ritum Útgáfunnar Skálholts, svo og dreifingu og sölu á ritum annarra stofnana Þjóðkirkjunnar. Ennfremur ad annast útvegum og sölu annarra kirkjulegra muna og skylda starfsemi.

3. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með rekstrarfé sínu og þeim eignum, sem hún kann ad eignast með öðrum hætti.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa 5 menn sem tilnefndir eru til eins árs í senn af eftirfarandi stofnunum: Einn frá Hjálparstofnun kirkjunnar, einn frá Útgáfunni Skálholt, einn frá Æskulýðsstarfi Þjóðkirkjunnar, og einn frá Biskupsstofu. Biskup Íslands er sjálfkjörinn og er jafnframt stjórnarformaður.

Stjórn stofnunarinnar markar henni stefnu og ber ábyrgð á henni.

5. gr.

Aðalfund stofnunarinnar skal halda fyrir 15. mars ár hvert og er hann lögmætur er $\frac{3}{5}$ stjórnarmanna hið fæsta eru á fundi.

Aðalfund sitja stjórnarmenn og hafa þeir einir kosningarétt. Til aðalfundar skal auk þess boða rekstrarstjóra stofnunarinnar og hefur hann málfrelsi og tillögurétt. Auk þess getur stjórn stofnunarinnar boðið öðrum til aðalfundar. Skilar rekstrarstjóri á aðalfundi endurskoðuðum ársreikningi.

6. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar stofnunarinnar lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar.
4. Tillögur til breytinga á skipulagsskrá, ef fram koma.
5. Önnur mál.

7. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningur stofnunarinnar endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, skal liggja frammi fyrir stjórnarmenn viku fyrir aðalfund.

8. gr.

Stjórnin ræður rekstrarstjóra fyrir stofnunina og hefur hann heimild til að rita firma hennar og skal afla verslunarleyfis fyrir starfsemina eftir því sem þarf. Samþykki stjórnar þarf til þess að ráðstafa fjármunum eða öðrum eignum stofnunarinnar nema að svo miklu leyti er lýtur að almennum viðurkenndum viðskiptaráðstöfunum. Svo er og aðilum óheimilt, án samþykkis hinna, að skuldbinda stofnunina með víxiláritun eða á annan hátt sem ábyrgðarmenn fyrir skuldum annarra nema ábyrgðin standi í beinu sambandi við viðskipti stofnunarinnar eða sé afleiðing af þeim. Á sama hátt þarf samþykki allra aðilanna til að selja eða veðsetja eignir sem stofnunin á eða kann að eignast, til að kaupa slíkar eignir, svo og til að ráða starfsmenn að stofnuninni.

9. gr.

Ef hagnaður verður á rekstri stofnunarinnar skal honum varið til eflingar starfsemi hennar eða til styrktar öðru kirkjulegu starfi, samkvæmt ákvörðun stjórnar.

10. gr.

Verði ákveðið að leggja sjálfseignarstofnunina Kirkjuhúsið niður, skulu eignir þess allar renna til líknarstarfs kirkjunnar.

11. gr.

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari ná fram að ganga, hljóti þær fylgi $\frac{3}{5}$ hluta atkvæða stjórnar.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um framlagningu kjörskráa við Alþingiskosningar 23. apríl 1983.

Samkvæmt heimild í 1. málsg. 23. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis er hér með ákveðið

- a) að frestur sá, sem getur í 1. málsg. 19. gr. laganna, styttist þannig að kjörskrár skulu lagaðar fram 22. mars 1983 og
- b) að tími sá, sem kjörskrár skulu liggja frammi, sbr. 3. málsg. 19. gr., styttist þannig að kjörskrár liggja frammi til 8. apríl 1983.

Jafnframt er ákveðið, samkvæmt heimild í 2. málsg. 19. gr. laganna, að niður skuli falla frestur sá, sem þar er settur, til að auglýsa, hvar kjörskrár við alþingiskosningarnar verði lagðar fram.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. mars 1983.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 356 1. júlí 1982 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl., sbr. reglugerð nr. 788 17. desember 1982 um breyting á henni.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda, og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi – annan en þann sem talinn er í 2. gr. – fyrir allt að 2 400 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 600 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan og greinir í 1. og 2. málslíð 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 600 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 1 800 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 2 400 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 600 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ. m. t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlendis.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	kr./l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	75
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperítivar	90
3. Íslenskar áfengistegundir	205
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	375

B. Tóbak:

1. Reyktóbak	185 kr./tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar	235 kr./200 stk.
3. Smávindlar	30 kr./10 stk.
Meðalstærð	125 kr./25 stk.
Vindlar, aðrir	165 kr./25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi töllyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tollefirlit ásamt síðari breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma er úr gildi numin reglugerð nr. 788 17. desember 1982.

Fjármálaráðuneytið, 15. mars 1983.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Ingólfur Friðjónson.

21. mars 1983

251

Nr. 146

AUGLÝSING

um váttryggingarfjárhæðir ábyrðartrygginga ökutækja.

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt heimild í 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga nr. 40 12. apríl 1968, sbr. lög nr. 65 16. maí 1978, að váttryggingarfjárhæðir ábyrðartrygginga ökutækja samkvæmt 1. og 2. mgr. 70. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980, skuli vera kr. 6 000 000,00 fyrir hvert ökutæki. Fyrir vélknúin ökutæki, sem flytja mega fleiri farþega en tíu skal váttryggingarfjárhæðin þó vera kr. 12 000 000,00.

Ákvörðun þessi gildir frá 23. mars 1983 að telja.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 156 26. mars 1982 um váttryggingarfjárhæðir ábyrðartrygginga ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. mars 1983.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

18. mars 1983

Nr. 147

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486 23. ágúst 1982 um söluskatt.

1. gr.

3. tl. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sá hluti af fæðissölu veitingahúsa, greiðasölastaða og annarra aðila, sem selja tilbúinn mat, er samsvarar innkaupsverði þeirra matvæla sem undanþegin eru söluskatti skv. 2. tl. þessarar greinar eða með öðrum hætti að viðbætti meðaltalssmásoúalagningu á þessar vörur. Telst meðaltalssmásoúalagningin vera 25% í þessu sambandi. Skal þessum aðilum heimilt að leggja 25% ofan á innkaupsverð söluskattsfrjálsra matvæla og draga innkaupsverðið ásamt þeirri viðbót frá heildarveltu áður en söluskattskil eru gerð.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 10/1960 með síðari breytingum öðlast gildi 1. apríl 1983 og kemur til framkvæmda við söluskattsuppgjör vegna sölu eða afhendingar sem á sér stað eftir þann tíma.

Fjármálaráðuneytið, 18. mars 1983.

Ragnar Arnalds.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum fiskibáta í mars—apríl 1983.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til fiskiskipa annarra en þeirra, er togveiðar stunda samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 2 3. janúar 1983, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1983.

2. gr.

Á tímabilinu frá kl. 22.00 29. mars 1983 til kl. 12.00 á hádegi 5. apríl 1983, eru fiskiskipum, sbr. 1. gr. bannaðar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Á þessu tímabili er óheimilt að hafa nokkur þorskfisknet í sjó.

3. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 2. gr., má hlutfall þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli veiðiferðar yfir 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

4. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 2. gr., og hlutfall þorsks í afla reynist herra en 15%, skal svo litið á, að um ólöglegan afla sé að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 3. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils, samkvæmt 2. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón. B. Jónasson.

21. mars 1983

253

Nr. 149

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 327 21. júní 1982, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Í stað c) og d) liðar 1. töluliðar 1. mgr. 2. gr. komi tveir liðir er hljóði svo:

c) 63°10'0 N 21°10'0 V

d) 63°10'0 N 22°00'0 V.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 26. mars 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

10. mars 1983

Nr. 150

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem heilbrigðisfulltrúi hér á landi og kalla sig heilbrigðisfulltrúa hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim, sem hefur menntun á sviði heilbrigðiseftirlits, sem heilbrigðismálaráðuneytið metur gilda. Áður en leyfi er veitt skal leita állts Hollustuverndar ríkisins um hæfni umsækjenda.

3. gr.

Menntun heilbrigðisfulltrúa skal vera:

- a) Háskólapróf í heilbrigðiseftirliti,
- b) háskólapróf í skyldum greinum, auk sérnáms og/eða starfsreynslu,
- c) önnur sambærileg menntun.

4. gr.

Heilbrigðisfulltrúi starfar að heilbrigðiseftirliti í umboði heilbrigðisnefnda samkvæmt ákvæðum laga og regna, sem nefndunum hefur verið falið að annast framkvæmd á. Heilbrigðisfulltrúi starfar ennfremur fyrir svæðisnefnd í samræmi við 26. gr. laga nr. 50/1981.

Heilbrigðisfulltrúi er í starfi sínu háður faglegu eftirliti landlæknis í samræmi við lög nr. 57/1978, 3. gr. 1. tl. 2. mgr.

5. gr.

Heilbrigðisfulltrúa ber að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar varðandi starfið.

6. gr.

Heilbrigðisfulltrúa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða edli máls. Þagnarskylda heilbrigðisfulltrúa helst, þótt hann láti af störfum.

7. gr.

Um refsingu vegna brota heilbrigðisfulltrúa í starfi, sviftingu starfsleyfis og endurveitingu gilda ákvæði læknalaga nr. 80/1969. Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 26. gr. 6. tl. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar skulu heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna, sem voru í starfi við gildistöku laga nr. 50/1981, eiga rétt á starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari, sækja þeir um það, enda hafi þeir verið ráðnir til starfa í samræmi við áðurgildandi lög.

Þeir aðilar, sem voru í starfi 1. ágúst 1982 og ráðnir voru, án þess að uppfyllt væru skilyrði laga nr. 12/1969, geta að fengnum meðmælum Hollustuverndar ríkisins fengið tímabundið starfsleyfi, þó eigi lengur en til næstu áramóta. Óski þeir eftir fullu starfsleyfi að þeim tíma loknum, skulu þeir sækja sérstaklega um það. Skilyrði fyrir slíkri leyfisveitingu er, að Hollustuvernd ríkisins mæli með henni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. mars 1983.

Svarar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

10. mars 1983

255

Nr. 151

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Mjölnis.

1. gr.

Reglugerð þessi nær til félagssvæðis Vörubílstjórafélagsins Mjölnis í Árnessýslu, en það nær yfir Árnessýslu og Selfoss.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vörubifreiðaaaksturs takmarkast við hámarkstöluna 50, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti.

Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Mjölnis, sýslunefndar Árnessýslu og bæjarstjórnar Selfoss.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt öikumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar sem flutt er.

Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar með sérstöku merki.

4. gr.

Í nóvembermánuði ár hvert veitir Vörubílstjórafélagið Mjöltnir viðtöku nýjum umsókn-um um félagsréttindi manna. Umsóknir skulu ritaðar á þar til gerð eyðublöð sem liggja frammi á stöð félagsins.

Skal þá er fjöldi leigubifreiða er kominn niður fyrir töluna 50, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni.

Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðir til leiguaksturs.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 162 19. júlí 1966.

Samgönguráðuneytið, 10. mars 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum út af Vestfjörðum.

1. gr.

Frá og með 1. apríl 1983 til og með 10. júní 1983, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línnum dregnum milli eftirgreindra punkta:

1. 65°58'N 28°30'V
2. 66°08'N 26°54'V
3. 65°22'N 28°22'V
4. 65°33'N 27°00'V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs í Mýrasýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi nær til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Mýrasýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs takmarkast við hámarkstöluna 12, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Mýrasýslu og sýslunefndar sömu sýslu.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt öikumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Í októbermánuði ár hvert veitir Vörubílstjórafélag Mýrasýslu viðtöku nýjum umsókn-um um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða er kominn niður fyrir töluna 12 bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina eftir biðtímalengd og tímaröð.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru í eigu einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðir til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. mars 1983.

Steingímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 17 24. janúar 1978, um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa, sbr. reglugerð nr. 23 13. janúar 1983.

1. gr.

1.—2. málsg. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hafnarfirði skal, meðan bærjarstjórn Gardabæjar og hreppsnefnd Bessastaðahrepps ekki leyfa fólksbílastöðvar í sínum lögsagnarumdæmum fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Hafnarfirði, miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Neista í Hafnarfirði, þannig að ein bifreið kom fyrir hverja 600 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkvæmt 1. mgr. telst Hafnarfjörður, Gardabær og Bessastaðahreppur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. mars 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Þingeyrarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Þingeyrarhrepps er heimilt að leggja á gatnagerðargjöld í sveitarfélaginu eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A—gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með vatns- og holræsislögnum, og B—gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og að ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

Við álagningu gatnagerðargjalda skal miða við ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar á rúmmetra „vísitöluhúss“, eins og hann er reiknaður af Hagstofu Íslands.

Reikna skal stærð bygginga samkvæmt IST 50.

Ef fleiri en einn eigandi er að byggingu skiptast gjöld í samræmi við það rúmmál, sem hverjum tilheyrir, samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins.

4. gr.

Álagning A—gjalda og B—gjalda skal vera sem hér segir:

	A—gjald	B—gjald
Einbýlishús	2.0%	3.0%
Tvíbýlishús og raðhús	1.5%	2.0%
Fjölbýlishús	1.0%	1.5%
Verlanir og skrifstofubyggingar	2.0%	3.0%
Opinberar byggingar	2.0%	3.0%
Iðnaðarhús, vörugæmslur og annað atvinnuhúsnæði	1.0%	1.5%

Af kjöllurum, rishæðum og bifreiðagæmslum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnureksturs, skal greiða hálf gjald.

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða í gatnagerðargjöld kr. 10,00 af hverjum fermetra lóðar.

5. gr.

Gjöld samkvæmt 4. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

6. gr.

Við álagningu A-gjalda fyrir íbúðabyggingar skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum. Ef ekki er fyrirbyggjandi samþykktur uppdráttur skal miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldir lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð:

1. Einbýlishús	500 m ³
2. Tvíbýlishús og raðhús	400 m ³
3. Fjölbýlishús	200 m ³

Í öðrum byggingum skal við útreikning lágmarksrúmmáls til A—gjalds miða við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Miða skal við nýtingarhlutfall

lóðar 0.3—0.5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Við álagningu B—gjalda skal miða við lágmarksstærð húseigna 250 m³.

Hafi ákvæðum þessarar greinar um lágmarksstærðir verið beitt við álagningu gatnagerðargjalds, skulu viðbyggingar vera gjaldfrjálsar að svo miklu leyti sem þær falla enn innan lágmarksstærðanna.

7. gr.

A—gjöld samkvæmt 4. grein miðast við vísitölu byggingarkostnaðar samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd. Við lóðarveitingu skal greiða 50% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar greiðist þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvar í allt að þrjá mánuði frá lóðarúthlutun.

8. gr.

Þegar veitt er byggingaleyfi án undangenginnar lóðaveitingar er greiðsla A—gjalds áskilin samkvæmt reglugerð þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins byggingarfrests, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta, sem endurnýjadur er, eins og það er þá, að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem áður var greitt af sama áfanga.

9. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi, sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur sveitarfélaginu síðar vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum, ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum, sem til greina kunna að koma.

10. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, það er að segja, að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema veitingin hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest. Framkvæmdir teljast hafnar, er undirstöður hafa verið steiptar.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

Eftir 6 mánuði endurgreiðast 50%.

Eftirstöðvarnar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar greiðsla samkvæmt þeirri úthlutun fer fram.

11. gr.

Innheimta skal B—gjald af fasteignum, sem skráðar eru við þá götukafila, sem hverju sinni er lagt á bundið slitlag.

B—gjöld samkvæmt 4. grein skal miða við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram við hlutadeigandi götu. Nú breytist vísitala meðan verk er unnið og skal þá miða við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

12. gr.

Innheimta skal B—gjald af fasteignum við götur, þar sem þegar hefur verið lagt bundið slitlag og falla þau í gjalddaga 3 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar og miðast við þá byggingarvísitölu, sem þá er í gildi.

13. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu, sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi skal innheimta bæði A—gjald og B—gjald af viðkomandi byggingu.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign færist í hærri gjaldflokk, þá skal innheimta gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldi reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

14. gr.

Gatnagerðargjald, B—gjald samkvæmt 4. gr. greiðist þannig að 20% greiðist út á framkvæmdárinu með gjalddaga samkvæmt nánari ákvörðun hreppsnefndar hverju sinni. Eftirstöðvar, 80% gjaldsins, greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí ár hvert. Ársvextir eru hæstu lögleyfðir vextir og greiðast þeir eftir á, á sömu gjalddögum.

Lokagreiðsla þ. e. síðustu 20% gjaldsins falla þó ekki í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við þá götu, sem viðkomandi fasteign er skráð við.

15. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita rýmri gjaldfrest, þegar um er að ræða fasteignir þeirra aðila, sem njóta ívilnunar í fasteignaskatti sbr. II kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Skilyrði fyrir gjaldfresti er, að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi fasteign.

Ef um gjaldfrest er að ræða miðast gatnagerðargjaldið við þá vísitölu, sem er í gildi þegar gjaldið er innheimt.

16. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkvæmt 4. grein hvern fyrir sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

17. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum og dráttarvöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Pingeyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1983.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REIKNINGUR**Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands fyrir árið 1982.****Rekstrarreikningur fyrir árið 1982.**

Gjöld:		kr.
Ýmis kostnaður, prentun o. fl.		46 727
Styrkveitingar 1982		673 500
Tekjur til ráðstöfunar 1986 skv. 5. gr.		785 000
Tekjur lagðar við höfuðstól		1 020 000,72
	Samtals	2 525 227,72
Tekjur:		kr.
Arður af hlutabréfum E. Í.		456
	kr.	
Samúðarskeyti Landsímans	1 312 184,10	
÷ 15% til F. Í. S.	196 827,59	
		1 115 356,51
Aðrar minningargjafir		5 420
Vaxtatekjur		1 403 995,21
	Samtals	2 525 227,72

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1982.

Eignir:		kr.
Innstæða á ávísanareikningi		203 516,61
Innstæða á verðbr. + vaxtaaukareikningi		3 704 587,38
Spariskírteini:	kr.	
1. fl. 74 C 1136—40	2 500	
1. fl. 75 C 10461—65	2 500	
1. fl. 76 C 1363—921	15 000	
		20 000
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands		4 560
Áfallnir vextir af spariskírteinum		4 492,96
	Samtals	3 937 156,95
Skuldir:		kr.
Til ráðstöfunar 1982 skv. 5. gr. skipulagsskrár frá fyrri árum	1 317 000	
Ráðstafað til Lsp ÷	1 300 000	
Lagt við höfuðstól ÷	17 000	
		785 000
Til ráðstöfunar 1986 skv. 5. gr. skipulagsskrár af tekjum 1982		785 000
Höfuðstóll 1/1 '82	2 115 156,23	
Lagt við höfuðstól 26/2 '82	17 000	
Lagt við höfuðstól 31/12 '82	1 020 000,72	
		3 152 156,95
		3 937 156,95

Athugasemd:

Verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs eru færð á nafnverði. Skv. upplýsingum frá Seðlabanka er verðgildi bréfanna 31. des. 1982 pr. 100 krónur sem hér segir:

1. fl. 74 kr. 3 000,82

1. fl. 75 kr. 2 472,62

1. fl. 76 kr. 1 779,81

Verðtrygging verður tekjufærð við innlausn bréfanna vegna skiptingar milli höfuðstóls og fjár til ráðstöfunar skv. 5. gr. skipulagsskrár.

Reykjavík, 24. janúar 1983.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum farið yfir reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi bankareikninga og fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 2. febrúar 1983.

Ólöf Pétursdóttir.

Vilborg Gunnlaugsdóttir.

Nr. 257

SAMÞYKKT

11. mars 1983

um hundahald í Garðabæ.

1. gr.

Hundahald er bannað í Garðabæ.

2. gr.

Ólöglega og eftirlitslausa hunda skal taka, hvar sem til þeirra næst, og færa í sérstaka hundageymslu á kostnað eigenda. Hirði eigendur hunda, sem þannig hafa verið teknir, ekki um þá innan 10 daga, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skal aflífa hundana.

3. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að veita lögráða einstaklingum búsettum í Garðabæ undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Umsókn um undanþágu til hundahalds skal berast hundaeftirlitsmanni Garðabæjar. Bæjarráð getur veitt umbedið leyfi.
- b) Hundinn og eiganda hans skal skrá í hundabók á skrifstofu bæjarins. Þar fær eigandi hundsins afhenta merкта plötu, sem ávallt skal vera í ól um háls hundsins.
- c) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Bæjarráð ákveður árlega upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir. Gjaldið skal renna til þess að standa straum af kostnaði við hundahald og eftirlit með því og skal upphæð þess miðuð við að bæjarsjóður beri ekki kostnað af hundahaldi bæjarbúa. Gjaldalagi þess skal vera 15. nóvember og eindagi 15. desember.
- d) Hundaeigendum er skylt að mæta með hunda sína til árlegrar hreinsunar og að greiða hreinsunargjald. Heimilt er þeim þó með samþykki hundaeftirlitsmanns, að láta hreinsa hunda sína sjálfir enda fari slík hreinsun fram á sama tíma og auglýst hundahreinsun í Garðabæ. Vottorði frá dýralækni um slíka hreinsun skal framvísað við hundaeftirlitsmann.
- e) Hundaeigendum er skylt að hafa hunda sína ábyrgðartryggða hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Vottorði um slíka tryggingu skal framvísað við hundaeftirlitsmann.

- f) Leyfi fyrir einstökum hundum skulu jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæinn fara, til óþæginda, með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slyshættu.
- g) Hundar skulu aldrei ganga lausir á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skóla, samkomuhús, íþróttahús, sundstaði, barnaleikvelli, matvöruverslanir eða aðrar opinbera staði þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- h) Hundaeigendum ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða, svo og fyrirmælum er heilbrigðisnefnd Garðabæjar setur.
- i) Verði breyting á eignarhaldi hunds fellur undanþága úr gildi. Ber þá að tilkynna hundaeftirlitsmanni um eigendaskiptin og sækja að nýju um undanþágu, sé hundurinn áfram staðsettur í Garðabæ.
- j) Eigendum hunda, sem eru smitberar eða grunaðir um að vera smitberar, er skylt að hlíta því að hundar þeirra séu rannsakaðir verði þess óskað af lækni eða dýralækni.

4. gr.

Skráðir eigendur hunda eru ábyrgir fyrir greiðslu leyfisgjalds, hundaskatts, hreinsunargjalds, ábyrgðartryggingargjalds, sekta og kostnaðar sem kann að leiða af meðferð eða geymslu hunda þeirra. Verði vanskil á greiðslum þessum skal heimilt að afturkalla undanþágur og innheimta gjöldin samkvæmt lögum.

5. gr.

Sé skilyrðum fyrir undanþágu skv. 3. gr. ekki framfylgt skal viðkomandi hundeigandi sviptur leyfi til hundahalds. Honum skal þá skylt að losa sig við hundinn, eða hlíta því, að öðrum kosti, að hundurinn verði fjarlægður og aflífaður á hans kostnað.

6. gr.

Bæjarráði er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

7. gr.

Hundaeftirlitsmaður skal vera starfandi í Garðabæ. Hlutverk hans skal skilgreint í erindisbréfi, sem bæjarráð gefur út.

Hundaeftirlitsmaður skal gefa bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd árlega skýrslu um hundahald í Garðabæ og starf sitt vegna þess.

8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

9. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sbr. lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Garðabæ nr. 258/1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. mars 1983.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 608 29. október 1982 um sérstakt
línusvæði í Reykjarfjarðarál.

1. gr.

Í stað orðanna „til og með 15. mars 1983“, í 1. mgr. 1. gr., komi: til með 31. mars 1983.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld niður reglugerð nr. 90 3. mars 1983, um breyting á reglugerð nr. 608 29. október 1982, um sérstakt línusvæði í Reykjarfjarðarál.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 159

REIKNINGUR

Samvinnubanka Íslands 1982.

Rekstrarreikningur Samvinnubanka Íslands hf.

Rekstrartekjur

	kr.
Vextir og verðbætur af útlánum	313 235 787,58
Vextir og verðbætur frá Seðlabanka	69 080 318,14
Aðrar vaxtatekjur	2 268 656,20
Þóknun og þjónustutekjur	12 954 790,14
Aðrar tekjur	6 798 641,22

 404 338 193,28

Rekstaragjöld

	kr.
Vextir og verðbætur af innlánum	211 760 151,83
Vaxtagjöld til Seðlabanka	40 238 596,13
Önnur vaxtagjöld	82 540 150,28
Reiknuð gjaldfærsla vegna verðbreytinga	227 000,00
Laun og launatengd gjöld	33 720 317,40
Annar rekstrarkostnaður	20 018 597,62
Landsútsvar og sérstakur húsnæðisskattur	785 010,00

 389 289 823,26

Rekstrarafgangur

 15 048 370,02

Önnur gjöld og tillög:

	kr.
Afskriftir af fastafé	1 605 147,61
Framlag í sjóð vegna lífeyrisskuldbindinga	480 559,58
Framlag til afskriftareiknings útlána	1 700 000,00
Tillag í varasjóð	4 411 288,78
	8 196 995,97
Hagnaður fyrir tekjuskatt	6 851 374,05
Skattur, skv. lögum nr. 65/1982	4 178 451,00
Óráðstafaður hagnaður ársins	2 672 923,05

Efnahagsreikningur Samvinnubanka Íslands hf. og Stofnunardeildar samvinnufélaga pr. 31. desember 1982.

	Eignir	kr.
Sjóður og Bankainnstæður:		
Sjóður		5 456 055,51
Seðlabanki, viðskiptareikningur		
Seðlabanki, bundið almennt fé		136 636 859,91
Seðlabanki, bundið verðtryggt fé		76 552 383,89
Aðrar bankainnstæður		109 690,95
		218 754 990,26
Útlán:		
Yfirdráttarlán		32 853 849,80
Víxlar		32 211 401,23
Skuldabréf, almenn		30 710 693,39
Skuldabréfalán		138 997 956,38
Verðtryggð lán		431 181 946,69
Viðbótarlán v/afurðalána		43 562 430,44
Innleystar ábyrgðir		1 142 964,30
Önnur lán		4 057 668,00
		714 718 910,23
Afskriftareikningur v/útlána		(3 013 798,12)
Endurlán:		
Afurða- og rekstrarlán		100 558 680,00
Útlán samtals:		812 263 792,11

Ýmsir eignaliðir:

Óinnk. vextir og rekstrartekjur	78 927 339,47
Fyrirframgreiddur kostnaður	2 206 002,97
Spariskírteini V/lífeyrisskuldbindinga	4 441 573,52
Hlutfé og stofnfé	622 045,71
Ýmsir eignaliðir	2 201 292,91
	<hr/>
	88 398 254,58

Fastafé:

Fasteigir	70 065 040,12
Húsbúnaður og annað	6 389 151,10
	<hr/>
	76 454 191,22

Eignir samtals: 1 195 871 228 17

Skuldir og eigið fé:

Bankar og sjóðir:	kr.
Seðlabanki, viðskiptareikningur	705 292,48
Seðlabanki, endurseld lán	100 558 680,00
Seðlabanki, önnur lán	37 133 500,00
Framkvæmdasjóður Íslands	42 016 168,68
Aðrir lánasjóðir	165 340 954,90
	<hr/>
	345 754 596,06

Veltilán:

Hlaupareikningar	39 433 414,32
Ávísanareikningar	70 040 730,67
Gíró-reikningar	964 245,33
	<hr/>
	110 438 390,32

Spariinnlán:

Almennar innstæður	278 818 551,87
Uppsagnarreikningar	97 253 134,90
Vertryggðir reikningar	285 336 108,88
	<hr/>
	661 407 795,65

Innlán samtals: 771 846 185,97

Aðrir skuldaliðir:

Áfallnir og fyrirframgreiddir vextir	7 555 228,20
Ógreiddur kostnaður	2 887 792,20
Sjóður v/lífeyrisskuldbindinga	4 699 322,81
Innheimt fé fyrir aðra	956 763,97
Aðrar skuldir	4 682 045,72
	<hr/>
	20 781 152,90
	<hr/>
Skuldir samtals:	1 138 381 934,93

Eigið fé:

Hlutafé	14 065 010,00
Varasjóður	12 125 800,04
Endurmatsreikningur	23 672 340,00
Höfuðstólsreikningur	7 626 143,20
	<hr/>
	57 489 293,24
	<hr/>
Skuldir og eigið fé samtals:	1 195 871 228,17

Utan efnahagsreiknings:

Ábyrgðir v/viðskiptamanna	34 974 000,00
---------------------------------	---------------

Reykjavík, 15. febrúar 1983.

Kristleifur Jónsson, bankastjóri

Pétur Erlendsson, aðstoðabankastjóri

Einar S. Einarsson, aðalbólkari

Meðfylgjandi ársreikning Samvinnubanka Íslands hf. og Stofnlánadeildar samvinnufélaga fyrir árið 1982 höfum við endurskoðað. Við endurskoðunina voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og öðrum gögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Reykjavík, 1. mars 1983.

Geir Geirsson, löggiltur endurskoðandi.

Ásgeir G. Jóhannesson.

Magnús Kristjánsson.

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda bankans samþykkir bankaráð ársreikninginn.

Reykjavík, 3. mars 1983.

Erlendur Einarsson, formaður

Hjörtur Hjartar, varaformaður

Vilhjálmur Jónsson.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 245 frá 20. mars 1983 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 15. mars 1983.

F. h. r.

Sveinn Björnsson.

Yngvi Ólafsson.

Nr. 161

AUGLÝSING

25. mars 1983

um umferð í Þorlákshöfn.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Ölfushrepps eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Þorlákshöfn, Ölfushreppi:

- 1) Umferð um Óseyrabraut skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Selvogsbraut, Reykjabraut, Oddabraut, Egilsbraut, Unubakka, tengigötu v. Hafnarness, Hafnarskeiðs og Svartaskersbryggju skv. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 2) Umferð um Selvogsbraut skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Símsstöðvarbraut, Skálholtsbraut, Unubakka, Hafnarbergi, Sambyggð og Setbergi skv. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 3) Umferð um Sambyggð skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Eyjahrauni og Básahrauni skv. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 4) Umferð um Heinaberg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Knarrarbergi skv. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 5) Umferð um Hafnarberg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Knarrarbergi og Egilsbraut skv. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 6) Umferð um Egilsbraut skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Skálholtsbraut, Hjallabraut og Háaleyti skv. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 7) Umferð um Skálholtsbraut skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Oddabraut og Reykjabraut skv. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 8) Umferð um Hafnarskeið skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af tengigötu v. Hafnarness, L-bryggju og Svartaskersbryggju skv. ákv. 2. mgr. sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. apríl 1983.

Lögreglustjórinn í Arnessýslu, 25. mars 1983.

Andrés Valdimarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983:

Óverkaður saltfiskur:	U.S. \$ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2 485,00
Millifiskur nr. 1	2 305,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	1 970,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	1 850,00

Verðbil verður 2% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

2. mars 1983

Nr. 163

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir söltuð þorsklök framleidd á tímabilinu frá 1. janúar til 28. febrúar 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir söltuð þorsklök framleidd á tímabilinu frá 1. janúar til 28. febrúar 1983:

Söltuð þorsklök:	U.S. \$ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up	3 650,00
Flokkur A 400/700	3 400,00
Flokkur A 200/400	3 050,00
Flokkur A 100/200	2 600,00
Flokkur B 700/up	3 250,00
Flokkur B 400/700	3 000,00
Flokkur B 200/400	2 650,00
Flokkur B 100/200	2 200,00

Verðbil verður 3% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Endurprentað blað.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjód fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóds, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983:

Söltuð ufsaflök:	D.M. pr. lest cif.
16/20 FF	5 700,00
21/25 FF	5 500,00
26/30 FF	5 300,00
31/35 FF	5 050,00
36/40 FF	4 800,00
41/45 FF	4 600,00
46/50 FF	4 300,00

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði við viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 165

11. mars 1983

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 43 1. mars 1967 um ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð.

1. gr.

2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Setji skuldari fasteignaveð til tryggingar greiðslu skuldar, sem ríkissjóður tekur ábyrgð á, annað hvort gagnvart lánssala eða gagnvart ríkissjóði, skal ábyrgð ríkissjóds við það miðuð, að skuldir þær, er á fasteignaveðinu hvíla að meðtalinni þeirri skuld, sem ríkissjóður tekur ábyrgð á, nemi aldrei meiru fé en sem svarar 70% af matsverði fasteignar, sbr. 7. gr., enda sé eigi annað fram tekið í lögum um ábyrgðarheimildina. Sama gildir ef um er að ræða veðtryggingu í skipum eða flugvélum. Þess skal ætíð gætt í þessu sambandi, ef skuldir í erlendri mynt eða veðtryggðar skuldir eru tryggðar með veði í eign þeirri, er veðsetja skal.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 11. mars 1983.

Ragnar Arnalds.

Gunnlaugur Claessen.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983:

Þorskur:	U.S. cent pr. lbs. cif.
4x14 m/r 5—8 oz.	88,36
4x14 m/r 8—12 oz.	89,51
4x14 m/r 12—16 oz.	89,74
4x14 m/r 1—3 lbs.	91,80
1x35 m/r lausfr. 4—16 oz.	89,51
4x14 r/l 5—8 oz.	97,00
4x14 r/l 8—12 oz.	99,04
4x14 r/l 12—16 oz.	101,34
4x14 r/l 1—3 lbs.	101,34
10x5, 3x18 og 6x5	157,51
5x8 og 6x8 hnakkast.	175,31
4x10, 5x10 og 6x10	166,41
4x12	157,51
4x13	142,36
4x15 og 1x20	170,86
Blokk reg.	118,00
Blokk m/þunnildum U.S.A.	133,00
Blokk m/þunnildum Evrópa	98,22
Blokk O.R.	106,20
Þunnildisblokk Evrópa	90,00
Marningsblokk	52,00
Ýsa:	
4x14 m/r 4—8 oz.	74,22
4x14 m/r 8—12 oz.	79,97
4x14 m/r 12—16 oz.	82,15
4x14 m/r 1—3 lbs.	83,30
1x35 m/r lausfr.	80,43
10x5	157,51
3x18, 4x13 og 4x12	157,51
4x14 r/l	97,41
12x1	157,51
Blokk reg.	118,00
Blokk O.R.	106,20
Þunnildisblokk Evrópa	59,11
Marningsblokk	52,00
Marningsblokk (þunnildi)	27,82
Steinbítur:	
8x7 r/l	77,11
10x5	173,05
Blokk reg.	115,00
Hökkuð blokk	40,00

Karfi:

	U.S. cent pr.	lbs.	cif.
8x7 m/r			77,11
10x5 m/r og 6x5 m/r			90,76
10x5 r/l og 4x13 r/l			95,21
10x5 Sea Star			88,01
4x10 m/r flokkað (SÍS)			93,35
5x8 m/r og b/l 4—8 oz.			108,48
5x8 m/r og b/l 8 oz og yfir			108,48
1x35 m/r að 150 g			86,00
4x15 og 3x20			96,63
4x6 kg r/l lagp.			73,75
12x1 r/l			99,58
Blokk reg.			80,00
Marningsblokk			25,00

Ufsi:

8x7 r/l			64,41
10x5			85,42
4x12 og 4x13			85,42
4x15 og 3x20 r/l (JUMBO)			96,63
Blokk reg.			67,00
Blokk (þunnildi)			60,00
Marningsblokk			40,00

Langa:

8x7 r/l			77,11
10x5			124,10
Blokk reg.			75,00
Marningsblokk			20,00

Keila:

8x7 r/l			77,11
Blokk reg.			90,00

Lýsa:

Blokk reg.			90,00
------------	--	--	-------

Grálúða:

Heilfr. hausuð yfir 3 kg			65,13
Heilfr. hausuð yfir 2 kg			56,38
Heilfr. hausuð 1—2 kg			40,83
Heilfr. m/h U.S.S.R.			34,47
4x12 lagp.			110,75
4x10 4—8 oz.			110,75
4x10 8—32 oz.			115,20
4x6			110,00
Blokk U.S.S.R.			77,11
Blokk U.S.A.			80,00
Heilfrystur fiskur 3x9 kg			34,47

Verðbil verður 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1983:

Vélskelflett rækja:

Færri en 350 stk. í lbs.

	SDR pr. lbs. cif.
Blokkfryst	2,800
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,800
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,935
500 g vatnshúðuð, sérfryst	3,261
200 g vatnshúðuð, sérfryst	3,419

Fleiri en 350 stk. í lbs. og óflokkuð:

Blokkfryst	2,676
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,676
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,800
500 g vatnshúðuð, sérfryst	3,104
200 g vatnshúðuð, sérfryst	3,261

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1983:

Dorskur:

	U.S. cent pr. lbs. cif.
4x14 m/r 4—8 oz.	93,26
4x14 m/r 8—12 oz.	94,34
4x14 m/r 12—16 oz.	95,42
4x14 m/r 1—3 lbs.	96,49
1x35 m/r 250—750 gr.	97,57
4x12 r/l 6—16 oz.	108,35
4x12 r/l 1—3 lbs.	109,43
1x35 r/l 8—16 oz.	97,03
4x14 r/l 8—12 oz.	104,58
4x14 r/l 12—16 oz.	105,66
4x14 r/l 1—3 lbs.	106,74
10x5, 3x18 og 6x5	157,51
5x8 og 6x8 hnakkast.	175,31
4x10, 5x10 og 6x10	166,41
4x12	157,51
4x13	142,36
4x15 og 1x20	170,86
Blokk reg.	118,00
Blokk m/punnildum U.S.A.	113,00
Blokk m/punnildum Evrópa	98,22
Blokk O.R.	106,20
Punnildisblokk Evrópa	90,00
Marningsblokk	52,00

Ýsa:

4x14 m/r 4—8 oz.	78,70
4x14 m/r 8—12 oz.	84,10
4x14 m/r 12—16 oz.	86,25
4x14 m/r 1—3 lbs.	87,87
4x14 r/l 12—16 oz.	105,66
4x14 r/l 1—3 lbs.	106,74
10x5	157,51
3x18, 4x13 og 4x12	157,51
4x12 m/r	135,00
12x1	157,51
Blokk reg.	118,00
Blokk O.R.	106,20
Punnildisblokk Evrópa	59,11
Marningsblokk	52,00
Marningsblokk (punnildi)	27,82

Steinbítur:

	U.S. cent pr.	lbs. cif.
8x7 r/l		77,11
10x5		181,95
Blokk reg.		125,00
Hökkuð blokk		40,00

Karfi:

8x7 m/r		77,11
10x5 m/r og 6x5 m/r		90,76
10x5 r/l og 4x13 r/l		95,21
10x5 Sea Star		88,09
4x10 m/r flokkað (SÍÐ)		93,35
5x8 m/r og b/l 4—8 oz.		108,56
5x8 m/r og b/l 8 oz. og yfir		108,56
1x35 m/r að 150 g		86,00
4x15 og 3x20		96,63
4x6 kg r/l lagp.		73,75
12x1 r/l		99,58
Blokk reg.		90,00
Marningsblokk		25,00

Ufsi:

8x7 r/l		64,41
10x5		85,42
4x12 og 4x13		85,42
4x15 og 3x20 r/l (JUMBO)		96,63
Blokk reg.		67,00
Blokk (þunnildi)		60,00
Marningsblokk		35,00

Langa:

8x7 r/l		77,11
10x5		124,10
Blokk reg.		75,00
Marningsblokk		20,00

Keila:

8x7 r/l		77,11
Blokk reg.		90,00

Lýsa:

Blokk reg.		90,00
-----------------	--	-------

Grálúða:

Heilfr. hausuð yfir 3 kg		65,13
Heilfr. hausuð yfir 2 kg		56,38
Heilfr. hausuð 1—2 kg		40,83
Heilfr. m/h U.S.S.R.		34,47
4x12 4—8 oz. lagp.		110,75
4x12 8—32 oz. lagp.		115,20
4x6		110,00
Blokk U.S.S.R.		77,11
Blokk U.S.A.		80,00
Heilfrystur fiskur 3,9 kg		34,47

Verðbil verður 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 169

REIKNINGUR

Líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru.

Rekstrarreikningur 1982.

	Gjöld:	Tekjur:
Vextir af sparisj.bók 12445		10 204,91
Vextir af vaxtaaukar. 1255		4 468,06
Tekjuafgangur	14 672,97	
	<hr/>	<hr/>
kr.	14 672,97	14 672,97

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1982.

	Eignir:	Skuldir:
Höfuðstóll		10 000,00
Tekjuafgangur frá fyrri árum	28 954,29	
frá 1982	14 672,97	43 627,26
Sparisj.bók 12445	43 627,26	
Vaxtaaukareikn. 1255	10 000,00	
	<hr/>	<hr/>
kr.	53 627,26	53 627,26

Selfossi, 31. janúar 1983.

F. h. Kvenfélags Selfoss,

Guðrún Bárðardóttir, gjaldkeri.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1983:

	U.S. \$ pr. lbs. cif.
Lausfrystur hörpudiskur	3,20
Blokkfrystur hörpudiskur	3,00
Rauður hörpudiskur	1,77

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 3 3. janúar 1983, um þorskfisknet.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á tímabilinu 16. janúar til fyrsta þriðjudags eftir páska ár hvert, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að nota, vera 7 þumlungar (178 mm).

Á tímabilinu frá og með fyrsta þriðjudegi eftir páska hvert ár til 15. janúar, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að nota, vera 6 þumlungar (152 mm).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

SAMÞYKKT

um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Kópavogs.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágur frá banni við hundahaldi:

- a) Ef eigandi lögbýlis sækir um leyfi til að halda hund vegna búreksturs.
- b) Ef lögreglustjóri og/eða hjálparveitir sækja um leyfi til að halda hund vegna gæslu- og eða björgunarstarfa.
- c) Ef blindir menn sækja um leyfi til að halda hund sér til leiðsagnar.
- d) Ef fyrir liggur umsögn heilsugæslulæknis í Kópavogi og félagsráðgjafa Kópavogs um það, að nauðsynlegt sé fyrir einstakling að halda hund vegna sérstakra læknisfræðilegra og félagslegra ástæðna.

3. gr.

Undanþágur skv. 2. gr. má aðeins veita með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður í skrifstofu Heilbrigðiseftirlits Kópavogs og þar fær eigandi merktá plötu, sem ávallt skal vera á ól um háls hundsins.
- b) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Skal slík váttrygging ná til alls þess tjóns, er dýr hans kynni að valda á mönnum og munum.
- c) Árlega skal greiða leyfisgjald af hundum sem undanþága er veitt fyrir. Bæjarstjórn ákveður árlega upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir, og miðist það við að standa straum af þeim kostnaði sem bæjarfélagið verður fyrir vegna þessara hunda. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars og hafi gjöldin eigi verið greidd innan 3ja mánaða frá gjalddaga skal bæjarstjórn afturkalla leyfið.
- d) Hundeigandi skal koma með hund sinn í árlega hreinsun þegar slík hreinsun verður auglýst. Skal hann þá framvísa vottorði um að hundurinn sé tryggður.
- e) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skóla, íþróttahús, sundstaði, almenningsfarartæki og barnaleikvelli né í matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- f) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum sem um bæinn fara til óþæginda, t. d. með slyshættu og hávaða.
- g) Ef breyting verður á eignarhaldi hunds fellur undanþáguleyfið úr gildi og ber að færa hundinn til eftirlitsmanns.
- h) Hundeiganda ber að viðhafa fullkomið hreinlæti í meðferð hunds síns, þar á meðal að þrifa eftir dýrið.
- i) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða, svo og fyrirælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

4. gr.

Til að tryggja sem árangursríkasta framkvæmd þessarar samþykktar skal ráðinn sérstakur starfsmaður eftir þörfum til að annast framkvæmdina og skal þá leita aðstóðar lögregluþyrvalda ef og hvenær sem þörf verður á því.

5. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds er bæjarstjórn heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum.

Bæjarstjórn er heimilt að afturkalla öll leyfi, telji hún þess þörf.

Verði leyfi fyrir hund afturkallað og hann ekki fjarlægður úr lögsagnarumdæmi Kópavogs, skal fara með hann samkvæmt 6. gr. þessarar samþykktar.

6. gr.

Óleyfilegir hundar skulu teknir hvar sem til þeirra næst og þeir færðir í sérstaka hundageymslu, sem starfrækt er á vegum bæjarins, eða í samstarfi við nágretta sveitarfélög. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að því hálfan mánuð, meðan eigendum er gefinn kostur á að koma þeir fyrir til frambúðar utan Kópavogs. Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum. Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan Kópavogs innan hálf mánaðar frá því að þeir eru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum er renni í Bæjarsjóð. Með brot út af samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981, VI. og VII. kafla.

8. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sbr. lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt sama efnis nr. 466/1975.

Ákvæði til bráðabirgða

Um hunda sem nú eru í lögsagnarumdæmi Kópavogs skulu gilda eftirfarandi bráðabirgðaákvæði:

- a) Allir óleyfilegir hundar sem voru í lögsagnarumdæmi Kópavogs 11. febrúar 1983, skulu fá að vera áfram svo lengi sem þeir lifa, enda skal færa þá alla til skráningar strax og eigi síðar en mánuði eftir að samþykkt þessi tekur gildi og hefur verið auglýst með venjulegum hætti. Að þeim tíma liðnum verður farið með alla óskráða hunda skv. 6. gr. samþykktarinnar.
- b) Skulu þessir hundar þá skráðir og merktir sérstaklega og skulu eigendur þeirra einnig skráðir, en einungis einstaklingar með fullt lögræði geta verið skráðir eigendur hunda.
- c) Við fyrstu skráningu verða allir hundar hreinsaðir, nema eigendur framvísi vottorði um að slíkt hafi þegar verið gert og skulu allar tíkur gerðar varanlega ófrjóar, hvort tveggja á kostnað eigenda. Skulu eigendur síðan eftirleiðis koma með hunda sína í árlega hreinsun, þegar slík hreinsun verður auglýst.
- d) Árlega skal greiða gjald af þessum hundum og bæjarstjórn ákveður upphæð þess hverju sinni í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Gjaldið skal greitt fyrirfram og gjalddagi þess skal vera 1. mars ár hvert og eindagi 1. apríl.

- e) Skráðir eigendur hunda eru ábyrgir fyrir greiðslu hundagjalds og hvers kyns sektum vegna brots á bráðabirgðaákvæðum þessum. Verði vanskil á þessum greiðslum skal heimilt að innheimta þær samkvæmt lögum og þessari samþykkt. Jafnframt verður farið með hundinn samkvæmt 6. gr. samþykktarinnar.
- f) Hundeigendum er skylt að hafa hunda sína ábyrgðartryggða fyrir hugsanlegu tjóni á mönnum og munum hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Skal framvísa gögnum þar um við skráningu og síðan árlega þegar hundagjald er greitt. Vanræki hundeigandi að ábyrgðartryggja hund sinn, skal fara með hundinn samkvæmt 6. gr. samþykktarinnar.
- g) Til að tryggja sem árangursríkasta framkvæmd þessara bráðabirgðaákvæða verði ráðinn sérstakur starfsmaður eftir þörfum til þess að annast framkvæmdina og skal þá leita aðstoðar lögregluþyrvalda í Kópavogi ef og hvenær sem þörf verður á því.
- h) Ákvæði 3. greinar skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um hunda er falla undir þessi ákvæði til bráðabirgða.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. mars 1983.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALD
fyrir hundahald í Kópavogi
fyrir árið 1983.

1. gr.

Upphæð gjalds vegna hundahalds í Kópavogi fyrir árið 1983 verður sem hér segir:

- a) Vegna 2. gr. samþykktar um hundahald frá 15. mars 1983, sbr. 3. gr. c staflíð, kr. 300,00.
- b) Vegna ákvæða til bráðabirgða í samþykkt um hundahald í Kópavogi frá 15. mars 1983, sbr. d staflíð, kr. 3 500,00.

2. gr.

Ofangreind gjaldákvörðun bæjarstjórnar Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. mars 1983.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

29. mars 1983

281

Nr. 174

AUGLÝSING

um eigin áhættu ábyrgðartrygginga ökutækja.

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt heimild í 1. málsg. 73. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 16 30. apríl 1982, að eigin áhætta þess, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr. umferðarlaga, skuli vera kr. 2 500,00, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. apríl 1983 að telja.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 226 30. apríl 1982.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. mars 1983.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

25. mars 1983

Nr. 175

REGLUGERÐ

um eftirlit með skipulögum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni.

1. gr.

Ferðamálaráð Íslands skal, eftir því sem unnt er, fylgjast með áætlunum erlendra aðila um sölu á hópferðum til Íslands í atvinnuskyni. Skal Ferðamálaráð kynna þeim með nægilegum fyrirvara ákvæði þessarar reglugerðar og sjá um að framfylgja þeim. Ferðamálaráð skal einnig eftir föngum kynna þeim aðrar þær reglur, sem gilda um komu og dvöl erlendra ferðamanna á Íslandi.

2. gr.

Ferðamálaráð skal hafa samþykkt leiðsögumann hópsins á ferð hans um Ísland.

Skal við það miðað, að leiðsögumaðurinn hafi að mati Ferðamálaráðs nægilega þjálfun og þekkingu til leiðsagnarinnar. Jafnframt skal ráðið ganga úr skugga um að viðkomandi leiðsögumaður hafi tilskilin atvinnuleyfi á Íslandi.

Ferðamálaráð getur gert kröfu um að ferðamannahópurinn sé með leiðsögumann, sem nýtur réttinda samkvæmt reglugerð um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks, nr. 130/1981.

3. gr.

Ferðamálaráð setur það skilyrði fyrir komu ofangreindra ferðahópa til landsins að fyrir liggi sambærilegar tryggingar og innlendum ferðaskrifstofum er gert að setja.

Heimilt er að krefjast af tryggingarfénu endurgreiðslu á kostnaði, sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega í hópnum, skaðabóta vegna skemmda, sem þeir kynnu að valda, svo og kostnaður sem hljótast kynni af dvöl þeirra og flutningi og viðkomandi ferðaskrifstofa ekki greiðir.

4. gr.

Hafi erlendur ferðamannahópur ökutæki meðferðis við komuna til landsins til eigin nota skal það fylgja hópnum við brottför úr landi.

5. gr.

Standi innlendur aðili með tilskilið ferðaskrifstofuleyfi að ferð viðkomandi hóps ásamt hinum erlenda aðila telst nægilegt að innlendi aðilinn fullnægi ákvæðum þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 60 31. maí 1976, um skipulag ferðamála, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. mars 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

AUGLÝSING

um setningu reglna um þjóðernis- og skrásetningarmarki íslenskra loftfara.

Samgönguráðuneytið hefur í dag gefið út reglur um þjóðernis- og skrásetningarmarki íslenskra loftfara samkvæmt 6. gr. og II. kafla laga um loftferðir nr. 34/1964, sbr. 188. gr. laganna.

Reglurnar eru staðfærð íslensk þýðing á viðbæti nr. 7 við stofnskrá Alþjóðaflugmála- stofnunarinnar (ICAO Annex 7, "Aircraft Nationality and Registration Marks").

Með brot á umræddum reglum skal farið að hætti opinberra mála og varða þau refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nr. 34/1964 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Reglurnar, sem eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, taka gildi 1. apríl 1983. Frá sama tíma er úr gildi numin reglugerð nr. 146/1967 um þjóðernis- og skráningarmarki íslenskra loftfara.

Samgönguráðuneytið, 10. mars 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.

Reglur um þjóðernis- og skrásetningarmarki íslenskra loftfara.

Efnisyfirlit:

1. Orðaskýringar
2. Þjóðernis- og skrásetningarmarki
3. Staðsetning þjóðernis- og skrásetningarmerkja
 - 3.1 Almennt
 - 3.2. Loftför, léttari en loft
 - 3.3. Loftför þyngri en loft
4. Stærð þjóðernis- og skrásetningarmerkja
 - 4.1. Loftför, léttari en loft
 - 4.2. Loftför, þyngri en loft
5. Gerð stafa í þjóðernis- og skrásetningarmerkjum
6. Skrá yfir þjóðernis- og skrásetningarmarki
7. Skrásetningarskírteini
8. Einkennisplata
9. Almennt.

1. Orðaskýringar

Pegar eftirfarandi heiti eru notuð í reglum þessum hafa þau eftirfarandi merkingu.

Blakvængja (Ornithopter): Loftfar sem er þyngra en loft og helst á flugi vegna verkana loftsins á einn eða fleiri fleti, sem blakað er.

Eldtraust efni (Fireproof Material): Efni sem þolir hita jafnvel eða betur en stál þegar í báðum tilvikum er um að ræða viðeigandi stærðir er hæfa aðstæðum.

Flugvél (Aeroplane): Vélknúð loftfar þyngra en loft, sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftkrafta á fleti sem eru óhreyfanlegir meðan á tilteknum þætti flugs stendur.

Loftbelgur (Balloon): Loftfar léttara en loft, og ekki er vélknúð.

Loftfar (Aircraft): Sérhvert það tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar. (Sjá flokkun loftfara í töflu 1).

Loftfar léttara en loft (Lighter-than-air aircraft): Sérhvert loftfar sem helst uppi aðallega fyrir tilverkað flotkrafta sinna í lofti.

Loftfar þyngra en loft (Heavier-than-air-aircraft): Sérhvert loftfar sem fær lyftikraft sinn á flugi aðallega frá loftkröftum.

Loftskip (Airship): Vélknúð loftfar, léttara en loft.

Skráningarríki (State of Registry): Ríkið sem setur loftfarið á loftfaraskrá sína.

Skrásetjari loftfara (Registering Authority): Flugmálastjórn, sem skráir loftför og heldur loftfaraskrá.

Svifflugla (Glider): Loftfar, sem ekki er vélknúð, þyngra en loft, og haldist getur á flugi aðallega vegna verkana loftkrafta á fleti sem eru óhreyfanlegir meðan á tilteknum þætti flugs stendur.

Þyrilflugla (Gyroplane): Loftfar, sem er þyngra en loft og helst á flugi vegna verkana loftsins á einn þyril eða fleiri sem snúast lausir um því sem næst lóðrétta ása.

Þyrilvængja (Rotorcraft): Vélknúð loftfar, sem er þyngra en loft og helst á flugi vegna verkana loftsins á einn eða fleiri þyrila.

Þyrila (Helicopter): Loftfar, sem er þyngra en loft og helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á einn eða fleiri vélknúna þyrila, sem snúast um sem næst því lóðrétta ása.

2. Þjóðernis- og skrásetningamerki.

2.1. Þjóðernis- og skrásetningamerkin skulu sett saman úr röð bókstafa.

2.2. Þjóðernismerkið skal standa á undan skrásetningamerkinu. Milli þeirra skal vera bandstrik.

2.3. Þjóðernismerkið skal vera TF, en því hefur Alþjóðlega fjarskiptastofnunin (International Telecommunication Union) úthlutað Íslandi, og það hlotið staðfestingu ICAO.

2.4. Skrásetningamerkið skal vera röð þriggja bókstafa, sem skrásetjari loftfara hefur úthlutað loftfarinu.

2.5. Ekki skal nota röð bókstafa, sem kann að vera ruglað saman við fimm stafa raðir sem notaðar eru í Alþjóðlega merkjakerfinu International Code of Signals II hluta, þriggja stafa raðir sem byrja á Q og notaðar eru í Q-merkjakerfinu eða neyðarmerkið SOS eða önnur lík merki, til dæmis XXX, PAN og TTT. Vitneskju um þessi merki má sjá í gildandi reglum Alþjóða fjarskiptastofnunarinnar.

2.6. Ekki skal nota bókstafina Ð, Þ, Æ og Ö, né heldur vera punktur eða komma yfir stöfum.

3. Staðsetning Þjóðernis- og skrásetningamerkja.

3.1. Almennt.

Mála skal þjóðernis- og skrásetningarmarkin á loftfarið eða koma þeim fyrir á annan álíka varanlegan hátt. Ávallt skal halda merkjunum hreinum og skýrum.

3.2. Loftför léttari en loft.

3.2.1. Loftskip

Á loftskipi skulu merkin vera annaðhvort á skrokknum eða á flötum jafnvægisstýra. Þegar merkin standa á skrokknum skulu þau vera langsum á hvorri hlið og einnig á miðju efra borðs. Þegar merkin standa á flötum jafnvægisstýra skulu þau vera á láréttu og lóðréttu jafnvægisstýrunum. Á lárétta jafnvægisstýrinu skulu merkin vera á hægri helmingi efra borðs og á vinstri helmingi neðra borðs. Efri hluti stafanna skal snúa að frambrún. Á lóðrétta jafnvægisstýrinu skulu merkin vera báðum megin á neðri helmingi stýrisins og standa í lárétrri línu.

3.2.2. Hnattlaga loftbelgir.

Merkin skulu standa á tveimur stöðum hvort gegnt öðru. Þau skulu vera nærri miðju belgsins.

3.2.3. Loftbelgir sem ekki eru hnattlaga.

Merkin skulu standa hvort á sinni hlið. Þau skulu vera nálægt mesta þvermáli loftbelgsins, rétt ofan við tengiband eða festipunkta kórðu eða tjóðurbands.

3.2.4. Loftför léttari en loft (önnur en ómannaðir lausir loftbelgir).

Hliðarmarkin skulu vera sjáanleg frá báðum hliðum og frá jörðu.

3.2.5. Ómannaðir lausir loftbelgir.

Merkin skulu vera á einkennisplötu (sjá grein 8).

3.3 Loftför þyngri en loft.

3.3.1. Vængir.

Á loftförum, sem eru þyngri en loft, skulu merkin standa á einum stað á neðra borði vængflatar. Þau skulu standa á vinstri helmingi neðra borðs vængflatar nema þau nái yfir allt neðra borð vængsins. Eftir því sem unnt er skulu merkin vera í jafnri fjarlægð frá fram- og afturbrún vængsins. Efri hluti stafanna skal snúa að frambrún vængsins.

3.3.2. Skrokkur (eða samsvarandi hluti) og lóðréttir stélflétir.

Á loftförum, sem eru þyngri en loft, skulu merkin standa annaðhvort á báðum hliðum skrokksins (eða samsvarandi hluta), milli vængja og stélflata, eða á efri helmingi lóðréttra stélflata. Ef um er að ræða einn stélkamb skulu þau standa á báðum hliðum. Ef loftfarið hefur fleiri en einn stélkamb skulu þau standa á þeim hliðum er út snúa á ystu flötunum.

3.3.3. Sérstök tilvik.

Ef loftfar, sem er þyngri en loft, hefur ekki þá hluta sem vitnað er til í gr. 3.3.1. og 3.3.2. skulu merkin sjást þannig að auðveldlega megi bera kennsl á loftfarið.

4. Stærð þjóðernis- og skrásetningamerkja.

Bókstafirnir í hverri einstakri merkjaröð skulu vera jafnir að stærð.

4.1. Loftför léttari en loft.

4.1.1. Hæð merkjanna á loftfari, sem er léttara en loft, öðrum en ómönnuðum lausum loftbelgjum, skal vera að minnsta kosti 50 cm.

4.1.2. Skrásetjari loftfara ákveður mál merkjanna á ómannaðan lausan loftbelg og hefur þá hliðsjón af stærð arðfarmsins sem einkennisplatan er fest við.

4.2. **Loftför þyngri en loft.**4.2.1. **Vængir.**

Hæð merkja á vængjum loftfars, sem er þyngri en loft, skal vera að minnsta kosti 50 cm.

4.2.2. **Skrokkur (eða samsvarandi hluti) og lóðréttir stélflétir.**

Hæð merkjanna á skrokknum (eða samsvarandi hluta) og á lóðréttum stélflötum loftfars, sem er þyngri en loft, skal vera að minnsta kosti 30 cm.

4.2.3. **Sérstök tilvik.**

Ef loftfar, sem er þyngri en loft, hefur ekki þá hluta, sem vitnað er til í gr. 4.2.1. og 4.2.2., skal stærð merkjanna vera þannig að auðveldlega megi bera kennsl á loftfarið.

5. **Gerð stafa í þjóðernis- og skrásetningarmerkjum.**

5.1. Bókstafirnir skulu vera upphafsstafir rómverska letursins án útlúrs.

5.2. Breidd sérhvers stafs, nema bókstafsins I, svo og lengd bandstriksins, skal vera tveir þriðju hlutar hæðar stafsins.

5.3. Stafir og bandstrik skulu gerð úr heilum línunum og hafa lit sem sker sig vel úr bakgrunninum. Breidd línanna skal vera einn sjötti hæðar stafsins.

5.4. Sérhver stafur skal skilinn frá því, sem á undan eða eftir stendur, með bili sem er eigi minna en einn fjórði hluti breiddar hvers stafs. Litið skal á bandstrik sem staf í þessu tilviki.

6. **Skrá yfir þjóðernis- og skrásetningarmerki.**

Skrásetjari loftfara skal halda skrá sem veitir á hverjum tíma upplýsingar þær sem skráðar eru á skrásetningarskírteini hvers loftfars (sjá gr. 7). Skrá yfir ómannaða lausa loftbelgi skal sýna dag, stund og stað þegar belg er sleppt, tegund hans og nafn notanda.

7. **Skrásetningarskírteini.**

7.1. Skrásetningarskírteini skal vera svo sem hér er sýnt:

NR.	ÍSLAND FLUGMÁLASTJÖRN SKRÁSETNINGARSKÍRTEINI	
1. Þjóðernis- og skrásetningarmerki TF —	2. Framleiðandi og tegund loftfars	3. Raðnúmer
4. Nafn eiganda		
5. Heimilisfang eiganda		
6. Nafn flugrekanda		
7. Heimilisfang flugrekanda		
8. Það vottast hér með að ofangreint loftfar er skrásett á Íslandi samkvæmt Alþjóðaflugmálasamþykktinni, dags. 7. desember 1944, og gildandi íslenskum lögum og reglugerðum.		
Útgefið		Undirskrift

7.2. Skrásetningarskírteinið skal ætíð vera um borð í loftfarinu.


8. **Einkennisplata.**

Í hverju loftfari skal vera einkennisplata sem á eru að minnsta kosti grafin þjóðernis- og skrásetningarkerki þess. Platan skal vera úr eldtraustum málmum eða úr öðru eldtraustu hæfilegu efni og skal henni komið fyrir á tryggilegan hátt á áberandi stað, nálægt aðaldyrum, eða ef um ómannaðan lausan loftbelg er að ræða skal hún fest á áberandi hátt utan á arðfarminn.

9. **Almennt.**

Ákvæði þessi skulu ekki eiga við loftbelgi, sem eingöngu eru notaðir til veðurathugana, eða við ómannaða lausa loftbelgi án arðfarms.

Tafla 1. Flokkun loftfara.



1. Venjulega kallaður „Dreka begur“

2. Bæta má við „Á flotum“ eða „Flugbátur“ eins og við á

3. Loftför á skíðum með talin (Setjið „skíði“ fyrir „land“)

4. Aðeins til uppfyllingar

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Kópavogskaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Bæjarstjórn samþykkir að nota heimild 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 til að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum:

Smárahvammi og öllum löndum úr Smárahvammi, Vatnsenda, Gunnarshólma og Geirlandi (Miðmundarmýri).

Ennfremur eftirgreindum eignarlöndum úr jörðinni Lækjarbotnum:

Hamri, Seli, Selfjallaskála, Núpstúni, Lóð Ívars Bjarnasonar, Skipholti 8, samkvæmt heimildarbréfi dags. eftir 1. nóvember 1963 og lóð Jóns og Guðmundar Bjarnasona frá 1954.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.

Félagsmálaráðuneytið, 24. mars 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 122/1979.

1. gr.

1. mgr. 15. gr. orðist svo:

Borgarráð veitir pípulagningameisturum löggingu til starfa við hitalagnir á veitusvæði Hitaveitu Reykjavíkur í umboði borgarstjórnar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest skv. lögum um Hitaveitu Reykjavíkur nr. 38 12. febrúar 1940 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt er felld úr gildi 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 122 1. mars 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 29. mars 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.

1. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem bifreiðar eru hérlendis, talið frá og með komudegi, sem hér segir:

a) af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi ökumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977 um ökumæla með síðari breytingum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 2000	307	7200— 7399	802
2000— 2199	323	7400— 7599	820
2200— 2399	341	7600— 7799	840
2400— 2599	357	7800— 7999	859
2600— 2799	373	8000— 8199	879
2800— 2999	393	8200— 8399	897
3000— 3199	409	8400— 8599	916
3200— 3399	426	8600— 8799	936
3400— 3599	445	8800— 8999	954
3600— 3799	461	9000— 9199	973
3800— 3999	481	9200— 9399	991
4000— 4199	499	9400— 9599	1 011
4200— 4399	518	9600— 9799	1 030
4400— 4599	538	9800— 9999	1 048
4600— 4799	560	10000—10199	1 066
4800— 4999	576	10200—10399	1 087
5000— 5199	593	10400—10599	1 105
5200— 5399	613	10600—10799	1 125
5400— 5599	633	10800—10999	1 143
5600— 5799	651	11000—11199	1 162
5800— 5999	668	11200—11399	1 182
6000— 6199	690	11400—11599	1 200
6200— 6399	708	11600—11799	1 220
6400— 6599	727	11800—11999	1 237
6600— 6799	745	12000—12199	1 321
6800— 6999	765	12200—12399	1 358
7000— 7199	784	12400—12599	1 378
12600—12799	1 397	14800—14999	1 771
12800—12999	1 418	15000—15199	1 841
13000—13199	1 493	15200—15399	1 865
13200—13399	1 513	15400—15599	1 885
13400—13599	1 534	15600—15799	1 908
13600—13799	1 555	15800—15999	1 932
13800—13999	1 577	16000—16199	1 987
14000—14199	1 683	16200—16399	2 012
14200—14399	1 704	16400—16599	2 035
14400—14599	1 727	16600—16799	2 058
14600—14799	1 748	16800—16999	2 080

Sé eigin þyngd bifreiðar 17000 kg eða meira skal vikugjaldið hækka um 25 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd er meiri en 17000 kg.

Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir ekki útbúnir viðhlítandi öikumælisbúnaði, sbr. b-lið þessarar greinar.

- b) Af bifreiðum, sem eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og útbúnar eru viðhlítandi öikumælisbúnaði, sbr. reglugerð nr. 62/1977 um öikumæla, skal greiða þungaskatt skv. ákvæðum c-liðs 3. gr. reglugerðar nr. 775/1982 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. með síðari breytingum. Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir útbúnir viðhlítandi öikumælisbúnaði.

2. gr.

Þungaskatt samkvæmt a-lið 1. gr. skal greiða við komu bifreiðar til landsins. Við ákvörðun skattsins skal miða við þann tíma sem áformað er að bifreið verði hérlendis, reiknaðan í heilum vikum. Telst brot úr viku heil vika í þessu sambandi, sbr. 1. gr.

Komi í ljós við brottflutning gjaldskyldrar bifreiðar samkvæmt a-lið 1. gr. reglugerðar þessarar að verutími hennar hérlendis hefur verið van- eða ofáttaður skal eftir atvikum innheimta vangoldinn eða endurgreiða ofheimtan þungaskatt af þeim sökum. Hafi verutími verið vanáttaður um meira en sem nemur 4 vikum skal innheimta dráttarvexti af þeim þungaskatti sem ógreiddur er vegna vanáttnunar. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

3. gr.

Við komu bifreiðar til landsins, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skulu viðkomandi toll- eða löggæslumenn ganga úr skugga um að öikumælir hennar sé virkur og innsiglaður á þann hátt sem kveðið er á um í reglugerð nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Uppfylli öikumælisbúnaður að mati toll- eða löggæslumanns þær kröfur sem gerðar eru til slíks búnaðar skal hann skrá stöðu mælis og númer mælis í akstursbók, sem afhenda skal umráðamanni bifreiðarinnar. Jafnframt skal skrá þessar upplýsingar í sérstaka skrá, sem viðkomandi innheimtumaður skal halda um þessar bifreiðar.

Við brottflutning bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skal toll- eða löggæslumaður lesa á öikumæli hennar og ákvarða þungaskatt í samræmi við ekinn kílómetrafjölda frá komudegi. Skattinn skal greiða hjá viðkomandi innheimtumanni sbr. þó ákvæði 2. mgr. 4. gr.

Nú er bifreið, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., staðsett hérlendis lengur en fjóra mánuði í senn og skulu þá ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 775/1982 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. gilda um álestur og innheimtu þungaskatts af henni.

4. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um innheimtu vaxta, viðurlög, veð, sektir og aðra framkvæmd varðandi innheimtu þungaskatts samkvæmt 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði reglugerðar nr. 775/1982 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. með síðari breytingum og reglugerðar nr. 62/1977 um öikumæla með síðari breytingum.

Ráðuneytið getur falið toll- eða löggæslumönnum að annast ákvörðun og innheimtu þungaskatts f. h. viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, ef sérstaklega stendur á.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldri bifreið samkvæmt reglugerð þessari nema sannað sé að þungaskattur af henni hafi verið greiddur.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, sbr. lög nr. 78/1975 og lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er reglugerð nr. 238 30. apríl 1982 um sama efni felld úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. mars 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á jarðræktarsamþykkt fyrir búnaðarfélag Biskupstungna, Grímsness- og Laugardals í Árnessýslu, nr. 168 21. desember 1946.

1. gr.

1. gr. breytist og orðist svo:

Ræktunarsambandið nær yfir Búnaðarfélag Biskupstungnahrepps, Búnaðarfélag Grímsneshrepps, Búnaðarfélag Laugardalshrepps og Búnaðarfélag Grafningshrepps á félagssvæði Búnaðarsambands Suðurlands.

Ofanskráð breyting, sem samþykkt var á aðalfundi ræktunarsambandsins miðvikudaginn 2. desember 1981, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 36 20. febrúar 1946, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fyrirsögn samþykktarinnar breytist til samræmis við breytingu skv. þessari auglýsingu.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. mars 1983.

Pálmi Jónsson.

Haukur Jörundarson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 44 28. apríl 1954.

1. gr.

3. mgr. 69. gr. falli niður.

2. gr.

2. mgr. 71. gr. falli niður.

3. gr.

Við 73. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Knattborðs- og leiktækjastofur, þar sem rekstur knattborða, spilakassa eða leiktækja er meginhluti starfseminnar, má ekki starfrækja nema með leyfi lögreglustjóra, að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Bæjarstjórn ákveður gjald fyrir leyfið, sem gildir í 1 ár í senn. Knattborðs- og leiktækjastofur mega vera opnar frá kl. 09:00 til kl. 23:30. Ákvæði 69. og 70. gr. taka til þeirra eftir því sem við á.

4. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. mars 1983.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

**um breyting á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Liður 3.4.9. orðist svo:

Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að reisa verksmiðjuframleidd hús eða málmgrindarhús, enda fullnægi þau ákvæðum gildandi laga og reglugerða. Ákvæði byggingarreglugerðarinnar gilda um slík mannvirki eftir því sem við á, m. a. þarf iðnmeistari sá, sem annast uppsetningu hússins, að undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, sbr. 3.4.4. Seljandi ber ábyrgð á göllum á verksmiðjuframleiddum húsum eftir almennum reglum. Þegar um er að ræða innflutning verksmiðjuhúsa (eininga- eða málmgrindarhúsa) skulu byggingarfulltrúar og byggingarnefndir krefja hlutadeigandi innflytjendur um vottorð frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins um að þau standist þær gæðakröfur sem gerðar eru samkvæmt gildandi byggingarlögum og byggingarreglugerð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1978, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. mars 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

REIKNINGUR**Fiskveiðasjóðs Íslands.****Rekstrarreikningur 1982.**

Tekjur:		kr.
1. Yfirfært frá fyrra ári		0,00
2. Af útflutningsgjaldi		58 577 897,00
3. Framlag ríkissjóðs		20 000 000,00
4. Lántökugjöld		2 688 380,00
5. Vextir:		
a) Ógreiddir vextir í lok árs (1)	210 083 885,00	
b) Ógreiddir vextir í byrjun árs	96 212 502,00	
c) Mismunur	113 871 383,00	
d) Innheimtir vextir	216 601 381,57	330 472 764,57
	Alls kr.	411 739 041,57

Gjöld:		
1. Kostnaðarreikningur:		
a) keypt tæki og áhöld (2)	851 952,70	
Annar kostnaður	10 802 070,04	
		11 654 022,74
2. Stofnfjárstyrkur		20 000 000,00
3. Lántökugjöld		2 450 000,00
4. Framlag til afskriftarreiknings útlána (3)		63 000 000,00
5. Vextir:		
a) Ógreiddir vextir í lok árs	65 115 976,00	
b) Ógreiddir vextir í byrjun árs	36 709 040,00	
c) Mismunur	28 406 936,00	
d) Greiddir vextir	225 547 059,86	253 953 995,86
Tekjur umfram gjöld 1982		60 681 022,97
Ráðstöfun tekjuafgangs:		
Fært á höfuðstól eigin fjár		60 681 022,97
	Alls kr.	0,00

Eignabreytingareikningur 1982.**Verðbreyting eigna:**

1. Hækkun höfuðstóls útlána með gengisákvæði 1982	384 340 925,17	
2. Hækkun höfuðstóls útlána í erlendri mynt 1982	546 328 935,56	
3. Hækkun höfuðstóls útlána í reikningseiningum Fiskveiðasjóðs 1982	297 521 644,48	
4. Hækkun höfuðstóls vísitölubundinna útlána 1982	162 803 361,03	
		1 390 994 866,24

Verðbreyting skulda:

1. Hækkun höfuðstóls erlendra skulda 1982	930 669 860,73	
2. Hækkun höfuðstóls vísitölubundinna skulda 1982	169 772 308,11	
		1 100 442 168,84

Verðbreytingar eigna umfram verðbreytingar skulda á árinu 1982	290 552 697,40	
Fært á verðtryggingarreikning eigin fjár (4)	290 552 697,40	
		Kr. 0,00

Efnahagsreikningur.**Eignir:**

1. Skuldabréf fyrir lánunum út á:		kr.
a) Fiskiskip	2 700 828 340,38	
b) Hraðfrystihús	339 651 234,59	
c) Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur	43 952 036,03	
d) Aðrar vinnslustöðvar	59 592 714,98	
e) Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir	2 547 414,78	
f) Ýmsar fasteignir	26 295 444,20	
		3 172 867 184,96
Afskriftarreikningur útlána (3)	(63 000 000,00)	
		3 109 867 184,96

2. Skuldabréf vegna breytinga á skuldum sjávarútvegs 1975:

a) Fiskiskip	648 272,96	
b) Fasteignir	1 511 344,27	
		2 195 617,23

3. Hagræðingarlán:	27 094 806,89	
-------------------------------------	---------------	--

4. Fyrirgreiðslur vegna:		
a) Skipa	2 145 242,34
b) Fasteigna	13 849 938,22
		<hr/>
		15 995 180,56
5. Verðbréf:	1 314 362,04
6. Ýmsir skuldunautar:	5 221 552,98
7. Ógreiddir og áfallnir vextir: (1)	210 083 885,00
8. Bankainnstæður:		
a) Fiskveiðasjóður (58 435 375,32)	
b) Stofnfjár sjóður 40 440 696,60	
c) Hagræðingarsjóður 18 881 533,55	
		<hr/>
		886 854,83
		<hr/>
		3 372 659 444,49
		<hr/>

Reykjavík, 11. febrúar 1983.

Sverrir Júlíusson. **Fiskveiðasjóður Íslands.** **Gunnar P. Ívarsson.**
Svavar Ármannsson.

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslur og bókhald sjóðsins á árinu samkvæmt góðum endurskoðunarvenjum og ekkert fundið athugavert. Framanskráðan ársreikning höfum við einnig yfirfarið og endurskoðað. Teljum við reikninginn og meðfylgjandi skýringar sýna glögga mynd af starfsemi sjóðsins á árinu 1982 og af stöðu hans í árslok.

Reykjavík, 18. febrúar 1983.

Ásmundur B. Olsen. **Birgir Finnsson.**

Skuldir:	kr.
1. Innlendar skuldir	13 584 890,37
2. Innlendar skuldir háðar vísitölu	424 720 620,67
3. Skuldir í erlendri mynt	1 042 766 238,51
4. Framlagsreikningar Seðla-, Lands- og Útvegsbanka	1 753 930,00
5. Skuldir v/Lausaskuldalána	2 195 617,23
6. Skuld við Hagræðingarsjóð	45 976 340,44
7. Innstæður lántakenda	963 589 835,22
8. Stofnfjár sjóður fiskiskipa	40 440 696,60
9. Viðskiptamenn	12 706 246,38
10. Sumarsildveiðar 1968 lög nr. 79/1968 17. gr. B.	0,00
11. Gengisjöfnunarstyrkur lög nr. 79/1968 17. gr. A	0,00
12. Gengisjöfnunarstyrkur 1974, 1975 og 1978 lög nr. 106/1974, 55/1975 og 2/1978	0,00
13. Ógreiddir og áfallnir vextir	65 115 976,00

14. Eigið fé:

a) Höfustóll	411 390 863,03	
b) Verðtr. eigin fjár (4)	348 418 190,04	
		759 809 053,07
		3 372 659 444,49

Með vísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1982 rétta.

Reykjavík, 22. febrúar 1983.

Davíð Ólafsson.

**Árni Benediktsson.
Björn Guðmundsson.
Helgi Bergs.**

**Ármann Jakobsson.
E. Ísfeld Eyjólfsson.
Óskar Vigfússon.**

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1982 hér með staðfestir.

Reykjavík, 22. mars 1983.

Steingrímur Hermannsson.

SKÝRINGAR VIÐ ÁRSREIKNING FISKVEIÐASJÓÐS ÍSLANDS

Reikningsskilavenjur:

Í aðalatridum er fylgt sömu reikningsskilavenjum og gert var á fyrra ári. Á útlán eru uppreiknaðar vaxtatekjur og verðbætur til áramóta. Á skuldir eru uppreiknuð vaxtagöld og verðbætur á samsvarandi hátt.

Þau útlán og þær skuldir, sem verðtrygð eru miðað við vísitölu byggingarkostnaðar eru uppfærð samkvæmt vísitölu, sem tók gildi 1. október 1982, en þau útlán og þær skuldir, sem miðað eru við lánskjaravísitölu eru uppfærð samkvæmt lánskjaravísitölu fyrir desember 1982.

Allar eignir og skuldir sjóðsins í erlendum gjaldeyri eða reikningseiningum eru uppfærðar um áramót og miðast við sölugengi á viðkomandi gjaldmiðli eða reikningseiningum í árslok.

Þær breytingar eru nú gerðar á fyrri reikningsskilaaðferðum, að myndaður er afskriftarreikningur útlána og hluti ógreiddra og áfallinna vaxta er hvorki talinn til tekna né eigna, sbr. skýringar við einstaka liði. Ennfremur er sú breyting gerð, að eiginfjárreikningar, sem voru fjórir (þ. e. stofnsjóður, afskriftarreikningur, varasjóður og verðtryggingarreikningur eigin fjár) verða nú aðeins tveir (þ. e. höfuðstóll og verðtryggingarreikningur eigin fjár).

Skýringar við einstaka liði:

1) Ógreiddir og áfallnir vextir voru í árslok 1981 kr. 96 212 502,00. Þá voru allir gjaldfallnir vextir, dráttarvextir, reikningslegir vextir svo og verðbætur og gengismunur á alla vexti taldir að fullu til tekna og eigna. Sambærileg tala í árslok 1982 er kr. 225 083 885,00. Þessi fjárhæð hefur vaxið mun meira en útlán, sem nokkurn veginn hafa fylgt verðlagsþróun.

Ástæður þessa eru ýmsar, en augljóst er, að full innheimta þessarar fjárhæðar er ekki örugg. Ákveðið var að meta þennan óvissuþátt á kr. 15 000 000,00 eða tæp 6,7%. Ógreiddir og áfallnir vextir í árslok 1982 eru því taldir kr. 210 083 885,00.

2) Húsbúnaður, vélar og tæki, keypt á árinu kr. 852 þús. (árið 1981 kr. 971 þús.) eru gjaldfærð að fullu eins og á undanförunum árum.

3) Framlag til afskriftarreiknings er kr. 63 000 þús. og eru það tæp 2% af útlánnum sjóðsins í árslok. Reikningurinn er myndaður til að mæta þeirri almennu áhættu, sem fylgir útlánastarfsemi.

4) Eins og á fyrra ári fylgir uppgjöri sjóðsins eignabreytingareikningur, sem sýnir allar hreyfingar á höfuðstól vegna gengis- og vísitölubreytinga. Um þennan reikning hafa frá upphafi verið færðar kr. 348 418 190,04 á verðtryggingarreikning eigin fjár. Þessi reiknings-skilaaðferð kemur í stað þess að færa verðbreytingafærslur á rekstrarreikningi.

Ef verðbreytingafærslur hefðu verið notaðar hefði sjóðurinn fært til gjalda a. m. k. kr. 468,5 milljónir reikningsárin 1979–1982 og afkoma hans þannig orðið mun lakari en reikningarnir sýna.

Vaxtaafsláttur:

Fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar var í september 1982 ákveðin tímabundin breyting á kjörum útlána sjóðsins til fiskiskipa. Á tímabilinu 1. október 1982 til 30. september 1983 gefur sjóðurinn eftir tiltekinn hundradshluta vaxta (áætlað 30%), sem falla til greiðslu á skipalán. Vaxtaeftirgjöfin svarar í heild til 100 milljóna króna miðað við verðlag í byrjun september 1982. Í árslok 1982 nam eftirgjöfin u. þ. b. 44 milljónum króna, sem ella hefðu komið til tekna. Sú eftirgjöf vaxta, sem samkvæmt framansögðu kemur til framkvæmda á árinu 1983 er á verðlagi 31. desember 1982 áætluð 72 milljónir króna og mun að sjálfsögðu ýra tekjur ársins 1983, en er hvorki færð til skulda né gjalda á árinu 1982.

23. mars 1983

Nr. 184

GJALDSKRÁ

fyrir heimilishjálpi í Stykkishólmi.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu skal sá, er þjónustu nýtur, greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

1. taxti kr. 17,25 fyrir hverja unna klukkustund
2. taxti kr. 24,50 fyrir hverja unna klukkustund
3. taxti kr. 69,00 fyrir hverja unna klukkustund

2. gr.

1. taxti gildir fyrir þá notendur sem eru ellilífeyrisþegar með fulla tekjutryggingu.
 2. taxti gildir fyrir þá notendur sem auk tekjutryggingar þiggja greiðslur úr lífeyrissjóði.
 3. taxti gildir fyrir þá er hafa hærri tekjur en að framan greinir, en þurfa þjónustu þessa vegna tímabundinna veikinda eða annarra hliðstæðra ástæðna.

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við tímakaup starfsfólks heimilisþjónustunnar og ber að breyta honum til samræmis við þær breytingar sem á launum verða.

4. gr.

Heimilt er að víkja frá gjaldskrá þessari, ef umsókn um það berst og aðstæður krefjast.

5. gr.

Heimilishjálp sem innt er af hendi eftir 1. janúar 1983 skal greidd eftir þessari gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólms staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, til þess að öðlast gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 23. mars 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.***AUGLÝSING**

**um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjöld í Stykkishólmi
nr. 420 8. júlí 1982.**

6. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseigenda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundradshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

1. Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3,0%
2. Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð og raðhús	2,4%
3. Tveggja hæða fjölbýlishús	2,0%
4. Fjölbýlishús 3 hæðir eða meira	1,0%
5. Verslunar- og skrifstofubyggingar	3,0%
6. Iðnaðarhús, vörugeymsla og annað atvinnuhúsnæði	1,5%
7. Opinberar byggingar	3,0%
8. Bílgeymslur	3,0%
9. Önnur hús	1,0%

Gjald af húsnæði öðru en bifreiðageymslum skal þó aldrei vera lægra en sem svarar 300m³.

Auk þessara gjalda skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjald kr. 60,00 af hverjum fermetra lóðar.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólms hrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. mars 1983,

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

REGLUGERÐ

um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna.

1. gr.

Mönnum, sem skipaðir eru í slökkvilið skv. 7. grein laga nr. 74/1982 um brunavarnir og brunamál, eða eru fastráðnir sbr. 8. grein sömu laga, skal séð fyrir fullnægjandi hlífðarbúnaði til nota við slökkvistörf.

2. gr.

Eftirfarandi búnaður slökkviliðsmanna er háður ákvæðum þessarar reglugerðar:

Hjálmur,
stígvél og skór,
heill samfestingur eða jakki og buxur,
hanskar.

3. gr.

Seljandi hlífðarbúnaðar fyrir slökkviliðsmenn er skyldur að afla upplýsinga um eiginleika búnaðarins með hliðsjón af viðurkenndum stöðlum og rannsóknum og láta Brunamálastofnun ríkisins þær í té. Þetta á einnig við um íslenska framleiðslu á hlífðarbúnaði fyrir slökkviliðsmenn.

Leggja skal fram tilskilin vottorð frá óháðum aðila, sem Brunamálastofnun ríkisins samþykkir.

Á grundvelli framlagðra gagna ákveður brunamálastjóri síðan hvort viðurkenna skuli búnaðinn til notkunar við slökkvistörf.

4. gr.

Hjálmur.

Við val á hjálmi ber að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- Hann skal vera úr efnum, sem þola vel raka, hita og kulda, án þess að brotna eða breyta lögun sinni.
- Hann skal vera nægilega sterkur til að þola þrýsting og högg samkvæmt nánar skilgreindum ákvæðum þar um.
- Hann skal einangra nægilega vel gegn rafleiðni, hitageislun og hitaleiðni, bæði er varðar efnisval og lit á yfirborði.
- Hjálmurinn skal falla vel að höfðinu og vera hæfilega léttur, ekki yfir 900 grömm.
- Festibúnaður skal vera traustur og auðveldur í notkun. Hökureim og innri búnaður skal vera traustur og þægilegur.
- Hjálmurinn skal halda tilskildum eiginleikum minnst 10 ár.

5. gr.

Stígvél og skór.

Við val á skóbúnaðir ber að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- Hann skal vera úr efnum, sem þola vel raka og hitabreytingar, olíur, sýrur og ýmis tærandi efni.
- Skótáin skal vera varin með stáli og sólinn með stálinnleggi. Í stað stáls má nota önnur efni, sem veita a. m. k. sömu vörn. Stál í öryggisskóm slökkviliðsmanna skal vera ryðvarið og stálinnleggið nægilega sveigjanlegt, þannig að sólinn verði ekki stífur né að hætta sé á að í hann komi sprungur.

Skótá og stálinnlegg skal prófa með viðurkenndum hætti hvað varðar höggþol og stunguþol.

- c) Skóbúnaðurinn skal einangra vel gegn hita og kulda. Hann skal ekki leiða rafmagn og vera úr illbrennanlegum efnum.
- d) Skóbúnaðurinn skal vera hæfilega léttur og fara vel á fæti. Hann skal vera vel sveigjanlegur og sólinn þannig gerður að hann verði ekki háll í bleytu.
- e) Stígvél skulu vera þannig að auðvelt sé að fara í þau og úr þeim. Festingar og lokunarbúnaður á skóm skal vera einfaldur að gerð og auðveldur í notkun.

6. gr.

Hlífðarfatnaður.

Gert er ráð fyrir, að velja megi á milli tvenns konar hlífðarbúninga. Þeir eru: Heill samfestingur eða jakki og buxur.

Við val á hlífðarbúningum ber að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- a) Allt efni í búningunum skal fullnægja kröfum um gæði og eiginleika í samræmi við staðla á Norðurlöndum, sem Brunamálastofnun ákveður að hafa til viðmiðunar hverju sinni.
- b) Búningur skal einangra vel gegn hita og kulda. Hann skal ekki leiða rafmagn og vera úr illbrennanlegum efnum.
- c) Ysta byrði skal standast sterka hitageislun og neistaflug, án þess að í því kvikni, það bráðni eða hrökkvi sundur.
- d) Búningur skal vera þannig gerður, að hann sé nægilega rúmur og lofti eða andi hæfilega, til að viðhalda megi þolanlegum líkamshita, jafnvel við erfið skilyrði.
- e) Búningur skal hrinda af sér vatni og ekki safna í sig lofttegundum eða vökvum, nema að því marki sem viðunandi getur talist.
- f) Búningur skal ekki vera úr efnum, sem hætta er á að hlaðist geti statísku rafmagni. Hann skal þola vel raka og hitasveiflur, olíur, sýrur, lút og ýmis tærandi efni.
- g) Auðvelt skal vera að hreinsa búninginn og hann skal þola venjulegan þvott, án þess að öryggi, þægindi eða útlit hans breytist til hins verra.
- h) Festingar og lokunarbúnaður skal vera traustur og fljótvirkur. Ekki skulu vera á búningnum hnappar eða lykkjur, sem til trafala geta orðið við slökkvistörf og reykköfun.
- i) Litur á hlífðarbúningi skal vera þannig valinn, að hann sjáist vel. Búningurinn skal hafa sjálflysandi rendur eða borða, við hæfi.

7. gr.

Hanskar.

Við val á hönskum ber að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- a) Efnið skal vera illbrennanlegt og þola vel hita, án þess að bráðna eða hrökkva í sundur. Það skal hrinda frá sér vatni og ekki safna því í sig, nema að takmörkuðu leyti.
- b) Hanskar skulu falla vel að hendi og vera hæfilega mjúkir, þótt þeir séu notaðir í miklum kulda eða séu rakir. Þeir skulu einangra vel gegn hita og kulda og þeir skulu ekki leiða rafmagn.
- c) Þeir skulu ekki vera hálrir í lófa, t. d. fyrir verkfæri og við átök.
- d) Hanskarnir skulu vera slitsterkir og veita fullnægjandi vörn gegn hvössum málmeggjum.
- e) Þeir skulu standast olíur, sýrur, lút og tærandi efni.

8. gr.

Aukabúnaður s. s. hjálmhlíf fyrir augu og axlahlíf undir hjálminn skal vera úr þeim efnum og af þeirri gerð, sem Brunamálastofnun mælir með. Hjálmhlífin skal vera vel gegnsæ

og standast högg, sterka hitageislun og eldtungur, án þess að brotna eða bráðna. Hún skal vera tryggilega og haganlega fest við hjálminn.

Axlahlífin skal standast eldgneista og vera þægileg í notkun.

9. gr.

Brunamálastjóri ríkisins getur ákveðið að sérmerkja skuli hlífðarbúnað, sem hlotið hefur viðurkenningu.

Slökkviliðsmönnum er ekki heimilt að gera breytingar á hlífðarbúnaði sínum, sem skert gæti notagildi eða öryggi búnaðarins að mati slökkviliðsstjóra eða brunamálastjóra.

10. gr.

Stjórn Brunamálastofnunar ríkisins er heimilt að skipa nefnd, sem verði brunamálastjóra til ráðuneytis varðandi öryggisbúnað slökkviliðsmanna skv. þessari reglugerð.

11. gr.

Innan þriggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar skal hlífðarbúnaður slökkviliðsmanna, sem fastráðnir eru samkvæmt 8. gr. laga um brunavarnir og brunamál, vera í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar, en innan sex ára fyrir slökkviliðsmenn, sem skipaðir eru samkvæmt 7. gr. sömu laga.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi við kaup og sölu á nýjum hlífðarbúnaði fyrir slökkviliðsmenn.

Reglugerð þessa ber að túlka með hliðsjón af reglugerðum um tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, sem setja skal samkvæmt 5. gr. laga nr. 74/1982.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 28. gr. laga nr. 74 12. maí 1982 um brunavarnir og brunamál, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. mars 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 145/1982 um launaskatt.

1. gr.

2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærri laun að meðaltali til annarra á mánuði en 25 000 kr. á uppgjörstímabilinu er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 250 000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 250 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 14 15. mars 1965 með áorðnum breytingum, sbr. heimild í 3. mgr. 3. gr. nefndra laga, öðlast þegar gildi og kemur í fyrsta sinn til framkvæmda við greiðslu launaskatt fyrir fyrsta uppgjörstímabil 1983, sbr. 1. mgr. 3. gr. nefndra laga.

Fjármálaráðuneytið, 29. mars 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 188

22. mars 1983

REGLUGERÐ

um einkennishúninga og búnað tollgæslumanna.

I. Gerð einkennisfatnaðar.

A. Einkennisfatnaður tollgæslumanna skal vera:

1. Húfa skal vera úr hvítu efni með 5 cm breiðri uppistandandi gjörð, 5 cm breiðri reisu, kringlóttum hvítum flötum kulli, gljáleðursskyggni og hökuól sem fest sé á gjörðina með tveimur litlum einkennishnöppum. Á gjörð skal vera gylltur borði, 13 mm breiður, og á honum að framan ofið hringmerki (kokarde) í íslensku fánalitunum. Á reisu að framan og niður á gjörðina skal vera á 5 cm háum skjaldlaga grunni úr svörtu klæði, merki þannig gert: Bókstafurinn T, 4 cm hár og skjaldarmerki Íslands, 2,5 cm hátt, fellt yfir legg stafsins úr gylltum málm.
2. Jakki úr svörtu klæðisefni, tvíhnepptur og með venjulegum kraga, sem skal vera 8 cm þar sem hann er breiðastur og skal kraginn vera sléttur og óstunginn. Á jakkanum skulu vera tveir hliðarvasar og einn brjóstvasi að utan en tveir vasar að innan. Á jakkanum skulu vera tvær raðir stórra gylltra einkennishnappa, fjórir í hvorri röð, og skal jakkinn hnepptur á þrjá þeirra. Á ermum skulu vera minni einkennishnappar, þrír á hvorri.
3. Vestí úr sama efni með fjórum vösum, hneppt með einfaldri röð hinna minni einkennishnappa, 6—7 að tölu. Það skal vera slétt og óstungið.
4. Buxur úr sama efni, síðar, án uppabrota, með fjórum vösum. Að neðan skulu skálmar eigi vera breiðari en 22 cm.
5. Frakki I úr svörtu frakkaklæði (þykku ullarklæði), tvíhnepptur, síður á miðjan legg, með tveimur vösum, venjulegum óstungnum kraga, og hornin þannig gerð að hneppa megi frakkanum upp í háls. Að framan skal vera tvöföld röð stórra, gylltra einkennishnappa, fimm í hvorri röð, hinn efsti undir kragahorni. Á baki skulu vera tvær fellingar teknar saman með spæl og á spælunum skulu vera tveir stórir einkennishnappar. Í klauf að aftan skulu vera þrír litlir einkennishnappar. Á ermum skulu vera litlir einkennishnappar, þrír á hvorri.
6. Frakki II skal vera úr svörtu frakkaklæði, einhnepptur, stuttur með gærufóðri, tveimur vösum og loðkraga. Rennilás innra og einföld röð með 4—5 stórum einkennishnöppum ytra skal vera á frakkanum. Endurskinsbryddingar skulu vera neðst á frakkaermum.
7. Kápa skal vera úr svörtu, vatnsþéttu rykfrakkaefni, fóðruð. Á henni skal vera tvöföld röð stórra einkennishnappa, fimm í hvorri röð, og tveir einkennishnappar á bakspeldi. Tveir hliðarvasar með loki skulu einnig vera á henni og endurskinsbryddingar neðst á kápuermum.
8. Loðhúfa skal vera úr svörtu loðskinni og skal merki tollgæslunnar fest framan á hana.

B. Einkennisfatnaður tollgæslukvenna:

Einkennisfatnaður tollgæslukvenna skal vera hinn sami og tollgæslumanna, en þeim skal þó heimilt þegar við á að ganga í þilsum er gerð skulu úr sama efni og einkennisfötin.

C. Annar einkennisfatnaður tollgæslumanna:

1. Tollgæslumenn skulu vera í svörtum sokkum ef þeir eru í lágum skóm.
2. Skyrtur skulu vera hvítar eða ljósbláar.
3. Skór skulu vera svartir og flatbotna. Skóhlífar og stígvél skulu vera svört.
4. Hálsbindi skulu vera svört.
5. Treflar skulu vera svartir.
6. Hanskar skulu vera svartir.

II. Klæðaburður tollgæslumanna.

1. Stöðu sinnar og virðingar vegna verða tollgæslumenn að vera hreinlegir og snyrtilegir til fara. Fatnaði sínum skulu þeir halda vel við og hafa ávallt vel pressaðan. Tollgæslustjóri, tollstjóri eða þeir sem falið er það verk, skulu fylgjast með klæðaburði tollvarða og veita aðfinnslur þegar klæðaburði er ábótavant eða hann er ekki í samræmi við gildandi reglur.
2. Tollgæslumenn skulu ganga í einkennisfatnaði við störf sín.
3. Með samþykki Tollgæslustjóra eða viðkomandi tollstjóra er tollgæslumönnum heimilt að vera án jakka, t. d. við akstur, við afgreiðslustörf inni eða við einstök önnur tækifæri. Þeir skulu þá bera húfur sínar, nema inni við. Skyrtur skulu þá vera með tveimur brjóstvösum með lokum sem hneppt er með litlum einkennishöppum.
4. Tollgæslumenn í Rannsóknardeild tollgæslunnar mega vera óeinkennisklæddir við störf sín, enda sé það ákveðið í samráði við Tollgæslustjóra.
5. Þegar tollgæslumenn sinna sérstökum verkefnum, mega þeir vera óeinkennisklæddir, enda sé það gert í samráði við yfirboðara þeirra. Skulu þeir þá bera á sér tollgæsluskilríki til að sanna á sér heimildir.
6. Tollgæslustjóri eða viðkomandi tollstjóri getur gefið tollvörðum nánari fyrirmæli um klæðaburð, búnað og annað þess háttar.

III. Tollmerki, tollgæsluskilríki og einkennishnappar.

1. Tollmerki Íslands er einkennismerki sem ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina „Tollmerki Íslands“.
2. Tollgæslumenn skulu hafa sérstök skilríki í leðurveski þar sem fram kemur nafn, staða og ljósmynd af viðkomandi. Skilríki þessi skulu undirrituð af tollgæslustjóra eða viðkomandi tollstjóra. Veski þessi skulu þannig útbúin að í öðrum vasa þeirra skal fest Tollmerki Íslands en í hinn skal unnt að smeygja korti með nafni og mynd viðkomandi tollgæslumanns.
3. Einkennishnappar tollgæslumanna skulu vera kringlóttir, gylltir með upphleyptum bókstafnum „T“ og íslenska fánann felldan yfir legg bókstafsins. Hnapparnir skulu vera af tveimur stærðum, þeir stærri 24 mm í þvermál og þeir minni 16 mm í þvermál.

IV. Stöðueinkenni tollgæslumanna.

Tollgæslustjóra eða viðkomandi tollstjóra er heimilt að skylda tollgæslumenn til þess að bera stöðueinkenni eða önnur fatamerki, enda fallist ráðuneytið á að taka almennt upp slík einkenni. Gerð þeirra skal ákveðin af fjármálaráðuneytinu að fengnum tillögum Tollvarðafélags Íslands og tollgæslustjóra.

V. Úthlutun og meðferð einkennisfatnaðar.

1. Tollgæslumenn í fullu starfi skulu fá afhentan ókeypis einkennisfatnað sem hér segir:
 - a. Fyrsta árið fái þeir tvenn einkennisföt en síðan ein á ári. Með einkennisfötum er átt við einn jakka, eitt vesti, tvennar buxur, tvær skyrtur og eitt bindi.
 - b. Einkennisföt, einkennishúfu, kápu og hanska skulu þeir fá á ári hverju, frakka I og loðhúfu annað hvert ár, en frakka II fjórða hvert ár. Vinnuslopp og samfesting eða tvo sloppa fá þeir ár hvert.
2. Venjulegt viðhald einkennisfatnaðar greiða hlutaðeigandi tollgæslumenn sjálfir. Þeir skulu þó fá greiddar tvær fatahreinsanir á ári, svo og aðrar hreinsanir á fötum, sem yfirmaður telur þörf á. Meiriháttar viðgerðir og tjón á fatnaði er heimilt að bæta tollgæslumönnum.
3. Þegar tollgæslumenn láta af störfum, skulu þeir skila þeim einkennisfatnaði sem þeir fengu síðast afhentan. Ennfremur skulu þeir skila húfum, búnaði og einkennum. Einkennisfatnað, sem fastráðinn tollgæslumaður hefur fengið afhentan, og hann hefur notað í meira en tvö ár, skal telja eign hans að þeim tíma liðnum. Tollgæslumönnum er óheimilt að nota eða afhenda fatnaðinn utan tollgæslustarfsins. Tollgæslumenn sem láta af störfum á reynslutíma (sem starfað hafa skemur en tvö ár eða ekki lokið síðara námskeiði tollskólans) skulu skila öllum fatnaði, búnaði og einkennum, sem þeir hafa fengið afhent.
4. Tollgæslustjóri skal útvega einkennisbúninga og annan búnað handa tollgæslumönnum. Halda skal hann skrá yfir afhenta einkennisbúninga, merki og skilríki, og skulu tollgæslumenn gæta þess að þau lendi ekki í höndum óviðkomandi.
5. Einkennisfatnaður skal á hverjum tíma keyptur hjá þeim sem fjármálaráðuneytið vísar á. Tollgæslustjóri pantar einkennisfatnað tollgæslumanna í samræmi við framangreindar reglur.

VI. Ýmis ákvæði.

1. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 78. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969, sbr. og 24. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast gildi 1. janúar 1984. Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði reglugerðar nr. 145/1946 sem gilda um tollgæslumenn.
2. Fjármálaráðuneytið úrskurðar um ágreiningsatriði sem rísa kunna vegna túlkunar á reglugerð þessari.

Fjármálaráðuneytið, 22. mars 1983.

Ragnar Arnalds.

Skúli Bjarnason.

GJALDSKRÁ

yfir efna- og gerlarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Efnagreiningar:

Hverskonar sjávarfang og fiskimjöl:	Kr.
Vatn	75,00
Salt	85,00
Prótein (Kjeldahl)	195,00
Fita (Soxhlet)	135,00
Aska	135,00
Ammoníak	85,00
Sandur	100,00
Kalcíum	135,00
Fosfór	220,00
Meltanlegt prótein	310,00
Lysin, nýtanlegt	610,00
Natríum nítrít	155,00
DMNA gasgreining	510,00
Óbundnar fitusýrur í mjólfitu	155,00
Sýrustig pH	85,00
Útflutningssýni, vottorð	100,00

Aminósýrur:

a. Lysin, histidin, ammoníak, argínín, asparginsýra, threonin, serin, glutamín sýra, prolin, glysin, alanin, valin, isoleucin, leucin, tyrosin, phenylalanin	Kr. 1 550,00
b. Methionin og cystín	750,00
Fullkomin aminósýrugreining	2 295,00

Lýsi:

Vítamín A, bein mæling	Kr. 155,00
Vítamín A, með sápun	425,00
Óbundnar fitusýrur	85,00
Sýrutala	85,00
Jöðtala	170,00
Sáputala	120,00
Eðlisþyngd (pyknometer)	85,00
Ósápanlegt	255,00
Peroxydtala	155,00
Litarmæling (Lovibond)	85,00
Vatnsmæling með toluol	120,00
Vatn og óhreinindi (skilv.aðferð)	85,00
Ljósbrott	85,00
Natríumsápa	125,00
Útflutningssýni, vottorð	100,00

Salt:

	Kr.
Klóríð (titer)	85,00
Kalcíum	135,00
Magníum	135,00
Súlfat	135,00
Óleysanlegt í vatni	135,00
Raki og bundið vatn	120,00
Járn	125,00
Kopar	155,00

Síld:

1. Undirbúningsvinna:	Kr.
a. Síld lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin, flökuð og hökkuð	255,00
b. Sama og í a. nema síldin óflökuð	195,00
c. Síld vigtuð, flökuð og hökkuð	155,00
d. Síld lengdarmæld, vigtuð og hökkuð	75,00

Framangreind gjaldskrá gildir fyrir allt að 100 sílda sýni. Ef færri en 50 síldar eru í sýni greiðast $\frac{3}{4}$ gjalds.

2. Efnagreiningar samkvæmt framangreindri gjaldskrá.

Aðrar efnagreiningar:

	Kr.
Trimethylamín (TMA)	195,00
Alginsýra	310,00
Kvikasilfur í matvælum	255,00
Ákvörðun á málmum með atom absorption	255,00
Frítt klór í vatni	50,00
Skyrmat (organoleptic test)	170,00
Rotvarnarefni með gasgreiningu	390,00
Skordýraeitur með gasgreiningu	1 020,00
Thiamín (B ₁ vítamín)	475,00
Ribolavín (B ₂ vítamín)	475,00
Niacin	475,00
C-vítamín í matvælum	475,00
Drop	170,00
Járn í matvælum	460,00
Slip-point	120,00
Nítrat og nítrít í matvælum	340,00
Hexametylentetramín í lagmeti	255,00
Vigtun og talning á rækju o. fl.	125,00
Mæling á sykrum í síld o. fl.	155,00
Mæling á vítamín D ₃ í lýsi, 1 og 2 sýni, hver mæling	1 700,00
Mæling á vítamín D ₃ í lýsi, 3 sýni o. fl. hver mæling	1 360,00

Smásjárrannsóknir:

	Kr.
Einföld rannsókn, án litunar	50,00
Einföld rannsókn, með litun	70,00—155,00
Talning í smásjá	125,00

Gerlarannsóknir:

	Kr.
Undirbúningur sýnis	120,00
Talning við ræktun, eins konar	75,00
Talning við ræktun, tvenns konar	155,00
Kóligerlar, MPN, forpróf	70,00
Kóligerlar, MPN, staðfestingarpróf	35,00
Staphylococcus aureus, forpróf	70,00
Staphylococcus aureus, staðfestingarpróf	70,00
Ger- og myglusveppir	60,00
Sulfit afoxandi Clostridia/hitað	70,00
Clostridium perfringens	100,00
Salmonella, forpróf	110,00
Salmonella, staðfestingarpróf	145,00
Röðagerlar	60,00
Ræktun fyrir niðursuðuvörur	70,00
Vottorð	75,00

Niðursuðuvörur

	Kr.
Framleiðslusýni, (vatn, salt, pH, vigt o. fl.)	180,00
Geymsluþol (pH, vigt, dós o. fl.)	50,00
Vottorð	75,00

2. gr.

a) Gjald fyrir efna- og gerlarannsóknir, sem ekki eru tilgreindar í þessari skrá ákveðst með hliðsjón af sambærilegum rannsóknum eða í samræmi við þann tíma og kostnað sem slíkar rannsóknir krefjast.

b) Gjaldskrá sú, er að framan greinir, miðast við að rannsókn fari fram hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, án óeðlilega mikils undirbúnings á sýnum þeim sem rannsökuð eru.

3. gr.

Pegar sýnataka á útfluttu mjöli eða lýsi er á vegum Framleiðslueftirlits sjávarafurða greiddast kr. 170,00 fyrir hvert sýni auk launa fiskmatsmannsins, sem annast sýnatökuna.

Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða annast þessar sýnatökur samkvæmt leiðbeiningum frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og með þeim tækjum sem Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

4. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi 15. apríl 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá yfir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, nr. 329 21. júní 1982.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. apríl 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Ingimar Einarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 56 19. maí 1961 um tollvöruheymislur,
sbr. reglugerð nr. 633 15. desember 1980 um breyting á henni.

1. gr.

3. málsli. 35. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfishafa skv. 32. gr. er heimilt samkvæmt ákvæðum þessa kafla að selja vistir, útbúnað og annan forða úr forðageymslu sinni í innlend farartæki sem eru að staðaldri í utanlandsferðum og eru í eigu annarra aðila eða erlend farartæki sem hafa hér skamma viðdvöl, svo og að endurútflytja eða endursenda og ennfremur að tollafgreiða þaðan vorur til neyslu eða sölu innanlands, ef sérstaklega stendur á svo sem vegna hættu á skemmdum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 26. gr. laga nr. 47 11. júní 1960 um tollvöruheymislur o. fl., öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 5. apríl 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 334 16. nóvember 1973, um hámarks-
fjölda leigubifreiða á félagssvæði Vörubílstjórufélagsins Þjóts.

1. gr.

2. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við lágmarkstöluna 18. Þó skal í engu skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubílaakstur til vöruflutninga á félagssvæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórufélagsins Þjóts, bæjarstjórnar Akraness og sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni, öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. mars 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981 um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sbr. auglýsingu nr. 88 2. febrúar 1981, auglýsingu nr. 219 23. apríl 1982 og auglýsingu nr. 93 21. febrúar 1983 um breyting á henni.

1. gr.

Tollskránumerir 90.08.21 og 90.08.39 bætist við upptalningu tollskránumera í 1. gr. auglýsingarinnar.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum, 3. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald og lið 4.1 í 6. gr. laga nr. 101 31. desember 1982 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 6. apríl 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

SAMÞYKKT

um sorphreinsunargjald á Selfossi árið 1983.

1. gr.

Sorphreinsunargjald á Selfossi fyrir hvern notanda sbr. 8. gr. samþykktar um sorphreinsun á Selfossi frá 11. mars 1983, skal fyrir árið 1983 vera kr. 200.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrárákvörðun bæjarstjórnar Selfoss staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. apríl 1983.

F.h.r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um hagræðingar- og framkvæmdalán til fyrirtækja í sjávarútvegi.

1. gr.

Stofna skal nýja sérstaka fjárhagslega aðgreinda deild við Fiskveiðasjóð Íslands er heiti „Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild.“ Fé það, sem tekið er að láni samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 46/1983 og rennur til Fiskveiðasjóðs Íslands til útlána til fyrirtækja í sjávarútvegi skal renna til þessarar deildar. Lántaka þessi og lánveitingar þessarar deildar Fiskveiðasjóðs skulu ekki hafa áhrif á fjárhag sjóðsins að öðru leyti og endurgreiðsla fyrrgreinds láns fari fram af því fé, sem innheimtist af útlánnum deildarinnar. Úr þessari deild skulu veitt lán til fyrirtækja í sjávarútvegi til hagræðingar, fjárhagslegrar endurskipulagningar og til að leysa sérstök staðbundin vandamál. Þau fyrirtæki sem eru í alvarlegum rekstrarvanda og þar sem rekstrarstöðvun er yfirvofandi og mikilvæg eru fyrir atvinnuöryggi á viðkomandi stað skulu hafa forgang samkvæmt reglugerð þessari, enda horfi stuðningur við þau til bættis skipulags í veiðum og vinnslu.

2. gr.

Ráðherra skipar nefnd 4ra sérfróðra manna á sviði stjórnunar og rekstrar fyrirtækja í sjávarútvegi, er fjalla skal um lánsbeiðnir og skulu lán veitt samkvæmt tillögum nefndarinnar og samþykki ráðherra. Við úthlutun lánanna skal þess gætt, að lánsfé fari til þess að ná fram bættri nýtingu, hagkvæmni í rekstri og stjórnunarlegum endurbótum, auk betri heildarnýtingar fjármagns.

3. gr.

Lánin skulu vera til allt að 7 ára og er heimilt að ákveða að allt að tvö fyrstu árin séu afborgunarlaus. Sjóðsstjórnin ákveður lánstíma eftir eðli hvers láns.

Lánin skulu bundin lánskjaravísitölu, þannig að höfuðstóll þeirra breytist í hlutfalli við breytingar á þeirri vísitölu og ársvextir vera 2%.

Gjald dagar afborgana og vaxta skulu vera 1. maí og 1. nóvember ár hvert og greiðast vextir eftir á.

4. gr.

Um tryggingar, veð eða ábyrgðir skulu lán þessi óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976. Lán þessi skulu tryggð með veði í atvinnuhúsnæði lantakanda ásamt vélum og búnaði innan 70% af váttryggingarverði, þ. e. brunabótamati húsa og váttryggingarverði véla, tækja og áhalda eða fiskiskipum innan 90% af húftryggingarmati þeirra. Nægi ekki umrædd veð er stjórn sjóðsins heimilt að taka þau önnur veð eða ábyrgðir, sem hún telur fullnægjandi.

5. gr.

Að öðru leyti skulu um þessi lán gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 44/1976 og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 46 5. apríl 1983 um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. apríl 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Jón L. Arnalds.

SAMPYKKT

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 hefur bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum:

Aðalstræti 20 (suðurendi)	íbúð	Gísli M. Indriðason
Aðalstræti 20A	iðnaðarhús	Db. Jóns Grímssonar
Aðalstræti 22A	lód og íbúðarhús	Már Óskarsson
Aðalstræti 26A	lód og íbúðarhús	Sveinn Paulsson
		Gunnfríður Magnúsdóttir
		Ingibjörg Kristjánsdóttir
Aðalstræti 37	iðnaðarhús	Póroflur Egilsson
		Trésmíðaverkst. Reynir
v/Aðalstræti	lód og skúr	Kjartan Guðmundsson
		Niels Guðmundsson
		Sigurður Guðmundsson
		Sæmundur Guðmundur
Árnagata	vöruskemma o. fl.	Timburverslunin Björk
Ásgeirsgata	vöruskemma	Eimskipafélag Íslands
Austurvegur 14	íbúðarhús	Petrína Georgsdóttir
Brunngata 7	lód og íbúðarhús	Ruth Tryggvason
Brunngata 13	íbúðarhús og lód	Guðrún Hjaltadóttir
v/Brunngötu	lód	Db. M. Bernharðssonar
Dagverðardalur	sumarb. Dalakofinn	Haraldur Jónsson
Dagverðardalur	sumarb. Dalakofinn	Brynjólfína Jensen
Dagverðardalur	sumarb. Dalakofinn	María Sigurðardóttir
Dagverðardalur	sumarb. Dalakofinn	Sigtryggur Jörundsson
Dagverðardalur	sumarb. Dalakofinn	Hjördís Óskarsdóttir
Dagverðardalur	sumarb. Dalakofinn	Bæring Jónsson
Dagverðardalur	sumarbústaður	Ólöf Kristjánsdóttir
Dagverðardalur	sumarbústaður	Sigurður Sigurðsson
Dagverðardalur	sumarbústaður	Pórir Sigurðsson
Dagverðardalur	sumarbústaður	Guðmundur E. Guðmundsson
Dagverðardalur	sumarbústaður	Oddur Pétursson
v/Djúpveg	iðnaðar- og áhaldahús	Kofri hf.
v/Djúpveg	iðnaðar- og áhaldahús	Gunnar og Ebeneser
v/Djúpveg	geymsla	Gunnar og Ebeneser
Eyrahlið	fiskhjallur 2 stk.	Eyjólfur G. Ólafsson
Eyrahlið	fiskhjallur 1 stk.	Óskar Þórarinsson
Eyrahlið	fiskhjallur 1 stk.	Anton Ingibjartsson og
		Matthías Vilhjálmsson
Eyrahlið	fiskhjallur 1 stk.	Ole N. Olsen
Eyrahlið	fiskhjallur 1 stk.	Guðni Ingibjartsson
Eyrahlið	fiskhjallur 1 stk.	Finnbogi Jónasson
Eyrahlið	fiskhjallur 1 stk.	Ágúst Einarsson
Eyrahlið	fiskhjallur 2 stk.	Óskar Þórarinsson
Eyrahlið	fiskhjallur 1 stk.	Matthías Vilhjálmsson
Eyrahlið	fiskhjallur 1 stk.	Magnús Eliasson
Eyrahlið	fiskhjallur 1 stk.	Arnór Sigurðsson og
		Hermann Sigurðsson
Eyrahlið	skúr 1 stk.	Eyjólfur G. Ólafsson
Engjavegur 3	lód og íbúðarhús	Guðrún Jónsdóttir
Fjarðarstræti 14	lód, íbúðarh., skúrar	Guðmundur Árnason og
		Eggert Halldórsson
Fjarðarstræti 16	iðnaðarhús, bílskúr	Rörverk hf. og
		db. Ingimars Ólasonar
Fjarðarstræti 17	lód, íbúðarhús	Einar Á. Einarsson
Fjarðarstræti 20	iðnaðarhús, bílskúr	Bergþóra Árnadóttir
		Ísatjardarsöfnuður
		Neisti hf.

Fjarðarstræti 20A	iðnaðarhús, bílskúr	Helgi Geirmundsson Kaupfélag Ísfirðinga Gunnlaugur Jónasson Vigur hf.
Fjarðarstræti 20B	iðnaðarhús	Hvítasunnusöfnudurinn
Fjarðarstræti 21	íbúð og félagsheimili	Kári Samúelsson o. fl.
Fjarðarstræti 24	lóð og hús	Jens Sturla Jónsson
Fjarðarstræti 32	lóð og íbúðarhús	Porgils Árnason
Fjarðarstræti 32	lóð og íbúðarhús	Porgils Árnason
Fjarðarstræti 32	bílskúr	Jakob Hagalínsson, Héðinn Ólafsson
Fjarðarstræti 38	lóð, íbúðarhús	Ásgeir Vilhjálmsson Db. M. Bernharðssonar Höskuldur Guðmundsson Sigurbaldur Gíslason Db. Guðbrands Kristinssonar Jóhann Benediktsson Halldór Guðbrandsson Frimúrarastúkan Njála Margrét Leósdóttir o. fl. Skóverslun Leós Neisti hf. Jónas Magnússon og Vilberg Vilbergsson Ásta Eggertsdóttir Jónas Magnússon og Vilberg Vilbergsson Jóhann Eiríksson Halldór Pálsson Kristján Jónsson Vegagerð ríkisins Alf Överby Próstur Marselliússon Indriði Guðmundsson Eyjólfur G. Ólafsson Ingibjörg Guðmundsdóttir Eggver sf. og Sigurður Guðmundsson Úvegsbanki Íslands, Ísafirði M. Bernharðsson M. Bernharðsson M. Bernharðsson Sigurvin Sigurvinsson og Hallfríður Hallsdóttir Orkubú Vestfjarða Eiríkur Guðjónsson Ásta Eggertsdóttir Kristján Guðjónsson Kristján Guðjónsson Þórður Júlíusson Þórður Júlíusson Margrét Sveinsdóttir Agnar Þór Sigurðsson Ragna Jónsdóttir Próstur Kristjánsson Próstur Kristjánsson Guðrún Valgeirsdóttir og Matthías Vilhjálmsson Magnús Árnason Hjörtur Sturlaugsson
Fjarðarstræti 51 (Grund)	íbúðarhús	
Hafnarstræti 3	lóð	
Hafnarstræti 5	verslunarhús	
Hafnarstræti 9	verslunarhús	
Hafnarstræti 11	lóð, íbúðarhús	
Hafnarstræti 11	íbúð, versl., skúr	
Hafnarstræti 11	verslunarhús, skúrar	
Hafnarstræti 17	lóð, íbúðarhús, skúr	
Heiðarbraut 14	fjárhús og hlaða	
v/Heiðarbraut	fjárhús og hlaða	
v/Hjallaveg	áhaldaús	
Hlíðarvegur 51	lóð, íbúðarhús	
Hnífsdalsvegur 27	lóð og hús	
Hnífsdalsvegur 35	íbúðarhús	
v/Hnífsdalsveg	gamalt íbúðarhús	
Ísafjarðarvegur 6	íbúðarh., fjárh., land	
Leiti	hænsnahús o. fl.	
Mjallargata 1	lóð	
Neðstikaupstaður	iðnaðarh., skrifst. o. fl.	
Neðstikaupstaður	járnsmiðja	
Neðstikaupstaður v/Suðurgötu	vörugeymsla (stálgr.)	
Norðurvegur 2	lóð og íbúðarhús	
Seljalandsvegur 1	spennistöð	
Seljalandsvegur 50	skúr	
Seljalandsvegur 60	lóð	
Seljalandsvegur 64A	íbúðarhús	
Seljalandsvegur 64A	fjárhús og hlaða	
Seljalandsvegur 78	fiskverk. og rækjust.	
Seljalandsvegur 78	hjallur	
Seljalandsvegur 79	íbúðarhús	
Seljalandsvegur 84A	íbúðarhús	
Seljalandsvegur 85	íbúðarhús og geymsla	
Seljalandsvegur 87	íbúðarhús	
Seljalandsvegur 87	bílskúr	
Seljalandsvegur	sumarbúst., fjárh., hlaða	
Seljalandsvegur	söluskáli	
v/Skutulsfj.br. (Karlsá)	fjárh., hlaða	

Silfurgata 3	lóð, íbúðarhús	Stefán Jónsson
Silfurgata 9A	lóð íbúðarhús	Bökunarfél. Ísfirðinga
Silfurgata 12	lóð, íbúðarhús	Pétur St. Kristjánsson
Skógarbraut 3	íbúðarhús	Db. Sigmundar Guðnasonar
Skógarbraut 3	fjárhús og hlaða	Db. Sigmundar Guðnasonar
v/Skógarbraut	skúr	Búnaðarfélag Eyrarhrepps
Skólavegur 13	lóð	Leifur Pálsson
Smiðjugata 12 norðurendi	íbúð og lóð	Db. Kristjóns Danielssonar
Stakkanes (Torginol)	iðnaðarhús og lóð	Jón Þórðarson
Stekkjagata 4	íbúðarhús	Magnús Har. Magnússon
Stekkjargata 7	íbúðarhús	Miðfell hf.
		Magnús Benediktsson
Stekkjagata 25	íbúðarh. og geymsluh.	Db. Gísla Konráðssonar
Stekkjagata 29	íbúðarhús	Úlfar Ónundarson
Stekkjagata 31	íbúðarhús	Rannveig Vilhjálmsdóttir
Stekkjagata 31	geymsluskúr	Rannveig Vilhjálmsdóttir
Stekkjagata 33	iðnaðarhús	Litli Leikklúbburinn
Stekkjagata 38	hæsnahús	Db. Gísla Konráðssonar
Stekkjagata 40	fjárhús og hlaða	Guðbjörg Torfadóttir
Stekkjagata 40	íbúðarhús	Guðbjörg Torfadóttir
Suðurgata	geymsluhús	Fiskiðjan hf.
Suðurgata	trésmíðaverkstæði	Daníel Kristjánsson
Sundstræti 11	lóð og íbúðarhús	Hólmborg Gíslason
Sundstræti 13	íbúðarhús (n. endi)	Július Guðmundsson
Sundstræti 14	íbúðarhús	Michael E. Günter
		Jóhann S. Árnason
		Kristján Ólafsson
		Hulda V. Steinarsdóttir
Sundstræti 15	lóð og íbúðarhús	Magnús Arnórsson
Sundstræti 20	smíðahús	Sigmundur Falsson og
		Jakob Falsson
v/Sundstræti Hvítapakkh.	lóð og vörugeymsla	Kaupfélag Ísfirðinga
Tangagata 23A	lóð og íbúðarhús	Guðbjörg B. Árnadóttir
Torfnes	mjölgeymsla og geymsla	Fiskimjöl hf.
Urðarvegur 10	íbúðarhús	Db. Jóns Andréssonar og
		Einar Guðmundsson
Urðarvegur 10	fjós og hlaða	Einar Guðmundsson
Urðarvegur 11	íbúðarhús	Sveinbjörn Veturlíðason og
		Anna Bjarnadóttir
v/Urðarveg	bílskúr	Andrés Jónsson
ofan Urðarveg	fjárhús og hlaða	Db. Vilhjálms Jónssonar
ofan Urðarveg	fjárhús og hlaða	Db. Veturlíða Guðbjartssonar
Árbær	mannvirki og land	Db. Guðm. Guðmundssonar
Brautarholt	mannvirki og land	Ragúel Hagalínsson
Efri-Tunga	mannvirki og land	Jóhann P. Ragnarsson
Fagríhvammur	mannvirki og land	Hjörtur Sturlaugsson
Fossar, Engidal	land	Andrés Jónsson
Fremri-Hnífsdalur	land	Jón Kristjánsson og
		Kristján Kristjánsson
		Guðm. Sveinsson og fl.
Góustaðir	mannvirki og land	Bjarni Þórðarson
Heimabær III	mannvirki og land	Hraðfr.h. Hnífsdal
Heimabær IV	mannvirki og land	Db. Vernh. Jósefss.
Heimabær V	mannvirki og land	Hjálmar Sigurðsson
Hraun	mannvirki og land	Einar Halldórsson
Kolfinnustaðir	íbúðarhús	Jón B. Hjaltason
Seljaland	íbúðarhús, hesthús	Sigurjón og Bjarni Halldórssynir
Tunga	mannvirki og land	Jón Magdal Jónsson
Efri-Engidalur	mannvirki og land	Magdalena Jónsdóttir
Efri-Engidalur	sumarbúst. og lóð	Db. Péturs Jónatanssonar
Neðri-Engidalur	mannvirki og land	

Fremri-Arnardalur	land	Db. Halldóru Katarínusd.
Fremri-Arnardalur	íbúðarhús, fjárhús	Db. Guðm. Sæmundssonar
Fremri-Arnardalur	hlaða, land	Db. Guðm. Sæmundssonar
Fremrihús Arnardal	mannvirki og land	Db. Halldóru Katarínusd.
Heimabær Arnardal	mannvirki og land	Marvin Kjarval
Heimabær Arnardal	íbúðarhús	Ingvi Marvinnsson
Holt Arnardal	íbúðarhús og land	Eyvindur og Guðjón Eiríkssynir
Ytri hús Arnardal	mannvirki og land	Db. Höskuldar Árnasonar
Arnardalur	sumarbúst., útiskýli	Börn Jóns Þórðarsonar
Hnífsdalur	öll ræktuð og óræktuð tún og stykki í einkaeigu.	

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.

Félagsmálaráðuneytið, 24. mars 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um lyfjateknaskóla Íslands.

I. KAFLI.

Markmið og stjórn lyfjateknaskóla.

1. gr.

Ríkið rekur skóla í samvinnu við Apótekarafélag Íslands. Skólinn heitir Lyfjateknaskóli Íslands og starfar undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk skólans er að tæknimennta aðstoðarfólk við lyfjaafgreiðslu og lyfjagerð.

3. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar stjórn skólans þannig: Einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera lyfjafræðingur að mennt, einn tilnefndan af Apótekarafélagi Íslands, einn tilnefndan af Lyfjafræðingafélagi Íslands og einn tilnefndan af Lyfjateknafélagi Íslands. Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Ráðherra skipar formann skólastjórnar. Skólastjórn setur sér starfsreglur. Á fundinum ræður afl atkvæða, en verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

4. gr.

Stjórn skólans ræður skólastjóra og skal hann vera lyfjafræðingur starfandi í lyfjabúð. Skólastjóri stjórnar daglegri starfsemi skólans og ræður kennara og annað starfsfólk að skólanum í samráði við skólastjórn. Skólastjóri skal sitja fundi skólastjórnar og hefur þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

II. KAFLI.

Inntökuskilyrði.

5. gr.

Inntaka nema er í höndum skólastjórnar.

Umsækjandi um skólavist skal hafa lokið tveggja ára námi í framhaldsskóla (fjölbrautaskóla). Umsækjendur, sem lokið hafa prófi tveggja ára heilsugæslubrautar framhaldsskóla eða hliðstæðu eða frekara námi að mati skólastjórnar, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir um skólavist.

Skólastjórn er heimilt að meta starfsreynslu umsækjanda til allt að helmings þess námstíma, sem um getur í annarri málsgrein.

Skólastjórn er heimilt að gera kröfur um lágmarksnám og einkunnir í einstökum námsgreinum.

Skólastjórn er heimilt að takmarka fjölda þeirra nema, sem teknir eru í skólann hverju sinni.

6. gr.

Umsóknir um skólavist skal senda skólastjóra.

Umsókn skal fylgja eftirfarandi:

1. Staðfest afrit af prófskírteini.
2. Heilbrigðisvottorð á eyðublaði, sem skólinn lætur í té.
3. Sakavottorð.
4. Meðmæli skóla og/eða vinnuveitenda.

III. KAFLI.

Nám og námsefni.

7. gr.

Lyfjatækninám er þriggja ára nám.

Námið skiptist í bóklegt og verklegt nám, 17 mánuði alls í Lyfjatæknaskóla Íslands og 19 mánuði alls í lyfjabúð þ. m. t. orlof, sbr. nánar fylgiskjal 1. Um lengd orlofs fer skv. gildandi lögum og skal það tekið á þeim tíma, sem tiltekinn er á framangreindu fylgiskjali, nema um annað semjist milli nema og viðkomandi lyfsala.

Leitast skal við að neminn kynnist af eigin raun öllum verkþáttum lyfjabúðarinnar.

Gera skal samning á milli Lyfjatæknaskóla Íslands, fyrir hönd nema, og viðkomandi lyfsala vegna vistunar, samanber fylgiskjal 2 við reglugerð þessa.

8. gr.

Inntaka nema fer fram í júní og skal auglýst með minnst 6 vikna fyrirvara. Umsóknir skulu sendast skólastjóra, sem leggur þær fyrir skólastjórn til ákvörðunar. Nám hefst í október sama ár.

9. gr.

Skólanum er heimilt að haldá námskeið og kynningarfundir með lyfjatæknum og öðrum þeim, er starfa að lyfjamálum.

10. gr.

Skólastjóri semur námsskrá, sem lögð skal fyrir skólastjórn í upphafi skólaárs. Í námsskránni skal tilgreina heiti námsgreina, námsgreinalýsingar, kennslustundafjölda í hverri grein, ákvæði um námsmat og niðurröðun námsgreina á bóknámstímann.

Leitast skal við, að námsskrá skólans verði í sem bestu samræmi við starfssvið lyfjatakna.

Við samningu námsskrár skal eftirfarandi námsefnislisti hafður til hliðsjónar:

1. **Lyfjafræðisaga**
Stutt ágríp af sögu lyfjafræðinnar og þróunar í lyfjamálum.
2. **Heilbrigðis- og hollustuhættir**
Örverugróður, smitleiðir, persónuhreinlæti, hreinlæti og hollusta á vinnustað, smitgát og sæfing.
3. **Lyfjalöggjöf**
Lagaákvæði um lyfjamál, lög um eiturefni og hættuleg efni, svo og reglugerðir þar að lútandi.
4. **Lyfjaverðlagning**
Verðlagning lyfja eftir lyfjaverðskrá, ásamt afgreiðslu- og greiðslutilhögun, svo og verðlagning lausasölulyfja og varnings, sem lyfjabúðum er heimilt að selja.
5. **Verslunarreikningur**
Upprifjun á almennum reikningi og verslunarreikningi, einkum með tilliti til notkunar við lyfjaafgreiðslu og lyfjagerð.
6. **Birgðahald og færsla eyðublaða**
Færsla fyrirskipaðra bóka og eyðublaða. Áhersla lögð á sérstöðu lyfjabúða innan verslunarinnar.
7. **Almenn lyfjaþekking**
Þekking á hinum ýmsu lyfjaformum, löggiltum bókum og almennri meðferð og geymslu lyfja. Kennnd notkun handbóka.
8. **Félagslyfjafræði**
Staða og hlutverk lyfjabúðarinnar og annarra lyfjastofnana heilbrigðiskerfisins og þjónustuhlutverk þeirra.
9. **Lyfhrifafræði**
Kynning á verkun lyfja, frásogi, dreifingu, útskilnaði og sambandi lyfjagjafar og verkunar, með tilvísun í líffæra- og lífeðlisfræði. Flokkun lyfja (ATC-kerfi).
10. **Alþýðunöfn á lyfjum**
Þekking á alþýðunöfnum á lyfjum, efnum og drögum, notkun þeirra og ýmis húsráð þeim tengd.
11. **Eiturefni og hættuleg efni**
Geymsla, meðferð og sala þessara efna.
12. **Hjúkrunarvörur, sjúkragögn, barnavörur og fleira**
Þekking á gerð og notkun hjúkrunarvara, sjúkragagna og vörum til hriðingar og næringar ungbarna, notkun prófefna (diagnostica). Þekking á almennri hörundshriðingu.
13. **Afgreiðslutækni og þjónusta**
Afgreiðsla viðskiptavina og þjónusta við þá. Tilsögn í framkomu og framsögn, bæði beint og í síma. Verklegr þjálfun í afgreiðslutækni.
14. **Fyrirlestrar og verklegar æfingar í lyfjagerð**
Fyrirlestrar og verklegar æfingar, með það fyrir augum að auka skilning á gerð og eðli hinna ýmsu lyfjaforma.

15. Mælitæki og áhöld

Verkleg þjálfun í notkun voga, einfaldra mælitækja og áhalda. Frumtilsögn í aðstoð við gæðaeftirlit.

16. Eðlis- og efnafræði

Upprifjun í eðlis- og efnafræði.

17. Starfskynning

Í upphafi námstímans gefist nemum kostur á að kynnast af eigin raun starfsemi lyfjabúða og stofnana, sem fást við lyfjamál.

18. Námskeið

Námskeið, m. a. í skyndihjálpi, vélritun og notkun verslunaráhalda, sbr. 11. grein.

19. Námsleiðbeiningar, fyrirlestrar, fræðslumyndir, námsferðir og fleira.**IV. KAFLI.****Próf og einkunnir.****11. gr.**

Lokapróf skal haldið sem hér segir:

1. Verklegt próf í afgreiðslu lyfseðla og lyfjagerð.
2. Verklegt og/eða skriflegt próf í hjúkrunarvörum, sjúkragögnum og fleiru.
3. Verklegt og/eða skriflegt próf í afgreiðslutækni.
4. Verklegt og/eða skriflegt próf í alþýðunöfnum á lyfjum, drógabekkingu og flokkun lausasólulyfja.
5. Skriflegt próf í heilbrigðis- og hollustuháttum.
6. Skriflegt próf í almennri lyfjabekkingu og notkun handbóka.
7. Skriflegt próf í lögum og reglugerðum og færslu eyðublaða.
8. Skriflegt próf í lyfjaverðlagningu.
9. Skriflegt próf í félagslyfjafræði og lyfhrifafræði.
10. Skriflegt próf í lyfjagerðarfræði.

Kennarar útbúa prófverkefni í samráði við skólastjóra. Skólastjórn skipar prófdómara. Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum, frá 0 til 10.

Til að standast lokapróf skólans og hljóta prófskírteini þarf neminn að hafa fengið að minnsta kosti einkunnina 5 í hverju hinna ofangreindu prófa og skilað ritgerð um afmarkað verkefni, sem skólastjóri ákveður.

Geti nemi ekki gengið undir próf vegna sjúkdóms, skal hann skila læknisvottorði. Skal honum heimilt að ganga undir sjúkrapróf, sem halda skal við fyrsta tækifæri í samráði við skólastjóra og skólastjórn.

Lokapróf skal haldið í maí.

Nema, sem ekki stenst lokapróf, skal heimilt að endurtaka próf í september sama ár. Enginn getur gengið undir lokapróf í sömu grein oft en þrisvar, nema að fengnu leyfi ráðherra.

Auk lokaprófs, sem þreyta skal samkvæmt reglugerð þessari, er skólastjórn heimilt að ákveða, að nemar skuli skila þátttöku- eða hæfnisvottorði í námskeiðum af ýmsu tagi, enda eigi það sér stoð í 10. grein reglugerðar þessarar. Slík námskeið skulu kynnt nemum við upphaf skólaárs.

V. KAFLI

Um rekstur lyfjateknaskóla.

12. gr.

Kostnaði við rekstur Lyfjateknaskóla Íslands skal skipt sem hér segir:

1. Laun skólustjóra, kennara og annars starfsfólks, svo og skólustjórnar greiðast úr ríkissjóði.
2. Laun nema fyrir verknám í lyfjabúð greiðast samkvæmt ákvæðum í fylgiskjali 2.
3. Kennsluaðstaða við bóknám og verknám í skólanum greiðist úr ríkissjóði.
4. Allur kostnaður vegna prófa greiðist úr ríkissjóði.

VI. KAFLI

Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76, 21. maí 1982 og 2. gr. laga um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir nr. 64, frá 16. apríl 1971 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1. gr. til og með 15. gr. reglugerðar nr. 183/1972 um nám og starfsréttindi lyfjatekna, með síðari breytingum.

Haga skal námi þeirra, sem stunda nám við gildistöku reglugerðar þessarar, í samræmi við eldri reglugerð.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. apríl 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.*Ingolf J. Petersen.***Fylgiskjal 1.**

Námsskipan Lyfjateknaskóla Íslands

	1. ár	2. ár	3. ár
Október	Skóli	Vistun	Skóli
Nóvember	Skóli	Vistun	Skóli
Desember	Skóli	Skóli	Vistun
Janúar	Skóli	Skóli	Vistun
Febrúar	Skóli	Skóli	Vistun
Mars	Vistun	Skóli	Skóli
Apríl	Vistun	Skóli	Skóli
Maí	Vistun	Skóli	Skóli
Júní	Vistun	Leyfi/Vistun	Vistun
Júlí	Vistun	Vistun	Leyfi/Vistun
Ágúst	Leyfi/Vistun	Vistun	Vistun
September	Vistun	Vistun	Skóli

Skýringar:

Skóli = Bóklegt og verklegt nám við Lyfjateknaskóla Íslands.

Vistun = Verklegt nám í lyfjabúð.

Leyfi = Sumarleyfi í samræmi við lög um orlof.

Fylgiskjal 2.

Lyfjatæknaskóli Íslands gerir eftirfarandi samning um verklegt nám í lyfjatækni við
 lyfsala, fyrir hönd lyfja-
 tækninema, sem er fædd(ur) nafnnúmer til heimilis

1. Vinnustundafjöldi í viku hverri skal vera sá, sem hverju sinni er í gildi í samningum Apótekarafélags Íslands og Landssambands íslenskra verslunarmanna og skal aðallega unnið á þeim tíma, sem verslanir eru opnar. Þó skal nemi starfa á kvöldvöktum og helgidagavöktum í samráði við lyfsala, enda komi fyrir greiðsla í samræmi við almenna kjarasamninga.
2. Nema ber að hlíta sömu reglum um starfs- og umgengnishætti og öðru starfsfólki lyfjabúðar. Honum er skylt að taka þátt í öllum daglegum störfum, sem til falla á vinnustað. Nema ber að vera stundvís og vinna vel og samviskusamega.
3. Lyfsali skal tryggja að neminn kynnist öllum verkþáttum lyfjabúðarinnar.
4. Á námstímanum skal neminn færa námsferilsbók, sem viðkomandi lyfsali staðfestir með undirskrift sinni. Gildir það sem vottorð um tilskylda vistun.
5. Nema ber að leggja fram læknisvottorð trúnaðarlæknis lyfjabúðar vegna fjarvistar, ef þess er krafist. Nemi skal vera ábyrgðar- og slysatryggður í starfi á sama hátt og annað starfsfólk lyfjabúðar. Sumarleyfi skulu vera í samræmi við lög um orlof og tekin í samræmi við reglugerð um Lyfjatæknaskóla Íslands.
6. Á fyrsta vistunartímabilinu skulu laun nema vera 60% af byrjunarlaunum lyfjatækna í lyfjabúðum samkvæmt samningum hverju sinni, en á síðari tímabilunum 80%.
7. Vistunartímabil nema skulu vera eins og sýnt er í fylgiskjali 1 með reglugerð um Lyfjatæknaskóla Íslands.
8. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki.
9. Telji annar hvor samningsaðila að ákvæðum samningsins hafi ekki verið fullnægt, getur hann lagt málið fyrir skólastjórn.
10. Samningur þessi er uppsegjanlegur frá hendi beggja samningsaðila sem hér segir:
 Fyrstu þrjú verknámsmánuðir: 7 daga uppsagnarfrestur. Síðari verknámsmánuðir: 3ja mánaða uppsagnarfrestur. Gerist nemi brotlegur við þær reglur, sem gilda um starfsfólk lyfjabúða skal málinu vísað tafarlaust til skólastjórnar. Í slíkum tilvikum er viðkomandi lyfsala heimilt að segja samningi þessum upp fyrirvaralaust, að fengnu álitni skólastjórnar. Sé nema vísað úr skólanum fellur samningur þessi úr gildi.
 Samningur þessi gildir frá til

F. h. Lyfjatæknaskóla Íslands

.....
 dags.

.....
 Skólastjóri

.....
 dags.

.....
 Nemi

.....
 dags.

.....
 Lyfsali

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Hinn 7. apríl 1983 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Akureyrar að í stað áður ráðgerðs íbúðahverfis á horni Bugðusíðu og Arnarsíðu í Glerárhverfi á Akureyri, komi kirkjulóð.

Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 198

7. apríl 1983

REGLUR

um réttindi til að stjórna vinnuvélum.

1. gr.

Með reglum þessum er leitast við að tryggja næga þekkingu, þjálfun og öryggi í meðferð vinnu- og farandvéla, sem upp eru taldar í 3. grein og reglur þessar taka til.

2. gr.

Sá einn getur öðlast réttindi til að stjórna vinnuvélum samkvæmt reglum þessum, er uppfyllir eftirtalin skilyrði:

- a. Er fullra 17 ára.
- b. Hefur ökuréttindi á bifreið.
- c. Hefur lokið tilskildu námi og þjálfun, sbr. 3., 5. og 6. grein.

3. gr.

Náms- og þjálfunarkröfur miðast við stærð og gerð viðkomandi vinnuvéla samkvæmt neðangreindri flokkun:

A. Frumnámskeið.

1. Gaffallyftarar með lyftigetu 1,2—10 tonn miðað við 0,6 m hlássmiðju. Þó getur Vinnueftirlit ríkisins ákveðið í einstökum tilvikum að stjórnendur lyftara með lyftigetu undir 1,2 tonn skuli sækja námskeið skv. þessum staflíð.
2. Dráttarvélar með beintengdum eða vökvaknúnum sértækjabúnaði s.s. loftpressum og skóflum.
3. Kórfubílar.
4. Valtarar.
5. Steypudælukranar.
6. Byggingarkranar, sérnámskeið.

Náms- og þjálfunarkröfur.

Námskeið í öryggismálum og slysavörnum haldið á vegum Vinnueftirlits ríkisins.

Að prófi loknu öðlast þátttakendur rétt til verklegrar þjálfunar undir umsjón kennara, sbr. 6. grein og að þjálfun lokinni til að gangast undir verklegt próf sbr. 7. grein.

B. Grunnnámskeið.

1. Gaffallyftarar með yfir 10 tonna lyftigetu miðað við 0,6 m hlasmíðju.
2. Traktorsgröfur.
3. Aðrar gröfur allt að 18 tonna eigin þunga.
4. Jarðýtur allt að 27 tonna eigin þunga.
5. Hjólaskóflur með allt að 4 m² skóflustærð.
6. Dragskóflur.
7. Bíl og beltakranar með allt að 20 tonna lyftigetu.
8. Malbikunarvélar.
9. Vegheflar.

Náms- og þjálfunarkröfur.

Námskeið, sem viðurkennt er af Vinnueftirliti ríkisins, samkvæmt fyrirbyggjandi námsskrá. Um námsefni og framkvæmd fer eftir ákvörðun verkefnisráðs, sem skipað er fulltrúum frá iðnaðarráðuneyti, Vinnueftirliti ríkisins, Verkamannasambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Að loknu prófi og þjálfun sbr. 6. grein öðlast þátttakendur rétt til að gangast undir verklegt próf, sbr. 7. gr., sem veitir réttindi til að stjórna ofangreindum tækjum, sem og vinnuvélum í A-flokki.

C. Framhaldsnámskeið.

Öll tæki ofan stærðarmarka B-flokks.

Náms- og þjálfunarkröfur.

Framhaldsnámskeið, skv. námsskrá, er verkefnisráð vinnuvélanámskeiða setur.

Námskeiðið veitir rétt til að stjórna öllum vinnuvélum ofan stærðarmarka í B-flokki. flokki.

4. gr.

Verði nýjar gerðir vinnuvéla, sem ekki eru tilteknar í reglum þessum teknar í notkun, skal stjórn Vinnueftirlits ríkisins ákveða, hvaða náms- og þjálfunarkröfur gera skal til stjórnenda þeirra.

5. gr.

Skilyrði fyrir inntöku á námskeið samkvæmt reglum þessum eru að umsækjandi sé fullra 16 ára.

Það er skilyrði fyrir inntöku á framhaldsnámskeið, að umsækjandi hafi fullgild réttindi til stjórnunar vinnuvéla í B-flokki auk a. m. k. tveggja ára starfsþjálfunar á eitt eða fleiri tæki í þeim flokki.

Til að öðlast réttindi til stjórnunar vinnuvéla, er reglur þessar taka til, þarf verklega þjálfun auk bóklegs náms skv. 3. grein, og er óheimilt að veita verklega kennslu öðrum en þeim, er því námi hafa lokið með fullnægjandi árangri. Verklega þjálfun má hefja hjá vinnuveitanda á síðustu þremur mánuðum fyrir 17 ára aldur. Einnig er heimilt að veita þeim sem eru fullra 16 ára verklega þjálfun fari hún fram á námskeiðum skv. 3. gr.

6. gr.

Verklega kennslu annast þeir, sem til þess hafa sérstök kennsluréttindi, er Vinnueftirlit ríkisins veitir.

Umsækjandi um kennsluréttindi þarf að hafa fullgild starfsréttindi skv. reglum þessum og a. m. k. 1000 klst. starfsreynslu á tæki því er kennsluréttindin ná til.

Verkleg kennsla skv. ákvæðum þessarar greinar má ekki fara fram þar sem margir menn eru að störfum eða þar sem slyshætta getur stafað af kennslunni. Kennari skal ávallt vera til staðar er nemandi er við verkþjálfun, þannig að hann geti leiðbeint honum og gripið inn í störf hans.

7. gr.

Þegar nemandi hefur lokið námi og verklegri þjálfun skv. framanskráðu skal senda Vinnueftirlit ríkisins umsókn um próftöku.

Umsókn skal fylgja:

1. Vottorð um námskeiðssetu og próf skv. 3. grein.
2. Vottorð kennara um að lokið sé verklegri kennslu.
3. 2 skýrar andlitsmyndir af umsækjanda. Stærð mynda skal vera 35×45 mm. Þær skulu vera merkja- og stimplalausar og eigi eldri en tveggja ára.

Vinnueftirlit ríkisins getur krafist vottorðs læknis um að umsækjandi hafi nægilega góða sjón og heyrn og næga andlega og líkamlega hreysti.

Þegar framangreind gögn liggja fyrir sér Vinnueftirlit ríkisins um að prófa umsækjanda.

8. gr.

Standist umsækjandi verklegt próf skv. 7. grein gefur Vinnueftirlitið út skírteini því til staðfestingar.

Í skírteini skal greina:

1. Númer þess.
2. Nafn, fæðingardag, fæðingarár, nafnúmer og heimilisfang.
3. Útgáfudag.
4. Hvenær skírteinið er fyrst gefið út.
5. Gildistíma.
6. Tæki sem réttindi ná til.

Í skírteini skal vera mynd af skírteinishafa.

Skírteinishafi skal hafa það við hendina þegar hann stjórnar tæki því er skírteinið varðar.

Skírteinið gildir í 10 ár frá útgáfudegi. Umsókn um endurnýjun skulu fylgja tvær myndir og læknisvottorð sé þess krafist.

9. gr.

Enginn má neyta áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja við vinnu með tækjum þeim, sem reglur þessar ná til sbr. 24. og 25. grein umferðalaga, nr. 55/1981.

Verði stjórnandi vinnuvélar, sem reglur þessar ná til uppvís að vítaverðri óaðgæslu eða kæruleysi við stjórnun á vinnuvél getur Vinnueftirlit ríkisins að undangenginni rannsókn svipt hann rétti til að vinna með slíku tæki.

10. gr.

Reglur þessar hagma í engu réttindum þeirra, er við útgáfu þeirra hafa notið fullgildra réttinda til stjórnunar vinnuvéla.

Þeir, er við gildistöku reglan þessara hafa lokið prófi frá námskeiðum Vinnueftirlits ríkisins og Öryggiseftirlits ríkisins í meðferð og stjórnun vinnuvéla, en eigi lokið verklegu prófi, hafa rétt til að gangast undir verklegt próf, án frekari námskeiðssetu.

11. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum nema þyngri hegning liggi við lögum samkvæmt.

Með mál út af brotum á reglum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. mgr. 49. gr. laga nr. 46 18. maí 1980 og staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. október 1983.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 121/1967 um réttindi til vinnu og meðferðar á vinnuvélum svo og reglugerð nr. 439/1978 um breyting á þeirri reglugerð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði reglna þessara um náms- og þjálfunarkröfur stjórnenda malbikunarvéla taka gildi frá og með 1. maí 1984. Fyrir þann tíma skal Vinnueftirlit ríkisins standa fyrir sérstöku námskeiði fyrir þá stjórnendur malbikunarvéla, er reynslu hafa af stjórnun þeirra og gefa út skírteini um réttindi að því loknu. Ákvæði 3. gr. um framhaldsnámskeið öðlast þá fyrst gildi er stjórn Vinnueftirlits ríkisins hefur samþykkt námsskrá þar um og birt auglýsingu hér að lútandi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. apríl 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ**um starfsréttindi og starfssvið lyfjatækna.****Starfsréttindi.**

1. gr.

Rétt til að kalla sig lyfjatækni og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, sem hlotið hefur til þess löggildingu heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Rétt til þess að öðlast starfsleyfi, sbr. 1. gr., hefur sá einn, sem lokið hefur prófi við Lyfjatækniskóla Íslands eða hliðstæðu prófi, sem metið er gilt að dómi skólastjórnar Lyfjatæknaskóla Íslands.

Starfssvið.

3. gr.

Starfssvið lyfjatækna eru störf við lyfjaafgreiðslu og lyfjagerð undir handleiðslu og á ábyrgð lyfjafræðings.

Heimilt er að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt úr lyfjaforða, sbr. 24. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til lyfjateknisstarfa aðra en þá, sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt starfsréttindi hér á landi, sbr. ákvæði laga nr. 64/1971 um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

5. gr.

Um viðurlög við brotum í starfi lyfjatekna gilda ákvæði laga nr. 64/1971 um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir svo og laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982 eftir því sem við á.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimildum í 15. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982 og lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir nr. 64/1971, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. apríl 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ

um starfsemi lyfjabúðar Háskóla Íslands.

1. gr.

Lyfjabúð Háskóla Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu Háskóla Íslands, er tók við rekstri Reykjavíkur Apóteks 1. september 1982.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala, framleiðsla lyfja og stuðla að framförum í lyfjafræði (pharmaciae) og lyfjagerð.

Stofnunin skal árlega verja eigi lægri fjárhæð, en næmi samanlögðum tekju- og eignaskatti, auk aðstöðugjalds, til þess að hún verði færari um að gegna hlutverki sínu skv. 1. mgr. eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar sbr. 3. gr.

Um lyfjabúð Háskóla Íslands fer að öðru leyti á sama hátt og um aðrar lyfjabúðir, hvað varðar búnað og rekstur sem og aðrar kröfur sem í gildi eru eða settar kunna að verða.

3. gr.

Í stjórn stofnunarinnar sitja fimm menn, prófessor í lyfjafræði lyfsala, lyfjafræðingur úr hópi starfsfólks og tveir menn kosnir af háskólaráði til 2 ára í senn, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilnefni fimmta manninn og skal hann vera lyfjafræðingur.

Forstöðumaður lyfjabúðarinnar eða staðgengill hans, situr stjórnarfundi og hefur tillögurétt á stjórnarfundum en ekki atkvæðisrétt.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Háskólaráð kýs tvo endurskoðendur til 2 ára.

Stjórnin ræður starfslið, tekur ákvarðanir um rekstur lyfjabúðarinnar og setur fyrirtækinu starfsreglur, sem háskólaráð staðfestir.

Heimilt er stjórninni með samþykkt háskólaráðs að ráðstafa hluta af arði til fjárframlaga í verðlaunasjóð Alfred Benzon, sbr. staðfesta stofnskrá.

4. gr.

Allar meiri háttar fjárfestingaákvæðanir eru háðar samþykki háskólaráðs.
Ársreikningar stofnunarinnar skulu bornir upp árlega í háskólaráði til samþykktar.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, öðlast gildi 1. júlí 1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. apríl 1983.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur nr. 108 4. mars 1975, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 61 25. janúar 1977, sbr. og reglugerð nr. 336 21. september 1977.

1. gr.

3. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.90 á brúttórúmllest.
- Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.45 á brúttórúmllest.
- Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 0.90 á brúttórúmllest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
- Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 59.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 293.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

4. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.45 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 47.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

5. gr. orðist þannig:

3. gr.

Fjörugjald.

Fyrir að leggja skipi í fjöru eða taka skip í slipp til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða kr. 0.35 af hverri brúttórúmllest skipsins en þó aldrei minna en kr. 75.00.

Dráttarbrautarfyrirtæki eru skyld að sjá um og bera ábyrgð á innheimtu gjalds þessa fyrir hafnarsjóð hjá þeim skipum, sem tekin eru á land hjá þeim.

4. gr.

9. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 173.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.45 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 40.00 í hafnsögusjóð.

5. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 16. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 16.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 33.80 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 93.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 9.10 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 7.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu nr. 26 21. janúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 648 17. nóvember 1982.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundartangahafnar, nr. 213
28. mars 1980.**

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.90 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.45 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 0.90 á brúttórúmllest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 59.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 293.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.45 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oft en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 47.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 11. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 16.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 33.80 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 93.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 9.10 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 7.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 sbr. auglýsingu nr. 26 21. janúar 1983, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 649 17. nóvember 1982.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness nr. 267 11. júní 1975, sbr. reglugerð nr. 388 26. nóvember 1977.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.90 á brúttórúmlest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.45 á brúttórúmlest.

- c) Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 0.90 á brúttórúmllest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 59.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 293.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.45 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 47.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 173.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.45 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 40.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

- 1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 16.00 fyrir hver 1000 kg.
- 2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 33.80 fyrir hver 1000 kg.
- 3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 93.00 fyrir hver 1000 kg.
- 4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 9.10 fyrir hvern rúmmetra.
- 5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 7.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu nr. 26 21. janúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 650 17. nóvember 1982.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness nr. 147 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.90 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.45 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 0.90 á brúttórúmllest, þó ekki oftari en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 59.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 293.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.45 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 47.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 9. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 16.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 33.80 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 93.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 9.10 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 7.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 sbr. auglýsingu nr. 26 21. janúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 651 17. nóvember 1982.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Rífi á Snæfellsnesi nr. 195 25. apríl 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.90 á brúttórúmlest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.45 á brúttórúmlest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 0.90 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 59.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 293.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.45 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 47.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

10. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 173.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.45 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 40.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 16.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 33.80 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 93.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 9.10 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 7.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu nr. 26 21. janúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 652 17. nóvember 1982.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsvíkur, nr. 112 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.90 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.45 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 0.90 á brúttórúmllest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 59.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 293.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.45 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 47.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 173.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.45 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf t gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 40.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 16.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 33.80 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 93.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 9.10 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 7.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu nr. 26 21. janúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 653 17. nóvember 1982.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundarfjarðar, nr. 136 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.90 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.45 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 0.90 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 59.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 293.00.

Gjaldldagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.45 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 47.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 173.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.45 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 40.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 16.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 33.80 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 93.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 9.10 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 7.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 sbr. auglýsingu nr. 26 21. janúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 654 17. nóvember 1982.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stykkishólms, nr. 118 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.90 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.45 á brúttórúmllest.
- c) Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 0.90 á brúttórúmllest, þó ekki oftari en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 59.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 293.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskada eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.45 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 47.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 173.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.45 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 40.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 16.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 33.80 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 93.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 9.10 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 7.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 sbr. auglýsingu nr. 26 21. janúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 655 17. nóvember 1982.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykhólshafnar, Austur-Barðastrandarsýslu nr. 259 25. apríl 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.90 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.45 á brúttórúmllest.
- c) Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 0.90 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 59.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 293.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.45 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 47.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 16.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 33.80 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 93.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 9.10 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 7.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 sbr. auglýsingu nr. 26 21. janúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 656 17. nóvember 1982.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.*Halldór S. Kristjánson.***REGLUGERÐ**

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Patreksfjarðar, nr. 407 29. ágúst 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.90 á brúttórúmmlest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.45 á brúttórúmmlest.
- c) Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmmlestum greiði kr. 0.90 á brúttórúmmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 59.00 á brúttórúmmlest, þó aldrei minna en kr. 293.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.45 á brúttórúmmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 47.00 af hverri brúttórúmmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 173.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.45 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf t gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 40.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 16.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 33.80 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 93.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 9.10 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 7.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 sbr. auglýsingu nr. 26 21. janúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 657 17. nóvember 1982.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps nr. 124 7. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

Óútborgað af veittum lánum		251 704	54 104
Ógr. kostn.		11 567	0
		<hr/>	<hr/>
		7 310 670	3 933 060
		<hr/>	<hr/>
Skuldir samtals		451 919 106	218 722 562
		<hr/>	<hr/>

Eigið fé:

Stofnsjóður	2	90 810 388	95 310 453
Endurmatsreikningur	1	116 320 000	42 317 000
		<hr/>	<hr/>
		207 130 388	137 627 453
		<hr/>	<hr/>
Skuldir og eigið fé samtals		659 049 494	356 350 015
		<hr/>	<hr/>

Skýringar:

1. Mismunur peningalegra eigna og skulda í byrjun reikningsársins myndar stofn til verðbreytingafærslu sem reiknast 53,78% af stofninum og er þar miðað við hækkun meðaltalsbyggingarvísitölu milli árana 1981 og 1982.

Útreikningurinn er sem hér segir:

Peningalegar eignir 1. jan. 1982	356 014 015
Skuldir samtals 1. jan. 1982	(218 722 562)
	<hr/>
Stofn til verðbreytingafærslu	137 291 453
	<hr/>
Verðbreytingafærsla: 53,78% af 137 291 453	73 835 000
	<hr/>

Verðbreytingarfærslan færast til gjalda í rekstrarreikningi og til hækkunar á endurmatsreikningi sbr. yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum.

2. Áfallnir vextir og verðbætur í árslok af útlánunum og teknum lánum eru færðar í rekstrarreikningi. Gengistryggð lán eru uppfærð á gengi í árslok 1982.
3. Í rekstrarreikningi er fært innborgað iðnlánasjóðsgjald og framleiðslugjald af áli.
4. Lánsfé frá Framkvæmdasjóði Íslands, skiptist þannig 31. des. 1982:

	Krónur
Lán með föstum vöxtum (5,0% og 8,5%)	36 057
Lán með hæstu lögleyfðu vöxtum	2 357 667
Lán háð byggingarvísitölu	125 587 702
Lán háð lánskjaravísitölu	127 131 011
Lán háð gengi USD	96 774 432
Lán háð gengi JPY	45 523 154
Lán háð gengi DEM	9 994 895
	<hr/>

Samtals 407 404 918

5. Reikningssskilavenjur eru óbreyttar frá fyrra ári og afkomutölur því sambærilegar.

Sérgreindur rekstrarreikningur fyrir árið 1982.

Rekstrartekjur:

	Iðnlána- sjóður samtals	Almenn deild	Veidarfæra- deild	Iðngarða- deild
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum	242 967 966	240 032 234	1 196 968	1 738 764
Aðrar vaxtatekjur	4 141 946	3 882 085	259 861	0
Lántökugjald	1 373 711	1 338 296	0	35 415
Iðnlánasjóðsgjald	21 341 533	21 341 533	0	0
Framlag ríkissjóðs	470 000	470 000	0	0
Framleiðslugjald af áli	564 543	564 543	0	0
	270 859 699	267 628 691	1 456 829	1 774 179

Rekstrargjöld:

	Iðnlána- sjóður Samtals	Almenn deild	Veidarfæra- deild	Iðngarða- deild
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af lánsfé	195 124 770	195 120 114	4 656	0
Reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga	73 835 000	71 723 778	1 486 166	625 056
Lántökugjald	850 000	850 000	0	0
Rekstrarkostnaður	3 507 994	3 507 994	0	0
Framlag til hagrannsókna	2 042 000	2 042 000	0	0
	275 359 764	273 243 886	1 490 822	625 056
Tekjuafgangur (tap)	(4 500 065)	(5 615 195)	(33 993)	1 149 123

Sérgreindur efnahagsreikningur.

Eignir:

	Iðnlána- sjóður Samtals	Almenn deild	Veidarfæra- deild	Iðngarða- deild
Bankainnstæður:				
Bankainnstæður	16 268 655	13 951 298	1 877 261	440 096
Útlán:				
Vélalán	253 761 235	253 761 235	0	0
Byggingalán	343 443 487	343 443 487	0	0
Veidarfæralán	1 854 754	0	1 854 754	0
Iðngarðalán	5 659 881	0	0	5 659 881
Önnur verðbréf	29 950	29 950	0	0
	604 749 307	597 234 672	1 854 754	5 659 881

Aðrar eignir:	Iðnlána- sjóður Samtals	Almenn deild	Veiðafæra- deild	Iðngarða- deild
Áfallnar vaxtatekjur og verðbætur	35 877 532	35 339 094	491 883	46 555
Stofnfé Útflutningslána- sj.	1 650 000	1 650 000	0	0
Hlutabréfaeign	504 000	504 000	0	0
	38 031 532	37 493 094	491 883	46 555
Samtals eignir	659 049 494	648 679 064	4 223 898	6 146 532

Skuldir og eigið fé:

Lánsfé:	Iðnlána- sjóður Samtals	Almenn deild	Veiðafæra- deild	Iðngarða- deild
Framkvæmdasjóður Íslands ..	407 404 918	407 396 918	8 000	0
Lífeyrissjóðir	37 201 496	37 201 496	0	0
Sérskuldaþréfalán	2 022	2 022	0	0
	444 608 436	444 600 436	8 000	0

Aðrar skuldir:

Áfallin vaxtagjöld	7 047 399	7 047 103	296	0
Óútborgað af veittum lánum .	251 704	251 704	0	0
Ógr. kostnaður	11 567	11 567	0	0
	7 310 670	7 310 374	296	0
Skuldir samtals	451 919 106	451 910 810	8 296	0

Eigið fé:

Stofnsjóður	90 810 388	83 920 276	1 491 436	5 398 676
Endurmatsreikningur	116 320 000	112 847 978	2 724 166	747 856
	207 130 388	196 768 254	4 215 602	6 146 532
Skuldir og eigið fé	659 049 494	648 679 064	4 223 898	6 146 532

Reykjavík, 25. mars 1983.

Framkvæmdastjórn

Bragi Hannesson.

Valur Valsson.

Með vísan til yfirlýsingar endurskoðenda sjóðsins samþykkir stjórn sjóðsins ársreikninginn.

Reykjavík, 25. mars 1983.

Ingi R. Helgason.

Gunnar S. Björnsson.

Ólafur Davíðsson.

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikninga og bókhald sjóðsins á árinu svo og fylgiskjöl, lánskjöi, verðbréf og bankainnstæður og ekkert fundið athugavert.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning fyrir árið 1982, yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum árið 1982, efnahagsreikning 31. desember 1982, skýringar nr. 1—5 og sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir almenna deild, veiðarfæradeild og iðngarðadeild.

Reykjavík, 23. mars 1983.

Atli Freyr Guðmundsson.

Jafet S. Ólafsson.

25. apríl 1983

Nr. 266

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum togbáta 1.—7. maí 1983.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. maí 1983 til og með 7. maí 1983, eru togskipum, öðrum en þeim, er togveiðar stunda samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 2 3. janúar 1983, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1983, bannaðar allar þorskveiðar.

2. gr.

Á þeim tíma, er togbátar mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1. gr. má hlutfall þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skodast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli veiðiferðar yfir 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafila.

3. gr.

Komi togbátur að landi með afla á tímabilinu frá og með 1. maí til og með 7. maí 1983, og hlutfall þorsks í heildarafla reynist hærra en 15%, skal litið svo á að hér sé um ólöglegan afla að ræða og hann gerður upptækur sbr. 2. gr. Sama gildir komi togbátur að landi eftir lok tímabils, hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnisins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. apríl 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Félagsmálaráð fer með yfirstjórn heimilisþjónustunnar á Seltjarnarnesi. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum félagsmálastjóra.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan læknis, hjúkrunarfræðings, ljósmóður eða að öðrum tilvísunum, sem félagsmálastjóri metur gildar og þjónustu aðra en hjúkrun, vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem félagsmálastjóri metur að nauðsyn sé á hverju sinni.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

- 1) Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
- 2) Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel að koma í veg fyrir hana.
- 3) Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru veik.
- 4) Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
- 5) Önnur tilfelli, sem meta skal hverju sinni.

3. gr.

Félagsmálaráð gangist fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk heimilisþjónustunnar eða gefi því kost á að sækja námskeið til þess að auka þekkingu sína á þessu sviði.

4. gr.

Félagsmálaráði ber að ganga örugglega úr skugga um, að þeir aðilar er heimilishjálpinna stunda, séu hæfir til starfans og séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi.

5. gr.

Félagsmálaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

6. gr.

Félagsmálaráð setur starfsfólki heimilisþjónustunnar ákveðnar starfsreglur.

7. gr.

Bæjarsjóður Seltjarnarness ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfslið það er vinnur á vegum heimilisþjónustunnar kann að valda við störf sín.

8. gr.

Fyrir heimilisþjónustuna samkvæmt reglugerð þessari, skal sá er hjálpar nýtur, greiða eftir taxa er bæjarstjórn setur. Þar skal tekið tillit til tekna viðkomandi og kostnaðar við hjálpinna. Skal taxi þessi breytast í samræmi við breytingar á launum. Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað, sem hún telur máli skipta í þessu efni.

9. gr.

Skrifstofa Seltjarnarnessbæjar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar hennar færðir með öðrum reikningum bæjarsjóðs og endurskoðast með sama hætti.

10. gr.

Um greiðslu kostnaðar fer samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum með síðari breytingum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 413 21. september 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar með fulla tekjutryggingu greiða ekki heimilisþjónustu.

2. gr.

Aðrir greiða helming launakostnaðar samkvæmt samningum Sóknar.

3. gr.

Gjaldskráin taki breytingum í samræmi við breytingar sem kunna að verða á reglugerðum vegna laga um almennar tryggingar svo og samningsbundinna launahækkana.

Gjaldská þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 153 22. febrúar 1980.

Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 772 15. desember 1982.

1. gr.

Á eftir 3. tl. 19. gr. komi nýr töluliður, er verður 4. töluliður og breytist númer annarra töluliða samkvæmt því. Hinn nýi töluliður hljóðar svo:

4. Bætur vegna tjóna á ræktun lands sbr. 2. tl. 2. gr. miðast við það, að ræktun verði gerð að nýju þannig að hún verði hin sama og fyrir tjónið. Hámark bóta fyrir hvern hektara finnst með því að deila heildarflatarmáli hins ræktaða lands í hekturum talið í váttryggingarupphæðina. Hluti úr hektara bætist hlutfallslega. Tryggingin bætir ekki annað tjón en ræktunina sjálfa.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. apríl 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUR

um tannverndarsjóð.

1. gr.

Tannverndarsjóður er stofnaður skv. 8. gr. samnings Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins frá 19. apríl 1975. Hann er í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins og skal ávaxtaður á sérreikningi, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að greiða kostnað við fræðslu um tannhirðu og tannvernd svo og við aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði tannheilsamála.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins leggur sjóðnum árlega til fé sem nemur 1% af kostnaði ríkissjóðs af tannlæknaþjónustu skv. lögum um almannatryggingar, eins og gilt hefur hingað til.

4. gr.

Heilbrigðisráðuneytið hefur yfirstjórn á starfsemi sjóðsins. Tannheilsudeild ráðuneytisins gerir tillögur um fræðslu- og tannverndaraðgerðir á vegur sjóðsins og hefur um það samráð við Tryggingastofnun ríkisins svo og við Tannlæknadeild Háskóla Íslands, Tannlæknafélag Íslands eða stjórnendur skólatannlækninga, þar sem þær eru starfandi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. apríl 1983.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um útflutning hrossa.

I. KAFLI

Um flutning og merkingu útflutningshrossa.

1. gr.

Útflutningshrossum skal sýna fyllstu nærgætni í hvívetna svo þeim líði eins vel og kostur er á.

Gæslumenn skulu að staðaldri hafa eftirlit með hrossunum og sjá um að þau fái viðhlítandi umhirðu og aðbúð.

Öll farartæki sem notuð eru til útflutnings hrossa frá Íslandi til útlanda skulu fullnægja þeim fyrir mælum um aðbúnað hrossanna sem sett eru í þessari reglugerð.

Ekki má flytja hross frá Íslandi með sama farartæki og flytur hross frá öðrum löndum.

Ef um er að ræða farartæki sem áður hafa verið notuð til flutninga á erlendum gripum skal stjórnandi farartækisins skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því og skal farartækið þá sóthreinsað á kostnað eiganda þess samkvæmt fyrirsögn embættisdýralæknis, ef hann telur þörf á því, og skal það gert áður en farartækið kemur í íslenska höfn eða utan íslensks tollsvæðis.

Óheimilt er að nota erlent hey eða hálm á farartækjum þeim sem flytja hross frá Íslandi til útianda.

2. gr.

Hross má ekki flytja utan nema í flugvélum eða skipum sem yfirdýralæknir hefur samþykkt.

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní skulu hross flutt úr landi með flugvélum. Þó getur landbúnaðarráðherra veitt leyfi til að flytja hross með skipum ef sérstakar ástæður mæla með því, að fenginni umsögn yfirdýralæknis.

Þegar hross eru flutt í skipum til útlanda á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní getur landbúnaðarráðherra krafist þess að dýralæknir sé með skipinu sem hafi yfirumsjón með gæslu hrossanna. Útflytjendur skulu ábyrgjast að hross sem flutt eru utan á þessum vetrartíma hafi verið vanin á sams konar hey og þeim er ætlað í skipinu, eigi skemur en í 7 daga áður en útskipun fer fram.

Folöld má einungis flytja milli landa flugleiðis og óheimilt er að flytja úr landi folöld, sem eru yngri en fjögurra mánaða. Áður en folöld eru flutt út skulu þau höfð á innigjöf að minnsta kosti í 10 daga og jafnframt gefið ormalyf. Folöld má ekki flytja í stíum með fullorðnum hrossum nema þegar folald er flutt með móður sinni.

Farartæki sem flytja hross frá Íslandi skulu halda beinustu og greiðustu leið frá útflutningshöfn til þeirrar hafnar þar sem hrossum skal skipað á land, verði því við komið.

3. gr.

Útflutningshross skal merkja með númerum eða bókstöfum sem annað hvort eru klippt á vinstri síðu eða glöggt skráð á múl hrossins. Þessi númer skulu færð á skýrslu dýralæknis, skýrslu skipstjóra skv. 8. gr. og á upprunavottorð skv. 17. gr.

II. KAFLI

Um flutning hrossa í skipum.

4. gr.

Þegar hross eru flutt með skipum skal hafa þau í stíum eða básum svo traustgerðum að ekki bili þótt þau hross sem í þeim eru kastist á veggina í sjógangi. Stíur og básar skulu gerðir

úr tré, burðarviðir úr plönkum, $2 \times 6''$ eða gildari, og bitar boltaðir saman með jarnboltum ($\frac{1}{4}''$) eða jarnbentir, eða útbúnir jafn tryggilega á annan hátt. Stúveggir og milligerðir skulu ekki vera lægri en hæð meðalhests á herðakamb (132 cm). Við útbúnað stíanna skal þess gætt að hrossin geti hvergi fest fætur á milli bita og hvergi séu skarpir kantar eða horn sem valdið geti meiðslum á hrossunum.

Ekki skal hafa fleiri en sex hross í hverri stíu.

Stúbreidd skal vera rúmlega hestlengd (2,0) svo nægilegt rými sé til gjafa og brynningar. Fyrir hvert fullvaxið hross skal ætla 70 cm breidd á jötu að meðaltali.

Að hverri stíu og bás skal vera greiður gangur, að minnsta kosti 0,5 m á breidd, sem ekki má teppa svo ætíð sé auðvelt að komast að hrossunum til gjafa, brynningar og eftirlits. Stúgólfin skal gera eins stöm og frekast er unnt. Þegar hross eru flutt með skipum skal haga því þannig að hrossin snúi þvert í skipinu. Hross í flutningum mega hafa múl en þau skulu ekki vera bundin meðan á flutningi stendur. Hross skulu vera ójárnuð í flutningum og hófar snyrtir.

5. gr.

Þegar hross eru flutt undir þiljum skal þess gætt að birta sé nægileg og jöfn svo unnt sé þess vegna að hafa nóg eftirlit með hrossunum í lestinni. Lestar skulu hafa loftræstikerfi svo nóg loft sé í lestunum þótt þeim sé lokað til fulls í óveðrum. Fóður og vatn sé geymt svo nærri hrossunum að það sé ætíð tiltækt og gæta skal þess að fóður spillist ekki af sjó eða vatni.

Sérstök aðstaða skal vera í skipinu fyrir hross sem kunna að veikjast eða slasast meðan á flutningi stendur þar sem þau verða ekki fyrir óþægindum af öðrum hrossum og þar sem unnt er að veita þeim nauðsynlega umönnun og hjúkrun.

Hross má aðeins flytja ofan þilja á skipum til útlanda á tímabilinu frá miðjum júní til septemberloka. Skýla skal hrossunum gegn sjó og veðri með ábreiðum eða seglum sem fest eru á sterka grind og skal tryggð að útbúnaður til þessa sé fyrir hendi í skipinu.

6. gr.

Áður en hross eru flutt um borð í flugvél eða skip skal viðkomandi embættisdýralæknir fullvissa sig um að allur útbúnaður og söthreinsun flutningstækis sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og fyrirmæli yfirdýralæknis skv. 2. gr.

7. gr.

Skipstjóri á hverju skipi sem flytur hross til útlanda skal sjá fyrir nægum og hæfum mannafla til þess að hirða hrossin. Eigi má ætla einum manni hirðingu og gæslu á fleiri hrossum en 30. Hrossin skulu fóðruð og þeim brynnt tvisvar á sólarhring og ætla skal að minnsta kosti eitt brynningartæki fyrir hver fjögur hross.

Dýralæknir sá sem eftirlit hefur með útflutningi hrossa á hverjum stað skal ganga úr skugga um að nægilegt fóður og drykkjarvatn sé í skipinu handa hrossunum á leiðinni. Skal fóður eigi vera minna en 7 kg af vel verkuðu en ekki of kraftmiklu heyi á dag fyrir hvert fullorðið hross, miðað við áætlun skipsins, og ætla skal hverju hrossi 20 lítra af vatni á dag.

Á skipinu skal vera tiltækt hentugt skotvopn ef gæslumenn þurfa að lóga hrossi vegna lemstra.

8. gr.

Að lokinni hverri ferð með hross til útlanda skal skipstjóri láta landbúnaðarráðuneytinu í té skýrslu um líðan hrossanna á leiðinni og upplýsingar um hvort nokkurt þeirra hafi slasast eða drepist og, ef unnt er, af hvaða orsökum. Senda skal slíka skýrslu til landbúnaðarráðuneytisins innan mánaðar frá því hrossunum var skipað á land í erlendri höfn.

III. KAFLI

Um flutning hrossa í flugvélum.

9. gr.

Pegar hross eru flutt flugleiðis skulu þau höfð í básum eða stíum, þó aldrei fleiri en sex hross í hverri stíu.

Hliðar í básum og stíum skulu vera minnst 1.30 m á hæð og þannig gerðar að hross geti ekki fest fætur í þeim. Gólf skulu gerð stöm svo hrössin, sem ávallt skulu ójárnuð, hafi trausta fótfestu.

Ef flytja þarf nokkur hross í stíu skal alltaf velja saman hross sem jöfnust að stærð. Stóðhesta skal flytja sér í bás eða stíu.

Hross skulu vera með múl en óbundin meðan á flutningi stendur.

Pegar hross eru flutt flugleiðis skal þess gætt að þau verði ekki fyrir snöggum og miklum hita- og loftþrýstibreytingum og að loftræsting sé þó nægileg.

Leitast skal við að flytja hross um borð í flugvél eins skömmu fyrir brottför og fært þykir ($\frac{1}{2}$ – 1 klst.), og færa þau úr vélinni strax og flugferð er lokið.

Gæslumaður skal hafa vakandi auga með hrossunum meðan á flutningum stendur. Hann skal hafa tiltækt hentugt skotvopn, ef hross lemstrast, og birta skal vera næg til að unnt sé að fylgjast með líðan hrossanna. Hrossum sem flutt eru flugleiðis má ekki gefa róandi lyf, nema eftir læknisráði. Þótt hross séu óró eða sýni ótta við flugtak og lendingu.

IV. KAFLI

Um heilbrigðisskoðun.

10. gr.

Ekkert hrossa má flytja úr landi nema dýralæknir á útskipunarstað hafi skoðað hrossið og metið það heilbriggt og hæft til flutnings.

Skylt er útflytjanda að tilkynna dýralækni þeim er skoðun annast um fyrirhugaðan útflutning hrossanna minnst sjö dögum áður en útskipun er fyrirhuguð, enda hafi hann þá aflað sér tilskilinna heimilda og leyfa. Hrossin skulu vera komin til skoðunar á útskipunarstað eigi síðar en sólarhring fyrir fyrirhugaða brottför. Ef skoðun verður ekki lokið á einum degi eða ef gera þarf á hrossunum sérstök próf vegna útflutnings til ákveðinna landa getur dýralæknir krafist þess að hrossin séu komin til skoðunar allt að þremur sólarhringum áður en útskipun fer fram.

Við skoðun ber dýralækni að krefja útflytjanda um framvísun tilskilinna leyfa, útflutningsheimilda og upprunavottorðs skv. 17. gr. og skal kyrrsetja þau hross sem slíkar heimildir vantar fyrir.

Skylt er útflytjanda að veita dýralækni viðhlítandi aðstoðu og aðstoð, svo sem við skoðun, prófun og merkingu hrossanna, svo að starfið geti gengið sem greiðast.

11. gr.

Dýralæknar þeir sem annast skoðun á hrossum til útflutnings skulu hafa eftirlit með því að hrossin verði ekki fyrir slæmri meðferð við útskipun eða geymslu á útflutningsstað. Þeir skulu skoða nákvæmlega öll þau hross sem áformað er að flytja á erlendan markað. Þeim er skylt að kyrrsetja og banna útflutning á hrossum sem eru mögur og illa útlítandi, illa hirt, slæg, meidd, hölt, með tanngalla, mjög snúna hófa, áberandi skakka eða hnýtta fætur, áberandi bilun í fótum eða með öðrum verulegum lýtum eða göllum, en veruleg eru lýti og gallar þegar þeir spilla að mun útliti hrossins eða rýra notagildi þess eða valda slæmri líðan hrossanna. Fylfullar hryssur sem nokkrar líkur eru til að kasti á leiðinni skulu kyrrsettar og útflutningur á sýnilega fylfullum hryssum er bannað á tímabilinu frá 1. apríl til 15. júlí. Ef fylsugur eru keyptar til útflutnings skal venja undan þeim folöldin að minnsta kosti tveimur

vikum áður en útskipun fer fram og dýralæknir skal kyrrsetja hverja þá fýlsugu sem hann telur ástæðu til að ætla að geti klumsað í flutningunum.

Útflytjanda bera að sjá um að geymsla og aðbúnaður útflutningshrossa á útskipunarstað sé fullnægjandi að dómi dýralæknis.

12. gr.

Dýralæknir sá er skoðun annast semur skrá yfir útflutt hross eftir þeirri töluröð sem útflytjandi gefur honum upp og gengur hann úr skugga um að meking hrossanna sé samkvæmt ákvæðum 3. gr. þessarar reglugerðar. Telji hann merkið ekki nógu gott skal hann á kostnað útflytjanda setja merki á múl hrossins með glöggu árituðu númeri þess. Dýralæknir og stjórnanda flutningatækis er skylt að láta fylgja farmskránni vottorð um aldur, lit, kynferði, útlit og heilbrigðisástand hrossanna á útskipunardegi í samræmi við kröfur um heilbrigðisvottorð sem gerðar eru á hverjum tíma í löndum þeim sem hrossin eru flutt til.

Ef krafist er sérstakra prófa á hrossunum til ákveðinna landa er skoðunardýralækni skylt að framkvæma slík próf eða láta framkvæma, enda sé honum tilkynnt um það með nægum fyrirvara. Greiðslu fyrir slík próf skal útflytjandi inna af hendi í samræmi við gjaldskrá dýralækna eins og hún er ákveðin á hverjum tíma af landbúnaðarráðuneytinu.

Dýralæknum er óheimilt að framkvæma skoðun á hrossum til útflutnings sem hann á sjálfur eða lætur flytja til útlanda.

13. gr.

Dýralæknar skulu við lok hvers árs senda landbúnaðarráðuneytinu og útflutningsráðunauti Búnaðarfélags Íslands skýrslu um útflutt hross, aldur þeirra og kyn, hvenær og með hvaða flutningatæki hrossin voru flutt. Jafnframt skulu þeir senda skýrslu um tölu kyrrsettra hrossa og skýra frá orsökum þeim er til þess lágu að hrossin voru kyrrsett.

V. KAFLI

Um útflutningsleyfi o. fl.

14. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

15. gr.

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en tíu vetra þegar þau eru flutt úr landi.

Dýralæknir sem framkvæmir heilbrigðisskoðun skv. IV. kafla úrskurðar um aldur útflutningshrossa. Útflutningshross flokkast þannig:

- a. Stóðhestar, tveggja vetra og eldri.
- b. Tamdar kynbótahryssur, þ. e. tamdar hryssur, skoðaðar, mældar og viðurkenndar af hrossaræktarráðunauti Búnaðarfélags Íslands.
- c. Hross innan tveggja vetra aldurs.
- d. Hross sem ekki falla undir a-, b- og c-lið hér að framan.

Landbúnaðarráðuneytið veitir, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins, leyfi til útflutnings á hrossum sem falla undir a- og b-lið. Hross skv. c-lið má ekki flytja út nema ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi samþykki útflutninginn.

16. gr.

Umsókn um leyfi til útflutnings á stóðhestum og kynbótahryssum skv. a- og b-lið 2. mgr. 15. gr. skulu fylgja, auk upplýsinga um hrossið, upplýsingar um hvert flytja eigi hrossið og umsamið söluverð.

Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins skulu að jafnaði hafa gefið umsögn um umbeðið leyfi innan þrjátíu daga frá því að umsókn barst þeim.

Þegar sótt er um leyfi til útflutnings á stóðhestum og hryssum sem hlotið hafa fyrstu verðlaun (einkunn 8,0) á sýningu þar sem hrossarræktarráðunautur hefur verið í dómnefnd, er Búnaðarfélagi Íslands heimilt, til tryggingar kynbótastarfinu:

- a) að kynna innlendum ræktunarfélögum og einstaklingum framkomna umsókn og gefa þeim kost á að leita eftir kaupum á hrossinu.
- b) að leggja til að veitingu útflutningsleyfis verði frestað um tiltekinn tíma, allt að einu ári, enda verði hrossið notað til undaneldis hér á landi á þeim tíma með þeim hætti sem Búnaðarfélag Íslands telur fullnægjandi og seljandi hefur samþykkt.

17. gr.

Hverju útfluttu hrossi frá Íslandi skal auk dýralæknisvottorða fylgja upprunavottorð sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera. Skulu þau stimpluð með stimpli sem hefur mynd Íslands innan í skeifu og áletrunina: Búnaðarfélag Íslands — Hrossaútflutningur.

18. gr.

Landbúnaðarráðuneytið skipar nefnd þriggja manna, einn eftir tilnefningu stjórnar Hagsmunafélags hrossabænda annan eftir tilnefningu Framleiðsluráðs landbúnaðarins og þann þriðja án tilnefningar og skal verkefni nefndarinnar vera að skipuleggja verslun með útflutningshross. Stefnt skal að því að koma á mörkuðum, í samráði við seljendur hrossa og útflytjendur, þar sem kaup á hrossum til útflutnings fari fram. Einnig skal nefndin ákveða lágmarksverð kynbótahrossa til útflutnings.

19. gr.

Um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar fer eftir 9. gr. l. nr. 64/1958.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 64 frá 26. nóvember 1958, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 67 frá 28. maí 1969, og öðlast gildi nú þegar.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 25 frá 6. mars 1959.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. apríl 1983.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

REGLUGERÐ

um atvinnuréttindi útlendinga.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um atvinnuréttindi og skyldur útlendinga á Íslandi og í landhelgi Íslands. Í reglugerð þessari telst hver sá maður útlendingur, sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

2. gr.

Óheimilt er hverju félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki hér á landi, hverju nafni sem það nefnist, svo og atvinnurekendum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar þessarar, að ráða til sín útlending, erlent fyrirtæki eða verktaka, gegn peningum eða hlunnindum, hvort heldur um er að ræða langan tíma eða skamman, eða hlutast til um

að útlendingar flytjist til landsins í því skyni, án atvinnuleyfis eða atvinnurekstrarleyfi félagsmálaráðherra. Útlendingi er óheimilt að vinna sjálfstætt, eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi), nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Um atvinnurekstrarleyfi fer samkvæmt 8. gr. reglugerðar þessarar.

Útlendingum er óheimilt að ráða sig í vinnu eða gegna þjónustu hjá öðrum, nema atvinnuleyfi hafi verið veitt samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Um atvinnuleyfi.

Félagsmálaráðherra veitir atvinnurekendum atvinnuleyfi fyrir útlendinga, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða, eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafli, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein skulu bundin við ákveðið starf og ákveðinn tíma. Leyfi skulu eigi veitt til lengri tíma en 1 árs í senn, með eftirfarandi skilyrðum og á eftirfarandi hátt:

1. Áður en sótt er um atvinnuleyfi skal umsækjandi afla umsagnar stéttarfélags á staðnum í hlutadeigandi starfsgrein eða viðkomandi landssambands ef ekki er stéttarfélag á staðnum.
2. Áður en sótt er um atvinnuleyfi skal liggja fyrir undirskrifaður ráðningarsamningur milli atvinnurekanda og útlendinga til tiltekins tíma eða verkefnis. Skal ráðningarsamningur í öllu tryggja útlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, ásamt tilvísun til þess kjarasamnings sem um starfið gildir.

Þá skulu vera í ráðningarsamningi ákvæði um flutning viðkomandi frá Íslandi að starfstíma loknum svo og um greiðslu ferðakostnaðar og heimflutning í veikindum eða við óvænt ráðningarslit, sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi sé einnig tilgreint hvernig háttað sé fæði og húsnæði svo og ákveðið hvernig með skuli fara þegar atvinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum, sbr. 3. gr. 1. nr. 19/1979.

Heimilt er félagsmálaráðherra að víkja frá kröfunni um sérstakan ráðningarsamning þegar um er að ræða sérstakt starf eða verkefni til mjög skamms tíma, enda liggja ljóst fyrir með öðrum hætti hver ráðningarkjör eru og að þau brjóti ekki í bága við íslenskar reglur og starfskjör samkvæmt lögum, reglugerðum eða kjarasamningum.

3. Í ráðningarsamningi skal vera ákvæði þess efnis að starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar sem vinnuáskrifstofa félagsmálaráðuneytisins hefur gefið út samkvæmt 5. gr. 1. nr. 29/1982 um atvinnuréttindi útlendinga, áður en skrifað er undir ráðningarsamning, enda hvílir sú skylda á herðum atvinnurekanda eða umboðsmanna þeirra að sjá um að sú upplýsingaskylda sé rækt.
4. Áður en sótt er um atvinnuleyfi skal liggja fyrir vottorð viðkomandi yfirvalds um að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir erlendan starfsmann meðan ráðningarsamningurinn er í gildi, ef hinn erlendi starfsmaður hefur ekki húsnæði sjálfur.
5. Með nýrri umsókn um atvinnuleyfi skal fylgja heilbrigðisvottorð starfsmanns ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en komið er til landsins. Þó þurfa ríkisborgarar annarra Norðurlanda ekki að uppfylla þetta skilyrði nema sérstök ástæða þyki til þess.

Áður en gengið er frá fastráðningu eins eða fleiri erlendra starfsmanna hefur félagsmálaráðherra heimild til þess að veita atvinnuleyfi til bráðabirgða og gilda þá ekki ákvæði 2., 3., og 5. tl. 2. mgr. Bráðabirgða-atvinnuleyfi gildir aðeins þar til ráðning í starf er afstaðin og aldrei lengur en 3 vikum eftir komu útlendinga. Fullnaðaratvinnuleyfi skal þá veita og skilyrðum greinarinnar fullnægt.

Þegar sótt er um nýtt atvinnuleyfi, þá skal afla bráðabirgða-atvinnuleyfis, áður en útlendingurinn kemur til landsins og ber útlendingnum að framvísa því við vegabréfaskoðun við komu til Íslands sbr. 3. tölulið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 45/1965.

Óheimilt er að veita atvinnuleyfi útlendingi, sem hefur ekki leyfi til dvalar hér á landi samkvæmt lögum nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum, eða hefur verið gert að fara af landi brott samkvæmt þeim lögum.

Þegar einum eða fleiri útlendingum er heimiluð landvist hér á landi samkvæmt ákvörðun íslenskra stjórnvalda og um er að ræða aðila sem falla undir samning um réttarstöðu flóttamanna nr. 19/1951 skal vikið frá ákvæðum þessarar greinar hvað lengd atvinnuleyfis eða önnur skilyrði snertir, til samræmis við ákvæði 17. gr. samnings um réttarstöðu flóttamanna nr. 90/1951.

4. gr.

Með umsókn um atvinnuleyfi skulu vera upplýsingar um tegund vinnu, viðkomandi kjarasamning og áætlaða lengd daglegs vinnutíma. Þá skulu í umsókninni færð rök fyrir nauðsyn ráðningarinnar.

Áður en atvinnuleyfi er veitt, rannsakar vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins sjálfstætt atvinnuástand á viðkomandi stað, séu slíkar upplýsingar ekki þegar fyrir hendi. Leita skal umsagnar útlendingaefirlitsins áður en atvinnuleyfi er veitt.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins skal árlega leita álits vinnumarkaðarins um almenna stefnumörkun varðandi ráðningu erlends starfsfólks, sbr. 53. og 54. gr. laga nr. 13/1979 og reglugerð samkvæmt þeim lögum.

5. gr.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins gefur út og dreifir skriflegum upplýsingum til sendiráða Íslands erlendis og annarra sem þess óska. Í upplýsingum þessum skal greint frá reglum um dvalarleyfi, almenn launakjör, vinnutíma, aðbúnað við vinnu hér á landi, sköttum og opinberum gjöldum, rétti til yfirfærslu launa og um réttindi og skyldur, sem erlent starfsfólk tekst á hendur við vistráðningu hérlendis. Þá skal enn fremur bent á sérreglur 3. gr. laga nr. 19/1979 um rétt atvinnurekanda til að fella niður launagreiðslur þegar atvinna stöðvast af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Einnig skal gera grein fyrir rétti fiskverkafólks til kauptryggingarsamninga.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins fylgist með starfskjörum útlendinga hér á landi eins og við verður komið og framkvæmd á ráðningarsamningum þeirra, eftir því sem tilefni gefst til.

6. gr.

Hvers konar áróður til þess fallinn að hvetja til innflutnings verkafólk til landsins er óheimill ef hann er villandi eða byggður á röngum eða ónógum upplýsingum.

7. gr.

Um sjálfstæð atvinnuleyfi.

Þegar sérstaklega stendur á og ef sérstakar aðstæður mæla með því, getur félagsmálaráðherra veitt útlendingum leyfi til að stunda atvinnu á Íslandi án þess að leyfi séu veitt ákveðnum atvinnurekanda (sjálfstætt atvinnuleyfi) og þurfa þá atvinnurekendur þeir, sem leyfishafi vinnur hjá, ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir hann samkvæmt 3. gr.

Við veitingu slíkra leyfa skal m.a. tekið tillit til:

1. Hve lengi útlendingur hefur dvalið hér á landi.
2. Hvort útlendingur á hér lögheimili.
3. Hvort útlendingur á íslenskan maka eða nán skyldmenni hér á landi.
4. Hvort útlendingur ætlar sér að vinna sams konar störf hjá fleiri aðilum en einum, þannig að fleiri atvinnuleyfi en eitt þyrfti, ef leyfi yrði veitt samkvæmt ákvæðum 3. gr.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að hin almennu skilyrði 3. gr. um sérþekkingu eða eftirspurn eftir vinnuafli séu fyrir hendi.

Atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en 2ja ára í senn. Eftir 5 ára samfellda búsetu má þó veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma. Um atvinnuleyfi flóttamanna fer samkvæmt 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar.

Þegar einum eða fleiri útlendingum er heimiluð landvist hér á landi samkvæmt ákvörðun íslenskra stjórnvalda og um er að ræða aðila sem falla undir samning um réttarstöðu flóttamanna nr. 90/1951, skal vikið frá ákvæðum þessarar greinar hvað lengd atvinnuleyfis og önnur skilyrði snertir til samræmis við 18. gr. samningsins.

8. gr.

Um atvinnurekstrarleyfi.

Félagsmálaráðherra veitir útlendingi leyfi til atvinnurekstrar hér á landi sbr. 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar. Áður en leyfi er veitt til atvinnurekstrar skal leita umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands Samvinnufélaganna, Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Stéttarfélags bænda, B.S.R.B. og B.H.M. eftir því sem við á.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita að:

1. Umsækjandi eigi lögheimili á Íslandi og hafi átt það síðasta árið, nema um skammtíma starfsemi sé að ræða og lögheimiliskröfu verði ekki við komið af þeim ástæðum.
2. Að umsækjandi sé fjárráða og hafi forræði á búi sínu.

Heimilt er að synja manni um leyfi samkvæmt þessari grein ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. alm. hgl.eiga við um hagi hans.

Leyfi samkvæmt þessari grein er bundið við ákveðna starfrækslu og ákveðinn tíma, og skal eigi veita slíkt leyfi til lengri tíma en 3ja ára í senn. Leyfi má binda öllum þeim skilyrðum um löggæslu, hollustuhætti, framfærslu, iðnnám eða aðra sérmenntun og sérhvað annað sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

9. gr.

Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir eftirfarandi aðila:

1. Útlendinga, sem stunda eingöngu nám í skólum, sem íslenska ríkið á eða styrkir,
2. útlendinga í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja,
3. útlendinga, sem verið hafa íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu, en misst hafa íslenskan ríkisborgarétt,
4. útlendinga sem hér höfðu aðsetur er lög nr. 13, 31. maí 1927 komu til framkvæmda og hafa dvalið hér samfleytt síðan,
5. danska ríkisborgara, sem lög nr. 18, 24. mars 1944, sbr. lög nr. 85, 9. október 1976 taka til,
6. útlendinga sem undanþegnir eru atvinnuleyfi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að,
7. danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara, er dvalið hafa 3 ár samfleytt eða lengur í landinu eða taka sér bólfestu hér á landi samkvæmt ákvæðum samningsins um sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum, dags. 6. mars 1982, sem gildi tekur 1. júlí 1983.

10. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 12., 13. og 14. gr. laga nr. 26/1982 um atvinnuréttindi útlendinga.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga nr. 26/1982 um atvinnuréttindi útlendinga og tekur gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. apríl 1983.

Svavar Gestsson.

Óskar Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um hækkun hafnargjaldskráa.

Samkvæmt 27. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með hækkun á gjaldskrám eftirtalinna hafnarsjóða um 19.7% með gildistöku frá og með 1. maí 1983 að telja:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108/1975, sbr. reglugerðir nr. 61/1977, nr. 336/1977 og nr. 201/1983.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundartangahafnar, nr. 213/1980, sbr. reglugerð nr. 202/1983.
3. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness, nr. 267/1975, sbr. reglugerðir nr. 388/1977 og 203/1983.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147/1975, sbr. reglugerð nr. 204/1983.
5. Gjaldskrá fyrir Landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi, nr. 195/1975, sbr. reglugerð nr. 205/1983.
6. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsvíkurrepps, nr. 112/1975, sbr. reglugerð nr. 206/1983.
7. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundarfjarðar, nr. 136/1975, sbr. reglugerð nr. 207/1983.
8. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stykkishólms, nr. 118/1975, sbr. reglugerð nr. 208/1983.
9. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykhólahafnar, Austur-Barðastrandarsýslu, nr. 259/1975, sbr. reglugerð nr. 209/1983.
10. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Patrekshafnar, nr. 407/1975, sbr. reglugerð nr. 210/1983.
11. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhafnar, nr. 124/1975, sbr. reglugerð nr. 211/1983.
12. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bíldudalskaupþúns, nr. 217/1976, sbr. reglugerð nr. 212/1983.
13. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þingeyrarkaupþúns, nr. 179/1976, sbr. reglugerð nr. 213/1983.
14. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Flateyrarkaupþúns, nr. 134/1975, sbr. reglugerð nr. 214/1983.
15. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Suðureyrarkaupþúns, nr. 211/1976, sbr. reglugerð nr. 215/1983.
16. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bolungarvíkurkaupstaðar nr. 138/1975, sbr. reglugerð nr. 216/1983.
17. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ísafjarðarkeupstaðar, nr. 151/1975, sbr. reglugerð nr. 217/1983.
18. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Súðavíkur, nr. 406/1975, sbr. reglugerð nr. 218/1983.
19. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hólmavíkurkaupþúns, nr. 192/1975, sbr. reglugerð nr. 219/1983.
20. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 261/1975, sbr. reglugerð nr. 220/1983.
21. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduósshrepps, nr. 263/1975, sbr. reglugerð nr. 221/1983.
22. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Skagastrandar, nr. 269/1975, sbr. reglugerð nr. 222/1983.
23. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Sauðárkrókskaupstaðar, nr. 256/1975, sbr. reglugerð nr. 223/1983.
24. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hofsósskaupþúns, nr. 194/1975, sbr. reglugerð nr. 224/1983.

25. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar nr. 180/1975, sbr. reglugerð nr. 225/1983.
26. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsfjarðar, nr. 213/1976, sbr. reglugerð nr. 226/1983.
27. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Dalvíkur, nr. 132/1976, sbr. reglugerð nr. 227/1983.
28. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hríseyjar, nr. 173/1975, sbr. reglugerð nr. 228/1983.
29. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akureyrar, nr. 198/1975, sbr. reglugerð nr. 229/1983.
30. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Svalbarðseyrar við Eyjafjörð, nr. 70/1981 sbr. reglugerð nr. 230/1983.
31. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grenivíkur í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 99/1979, sbr. reglugerð nr. 231/1983.
32. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grímseyjarhafnar, nr. 190/1975, sbr. reglugerð nr. 232/1983.
33. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Húsavíkur, nr. 184/1975, sbr. reglugerð nr. 233/1983.
34. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Kópaskerskaupþúns, nr. 166/1977, sbr. reglugerð nr. 234/1983.
35. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Raufarhafnar, nr. 23/1976, sbr. reglugerð nr. 235/1983.
36. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þórshafnar, nr. 489/1975, sbr. reglugerð nr. 236/1983.
37. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bakkafjarðar, Skeggjastaðahreppi, Norður-Múlasýslu, nr. 188/1975, sbr. reglugerð nr. 237/1983.
38. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vopnafjarðarhrepps, nr. 110/1975, sbr. reglugerð nr. 238/1983.
39. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarfjarðarhrepps, nr. 126/1975, sbr. reglugerð nr. 239/1983.
40. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar, nr. 122/1975, sbr. reglugerð nr. 240/1983.
41. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Neskaupstaðar, nr. 21/1976, sbr. reglugerð nr. 241/1983.
42. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Eskifjarðarkaupstaðar, nr. 149/1975, sbr. reglugerð nr. 242/1983.
43. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reyðarfjarðarkaupþúns, nr. 197/1975, sbr. reglugerð nr. 243/1983.
44. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Búðakaupþúns í Suður-Múlasýslu, nr. 240/1977, sbr. reglugerð nr. 244/1983.
45. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stöðvarfjarðarkaupþúns, nr. 209/1976, sbr. reglugerð nr. 245/1983.
46. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Breiðdalsvíkur, nr. 140/1975, sbr. reglugerðar nr. 246/1983.
47. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogs, nr. 215/1976, sbr. reglugerð nr. 247/1983.
48. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarkaupþúns, nr. 114/1975, sbr. reglugerð nr. 248/1983.
49. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vestmannaeyja, nr. 436/1981, sbr. reglugerð nr. 249/1983.
50. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Þórlákshöfn, nr. 130/1975, sbr. reglugerðir nr. 334/1977 og 250/1983.
51. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grindavíkur, nr. 182/1975, sbr. reglugerð nr. 251/1983.
52. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Miðneshrepps, nr. 186/1975, sbr. reglugerð nr. 252/1983.
53. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum nr. 413/1975, sbr. reglugerð nr. 253/1983.
54. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vogahafnar í Gullbringusýslu, nr. 499/1975, sbr. reglugerð nr. 254/1983.
55. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarfjarðar, nr. 116/1975, sbr. reglugerð nr. 255/1983.

Þrátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskrá.

Samgönguráðuneytið, 27. apríl 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

11. apríl 1983

427

Nr. 274

REGLUGERÐ

um greiðslu sjúkrasamlaga á tannlækniskostnaði.

1. gr.

Auk þeirrar greiðslu tannlækniskostnaðar, sem nú gildir skv. 44. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, skulu sjúkrasamlög endurgreiða hinum tryggðu 20% kostnaðar við tannlæknisþjónustu, aðra en gullfyllingar og krónu- eða brúargerð, enda fari kostnaður ekki fram úr taxta skv. hámarksgjaldskrá tannlækna.

2. gr.

Rétt til endurgreiðslu skv. 1. grein eiga eingöngu eftirtaldir sjúkrasamlagsmenn:

1. Þeir, sem ekki eiga samtímis betri rétt til endurgreiðslu skv. öðrum reglum, t.d. 44. gr. l. nr. 67/1971.
2. Þeir, sem ekki fá né hafa fengið styrk skv. d-lið 39. gr. l. nr. 67/1971 vegna sama kostnaðar.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins lætur tannlæknum í té, án endurgjalds, eyðublöð þau, sem ákvæði 2. greinar kalla á, svo sem greiðslukvittun.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 43. gr. i.f. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, tekur gildi hinn 1. júní 1983 og gildir um tannlæknisþjónustu veitta frá og með þeim degi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. apríl 1983.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

25. apríl 1983

Nr. 275

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

	kr.
Fyrir opinn bát	240,00
Fyrir þilfarsskip minna en 25 rúml.	460,00
Fyrir þilfarsskip 25 rúml. allt að 100 rúml.	725,00
Fyrir þilfarsskip 100 rúml. allt að 250 rúml.	1 005,00
Fyrir þilfarsskip 250 rúml. allt að 500 rúml.	1 380,00
Fyrir þilfarsskip 500 rúml. allt að 1600 rúml.	2 280,00
Fyrir þilfarsskip 1600 rúml. og stærri	2 725,00

Að auki greiðist skoðunarmönnum útlagður kostnaður, svo sem akstur og símakostnaður skv. reikningi.

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti og fyrir vélaskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti og fyrir bolskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti.

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

Skal greiðslan miðuð við tímakaup fastráðinna skoðunarmanna Siglingamálastofnunarinnar fyrir dag- eða yfirvinnu, eftir því sem við á hverju sinni.

3. gr.

Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 122,00.

4. gr.

Skoðunarmönnum er heimilt að innheimta kr. 60,00 hjá þeim sem biður um vottorð vegna endurgreiðslu tolla.

5. gr.

Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skrifu reikninga fyrir störf sín í fjórriti, í þar til gerðar bækur, sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr. skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr. greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 779 20. desember 1982, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

Samgönguráðuneytið, 25. apríl 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

UM FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS

skipulag, starfshættir og verkefni.

1. gr.

Hlutverk flugmálastjórnar er að:

- a) framfylgja lögum, reglugerðum og fyrirmælum um flugmál.
- b) rækja alþjóðleg eða fjölþjóðleg samskipti á sviði flugmála,
- c) fylgjast náið með þróun og viðgangi flugmála innanlands og utan,
- d) styðja og veita aðhald innlendum flugrekstri,
- e) gera heildaráætlanir um flugsamgöngur á landinu, með hliðsjón af líklegri þróun í flugmálum og hagkvæmni í samgöngum,
- f) gera tölulegt yfirlit yfir þróun flugsamgangna hverju sinni.

2. gr.

Flugmálastjórn Íslands greinist í eftirtaldar aðaldeildir:

- a) fjármálastjórn,
- b) flugleiðsöguþjónustu,
- c) flugumferðarþjónustu,
- d) flugvallarþjónustu,
- e) loftferðaeftirlit.

Aðaldeildir skiptast í undirdeildir í samræmi við verkefni og skipurit flugmálastjórnar, sem ráðherra staðfestir hverju sinni.

3. gr.

Flugmálastjóri er stjórnandi flugmálastjórnar Íslands. Hann stjórnar stofnuninni í samræmi við stefnumörkun, sem felst í lögum, reglum og fyrirmælum æðri stjórnvalda.

Forstöðumaður hvernar aðaldeildar gegnir stöðu framkvæmdastjóra, forstöðumenn undirdeilda gegna stöðu deildarstjóra.

4. gr.

Flugmálastjóri leiðir starf flugmálastjórnar Íslands og hefur eftirlit með því að verk séu unnin fljótt, hagkvæmt, vel og í anda góðrar opinberrar þjónustu. Hann fylgist sérstaklega með því að mannaflí og tækjakostur stofnunarinnar sé vel nýttur. Hann skal fylgjast náið með þróun flugmálastjórnar og taka frumkvæði um allt, sem til betri vegar horfir.

5. gr.

Framkvæmdastjórar leiða starf deilda sinna og deila niður verkefnum. Þeir skulu vera sjálfstæðir í starfi, en bera ábyrgð gagnvart flugmálastjóra, á verksviði deilda sinna. Þeir skulu gæta fyllstu hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum og með því sjónarmiði leysa hvert verkefni á árangursríkan og fljótan hátt, hverju sinni. Framkvæmdastjórar skulu velja sér staðgengla í forföllum.

6. gr.

Deildarstjórar skulu starfa sjálfstætt að verkefnum deilda sinna og svara til ábyrgðar fyrir framkvæmdastjórum. Þeir skulu hafa sama sjónarmið til verka sinna og framkvæmdastjórar.

7. gr.

Umdæmisstjórar flugvallapjónustu skulu vera: einn í vestfjarðakjördæmi, einn í norðurlandskjördæmum eystri og vestri og einn í austurlandskjördæmi, einn í suðurlands- og vesturlandskjördæmum. Þeir heyra undir framkvæmdastjóra flugvallapjónustu.

8. gr.

Framkvæmdastjórum, deildarstjórum og umdæmisstjórum skulu sett nákvæm erindisbréf um verksvið þeirra.

9. gr.

Flugmálastjóri skal hafa a. m. k. mánaðarlega fundi með framkvæmdastjórum aðal- deilda þar sem rædd eru verkefni síðastliðins mánaðar og verkefni þess næsta skipulögð. Skal þar sérstaklega fylgst með þróun framkvæmda- og rekstraráætlana. Í fjarveru einhvers mæti staðgenglar. Haldin skal fundargerðarbók um framgang mála.

10. gr.

Framkvæmdastjórar skulu halda fundi með deildarstjórum eigi sjaldnar en á fimmtán daga fresti, þar sem verk eru skipulögð og fylgt eftir. Á þeim fundum skal rita fundargerðir.

11. gr.

Verksvið aðaldeilda er í höfuðatriðum sem hér segir:

Fjármálastjórn:

Gerð tillögu að flugmálaáætlun í samráði við aðaldeildir.

Gerð fjárlagatillagna.

Yfirstjórn fjármála.

Eftirlit með því að framkvæmdir og rekstur séu innan fjárlaga.

Færsla bókhalds, allt með því markmiði að bókhaldið verði sem virkastur stjórnunar- þáttur.

Starfsmannahald.

Gerð starfsreglna.

Almennt skrifstofuhald og skjalavarsla.

Tölfræðileg gagnaöflun og úrvinnsla.

Útgáfa árbókar flugmálastjórnar.

Alþjóðleg samskipti (þ. á m. núverandi ICAO deild).

Útboð verkefna í samráði við aðaldeildir.

Flugleiðsöguþjónusta:

Rekstur og viðhald allra flugleiðsögu- og fjarskiptatækja, ljósabúnaðar flugvalla og búnaðar upplýsingadeildar, flugstjórnarstöðva og flugradióstöðva.

Hönnun og nýframkvæmdir við flugleiðsögutæki og ljósabúnað flugvalla.

Rekstur upplýsingadeildar, útgáfa og hönnun flugkorta ásamt tilkynningarskyldu (NOTAM) fyrir flug.

Stjórn starfsmanna flugleiðsöguþjónustu.

Gerð rekstrar- og viðhaldsáætlunar vegna flugleiðsögu.

Nýframkvæmdir og eftirlit með fjarskipta- og flugleiðsögutækjum og ljósabúnaði flugvalla.

Flugprófanir flugleiðsögustöðva.

Leigugjöld, sem tiltekin eru í lið 5.1. til 5.7. að ofan, gilda einungis um talsenda, sem settir voru upp fyrir 1. janúar 1973. Uppsetning senda af ofangreindum tegundum, sem senda út á báðum hliðarböndum burðarbylgju, er ekki lengur leyfð samkvæmt alþjóðasamþykkt.

6. Radiótæki á leigu.

- 6.1. Fram að 1. janúar 1973 leigði Póst- og símamálastofnunin notendum talsenda ásamt viðtækjum. Nýuppsetning senda af þeim tegundum, sem notaðar voru í þessu skyni eru ekki leyfðar eftir 1. jan. 1982, en þess í stað skal nota einhliðarbandstæki (SSB), sem Póst- og símamálastofnunin leigir ekki út, en hefur eingöngu til sölu. Allar leigutalstöðvar nema þær, sem eingöngu eru notaðar á tíðninni 2182 KHz, verða nú kallaðar inn. Fyrir hinar síðastnefndu og önnur radiótæki, sem stofnunin leigir út, skulu gilda eftirfarandi reglur:
- 6.2. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða á tækjunum, er stafar af slæmri meðferð og vanhírðu þeirra, meðan þau voru í vörslu leigutaka, ber honum að greiða samkvæmt mati við afhendingu eftir leigu.
- 6.3. Leigutaki ber allan viðhaldskostnað á tækjunum, meðan þau eru í hans vörslu, og skal hann greiddur samkvæmt reikningi.

- 6.4. Öll radiótæki á leigu frá Póst- og símamálastofnuninni skulu vera váttrygð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni, og á Póst- og símamálastofnunin beinan rétt til váttryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastofnunin annast váttryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflutningaskipum stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast váttryggingu tækjanna í þeim skipum. Váttryggingariðgjöld fyrir tæki, sem Póst- og símamálastofnunin annast váttryggingu á, skal leigutaki greiða Póst- og símamálastofnuninni samtímis með leigu, og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.
- 6.5. Leiga og váttryggingariðgjald fyrir talsenda/viðtæki greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár.
- 6.6. Ef nýr eigandi verður að farartæki, sem talsendir/viðtæki er í og óskar að verða leigutaki að þeim, skal hann greiða viðtökugjald, sem er helmingur afgreiðslugjalds sbr. grein 1 í þessum kafla.
- 6.7. Uppsagnarfræstur er 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar þar til uppsagnarfræstur er liðinn.
- 6.8. Séu ársleiga, váttryggingariðgjöld og viðskiptagjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá framvísun reiknings, getur Póst- og símamálastofnunin:
 - 6.8.1. Innsiglað radiótækin, þó þannig að nota megi tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsíglun, getur Póst- og símamálastofnunin tekið hin leigðu tæki í sína vörslu.
 - 6.8.2. Ef um ólögboðin tæki er að ræða, getur stofnunin tekið þau í sína vörslu án undangenginnar innsíglunar.

Sama gildir, ef reikningur fyrir uppsetningu og viðgerðir á radióbúnaði, sem framkvæmdar eru af Póst- og símamálastofnuninni eru ekki greiddar innan eins mánaðar frá framvísun reiknings.

Fyrir endurofnun innsiglis greiðist innsiglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opunar innsiglis greiði leigutaki, auk innsiglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó aldrei lægri en lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd radiótækja- og viðskiptagjöld með símareikningum hlutadeigandi aðila, að viðlagðri lokun símans.

- 6.9. Póst- og símamálastofnunin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu radióstöðva á millibylgju á afskekktum bæjum, og þá til viðskipta við ákveðnar símsstöðvar. Gjöld fyrir slíka notkun eru samkvæmt gjaldskrá um sveitasíma.

7. Almenn ákvæði.

- 7.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radiótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.
- 7.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radiótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.
- 7.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutadeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé

þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radiótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálf eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

- 7.4. Þeim, sem leyfi fá fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
- 7.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá Póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.
- 7.6. Radióeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.
- 7.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.
- 7.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.
- 7.9. Hafi áfallin gjöld vegna radiótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfalli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutadeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
- 7.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsigliðgjald, áður en endurofnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsíglunar greiðir leyfishafi.
- 7.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
- 7.12. Innflutningur erlendra radiótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaþrófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.
- 7.13. Leyfi til starfrækslu radióstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.
- 7.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

- 7.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radiótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótæki.

**8. Reglur um starfræslu talstöðva,
sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.**

- 8.1. Póst- og símamálastofnunin starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir Póst- og símamálastofnunin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfir til starfræslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.
- 8.2. Ekki er heimilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, á nokkurn hátt við hið almenna símkerfi.
- 8.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.
- 8.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af Póst- og símamálastofnuninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfræslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.
- 8.5. Skylt er að halda sérstaka radió-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.
- 8.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.
- 8.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfræslu stöðvanna.
- 8.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 3.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

XIII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

- 1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{5}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.

Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).

- 1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símtjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIV. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

- 1.1. Frádráttur vegna eldri búnaðar, sem Póst- og símamálastofnunin kann að endurkaupa.
- a) Sjálfvirkar einkasímstöðvar afskrifast á 10 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aldur stöðva, ár	0—1	1—2	2—3	3—4	4—5	5—10
Frádráttur, %	80	60	40	30	20	10

b) Telex- og fjarritvélar, modem, handvirkar einkasímstöðvar og talfærakerfi afskrifast á 8 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aldur, búnaður, ár	0—1	1—2	2—3	3—5	5—8
Frádráttur, %	80	60	40	20	10

c) Ef nýr búnaður samkv. a) og b) er settur upp í stað eldri búnaðar, er endurgreiðsla af kostnaðarverði eldri búnaðarins reiknuð út frá gildandi kostnaðarverði samkvæmt töflum í a) og b), og kemur sú upphæð til frádráttar kostnaðarverði nýja búnaðarins. Ef áður nefndur frádráttur er hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, skal umreikna hann miðað við upprunalegt kostnaðarverð og sé hann enn hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, endurgreiðir Póst- og símamálastofnunin þann mismun (sbr. d)).

d) Ef búnaði samkv. a) og b) er sagt upp, án þess að nýr búnaður komi í staðinn, er endurgreiðsla samkv. c) miðuð við upprunalegt kostnaðarverð.

1.2. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.

Þar til gerð eyðublöð eru í símakránni og fást einnig á símsstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.

1.3. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáiast. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvað stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.

1.5. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.6. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.

Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúður o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.7. Verði bilun í símakerfinu eða í notendabúnaði sem Póst- og símamálastofnunin hefur látið í té ber þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símsstöðvar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.8. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.

1.9. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímakerfisins nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi

- fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.
- 1.10. Hægt er að fá símanúmer geymt í umsaminntíma og er þá heimilt að veita 25% afslátt af afnotagjaldi og fella niður atvinnusímaálag, ef það á við.
 - 1.11. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
 - 1.12. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.
 - 1.13. Verðskrá sú er póst- og símamálastjóri gefur út fyrir bunað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarskiptavélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.
 - 1.14. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður réttthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.
- 2.2. Eindagi síma- og radiógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 170,00 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 70,00 fyrir lokun og enduroppnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radiógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi símstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 11. maí 1983. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 11. maí 1983 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 29 28. janúar 1983.

Samgönguráðuneytið 9. maí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gildandi gjaldskrám hitaveitna, er gildi frá og með 10. maí 1983.

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 98, 28. febrúar 1983, hækki um	32,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 99, 28. febrúar 1983, hækki um	20,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps, nr. 108 10. febrúar 1977, með síðari breytingum, hækki um	32,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Bessastaðahrepps, nr. 428 14. ágúst 1980 með síðari breytingum, hækki um	19,7%
Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 581 12. nóvember 1980, með síðari breytingum. Stofngjald hækki um	20,0%
Allir aðrir liðir hækki um	37,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps, nr. 130 29. janúar 1980, með síðari breytingum, hækki um	50,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrar, nr. 226 26. maí 1977, með síðari breytingum, hækki um	30,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss, nr. 391, 26. október 1977, með síðari breytingum, hækki um	30,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 108, 28. febrúar 1983, hækki um	40,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368, 5. ágúst 1975, með síðari breytingum, hækki um	20,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur, nr. 284 11. desember 1970, með síðari breytingum. Vatnsgjald hækki um	20,9%
Gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps, nr. 322 8. nóvember 1973, með síðari breytingum, hækki um	30,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 393 3. nóvember 1977, með síðari breytingum, hækki um	35,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, nr. 277, 1. júlí 1976, með síðari breytingum, hækki um	20,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur, nr. 113 28. febrúar 1983, hækki um	16,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar, nr. 114 28. febrúar 1983, hækki um	20,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella, nr. 115, 28. febrúar 1983, hækki um	10,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Rangæinga, nr. 632, 28. febrúar 1983, hækki um	19,8%
Gjaldskrá Fjarhitunar Vestmannaeyja, nr. 185, 26. apríl 1979 með síðari breytingum, hækki um	19,7%

Gjaldskrá Hitaveitu Flúða og nágrennis nr. 151, 14. mars 1977 með síðari breytingum, hækki um	33,5%
Gjaldskrá Hitaveitu Eyra, nr. 128, 28. febrúar 1983, hækki um	19,7%
Gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, nr. 121, 28. febrúar 1983, hækki um	18,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, nr. 306, 9. október 1974, með síðari breytingum, hækki um	35,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Porlákshafnar, nr. 736, 30. nóvember 1983, með síðari breytingum hækki um	19,7%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja, nr. 737, 30. nóvember 1982, með síðari breytingum, hækki um	20,0%

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna frá og með 10. maí 1983.

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 124, 28. febrúar 1983.

Allir taxtar hækki um

nema taxti B.2, sem orðist svo:

Verð á rafmagni og viðhaldi úti og götulýsingar samkvæmt uppsettu afli:

Aflgjald 5 120,00 kr/kW/ár

Viðhaldsgjald 5 390,00 kr/kW/ár

Gjald samtals 10 510,00 kr/kW/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

Lýsing þessi stýrist af stjórnbúnaði Rafmagnsveitunnar.

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 125, 28. febrúar 1983.

Innleitt verði fastagjald á liði C.3, D.3 og D.5 að upphæð 2000,00 kr/a. Jafnframt verði felld niður mælis- og liðaleiga á liðum C.3, D.3 og D.5.

Taxti D3 hækkar um

Taxti A1 lýsing, verður:

Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar samkvæmt afli:

Aflgjald 5 640 kr/kW/ár

Viðhaldsgjald 5 940 kr/kW/ár

Gjald samtals 11 580 kr/kW/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

Allir aðrir taxtar hækki um

Gjaldskrá Rafveitu Akraness, nr. 126, 28. febrúar 1983. Allir taxtar hækki um

Gjaldskrá Rafveitu Borgarness, nr. 127, 28. febrúar 1983. Allir taxtar hækki um	14,2%
Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 128, 28. febrúar 1983. Allir taxtar hækki um	14,2%
Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 130, 28. febrúar 1983. Allir taxtar hækki um	11,5%
Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 131, 28. febrúar 1983. Allir taxtar hækki um	12,2%
Gjaldskrá Rafveitu Selfoss, nr. 134, 28. febrúar 1983. Allir taxtar hækki um	14,2%
Gjaldskrá Rafveitna Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis, nr. 135, 28. febrúar 1983. Allir taxtar hækki um	14,2%
Gjaldskrá Rafveitu Grindavíkur, nr. 136, 28. febrúar 1983. Allir taxtar hækki um	14,2%
Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps, nr. 137, 28. febrúar 1983. Allir taxtar hækki um	14,2%
Gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps, nr. 138, 28. febrúar 1983. Allir taxtar hækki um	14,2%
Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps, nr. 137, 28. febrúar 1983. allir taxtar hækki um	14,2%
Gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps, nr. 138, 28. febrúar 1983. Allir taxtar hækki um	14,2%
Gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur, nr. 139, 28. febrúar 1983. Allir taxtar hækki um	14,2%
Gjaldskrá Rafveitu Njarðvíkur, nr. 140, 28. febrúar 1983. Allir taxtar hækki um	14,2%
Gjaldskrá Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar, nr. 141, 28. febrúar 1983. Allir taxtar hækki um	14,2%

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Rafveitu Siglufjarðar, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Vestmannaeyja, Hitaveitu Seyðisfjarðar og Hitaveitu Hafnarhrepps

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66, 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða frá og með 10. maí 1983.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 142, 28. febrúar 1983:
Allir taxtar, að undanskildu orkugjaldi í töxtum A5, C1 og C2, D1 og D2 hækki um

14,2%

Taxti A5. Markmæling.

Orkugjald, 0,44 kr/kWh, að viðbættri 0,12 kr/kWh niðurgreiðslu, hækkar um . . . 14,2%
og niðurgreiðsla verður 0,16 kr/kWh.

Taxti C1. Hitun íbúðarhúsnæðis.

Orkugjald 0,58 kr/kWh, að viðbættri 0,17 kr/kWh, niðurgreiðslu hækkar um . . . 14,2%
og niðurgreiðsla verður 0,23 kr/kWh.

Taxti C2. Hitun íbúðarhúsnæðis.

Orkugjald 0,41 kr/kWh að viðbættri 0,10 kr/kWh niðurgreiðslu hækkar um 14,2%
og niðurgreiðsla verður 0,14 kr/kWh.

Taxtar D1 og D2 lækka og munu jafngilda óniðurgreiddum töxtum C1 og C2.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 64, 22. febrúar 1983.

Allir taxtar, að undanskildu orkugjaldi í töxtum A.5, C.1 og C.2 hækki um 14,2%
A.5 Markmæling.

Orkugjald af allri notkun, 0,444 kr/kWh að viðbættri 0,12 kr/kWh niðurgreiðslu, hækkar um 14,2%
og niðurgreiðsla verður 0,16 kr/kWh.

C.1 Húshitun. Íbúðarhúsnæði.

Orkugjald, 0,65 kr/kWh að viðbættri 0,17 kr/kWh niðurgreiðslu, hækkar um 14,2%
og niðurgreiðsla verður 0,23 kr/kWh.

C.2 Húshitun. Íbúðarhúsnæði.

Orkugjald, 0,41 kr/kWh að viðbættri 0,10 kr/kWh niðurgreiðslu, hækkar um 14,2%
og niðurgreiðsla verður 0,14 kr/kWh.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 104, 28. febrúar 1983.

Allir taxtar, að undanskildu gjaldi samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins fyrir íbúðarhúsnæði, hækki um 14,2%

Gjald samkvæmt 1. mgr. 3. gr., 0,52 kr/kWh auk 6,08 kr/m³ vatns, að viðbættri 0,16 kr/kWh niðurgreiðslu, hækkar um 14,2%
og niðurgreiðsla verður 0,22 kr/kWh.

Rafveita Siglufjarðar, Rafveita Reyðarfjarðar og Rafveita Vestmannaeyja.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskráum rafveitnanna frá og með 10. maí 1983:

Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 129, 28. febrúar 1983.

Allir taxtar, að undanskildum taxa 4.1 orka til húshitunar, hækki um 14,2%

Taxti 4.1, orka til íbúðarhúshitunar 0,67 kr/kWh að viðbættri 0,09 kr/kWh niðurgreiðslu, hækkar um 14,2%
og niðurgreiðsla verður 0,13 kr/kWh.

Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar, nr. 132, 28. febrúar 1983.

Allir taxtar, að undanskildum taxa 4.2 og 4.3, hækki um 14,2%

Taxti 4.2:

Orkugjald var 0,62 kr/kWh og niðurgreiðsla 0,05 kr/kWh. Þessi liður gjaldskrárinnar skiptist nú í taxa I og taxa II þannig:

	Taxti I Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði	Taxti II Til hitunar á íbúðarhúsnæði
Fastagjald	257,00 kr/kWh/ári	4 040,00 kr/ári
Orkugjald	0,76 kr/kWh	0,63 kr/kWh
Roftími allt að 3 klst á dag		
Taxti 4.3 verði: Orkugjald	0,58 kr/kWh	0,44 kr/kWh
Roftími allt að 15 klst. á dag.		

Niðurgreiðsla 0,13 kr/kWh í 4.2 og 0,08 kr/kWh í 4.3 hefur verið dregin frá orkugjaldi í taxta II.

Rafveita Vestmannaeyja, nr. 133, 28. febrúar 1983.

Allir taxtar, að undanskildum taxta D1, orkugjald (húshitun), C2 og F5 hækki um	13,5%
Taxti D1, orkugjald 0,65 kr/kWh, að viðbætti 0,03 kr/kWh niðurgreiðslu, hækkar um	13,5%
og niðurgreiðsla verður 0,07 kr/kWh	
Taxtar C2 og F5 hækki um	10,0%

Hitaveita Seyðisfjarðar og Hitaveita Hafnarhrepps.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá hitaveitnanna frá og með 10. maí 1983:

Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 116, 28. febrúar 1982.

Allir taxtar að undanskildum töxtum í 1. mgr. 3. gr. hækki um	14,2%
Í 3. gr. hækkar gjald vegna hitunar íbúðarhúsnæðis, 0,54 kr/kWh auk 5,18 kr/m ³ vatns, að viðbætti 0,16 kr/kWh niðurgreiðslu um	14,2%
og niðurgreiðsla verður 0,22 kr/kWh.	

Gjald fyrir afnot heita vatnsins vegna annars en í íbúðarhúsnæði skal vera gjald samkvæmt 1. mgr. 3. gr. án niðurgreiðslu, nema heimild skv. 2. mgr. 3. gr. sé notuð.

Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps, nr. 117, 28. febrúar 1982.

Allir taxtar að undanskildum taxta II í 3. gr. og 4. gr. hækki um	14,2%
Í 3. gr. hækkar gjald vegna hitunar íbúðarhúsnæðis skv. taxta II, 0,42 kr/kWh auk 5,65 kr/m ³ vatns, að viðbætti 0,16 kr/kWh niðurgreiðslu um	14,2%
og niðurgreiðsla verður 0,22 kr/kWh.	

Gjald fyrir vatnsmæli eingöngu skv. 3. gr. taxta II fellur niður.
Gjald skv. 4. gr. taxta II fellur niður.

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ fyrir Hjúkrunarskóla Íslands.

I. KAFLI

Markmið og stjórn skólans.

Yfirstjórn.

1. gr.

Skólinn heitir Hjúkrunarskóli Íslands. Hann er heimavistarskóli og starfar undir yfirstjórn menntamálaráðherra.

2. gr.

Markmið skólans er að veita nemendum sínum hjúkrunarfræðimenntun samkvæmt kröfum hvers tíma og að efla andlegan þroska þeirra og hæfni til hjúkrunarstarfa.

3. gr.

Stjórn skólans annast 5 manna skólanefnd. Í nefndinni eiga sæti: Landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, hjúkrunarforstjóri Landspítalans og 3 aðrir, sem ráðherra skipar, einn samkvæmt tillögu Hjúkrunarfélags Íslands, annan samkvæmt tillögu Læknafélags Íslands, og hinn þriðja án tilnefningar, og skal hann vera sérfróður um skólamál. Skólastjóri skal sitja fundi skólanefndar og hafa þar tillögurétt.

4. gr.

Hlutverk skólanefndar er að vera skólastjóra til ráðuneytis um mikilvæg atriði varðandi stjórn skólans, fylgjast með þróun á sviði menntunar hjúkrunarfræðinga, gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans, stuðla að sem nánustum tengslum hans við heilbrigðisþjónustuna og gera tillögur um breytingar á reglugerð skólans, ef ástæða þykir til. Þá skal nefndin fjalla um umsóknir um skólastjóra- og kennarastöður og senda menntamálaráðuneytinu.

Formaður skal kveðja skólanefnd til fundar þegar þurfa þykir og eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Auk þess skal skólanefnd sitja a. m. k. einn fund á ári með kennurum skólans. Formaður skal einnig boða til fundar í nefndinni, ef 2 nefndarmenn, skólastjóri eða þriðjungur fastra kennara æskja þess. Ályktun fundar er því aðeins gild að 3 nefndarmenn eða varamenn þeirra sæki fundi. Skólastjóri skal leggja fyrir skólanefnd skrá yfir skólahald og námsefni og gengur nefndin úr skugga um, að það sé í samræmi við þróun hjúkrunarfræðimenntunar hvers tíma.

II. KAFLI

Um skólustjóra, kennara og annað starfsfólk.

5. gr.

Menntamálaráðherra setur og skipar skólustjóra og kennara að fengnum tillögum skólanefndar og eru þeir embættismenn ríkisins, sbr. lög nr. 57/1978 um embættisgengi kennara og skólustjóra.

Þeir einir geta fengið skipun í skólustjóra- og kennarastöður við skólann sem hafa: Háskólapróf í kennslugrein sinni eða viðurkennt hjúkrunarkennarapróf ásamt fullgildum prófum frá skóla, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir, og minnst 30 námseiningar í uppeldis- og kennslufræði.

6. gr.

Heimilt er að ráða kennslustjóra án kennsluskyldu og yfirkennara og deildarstjóra með kennsluafslætti vegna stjórnunarstarfa.

7. gr.

Skólustjóri hefir yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann er fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann ber ábyrgð á því að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerð og námsskrár. Hann er ábyrgur um samskipti við yfirvöld skólans og aðra opinbera aðila, þ. á m. um fjárreiður og reikningshald, svo og skipulag, áætlanagerð vegna reksturs og framkvæmda í skólanum. Hann hefir yfirumsjón með eignum skólans, lausum og föstum. Skólustjóri tekur ákvarðanir í málum, er varða stjórnun skólans, ef þau eru ekki falin öðrum aðilum í lögum eða reglugerð.

Skólustjóri ræður með samþykki ráðuneytis starfsfólk skólans annað en fastráðna kennara.

8. gr.

Yfirkennari er staðgengill skólustjóra og aðstoðar við daglega stjórn og rekstur skólans. Hann hefur yfirumsjón með verklegu námi og annast áætlanagerð og skýrsluhald þar að lútandi.

Kennslustjóri annast þann hluta af daglegri stjórn og rekstri skólans sem lýtur að kennslu og nemendum, gerir tillögur um ráðningu stundakennara, annast áætlanagerð, skýrsluhald og gerð stundaskráa og próftöflu. Kennslustjóri er deildarstjóri í þeim greinum, þar sem ekki er deildarstjóri.

Skólustjóri, yfirkennari og kennslustjóri mynda skólustjórn.

9. gr.

Deildarstjóra skal ráða í kennslugreinum eða greinaflokka og skal þess gætt að allar kennslugreinar falli undir einhvern deildarstjóra. Deildarstjórar eru ráðnir úr hópi fastra kennara við skólann. Skólustjóri ræður deildarstjóra með samþykki menntamálaráðuneytis og skólanefndar. Deildarstjóri skal hafa umsjón með kennslu og kennslutækjum í þeim greinum, sem undir hann falla. Hann velur kennslubækur og ákvarðar yfirferð námsefnis í hverri önn í samráði við aðra kennara og kennslustjóra, sem sker úr, ef ágreiningur verður.

Hann skal ásamt öðrum kennurum fylgjast með nýjungum í kennslugrein sinni og gera tillögur um breytingar á námskrá.

10. gr.

Umsjónarkennara skal skólustjóri ákveða í upphafi skólaárs til þess að hafa umsjón með hópi 25—30 nemenda og er öllum kennurum skólans, er gegna fullu starfi, skylt að taka þessa umsjón að sér.

Aðalmarkmiðið með starfi umsjónarkennara er að veita nemendum aðstoð í daglegu starfi þeirra og er umsjónarkennari trúnaðarmaður þeirra nemenda sem hann hefur umsjón með. Umsjónarkennari annast upplýsingamiðlun til nemenda, skýrir þær reglur sem gilda um skólastarfið, hefur milligöngu um þjónustu við nemendur og aðstoðar við lausn vandamála, sem snúa að námi eða einkahögum.

Umsjónarkennari er talsmaður nemenda sinna gagnvart öðrum kennurum og yfirstjórn skólans. Umsjónarkennarar skulu gera sér far um að efla félgsleg tengsl innan nemendahópsins og stuðla að samstöðu hans.

11. gr.

Deildarstjórafundur er skólastjórn til ráðuneytis um starfsemi skólans, hann situr skólastjóri, yfirkennari, kennslustjóri og deildarstjórar.

Deildarstjórafundur úrskurðar um mál er varða breytingar á námsskipan og kennsluháttum, tilhögun prófa, endurtekningu prófa, svo og önnur málefni skólans og nemenda sem ekki eru sérstaklega falin skólastjórn eða alm. kennarafundi.

12. gr.

Kennarafundur fjallar almennt um mál sem varða breytingar á námsskipan og kennsluháttum og gerir tillögur varðandi tilhögun prófa og námsmat. Skal jafnan leita álits kennarafundar áður en teknar eru veigamiklar ákvarðanir í slíkum efnum. Skólastjórn getur og ákveðið að skjóta öðrum málum til umsagnar kennarafundar. Kennarafundur getur á sama hátt vísað málum til skólastjórnar eða deildarstjórafundar. Kennarafundur kys við upphaf hvernar haustannar 1 áheyrnarfulltrúa til setu á skólanefndarfundum og er kjörtímabil hans tvær annir í senn. Endurkjör er heimilt. Skólastjóri boðar til kennarafunda. Skyllt er að halda kennarafund, ef þriðjungur fastra kennara óskar þess. Skyllt er föstum kennurum að sækja kennarafundi að forfallalaus, enda séu fundirnir haldnir á eðlilegum starfstíma skólans og boðaðir í tæka tíð. Stundakennurum er skylt að sækja fundi ef skólastjóri óskar þess, enda hafi þeir þá atkvæðisrétt. Rétt til að sitja kennarafundi hafa einnig 2 nemendur úr samstarfsnefnd nemenda og kennara. Skólastjóri undirbýr eða lætur undirbúa mál er fyrir kennarafund koma, en öllum sem seturétt eiga á fundinum, skal heimilt að leggja þar fram mál. Skólastjóri sér um að samþykktum kennarafunda sé komið á framfæri við rétta aðila, nema fundurinn ákveði að hafa annan hátt á. Halda skal gerðabók um kennarafundi.

13. gr.

Heimilt er að stofna samstarfsnefnd nemenda og kennara. Kennarafundur kys 2 kennara, auk þess á kennslustjóri sæti í nefndinni.

Nemendur kjósa 3 fulltrúa, einn úr hverjum hópi.

Hlutverk nefndarinnar er:

1. að vinna að bættu námi,
2. að skapa jákvætt viðhorf nemenda til náms og skólans,
3. að leysa úr ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma,
4. að skapa nánari tengsl og jákvæðan skilning milli kennara og nemenda.

14. gr.

Um störf fastráðinna kennara við skólann, svo og annarra starfsmanna hans, kennsluskyldu og launakjör, gilda ákvæði kjarasamninga eins og þau eru á hverjum tíma.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar eftir að hverfa frá starfi í hálf tæða heilt ár til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um það, hvernig hann hyggst verja orlofi sínu. Ef ráðuneytið telur greinargerð umsækjanda fullnægjandi, getur það veitt honum orlof á fullum launum. Beiðni um orlof skal senda menntamálaráðuneytinu fyrir 1. nóvember næsta skólaár á undan. Menntamálaráðuneytið veitir kennurum er þess óska, leiðbeiningar um hvernig orlofi skuli varið, en allir verða þeir að gefa ráðuneytinu fullnægjandi skýrslu að orlofi loknu, að viðlögðum launamissi.

16. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að veita kennara leyfi frá kennslu á fullum launum, til þess að vinna að samningi eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna.

Umsókn um slíkt leyfi skal berast með minnst hálfis árs fyrirvara og vera studd meðmælum skólastjórnar og skólanefndar. Umsóknir skulu að jafnaði afgreiddar fyrir 15. júní sama ár.

III. KAFLI

Inntökuskilyrði.

17. gr.

Inntökuskilyrði skólans eru samkvæmt lögum um H.S.Í. nr. 35/1962:

1. Umsækjandi skal vera fullra 18 ára og ekki eldri en 30 ára, er skólavist hefst. Þó getur skólanefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.
2. Umsækjandi má ekki hafa næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti stafað hættu á eða orðið honum til trafala í námi eða starfi.
3. Umsækjandi skal hafa góða framkomu og óspillt siðferði.
4. Umsækjandi skal hafa lokið landsprófi miðskóla, gagnfræðaprófi eða hlotið hliðstæða menntun.

Umsækjendur, sem hlotið hafa frekari menntun, skulu ganga fyrir að öðru jöfnu.

5. Heimilt er skólanum að láta umsækjendur ganga undir inntökupróf í einstökum námsgreinum. Ennfremur má úrskurða inngöngu nemenda í skólann með hæfnisprófi.

18. gr.

Umsóknir skulu sendar skólastjóra og úrskurðar hann um þær ásamt yfirkennara og kennslustjóra. Sé um vafaatriði að ræða skal hann leita álits skólanefndar.

IV. KAFLI

Námstími og námsefni.

19. gr.

Námstími skólans skal vera 3 ár, 6 námsannir, þar með talin skólaleyfi. Námið er bæði bóklegt og verklegt og lýkur hverri önn með námsmati. Verklegt nám fer að mestu fram á heilbrigðisstofnunum.

20. gr.

Kennsla fer fram samkvæmt námsskrá, sem menntamálaráðuneytið gefur út og kveður hún á um kennslugreinar, námsefni og stundafjölda í hverri grein.

V. KAFLI

Próf, einkunnir og annað mat á námsárangri.

21. gr.

Próf eða annað námsmat skal fara fram í lok hverrar annar í þeim námsgreinum, sem skólastjórn og deildarstjórar ákveða. (Sjá 23. gr.)

22. gr.

Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum og hálfum, frá 0—10 í bóklegu námi, en í verklegu námi er hæfni nemandans metin í orðum.

Fullnægjandi — ófullnægjandi.

23. gr.

Á lokaprófi hverrar annar þarf lágmarkseinkunnina 6 í hjúkrunarfræðigreinum og í heilsugæslu. Í öðrum námsgreinum þarf lágmarkseinkunnina 5. Til þess að standast lokapróf skólans þarf einkunnina 6 í aðaleinkunn. Aðaleinkunn skal finna með því að taka meðaltal af einkunnum allra námsgreina og skal hún reiknast með einum aukastaf.

Aðaleinkunnir: 6 —7,2 teljast 2. einkunn
7,3—8,9 teljast 1. einkunn
9 —10 teljast ágætiseinkunn.

24. gr.

Kennarar semja og fara yfir prófverkefni í samráði við deildarstjóra og kennslustjóra.

25. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar prófdómara að fengnum tillögum skólastjóra. Prófdómari fer yfir úrlausnir, ef einkunn er 6 eða lægri í hjúkrunarfræðigreinum og heilsugæslu, og ef einkunn er 5 eða lægri í öðrum námsgreinum.

Verði ágreiningur um einkunn, skal taka meðaltal af einkunnagjöf kennara og prófdómara.

26. gr.

Standist nemandi ekki próf í einni eða tveimur námsgreinum, má hann endurtaka það síðar. Falli nemandi í fleiri greinum, skal skólastjórn og deildarstjórar ákveða hvort hann fær að endurtaka fleiri próf, endurtaka önnuna eða hann úrskurðast hættur í skólanum.

Ekki má endurtaka próf oftari en einu sinni.

27. gr.

Pegar prófum og mati á þeim er lokið, skal skólinn gefa nemendum kost á að skoða prófúrlausnir og einkunnagjöf kennara. Komi fram skekkja á einkunnagjöf eða mati, skal slíkt leiðrétt. Ef nemandi eða forráðamaður nemanda sættir sig ekki við mat og einkunnagjöf kennara skal viðkomandi kæra það til skólastjóra innan þriggja daga frá prófsýnidegi. Skólastjóri hlutast þá til um að skipaður verði prófdómari er endurmetur prófúrlausnir nemandans. Prófdómari skal eiga aðgang að prófúrlausnum annarra nemenda er tóku prófið á sama tíma í skólanum.

28. gr.

Í lok hverrar annar fær nemandinn afhentar prófeinkunnir sínar og/eða námsmat.

Nemandi sem lokið hefur hjúkrunarprófi frá skólanum fær prófskírteini er sýnir lokaeinkunnir þær er hann hefur hlotið svo og aðaleinkunn. Skírteinið skal undirritað af skólastjóra og formanni skólanefndar. Nemandi sem lokið hefur hjúkrunarprófi á rétt á hjúkrunarleyfi. Hann á einnig rétt á að bera merki skólans.

VI. KAFLI

Um reglu og aga.

29. gr.

Reglur og agi skulu miða að því að gera skólann að þægilegum vinnustað. Kennarar og nemendur skulu rækja störf sín af alúð og árverkni.

1. Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu.
2. Séu fjarvistir nemenda meiri en 5% í námsgrein sem ekki er prófað í, fæst hún ekki viðurkennd.
Séu fjarvistir nemenda meiri en 20% í öðrum námsgreinum, eru þær ekki viðurkenndar til prófs.
3. Veikindi, sem standa lengur en 3 daga skal staðfesta með læknavottorði.
4. Fjarvistir vegna veikinda eða annarra forfalla hafa ekki áhrif á fjarvistarreglur nr. 1 og 2.

30. gr.

Þegar próf er tekið, skal þess gætt, að svo rúmt sé um próftaka, að nægjanlegu eftirliti sé unnt að koma við, svo að upplýsingar um prófverkefni berist ekki milli próftaka.

Í prófstofu skulu eigi vera aðrir viðstaddir en próftakar og eftirlitsmenn eða eftirlitsmaður. Verði próftaki uppvis að **óleyfilegu framferði** í prófi, hefur hann glatað rétti sínum til að ljúka prófi í greininni í það sinn og skal vísa honum tafarlaust frá prófi.

Þykir próftaka eitthvað ógreinilegt í verkefninu, getur hann snúið sér til eftirlitsmanns. Í prófum skal kennari í prófgrein vera til taks, en þó eigi sitja yfir í prófum.

31. gr.

Nemendum er skylt að takast á hendur umsjón í skólanum eftir fyrirmælum skólastjórnar.

32. gr.

Nú veldur nemandi skemmdum á eignum skólans og ber honum þá að bæta þær samkvæmt mati eða greiða viðgerðarkostnað.

33. gr.

Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans mega ekki við störf skólans hafa áfengi eða önnur vímuvaldandi efni um hönd, né koma til starfa undir áhrifum þeirra. Brot gegn þessu getur valdið stöðumissi eða brottvísun úr skóla.

Ber skólastjórn að taka tafarlaust til meðferðar mál af þessu tagi og vísa til menntamálaráðuneytisins, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða.

34. gr.

Um önnur þau mál, sem skólastjórn telur að flokkist undir reglu og aga, setur hún sérreglur. Sama gildir, ef talin er þörf á nánari ákvæðum en að framan getur. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytisins á slíkum reglum.

VII. KAFLI

Framhaldsnám og námskeið.

35. gr.

Skólanum skal heimilt, að fenginni sérstakri fjárveitingu, að veita framhaldsmenntun í hjúkrunarfræðum. Skulu nemendur þessir þreyta próf að námi loknu og fá viðurkenningu skólans fyrir.

VIII. KAFLI
Um heilsuvernd.

36. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður í samráði við skólastjóra og skólanevnd skólalækni og heilsugæsluhjúkrunarfræðing og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þeir skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum.

Um heilbrigðiseftirlit í skólanum fer eftir ákvæðum í heilbrigðisreglugerð sem gefin var út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 1972.

IX. KAFLI
Fjármál.

37. gr.

Um fjármál skólans fer eftir gildandi lögum, reglugerðum og opinberum fyrirmælum á hverjum tíma.

38. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 35/1962 um Hjúkrunarskóla Íslands, og fellur þá úr gildi reglugerð fyrir Hjúkrunarskóla Íslands frá 19. nóvember 1966.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda eins fljótt og við verður komið samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið, 4. maí 1983.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um ráðstöfunarfé örorku- og ekkjulífeyrisþega á dvalarstofnunum.

1. gr.

Örorku- eða ekkjulífeyrisþegi sem dvelst langdvölum á stofnun, þannig að lífeyrir hans hefur verið felldur niður, samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 51. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, skal engu að síður njóta ráðstöfunarfjár frá almannatryggingum. Fjárupphæð þessi sem frá og með marsmánuði 1983 er 936 kr. hækkar í áföngum og verður frá og með 1. júní 1983 1.113 kr.

2. gr.

Fjárhæðir skv. 1. gr. breytast eftir sömu reglum og fjárhæðir bóta almannatrygginga sbr. 79. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með vísun til 51. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 og með hliðsjón af lögum um málefni aldraðra nr. 91/1982 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. apríl 1983.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKT

fyrir húsagerðardeild Búnaðarsambands Austurlands.

Búnaðarsamband Austurlands gerir á grundvelli laga nr. 7, 12. janúar 1945, svofellda húsagerðarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmark samþykktarsvæðis og samþykktar.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir starfssvæði Búnaðarsambands Austurlands.

2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum hjá félgasmönnum á samþykktarsvæðinu og stuðla að því, að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum, sem kostur er. Þessum tilgangi vill sambandið ná með því sem fyrst og eftir því, sem aðstaða leyfir, að taka að sér byggingu íbúðarhúsa og útihúsa á sambandsvæðinu, þannig að það ráði til sín flokka byggingarmanna og leggi þeim til sem fullkomnastar vélar og önnur tæki til vinnunnar.

II. KAFLI

Skipan og valdsvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Austurlands hefur á hendi yfirstjórn allra byggingarframkvæmda, er sambandið tekur að sér.

Stjórnin ræður sér framkvæmdastjóra í samráði við forstöðumann Byggingarstofnunar landbúnaðarins. Hann hefur umsjón með daglegum rekstri og framkvæmdum á þessu sviði. Hann skal vera fullfær um að taka starfið að sér að dómi sambandsstjórnar, Búnaðarfélag Íslands og Byggingarstofnunar landbúnaðarins. Stjórn sambandsins setur honum erindisbréf í samráði við Byggingarst. landbúnaðarins.

Stjórnin getur falið 2 mönnum úr stjórn sambandsins að annast ásamt framkvæmdastjóra, um stjórnarframkvæmdir þær, er getur í 5. og 6. gr., svo og umsjón með rekstri fyrirtækisins og nefnast þeir framkvæmdastjórn.

Stjórnin heldur sérstaka gerðabók, þar sem færðar eru ályktanir hennar, vegna þessarar starfsemi sambandsins.

4. gr.

Stjórn sambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum og öðru því, er með þarf, til þess að náð verði æskilegum hraða í byggingarframkvæmdum sambandsins. Skyld er henni samkvæmt 20. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við forstöðumann Byggingarstofnunar landbúnaðarins og stjórn Búnaðarfélag Íslands um kaup og val véla, verkfæra og sérstakra veggjamóta, sem sambandið fær styrk til að kaupa samkv. 21. gr. áður nefndra laga.

5. gr.

Stjórnin og framkvæmdastjóri sjá um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds véla og áhalda, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og það er á hverjum tíma.

6. gr.

Framkvæmdastjórnin tekur á móti umsóknum frá félagsmönnum um byggingarframkvæmdir og kynnir sér, hvort umsækjandi geti fullnægt þeim skilyrðum, sem sambandið setur. Hún undirritar alla verktökusamninga og ákveður í samráði við framkvæmdastjóra hvenær og í hvaða röð byrja skuli á hverri byggingu, sem unnið skal að.

7. gr.

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón allra vinnuflokka og bókhald og gjaldkerastörf fyrir byggingarframkvæmdir, nema annað þyki henta.

Ennfremur ber honum að fylgjast með því, að verkkaupi fullnægi öllum skilyrðum, sem honum eru sett af sambandsstjórninni, og hefur að öðru leyti daglegt eftirlit með rekstrinum. Honum er og skylt í samráði við verkstjóra, að veita verkkaupanda nauðsynlegar upplýsingar og áætlanir um efni til bygginganna ásamt öllum leiðbeiningum, er þörf kann að vera fyrir.

8. gr.

Allir samningar, er stjórn og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd búnaðarsambandsins samkv. samþykktum þessum eða ályktunum aðalfundar sambandsins eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og búnaðarfélögin, er að samþykktinni standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Nú sækir félagismaður sambandsins um, að það annist byggingaframkvæmdir á jörð hans eða landi, sem hann hefur til umráða. Skal þá fylgja umsókninni teikning af mannvirkjum, gerð af Byggingastofnun landbúnaðarins eða samþykkt af henni og Búnaðarfélagi Íslands, ásamt samþykki hlutadeigandi byggingaryfirvalda um staðsetningu byggingarinnar. Jafnframt sé tekið fram, hvenær hann telji sig hafa lokið undirbúningi verksins og fullnægt þar að lútandi ákvæðum samþykktarinnar. Ennfremur sé tekið fram að hve miklu leyti hann óski, að verkið sé unnið af sambandinu. Umsóknir skulu komnar til sambandsstjórnar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert.

10. gr.

Að fengnum umsóknum þeim, er um getur í 9. gr., ber stjórn búnaðarsambandsins, í samráði við framkvæmdastjóra, að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir hinar fyrirhuguðu byggingaframkvæmdir yfirstandandi árs.

Rísi ágreiningur innan búnaðarsambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunarinnar, ber að leggja hana fyrir aðalfund búnaðarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykkttri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess sérstaklega gætt, að þeir, sem mesta þörf hafa fyrir nýbyggingar, sitji fyrir eftir því sem unnt er.

12. gr.

Til þess að búnaðarsambandið taki að sér byggingaframkvæmdir, skal verkkaupi hafa fullnægt eftirtöldum skilyrðum: Lagt inn greiðslu í sjóð sambandsins, sem stjórnin telur fullnægjandi til að ljúka verki því, sem það tekur að sér að annast. Heimilt er verkkaupa að leggja fram sem greiðslutryggingu, ávísun á væntanlegt lán eða styrk, enda liggja fyrir yfirlýsing frá stofnun um lágmarksupphæð á láni eða styrk, sem veittur yrði. Nú hefur verkkaupi fullnægt, að dómi framkvæmdastjóra, framangreindum skilyrðum, og skulu þeir þá gera með sér verktökusamning. Verkkaupi skal hafa grafið fyrir húsi og gert aðgengilegt fyrir vélar og önnur tæki, sem nauðsynleg eru við bygginguna, tryggt nóg vatn til steypunnar og flutt allt byggingarefni á staðinn, nema samið hafi verið sérstaklega við sambandið um annað.

13. gr.

Byggingaframkvæmdum sé yfirleitt hagað þannig, að sem haganlegast sé fyrir báða aðila, þó sé að sumrinu unnið að steypuvinnu og húsin gerð fókheld, en að því leyti, sem sambandið tekur að sér innanhússvinnu, þá er gengið út frá því, að hún fari fram að vetrinum. Vanda skal val manna við vinnuna eftir því sem kostur er á, og sé að minnsta kosti einn maður í hverjum flokki fær til að vinna á eigin ábyrgð að þeim verkefnum, sem flokknum er ætlað að leysa af hendi, enda sé hann verkstjóri flokksins.

Byggingarvinnan skiptist milli vinnuflokka eftir því, sem stjórn og framkvæmdastjóri telja hagkvæmast, jafnframt því að tryggð sé nægileg vinnuvöndun.

14. gr.

Nú liggja ekki fyrir næg verkefni hjá félagsmönnum búnaðarsambandsins og er þá heimilt að taka verk fyrir utanfélagsmenn, enda sé farið eftir reglum sambandsins um greiðslutryggingu og öll störf greidd af verkkaupa eftir reikningum.

IV. KAFLI

Um greiðslu kostnaðar.

15. gr.

Kostnaður við framkvæmdir þær, er samþykkt þessi tekur til, greiðist af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um ræðir í 6. og 12. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn og framkvæmdastjóra búnaðarsambandsins, að láta greiðslu fara fram eftir áætluðum tóxtum meðan verkið stendur yfir, en fullnaðarupphæð sé byggð á tilkostnaðarverði eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs.

Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við meðaltalsbyggingarkostnað næstliðins árs, eins og hann hefur verið reiknaður af Byggingast. landbúnaðarins og með hliðsjón af verðbreytingum, sem kunna að hafa orðið.

16. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla, áhalda og veggjamóta og greiðslur fyrningargjalda af þeim, kostnaður við flutninga milli vinnustaða, viðhald véla og annarra tækja, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að ákveða að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

17. gr.

Áhættupóknun af verkum, sem unnin eru fyrir utanfélagsmenn, og annar hagnaður af þeim skal leggjast í byggingasjóð búnaðarsambandsins.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Búnaðarsambandið myndar byggingasjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggjamótum við byggingaframkvæmdir sambandsins.

Tekjur byggingasjóðs eru:

1. Tveir þriðju hlutar stofnfjárins er styrkur úr ríkissjóði, jafnóðum og hann greiðist til sambandsins út á þær vélar og tæki, er keypt verða, enda liggja fyrir samþykki Byggingastofnunar landbúnaðarins og Búnaðarfélags Íslands um þörf sambandsins fyrir þann tækjakost.
2. Óafturkræft framlag frá félagsdeildum Búnaðarsambands Austurlands, er nemi minnst $\frac{1}{6}$ heildarstofnfjárins.

Eftirstöðvar stofnfjárins tekur Búnaðarsamband Austurlands að láni. Lán þetta endurgreiðist innan 5 ára og teljast greiðslur þessar ásamt vöxtum til reksturskostnaðar við byggingaframkvæmdirnar.

3. Tekjur þær, sem inn kunna að koma samkv. 17. gr.

19. gr.

Nú kemur síðar í ljós, að álitu búnaðarsambandsstjórnar, að auka þurfi byggingasjóð, og ber henni þá að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins og senda þær öllum búnaðarfélögum, er að samþykktinni standa, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund sambandsins. Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins samþykkir að auka byggingasjóðinn, er samþykktin bindandi fyrir búnaðarfélögin.

20. gr.

Stjórn búnaðarsambandsins ber að taka þær greiðslutryggingar, sem fyrir er mælt í 12. gr. miðað við áætlaðan kostnað búnaðarsambandsins af hverri byggingu. Lokagreiðslur fara fram samkvæmt ákvæðum verktökusamnings.

Skuldir, sem myndast kunna við búnaðarsambandið samkvæmt samþykkt þessari, eru forgangsskuldir, tryggðar með veði í jörð þeirri, er framkvæmdin hefur verið gerð á, eftir lánum þeim, sem á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin hófst, og víkja aðeins fyrir opinberum gjöldum og fylgifyrirköfu, ef um ódalsjarðir er að ræða. Skuldir þessar má taka lögtaki.

21. gr.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að taka rekstrarlán gegn tryggingu í ávísun og greiðslutryggingum, sem ekki eru fallnar í gjalddaga.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

22. gr.

Reikningsár miðist við almanaksár og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur sambandsins er haldinn. Endurskoðendur skulu sannprófa að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

23. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kosnir af aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn vandlega og hafa eftirlit með starfrækslu stjórnar og framkvæmdastjóra í hvívetna.

24. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi búnaðarsambandsins. Þar gefur stjórn eða framkvæmdastjóri skýrslu um starfsemina svo og endurskoðendur, ef tilefni er til.

VII. KAFLI

Um breytingu samþykktá og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

25. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma, um breytingu á samþykkt þessari frá búnaðarfélagum, skulu sendar sambandsstjórn, er sendir þær til umsagnar öllum aðilum, er að samþykktinni standa samkv. 1. gr. Breytingartillögur sambandsstjórnar skulu sendar sömu aðilum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst, ásamt umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

26. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meirihluta samþykktaradila liggja fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og að lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ hlutum atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

27. gr.

Mál út af brotum á samþykkt þessari sæta meðferð opinberra mála. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. apríl 1983.

Pálmi Jónsson.

Haukur Jörundarson.

REGLUGERÐ

um ráðstöfunarfé vistmanna á dvalarstofnunum aldraðra.

1. gr.

Ráðstöfunarfé aldraðra, sem vistaðir eru á dvalarheimilum aldraðra og engar tekjur hafa aðrar en lífeyri almannatrygginga, hækkar þannig að mánaðarupphæð sú sem í gildi er í marsmánuði 1983, hækkar og verður 1.326 kr. á mánuði, frá og með 1. júní 1983. Síðan hækki upphæðin í áföngum uns því marki er náð sem gert er ráð fyrir í 26. gr. laga nr. 91/1982.

Ráðstöfunarfé aldraðra, sem vistaðir eru á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum fyrir aldraða og engar tekjur hafa aðrar en lífeyri almannatrygginga, hækkar þannig að mánaðarupphæð sú sem í gildi er í marsmánuði 1983, verður frá og með 1. júní 1983 kr. 1.113. Síðan hækkar upphæðin í áföngum, sbr. 1. mgr. 1. gr.

2. gr.

Fjárhæðir samkvæmt 1. gr. reglugerðar þessarar breytast eftir sömu reglum og fjárhæðir bóta almannatrygginga, sbr. 79. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 26. gr. laga um málefni aldraðra nr. 91/1982, sbr. ákvæði 2 til bráðabirgða sömu laga, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. apríl 1983.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson

REGLUGERÐ

um tollverð notaðra bifreiða.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um ákvörðun tollverðs innfluttra notaðra bifreiða, sem flokkast undir tollskrárnúmer í vörulíð 87.02, en notuð telst bifreið því aðeins í þessu sambandi að hún hafi í minnst þrjá mánuði verið skráð eða leyfi veitt til aksturs hennar erlendis og óyggjandi sé að hún hafi verið notuð til aksturs þann tíma. Leiki vafi á um hvort bifreið hafi verið notuð getur tollyfirvald leitað álits Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Séu skilyrði 1. mgr. til tollmeðferðar bifreiðar sem notaðrar bifreiðar eigi uppfyllt skal hún tollafgreidd sem ný bifreið og tollverð hennar ákveðið samkvæmt meginreglum 5.—6. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

2. gr.

Tollverð notaðrar bifreiðar skal vera útreiknað verð bifreiðar fundið samkvæmt þeim reglum sem kveðið er á um í reglugerð þessari að viðbættu flutningsgjaldi, váttryggingariðgjaldi svo og öðrum kostnaði sem mynda tollverð vara skv. 6. gr. tollskrárlaga.

3. gr.

Við verðákvörðun skal leggja til grundvallar fob-verð nýjustu árgerðar bifreiðar af sömu eða sams konar tegund eins og það er ákveðið á hverjum tíma í skrá um grunnverð bifreiða, sbr. 6. gr. Af grunnverði þessu, sem telst fyrningargrunnur, skal reiknuð fyrning skv. 4. gr.

4. gr.

Frá grunnverði skv. 3. gr. skal draga fyrningu sem er hundraðshluti fyrir hvern aldursmánuð bifreiðar, sbr. 1. mgr. 5. gr., sem hér segir:

1. Bifreiðar eingöngu til fólksflutninga, fyrir 9 manns eða færri að meðtöldum öikumanni, þ. m. t. skutbifreiðar (station), 1,5% fyrir hvern mánuð fyrir 12 mánuðina, 1% næstu 24 mánuðina og 0,5% fyrir hvern mánuð eftir það.
2. Aðrar bifreiðar, 1,2% fyrir hvern mánuð fyrstu 12 mánuðina, 1% næstu 24 mánuðina og 0,5% fyrir hvern mánuð eftir það.

Flytji maður búferlum til landsins og hafi hann með sér bifreið af þeirri gerð sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. þessarar greinar og verið hefur í eigu hans í a. m. k. eitt ár skal fyrning fyrir hvern aldursmánuð, sbr. 1. mgr. 5. gr., þó vera 1,5% fyrir fyrstu 12 mánuðina og síðan 1% á mánuði. Verð notaðra bifreiða erlendra sendiráða eða sendiráðsstarfsmanna sem tollafgreiddar hafa verið skv. 8. tl. 2. gr. tollskrárlaga skal fundið með sama hætti en lok fyrningar skal miða við söludag.

Aldrei má fyrna meir en svo samkvæmt ákvæðum þessarar greinar að eftir standi 10% af fyrningargrunni bifreiðar.

5. gr.

Upphaf fyrningar samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar miðast við 1. janúar árgerðarárs viðkomandi bifreiðar en lok fyrningar við komumánuð flutningsfars til landsins sem talinn skal með til fyrningar.

Skráningu eða leyfi til aksturs bifreiðar svo og árgerð bifreiðar skal sanna með vottorði útgefnu af opinberum skráningaradila í því landi, þar sem bifreiðin var fyrst tekin í notkun, eða á annan þann hátt sem tollyfirvald metur gildan.

Við verðákvörðun skv. 3. og 4. gr. skal hvorki taka tillit til útlits né ástands viðkomandi bifreiðar.

Verðákvörðun skv. 3. og 4. gr. er endanlega bindandi.

6. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur árlega gera skrá um grunnverð algengustu tegunda nýrra bifreiða til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt reglugerð þessari. Sé grunnverð bifreiðar eigi tilgreint í skrá fjármálaráðuneytisins skal innflytjandi afla vottorðs hjá viðkomandi bifreiðaumboði um fob-verð bifreiðar eins og það er í upphafi hvers árs og leggja það fram með öðrum tollskjölum hjá tollstjóra.

7. gr.

Sé eigi unnt að finna verð skv. 3.—5. gr. reglugerðar þessarar, þar sem grunnverð bifreiðar er eigi tilgreint í skrá fjármálaráðuneytisins og upplýsinga um fob-verð nýrrar bifreiðar af sömu eða sams konar tegund eins og það er í upphafi árgerðarárs verður eigi aflað hjá viðkomandi bifreiðaumboði, skal tollverð bifreiðarinnar ákveðið skv. 10. gr. tollskrárlaga. Skal það m. a. gert hafi framleiðslu bifreiðategundar verið hætt án þess að í staðinn hafi komið sams konar tegund, verulegar breytingar verið gerðar milli ára og árgerðir því ósambærilegar eða verulega skorti á að um fullgerða bifreið sé að ræða. Sé

bifreið svo löskuð að hún þarfnist verulegrar viðgerðar til þess að komast í ökuhæft ástand og ætla má að viðgerð kosti þriðjung eða meira af söluverði sambærilegar bifreiðar innanlands getur tollstjóri heimilað að bifreiðin verði metin til tolls á kostnað innflytjanda í samræmi við ákvæði 10. gr. tollskrárlaga.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 411 8. október 1979 um sama efni.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skulu ákvæði reglugerðar þessarar taka til notaðra bifreiða, sbr. 1. mgr. 1. gr., sem aðflutningsgjöld hafa að fullu verið greidd af með peningum eða útgáfu skuldarviðurkenningar frá og með 1. janúar 1983. Leiði endurútreikningur tollverðs til lækkunar gjalda og hafi gjöld verið greidd með skuldaviðurkenningu skal beiðni um lækkun og endurgreiðslu gjalda send fjármálaráðuneytinu. Hafi gjöld hins vegar verið greidd í peningum skal beiðni um endurgreiðslu send viðkomandi tollstjóra. Beiðni um endurgreiðslu skal borin fram á þar til gerðu eyðublaði sem fæst hjá tollstjórum og skal endurgreiðslufjárhæð (lækkun gjalda) þar útreiknuð af innflytjanda. Beiðni skal fylgja öll þau tollskjöl sem fullnaðartollafgreiðslu varða, þ. m. t. bleikt eintak aðflutningsskýrslu með greiðslustimpli tollstjóra og afrit af skuldarviðurkenningu.

Fjármálaráðuneytið, 29. apríl 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31 2. febrúar 1982.

1. málsgrein 3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 5,50 fyrir hvern rúmmetra vatns.

1. málsgrein 4. gr. orðist þannig:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 11,00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Einnig skal greiða í afgreiðslugjald kr. 111,00 ef vatnið er afgreitt á virkum dögum kl. 8—17, en kr. 222,00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á öryggisbúnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	kr.
Fyrir opna báta	420,00
Fyrir þilfarsskip minni en 25 brl.	720,00
Fyrir þilfarsskip 25 brl. til 100 brl.	1 115,00
Fyrir þilfarsskip 101 brl. til 250 brl.	1 500,00
Fyrir þilfarsskip 251 brl. til 500 brl.	2 040,00
Fyrir þilfarsskip 501 brl. til 1600 brl.	3 300,00
Fyrir þilfarsskip 1601 brl. og stærri	3 960,00

Hálf rúmlest telst heil, en minna broti skal sleppt.

Sé ástandi skips þannig háttað við árlega aðalskoðun að nauðsynlegt sé fyrir viðkomandi skoðunarmann að mæta til skoðunar á öryggisbúnaði, vél eða bol skips, oftan er tvisvar sinnum í sama skipið, teljast skoðanir þar eftir aukaskoðanir.

Fyrir skoðun skipa sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greitt hálf gjald fyrir árlega aðalskoðun samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun, hvort heldur hún fer fram að tilhlutan skipstjóra, skipseiganda eða siglingamálastjóra skal greiða skv. reikningi hans fyrir útlögðum kostnaði.

Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að leggja 30% á kostnaðinn að undanskildum ferðakostnaði.

3. gr.

Eftirlit með nýsmíði.

1. Opnir bátar og þilfarsbátar minni en 8 metrar að lengd:

A. Fyrir yfirferð á teikningum og samþykki til smíði á nýrri gerð báta	3 360,00
B. Fyrir úttekt á nýsmíði og innfluttum bátum af viðurkenndri gerð og útgáfu skipsskjala	1 800,00

2. Önnur þilfarsskip.

A. Fyrir yfirferð á teikningum og eftirlit með nýsmíði þilfarsskipa innanlands, þ. m. t. lokaúttekt og útgáfa skipsskjala, skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins eftirfarandi gjöld:

Fyrir þilfarsskip styttri en 26 m

0.30% af lokaverði skips.

Fyrir þilfarsskip lengri en 26 m

0.26% af lokaverði skips.

Lokaverð er það verð sem lagt er til grundvallar við endurgreiðslu á tollum og aðflutningsgjöldum. Þ. e. meðtalinn fjármagnskostnaður verksala (vextir og verðbólgutap).

Fyrir skip smíðuð erlendis, skal miða við það verð, sem lagt er fyrir Fiskveiðasjóð, og/eða Ríkisábyrgðarsjóð, sé um fiskiskip að ræða, og viðskiptaráðuneytið, sé um önnur skip að ræða.

- B. Fyrir skip sem smíðuð eru skv. reglum og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags skal greiða ½ gjald skv. A og C lið þessarar málsgreinar.
- C. Fyrir nýsmíði þilfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins skv. A lið þessarar málsgreinar að viðbættum fargjöldum skoðunarmanna.
3. Eftirlitsgjöld skv. þessari grein skal greiða sem hér segir:
 20% gjaldsins við undirritun smíðasamnings eða upphaf smíði.
 30% gjaldsins þegar lokið er að byrða bol skips, sjóða hluta þess saman, stilla fyrsta feldi upp eða bandreisa, sé um tréskip að ræða.
 20% gjaldsins þegar aðalvél er komin á undirstöður.
 Eftirstöðvar gjaldsins ásamt fargjöldum skoðunarmanna skv. C lið 2. málsgreinar, við afhendingu skipsskjala.

4. gr.

Eftirlit með viðgerðum.

1. Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi fyrir útlögðum kostnaði. Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að leggja 30% á kostnaðinn, þó ekki á dagpeninga og fargjöld.
2. Heimilt er að innheimta fyrirfram, hjá eiganda skips, sem svarar fargjöldum og áætluðum dagpeningum skoðunarmanna, fari viðgerð fram erlendis.

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	kr.
Skip allt að 500 brl.	1 080,00
Skip 501 brl. allt að 1000 brl.	1 405,00
Skip 1001 brl. allt að 2000 brl.	1 870,00
Skip 2001 brl. allt að 5000 brl.	2 485,00

Skip stærri en 5000 brl. greiðast eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjaútreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða kr. 200,00.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 125,00 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun er gerð.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 420,00 enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

6. gr.

Skráning skipa og útgáfa skjala.

	kr.
1. Útgáfa þjóðernisskírteinis	300,00
2. Útgáfa alþjóðamælibréfs	360,00
3. Afrit af alþjóðamælibréfi	120,00
4. Útgáfa mælibréfs fyrir opna báta	180,00
5. Afrit af mælibréfi fyrir opna báta	60,00
6. Einkaleyfi á skipsnafni	2 400,00

7. gr.

Mæling skipa.

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs, nema um nýsmíði sé að ræða skal greiða:

	kr.
Opinn bátur	600,00
Pilfarsskip minni en 25 brl.	3 000,00
Pilfarsskip 25 brl. allt að 100 brl.	4 200,00
Pilfarsskip 101 brl. allt að 250 brl.	6 600,00
Pilfarsskip 251 brl. allt að 500 brl.	10 200,00
Pilfarsskip 501 brl. allt að 1600 brl.	14 400,00
Pilfarsskip 1601 brl. allt að 5000 brl.	19 200,00

Pilfarsskip 5001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

Sé skipið mælt tvenns konar mælingu skal greiða eitt og hálf gjald skv. ofanrituðu miðað við hærri mælinguna.

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum erlendis, vegna mælinga, skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

8. gr.

Útgáfa vottorða og umsagnir.

	kr.
Vottorð um útstrikun skips af aðalskipaskrá	120,00
Vottorð um lúkningu vélaskipta og viðgerða	60,00
Umsögn um vélaskipti	300,00

9. gr.

Tækjaleiga.

Við röntgenmyndun greiðist sérstaklega fyrir leigu á tækjum, filmum, framköllun og mat skv. II W kr. 145,00 á hverja mynd.

Tækjaleiga við þykktar- og aðrar örbylgju- og sprungumælingar, titrings- og hávaðamælingar og átaksprófanir kr. 100,00 á klst.

10. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, skal greitt skv. reikningi. Þurfi skipaskoðunar- eða eftirlitsmenn á sérfróðri aðstoð að halda sbr. 9. gr. laga nr. 53/1970, greiði eigandi skips kostnað við slíka aðstoð.

11. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar fari fram á venjulegum skrifstofutíma.

Sé hins vegar óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnuninni í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greiðast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út. Þó skal heimilt að fela sýslumönnum og bæjarfógetum innheimtu gjaldanna ef hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum, gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skuli skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 53 12. maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun skipa nr. 780 20. desember 1982.

Samgönguráðuneytið, 25. apríl 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Marinós Bjarna Kristjánssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. apríl 1983. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Marinós Bjarna Kristjánssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Marinós Bjarna Kristjánssonar. Hann er stofnaður í minningu Marinós Bjarna Kristjánssonar frá Efri-Tungu í Örlygshöfn, sem fæddist 29. júní 1930, og lést 16. desember 1980.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlög frá vinum og aðstandendum Marinós Bjarna Kristjánssonar. Nemur stofnféð samtals kr. 25 000,00 — tuttugu og fimm þúsund krónum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til þeirra aðila innan Rauðasandshrepps — einstaklinga eða fjölskyldna — sem verða fyrir áföllum eða slysum of fá tjón sitt alls ekki bætt, eða einvörðungu að litlu leyti, annarsstaðar að, svo sem hjá vátryggingafyrirtækjum eða tryggingastofnunum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru: a) Vextir af fé hans. b) Gjafir sem honum kunna að berast.

5. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins á hverjum tíma eru vextir af höfuðstól. Ekki má skerða stofnfjárhæð sjóðsins.

6. gr.

Sjóðinn ber að ávaxta í Sparisjóði Rauðasandshrepps með hagstæðustu vaxtakjörum sem kostur er á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri Rauðasandshrepps, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Rauðasandshrepps og einn ættingi Marinós Bjarna Kristjánssonar búsettur í Rauðasandshreppi. Samkvæmt þessu skipa fyrstu stjórn sjóðsins Þórður Jónsson, Hvallátrum, Valdimar Össurarson, Miðgarði, og Dagbjört Torfadóttir, Efri-Tungu.

8. gr.

Heimilt er hreppsþúum í Rauðasandshreppi að sækja um styrk úr sjóðnum, verði þeir fyrir áföllum eða slysum. Hafi umsókn ekki borist, er sjóðsstjórn heimilt að veita hreppsþúum, sem hún telur hafa orðið fyrir skakkaföllum sem íþyngi þeim verulega í lífsbaráttunni, styrki af ráðstöfunarfé sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu endurskoðaðir með reikningum Sparisjóðs Rauðasandshrepps.

10. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal miðast við 29. júní eða 16. desember ár hvert.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og að fenginni staðfestingu skal hún birt í Stjórnartíðindum.

ARÐSKRÁ

fyrir **Veiðifélag Búðardalsár, Skarðshreppi, Dalasýslu.**

Tindar	28%
Búðardalur	22%
Hvarfsdalur	7%
Barmur	3%
Hvalgrafir	40%
	<hr/>
	100%

Samkvæmt aðalfundarsamþykkt gildi arðskrá í þrjú ár, frá 1. janúar 1983 að telja.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. apríl 1983.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

ARÐSKRÁ**Veiðifélags Reyðarvatns.**

Svæði	Einingafjöldi
Þverfell	418,00
Afréttarland Lunddælinga	275,00
Afréttarland Andkílinga	307,00
	<hr/>
	Samtals 1000

Miðað er við að arðskrá þessi taki gildi frá og með 1. janúar 1982.

Ofanskráð arðskrá hlaut samþykki allra fundarmanna á aðalfundi félagsins 2. apríl 1982, 45 atkv. með en engin á móti.

Í félaginu eru 58 atkvæðisbærir félagar.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. apríl 1983.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

SAMÞYKKT**fyrir Veiðifélag Hrútsvatns, Rangárvallasýslu.**

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Hrútsvatns. Heimili þess og varnarþing er Ása- og Djúpár-hreppar, Rangárvallasýslu

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hrútsvatni, en þær eru Sandhólaferja, Ásmúli, Framnes, Áskot, Ás I, II, III, IV og Hellnatún I, II.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi er gerð samkæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. apríl 1983.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Tröllabarna í Lækjarbotnum, Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð, að tillögu bæjarstjórnar Kópavogs í samráði við náttúruverndarnefnd og skipulagsnefnd kaupstaðarins, fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa landsvæðið umhverfis Tröllabörn í Lækjarbotnum í Kópavogskaupstað sem náttúruvætti.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Mörkin fylgja hnitapunktum úr hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951 og eru beinar markalínur á milli punkta. Að norðan fylgja þau suðurbrún Suðurlandsvegur frá punkti 66 sbr. meðfylgjandi uppdrátt (hnit x: 9253.35, y: 10824.29), austur að punkti 69 (hnit x: 9056.63, y: 10765.23). Þaðan hornrétt á Suðurlandsveg til suðurs í punkt 39 (hnit x: 9161.90,

y: 10571.19). Þar beygja mörkin til vesturs í punkt 38 (hnit x: 9286.88, y: 10631.73) og áfram til norðvesturs í punkt 77 (hnit x: 9315.78, y: 10738.49). Þaðan til norðurs í punkt 37 (hnit x: 9283.35, y: 10824.29) og áfram að punkti 66 (hnit x: 9253.89, y: 10873.46) við Suðurlandsveg. Flatarmál svæðisins er 46.658 m².

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimilt, nema til komi leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Skyld er að hlíta nánari reglum sem bæjarstjórn kann að setja um umferð og umgengni með samþykki Náttúruverndarráðs.
3. Hvers konar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu.

Náttúruverndarnefnd Kópavogs hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði Náttúruverndarráðs og bæjarstjórnar.


Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.


Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 15. mars 1983.

Ingvar Gíslason.

Runólfur Þórarinnsson.





REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976 um happdrætti
Háskóla Íslands.

1. gr.

1. og 2. másl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er kr. 100,00 í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða kr. 1 200,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um happdrætti Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1984.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 423 12. júlí 1982.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. maí 1983.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála og VIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið hinn 21. desember 1982 veitt Flugfélagi Austurlands hf., Egilsstöðum, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum innanlands á tímabilinu 1. janúar 1983 til 31. desember 1984:

1. Egilsstaðir — Vopnafjörður — Bakkafjörður — Egilsstaðir.
2. Egilsstaðir — Borgarfjörður eystri — Egilsstaðir.
3. Egilsstaðir — Neskaupstaður — Egilsstaðir.
4. Egilsstaðir — Djúpvogur — Höfn — Egilsstaðir.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 2. maí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um framlag sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

1. gr.

Sveitarsjóðir skulu greiða framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs, er sé árlega jafnhátt heildariðgjöldum þeim, sem atvinnurekendur greiða til sjóðsins samkvæmt 14. gr. sbr. 10. gr. laga nr. 64/1981.

2. gr.

Framlag sveitarsjóðs miðast við iðgjöld atvinnurekenda, sem heimilisfastir eru í sveitarfélaginu.

Nú rekur aðili starfsemi í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili og skal þá sveitarsjóður þess sveitarfélags inna af hendi framlag, sem svarar til heildariðgjalda af þeirri starfsemi. Greiðsluskylda lögheimilissveitarfélags lækkar samsvarandi.

Greiðsluskyldu sveitarfélags skal að jafnaði miða við, að hlutaðeigandi atvinnurekendur séu aðstöðugjaldsskyldir til sveitarfélags skv. 40. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélags.

3. gr.

Áætlað framlag sveitarfélags greiðist ársfjórðungslega eftir á en fullnaðarskil skulu gerð þegar iðgjöld skv. 10. gr. laga nr. 64/1981 hafa verið ákveðin.

Um dráttarvexti gilda reglur laga um tekjuskatt og eignarskatt.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 64 2. júní 1981 um atvinnuleysistryggingar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. maí 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

fyrir Íþróttahúsið á Akranesi.

1. gr.

Íþróttahúsið er í Akraneskaupstað og ber heitið Íþróttahúsið á Akranesi.

2. gr.

Íþróttahúsið á Akranesi er að hluta til skólamannvirki, en að öðru leyti íþróttamannvirki kaupstaðarins.

3. gr.

Íþróttasal hússins skal nota til leikfímikennslu, íþróttæfinga, íþróttasýninga og íþróttakeppni svo og til annarra nota eftir því sem við verður komið.

4. gr.

Forstöðurmaður hússins skal vera fastur starfsmaður. Hann skal hafa daglegt eftirlit með húsinu og rekstri þess. Hann skal halda dagbók um notkun hússins og mæta á fundum íþróttaráðs. Störf sín vinnur hann samkvæmt erindisbréfi og fyrirmælum íþróttaráðs.

5. gr.

Starfræksla íþróttahússins er á ábyrgð bæjarstjórnar Akraness, en er falin íþróttaráði Akraness, sem starfar samkvæmt reglugerð.

6. gr.

Starfssvið íþróttaráðs varðandi íþróttahúsið skal vera:

- a) að setja reglur um umgengi í húsinu;
- b) að skipuleggja afnot af húsinu. Forgangsrétt til afnota hafa skólar bæjarins, almenna kennsludaga frá kl. 08:00 — 18:00, því næst viðurkennd íþróttafélög innan kaupstaðarins og þá aðrir aðilar. Þegar ganga skal frá niðurröðun á afnotum hússins í byrjun vetrar, skulu skólastjórar við skóla bæjarfélagsins boðaðir á fund íþróttaráðs;
- c) að gera tillögur til bæjarráðs um afnotagjöld;
- d) að gera tillögur til bæjarráðs um ráðningar starfsfólks og setja því starfsreglur;
- e) að gera árlega fjárhagsáætlun um rekstur hússins, viðhald þess, endurbætur, kaup áhalda og tækja og viðhald þeirra. Fjárhagsáætlun skal skila það snemma, að hún liggi fyrir þegar unnið er að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs;
- f) að fylgjast vandlega með kostnaði við rekstur íþróttahússins og gæta þess, að rekstri sé hagað í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun. Íþróttaráð og forstöðumaður skulu gæta þess við skipulagningu, að nýting hússins verði sem best og samfelldust.

7. gr.

Fjárreiður og reikningshald íþróttahússins, hvort sem er vegna framkvæmda eða rekstrar, fer fram á skrifstofu Akraneskaupstaðar. Reikningar verða því aðeins greiddir, að fulltrúi íþróttaráðs hafi samþykkt og vistað þá.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness, 12. apríl 1983, er sett samkv. 10. gr. íþróttalaga nr. 49, 7. apríl 1956. Með þessari samþykkt fellur úr gildi reglugerð fyrir Íþróttahúsið á Akranesi nr. 300 frá 22. júlí 1976.

Menntamálaráðuneytið, 3. maí 1983.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpi.

I. Hljóðvarp (Miðað er við krónur fyrir hvert orð)

Kr.

Flokkur 1.

Dánartilkynningar og jarðarfarir, messur, góðgerðarstarfsemi, tapað —
fundið 25,00

Flokkur 2.

Opinberar tilkynningar, auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 09.30 og kl. 16.00 40,00

Flokkur 3.

Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir og eftir hádegisfréttir og fyrir kvöldfréttir 50,00

Flokkur 4.

Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir 100,00

II. Sjónvarp

(Miðað er við krónur fyrir sekúndur).

7 sek.	3 380,00
10 sek.	5 240,00
15 sek.	6 570,00
20 sek.	8 130,00
25 sek.	9 170,00
30 sek.	10 220,00
35 sek.	11 920,00
40 sek.	13 000,00
45 sek.	13 940,00
50 sek.	15 470,00
55 sek.	17 030,00
60 sek.	18 590,00

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. júní 1983 og þar til öðruvísi kann að vera ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 5. maí 1983.

Ingvar Gíslason.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Hinn 5. maí s. l. staðfesti skipulagsstjórn ríkisins þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að í stað útivistarsvæðis norðan Sogavegar verði ákveðin spilda gegnt Breiðagerði og Akurgerði ætluð undir miðbæjarstarfsemi.

Félagsmálaráðuneytið, 11. maí 1983.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir póstþjónustu.

Gildir frá 1. júní 1983.

TEGUND SENDINGAR	Pyngd- armörk g	Innan- lands Burðar- gj. aur.	Norðurlönd		Önnur lönd í Evrópu		Lönd utan Evrópu	
			Alm. burðar- gj. aur.	¹⁾ Flug- burðar- gj. aur.	Alm. burðar- gj. aur.	¹⁾ Flug- burðar- gj. aur.	Alm. burðar- gj. aur.	¹⁾ Flug- burðar- gj. aur.
Hámark stærðar og þyngdar								
Bréf.	20	550	550	²⁾	650	²⁾	650	1150
Hámarksstærð:	100	1100	1100		1550		1550	3250
Lengd + breidd	250	2200	2200		3050		3050	9000
+ þykkt 900 mm.	500	4400	4400		5850		5850	16750
Mesta lengd 600 mm.	1000	6600	8400		10200		10200	32500
Í ströngum:	2000	16550	16550		16550		16550	61950
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í ströngum:								
Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
Póstkort.				²⁾		²⁾		
Mest 105 × 148 mm.		500	500		500		500	550
Minnst 90 × 140 mm.								
Prent.								
Stærð sama og bréfs.	20	500	500	500	500	500	500	550
(Prentkort, sama stærð og póstkort).	100	650	650	950	700	950	700	1550
Hámarksþyngd 2 kg.	250	1150	1150	1550	1300	1550	1300	3200
Bækur þó 5 kg.	500	2050	2050	3500	2300	3500	2300	6450
Burðargjald fyrir prent	1000	3200	3200	6300	3800	6300	3800	12300
yfir 1000 g til Norðurl.	2000	4500	5350	11250	5350	11250	5350	24900
er sama og fyrir	3000	7150	8050	17900	8050	17900	8050	31750
„Önnur lönd.“	4000	9250	10750	24550	10750	24550	10750	38600
	5000	11500	13450	31200	13450	31200	13450	45450
Smápakkar.								
Stærð sama og bréfa.	100	650	650	950	700	950	700	1550
Hámarksþyngd 1 kg.	250	1150	1150	1550	1300	1550	1300	3200
	500	2050	2050	3500	2300	3500	2300	6450
	1000	3200	3200	6300	3800	6300	3800	12300
Innrituð blöð og tímarit. Innritunargjald 3240.00 kr. Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm. (minnst 50 eintök til hvers í einu). Hámarksþ. 20 kg.	hver 500	293	Um afslátt af burð- argjaldi fyrir dag- blöð, landsmála- blöð og tímarit landsamtaka stétt- arfélags og fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstak- lega um bók- menntir og listir eða trúmál, vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu nr. 138/1982, grein 14.4.1.					
b) Til áskrifenda. Minnsta gjald: 200 eint. Hámarksþyngd 500 g hvert eintak.	100 200 300 400 500	115 228 330 409 749						

¹⁾ Samanlagt flugggjald og alm. burðargjald.

²⁾ Bréf og póstkort (L.C) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks fluggjalds.

TEGUND SENDINGAR	Burðar- gjald aurar	TEGUND SENDINGAR	Burðargjald aurar
Gíröþjónusta Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	800	Almennir böggjar (innanlands):	Pyngdar- mörk kg
Póstávisanir. a. Innanlands og til Norðurlanda: Hámarksupphæð innanlands: 30 000 kr. Burðargjald a). almenn póstaúvisun b). símapóstávisun	1350 6050	Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m. Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	1 3 5 10 15 20
b. Til annarra landa: Burðargjald	1700		Alm. böggjar aurar
			Rúmfr. broth. aurar
Póstkröfur. Hámarksupphæð sama og póstaúvisana (30 000 kr.) eða innborgunar á póstgíróreikning (upphæð ótakmörkuð). Burðargjald sendingar eftir tegund. a. Innanlands og til Norðurlanda: Með póstaúvisun	2500 1700	Verðbréf og -böggjar. Burðargjald sendingar eftir tegund. Skrásetningargjald	aurar
b. Til annarra landa: Burðargjald	2700	Tryggingargjald. Fyrir hverjar 500 kr. eða minna	1200 1200
		Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.	
		Loftbréf: Söluverð 50 aurar, auk burðargjalds fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki (650 aurar). Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.	

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	1200 aurar	Talning í verðbréfi innanlands: 1200 aurar hver sending. Alþjóða-svarmerki: Söluverð 1200 aurar. Skiptiverð í frímerkjum 650 aurar.
Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirsögn um sendingu	1150 aurar	Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: 1150 aurar. Tollmeðferð bréfs, prents og smápakka: 1100 aurar.
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er	2700 aurar	Tollmeðferð böggla: 1400 aurar. Gjald fyrir að búa um böggla á ný: 750 aurar. Geymslugjald böggla: 1400 aurar á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús.
Móttökukvittun	650 aurar	Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan 650 aurar.

Greiddsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

- Verðbréf og -böggjar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
- Ábyrgðarsendingar og almennir böggjar: a. allt að 228 kr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 1138 kr. fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.
Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Pósthólfaleiga. Ársleiga eftir stærð: 65, 106, 129, 165 og 196 kr.
Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. júní 1983. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu nr. 56 frá 7. febrúar 1983.

Samgönguráðuneytið, 11. maí 1983.

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

Hluti J 13.

Lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum.

1. gr.

Bátar eða skip, hverju nafni sem nefnast og skoðunarskyld eru að lögum, skulu jafnan hafa lyfjakistu eða lyfjaskáp meðferðis, búinn lyfjum, umbúðum og áhöldum, svo sem fyrir er mælt í þessari reglugerð. Slikir skápar eða kistur eru hér nefndar einu heiti **lyfjakistur**. Öll lyf í venjulegri merkingu, sóttthreinsandi efni og hjúkrunargögn, er innihalda lyf, eru nefnd **lyf**, einu heiti. Ávana- og fíknilyf (euforetica) eru þau lyf og lyfjasamsetningar, sem svo eru greind í lista B í fylgiskjali við reglugerð um ávana- og fíkniefni nr. 390, 1974.

2. gr.

Lyfjakistur eru 7 talsins og auðkenndar með tölunum 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 7. Skyld er að hafa eina hinna 5 fyrst talinna lyfjakistna, merkta sinni tölu, um borð í skipunum, samkvæmt eftirfarandi:

Fiskiskip allt að 30 brl. hafi lyfjakistu nr. 1.

Fiskiskip 30—130 brl. hafi lyfjakistu nr. 2.

Fiskiskip 130—500 brl. hafi lyfjakistu nr. 3.

Fiskiskip yfir 500 brl. hafi lyfjakistu nr. 4.

Vöruflutningaskip undir 1500 brl. hafi lyfjakistu nr. 4.

Vöruflutningaskip yfir 1500 brl. og farþegaskip hafi lyfjakistu nr. 5.

Í björgunarbátum, flekum og gúmmíbjörgunarbátum, sem krafist er að lyf séu í samkvæmt öðrum reglum, skal vera lyfjakista nr. 6 (lyfjapakki).

Opnum bátum og öðrum bátum, styttri en 8 metrar að lengd, er heimilt að hafa lyfjakistu nr. 7 í stað lyfjakistu nr. 1.

Heimilt er að skylda skipstjóra til þess að varðveita fíknilyf sérstaklega undir lás og loku, og skal skipstjóri hlýta fyrirmælum siglingamálastjóra í þessu efni.

Í hverju **fiskiskipi** með þilfari skal vera tæki (öndunarbelgur) til lífgunar úr dauðadá í viðurkenndri gerð. Tækinu skal fylgja leiðarvísir um notkun þess á íslensku.

3. gr.

Magn lyfja í lyfjakistum 1—5 (sbr. meðfylgjandi lyfjaskrá) er minnsta magn. Skipstjóri getur krafist, að meira magn lyfja sé sett í lyfjakistu skips hans (sjá þó 2. málsg.).

Ef skipslæknir er enginn, má ekki auka magn fíknilyfja í lyfjakistum umfram það, sem ákveðið er í meðfylgjandi lyfjaskrá. Ef læknir er fastráðinn til starfa á skipi, getur hann á eigin ábyrgð aukið birgðir af fíknilyfjum og ávísað.

4. gr.

Lyf skulu vera í tryggum umbúðum. Á umbúðum standi (prentað eða vélritað) heiti lyfja, ábendingar og fyrirmæli um notkun. Á umbúðum lyfja standi mánaðardagur og ár, er lyfið var selt úr lyfjabúð og fyrningartími, ef nokkur er.

Fíknilyf skal merkja ATH.

Áhöld úr málmum skulu vera úr ryðfríu stáli, eða tilsvareandi efni án tæringarhættu.

5. gr.

Lyfjakistur 1—5 skal varðveita á þurrum stað, þar sem helst er ekki lægra hitastig en 4°C, né herra en 25°C. Lyfin skulu vera aðgengileg skipslækni, ef einhver er, skipstjóra eða staðgöngumanni hans, en engum öðrum. Ef insúlín og adrenalínlausn eru í skipum, skal geyma þau við ca. +4°C. Skulu þau þökkuð og merkt sérstaklega í lyfjakistu ásamt leiðbeiningum um notkun lyfjanna.

Efni til sóttþreinsunar skulu geymd vel aðgreind frá lyfjum.

Lyfjakistu 6 (er einnig nefnd lyfjapakki) skal geyma í vatnspéttum lokuðum og innsigluðum umbúðum, sem greinilega eru merktar „Lyfjakista 6“ og áletraðar þeirri dagsetningu, er eftirlit fór síðast fram í íslenskri lyfjabúð.

6. gr.

Skipslæknir eða skipstjóri getur ávísað/pantað þau lyf, sem vera eiga í lyfjakistu skípsins. Lyf þessi má einungis nota við lækningar á skipshöfn og farþegum þess skíps, er um ræðir. Lyfjaávisanir á skip skal senda skriflega til lyfjabúðar þeirrar, er lyfin selur.

Lyfjabúðum er hverju sinni skylt að gera vörureikning um sölu lyfja til skipa. Tvö eintök skulu fylgja lyfjunum, en hið þriðja skal varðveita 2 ár í lyfjabúð þeirri er lyfin selur.

Lyfjakistur skulu vera fullbúnar í upphafi hvernar sjóferðar. Nú er verulegt magn lyfja notað, meðan á sjóferð stendur, skal þá við fyrsta tækifæri fylla í skörðin með nýjum innkaupum. Ef lyf eru keypt erlendis, skal skipstjóri færa í dagbók skípsins, hvaða lyf voru keypt og í hve miklu magni.

Skipstjóra eða staðgöngumanni hans er skylt að færa í eftirlitsbók skípsins alla notkun fíknilyfja. Þó skal hann undanþeginn þessari kvöð, ef skipslæknir er starfandi um borð.

7. gr.

Skipslækni, skipstjóra eða staðgöngumanni hans er einum heimilt að afhenda lyf úr lyfjakistum.

Lyfjaeiningar til innvortis notkunar skal setja í viðeigandi umbúðir með áletruðum fyrirmælum um notkun, sé lyfjanna ekki neytt í augsýn þess er afhendir þau úr lyfjakistu. Lyf til innstungu má einungis nota í augsýn skipstjóra eða staðgöngumanns hans.

Með lyf skal ella fara svo sem segir í gildandi lækningabók fyrir sjófarendur og samkvæmt þeim fyrirmælum er gefin eru sérstaklega á umbúðum lyfja.

8. gr.

Eftirlit.

Eftirlit skal fara fram árlega á lyfjakistum 1, 2, 3, 4, 5 og 7, en annað hvort ár á 6. Eftirlitið skal framkvæmt af lyfjafræðingi frá íslenskri lyfjabúð að beiðni skipstjóra. Við eftirlitið skal þess gætt að ekki vanti lyf í lyfjakistu og ennfremur tryggja að lyf þau er ekki teljast lengur uppfylla kröfur gildandi forskriftasafna séu endurnýjuð. Að eftirliti loknu skal lyfjabúðin votta í eftirlitsbók skípsins, að lyfjakistan sé fullbúin samkvæmt reglugerð þessari.

Nú er skip í langferðum og kemur ekki í höfn á Íslandi innan árs frá því er eftirlit fór síðast fram. Skipstjóra er þá skylt að framkvæma eftirlit með lyfjakistu skíps síns.

Siglingamálastjóri eða fulltrúar hans geta krafist skipstjóra um vörureikninga yfir keypt lyf.

9. gr.

Bækur og fleira.

Um borð í bátum eða skipum, hverju nafni sem nefnast og skoðunarskyld eru að lögum, skulu vera:

1. Eintak af reglugerð þessari.
2. Eintak af gildandi „Lækningabók fyrir sjófarendur“, sem er í samræmi við þessa reglugerð.
3. Eftirlitsbók viðkomandi skips, samkvæmt gildandi lögum um eftirlit með skipum.
4. Í lyfjakistu 6 skal vera stuttur leiðarvísir um hjálp í viðlögum.

10. gr.

Siglingamálastjóri getur að fengnu samþykki landlæknis veitt undanþágur frá ákvæðum þeim, sem hér greinir.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða refsingu samkvæmt ákvæðum X. kafla laga nr. 52, 12. maí 1970.

12. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 469 25. júní 1982.

Samgönguráðuneytið, 3. maí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

Fylgiskjal

Lyfjaskrá.

Skýringar:

Ábending: Sjúkdómar eða sjúkdómsástand, þar sem notkun lyfs er nauðsynleg (eða þörf).

Frábending: Sjúkdómur eða sjúkdómsástand, þar sem notkun viðkomandi lyfs er hættuleg eða óæskileg.

Aukaverkun: Allar verkanir lyfs, aðrar en þær, sem sóst er eftir og geta komið fram við lyfjagjöf.

I. Lyf

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Acetylsalicyltöflur, 0.5 g, húðaðar(„Asperin“)	50 stk.	1	2	2	2	4
Tablettae acetylsalicylicae ent. obduct. 0.5 g. Enterosolubile coated tablets of acetylsalicylic acid 0.5 g.						
Ábending: Gigtþrautir, höfuðverkir.						
Frábendingar: Magasár, blæðingar.						
Aukaverkanir: Magaverkir, ógleði, magablæðingar, eyrnasuð, skert heyrn.						
Skammtar: 1—2 töflur 3—4 sinnum á dag við höfuðverk. 2 töflur 3—4 sinnum á dag við gigtþrautum.						
Adrenalinlausn, 0.1%, til inns-tungu	glerhylki @ 0.5 ml.	0	0	0	5	5

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Injectabile adrenalini, 0.1% Ph.Nord. 63 Injection of Adrenaline (containing 1.82 mg. Adrenaline Acid Tartrate equivalent to 1 mg Adrenaline per ml.) 1 mg/ml adrenalínbasi. Ábending: Við losti af völdum blóðtaps eða ofnæmis. Skammtur: 0.5 ml í vöðva eða 1.0 ml undir húð. Geymist á köldum stað.						
Aluminiumhydroxid,mixtúra með Magnesíumsilicatí, (Silgel ^R) Mixture containing: Aluminií oxidum 47 mg. Magnesíi trisilicas 117 mg. Ábending: Við brjóstsvíða eftir þörfum. Aukaverkanir: Hægðatregða.	750 ml.	0	0	1	2	2
Benzalkonlausn, 10%, til þynningar Diluendum benzalkoni 10% Ph.Nord.63 Solution of Benzalkonium Chloride 10% w/w 10 ml (1 barnaskeið) í 1 vatns. Sótthreinsunarlögur. Má ekki nota með sápu.	100 ml. 300 ml.	1	1	2	1	2
Brennisteinssalisýlsmýrslí Unguentum sulfuris salicylicum DD 63 Ointment of Salicylic Acid 2%, Sulphur 10% Zinc Oxide 10%, Aqueous Wool Fat q.s. Ábending: Við sveppum, berist á 3svar á dag.	20 g	0	0	2	2	3
Brjóstdropar með ópíum Liquor pectoralis benzoicus cum glycerolo DD 63. Ábending: Hósti. Aukaverkanir: Stjórnendur farartækja ættu ekki að taka dropana inn. Skammtar: 1 teskeið 3—5 sinnum á dag, eingöngu handa fullorðnum.	100 ml	0	2	2	5	10
Diazepamtöflur, 5 mg ^R Tablets of Diazepam 5 mg Ábending: Við kvíða og óróa, 1 tafla 2—3svar á dag.	50 stk	0	0	1	1	2
Digoxintöflur, 250 mikrog. Tabletae digoxini 250 mikrog. DAK 63 Tablets of Digoxine 0.25 mg Ábending: Hjartabilun, hjartsláttartruflanir. Aukaverkun: Lystarleysi, ógleði, breyting á hjartslætti, ofsjónir, rugl hjá eldri einstakl. Skammtar: 1—1.5 mg strax — síðan 0.25 mg viðhaldssk. á 6 st. fresti, þar til fullri verkun er náð. EITRUNARHÆTTA — NOTIST EKKI ÁN SAMRÁÐS VIÐ LÆKNI	50 stk.	0	0	0	1	1

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Difenoxilat-atropin-töflur (Retardin ^R) Tablets of Diphenoxilat Hydrochloride 2,5 mg and Atropine Sulfate 25 mikrog. Ábending: Viðvarandi niðurgangur, án þess að hiti sé hækkaður. Frábending: Lifransjúkdómar, gláka. Aukaverkanir: Smávægileg ógleði, svimi, munnþurrkur. Skammtar: Fullorðnir: 2 töflur 3—4 sinnum á dag. Skal tekið inn ca. ½ klst. fyrir eða eftir mat.	24 stk.	0	0	1	2	3
Etylklóríð Aethyli chloridum Ph. Nord 63 Ethyl Chloride Til staðeyfingar við minni háttar meiðslum	100 ml	0	0	1	2	2
Eyrnadropar: (Ciloprine ^R) Ear drops of Cinchocaine Acetiasulfonate and Hydroxycarbamide 4.2 mg. Ábending: Eyrnaverkur. Hefur bakteríudrepandi og verkjastillandi verkun. Skammtur: 8—10 dropar í hlust á 3—5 klst. fresti. Loka hlust síðan með baðmullarhnoðra.	12 g	0	0	1	1	1
Fortral, sjá Pentazocin.						
Gigtaráburður Unguentum metholi compositum DD 63. Ointment containing: Camphor 10 g, Menthol 10 g, Methyl Salicylate 25 g, White Beeswax 18 g and Wool Fat 37 g Við gigtarverkum: Núist vel inn í hörundið 1—2 sinnum á dag.	túba @ 30 g	1	1	2	2	3
Glycerýlnitrattöflur: 0.5 mg (Nitróglýcerintöflur) Resoriblettae glyceryli nitratis 0.5 mg Ph. Nord 63 (Nitromex ^R) Tablets of Glyceryl Trinitrate 0.5 mg Ábending: Hjartaverkur (Angína pectoris), til að slá á kast. Aukaverkanir: Höfuðverkur, blóðþrýstingsfall (máttleysi, svimi) Skammtar: 1—2 töflur í senn, látnar renna undir tungu.	30 stk.	1	1	1	2	4
Gylliniáburður, Sulgan 99 ^R „Sulgan 99“ unguentum. Haemorrhoidal, ointment. Ábending: Gyllinæð. Notkun: Berist í endaparm eftir hægðir, og að kvöldi.	túba @ 40 g	0	1	2	2	3

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Gyllinistautar með cinchocaini og prednisoloni, (Scheriproct ^R).	6 stk.	0	1	1	2	3
Suppositories containing: Cincaium 1 mg and Prednisolonum kaprónat 1.9 mg						
Ábending: Gyllinað						
Notkun: 1 stautur í senn í endaparm.						
Hálstöflur (Strepsils ^R)	24 stk.	1	1	1	2	2
Notkun: 1 tafla í senn við hálsbólgu og kverkaskít. Láta renna í munn.						
Handáburður I	túpa @ 25 g	1	2	2	4	4
Unguentum dermotheli DD 63 Hand Ointment						
Notkun: Mýkjandi feitt smyrsl.						
Handáburður II:	túpa @ 25 g	1	2	2	4	4
Unguentum glyceroli Ph. Nord. 63 Hand Ointment						
Notkun: Mýkjandi rakt smyrsl.						
Hexicíd áburður, (Quellada lotion ^R)	100 ml	0	1	2	2	2
Liniment containing Gamma Benzen Hexachloride 1% in water miscible base.						
Ábending: Lúsaáburður á hárlausa húð. Einnig gegn kláðamaur. Sjá leiðbeiningar.						
Hexicíd hársápa, (Quellada application ^R) 100 ml .	100 ml	0	1	2	2	2
Shampoo containing: Gamma Benzen Hexachloride 1% in Sham- poo base.						
Ábending: Gegn lús í höfuðhári. Sjá leiðbeiningar.						
Hydrokortison, vatnsleysanlegt:100—125 mg til innstungu	1 hettuglas 100—125 mg + lausnarvökvi	0	0	2	3	3
Solu-Cortef, eða tilsvareandi lyf Hydrocortisone, water soluble for injections						
Ábendingar: Lost vegna ofnæmis, meiðsla, bruna, eða blæðinga.						
lungnabjúgur hjá þeim, sem bjargast frá drukkun.						
Frábendingar: Sykursýki, sýkingar af völdum smitsjúkdóma. Magasár, berklar, flogaveiki. Saga um geðsjúkdóma.						
Aukaverkanir: Magasár, minnkuð mótstaða gegn sýkingum, geð- rænar breytingar, sár geta gróið hægar.						
Skammtar: Samkvæmt lækni ráði.						
Hydrokortisonsmyrsl 1%	túpa @ 20 g	0	0	1	2	3
Unguentum hydrocortisoni Ph. Nord. 63 Hydrocortisone Ointment 1%						
Ábendingar: Exem						
Aukaverkanir: Húð þynnist, marblettir, litabreytingar í húð. Notk- un í andliti ekki æskileg.						
Notkun: Berist á 1—2svar á dag.						

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Hægðalyf, t. d. Senekot ^R töflur Tablets of Senna Fruit Concentrate.	50 stk.	0	1	1	2	2
Ábending: Við hægðatregðu 1—2 töflur að kvöldi. Sérstök áletrun: „Notist ekki lengur en í eina viku í senn, án samráðs við lækni“.						
Indómetasín, stílar 100 mg Indomethacin suppositoriae 100 mg	5 stk.	0	1	2	2	3
Ábending: Gallsteina- eða nýrnasteinakast. 1 stíll í endaparm við verkjum, mest 2svar á sólarhring.						
Inderal, sjá Propranolol-töflur.						
Insulin Rapitard, Novo: Injectabile insulini Rapitard Novo 40 ie/ml	hettuglas 10 ml	0	0	0	2	2
Ábending: Sykursýki Aukaverkun: Of stór insulinskammtur getur leitt til losts. Notkun: Sprautist undir húð samkvæmt læknisráði. Meðhöndlun á insulínlosti samkvæmt læknisráði. Geymist á köldum stað.						
Jodáburður: Spiritus Jodi 5% Ph. Nord. 63	15 ml glas	1	1	1	2	4
Solution of Iodine (Iodine 5 g. Potassium Iodide 3.5 g water 8.5 g Alcohol 93% w/w 83 g) Notkun: Til sótthreinsunar á hörundi.						
Karbakólíntöflur, 2 mg Tablettaa Carbacholini 2 mg Ph. Nord 63	50 stk.	0	0	1	1	2
Tablets of Carbacholine 2 mg Ábending: Við þvagtregðu og vöðvaslappleika Notkun: 1 tafla 3svar á dag.						
Klórámfeníkólaugndropar, 0.5% Oculoguttae chloramphenicol Ph. Nord. 63	10 ml í sér- stöku hettu- glasi með til- heyr. pípettu.	0	0	1	2	3
Chloramphenicol Ophthalmic Solution 0.5% Ábending: Bölga í augum. (Rauð augu). Notkun: 2 dropar bak við neðra augnalok 3—6 sinnum á dag, veldur ekki þokusýn, er því hentugra en smyrsl fyrir stjórnendur farar- tækja. Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.						
Klórámfeníkol, augnsmyrsl 1% Oculentum chloramphenicoli 1% Ph. Nord. 63	túpa @ 10 g	0	1	2	3	3
Eye ointment of Chloramphenicol 1% Ábending: Bölga í augum. (Rauð augu). Aukaverkun: Þokusýn fyrst eftir að smyrslíð er sett í auga. Notkun: Smyrslíð skal borið á bak við neðra augnalok.						
Klórhexidínlausn, 5%, til þynningar: t. d. Hibithane. ^R	500 ml	1	1	1	2	2
Bakteríudrepandi lausn til sótthreinsunar á verkfærum. Notkun: Sjá meðfylgjandi leiðarvísi.						

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Klórhexidin-krem: T. d. Hibithane obstetric cream. ^R Til hreinsunar og sótthreinsunar á húð.	50 g	1	1	1	2	2
Klórokintöflur, 0.25 g: Tablettae chlorochini phosphatis 0.25 g DAK 63 Tablets of Chloroquine phosphate 0.25 g Ábending: Fyrirbyggjandi þegar farið er inn á malaríusvæði, og við malaríu. Aukaverkanir: Sjóntruflanir, útbrot, skaptruflanir, magaþægindi. Fyrirbyggjandi: 2 töflur á viku, en í síðasta lagi daginn áður en haldið er inn á malaríusvæði, síðan 2 töflur 1 sinni í viku. Meðferð skal haldið áfram í 1 mánuð eftir að farið er frá malaríusvæði. Til að lækna malaríukast: Fyrst 4 töflur í einu og 6 klst. síðar 2 töflur. Á 2. og 3. degi 2 töflur á dag. Notkun: Sjá annars lækningabók fyrir sjófarendur. Ef skip sigla til svæðis þar sem sérstaklega þolnir stofnar malaríusýkilsins eru skal leita sérfróðs læknis varðandi lyfjaval.	100 stk.	0	0	0	2	5
Klórpromazintöflur, 25 mg: Tablettae chlorpromazini 25 mg Ph. Nord. 63 Tablets of chlorpromazine Hydrochloride 25 mg Ábendingar: Geðveiki, ofsaköst, drykkjuæði, (delerium tremens). Frábendingar: Lyfja- eða alkohóleitranir (þó má gefa klórprómzín fái sjúklingur ekki meira alkohol eftir klórpromazintöfluna). Aukaverkanir: Ósjálfráðir vöðvakippir, sljóleiki, blóðþrýstingsfall, hraður hjartsláttur, húðútbrot, munnþurrkur, krampar. Skammtar: 2—3 töflur 2svar á dag. Sjá lækningabók fyrir sjófarendur og hafið samband við lækni.	50 stk.	0	1	1	2	6
Klyksma, einnota: Microlax ^R eða tilsvareandi. Við hæðatregðu: 1 túpa temd í endaparm, verkar eftir 15—20 m. á. Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.	5 ml túpa	0	0	4	8	12
Kóðímagnýltöflur: Tablets containing Codeine Phosphate 10 mg Acetylsalicylic Acid 0.5 g and Heavy Magnesium Oxide 70 mg Ábending: Verkir. Frábendingar: Magasár, blæðingar. Aukaverkanir: Hægðatregða, magaþægindi, magablæðingar, eyrnasuða, skert heyrn. Skammtar: 1—2 töflur 2—3svar sinnum á dag fyrir fullorðna.	50 stk.	1	1	2	2	3

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Kolakyрни og natríumsúlfat: Granulatum carbonis et natrii sulfas Ph. Nord. 63 Granules of Charcoal and Powdered Sodium Sulphate. Við ýmsum eitrunum: 1 skammtur í 1/2 glas af vatni. Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.	10 g+30 g	1	1	1	2	2
Kolatöflur, 0.25 g: Tablettae carbonis Ph. Nord. 63 Tablets of Charcoal 0.25 g. Við iðrakveisu og niðurgangi. 3—10 töflur oft á dag.	100 stk.	0	0	1	1	2
Lanatosíð, lausn til innstungu,(Cedilanid ^R) Injection of Deslanatoside 0.2 mg/ml. Ábending: Til að örva hjartað í hjartveikum. Notist aðeins í samráði við lækni.	lykjur 2 ml	0	0	0	2	4
Laxerolía: Oleum ricini Ph. Nord 63 Castor Oil Ábending: Við hægðatregðu og -teppu. Frábending: Notist alls ekki, ef um er að ræða kviðverki af ökunnum orsökum, eða ef grunur er um botnlangabólgu eða garnastíflu. Skammtur: 2—3 matskeiðar í senn.	100 ml	0	1	1	2	2
Tetracainaugndropar: Tetracainlausn Oculogullae tetracaini 1% Ph. Nord. 63. Ábending: 1—2 dropar í auga til staðeyfingar á augnslímhúð. Ath.: Setja skal lepp yfir auga eftir að deyft hefur verið og aðskotahlutur fjarlægður til að verja augað hnjaski. Skal hann borinn í einn sólarhring.	10 ml í augndropa- glasi.	0	0	2	2	2
Lídókainlausn, 1% með adrenalíni til innstungu ... Injectabile lidocain-adrenalini 1% Ph. Nord. 63 Injection of Lignocaine Hydrochloride 1% w/v with Epinephrine 5 micrograms/milliliter. Ábending: Til staðeyfingar skurðsára, sem ætlunin er að sauma saman. Notist EKKI á fingur, tær, eyru eða nef. Frábendingar: Lost, sýking í skurðsári (þá má ekki loka sárinu), hjartasjúkdómar. Gæta skal fyllsta hreinlætis við meðhöndlun skurðsára.	hettuglas @ 20 ml	0	0	2	2	2
Lídókainlausn, 1%, án adrenalíns til innstungu ... Injectabile lidocaini non vasoconstringens 1% Ph. Nord. 63 Injection of Lignocaine Hydrochloride 1% w/v Ábending: Til staðeyfingar skurðsára, sérstaklega á fingrum, tám, eyrum og nefi. Frábendingar: Lost, sýkingar í skurðsári (þá má ekki loka sárinu), hjartasjúkdómar. Gæta skal fyllsta hreinlætis við meðhöndlun skurðsára.	hettuglas @ 20 ml.	0	0	2	2	2

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Magnýltöflur, 0.5 g	50 stk.	1	2	0	0	0
Tablets containing Acetylsalicylic Acid 0.5 g and Heavy Magnesium Oxide 70 mg	100 stk.	0	0	2	2	4
Við verkjum. 1—3 töflur í senn 3—5 sinnum á dag.						
Methýlergometrintöflur, 0.125mg, (Methergin ^R).	10 stk.	0	0	0	1	2
Tablets of methylergometrin Maleate 0.125 mg Ábending: Blæðing eftir fósturlát eða fæðingu. Frábendingar: Meðganga, æðakölkun og aðrir slagæðasjúkdómar, lífrar- og nýrnasjúkdómar. Aukaverkanir: Höfuðverkur. Við citrun getur komið drep í útlími (vegna þrænginga í æðum) og breytingar á blóðþrýstingi. Skammtar: 1—2 töflur 2—3svar á dag. Notist aðeins í samræði við lækni.						
Metýlskópólamíntöflur, 0.5 mg	100 stk	0	0	0	1	1
Tablettaa methyloplamini 0.5 mg Ph. Nord. 63 Tablets of Hyoschine Methionitrate 0.5 mg Ábending: Skemir vindverkir eða grunur um skeifugarnarsár. Skammtur: 1—2 töflur 2—3svar á dag. Sjá lekningabók fyrir sjofarendur.						
Nefdropar, (Otrivin ^R)	10 ml	0	1	1	1	2
Nasal drops containing Xylometazoline Hydrochloride 0.1% Ábending: Nefdropar við stíflu og nefkvefi 1—2 dropar í hvora nös 2svar á dag. Nítróglycerintöflur, sjá Glycérylnitratöflur.						
Noskápíntöflur, 25 mg	100 stk.	1	1	1	1	2
Tablettaa noscapini 25 mg Ph. Nord. 63 Tablets of Narcotine Hydrochloride 25 mg Ábending: Við hósta. 1—2 töflur í senn, mest 3svar á dag.						
Oxazepam-töflur, 15 mg (Serepax ^R)	100 stk.	0	0	1	2	2
Tablettaa oxazepami 15 mg	50 stk	0	1	0	0	0
Ábendingar: Svefnleysi, órói, kviði, drykkjuæði, (delirium tremens). Skammtar: 1—2 töflur 3svar á dag.						
Penicillínlausn, til innstungu	1 000 000 ae.	0	0	10	15	20
Penicillinum ad injectionem Benzyl Penicillin 1 000 000 í. u. for injection Ábending: Við ígerðum og ýmsum sýklasjúkdómum. Duftið skal leysa í vökvanum. Frábending: Penicillin ofnæmi. Fylgjast með sj. í 1/2 klst. eftir lyfjagjöf. Skammtur: 1—2 stungur 2—3 á sólarhring.						

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Penicillintöflur, 500 000 a. e. Tabletae Phenoximethylpenicillini 0.32 g Ph. Nord 63 Ábending: Viðhaldsmeðferð sbr. penicillin, einnig fleiri sjúkdóma af völdum penicillin-næmra baktería. Frábending: Penicillinofnæmi. Skammtur: 1—2 töflur ekki sjaldnar en 3svar á dag.	20 stk.	1	2	4	10	15
ATH Pentazocintöflur, 50 mg (Fortral ^R) Tablets of Pentazocin Hydrochloride 50 mg Til innstungu 30 mg/ml Injection of Pentazocine 30 mg/ml Ábending: Miklar þrautir t. d. af völdum slyss eða hjartadreps (-kveisu) Frábending: Höfuðáverkar, meðvitundarleysi, minnkuð öndun. Má ekki gefa börnum. Aukaverkun: Sljóleiki, ógleði, svimi og sviti. Skammtur: 1—2 töflur 4—6 sinnum á dag. Lausn til innstungu: Í vöðva 1—2 ml 4—6 sinnum á dag. Ath.: Þetta lyf hefur ávanabindandi eiginleika og eitrunarhætta er fyrir hendi. Ef lyfið er notað í lösti, skal það eingöngu gefið í æð.	30 stk. ampúlla @ 1 ml 10 stk.	0	1	1	1	2
Pivampicillintöflur, 350 mg, (Pondocillin ^R) Tablets of Pivampicillin 350 mg Ábending: Við ýmsum sýklasjúkdómum og til meðhöndlunar á lekanda. Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.	12 stk.	0	3	3	4	5
Probenesíðtöflur, 0.25 g Tabletae probenecidi 0.25 g Ph. Nord. 63 Tablets of Probenecid 0.25 g Ábending: Notist með pivampicillintöflum gegn lekanda. Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.	20 stk.	0	1	1	2	3
Prófpappír fyrir eggjahvítu, blóði og sykri í þvagi og fyrir síru HEMA-Combistix Litast samkvæmt áprentaðri notkunarfyrirsögn.	1 pakkning	0	0	1	1	1
Promazinlausn, til innstungu: Sparine FERROSAN Promazin 50 mg/ml eða hliðstætt lyf. Injectabile Promazini 50 mg/ml. Ábending: Geðveikikast, drykkjuæði (delerium tremens). Aukaverkanir: Blóðþrýstingsfall, krampar, húðútbrot, gula. Skammtar: 2—4 ml í vöðva, gefa má meira í samráði við lækni. Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.	2 ml í ampúllu	0	0	10	10	10
Propanol 35% Aqueous Solution of Propanol 35% Ábending: Til sóthreinsunar á húð.	100 ml	1	1	2	2	2

	Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
			1	2	3	4	5
	Propranololtöflur, 40 mg	50 stk	0	0	0	1	2
	Tablets of propranolol 40 mg						
	Ábendingar: Hjartsláttartruflanir, hár blöðþrýsingur, hjartaverkur (langtímameðferð).						
	Frábendingar: Asthma, hjartabilun.						
	Aukaverkanir: Preyta, slappleiki, ógleði, niðurgangur, martröð, útlimir verða kaldari.						
	Skammtar: ½—1 tafla 4 sinnum á dag.						
	Quellada, sjá hexicið.						
	Salbútamól—töflur, 2 mg (Ventolin ^R)	100 stk	0	0	1	1	1
	Notist við asthma, til langtímameðferðar.						
	Skammtar: Fullorðnir 1—2 töflur 2—4 sinnum á dag.						
	Salbútamól, úðalyf (Ventolin ^R)	1 úðahylki	0	0	0	2	2
	Dosisaerosol of 0.1 mg Salbutamol per dosis						
	Ábending: Við asthmaköstum, 1—2 þúst 3—4 sinnum á dag.						
	Aukaverkanir: Hjartsláttartruflanir. Notist með varúð af hjartveikum.						
	Notkun: Fullorðnir: Úðið 1—2svar og andið að ykkur. Ef nauðsyn ber til má endurtaka lyfjagjöfina eftir 4 tíma. Sjá leiðbeiningar á lyfjaumbúðum.						
	Salícýlvasilín, 2%	túpa @ 50 g	0	0	2	2	2
	Vaselinum salicylicum 2%						
	Salicylic Acid 2 g Yellow Soft Paraffin 98 g.						
	Áburður á þurra og skorpna húð.						
	Salttöflur, samsettar	100 stk.	0	0	0	2**	5**
	Aletrist upplýsingum um innihald hveirrar töflu ásamt „Í hitabeltinu takist 2 töflur með hverri máltíð“ auk „Tyggist ekki.“						
	Tabletæ natrii chloridi compositæ obductæ enterosolubiles.						
	Tablets containing: Calcium Carbonate 18 mg						
	Potassium Chloride 30 mg Sodium Chloride 450 mg						
	Dextrose 200 mg						
	Við salt- og vökvamissi í miklum hitum.						
	2—4 töflur með hverri máltíð.						
	**Viðbót þegar siglt er í miklum hitum eða hitabelti.						
	Saltvatn (0.9% salt)	300 ml	0	2	2	3	3
	Irrigabile natrii chloridi isotonicum						
	Ábending: Til hreinsunar skurðsára, sem ætlun er að sauma saman, svo og annarra sára.						
	Saltvatn (NaCl)	1 líter	0	0	2	3	4
	Infundibile natrii chloridi isotonicum Ph. Nord. 63.						
	Gefist við miklu vökvatapi, blóðmissi og losti.						
	Hafið samráð við lækni.						
	Silgel, Sjá Aluminhydroxíð mixtura með magnesii silicas 10%.						
	Sjóveikistílar	10 stk.	0	1	2	2	2
	Suppositories of Dimenhydrinatum 100 mg						
	Ábending: Við sjóveiki. 1 still 1—3svar á dag.						
	Frábending: Gláka.						
	Aukaverkun: Svefnhöfgi.						

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
SjÓveikistöflur Tablettaa coffinautini Ph. Nord. 63 Tablets of Diphenhydramine Hydrochloride 50 mg and Caffeine 50 mg Ábending: Við sjÓveiki. 1 tafla 1—3svar á dag. Við ofnæmi. 1 tafla 3svar á dag. Frábending: Gláka. Aukaverkun: Hægðatregða.	30 stk.	1	1	2	4	6
Smokkar (Getnaðarverjur karla) Condoms.	24 stk.	0	1	2	2	2
Súlfatöflur, sjá Sulfamethoxazol cum trimetoprim. Tabl. Sulfamethoxazol cum trimetoprim töflur (Primazol ^R). Tablets containing: Sulfamethoxazolium INN 400 mg and Trimethoprimum INN 80 mg Ábending: Þvagfærasýkingar o. fl. sýkingar af völdum súlfanæmra baktería, t. d. eyrnabólgur og ef um penicillinofnæmi er að ræða. Frábending: Súlfaofnæmi, þvagteppa. Skammtur: 2 töflur 2svar á dag. Sjá lækningabók fyrir sjÓfarendur.	100 stk.	0	0	1	2	4
Súrefni í hylkjum, sérstaklega ætlað til innöndunar minnst 5 kg Oxygenium Ph. Nord. 63 Til innöndunar í bráðum hjarta- og lungnasjúkdómum svo og við lífgun. í súrhylki		0	0	0	1	1
Súrvatn Solutio hydrogenii peroxidi 3% Ph. Nord. 63 Solution of Hydrogen Peroxide 3% w/w Ábending: Til að skola óhrein sár og storkið blóð.	100 ml	1	1	1	2	1
Sýrubindandi töflur Antacid tablets Ábending: Við brjóstsviða 1—2 töflur 4—6 sinnum á dag. Tyggist.	50 stk.	1	1	2	3	3
Talýlsulfatíasóltöflur Tablettaa phthalylsulfathiazoli 0.5 g Ph. Nord 63 Tablets of Phthalylsulphathiazole 0.5 g Ábending: Við niðurgangi 2—3 töflur í senn á 4—6 klukkustunda fresti.	100 stk.	0	0	1	1	1
Tanndropar Menthol 10 g. Chloral Hydrate 10 g. Cinchocaine 1 g. Ábending: Í holu í tönn við tannþínu.	10 g	0	1	1	2	3
Tetracyklinhylki, 250 mg ^R Ábending: Er valkostur gegn bakteriusýkingum t. d. lungnabólgu, ef um penicillinofnæmi er að ræða. SKAL NOTAD MEÐ VARÚÐ.	20 stk.	0	0	0	2	4

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
<p>Frábending: Tetracyklínofnæmi. Má ekki gefa börnum. Aukaverkun: Ógleði, niðurgangur, ljósfælni, munnangur. — Má ekki taka með mjólk eða mjólkurmat. Skammtur: 2 hylki í senn 2svar á sólarhring.</p>						
Tópicínsmyrslí	túpa @ 25 g	1	1	1	2	2
<p>Unguentum topicini Ph. Nord. 63 Ointment containing: Neomycine Sulphate 0,5 g. Bacitracine 1 g Wool Fat 10 g and Yellow Soft Paraffin 88,5 g Ábending: Við bruna, sárum og kaunum.</p>						
Vasilín, sæft:	túpa @ 25 g	1	2	5	5	5
<p>Vasilinum sterilisatum DD 63. Yellow Soft Paraffin sterilized. Við sárum og húðsjúkdómum.</p>						
Ventolin, sjá Salbútamol.						
Xylókaínhlaup, 2%	20 ml	0	1	1	1	2
<p>Jelly of Lignocaine Hydrochloride 2% Ábending: Staðdeyfung til að smyrja þvaglegg</p>						
Zínkáburður	300 ml	0	0	1	2	3
<p>Linimentum zinci Ph. Nord. 63 Liniment containing: Zinc Oxide 12,5 g, Talc 12,5 g, Glycerin 12,5 g, Alkohol 61% w/w. 12,5 g, Distilled Water 50 g. Við ýmsum húðsjúkdómum (helst á hárlausa húð) Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.</p>						
Zínkpasta, mjúkur	túpa @ 25 g	1	1	1	2	3
<p>Pasta zinci mollis DD 63 Zinc Oxide 30% in Yellow Soft Paraffin Við afrifum.</p>						
Zínkstráduft	strábaukur @ 100 g	0	0	1	2	3
<p>Conspersgens zinci Ph. Nord 63 Dusting-powder of Zinc Oxide and Talc. (Zinc Oxide 10 g, Talc 90 g) Á vessandi húð.</p>						

II. EFNI TIL SÓTTHREINSUNAR

(Geymist sérstaklega afstúkað)

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Benzín, hreinsað. Benzinum medicinale Ph. Nord. 63 Light petroleum. Til húðhreinsunar, m. a. til að losa heftiplástra o. fl.	100 ml	1	1	1	2	3
DDT-Pýretrin: T. d. Esso Flit eða Radar Universal. Til að eyða flugum og öðrum skordýrum.	úðahlki ca 500 g	0	0	0	1	2

III. UMBÚÐIR OG HJÚKRUNARGÖGN

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Álspelkur.	1.25 cm	1	1	1	1	1
Augnleppur. Eye pad		0	0	1	1	1
Baðmull, vatnsfælin (óperrin). Non-Absorbent Cotton wool.	10 g	0	2	2	4	4
Baðmull, þerrin. Absorbent Cotton Wool.	100 g	2	2	2	4	6
Baðmullarpinnar (Tréþinnar með baðmull). Throat Swab.	50 stk.	1	1	1	1	1
Blóðstoppandi baðmull.	10 g	1	1	1	1	1
Fetill, þríhyrndur. Arm Sling.		1	1	2	3	4
Fiðrildisplástur, til lokunar á skurðum. Plástur, butterfly.	pakkning	1	1	1	2	2
Flónelsbindi. Flannel Bandage.	ca. 5m × 7cm	0	1	1	2	2

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Fæðingarböggull er innihaldi: 1 Nélátóns þvaglegg, 2 skæri, 13 cm löng, 3 baðmullarþræði, 1 naflabindi, sæft. Parcel for child birth containing: 1 Nélaton catheter, 2 scissors, 3 pieces of cotton thread, sterile surgical dressing for navel. * Skál vera í farþegaskipum.		0	0	1*	1*	1*
Crepbindi.	2m × 7.5 cm	0	5	5	5	5
Crepbindi.	2 m × 10 cm	0	5	5	5	5
Gipsbómull í þrýstiumbúðum.	10 cm og 15 cm breiðar rúllur	0	10	10	10	10
Gipsrúllur.	10 cm og 15 cm breiðar	0	0	0	10	10
Gúmhanskar. Surgeons Gloves.	8 — 8½	0	0	3	3	3
				pör	pör	pör
Hitapoki úr gúmmí. Hot-water bottle.		0	0	1	2	2
Hægdaskál (ryðfritt stál eða nylon). Bed-pan.		0	0	1	1	1
Léreftsbindi: Linen cloth-bandages	ca. 5 m × 7 cm	0	1	1	2	2
Loftspelkur á ganglim, háar og á arm		0	0	1	1	2
Lyfjastaup : (eða einnota mælistaup). Graduated Medicine Glass.		0	5	10	10	10
Magaslanga. með trekt og 1¼ m af gúmslöngu Gastric Lavage Tubing.	ca. 9 mm í þvermál	0	0	1	1	1
Merkimiðar (auðir).	10 stk.	0	2	3	4	5
Naglabursti er þolir suðu. Nail-brush.		0	2	2	2	2
Naglaskafa úr málmí. Nail-Cleaner.		0	2	2	2	2
Nýrnaskál. Einnota (pappír - plast).		0	10	10	20	20

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Plastdúkur. Plastic Roll.	1 rúlla 120 cm breið 200 cm löng	0	0	1	1	2
Plasthanskar (einnota) Plastic Disposable Exploration Gloves.	100 stk.	0	1	1	1	1
Plástur, heftiplástur. Adhesive Plaster.	ca. 5 m × 5 cm	0	1	2	2	3
Adhesive Plaster, ofnæmisplástur.	5 cm × 2,5 cm	0	1	1	2	2
Plástur, skyndiplástur.	ca. 1/2 m × 4 cm	1	2	3	3	6
	ca. 1/2 m × 6 cm	1	2	3	3	6
Plástur, teygjuplástur. Tensoplast.	ca. 2.5 m × 6 cm	1	2	3	3	5
	ca. 2.5 m × 10 cm	0	5	5	5	5
Pokar — Hvítir pappírspokar undir lyf.	50 stk. ca. 6 × 11 cm	0	1	1	2	3
Pungbindi. (Suspensorium). Suspensory Bandage.	ca. nr. 5	0	0	0	1	2
Sáralín, sæft. Gauze sponges.	böggull með 10 stk ca. 20 cm × 20 cm samanbrotið.	0	1	1	2	4
Sárahlífur. Sterile gauze pads.	7.5 cm × 7.5 cm	2	5	5	10	20
Sárahlífur. Sterile gauze pads.	10 cm × 10 cm	2	5	5	10	20
Sjúkrabaðmull, þerrin, sæfð. Sterilized Absorbent Cotton-wool	20 g	1	2	2	5	10
Skinneglur, misstórar. Finger stalls.		2	3	3	5	5
Skolkanna, með slöngu og harðgúmstút með hana.		0	0	1	1	1
Slöngugrisja.	nr. 01—25 yds. með „appli- kator“ nr. 1	1	1	2	3	4

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Sótthitamælir, (í hylki). Clinical Thermometer.		0	2	2	2	3
Stútkanna. Feeding Cup.		0	0	1	1	1
Súrefnistæki, (skolflaska, hanar, mælar, leiðslur og gríma). til nota við súrefnisjöf.		0	0	0	1	1
Svöðusárabindi, sæfð. Standard dressing nr. 14 B.P.C.		2	3	5	10	15
Svöðusárabindi, sæfð. Standard dressing nr. 15 B.P.C.		1	2	3	5	10
Teygjubindi. Elastic Bandage.	ca. 5 m × 8 cm	1	2	2	3	5
Teygjunet. Surifix.	0.5 cm — 8 cm	0	1	1	1	1
Teygjanleg grísjubindi. Conforming bandage.	3.5 m × 5 cm	1	5	5	10	10
Conforming bandage.	3.5 m × 7.5 cm	1	5	5	10	10
Conforming bandage.	3.5 m × 10 cm	1	5	5	10	10
Tunguspaðar úr tré (smyrslspaðar). „Ointment Spatula“.	50 stk.	0	0	1	1	1
Pvagglass fyrir karla. Urinal (Male).		0	0	1	1	1
Pvagleggur Tiemanns, einnota. Catheter (disposable).	nr. 16	0	2	2	4	4

IV. Áhöld.

Heiti	Eining/ stærð	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Áhaldasuðukassi	ca. 28×15×9	0	0	0	1	1
Með tveimur handföngum og rist (Instrument sterilizer)						
Blóðþrýstingsmælir (loftmanometer)		0	0	1	1	1
Flísatöng (splinter forceps) Stieglitz		1	1	1	1	1
Infusjonsett með sjálfvirku loftinnstreymi		0	0	3	5	5
Koktöng fyrir fullorðna (Magill)		0	1	1	1	1
Nefpincetta (Choronshitzky)	16 cm	0	0	0	1	1
	anatomísk					
	miðstærð	0	0	0	1	1
Nefspeculum (Hartman)		0	0	3	5	5
Plasthengi fyrir 1 líters vökvafloösku		0	0	10	20	20
Plastnálar fyrir vökvagjöf t. d. Venflon	18 C	0	0	10	20	20
Plastsprauta, einnota (Luer Lock)	50 ml	0	3	3	3	3
Plastsprauta, einnota (Luer-Lock)	10 ml	0	10	10	10	10
Plastsprauta, einnota	5 ml	0	10	10	20	20
Rakvél, einnota		0	0	5	5	5
Sárahaki, t. d. Sen-Miller		0	0	0	2	2
Sáratöng, kúrgísk	13 cm	0	1	1	2	2
Sáratöng, anatomísk	17 cm	0	1	1	2	2
Saumasett						
1 stk. nálahaldari, t. d. Crile Wood	17 cm	}	0	1	1	2
1 stk. Adson klópinsetta (sáratöng)						
1 stk. klópinsetta (sáratöng)	13 cm					
1 stk. anatomísk pincetta (sáratöng)	15 cm					
1 stk. æðaklemma, bogin, t. d. Hall-Mosquito						
1 stk. skæri, oddmjó, bein	12 cm					
Saumgírni, nylon, einþáttungur, atraumatísk nál, t. d. Ethilon	2/o	0	5	5	5	5
Saumgírni	4/o	0	10	10	10	10
Saumgírni	6/o	0	10	10	10	10
Skæri, oddmjó, bein	12 cm	0	2	2	2	2
Sprautunálar, einnota (Luer-Lock)	19 G	0	10	10	20	20
Sprautunálar, einnota	21 G	0	20	20	40	40
Sprautunálar, einnota	23 G	0	0	0	10	10
„Stethoscope“		0	0	1	1	1
Tanntöng (Lower molars)	18 cm	0	0	0	1	1
Umbúðaskæri (Lister eða sambærileg)	18 cm	0	1	1	1	1
Vasaljós		1	1	1	1	1
Æðatöng bogin, t. d. Hall Mosquito		0	2	2	4	4
Öndunarbelgur með súrefnisventli,* t. d. AMBU-Resucitator		1	1	1	1	1

*Ef gefa þarf súrefni, þá má tengja öndunarbelginn við súrefniskút logsuðutækja skipsins.

Lyfjakista nr. 6.

Lyfjakista nr. 6 er ætluð í björgunarbáta, björgunarfleka og gúmmíbjörgunarbáta. Í þessum björgunarförum skal vera ein slík lyfjakista fyrir hverja 12 menn, sem ætlað er rúm fyrir og hlutfallslega sama magn lyfja og áhalda á mann fyrir aðrar stærðir björgunarfara, þar sem slíkri skiptingu verður við komið.

I. Lyf.

Sjóveikitöflur: Tablettae coffinautini Ph. Nord 63	4×30 stk.
Abending: 1 tafla, 1—3svar á dag.	
Verkjatöflur: Kódimagnýltöflur	1×50 stk.
Abending: Mest 2 töflur í senn, 3svar á sólarhring.	
Bakteríudrepandi áburður: Hibithane^R	1×50 gr.
Antiseptic cream.	

II. Hjúkrunargögn og áhöld.

Lásnælur	no. 4	12 stk.
Sáragrisjur (kompressur), sérpakkaðar, sóttreinsaðar	ca. 10 cm×10 cm	10 stk.
Skyndiplástur (sáraplástur)	6 cm×1 m	2 stk.
Svöðusárabindi, Standard dressing nr. 14 B. P. C.		2 stk.
Svöðusárabindi, Standard dressing nr. 15 B. P. C.		2 stk.
Teygjubindi, t. d. Eloflex	8 cm breitt	3 rúllur
Teygjanleg grísjubindi, t. d. Crinx	7½ cm breitt	3 rúllur
Heftiplástur	5 cm br., 5 m	1 rúlla
Heftiplástur	2 cm br., 5 m	1 rúlla
Umbúðaskæri um 15 cm, t. d. Lister eða sambærileg		1 stk.

III. Prentaðar leiðbeiningar um hjálp í viðlögum.**Leiðbeiningar um notkun lyfja.**

1. Sjóveikitöflur. Gefa má fullorðnum 1 töflu 1—3svar á sólarhring, en börnum ½ töflu tvisvar á sólarhring.
2. Kódimagnýltöflur eru við verkjum. Gefa má tvær töflur í senn, mest þrisvar á sólarhring.
3. Hibithane-áburður er til húðhreinsunar.

Lyfjakista nr. 7

Lyfjakistu nr. 7 er heimilt að hafa í opnum bátum og öðrum bátum, styttri en 8 metrar að lengd, í stað lyfjakistu nr. 1.

A. LYF:

Magniltöflur, 0.5 gr.	20 stk.	1 glas.
Við verkjum: 1-3 töflur í senn, 3-5 sinn á dag.		
Jodáburður (Spiritus jodi 5%)	30 ml.	1 glas.
Til sóttreinsunar á hörundi. Áburður á bólgu.		
Sóttreinsandi blautpurka til þess að hreinsa sár (t. d. Savett sárvtáttare)		6 stk.
Blóðstoppandi baðmull	10 gr.	1 pk.
Við blóðnósum.		

B. UMBÚÐIR:

Heftiplástur	1¼ cm × 5 m	1 rúlla.
Skyndiplástur	6 cm × 1 m	1 pk.
Skyndiplástur	2 cm × 7 cm	12 stk.
Teygjanleg grísjubindi	5 cm × 3.5 m	1 stk.
Teygjanleg grísjubindi	7.5 cm × 3.5 m	1 stk.
Teygjanleg grísjubindi	10 cm × 3.5 m	1 stk.

Svöðusárabindi, sæfð	nr. 14	2 stk.
Sárahlífur	7.5 × 7.5 cm	2 stk.
Sárahlífur	10 × 10 cm	2 stk.
Teygjubindi	8 cm × 5 m	1 stk.
Fíðrildisplástur (til lokunar á skurðum)		10 stk.

C. ÁHÖLD:

Skæri, bein, ydd/sljó, úr ryðfríu stáli		1 stk.
Flísatöng		1 stk.
Slagæðaband		1 stk.
Lásnælur, ryðfríar		12 stk.

Stutt leiðsögn í hjálp í viðlögum.**1. Meðferð svöðusára.**

Blætt getur úr sárum og ígerð komið í þau. Oftast má stöðva blæðingu úr sárum með því að þrýsta þeim saman. Ef sár er á útlimum, má stöðva blæðingu með því að lyfta limnum eða þrýsta á slagæð. Leggið á sárið svöðusárabindi nr. 14 eða 15 (Standard Dressing nr. 14 eða 15). Festið bindi með grisjubindi úr umbúðarbögglinum. Herðið á grisjubindinu, ef sárið blæðir. Hersluna má auka með því að skjóta litlum hlut úr málm, eldspýnastokk eða öðru, sem handbært er, undir grisjubindið. Látið umbúðirnar óhreyfðar, ef þær herða ekki um of að sárinu. Fordið að hreyfa þann líkamshluta, þar sem sárið er.

Hinn slasaði getur fengið lost. Grábleikur hörundslitur, kalt og þvalt hörund, þurrar varir og harður hjartsláttur eru einkenni um lost. Beri þetta við skal lækka undir höfði hins slasaða og vefja hann ábreiðum. Hinum slasaða má gefa vatn í litlu magni með nokkru millibili. Ef mikið vatn er gefið, er hætt við uppköstum.

2. Meðferð brunasára.

Sár eru klædd sem áður segir. Grisjubindið á að liggja þétt um svöðusárabindið, en má þó ekki herða að sárinu. Hinn slasaði liggja kyrr, ef sár hans eru mikil. Gefið honum vatn að drekka, en þó með varúð.

3. Meðferð beinbrota.

Fordast skal að hreyfa þann líkamshluta, þar sem brotið er. Þetta á eins við, ef sterkur grunur leikur á því, að bein hafi brotnað. Brotinn handlegg á að vefja með bindi. Brotinn fótlegg á að binda með bindi við hinn legginn.

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19. 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest þá breytingu á staðgreinireit nr. 1.460.2 að hluti hans verði þjónustusvæði í stað útivistarsvæðis.

Félagsmálaráðuneytið, 11. maí 1983.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 163 30. maí 1973, um hvalveiðar.

1. gr.

B-liður 2. gr. orðist svo:

Grænlands-sléttbak, Íslands-sléttbak, hnúfubak, steypireyð og búrhval.

2. gr.

1. mgr. C-liðar 2. gr. orðist svo:

Langreyðar innan við 55 fet eða 16,8 metra að lengd og sandreyðar innan við 40 fet eða 12,2 metra að lengd.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Hver landstöð skal greiða kr. 15 000,00 árgjald í ríkissjóð og auk þess kr. 3 500,00 á ári fyrir hvert hvalveiðiskip.

4. gr.

Fyrirsögn II kafla orðist svo:

Sérákvæði um veiðar á hrefnu og tannhvólum.

5. gr.

Úr 1. málslíð 14. gr. falla niður orðin „öðrum en búrhval“.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 26 9. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kjartan Júlíusson.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 163 30. maí 1973 um hvalveiðar.

1. gr.

Á árinu 1983 er óheimilt að veiða fleiri hvali af eftirgreindum tegundum, en hér segir:

100 sandreyðar
167 langreyðar
188 hrefnur.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum, skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 26 9. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kjartan Júlíusson.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Reyðarfjarðar.

1. Árlegur vatnsskattur sbr. 15 gr. 1. mgr. reglugerðar nr. 144 12. maí 1970 verði 0,13% af fasteignamati, þó aldrei lægri en kr. 800,00.
2. Aukavatnsskattur sbr. 15. gr. 2. mgr:
 - a) 0.13% af fasteignamati að viðbættum 2,00 kr. pr. m³ selds vatns samkvæmt mæli.
 - b) Sé vatn ekki selt eftir mæli er heimilt að innheimta aukavatnsskatt sem hér segir:

Af hverri tunnu uppsaltaðrar síldar	kr. 4,00
Af hverri smálest fiskjar sem lagður er upp í bræðslu	kr. 7,00
Af hverri smálest frystra sjávarafurða og landbúnaðarafurða svo og saltfiski	kr. 7,00
Af hverri kind sem slátrað er	kr. 1,00
 - c) Kr. 16,00 pr. m³ selds vatns til skipa samkvæmt mæli þó ekki lægra en kr. 200,00.
 - d) Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvottar á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölur skal greiða kr. 3000,00 á ári fyrir vatnsnotkun.
3. Mælaleiga kr. 1 000,00 á ári.
4. Heimilt er hreppsnefnd að hækka eða lækka gjaldskrá um allt að 50%, einstaka liði eða í heild án staðfestingar ráðuneytisins. Ennfremur er hreppsnefnd heimilt að gera sérstaka samninga um vatnssölu til stórra vatnsnotenda.
5. Gjöld skv. 1. 2. og 3. grein gjaldskrár þessarar, sem eru talin í krónum, skulu breytast árlega í sama hlutfalli og matsverð fasteigna í Reyðarfjarðarhreppi. Ákvæði til bráðabirgða: Gjaldtagi vatnsskatts fyrir árið 1983 er 1. júní.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20 júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 201, 15. apríl 1981 um iðgjald til slysatrygginga skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

1. gr.

3. grein hljóði svo:

Iðgjöld skulu á árinu 1983 nema 0.23% af gjaldstofni skv. 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. laga 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. apríl 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

Nr. 308

9. maí 1983

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 23. janúar 1983, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1983.

1. gr.

2. tl. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Í 35 daga samtals á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst 1983, og þar af skal hvert skip láta af þorskveiðum í a. m. k. 20 daga á tímabilinu 1. júlí til 31. ágúst 1983.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Á þeim tíma, sem skip láta af þorskveiðum, sbr. 2. og 6. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en hér segir:

1. 5% í 30 daga

2. 15% í 40 daga

3. 30% í 30 daga.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um starfsemi lyfjabúðar Háskóla Íslands.

1. gr.

Lyfjabúð Háskóla Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu Háskóla Íslands, er tók við rekstri Reykjavíkur Apóteks 1. september 1982.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala, framleiðsla lyfja og stuðla að framförum í lyfjafræði (pharmaciae) og lyfjagerð.

Stofnunin skal árlega verja eigi lægri fjárhæð en næmi samanlögðum tekju- og eignaskatti, auk aðstöðugjalds, til þess að hún verði færari um að gegna hlutverki sínu skv. 1. mgr. eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar sbr. 3. gr.

Um lyfjabúð Háskóla Íslands fer að öðru leyti á sama hátt og um aðrar lyfjabúðir, hvað varðar búnað og rekstur sem og aðrar kröfur sem í gildi eru eða settar kunna að verða.

3. gr.

Í stjórn stofnunarinnar sitja fimm menn, prófessor í lyfjafræði lyfsala, lyfjafræðingur úr hópi starfsfólks og tveir menn kosnir af háskólaráði til 2 ára í senn, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilnefnið fimmta manninn og skal hann vera lyfjafræðingur.

Forstöðumaður lyfjabúðarinnar eða stagengill hans, situr stjórnarfundum og hefur tillögurétt á stjórnarfundum en ekki atkvæðisrétt.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Háskólaráð kýs tvo endurskoðendur til 2 ára. Að öðru leyti annast ríkisendurskoðun, lögum samkvæmt, endurskoðun reikninga lyfjabúðar Háskóla Íslands.

Stjórnin ræður starfslið, tekur ákvarðanir um rekstur lyfjabúðarinnar og setur fyrirtækinu starfsreglur, sem háskólaráð staðfestir.

Heimilt er stjórninni með samþykkt háskólaráðs að ráðstafa hluta af arði til fjárframlaga í verðlaunasjóð Alfred Benzón, sbr. staðfesta stofnskrá.

4. gr.

Allar meiri háttar fjárfestingar eru háðar samþykki háskólaráðs.

Ársreikningar stofnunarinnar skulu bornir upp árlega í háskólaráði til samþykktar.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, öðlast gildi 1. júlí 1983. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 200 12. apríl 1983 um sama efni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. maí 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun á Selfossi.

1. gr.

Selfossbær annast eða býður út alla sorphreinsun innan bæjarmarka Selfossbæjar, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphreinsunin fram undir yfirstjórn bæjarins og eftirliti heilbrigðisfulltrúa.

I. KAFLI

Hreinsun á sorpi frá íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Sérhver eigandi íbúðar á Selfossi er skyldur til þess að sjá svo um að við húseign hans sé soppgeymsla gerð fyrir sorppoka.

Sorppoka skal koma fyrir í grind eða skáp, enda uppfylli nefndur búnaður ákvæði byggingar og heilbrigðisreglugerðar. Soppgeymslurnar skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá soppgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup soppgeymslufláta sinna, uppsetningu þeirra og viðhald.

3. gr.

Sorphirðumenn annast hreinsun á öllu sorpi sem er í pokum, einnig tilfallandi eðlilegum úrgangi, svo sem umbúðum af heimilistækjum og hlutum sem rúmast illa í pokum, enda séu hlutir þessir auðveldir í meðförum fyrir einn mann.

4. gr.

Í sorppoka má setja algengt húsasorp, svo sem matarleifar, umbúðir, ónýtan fatnað, blöð og pappír og affall af lóðum annað en mold, torf og grjót. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla sorppoka ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Sorphirðumönnum er heimilt að skilja eftir poka sem fylltir eru um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni. Hverju húsi skal fylgja a. m. k. einn poki fyrir hverja íbúð. Í fjölbýlishúsum með sérstakar soppgeymslur sé frágangur allur með samþykki heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar og uppfylli ákvæði byggingarreglugerðar. Yfirfyllta poka verður húseigandi eða umráðamaður húsnæðis að flytja á eigin kostnað á sorphaugana.

5. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Um stórhátíðar skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á. Selfossbær leggur til einn sorppoka fyrir hverja viku ársins, eða jafnmarga og húseigandi kann að nota að öllu jöfnu, enda greiði notandi sorphreinsigjald fyrir sama fjölda sbr. 8. gr. Aukapoka má fá keypta í verslunum eða í áhaldahúsi bæjarins.

6. gr.

Allt það sorp sem eigi verður látið í poka eða sem hirða þarf örur en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutaðeigendur annast sjálfir, á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

II. KAFLI

Hreinsun á sorpi frá verslunar- og iðnfyrirtækjum.

7. gr.

Verslunar- og iðnaðarfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en um getur í 2., 3. og 4. gr. þessarar samþykktar, ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Allur flutningur á vegum einstaklinga og fyrirtækja á sorphauga Sorpstöðvar Suðurlands á Selfossi skal framkvæmdur eftir ströngustu fyrirmælum starfsmanna sorpstöðvarinnar og þrífnaður hafður í hávegum. Þau fyrirtæki sem hafa gáma í stað poka, skulu haga gerð og útbúnaði gámana í samráði við sorphreinsunaraðila sbr. 1. gr. í hverju tilviki fyrir sig. Gámar þeir sem notaðir verða mestast sem ákveðin mörg pokagildi, og greiðir viðkomandi fyrir þann fjölda sbr. 8. gr.

III. KAFLI

Sorphreinsigjald, kvartanir og brot gegn samþykkt þessari.

8. gr.

Almenn sorphirða venjulegs húsasorps sbr. 5. gr. þessarar samþykktar greiðist af bæjarsjóði, þó skal bæjarstjórn heimilt að leggja á sorphreinsigjald eftir nánari ákvörðun hverju sinni, er miðist við fjölda þeirra sorpgrinda/skápa er húseigandi notar. Sorphreinsigjald sem bæjarstjórn ákveður í sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir skal lagt á með fasteignagjöldum og innheimt með þeim. Sorphreinsigjald verði aldrei hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu.

9. gr.

Hafi húseigandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar skal hann koma slíkri kvörtun til tæknideildar Selfossbæjar.

10. gr.

Brjótí húseigandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það tæknideild Selfossbæjar sem gangast skal í því að húseigandi bæti ráð sitt. Bæti húseigandi ekki úr innan ákveðins tíma eru sorphirðumenn ekki skyldugir til að taka sorp hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sé um brot á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að ræða skal tæknideild Selfossbæjar tilkynna það heilbrigðisnefnd sem geri viðeigandi ráðstafanir til þess að húseigandi bæti úr. Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim muni.

11. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

IV. KAFLI

Gildistaka.

12. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Selfoss staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast þegar gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um sorpheimtu á Selfossi frá 2. maí 1980.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðferð sorps í tunnum eins og nú er viðhöfð á Selfossi í dag skal með samþykkt þessari um sorphreinsun á Selfossi, felld niður og upp tekin í staðinn meðferð sorps í pokakerfi, eins og samþykkt þessi mælir fyrir um. Þó skal hlutaðeigandi gefinn kostur á aðlögun varðandi þessa breytingu úr tunnukerfinu yfir í pokakerfið til 31. desember 1983. 1. janúar 1984 skulu hlutaðeigandi sbr. samþykkt þessa þá þegar hafa komið sér upp aðstöðu fyrir pokakerfi, en þá verður sorphreinsun með tunnukerfi hætt og eingöngu hreinsað sorp samkvæmt pokakerfi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. mars 1983.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 311

4. maí 1983

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum fyrir Byggingarsamvinnufélag Bandalags háskólamanna (BHM).

Skv. lögum nr. 59 30. apríl 1973, sbr. 79. gr. laga nr. 51 9. júní 1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, hefur ráðuneytið í dag staðfest samþykktir fyrir Byggingarsamvinnufélag Bandalags háskólamanna (BHM).

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1983.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 312

24. maí 1983

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 152 8. mars 1983, um bann við togveiðum út af Vestfjörðum.

1. gr.

Í stað orðanna „10. júní 1983“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi orðin: 26. maí 1983.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. maí 1983.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.

1. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda, og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 2 400 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 600 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan er greinir í 1. og 2. málslið 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 600 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 1 800 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 2 400 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 600 kr. samkvæmt þessari málgrein.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ. m. t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlendis. Magn matvæla (þ. m. t. sælgæti) sem hver ferðamaður flytur til landsins má að hámarki nema 10 kg að þyngd, en andvirði þess má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 1 200 kr. Innflutningur annars eldsneytis en er í innbyggðum eldsneytisgeymi bifreiðar er með öllu óheimill. Eldsneyti þetta má að hámarki vera 200 lítrar.

2. gr.

Áfengir drykkir og tóbaksvörur.

Auk varnings skv. 1. gr. er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengum drykkjum og tóbaksvörum:

	Áfengi, ekki yfir 47% styrkleika	Vín, undir 21% styrkleika	Öl	Tóbak
1. Ferðamenn	1,0 l	1,0 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki
eða	1,0 l	Ekkert	12 fl.	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki

	Afengi, ekki yfir 47% styrkleika	Vín, undir 21% styrkleika	Öl	Tóbak
eða	Ekkert	1,0 l	12 fl.	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki
eða	Ekkert	2,0 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki
2. Skipverjar á íslenskum skipum sem eru lengur í ferð en 20 daga (skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð)				
	1,5 l	3,0 l	Ekkert	400 stk. vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki
eða	1,5 l	Ekkert	48 fl.	400 stk. vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki
3. Skipverjar á erlendum skipum og íslenskum skipum sem eru 20 daga eða skemur í ferð (skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta svo og matsveinum sem koma í stað bryta á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð				
	0,75 l	1,5 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki
eða	0,75 l	Ekkert	24 fl.	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki
4. Flugáhafnir (þ. m. t. aukaáhafnir) á íslenskum flugvélum sem hafa lengri samfellda útivist en 20 daga ...				
	1,0 l	0,75 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki
eða	1,0 l	Ekkert	12 fl.	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki
5. Flugáhafnir, aðrar (þ. m. t. aukaáhafnir)				
	0,375 l	0,75 l	Ekkert	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki
eða	0,375 l	Ekkert	12 fl.	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 g, hver smávindill 2,5 g og hver vindlingur 1,25 g. Smávindlar sem eru 1,5 g og léttari reiknast sem vindlingar. Hver flaska af öli má innihalda allt að 0,5 l.

Skipverjar á íslenskum skipum sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar eða hafa verið erlendis til viðgerðar eða breytinga skulu tollafgreiddir skv. 3. tl.

Ef skip í utanlandssiglingum hefur viðdvöl hér samfleytt í sjö daga er tollyfirvaldi heimilt að beiðni eiganda skips að veita skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða 250 g af öðru tóbaki til hverra sjö daga. Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta svo og matsveinum sem koma í stað bryta á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð. Ekki er þó heimilt að veita undan innsigli sama dag og skip leggur úr höfn. Eiganda skips er skylt að greiða kostnað fyrir afgreiðslu samkvæmt þessari málgrein.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis samkvæmt reglum þessum er 20 ár og 15 ár að því er varðar innflutning á tóbaki. Tollgæslumaður getur krafist þess að lágmarksaldur sé sannaður með framvísun persónuskilríkja.

3. gr.

Tollvilknanir skv. 1. og 2. gr. gilda einungis um varning sem viðkomandi far- eða ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum og fluttur er inn til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Flugliðar, far- og ferðamenn njóta ekki tollvilkunnar skv. 1. og 2. gr. oftast en einu sinni á sama sólarhring.

Undanþága samkvæmt reglugerð þessari nær ekki til hluta af verði munar sem er í heild dýrari en nemur hámarki tollvilkunnar hvers ferðamanns skv. 1. mgr. 1. gr. Tollvilkun skipverja og flugliða innlendra farartækja skv. 2. mgr. 1. gr. getur þó gilt um hluta af verði munar svo framarlega sem verðmæti munarins sé innan við tvöfalda fjárhæð sem tilgreind er í 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

Af vörum sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjald.

5. gr.

Innflutningsbann og -takmarkanir.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita ekki undanþágu frá innflutningsbanni sem kann að vera á ýmsum vörutegundum auk þess sem innflutningur á vörum, sem vegna sóttvarna eða af öðrum öryggisráðstöfunum eru háðar innflutningstakmörkunum, er óheimill skv. 1. gr. Geta því m. a. eftirtaldar vörur ekki notið tollfrelsis samkvæmt reglugerð þessari:

1. Ávana- og fíkniefni, svo sem ópíum, heróín, morfín, kókaín, kannabis, amfetamín (þ. m. t. benzedrine) og LSD (lysergamide).
2. Lyf umfram hæfilegt magn til persónulegra þarfa viðkomandi far- eða ferðamanns.
3. Skotvopn, skotfæri og sprengiefni.
4. Radíósendar, talstöðvar og viðtæki sem ekki eru ætluð til almennrar útvarpsviðtöku.
5. Lifandi dýr.
6. Ósoðið kjötmeti og kjötvörur ýmiss konar, t. d. þurrkað kjötmeti, ósoðin reykt svínslæri, beikon, svínahryggir, reyktar ósoðnar pylsur, ósoðnir fuglar og fuglainingi fersk eða fryst, innmatur, svið og blóð.
7. Smjör, ósoðin egg, eggjauft og sykraðar eggjarauður.
8. Ósoðin mjólk.

6. gr.

Framvísunarskylda o. fl.

Farþegi sem kemur til landsins frá útlöndum skal við komu ótilkvaddur skýra tollgæslumanni frá og framvísa við hann tollskyldum varningi sem hann hefur meðferðis svo

og þeim varningi sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni. Öðrum varningi, sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða, ber einnig að framvísa við hann. Af tollskyldum varningi sem heimilaður er innflutningur á skal greiða aðflutningsgjöld með venjulegum hætti.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram er tollyfirvaldi heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni. Fyrirnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt grænu, áttýrnu skilti með áletruninni: „ENGINN TOLL-SKYLDUR VARNINGUR“. Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu, ferhyrnu skilti með áletruninni: „TOLLSKYLDUR VARNINGUR“. Við skiltin skal skráð „TOLLGÆSLA“. Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum sem tollyfirvaldi þykir ástæða til. Um leið og farþegi hefur gengið um hlið sem merkt er samkvæmt framansögðu telst hann hafa svarað því hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi, sem hann hefur fengið erlendis eða í ferðinni, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki og eins þótt sá varningur kunni að vera háður innflutningstakmörkunum eða -banni. Einnig skal hann gera tollgæslunni skriflega grein fyrir áður fengnum tollskyldum varningi, en ótollafgreiddum, sem notaður er um borð í fari. Framvísa ber við tollgæslumann þeim varningi sem kann að vera háður innflutningstakmörkunum eða -banni svo og öðrum þeim varningi sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem um er bedið. Komi fram varningur við þessa skoðun sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan skodast hann ólöglega innfluttur og er þá heimilt að gera hann upptækan til ríkissjóðs.

7. gr.

Um einkasölugjald o. fl.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:

	Kr./l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	75
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperítivar	90
3. Íslenskar áfengistegundir	305
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	375

B. Tóbak:

1. Reyktóbak	185 kr./tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar	235 kr./200 stk.
3. Smávindlar	30 kr./ 10 stk.
Meðalstærð	125 kr./ 25 stk.
Vindlar, aðrir	165 kr./ 25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollýfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

8. gr.

Sérhverja afgreiðslu skv. 7. gr. skal færa í sérstaka afgreiðslubók. Þar skal fært inn magn og tegund varnings sem greitt er af, svo og gjöld þau sem innheimt eru, en innflytjandi á rétt á að fá greiðslukvittun. Ennfremur skal varningurinn auðkenndur með sérstökum merkimiðum sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur tollgæslunni í té og gerðir skulu í samráði við tollgæslustjóra. Tollgæslustjóri getur ákveðið að framangreindur varningur verði auðkenndur með öðrum hætti.

9. gr.

Einkasölugjald sem innheimt er skv. 7. gr. skal sent viðkomandi einkasölu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að afgreiðslan fór fram.

10. gr.

Nú er varningur sem tollafgreiddur er samkvæmt reglugerð þessari seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og varðar það þá refsingu samkvæmt IX. kafla laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma er úr gildi numin reglugerð nr. 356 1. júlí 1982 og reglugerð nr. 145 15. mars 1983.

Fjármálaráðuneytið, 13. maí 1983.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

AUGLÝSING

úm breytingu á gjaldskrá hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gildandi gjaldskrá hitaveitna, er gildi frá og með 1. júní 1983:

Gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks, nr. 113, 3. apríl 1973, með síðari breytingum, hækki um	30%
Gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 387, 27. desember 1973, með síðari breytingum, hækki um	25%

Iðnaðarráðuneytið, 26. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUR

um verðmætismörk vegna útgáfu EUR.2 eyðublaðs og sérstaka tollmeðferð smáböggla og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA, EBE og EFTA-landanna og Spánar.

1. gr.

Til þess að notið verði tollfrelsis vegna innflutnings á upprunavörum frá EFTA, EBE og Spáni gegn framvísun á EUR.2 eyðublaði eða innflutnings á slíkum varningi í smábögglum eða einkafarangri ferðamanna án þess að framvísa í þeim tilvikum EUR.1 eða EUR.2 skilríkjum, verður verðmæti innflutningsins að vera innan þeirra verðmætismarka í reikningseiningum (RE) og jafngildi gjaldmiðils hvers aðildarlands sem gerð er grein fyrir hér á eftir:

	Land	Mynt	Smásendingar, 240 RE	Persónulegur farangur ferða- manna. 680 RE	EUR.2 mörk, 3 400 RE
EFTA:	Austurríki	ATS	4 000	12 000	57 000
og	Finnland	FIM	1 200	3 300	17 000
SPÁNN:	Ísland	ISK	3 300	9 300	47 000
	Noregur	NOK	1 600	4 450	22 000
	Portúgal	PTE	20 000	56 000	280 000
	Spánn	ESP	26 000	75 000	365 000
	Sviss	CHF	500	1 400	6 900
	Svíþjóð	SEK	1 500	4 000	20 000
EBE:	Belgía	BEF	11 000	31 000	155 000
	Bretland	GBP	135	375	1 870
	Danmörk	DKK	2 000	5 600	28 000
	Frakkland	FRF	1 600	4 500	22 600
	Grikkland	GRD	16 000	45 000	227 000
	Holland	NLG	600	1 750	8 750
	Írland	IEP	170	470	12 350
	Ítalía	ITL	318 000	900 000	4 500 000
	Luxemburg	LUF	11 000	31 000	155 000
	Þýskaland	DEM	570	1 600	8 000

Útflytjanda er heimilt að rita vörureikning í gjaldmiðli hvaða aðildarríkis að fríverslunar- og viðskiptasamningum sem er. Velji hann hins vegar annan gjaldmiðil geta tollyfirvöld í innflutningslandinu aðeins beitt fjárhæð sem gildir fyrir innflutningslandið.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi fyrir mæli fjármálaráðuneytisins um sama efni í umburðarbréfi þess dags. 10. júní 1981.

Fjármálaráðuneytið, 31. maí 1983.

Albert Guðmundsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 25 20. janúar 1983 um tollafgreiðslugengi vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum.

1. gr.

1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hafi innflytjandi vöru, áður en tollafgreiðslugengi fellur úr gildi, sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar, afhent tollstjóra skjöl til tollmeðferðar á vöru, sem skv. 1. tl 14. gr. tollskrárlaga eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað eða aðeins þarfnast leiðréttingar vegna endurútreiknings aðflutningsgjalda vegna breytinga sem orðið hafa á tollafgreiðslugengi frá því að varan var upphaflega tekin til tollmeðferðar, er heimilt að miða gjöld af henni við það tollafgreiðslugengi sem síðast gilti, enda sé leiðréttingu aðflutningsskýrslu og fullnaðartollafgreiðslu vörunnar lokið innan viku talið frá og með gildistökudegi hins nýja tollafgreiðslugengis, sbr. þó 6. gr. Sama skal gilda hafi innflytjandi vöru afhent tollstjóra óbankastimpluð skjöl vegna hennar og sannanlega greitt kröfu hennar vegna í banka áður en tollafgreiðslugengi fellur úr gildi, enda sé tollstjóra afhentur bankastimplaður vörureikningur og fullnaðartollafgreiðslu vörunnar lokið innan viku talið frá og með gildistökudegi hins nýja tollafgreiðslugengis.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., sbr. 10. gr. laga nr. 79/1982 um efnahagsaðgerðir, til að öðlast þegar gildi. Skulu ákvæði hennar, eftir því sem við á, jafnframt gilda um tollskjöl sem afhent höfðu verið tollstjóra fyrir 25. maí 1983, en frestur til fullnaðartollafgreiðslu þeirra samkvæmt tollafgreiðslugengi sem þá var í gildi skal vera til og með 7. júní 1983.

Fjármálaráðuneytið, 31. maí 1983.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu sjúkrasamlaga á tannlækniskostnaði

1. gr.

Reglugerð nr. 274, 11. apríl 1983 um greiðslu tannlækniskostnaðar, sem taka átti gildi hinn 1. júní 1983, er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. maí 1983.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 680 31. desember 1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fráverstunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu.

1. gr.

9. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Upprunavörur í skilningi bókunar nr. 3 og Viðauka B geta við innflutning notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands og EBE gegn framvísun annars tveggja neðangreindra skjala:

- a) EUR.1 flutningsskírteinis, hér eftir kallað EUR.1 skírteini,
- b) EUR.2 eyðublaðs fyrir sendingar sem í eru eingöngu upprunavörur, enda sé verðmæti hverrar sendingar ekki yfir 3 400 reikningseiningar.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta neðangreindar upprunavörur í skilningi bókunar 3 og Viðauka B notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands við EBE án þess að framvísað sé öðru hvoru þeirra skjala sem þar um ræðir:

- a) Vörur sem sendar eru sem smábögglar til einkaaðila, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 240 reikningseiningar.
- b) Vörur sem eru í einkafarangi ferðamanna, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 680 reikningseiningar.

Ákvæðum þessarar málsgreinar verður aðeins beitt þegar innflutningur slíkra vara er ekki viðskiptalegs eðlis og því hafi verið lýst yfir að vörurnar fullnægi settum skilyrðum um uppruna samkvæmt ákvæðum þar að lútandi og enginn vafi er á því að slík yfirlýsing sé sönn. Innflutningur sem bundinn er við einstakt tilvik og aðeins er samsettur úr hlutum til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra skal ekki talinn innflutningur viðskiptalegs eðlis, ef ljóst er af eðli og magni varanna að viðskiptatilgangur búi ekki að baki. Ákvæði þessarar málsgreinar ná ekki til varnings sem keyptur er samkvæmt pöntunarlistum vöruhúsa og þau senda.

Reikningseining (RE) jafngildir 0,88867088 g af hreinu gulli. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um verðmætismörk í íslenskum krónum samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 287 10. júní 1981 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 31. maí 1983.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 267 4. júní 1980 um sérstaka tollmeðferð vegna viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar.

1. gr.

9. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Upprunavörur í skilningi viðauka III geta við innflutning notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og Spánar gegn framvísun annars tveggja neðangreindra skjala, enda hafi áletrunin „EFTA-SPAIN-TRADE“ verið prentuð með útlínunum upphafsstafa á ská yfir skjalið:

- a) EUR.1 flutningsskírteinis, hér á eftir kallað EUR.1 skírteini,
- b) EUR.2 eyðublaðs fyrir sendingar sem í eru eingöngu upprunavörur, enda sé verðmæti hvernar sendingar ekki yfir 3 400 reikningseiningar.

Þrátt fyrir ákvæði 1 mgr. geta neðangreindar upprunavörur í skilningi viðauka III notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og Spánar án þess að framvísað sé öðru hvoru þeirra skjala sem þar um ræðir:

- a) Vörur sem sendar eru sem smábögglar til einkaaðila, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 240 reikningseiningar,
- b) vörur sem eru í einkafarangri ferðamanna, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 680 reikningseiningar.

Ákvæðum þessarar málsgreinar verður aðeins beitt þegar innflutningur slíkra vara er ekki viðskiptalegs eðlis og því hafi verið lýst yfir að vörurnar fullnægi settum skilyrðum um uppruna samkvæmt ákvæðum þar að lútandi og enginn vafi er á því að slík yfirlýsing sé sönn. Innflutningur sem bundinn er við einstakt tilvik og aðeins er samsettur úr hlutum til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra skal ekki talinn innflutningur viðskiptalegs eðlis, ef ljóst er af eðli og magni varanna að viðskiptatilgangur búi ekki að baki. Ákvæði þessarar málsgreinar ná ekki til varnings, sem keyptur er samkvæmt pöntunarlistum vöruhúsa og þau senda.

Reikningseining (RE) jafngildir 0,88867088 g af hreinu gulli. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um verðmætismörk í íslenskum krónum samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er út gildi felld auglýsing nr. 384 15. júlí 1980 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 31. maí 1983.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík skal, á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar ekki leyfa fólksbifreiðarstöðvar hvor í sínu lögsagnarumdæmi fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmum Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar og Seltjarnarneskaupstaðar, þannig að ein bifreið komi á hverja 250 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Bifreið leyfishafa skal merkt viðkomandi bifreiðastöð.

2. gr.

Enginn bifreiðastjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga, nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík, og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Reykjavík.

3. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík, hafa ekki atvinnurétt á framangreindu svæði nema eftir kvaðningu fyrirfram.

4. gr.

Í Reykjavík skal ávallt vera a. m. k. ein bifreiðastöð opin alla nóttina. Bifreiðastjórum er skylt að hlíta þeim reglum, sem stjórn viðkomandi bifreiðastöðva kann að setja í samráði við stéttarfélag bifreiðastjóra, því til tryggingar að ekki sé tilfinnanlegur skortur á leigubifreiðum vissan hluta sólarhringsins.

II. KAFLI

Úthlutun atvinnuleyfa.

5. gr.

Bifreiðastjóri, sem óskar eftir að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Reykjavík, skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til Bifreiðastjórafélagsins Frami fyrir 1. október ár hvert.

Umsókninni skal fylgja:

- a) Vottorð frá bifreiðastöð í Reykjavík um, að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu, fái hann úthlutað atvinnuleyfi.
- b) Hegningarvottorð.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur allt að 8 farþega leigubifreiða jafnan lagður til grundvallar, þannig að sá sem lengstan starfsaldur hefur, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda eigi hann lögheimili og hafi búsetu í Reykjavík, Kópavogi eða Seltjarnarneskaupstað.

Sé til þess talin ástæða, er heimilt að krefja til sönnunar starfstíma staðfest vottorð skattstofu um launalið viðeigandi skattframtala.

Úthlutunarmönnum er þó heimilt að víkja frá meginreglu greinar þessarar í sérstökum undantekningartilvikum.

Úthlutun atvinnuleyfa skal að jafnaði fara fram eftir 1. október ár hvert.

Þar til rétt tala leigubifreiða í Reykjavík er fengin, skal úthluta þriðja hverju leyfi, er losnar. Komi mjög fá leyfi til úthlutunar er heimilt að fresta úthlutun til næsta árs.

6. gr.

Atvinnuleyfi skulu gefin út af þremur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn.

Skal einn þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjóraráfélagsins Frama, einn af launþegum sem ekki eru sjálfseignarbílstjórar og annan til vara, en formanninn skipar ráðherra án tilnefningar. Rétt til að velja úthlutunarmann úr hópi launþega hafa þeir einir, sem eru starfandi sem slíkir og hafa verið það óslitið undanfarna 4 mánuði. Skulu atvinnuleyfin og tilkynningar um þau undirrituð af úthlutunarmönnum. Tilnefningar eru til eins árs í senn fyrir úthlutunarmann tilnefndan af launþegum, en til þriggja ára fyrir hina úthlutunarmennina.

Verði ágreiningur milli úthlutunarmanna sker samgönguráðuneytið úr.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Leyfin skulu vera í vörslu Bifreiðastjóraráfélagsins Frama, sem síðan tilkynnir útgáfuna til hlutaðeigandi bifreiðastöðvar.

Engum má úthluta nema einu atvinnuleyfi.

7. gr.

Úthlutunarmönnum er skylt að líta eftir, að ákvæðum reglna og laga um leigubifreiðar og reglugerðar þessara sé fylgt og er þeim heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir brjóti leyfishafi af sér, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

8. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur eigin leigubifreiðar sem fullt starf og sækir um upptöku í Bifreiðastjóraráfélagið Frama.

Óski forseti Íslands eða ráðherrar að ráða leyfishafa sem einkabílstjóra á meðan þeir gegna embætti, halda þeir bílstjórar óskertum rétti sínum þótt þeir stundi ekki akstur leigubifreiðar sem aðalstarf.

III. KAFLI

Nýting leyfis.

9. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð í Reykjavík, sem hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af borgarstjórn Reykjavíkur.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleyfis eða flutning milli stöðva hefur borist frá Bifreiðastjóraráfélaginu Frama.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð, og skal hann þá afhenda Bifreiðastjóraráfélaginu Frama yfirlýsingu frá þeirri stöð, sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Sé leyfishafi skuldlaus við bifreiðastöð þá, sem hann flytur frá skal Bifreiðastjóraráfélagið Frami staðfesta flutninginn þegar í stað.

10. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt, og síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari. Skal leyfishafi tilkynna þetta til bifreiðastöðvar þeirrar, sem hann hafði afgreiðslu hjá.

Bifreiðastjórar, sem hafa haft atvinnuleyfi í 3 ár eða lengur og segja upp leyfi sínu, hafa forgangsrétt til þess á næstu tveimur árum, enda hafi leyfið legið inni minnst 4 mánuði, og

þeir skuldlausir við viðkomandi bifreiðastöð og Bifreiðastjórafélagið Frama. Þeir leyfishafar, sem ekki segja upp leyfinu sjálfir, hafa ekki forgangsrétt.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt til annarra, þar með talið að selja það, leigja eða lána o. s. frv. Geti leyfishafi ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu ber honum að segja því strax upp.

Ef öllum skilyrðum fyrir afnotarétti leyfisins er ekki fullnægt, er úthlutunarmönnum heimilt að afturkalla það.

11. gr.

Ef leyfishafi rekur bifreið sem hann á ekki sjálfur hefur hann fyrirgert atvinnuleyfi sínu. Þó er honum heimil slík útgerð um takmarkaðan tíma ef hans eigin bifreið er í viðgerð eða hann er að bíða eftir afhendingu annarrar bifreiðar.

12. gr.

Leyfishafi, sem missir tilskilin réttindi til aksturs allt að 8 farþega leigubifreiðar til mannflutninga gegn gjaldtöku, getur hvorki fengið né haldið atvinnuleyfi sínu, og leggst það sjálfkrafa inn meðan á réttindamissinum stendur. Leyfishafi skal eiga kost á því að fá atvinnuleyfið til afnota aftur á sama hátt og hann hafði fyrir réttindamissinn, jafnskjótt og hann endurheimtir tilskilin réttindi að nýju.

Brjóti leyfishafi eitthvað það af sér að dómi bifreiðastöðvarstjóra, að segja beri leyfishafa upp afgreiðslu um stundarsakir, er viðkomandi bifreiðastöðvarstjóra heimilt að segja leyfishafa upp afgreiðslu í allt að 5 sólarhringa í fyrsta skipti, en allt að því 10 sólarhringa í annað skipti.

Skulu slíkar uppsagnir og tilefni þeirra skráðar hjá viðkomandi bifreiðastöð og tilkynntar úthlutunarmönnum jafnóðum.

13. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi aka fyrir sig. Vaktaskipti bifreiðastjóra á leigubifreiðum er einnig óheimil, nema báðir hafi atvinnuleyfi.

Undanþágu skal veita að uppfylltum eftirgreindum skilyrðum:

- a) Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði læknis, þar sem fram kemur skilgreining á sjúkdómi hans.
- b) Ef leyfishafi deyr, heldur maki hans atvinnuleyfinu í 3 ár frá andláti hans. Tilkynna skal niðurfellingu slíks leyfis með 6 mánaða fyrirvara.
- c) Purfi leyfishafi á endurhæfingu að halda að undangengnum veikindum skal leyfa honum að aka sjálfum sem svarar 4 klst. á sólarhring, en hafa að öðru leyti ökumann, sem ekki hefur atvinnuleyfi. Undanþágubeiðni samkvæmt þessum lið skal studd vottorði þess læknis, er leyfishafi hefur verið í meðferð hjá, um að endurhæfing sé honum nauðsynleg um takmarkaðan tíma.
- d) Sams konar undanþágu og gildir við endurhæfingu skal veita ellilífeyrisþega, enda leggi hann fram vottorði læknis um verulega skerta starfsorku.
- e) Skipta má orlofstíma í fernt. Undanþágu þessa skal einungis veita ef leyfishafi er að fara í orlof og er honum óheimilt að ráða sig í önnur störf eða aka í atvinnuskyni meðan undanþágan varir.
- f) Ef leyfishafi er sannanlega að vinna í þágu Bifreiðastjórafélagsins Frama eða bifreiðastöðva þeirra, sem reglugerð þessi nær til.
- g) Ef leyfishafar geta ekki sinnt eftirspurn á mesta annatíma við eðlilegar aðstæður, skal á tímabilinu 1. nóvember til 1. apríl leyfa vaktaskipti um helgar. Undanþága þessi er háð því skilyrði, að úthlutunarmenn og stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frama samþykki hana og setji nánari reglur um framkvæmd hennar. Þess skal vandlega gætt, að ekki séu leyfð fleiri vaktaskipti en nauðsyn ber til.

- h) Þeir leyfishafar sem hafa til þess sérstakt leyfi (útgerðarleyfi), mega láta aka í þeim leyfum, þótt viðkomandi bifreiðarstjóri hafi ekki atvinnuleyfi.
- i) Leyfishafi, sem hefur leyfi til að hafa launþega á bifreið sinni, hefur heimild til að leggja launþega til aðra bifreiða, meðan hans eigin bifreið er til viðgerðar vegna bilunar, enda geri viðkomandi bifreiðastöð ekki athugasemd við bifreiðina.

Þeir leyfishafar, sem vilja notfæra sér þær undanþágur, sem í þessari grein felast, skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til Bifreiðastjóraráfélagsins Frami, undirrituðum af stöðvarstjóra viðkomandi bifreiðastöðvar um að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni. Leyfishafi ber fulla ábyrgð á því, að undanþágan sé ekki misnotuð, enda getur slík misnotkun varðað missi atvinnuleyfisins um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, sé um ítrekuð brot að ræða.

Bifreiðastjóraráfélagið Frami veitir undanþáguna eftir að hafa gengið úr skugga um að fullnægt sé framangreindum skilyrðum. Skal leyfið vera skriflegt, tímabundið og tekið fram hvað í því felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur og sýna trúnaðarmönnum Frami og úthlutunarmönnum, ef þeir æskja þess. Ekki má veita undanþágu til atvinnuleyfis, sem úthlutunarmenn hafa stöðvað.

14. gr.

Bifreiðastjóraráfélagið Frami skal halda skrá yfir veittar undanþágur í aðgengilegu formi, sem úthlutunarmenn eigi aðgang að.

15. gr.

Úthlutunarmenn skera úr deilumálum í sambandi við reglugerð þessa. Úrskurðum þeirra má vísa til samgönguráðuneytisins.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 219 9. maí 1979 með síðari breytingum nr. 78/1981, nr. 642/1981 og nr. 89/1982.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 410 1. október 1979 um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum sem endursendar eru til útlanda.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar breytist svo sem hér segir:

a) 2. tl. orðist svo:

Sett sé fullnægjandi trygging í peningum fyrir áföllnum gjöldum. Í stað peningatryggingar er tollyfirvaldi þó heimilt að taka við skuldarviðurkenningu nemi gjöld minnst kr. 10 000, enda liggi fyrir skilyrðislaus sjálfsskuldarábyrgð banka á greiðslu gjalda og dráttarvaxta og annars kostnaðar verði vanefndir hjá skuldara. Fjárhæð þessi, sem miðuð er við vísitölu byggingarkostnaðar í maí 1983, skal breytast til samræmis við breytingar á henni á hverjum tíma.

Tollyfirvaldi er heimilt að falla frá kröfu um tryggingu annist farmflytjandi sem annast reglubundnar ferðir milli landa endursendingu vöru án afhendingar hennar til innflytjanda. Sama skal gilda sé vara í tollvöruheymslu, enda annist sá sem tollvöruheymsluna rekur endursendingu vörunnar.

b) 2. másl. 5. tl. orðist svo:

Séu framangreind staðfestingargögn eigi afhent viðkomandi tollyfirvaldi innan hins tilskilda frests má m. a. taka setta tryggingu upp í áfallin og ógreidd gjöld eða stöðva tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 57. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tollfertilit með síðari breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 8. maí 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um stjórn hreppsmálefna Borgarneshrepps nr. 353 18. september 1978.

1. mgr. 12. gr. orðist svo:

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að hreppsnefndarmaður réttir upp hönd. Nafnakall eða skriflega atkvæðagreiðslu skal viðhafa, ef oddviti ákveður, sveitarstjóri eða hreppsnefndarmaður óskar þess.

23. gr. orðist svo:

Á fyrsta fundi hreppsnefndar í júní ár hvert skal kjósa þrjá menn í hreppsráð og þrjá til vara hlutfallskosningu. Kosning hreppsráðs gildir uns nýtt hreppsráð hefur verið kjörið. Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsráðs og undirbúa þá í samráði við formann.

Hreppsráð kys sér formann og varaformann úr sínum hópi.

Hreppsráð skal halda fundi hálfsmánaðarlega. Fundardaga og fundartíma skal ákveða af hreppsnefnd í upphafi kjörtímabils.

Aukafundi skal halda er sveitarstjóri ákveður það eða er hreppsráðsmaður óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið fundarritara utan hreppsráðs. Í gerðarbók skal greina frá því hvar fundur er haldinn og hvenær, tölu funda, hverjir sitja fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Flokkur sem fulltrúa á í hreppsnefnd en ekki fulltrúa í hreppsráði má tilnefna hreppsnefndarmann til að sitja fundi hreppsráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps staðfestist hér með samkvæmt 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráuneytið, 19. maí 1983.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 77/1983, um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu eiturefna.

1. gr.

6. gr. 1. mgr. orðist svo:

Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með sölu og varðveislu eiturefna í lyfjabúðum, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum. Heilbrigðisnefndir skv. lögum nr. 50/1981, hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins eftirlit með sölu og varðveislu eiturefna í öðrum fyrirtækjum, sem hafa heimild til sölu þeirra skv. 5. tl. 5. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 17. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og öðlast gildi 1. júlí 1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. maí 1983.

Svarar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

STARFSREGLUR

fyrir flugslysanevnd.

1. gr.

Nefndin heitir „Flugslysanevnd“, á ensku “National Air Safty Board”.

Nefndin heyrir stjórnarfarslega beint undir samgönguráðherra.

Samgönguráðherra skipar formann sérstaklega en að öðru leyti skiptir nefndin með sér störfum.

Samgönguráðherra lætur nefndarmönnum í té persónuskilríki til sönnunar um réttarstöðu og heimildir þeirra í störfum.

2. gr.

Flugslysanevnd heldur fundi eftir þörfum. Formaður flugslysanevndar boðar fundi og stjórnar þeim.

Flugslysanevnd heldur gerðarbók um störf sín.

3. gr.

Rannsóknarstarf nefndarinnar varðandi einstök flugslys skal fyrst og fremst miða að því hvernig koma megi í veg fyrir að flugslys endurtaki sig.

Á grundvelli sjálfstæðra og óháðra rannsókna á orsökum flugslysa skal nefndin gera tillögur um hvers konar úrbætur í flugöryggismálum.

4. gr.

Flugslysanevnd ákveður sjálf hvaða mál hún kannar innan íslensks yfirráðasvæðis og einnig utan þess, svo framarlega sem lög annarra þjóða eða alþjóðareglur standi ekki í vegi.

Nefndin getur leitað aðstoðar sérfræðinga, innlendra eða erlendra, ef sérstök nauðsyn krefur.

5. gr.

Samgönguráðherra getur falið flugslysanevnd sérstök verkefni, sem miða að auknu öryggi í flugmálum.

6. gr.

Nú verður flugslys, sem 141. – 147. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir og lög nr. 8/1983 ná til og skal þá flugmálastjórn tilkynna nefndinni um það, svo fljótt sem auðið er.

Eftir atvikum skulu einn eða fleiri nefndarmenn fara á vettvang til að fylgjast með vettvangsrannsókn, sem flugmálastjórn framkvæmir í samráði við nefndarmenn.

Nefndarmönnum skal séð fyrir nauðsynlegum búnaði vegna vettvangskannana.

Flugmálastjórn skal sjá til þess að nefndarmenn hafi óhindraðan aðgang að slystað og öllum gögnum og upplýsingum er þeir telja skipta máli á vettvangi.

Nefndarmenn hafa sjálfstæðan rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu, svo og annað björgunar- og hjálparlið.

Nefndarmenn hafa rétt til skýrslutöku og gagnasöfnunar á vettvangi, eftir eigin mati.

7. gr.

Flugslysanevnd getur krafist flugmálastjórn um aðgang að öllum rannsóknargögnum á hvaða stigi framhaldsrannsóknar sem er.

Á grundvelli þeirra og eigin athugana ákveður nefndin hvort viðkomandi tilvik skuli tekið til sjálfstæðrar rannsóknar á vegum nefndarinnar.

Slík rannsókn skal framkvæmd í náinni samvinnu við flugmálastjórn og rannsóknarlögreglu ríkisins.

Þegar flugslysanevnd hefur lokið rannsókn skal hún semja bráðabirgða skýrslu um niðurstöður hennar og gefa ábendingar um hvernig koma megi í veg fyrir að sams konar eða lík atvik endurtaki sig.

Skýrslan skal send flugmálastjórn til umsagnar og lokaskýrsla síðan send flugráði og samgönguráðherra.

8. gr.

Flugslysanevnd getur endurupptekið þegar rannsakað mál, ef fram koma ný og mikilvæg gögn.

Samgönguráðherra getur hvenær sem er lagt fyrir nefndina að framkvæma ítarlegri rannsókn í máli.

9. gr.

Þegar flugmálastjórn hefur að sínu leyti lokið rannsókn á flugslysi, sbr. 1. mgr. 6. gr. starfsreglna þessara, skal flugmálastjórn senda flugslysanevnd afrit af lokaskýrslu um málið.

10. gr.

Ákveði flugslysanevnd ekki sjálfstæða rannsókn skv. 7. gr., lýkur hún málinu með bókun.

Þá afstöðu getur nefndin þó endurskoðað hvenær sem er, ef tilefni gefst til.

11. gr.

Samgönguráðherra ákveður hvort skýrslur flugslysanevndar skuli birtar.

Án leyfis samgönguráðherra er flugslysanevnd óheimilt að gefa upplýsingar opinberlega um störf sín.

12. gr.

Flugslysanevnd skal leitast við að hafa samvinnu við sams konar aðila annarra þjóða og taka almennt þátt í alþjóðasamskiptum að því er flugöryggismál varðar, eftir því sem samgönguráðherra ákveður hverju sinni.

13. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af störfum flugslysanevndar.

14. gr.

Starfsreglur þessar eru settar með heimild í 5. mgr. 1. gr. laga nr. 8 10. mars 1983 um breyting á lögum um loftferðir nr. 34/1964 og taka þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 19. maí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 6 30. janúar 1970 um bifreiðamál ríkisins.

1. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður er orðist svo:

Sama skal gilda um starfsmenn á Norðurlandaskrifstofum Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem þar hafa starfað samfelld í minnst tvö ár, enda liggi fyrir ákvörðun fjármálaráðuneytisins þar að lútandi hverju sinni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. maí 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um heyrnleysingjakennaranám við Heyrnleysingjaskólann árin 1982 og 1983.

1. gr.

Tilgangur kennslunnar er að veita sérfræðilekkingu í kennslu heyrnleysingja og starfsréttindi til heyrnleysingjakennslu. Rétt til þátttöku í náminu hafa þeir kennarar einir sem gegnt hafa minnst þriggja ára starfi við Heyrnleysingjaskólann og kenna að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hluta fullrar kennslu meðan á námi stendur.

2. gr.

Námið skal skipulagt af Höskolan för lærarutbildning í Stokkhólmi í samráði við skólustjóra Heyrnleysingjaskólans, skólustjóra Bréfaskólans og menntamálaráðuneytið.

Námið skal miðast við þær kröfur sem Höskolan för lærarutbildning í Stokkhólmi gerir til menntunar heyrnleysingjakennara, en sniðið að íslenskum aðstæðum.

3. gr.

Til kennslunnar skal verja minnst 2110 kennslustundum. Hún fer fram í önnum með fyrirlestrum og starfsþjálfun, sem sænskir og íslenskir kennarar annast. Námið samsvarar tveggja ára sérnámi.

Nokkur hluti námsins fer fram í bréfaformi fyrir milligöngu Bréfaskólans.

4. gr.

Kennslan tímabilið 27. mars 1982 til 5. nóvember 1983 felst í eftirtöldum meginþáttum:

Námsgreinar og stundafjöldi.

	27. mars 1982- 15. maí 1983	16. maí- 30. júní 1983	30. ágúst- 5. nóv. 1983.
Uppeldis og kennslufræði (Pedagogik)	35	30	10
Aðferðir í kennslu heyrnarkertra/heyrnar- lausra. (Hörsef/dövmétodík)	60	40	30
Læknisfræðileg heyrnarfræði. (Medicinsk audiologi).	55		
Tæknileg heyrnarfræði. (Teknisk audiologi).	44		
Uppeldis og kennslufræðileg heyrnarfræði (Pedagogisk audiologi).	48		
Félagsleg heyrnarfræði. (Sociologisk audiologi).	20	20	10
Talkennslu og talmeinafræði og raddfræði (Logopedi och forniatri).	45	55	10
Málvísindi og hljóðfræði. (Sprákteori och fonetik).	27	45	5
Táknmál (Teckenspråk).	35	8	55
Kennsla um fatlanir. (Handikappkunskap).		15	
Látbragð og tjáning, tónlist og taktur (Min/drama- musík/rytmik).			55
Verkleg kennsla og handleiðsla. (Praktik).	702		200
Kennsluritgerðir sem lokaverkefni. (Specialarbete).	300		100
Gerð námsefnis. (Läromedelsmetodik).		14	
Námsferðir. (Studieresor).	100		90

5. gr.

Próf og mat úrlausna skal vera í höndum kennara í hverri grein í samráði við Högskolan för lärarutbildning í Stokkhólmi, sem annast brautskráningu nemenda að námi loknu.

6. gr.

Peir sem standast tilskilin próf, öðlast full starfsréttindi sem heyrnleysingjakennarar, þar sem þetta nám fullnægir fyllstu kröfum um menntun í heyrnleysingjafræðum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 13 frá 31. mars 1962 og gildir frá upphafi til loka námstímabilsins 1982 og 1983.

Menntamálaráðuneytið, 21. maí 1983.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Staðfesting forseta á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð frú Karólínu Kristjánsdóttur fyrrverandi ljósmóður á Stóru-Þverá í Holtshreppi, Skagafjarðarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. maí 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Karólínu Kristjánsdóttur, fyrrverandi ljósmóður á Stóru-Þverá í Holtshreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frú Karólínu Kristjánsdóttur, fyrrverandi ljósmóður á Stóru-Þverá í Holtshreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af kvenfélaginu Framtíðin, og ýmsum fleirum í Holts- og Haganeshreppum, með 500,00 króna stofnfé, til minningar um frú Karólínu, sem eina af stofendum kvenfélagsins, og ljósmóður í Holtshreppi um 15 ára skeið. Karólína var fædd 21. maí 1902 og dáin 28. júlí 1951.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggri peningastofnun og efla, sem hér segir:

- a. Árlega skulu á fæðingardegi frú Karólínu seld merki til minningar um hana, og renni ágóði af merkjasölunni í minningarsjóðinn.
- b. Á afmæli hennar, eða sem næst því, ef hentara þykir, skal haldin skemmtun, til ágóða fyrir sjóðinn.
- c. Gefin verði út minningarspjöld, sem öllum gefist kostur á að kaupa.
- d. Með gjöfum, áheitum, eða öðru, sem einstaklingar eða félög kynnu að óska að efla sjóðinn með.

4. gr.

Úr sjóði þessum skal veita til bágstaddra og þeirra sem þurfa að fara til sérfræðings ef slys ber að höndum, í Holts- og Haganeshreppum.

Höfuðstóll skal vera minnst kr. 2.000,00 — tvö þúsund krónur — og má þá veita úr honum á félagssvæðið. Utan félagssvæðis má ekki veita styrk fyrr en höfuðstóll er orðinn kr. 5.000,00 — fimm þúsund krónur —.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal kosin á aðalfundi kvenfélagsins Framtíðin, og skal hún skipuð þremur félagsbundnum konum og öðrum 3 til vara. Kosning hverrar konu gildir um þrjú ár í senn, þó þannig að fyrstu tvö árin gangi ein úr stjórninni hvort ár, eftir hlutkesti, og svo árlega ein í rétttri röð. Stjórnin skiptir með sér verkum, sem formaður, gjaldkeri og ritari, og annast öll störf sjóðsins milli aðalfunda kvenfélagsins, án endurgjalds. Stjórn sjóðsins skal gera aðalfundi kvenfélagsins grein fyrir störfum sínum, og leggja þar fram reikninga sjóðsins, sem kvenfélagið sér um að séu endurskoðaðir.

6. gr.

Leysist kvenfélagið Framtíðin upp, eða hætti störfum, skal fela sveitarstjórnnum Holts- og Haganeshreppa að annast yfirumsjón sjóðsins, þar til annað kvenfélag kynni að verða stofnað í Fljótum, er taki að sér umsjá sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá þessari.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um viðurkenningu erlendra kennivottorða annarra en vegabréfa.

Ákveðið hefur verið, að ríkisborgarar eftirtalinn landa megi við komu til landsins og brottför nota í stað vegabréfs eftirtalin kennivottorð, gefin út af þar til bæru yfirvaldi hlutaðeigandi lands:

Austurríki:

Personalausweis.

Belgía:

Carte d'Identité (de Belge), Identiteitskaart (van Belg) og Personalausweis (für Belgier).

Frakkland:

Carte Nationale d'Identité.

Holland:

Identiteitskaart (Toeristenkaart) A, B og BJ.

Ítalía:

Carta d'Identita. Ath: Í reitnum „Cittadinanza“ á bls. 2 skal standa „Italiana“.

Liechtenstein:

Identitátskarte/Carte d'Identite/Carta d'Identita og Kinderausweis (Carte d'Identité d'Énfant).

Luxemborg:

Carte d'Identité og Titre d'Identité et de Voyage (Kinderausweis).

Sviss:

Carte d'Identité/Identitátskarte/Carta d'Identita.

Sambandslýðveldið Þýzkaland:

Personalausweis, Kinderausweis og Behelfsmässiger Personalausweis.

Heimild þessi gildir fyrir ofangreinda ríkisborgara sem ferðamenn þann tíma, sem þeim er heimil dvöl hér á landi án sérstaks leyfis, þ. e. allt að þremur mánuðum, sbr. 2. og 3. málsgr. 5. gr. laga nr. 45 12. maí 1965 um eftirlit með útlendingum, enda sé ekki um að ræða dvöl í atvinnuskyni.

Auglýsing þessi, sem gefin er út samkvæmt heimild í 15. gr. reglugerðar nr. 148 3. september 1965 um eftirlit með útlendingum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. maí 1983.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um verndaða vinnustaði.

1. gr.

Verndaðir vinnustaðir eru starfræktir í þeim tilgangi að:

- a) veita fötluðum þjálfun og endurhæfingu til starfa á almennum vinnumarkaði.
- b) veita þeim, sem ekki eiga kost á að starfa á almennum vinnumarkaði atvinnu við sitt hæfi.
- c) veita starfsmenntun í samvinnu við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og/eða skóla á viðkomandi sviði.

Ekki er nauðsynlegt að sérhver verndaður vinnustaður uppfylli alla liði þessarar greinar, en verður a. m. k. að uppfylla einn lið greinarinnar.

2. gr.

Reynt skal að hafa framboð á vinnu sem fjölbreytilegast til að mæta þörfum, sem skapast af mismunandi afkastagetu, þroskamöguleikum, hæfni og löngunum.

Verndaðir vinnustaðir skulu reknir í því skyni að veita einstaklingum með skerta vinnugetu tækifæri til iðju, þannig að hver þeirra hafi frá fyrirtækisins hálfu svigrúm til að haga viðveru, vinnuhraða, verkefnum og verklagi eftir getu og þörfum.

3. gr.

Verndaðir vinnustaðir skulu opnir fötluðum án tillits til fötlunar.

Stjórn viðkomandi vinnustaðar eða forstöðumaður í umboði hennar, annast ráðningar starfsfólks í samráði við þá aðila sem annast félagslega og atvinnulega þjónustu.

4. gr.

Svæðisstjórnir, sveitarfélög, félög fatlaðra og styrktarfélög þeirra geta sett á stofn verndaða vinnustaði að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytis sbr. 3. og 7. gr. laga um málefni fatlaðra.

5. gr.

Umsókn um starfsleyfi skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um skipulag starfseminnar, stofnkostnað, rekstraráætlanir, fjölda starfsmanna og stjórnunarliðs, framleiðslu, markaðsmöguleika og tengsl við vinnumarkaðinn.

6. gr.

Verndaðir vinnustaðir skulu reknir eftir því sem kostur er í tengslum við endurhæfingarstöðvar eða aðra endurhæfingarstarfsemi. Starfsfólk verndaðra vinnustaða skal svo sem kostur er veitt félagsráðgjöf og sálfræðiþjónusta.

7. gr.

Verndaðir vinnustaðir skulu uppfylla allar kröfur, sem gerðar eru til almennra vinnustaða, s. s. til húsnæðis, aðbúnaðar, eldvarna, öryggis og hollustuhátta, sbr. lög nr. 74/1982 og lög nr. 46/1980, auk aðgengi fatlaðra, sbr. lög nr. 54/1978.

8. gr.

Um stofnkostnað og rekstrarkostnað fer samkvæmt 26. 27. og 28. gr. laga um málefni fatlaðra.

Svæðisstjórnir og forstöðumenn verndaðra vinnustaða skulu senda félagsmálaráðuneytinu yfirlit um reksturinn á síðasta almanaksári eigi síðar en fyrir lok mars árið eftir, ásamt rekstraráætlun fyrir það almanaksár sem hafið er.

Fyrir 1. ágúst skal forstöðumaður senda félagsmálaráðuneytinu yfirlit um reksturinn fyrstu sex mánuði ársins og horfur varðandi reksturinn til loka ársins, ef breytingar eru fyrrsjáanlegar. Forstöðumaður (stjórn) verndaðs vinnustaðar ásamt hlutadeigandi svæðisstjórn skulu skila fjárveitingabeidni ásamt greinargerð til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. maí ár hvert.

9. gr.

Handhafi rekstrarleyfis verndaðs vinnustaðar ræður forstöðumann, sem annast daglegan rekstur vinnustaðarins. Allar ákvarðanir sem hafa í för með sér fjárhagslegar skuldbindingar aðrar en varða daglegan rekstur skulu hljóta samþykki handhafa rekstrarleyfis og staðfestingar félagsmálaráðuneytisins.

Forstöðumaður skal hafa samráð við starfsfólk og trúnaðarmann þess viðvíkjandi vinnutilhögum og öðrum málefnum vinnustaðarins.

10. gr.

Svæðisstjórnir skulu annast eftirlit með starfsemi verndaðra vinnustaða sbr. 11. gr. laga um málefni fatlaðra.

11. gr.

Öll almenn ákvæði kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga skulu gilda á vernduðum vinnustöðum. Sömuleiðis lög og reglugerðir er varða kjaramál og réttindi fólks til inngöngu í stéttarfélög, enda verði stéttarfélagasáðild í samræmi við starf hvers og eins á vinnustaðnum. Fatlað starfsfólk skal njóta sömu réttinda og aðrir í sama stéttarfélagi, s. s. aðild að lífeyrissjóði, orlofsdvalar, greiðslna úr sjúkrasjóðum o. fl. Stéttarfélögum og vernduðum vinnustöðum er heimilt að gera sérstaka kjarasamninga vegna vinnu á vernduðum vinnustöðum og vegna vinnu á dagvistunarstofnunum er taki mið af almennum kjarasamningum. Kaupliðir slíkra samninga skulu hljóta staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

12. gr.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning á milli vinnustaðar og starfsmanns, þar sem fram kemur m. a. laun, vinnutími, reynslutími og til hvaða starfa starfsmaður er ráðinn. Senda skal viðkomandi svæðisstjórn afrit af ráðningarsamningum.

Einu sinni á ári skal forstöðumaður í samráði við svæðisstjórn meta starfsgetu fatlaðs starfsmanns með tilliti til þess hvort unnt sé að útvega viðkomandi starf við sitt hæfi á almennum vinnumarkaði.

13. gr.

Sé starfsmanni sagt upp starfi, skal ástæða uppsagnar tilgreind í uppsagnarbréfi.

Telji starfsmaður uppsögn óréttmæta getur hann skotið máli sínu til stjórnarnefndar sbr. 5. mgr. 3. gr. laga um málefni fatlaðra.

Í slíkum málum skal stjórnarnefnd leita álits viðkomandi svæðisstjórnar.

Starfsmanni samkvæmt 1. gr. þessarar reglugerðar, lið a eða c verður ekki sagt upp starfi fyrir en honum hefur verið útvegað annað starf. Forstöðumaður skal í því tilviki hafa frumkvæði að útvegum nýs starfs í samvinnu við atvinnuleit á viðkomandi svæði sbr. 10. lið 6. gr. laga um málefni fatlaðra. Hægt er að segja starfsmanni upp, ef sýnt þykir að hann er alls ófær um að geta sinnt störfum á vinnustaðnum. Fara skal með slík mál með sama hætti og segir í 2. málsg. þessarar greinar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 41/1983 um málefni fatlaðra og öðlast gildi 1. janúar 1984.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1983.

Svavar Gestsson.

Margrét Margeirsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamönnum eftirlitsskyldra farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyfta og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum skv. gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmis konar aukapjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Fyrir farandvélar og farandvinnuvélar greiðist sem hér segir:

1. flokkur: Gjald kr. 599,00

Málarastólar, vörulyftarar með sæti, dráttarvélar.

Gjaldið greiðist þó ekki ef tæki þessi eru í eigu eftirlitsskyldra fyrirtækja.

2. flokkur: Gjald kr. 807,00.

Vegaþjoppur, vegheflar og aðrar vegagerðarvélar, jarðýtur, ámokstursvélar, skurð-gröfur og aðrar svipaðar vélar, litlir farandkranar (bómulengd minni en 8 m, lyftigeta minni en 2 tonn).

3. flokkur: Gjald kr. 1 192,00.

Farandkranar, byggingakranar.

Þó skoðun fari fram oftár en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema framkvæma þurfi aukaeftirlitsskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald.

3. gr.

Fyrir fólkslyftur greiðist: kr. 1 198,00.

Fyrir skíðalyftur minni greiðist: kr. 2 132,00.

Fyrir skíðalyftur stærri greiðist: kr. 3 150,00.

4. gr.

Fyrir skoðun vatnshitunarkerfa sbr. reglugerð nr. 302/1978 greiðist kr. 796,00 og fyrir neysluvatnshylki kr. 237,00.

5. gr.

Fyrir gasmælingu olúgeyma í skipum greiðist kr. 257,00 fyrir fyrsta geymi og síðan 150,00 fyrir hvern geymi. Fyrir gasmælingu vélarrúms eða dælurúms greiðist ekki gjald, nema eingöngu sé mælt í því.

Fyrir þrýstiraun katla eða geyma, sem eru minni en 2 m³ að rúmtaki eða minni þrýsting en 2 kg/cm² greiðist 236,00, en fyrir stærri katla kr. 336,00.

Fyrir átaksprófanir á talfum, krönum og öðrum lyftibúnaði greiðist eftir lyftigetu búnaðarins sem hér segir:

0— 3.000 kg kr. 400,00.

3000—10.000 kg kr. 538,00.

yfir 10 000 kg kr. 795,00.

Sé gasmæling, þrýstiraun eða önnur þjónusta framkvæmd utan reglulegs vinnutíma, samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis eða skips, skal hann greiða þann kostnað sem af slíku hlýst.

6. gr.

Fyrir umfangsmeiri mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis eða aðrar hliðstæðar athuganir skal eigandi eða umráðandi fyrirtækis greiða þann kostnað sem af mælingum hlýst annan en dagvinnulaun fastráðinna starfsmanna Vinnueftirlits ríkisins.

7. gr.

Fyrir þátttöku í námskeiðum um meðferð og notkun á sprengiefnum greiðir hver þátttakandi gjald sem svarar til heildarkostnaðar námskeiðs hverju sinni deilt niður á alla þátttakendur. Á sama hátt reiknast þátttökugjald vegna námskeiða vegna notkunar naglabyssu og námskeiða um öryggismál í meðferð og stjórnun farandvinnuvéla.

Gjald vegna verklegrar prófunar í notkun sprengiefna skal vera kr. 394,00

Gjald vegna verklegrar prófunar tækjastjóra skal vera:

Fyrir próf á lyftara kr. 158,00

Fyrir próf á aðrar vélar kr. 316,00

Sé samtímis tekið próf á fleiri en eina vél skal prófgjald fyrir hverja vél eftir fyrstu vél vera kr. 158,00.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkv. 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 6/1983.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Óskar Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um umferð á Ísafirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Íslafjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Ísafirði:

1. Bannað er að leggja bifreiðum á Torfnisvegi framan við aðalinngang Hlífar, íbúða aldraðra, á svæði, sem afmarkast af 5 metrum á hvorn veg frá miðlínu aðalinngangs, alls 10 metrum.
2. Gangbraut skal vera yfir Hafnarstræti á milli Túngötu og Skutulsfjarðarbrautar mitt á milli göngustíga frá sjúkrahúsunum, þar sem þeir liggja að Hafnarstræti.
3. Bannað er að leggja ökutækjum beggja vegna á Djúpvegi, þjóðvegi 61, frá Hafrafells-hálsi að Brautarholti.

Ákvæði þessarar auglýsingar öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Ísafirði, 11. maí 1983.

Pétur Kr. Hafstein.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 84/1982, um starfsmannabústaði og starfsmannabúðir.

1. gr.

2. gr. 2. tl. fellur niður og aðrir töluliðir færast til sem því nemur.

2. gr.

2. gr. 6. tl. verður 2. gr. 5. tl. og orðist svo:

Heilbrigðisnefnd skal gæta þess að uppfyllt séu ákvæði laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisreglugerðar, þessarar reglugerðar, byggingarreglugerðar og brunamálareglugerðar og getur krafist hverra þeirra upplýsinga og viðbótargagna frá umsækjanda, sem hún telur þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. maí 1983.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um stjórn hreppsmála Hafnarhrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps skal skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps er almennt í fyrirsvari fyrir sveitarfélagið og skal engu máli er varðar sérstaklega hagsmuni hreppsins til lykta ráðið án umsagnar hreppsnefndar.

Hreppsnefnd ber að gæta hagsmuna hreppsins í hvívetna og annast þau viðfangsefni sem henni eru fengin að lögum og reglugerðum, svo og málefni sem henni eru fengin með samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hreppsnefndar eru þessi:

A. Hún fer með yfirstjórn á fjárreiðum hreppsins.

1. Árlega ber hreppsnefnd að gera áætlun um tekjur og gjöld hreppsins fyrir hvert reikningsár (almanaksár) og eigi síðar en í febrúarmánuði. Í fjárhagsáætlun skal greina í meginatriðum hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað sbr. B. lið. Einnig skal tekið fram hvernig áætlaðar tekjur greinast.

2. Hún hefur í hendi yfirumsjón með fjárstjórn hreppsins og gætir þess að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.
Eigi má greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun hreppsins og/eða hreppsstofnana eða með annarri ákvörðun hreppsnefndar.
 3. Hún hefur yfirumsjón með því að eignir hreppsins séu tryggilega varðveittar.
 4. Hún kveður á um lántökur fyrir hreppinn.
 5. Hún kveður á um ábyrgðir sveitarsjóðs.
 6. Hún skal hafa fullnaðarúrskurð á ársreikningum og eigi síðar en í júnímánuði ár hvert.
- B. Hreppsnefnd hefur yfirumsjón með verklegum framkvæmdum sveitarfélagsins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur gert heildaráætlun um framkvæmd tiltekinna verkefna svo og um einstök verkefni ef þurfa þykir og ástæða er til.
- C. Hreppsnefnd ræður eða kýs sveitarstjóra og kýs nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga sveitarfélagsins. Ennfremur ræður hún fasta starfsmenn hreppsins og ákveður laun þeirra.
- D. Hreppsnefnd setur reglur um stjórn hreppsmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna hreppsins, ákveður gjaldskrár hreppsfiirtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI

Fundarsköp hreppsnefndar.

3. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar að afloknum sveitarstjórnarkosningum kýs hún sér oddvita og varaoddvita úr hópi hreppsnefndarmanna og fer um kosningu þeirra og starfstíma eftir gildandi sveitarstjórnarlögum.

Aldursforseti hreppsnefndar stýrir fyrsta fundi hennar þar til kjöri oddvita er lokið.

Ef oddviti eða varaoddviti er ekki viðstaddur á fundi hreppsnefndar skal aldursforseti gegna fundarstjórastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef oddviti deyr eða varaoddviti, eða verður varanlega forfallaður frá störfum áður en kjörtímabil hans er á enda skal kjósa oddvita í hans stað, fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu.

4. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundi hreppsnefndar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í fundargerðarbók og allar tillögur og ályktanir séu réttar og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Oddviti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum hreppsnefndar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans undir úrlausn hreppsnefndar.

5. gr.

Hreppsnefnd ræður sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar, sem sér um færslu gerðabókar og hefur oddviti eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal skráð hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn, töluröð hreppsnefndarfunda svo og hver sé fundarritari og einnig það sem oddviti vill láta færa til bókar, þó ekki sé til getið í dagskrá fundarins.

Hver hreppsnefndarmaður sem ekki er sammála hinum á rétt á því að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

Hreppsnefndarmenn skulu fá send afrit af fundargerðum fyrir næsta fund. Komi fram athugasemdir skulu þær teknar til greina og færðar til bókar. Hreppsnefndarmenn skulu undirrita allar fundargerðir í lok hvers fundar.

6. gr.

Hreppsnefnd heldur fundi að jafnaði tvisvar í mánuði nema í júlí og ágúst. Ákveða skal reglulega fundardaga og fundartíma við upphaf hvers kjörtímabils. Sveitarstjóri boðar fundi hreppsnefndar í samráði við oddvita.

Aukafundi skal ákveða ef 2 hreppsnefndarmenn hið fæsta krefjast þess.

7. gr.

Sveitarstjóri og oddviti semja dagskrá hreppsnefndarfunda. Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir byggðaráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa staðfestingar hreppsnefndar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál sem fellur undir verksvið hreppsnefndar samkv. 2. gr. og sbr. 10. gr. laga nr. 58/1961 enda sé þess óskað af sveitarstjóra, byggðaráði, lögmætri nefnd eða hreppsnefndarmanni að málið sé tekið á dagskrá.
3. Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna svo og hvert það málefni annað, sem hreppsnefnd á að fjalla um að lögum. Sá sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu um fyrirspurn eða stuttri greinargerð, eigi síðar en 4 dögum fyrir hreppsnefndarfund. Sveitarstjóri skal í síðasta lagi 2 dögum fyrir boðaðan hreppsnefndarfund, hafa sent öllum hreppsnefndarmönnum og a. m. k. 1 varamanni hvers lista, dagskrá næsta hreppsnefndarfundar. Í dagskránni skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir sem fyrir fundi liggja, tillögur sem fram hafa komið og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum sem um skal fjallað. Fylgja skal eftirrit fundargerða, tillagna, afrita af skýrslum og athugasemdir endurskoðenda svo og annarra gagna sem til upplýsinga geta orðið um málefni sem á dagskrá eru. Ef ákveðinn verður aukafundur samkv. 2. málsg. 6. gr. skal að jafnaði boðað til hans með dagskrá sem send verði hreppsnefndarmönnum og varahreppsnefndarmönnum með eins sólarhrings fyrirvara. Heimilt er þó að boða fund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé þess getið með fundarboði hvaða mál sé á dagskrá. Mál skulu afgreidd í þeirri röð sem dagskrá segir. Þó er oddvita heimilt að víkja frá röð mála á dagskrá, enda fallist hreppsnefnd á breytinguna. Heimilt er að taka mál á dagskrá þó ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki meirihluti hreppsnefndarmanna þau afbrigði.

8. gr.

Hreppsnefndarfundi skal auglýsa á sama hátt og venja er til um opinberar auglýsingar í hreppnum a. m. k. með 24 klst. fyrirvara.

9. gr.

Hreppsnefndarfundi skal halda í heyranda hljóði. Hreppsnefnd getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum t. d. einkamál manna, eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum skal úr því skorið með atkvæðagreiðslu án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á hreppsnefndarfundi raskar fundarfriði getur oddviti látið vísa honum út.

10. gr.

Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert nema meira en helmingur heppsnefndarmanna sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Sveitarstjóri og hver hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukattillögu, frestunartillögu eða frávisunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er og hreppsnefnd á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.

Oddviti skal veita fundarmönnum ráðrúm til að semja tillögur á fundi ef þörf krefur. Þó skulu breytingartillögur við afgreiðslu mála sem samkv. samþykkt þessari þarf 2 umræður um hafa verið tilgreindar í dagskrá og afhentar sveitarstjóra skriflega sem um sérstaka tillögu væri að ræða sbr. 7. gr. Þó er heimilt að veita afbrigði í þessum eignum með meirihluta atkvæða.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti fellur það nema við kosningu þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu sveitarstjóra, nefnda eða með því að fresta því.

Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu um tilhögun skal hagað.

11. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun, ársreikninga og reglugerðir sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

12. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að hreppsnefndarmaður réttir upp hönd. Nafnakall eða skrifleg atkvæðagreiðsla skal viðhöfð ef oddviti ákveður, sveitarstjóri óskar eða tveir hreppsnefndarmenn hið fæsta.

Við nafnakall er hreppsnefndarmanni skylt að greiða atkvæði nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni er oddviti metur gild. Ef hreppsnefndarmaður vill ekki una úrskurði oddvita má hann skjóta úrskurðinum til hreppsnefndar sem sker úr án umræðna.

13. gr.

Hver hreppsnefndarmaður sem vill taka til máls á hreppsnefndarfundi, skal óska heimildar oddvita.

Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumann svo og hreppsnefndarmann sem gera vill stutta athugasemd eða leiðréttu ummæli um sjálfan sig.

Ef tveir eða fleiri hafa kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala.

Oddviti getur heimilað, ef 4 hreppsnefndarmenn samþykkja að maður utan hreppsnefndar megi tala á hreppsnefndarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

14. gr.

Sveitarstjóri sem ekki er jafnframt hreppsnefndarmaður, skal hafa málfrelsi á hreppsnefndarfundum til jafns við hreppsnefndarmenn.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita.

Ekki má lesa prentað mál nema með leyfi oddvita.

15. gr.

Ef oddviti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt til að umræðutími hvers hreppsnefndarmanns megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur oddviti hvenær sem er lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma.

Hreppsnefnd afgreiðir tillögur oddvita sbr. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Hver hreppsnefndarmaður getur borið fram slíka tillögu og skal hún einnig afgreidd umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

16. gr.

Skylt er hreppsnefndarmanni að lúta valdi oddvita í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef hreppsnefndarmaður ber aðra menn brigslum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann. Ef hreppsnefndarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur oddviti lagt til við hreppsnefnd að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef hreppsnefndarmaður hlýðnast ekki úrskurði hreppsnefndar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

17. gr.

Hverjum hreppsnefndarmanni er skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér störf sem hreppsnefnd felur honum s. s. oddvitastörf, setu í byggðaráði eða öðrum nefndum.

Sá sem hefur verið oddviti hreppsnefndar, setið í byggðaráði eða öðrum nefndum getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Hreppsnefndarmönnum er skylt að koma þrúðmannlega fram á hreppsnefndarfundum og gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem hreppsnefndarmenn.

Þá er þeim skylt að gæta hagsmuna og velferðar hreppsins út á við sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli hreppsnefndarmanna.

18. gr.

Hreppsnefndarmönnum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf hreppsins og stofnana hans.

19. gr.

Hver hreppsnefndarmaður á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd skv. ákvörðun hennar.

20. gr.

Ef hreppsnefndarmaður, kosinn í nefnd og til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn til, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varamaður ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt fer um varamann skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

21. gr.

Hreppsnefnd getur veitt hreppsnefndarmanni, sem óskar, lausn frá hreppsnefndarmannsstarfi.

IV. KAFLI

Byggðaráð.**Reglur byggðaráðs Hafnarhrepps.**

22. gr.

Byggðaráð skal skipað þrem hreppsnefndarmönnum og jafnmörgum til vara og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu. Kjörtímabil byggðaráðs er 1 ár.

Forfallist byggðaráðsmaður, eða hans missir við, tekur sæti hans varamaður á sama lista, sem aðalmaður. Séu bæði aðalmaður og varamaður forfallaðir geta flokkarnir látið fulltrúa sína eða varafulltrúa mæta í þeirra stað.

Byggðaráð getur leyft að flokkur sem fulltrúa á í hreppsnefnd, en ekki fulltrúa í byggðaráði, megi tilnefna fulltrúa til að sitja fundi byggðaráðs með málfrelsi og tillögurétt.

23. gr.

Sveitarstjóri á sæti í byggðaráði, og má kjósa hann formann þess enda hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt, því aðeins að hann sé hreppsnefndarfulltrúi og kosinn í byggðaráð.

Byggðaráð kys sér formann og ritara. Sá er rétt kjörinn sem fær meirihluta atkvæða. Ef tveir fá jöfn atkvæði ræður hlutkesti.

Byggðaráð getur ráðið fundarritara utan byggðaráðs.

24. gr.

Byggðaráð heldur fundi eftir þörfum. Fundir eru lögmætir ef 2 byggðaráðsmenn mæta.

25. gr.

Byggðaráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Hafnarhrepps, að því leyti sem hún er ekki fengin öðrum samkvæmt lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum hreppsnefndar.

Í þeim tilvikum að sérstökum nefndum hreppsnefndar sé falið að hafa sérstaka málaflokka með höndum skal byggðaráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

26. gr.

Byggðaráð hefur eftirtalin mál með höndum, stjórnar þeim og tekur um þau ákvarðanir, sem jafnframt eru tillögur til hreppsnefndar og þurfa að öðlast samþykki hennar svo gild verði. Þó er byggðaráði heimil fullnaðarákvörðun mála, sem ekki eru veruleg fjárhagsatriði, enda sé eigi ágreiningur í byggðaráði né við sveitarstjóra um slíkar ákvarðanir.

A. Fjármál: Til þeirra teljast umsjón og stjórn á fjárhag hreppsins, undirbúningur og samning fjárhagsáætlunar, tillögur til úrskurðar á reikningum hreppsins, eftirlit og fyrirkomulag á bókhaldi og innheimtu gjalda.

Byggðaráð ákveður hvernig varið skuli fé því sem ætlað er til verklegra framkvæmda að því leyti sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

B. Vegamál: Byggðaráð hefur stjórn og umsjón með vegamálum hreppsins, götum, holræsum, vatnsveitu, vatnssölu og götulýsingu, allt eftir nánari ákvörðun sveitarstjóra og reglugerðum þar að lútandi.

- C. Fasteignamál: Til þeirra telst umsjón með fasteignum hreppsins, svo sem húseignum o. fl., að því leyti, sem ekki er öðruvísi fyrirskipað um þessi mál í lögum og reglugerðum.
- D. Framfærslumál: Byggðaráð hefur með höndum stjórn allra framfærslumála Hafnarhrepps. Undir það heyra barnaleikvellir og dagheimili. Sveitarstjóri er framfærslustjóri, nema til þess sé ráðinn sérstakur maður.
- E. Önnur mál: Öll önnur mál sem ekki eru falin sérstökum nefndum í samþykktum um stjórn hreppsmála eða með sérstakri samykkt hreppsnefndar skulu heyra undir byggðaráð. Auk þess getur hreppsnefnd vísað þeim málum sem henni sýnist til byggðaráðs, þegar þurfa þykir, þó þau heyri ekki sérstaklega undir það.

27. gr.

Skylt er starfsmönnum hreppsins að sitja fundi byggðaráðs þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað.

V. KAFLI

Um sveitarstjóra.

28. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar. Heimilt er þó að ráða sveitarstjóra til lengri tíma.

Ráðningasamningur er þó uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Á ráðningarkjörtímabilinu þarf uppsögn ráðningarsamnings tvær umræður í hreppsnefnd. Líða skulu minnst 24 klst. milli umræðna.

29. gr.

Sveitarstjóri hefur framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og framkvæmd á málefnum hreppsins yfirleitt að því leyti, sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál.

Skylt er sveitarstjóra að hafa ákveðinn daglegan viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu hreppsins.

30. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og byggðaráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem hreppsnefndarmenn, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessari samþykkt. Hann á einnig sæti í fastanefndum.

EKKI hefur hann atkvæðisrétt í hreppsnefnd, byggðaráði eða fastanefndum nema hann sé til þess kjörinn.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum hreppsnefndar, byggðaráðs og nefnda.

31. gr.

Útgjöld sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykkt hreppsnefndar má ekki greiða nema til komi samþykkt hreppsnefndar.

Ekkert gjald má greiða úr hreppssjóði nema sveitarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð byggðaráðs til slíks.

32. gr.

Nú samþykkir hreppsnefnd ályktun sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun og án þess að gera jafnframt fullnægjandi ráðstafanir til að standast þennan kostnað og getur sveitarstjóri fellt slíka ályktun úr gildi um sinn og óskað eftir endurskoðun hreppsnefndar á samþykktinni.

33. gr.

Sveitarstjóra er heimilt í samráði við byggðaráð að fela öðrum að gegna störfum sínum um skemmri tíma.

Stendur sú ákvörðun óhöggud nema byggðaráð ákveði aðra tilhögun. Ef um lengri forföll en tvo mánuði er að ræða skal hreppsnefnd setja mann til að gegna starfi hans.

VI. KAFLI

Endurskoðendur.

34. gr.

Hreppsnefnd kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga hreppsins og fyrirtækja hans. Hreppsnefndarmenn eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðar 3. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. apríl ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun hreppsnefndar.

35. gr.

Byggðaráði er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda endurskoðun reikninga hreppsins og fyrirtækja hans sbr. 26. gr. A. lið.

Senda skal hann byggðaráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en byggðaráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til hreppsnefndar.

VII. KAFLI

Nefndir.

36. gr.

Hreppsnefnd kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin mál eftir því sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt hreppsnefndar.

Til eins árs í júní ár hvert:

1. Þrjú menn í byggðaráð og þrjú til vara.
2. Kjörstjórn samkvæmt lögum.
3. Tvo endurskoðendur hreppsreikninga og tvo til vara.
4. Fulltrúa og varafulltrúa á þing SSA samkv. samþ. samtakanna.

Til fjögurra ára að afloknum hreppsnefndarkosningum.

1. Fimm menn í hafnarnefnd og fimm til vara.
2. Fimm menn í skólanefnd grunnskóla og fimm til vara.
3. Fimm menn í skipulagsnefnd og fimm til vara.
4. Fimm menn í byggingarnefnd og fimm til vara.
5. Sjö menn í atvinnumálanefnd og sjö til vara.
6. Þrjú menn í veitunefnd og þrjú til vara.
7. Þrjú menn í barnaverndarnefnd og þrjú til vara.
8. Tvo menn í bókasafnsnefnd og tvo til vara.

9. Tvo menn í áfengisvarnanefnd og tvo til vara.
10. Þrjá menn í heilbrigðisnefnd og þrjá til vara.
11. Tvo menn í húsnefnd Sindrabæjar og tvo til vara.
12. Einn mann til brunabótavirðingar og einn til vara.
13. Tvo menn í forðagæslunefnd o. fl. og tvo til vara.
14. Þrjá menn í rekstrarnefnd dagheimilis og þrjá til vara.
15. Þrjá menn í launanefnd og þrjá til vara.
16. Fimm menn í umhverfisnefnd og fimm til vara.
17. Fimm menn í félagsmálanefnd og fimm til vara.
18. Þrjá menn í stjórn verkamannabústaða og þrjá til vara.
19. Tvo menn í stjórn tónskóla A-Skaft. og tvo til vara.
20. Þrjá menn í umferðarnefnd og þrjá til vara.
21. Þrjá menn í menningarmálanefnd og þrjá til vara.
22. Þrjá menn í rekstrarnefnd íþróttahúss og þrjá til vara.
23. Tvo fulltrúa á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga og einn til vara.

37. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið, fer eftir því sem ákveðið er í lögum eða samþykkt hreppsnefndar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða getur hreppsnefnd sett þær.

Ekki má framselja nefnd vald, sem hreppsnefnd er fengið að lögum. Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á að umboð nefndarinnar falli niður, þegar kjörtími hreppsnefndar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á að starfi hennar ljúki fyrst er verkefnið er til lykta leitt.

38. gr.

Nú andast maður, sem kosinn hefur verið í nefnd, flyst á brott eða forfallast varanlega á annan hátt, og skal þá kjósa annan mann í hans stað það sem eftir er kjörtímans. Skylt er að gefa þeim flokki eða flokkum sem kusu hinn forfallaða mann af lista við hlutfallskosningar kost á að tilnefna eftirmanninn.

Þetta á þó ekki við um hreppsnefndarmann þegar varahreppsnefndarmanni ber að taka sæti hans.

VIII. KAFLI

Um starfsmenn hreppsins.

39. gr.

Hreppsnefnd ræður fasta starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn, eftir því sem segir í samþykkt þessari, nema vald til þess sé að lögum fengið öðrum aðilum, eða á annan hátt mælt fyrir um sérmál tiltekinna stofnana. Fastir starfsmenn hreppsins teljast þeir einir, sem ráðnir eru í störf samkv. 1. mgr. og taka laun samkvæmt launasamþykkt hreppsins eða launasamningi sem hreppsnefnd hefur samþykkt.

Hreppsnefnd ákveður hvort auglýsa skuli til umsóknar stöður hjá hreppnum og fyrirtækjum hans, en sveitarstjóri ákveður slíkar auglýsingar að öðru leyti, þar á meðal hvernig auglýsa skuli.

Hreppsnefnd getur ákveðið hver almenn skilyrði skulu gilda um ráðningu í stöðu hjá hreppnum, svo og sérskilyrði, sem gilda skuli um ákveðnar stöður.

Sá sem hlotið hefur fasta ráðningu í stöðu á rétt á að halda henni meðan hann rækir stöðuna þannig að ekki verði að fundið.

Hreppsnefnd getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu enda missi þeir ekkert af launum sínum við það.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu staðfestist hér með samkvæmt 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt, sbr. reglugerð nr. 585/1982
um breyting á henni.**

1. gr.

3. mgr. 7. tl. 10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til skemmtistarfsemi teljast hvers konar samkomur fólks þar sem aðgangseyrir er greiddur, annað hvort við inngang eða sem hluti af félagsgjaldi, sbr. þó 24. tl. 14. gr. Skiptir ekki máli þótt samkomur þessar séu ekki opnar almenningi. Um innheimtu söluskatts af skemmtanastarfsemi vísast til 2. tl. 33. gr.

2. gr.

1. mgr. 14. tl. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 585/1982, orðist svo:

Sala á fasteignum, skipum, flugvélum og svifflugum. Sala á svifdrekum, með eða án vélar, er þó söluskattsskyld.

3. gr.

24. tl. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Aðgangseyrir að leiksýningum, tónleikum, upplestri og fyrirlestrahaldi enda séu skemmtanir þessar ekki í neinum tengslum við annað skemmtana- og samkomuhald, svo og að sýningum á íslenskum kvikmyndum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 13. maí 1983.

Ragnar Arnalds.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um sölu og veitingar áfengis.

1. gr.

Um sölu áfengis frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og útsölustöðum hennar fer eftir þeim reglum, sem nánar eru ákveðnar í reglugerð þessari og gildandi lögum.

2. gr.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er auk þess sem hún selur áfengi í útstöðustöðum sínum heimilt að selja það frá aðalstöðvum sínum þeim er hér segir:

1. Veitingastöðum, er heimild hafa öðlast til veitinga áfengra drykkja, og kaupendum, er fá pantanir sínar sendar með pósti.
2. Læknum, sem rétt hafa til lyfjasölu, og lyfsölum, þó aðeins það áfengi, sem talið er í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja, og í samræmi við reglugerð samkvæmt 2. málsg. 1. tölul. 11. gr. áfengislaganna.
3. Þeim, sem rétt hafa til þess að fá keyptan vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annarra verklegra nota, svo og þeim, sem rétt hafa til sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefur verið óhæfur til drykkjar, hvort tveggja í samræmi við það er fyrir er mælt í reglugerð samkvæmt 3. tölul. 11. gr. áfengislaganna.
4. Forseta Íslands, Alþingi, ríkisstjórn, sveitarstjórnnum og erlendum sendiráðum til risnu.

3. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur af hendi, skal merkt nafni og/eða merki hennar. Áfengi, sem selt er veitingahúsum, skal ennfremur sérstaklega auðkennt með merki á hverri flösku.

Hver, sem notar eftirmynd af merkjum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eða misnotar þau á nokkurn hátt, sæti refsingu að lögum.

4. gr.

Óheimilt er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og útsölustöðum hennar að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu. Þetta á þó eigi við um sölu vínanda til lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu.

5. gr.

Afgreiðslutími útsölustaðanna skal aldrei vera lengri en almennra verslana.

Útsölustaðirnir skulu vera lokaðir á helgidögum Þjóðkirkjunnar, á laugardögum og frá hádegi aðfangadag jóla. Ennfremur skulu útsölustaðirnir lokaðir þá daga, er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram, svo og sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

6. gr.

Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna áfengisveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um langan eða skamman tíma, þegar sérstaklega stendur á. Skal lögreglustjóri tilkynna dómsmálaráðuneytinu slíka ákvörðun svo skjótt sem aðstæður leyfa. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins eða veitingamaður, sem í hlut á, getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra, en ekki frestar málskot framkvæmd lokunnarinnar eða veitingabansins. Lögreglustjóri skal einnig tilkynna ráðuneytinu, er hann fellir niður slíka lokun eða veitingabann.

Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengisendinga, þar á meðal úr pósti.

Ráðuneytið getur fyrirskipað lokun eða bann, er að framan greinir, svo og fellt niður ákvörðun lögreglustjóra um það efni.

7. gr.

Á veitingastað, þar sem leyfðar eru áfengisveitingar, mega þær fara fram sem hér segir:

1. Frá kl. 12.00 til kl. 14.30 laugardaga, sunnudaga og almenna frídaga.
2. Frá kl. 12.00 til kl. 14.30 aðra daga og þá aðeins til matargesta. Vínstúkum skal þó loka kl. 13.00.
3. Frá kl. 18.00 til kl. 23.30 alla daga vikunnar.

Ennfremur er heimilt að veita áfengi á herbergi til dvalargesta á gistihúsi frá kl. 14.30 til kl. 18.00.

Þar sem heimilt er að hafa veitingastaði opna lengur en til kl. 23.30 samkvæmt staðbundnum reglum er heimilt að veita áfengi meðan veitingastaður er opinn, þó ekki lengur en til kl. 02.30 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags, en til kl. 00.30 aðra daga.

Lögreglustjóri getur leyft, að veitingar áfengis fari fram á öðrum tíma en að framan greinir, er sérstaklega stendur á, þó ekki lengur en svo, að áfengisveitingum sé hætt hálfri klukkustund áður en skemmtun, dansleik eða samkvæmi lýkur.

Fyrra helgidag stórhátíða þjóðkirkjunnar, aðfangadag jóla og föstudaginn langa er einungis heimilt að veita borðvín með mat á reglulegum matmálistíma, kl. 12.00 til kl. 13.30 og kl. 19.00 til kl. 21.00.

8. gr.

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 50% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt það í heilum eða hálfum flöskum, en þegar sala fer fram í minni skömmtum er veitingastað heimilt að leggja allt að 80% á kaupverðið. Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja þjónustugjald og söluskatt, eftir þeim reglum, sem um þau gjöld gilda.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað. Á hverjum veitingastað, þar sem leyfðar eru áfengisveitingar, skal liggja frammi verðskrá, sem gestir eiga aðgang að, um verð á þeim áfengistegundum, sem þar eru á boðstólum. Skal í verðskránni miðað við það, að endanlegt verð veitinga til neytenda standi ávallt á heilli krónu, þannig að verðið hækki eða lækki í þá fjárhæð samkvæmt almennum reglum.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingu.

9. gr.

Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það, sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað. Óheimilt er að leyfa þeim, sem eru greinilega undir áhrifum áfengis, aðgang að veitingastað. Veitingamönnum er skylt að gæta þess, að ekki sé brotið gegn þessum ákvæðum. Veitingamenn og þjónar þeirra mega ekki vera undir áhrifum áfengis né neyta áfengra drykkja á veitingastað meðan áfengisveitingar fara þar fram.

10. gr.

Ungmönnum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 20.00 á veitingastað, þar sem áfengisveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 20.00 án samfylgdar foreldra sinna eða maka, sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskirteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

11. gr.

Veitingamönnum, sem hafa með höndum veitingar áfengis, er skylt að gæta þess, að veitingar og umgengni séu með menningarbrag. Ber þeim að gæta þess, að veitingahús þeirra fullnægi ávallt þeim skilyrðum, sem í áfengislögunum eru sett fyrir því, að þeir geti öðlast leyfi til áfengisveitinga.

Matsnefnd vínveitingahúsa, sem samkvæmt 2. málsg. 12. gr. áfengislaganna er falið að dæma um, hvort veitingahús fullnægja skilyrðum b-liðar 1. málsg. 12. gr. laganna, skal einnig fylgjast með því, hvort veitingahús fullnægi ávallt þeim skilyrðum.

12. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum lögreglustjóra, eftirlitsmenn samkvæmt 7. málsg. 12. gr. áfengislaganna, til að hafa eftirlit með þeim veitingastöðum, er leyfi hafa til áfengisveitinga. Skulu þeir fylgjast með því, að ákvæði þessarar reglugerðar og áfengislaganna séu haldin. Ber þeim að fylgjast mjög nákvæmlega með því, að ekki sé veitt áfengi yngri mönnum en 20 ára eða ölvuðum mönnum, og að haldnar séu reglur um leyfðan veitingatíma.

Eftirlitsmennirnir skulu starfa undir stjórn lögreglustjóra og gefa honum skýrslur um störf sín. Matsnefnd vínveitingahúsa skal hafa aðgang að þeim upplýsingum um rekstur vínveitingahúsa, sem ætla má að henni komi að gagni.

Frekari starfsreglur skulu eftirlitsmönnum settar í erindisbréfi, sem þeim skal setja að fengnum tillögum lögreglustjóra og áfengisvarnaráðs.

Veitingamönnum er skylt að greiða fyrir störfum eftirlitsmanna eftir föngum, og sjá um að þeir hafi athvarf á vissum stað í veitingahúsinu.

13. gr.

Löggæslumönnum er skylt að gefa sérstakar gætur að veitingastöðum, er hafa leyfi til áfengisveitinga.

14. gr.

Áfengi má hvorki afhenda eða veita þeim, sem er bersýnilega ölvuður.

Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerst um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Skulu dómarrar tilkynna Afengis- og tóbaksverlsun ríkisins, er framsendir tilkynningar útsölustöðum sínum, jafnóðum hverjir gerst hafa sekir um slík brot.

Yngri mönnum en 20 ára má ekki selja, veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt þegar ástæða er til að ætla, að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri, skal sá, sem selur, veitir eða afhendir það, láta hlutaðeigandi sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

15. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga í félagsherbergjum eða almennum veitingastöðum, öðrum en þeim, er um getur í 12. gr. áfengislaganna. Slíkt leyfi má þó einungis veita stjórnun félaganna, þegar um er að ræða árshátíðir félaganna eða samkvæmi innanfélagsmanna og gesta þeirra, sem haldnir eru af sérstöku tilefni. Eigi má þó veita leyfi, nema sýnt sé að félagsskapurinn í heild eða einstakir félagsmenn hafi ekki hagnað af. Leyfi má ekki veita skemmtifélögum. Ekki má heldur veita leyfi samkvæmum félaga, sem ætla má að til sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitinga- eða skemmtistaði. Sannist, að félag misnoti áfengisveitingaleyfi eða afli þess undir fölsku yfirsikni, missir það rétt til að fá slík leyfi í tvö ár.

Lögreglustjóri skal eigi veita leyfi til áfengisveitinga samkvæmt 1. málsg. fyrr en lagðar hafa verið fram fullnægjandi sannanir fyrir því, að þeir, er leyfis leita, hafi rétt til þess. Eigi verður félagi veitt leyfi til áfengisveitinga á árshátíð nema einu sinni hvert ár. Lögreglustjóri skal ganga úr skugga um, að þau sérstöku tilefni til samkvæmishalds, sem tilgreind eru í leyfisbeiðni, séu fyrir hendi. Beiðni um leyfi skal vera skrifleg, svo og leyfi, sem veitt er. Skal þar getið tilefnis leyfisins og hvar og hvenær samkvæmi skuli haldið. Samrit leyfis skal jafnóðum sent dómsmálaráðuneytinu.

16. gr.

Engum er heimilt að auglýsa áfengi eða einstakar áfengistegundir. Með auglýsingu er m. a. átt við hvers kyns tilkynningu eða birtingu til almennings og hverja þá aðferð aðra, sem felur í sér hvatningu til kaupa eða neyslu áfengis.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 118 9. september 1954 um sölu og veitingar áfengis með síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. maí 1983.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1983:

Óverkaður saltfiskur:	U.S. \$ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2.500,00
Millifiskur nr. 1	2.300,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2.000,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	1.850,00

Verðbil verður 2% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. maí 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

SAMÞYKKT

um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað innan ofangreindra sveitarfélaga á Suðurnesjum að undanskildum þarfahundum á lögbýlum, leitarhundum og hundum til aðstoðar blindum og fötluðu fólki skv. læknisráði.

2. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að veita undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hundurinn skal skráður hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja (HES) og þar fær hund-eigandi merktu plötu, sem við á og jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Húðflúr á eyra, gert af dýralækni, er einnig fullgild merking.
- b. Árlega skal greiða leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Sveitarstjórnir ákveða árlega upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir, rennur það til að standa straum af kostnaði við umsjón og eftirlit með hundum á svæðinu og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars. Þarfahundar á lögbýlum, leitarhundar og hundar til aðstoðar blindu og fötluðu fólki skv. læknisráði eru undanþegnir þessu gjaldi. Dráttarvextir falla á ógreidd leyfisgjöld eftir 1. maí. Hafi greiðsla leyfisgjalds ekki átt sér stað að 6 mánuðum liðnum frá gjalddaga má afturkalla viðkomandi leyfi. Ef hundur er gefinn eða seldur, ber fyrri eiganda að tilkynna hinn nýja eiganda til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja innan 30 daga.
- c. Allir hundaeigendur skulu hafa hunda sína ábyrgðatryggða hjá viðurkenndu váttrygginga-félagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds ber viðkomandi að framvísa kvittun frá trygginga-félagi sínu, er sýni að tryggingin sé í fullu gildi. Framvísa ber slíku vottorði fyrir þarfa-hunda við hundahreinsun.
- d. Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn á leikvelli, skóla, matvöruverslanir, fiskverkunarhús eða aðra staði þar sem matvara höfð er um hönd, ennfremur sjúkrahús, kirkjur, bókasöfn og opinberar stofnanir. Þarfahundar á lögbýlum (smalahundar), mega ekki ganga lausir utan girðinga, nema þeir séu notaðir við smölun.
- e. Hundahald í sambýlishúsum er háð því að eigendur/umráðamenn íbúða samþykki slíkt og skal lagt fram skriflegt samþykki þeirra þegar sótt er um undanþágu til hundahalds í viðkomandi húsi.
- f. Hundaeigendum ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða, þar á meðal reglum um árlega hreinsun hunda, svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd kann að setja.
- g. Hundar mega ekki valda ónæði með hávaða eða gelti.
- h. Þegar hundur er í festi á húslóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins. Vöðun hunda skal gerð að boði Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, teljist ástæður til þess af fenginni reynslu og skal slíkt tilkynnt hunda-eigendum á lögformlegan hátt. Tíkur ber að sprauta með getnaðarvarnarlyfi með 5 mánaða millibili, þó má gefa undanþágu frá því, ef fyrir liggur skrifleg beiðni frá Hundaræktunarfélagi Íslands.
- j. Hundaeigendum ber að viðhafa fullkomið hreinlæti í meðferð hunda sinna og m. a. að fjarlægja hundaskít.

3. gr.

Við brot gegn skilyrðum fyrir hundahaldi, má taka viðkomandi hund úr umferð og skal honum komið fyrir í hundageymslu sé um minniháttar brot að ræða í fyrsta skipti. Skal þá hundaeigandi látinn vita og honum gefinn kostur á að leysa hundinn út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins innan viku. Sé um að ræða ítrekað brot eða alvarlegt afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Veitist hundur að fólki með gelti eða urri, glefsar eða bitur telst það alvarlegt brot. Vanræksla á að færa hund til bandorma hreinsunar telst alvarlegt brot. Heimilt er að aflífa leyfislausu hunda.

4. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt hvenær sem þörf krefur að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi teljist þess þörf. Þegar um afturköllun leyfis er að ræða, ber hundaeiganda að færa hund í hundageymslu eða til dýralæknis í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Í þeim tilvikum þar sem rekja má leyfissviptingu til vanrækslu eiganda skal eiganda veittur viku frestur til að ráðstafa hundinum annað. Sé slíkt ekki gert er heimilt að aflífa hundinn.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með brot gegn samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981, VI og VII kafla.

6. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórna Keflavíkur, Njarðvíkur, Grindavíkur, Miðnes-hrepps, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnahrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt falla úr gildi samþykktir ofangreindra sveitarfélaga sama efnis.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. maí 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykkt fyrir Byggingarsamvinnu-
félag hvolfpaksbyggjenda.**

Samkvæmt lögum nr. 59 30. apríl 1973 sbr. 79. gr. laga nr. 51 9. júní 1980 hefur ráðuneytið í dag staðfest samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag hvolfpaksbyggjenda.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1983.

F.h.r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ**fyrir leiðsögu við Ísland.**

1. gr.

Gjald fyrir leiðsögn skips er miðuð við brúttórúmllestastærð þess og þá vegalengd, sem það siglir samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílu að og frá höfn eða stað þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Kr.
Fyrir skip allt að	500 br. rúml.	105,00
Fyrir skip frá	500 br.—1.000	110,00
Fyrir skip frá	1.000 br.—1.500	115,00
Fyrir skip frá	1.500 br.—2.000	120,00
Fyrir skip frá	2.000 br.—3.000	127,00
Fyrir skip frá	3.000 br.—4.000	135,00
Fyrir skip frá	4.000 br.—5.000	145,00
Fyrir skip frá	5.000 br.—10.000	155,00
Fyrir skip frá	10.000 br.—15.000	168,00
Fyrir skip frá	15.000 br.—20.000	180,00
Fyrir skip frá	20.000 br.—30.000	195,00
Fyrir skip frá	30.000 br. og þar yfir	210,00

Greiðsla fyrir sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áðurnefndar 10 sjómílu skal vera:

		Kr.
Fyrir skip allt að 500 br. rúml.		16,00
Fyrir skip frá	500 br.—5.000 br. rúml.	19,00
Fyrir skip frá	5.000 br.—10.000 br. rúml.	22,00
Fyrir skip frá	10.000 br. og þar yfir	25,00

Minnsta leiðsögugjald skal vera kr. 900,00.

Leggi leiðsögumaður skipi að bryggju eða frá, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 250,00 fyrir skip allt að 500 br. rúml., og kr. 25,00 fyrir hverjar 100 br. rúml. skipsins þar framyfir.

2. gr.

Fari viðstaða skipsins í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem biðstaðan fer fram úr 6 klst., á hverjum stað. Skulu biðbeningar greiddast með kr. 125,00 pr. klst. þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstodarmann.

3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands og ferðakostnaðar í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skips eftir ákveðinn komu- eða burtfarartíma þess. Skal það á sama hátt vera greitt með kr. 125,00 pr. klst., þó aldrei meir en 8 klst. á sama sólarhring (frá kl. 00:00 — 24:00).

4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. mars og skal vera 1/3 hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr. Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt

lögum nr. 48, 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland, nr. 537, 31. ágúst 1982.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

13. maí 1983

Nr. 340

AUGLÝSING

um umferð í Stykkishólmi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Stykkishólmshrepps eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Stykkishólmi:

- 1) Aðalgata-Hafnargata-Silfurgata skulu hafa aðalbrautarrétt gagnvart hliðargötum með biðskyldu svo sem hér segir:
 - biðskylda á Nesvegi við Aðalgötu,
 - biðskylda á Silfurgötu við Aðalgötu,
 - biðskylda á Borgarbraut við Aðalgötu,
 - biðskylda á Laufásvegi við Aðalgötu,
 - biðskylda á Víkurgötu við Aðalgötu,
 - biðskylda á stíg að Slökkvistöð við Aðalgötu,
 - biðskylda á Austurgötu við Aðalgötu,
 - biðskylda á Litlu bryggju við Hafnargötu,
 - biðskylda á innkeyrslu að Kaupfélagi Stykkishólms við Hafnargötu,
 - biðskylda á Stóru bryggju við Hafnargötu,
 - biðskylda á Skólastíg við Hafnargötu,
 - biðskylda á Reitavegi við Silfurgötu,
 - biðskylda á Skólastíg (Bratta brekka) við Silfurgötu,
 - biðskylda á Lágholtinu við Silfurgötu,
 - biðskylda á Skólastíg við Silfurgötu og
 - biðskylda á Árnatúni við Silfurgötu.
- 2) Bifreiðastöður skulu vera bannaðar á austanverðri Silfurgötu frá húsi nr. 17 við Silfurgötu að Hafnargötu.
3. Merktar gangbrautir skulu vera:
 - a) á Aðalgötu norðan við gatnamót Aðalgötu-Borgarbrautar,
 - b) á Aðalgötu norðan við gatnamót Aðalgötu-Austurgötu og
 - c) á Silfurgötu móts við hús nr. 17 við Silfurgötu

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Stykkishólmi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, 13. maí 1983.

Jóhannes Árnason.

REGLUGERÐ

um tilbúning áfengs öls.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, vegna sölu til erlends varnarliðs, er hér dvelur, og til útflutnings.

2. gr.

Þeim, sem leyfi fá til framleiðslu slíks öls, er óheimilt að veita, selja eða láta ölið af hendi til annarra en umboðsmanna hins erlenda varnarliðs hér á landi eða til útflutnings undir eftirliti tollyfirvalda og undir innsigli, eftir því sem þau mæla fyrir.

3. gr.

Um framleiðslugjald fer eftir reglum, sem settar eru samkvæmt lögum um vörugjald.

4. gr.

Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra skipa sinn manninginn hvor til þess að hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. málsg. 7. gr. áfengislaga nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 127 18. október 1954.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. maí 1983.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 9 20. janúar 1972, um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Fyrsta setning 2. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:
Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæðinu takmarkast við hámarkstöluna 20, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 27. apríl 1970.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 27. apríl 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur niður reglugerð nr. 297 11. júní 1975.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum þorskflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum þorskflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1983:

Söltuð Þorskflök:	U.S.\$ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up	3.550,00
Flokkur A 400/700	3.300,00
Flokkur A 200/400	2.950,00
Flokkur A 100/200	2.500,00
Flokkur B 700/up	3.150,00
Flokkur B 400/700	2.900,00
Flokkur B 200/400	2.550,00
Flokkur B 100/200	2.100,00

Verðbil verður 3% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrögnum verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. maí 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 — 1983

Nr. 344

566

2. júní 1983

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Rafveitu Siglufjarðar, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Vestmannaeyja, Hitaveitu Seyðisfjarðar og Hitaveitu Hafnarhrepps og annarra rafveitna sveitarfélaga.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66, 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða frá og með 3. júní 1983.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, frá 10. maí 1983:

Allir taxtar, að undanskildu orkugjaldi í töxtum A5, C1 og C2 hækki um	9,5%
Taxti A5. Markmæling.	
Orkugjald, 0,48 kr/kWh, að viðbættri 0,16 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um . . . og niðurgreiðsla verður 0,18 kr/kWh.	9,5%
Taxti C1. Hitun íbúðarhúsnæðis.	
Orkugjald 0,63 kr/kWh, að viðbættri 0,23 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um og niðurgreiðsla verður 0,26 kr/kWh.	9,5%
Taxti C2. Hitun íbúðarhúsnæðis.	
Orkugjald 0,44 kr/kWh að viðbættri 0,14 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um og niðurgreiðsla verður 0,16 kr/kWh.	9,5%
Heildsala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni, hækki um	19,0%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, frá 10. maí 1983.

Allir taxtar, að undanskildu orkugjaldi í töxtum A.5, C.1 og C.2 hækki um	9,5%
A.5 Markmæling.	
Orkugjald af allri notkun, 0,48 kr/kWh að viðbættri 0,16 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um og niðurgreiðsla verður 0,18 kr/kWh.	9,5%
C.1 Húshitun. Íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald, 0,71 kr/kWh að viðbættri 0,23 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um og niðurgreiðsla verður 0,26 kr/kWh.	9,5%
C.2 Húshitun. Íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald, 0,44 kr/kWh að viðbættri 0,14 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um og niðurgreiðsla verður 0,16 kr/kWh.	9,5%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur frá 10. maí 1983.

Allir taxtar, að undanskildu gjaldi samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins fyrir íbúðarhúsnæði, hækki um	9,5%
Gjald samkvæmt 1. mgr. 3. gr., 0,56 kr/kWh að viðbættri 0,22 kr/kWh niðurgreiðslu, auk 6,94 kr/m ³ vatns, hækki um	9,5%
og niðurgreiðsla verður 0,25 kr/kWh.	

Rafveita Siglufjarðar, Rafveita Reyðarfjarðar og Rafveita Vestmannaeyja.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá rafveitnanna frá og með 3. júní 1983:

Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, frá 10. maí 1983.

Allir taxtar, að undanskildum taxa 4.1 orka til íbúðarhúshitunar, hækki um ...	9,5%
Taxti 4.1, orka til íbúðarhúshitunar 0,74 kr/kWh að viðbættri 0,13 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um	9,5%
og niðurgreiðsla verður 0,15 kr/kWh.	

Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar, frá 10. maí 1983.

Allir taxtar, að undanskildum taxa 4.2 II og 4.3. II hækki um	9,5%
Taxti 4.2. II:	

Orkugjald, 0,63 kr/kWh, að viðbættri 0,13 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um	9,5%
og niðurgreiðsla verður 0,15 kr/kWh.	

Taxti 4.3. II:

Orkugjald, 0,44 kr/kWh, að viðbættri 0,08 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um	9,5%
og niðurgreiðsla verður 0,09 kr/kWh.	

Rafveita Vestmannaeyja, frá 10. maí 1983..

Allir taxtar, að undanskildum taxa D1, orkugjald (húshitun), C2 og F5 hækki um	9,5%
--	------

Taxti D1, orkugjald 0,70 kr/kWh, að viðbættri 0,07 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um	9,5%
og niðurgreiðsla verður 0,08 kr/kWh	

Þá komi nýr gjaldskrárlíður D4 til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald sama og í D1 án niðurgreiðslu.

Fastagjald sama og í D1.

Taxtar C2 og F5 hækki um	19,0%
--------------------------------	-------

Hitaveita Seyðisfjarðar og Hitaveita Hafnarhrepps.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá hitaveitnanna frá og með 3. júní 1983:

Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, frá 10. maí 1982.

Allir taxtar að undanskildum töxtum í 1. mgr. 3. gr. hækki um	9,5%
Í 3. gr. hækkar gjald vegna hitunar íbúðarhúsnæðis 0,58 kr/kWh að viðbættri 0,22 kr/kWh niðurgreiðslu, auk 5,92 kr/m ³ vatns, um	9,5%
og niðurgreiðsla verður 0,25 kr/kWh.	

Gjald fyrir afnot heita vatnsins vegna annars en í íbúðarhúsnæði skal vera gjald samkvæmt 1. mgr. 3. gr. án niðurgreiðslu, nema heimild skv. 2. mgr. 3. gr. sé notuð.

Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps, frá 10. maí 1983.

3. gr. orðist svo:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli fyrir hverja kílówattsstund. Jafnframt skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúm-metra vatns.

Hitaveitunni er einnig heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu:

Fyrir hverja kWst	kr. 0,72
Fyrir hvern m ³ vatns	kr. 8,86
Fyrir vatnsm. eingöngu hver m ³	kr. 46,10

Framantaldir taxtar eru án niðurgreiðslu.

Af íbúðarhúsnæði er niðurgreiðsla úr ríkissjóði kr. 0,25 fyrir hverja kWst, sem kemur fram sem frádráttartala á viðkomandi reikningi.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan orkunotkun og vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

Allir aðrir taxtar hækki um 9,5%

Gjaldskrár annarra rafveitna sveitarfélaga, frá 10. júní 1983.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrár annarra rafveitna sveitarfélaga frá og með 3. júní 1983.

Allir gjaldskrárliðir hækki um 9,5%

Iðnaðarráðuneytið, 2. júní 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

3. júní 1983

569

Nr. 345

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 7. júní 1983 nema kr. 4,07 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 7. júní 1983. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 68/1983 verið greitt af birgðum sem eru til þann 7. júní 1983 skal greiða kr. 0,67 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni eða meira þann 7. júní 1983 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumadaur slíkrar aðstoðar.

Innheimtumadaur getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 7. júní 1983.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 68/1983.

Fjármálaráðuneytið, 3. júní 1983.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

3. júní 1983

Nr. 346

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 775/1982 um innheimtu bifreiðagjalda.

1. gr.

C- og d-liðir 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- c. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal vera sem hér segir:

B 73

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0— 4,9	1,02	15,0—15,9	2,17
5,0— 5,9	1,09	16,0—16,9	2,35
6,0— 6,9	1,17	17,0—17,9	2,51
7,0— 7,9	1,23	18,0—18,9	2,67
8,0— 8,9	1,29	19,0—19,9	2,87
9,0— 9,9	1,34	20,0—20,9	3,03
10,0—10,9	1,42	21,0—21,9	3,20
11,0—11,9	1,48	22,0—22,9	3,40
12,0—12,9	1,66	23,0—23,9	3,56
13,0—13,9	1,82	24,0—24,9	3,72
14,0—14,9	2,01	25,0—25,9	3,90

Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlunarferða í þéttbýli, þ. e. akstur almenningsvagna eða sérleyfisferða, skal greiða 70% lægri þungaskatt en um getur í 1. mgr. þessa staflíðs. Við ákvörðun á þeim fjölda kílómetra sem á sér stað vegna sérleyfisferða skal leggja til grundvallar ekna kílómetra hvers sérleyfishafa á viðkomandi sérleið á hverjum greiðslutímabili samkvæmt leiðabók umferðamáladeildar fólksflutninga sem í gildi er hverju sinni. Afslátturinn skal miðast við að allur akstur í áætlunarferðum í þéttbýli og sérleyfisferðum fari fram á bifreiðum sem eru 15,0—15,9 tonn að leyfðri heildarþyngd. Komi í ljós að akstur á sérleið hefur verið minni en leiðabók segir til um skal afslátturinn miðast við raunverulegan akstur. Með almenningsvögnum samkvæmt þessari málsgrein er átt við vagna sem ekið er samkvæmt fyrirfram ákveðinni tímaáætlun í þéttbýli og ætlaðir eru almenningi til afnota gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi.

- d. Eigendur bifreiða er um getur í a- og b-liðum þessarar greinar geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli í stað fasts árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal vera 1,02 kr. Greiða skal $\frac{1}{12}$ hluta gjaldsins skv. a- eða b-lið þessarar greinar, eftir því sem við á, fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin viðhlítandi ökumælisbúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athugasemdadálk skráningarskráteinis bifreiðar hvort greiða skuli þungaskatt samkvæmt ökumæli eða fast árgjald.

Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt ökumælisbúnað bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að ökumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977 með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79. 6. september 1974, sbr. lög nr. 78 23. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað og tekur til aksturs sem á sér stað eftir að 2. álestrartímabili 1983 lýkur, en því lýkur á tímabilinu 20. maí 1983 til 10. júní 1983. Hafi ekki verið komið með bifreið til álestrar vegna 2. álestrartímabils 1983 á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 2. álestrartímabils skal innheimta hið hækkada gjald.

Fjármálaráðuneytið, 3. júní 1983.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Háubakka í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur Náttúruverndarráð, að tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur og í samráði við umhverfismálaráð og skipulagsnefnd borgarinnar, fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Háubakka við Elliðaárvog í Reykjavík sem náttúruvætti.

Um mörk náttúruvættisins gilda eftirfarandi ákvæði:

Að vestan fylgja mörkin steiptum stöðvegg austan Súðarvogs að enda hans gegnt Tranavogi, frá punkti 1 (hnit x: 18059.19, y: 16237.0) norður að punkti 2 (x: 18066.71, y: 16360.65) sbr. uppdrátt. Þaðan bein lína til norðausturs í punkt 3 (x: 18030.28, y: 16409.50) og þaðan ræður hringbogi að punkti 4 (x: 18024.46, y: 16420.59) með 40.0 m radíus og miðju í punkti 36(x: 18062.35, y: 16433.41). Síðan ræður bein lína til norðausturs að punkti 5 (x: 17995.26, y: 16506.87), þaðan til norðurs í punkt 6 (x: 17985.79, y: 16558.0), þar beygja mörkin til austurs í punkt 7 (x: 17908.0, y: 16558.0), þá til suðvesturs í punkt 8 (x: 18006.0, y: 16290.0) og enn til suðausturs í punkt 9 (x: 18038.0, y: 16237.0). Þá beygja mörkin loks til vesturs aftur í punkt 1 við Súðarvog. Mörkin fylgja hnitapunktum úr hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951.

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Varðveita skal jarðmyndanir svæðisins í núverandi mynd. Hverskonar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða edli svæðisins, er óheimilt, nema til komi leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Þá er borgarstjórn heimilt, að höfðu samráði við umhverfismálaráð og skipulagsnefnd að setja nánari reglur um umferð og umgengni um svæðið.
3. Hverskonar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á hinu friðlýsta svæði.

Umhverfismálaráð hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði Náttúruverndarráðs og borgarstjórnar.


Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 30. maí 1983.

Ragnhildur Helgadóttir.

Birgir Thorlacius.



REGLUGERÐ

um flutning hergagna með loftförum.

1. gr.

Hergögn má eigi flytja með loftförum skráðum á Íslandi eða erlendum loftförum sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir nema með leyfi ráðherra. Sama gildir um loftför er hefja sig til flugs, lenda á eða fljúga yfir íslenskt yfirráðasvæði. Ákvæði þetta á ekki við um Landhelgisgæslu Íslands og íslensk lögregluþyrivöld.

2. gr.

Með hergögnum er í reglugerð þessari átt við:

- a) Skotvopn stærri en 5,6 mm að hlaupvídd (22 kaliber), eldvörpur, búnað til myrkvunar eða reykmýndunar, hvers konar skotpalla eða losunarbúnað fyrir sprengjur, eldflaugar, flugskeyti, tundurskeyti og tundurdufl.
- b) Skotfæri og aðrar hleðslur í þær tegundir vopna og búnaðar er greinir í a-lið, sem og hand- og jarðsprengjur.
- c) Sprengi- og tundurefni ásamt púðri og hvellhettum í búnað samkvæmt a- og b-lið.
- d) Sérhvert það tæki sem ætlað er til dreifingar efna í kjarnorku-, lífrænum- eða efnahernaði, sem og hleðslu í þau.

Við skilgreiningu hergagna samkvæmt reglugerð þessari skiptir eigi máli hvort hergagnið er flutt saman sett eða í hlutum.

Til hergagna teljast þó ekki venjuleg veiði- og markskotvopn, sem og neyðar- og viðvörunarbúnaður loftfarsins og annað það sem nauðsynlegt má telja vegna öryggis flugsins, áhafnarinnar og farþeganna. Sama gildir um skotelda o. þ. h., sbr. 1. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 165. gr. laga um loftferðir nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum, auk þess sem heimilt er að svipta flugrekanda flugrekstrarleyfi, sbr. 86. gr. sömu laga.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 92. gr. og 186. gr. sbr. 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 1. júní 1983.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpu-diski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpu-diski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983:

	U.S. \$ pr. lbs. cif.
Lausfrystur hörpudiskur	3,20
Blokkfrystur hörpudiskur	3,00
Rauður hörpudiskur	1,77

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrögnum verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júní 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983:

Vélskelflett rækja:

Færri en 350 stk. í lbs.:

	SDR pr. lbs. cif.
Blokkfryst	2,800
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,935
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,800
500 g vatnshúðuð, sérfryst	3,261
200 g vatnshúðuð, sérfryst	3,419

Fleiri en 350 stk. í lbs. og óflokkuð:

Blokkfryst	2,676
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,800
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,676
500 g vatnshúðuð, sérfryst	3,104
200 g vatnshúðuð, sérfryst	3,261

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júní 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga nr. 272 18. apríl 1983.

1. gr.

6. mgr. 3. gr. orðist svo:

Þegar einum eða fleiri útlendingum er heimiluð landvist hér á landi samkvæmt ákvörðun íslenskra stjórnvalda og um er að ræða aðila, sem falla undir samning um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 með breytingum frá 31. janúar 1967, skal vikið frá ákvæðum þessarar greinar hvað lengd atvinnuleysis eða önnur skilyrði snertir til samræmis við ákvæði 17. gr. sammingsins.

2. gr.

3. og 4. mgr. 7. gr. orðist svo:

Atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en 2ja ára í senn. Eftir 5 ára samfellda búsetu má þó veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma.

Þegar einum eða fleiri útlendingum er heimiluð landvist hér á landi samkvæmt ákvörðun íslenskra stjórnvalda og um er að ræða aðila sem falla undir samning um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 með breytingum frá 31. janúar 1967, skal vikið frá ákvæðum þessarar greinar hvað lengd atvinnuleysis og önnur skilyrði snertir til samræmis við 18. gr. sammingsins.

3. gr.

7. tl. 9. gr. orðist svo:

Danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara, er dvalið hafa 3 ár samfleytt eða lengur í landinu eða taka sér bólfestu hér á landi samkvæmt samningi um sameiginlegan norrænan vinnumarkað frá 6. mars 1982.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga nr. 26/1982 um atvinnuréttindi útlendinga og tekur gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. maí 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Óskar Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands og um réttindi og skyldur sjúkraliða.

I. KAFLI

Markmið og stjórn skólans.

1. gr.

Sjúkraliðaskóli Íslands er ríkisskóli og starfar undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk skólans er að annast nám sjúkraliða og búa þá undir að aðstoða við hjúkrun, sbr. 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974.

3. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar stjórn skólans þannig:

Tvo fulltrúa án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður, einn samkvæmt tilnefningu Hjúkrunarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sjúkraliðafélags Íslands og einn samkvæmt tillögu nemenda.

Stjórnin skal skipuð til þriggja ára, nema fulltrúi nemenda, sem skipaður skal árlega. Skólastjóri hefir tillögurétt á fundum skólastjórnar.

4. gr.

Stjórn skólans ræður skólastjóra, og skal hann vera hjúkrunarfræðingur. Æskilegt er, að hann hafi lokið námi í uppeldis- og kennslufræði.

Skólastjóri stjórnar daglegri starfsemi skólans og hefir umsjón með henni.

Skólastjóri ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjórn.

5. gr.

Við skólann skal starfa skólaráð skólastjóra til ráðuneytis. Það skal skipað þrem kennurum og tveim fulltrúum nemenda og skulu þeir kosnir til eins árs í senn.

II. KAFLI

Skráning nemenda, námstími og námsefni.

6. gr.

Skráning nemenda er í höndum skólastjórnar og skólastjóra samkvæmt nánari reglum, er þau setja sér.

Inntökuskilyrði í skólann eru:

1. Umsækjandi skal vera 18 ára gamall.
2. Umsækjandi skal hafa lokið námi úr 2. bekk í samræmdum framhaldsskóla (fjölbrautaskóla) í þeim námsgreinum, er Sjúkraliðaskólinn gerir kröfur til, eða hlotið hliðstæða menntun.
3. Heimilt er að veita umsækjanda skólavist, þótt hann fullnægi ekki kröfum 2. töluliðs, með hliðsjón af hæfnisprófum eða öðrum tilteknum matsaðferðum. Skal við mat á slíkum umsóknum meðal annars hafa í huga, að umsækjandi hafi næga þekkingu til þess að geta tileinkað sér námsefni skólans.

7. gr.

Umsóknir um skólavist skal senda skólastjóra. Þeim skal fylgja:

1. Staðfest afrit af prófskírteini.
2. Læknisvottorð.
3. Umsögn frá vinnuveitanda og/eða skólastjóra.

8. gr.

Námstími skal vera 1 ár.

Skólanum skal sett námsskrá er ráðuneytið samþykkir. Skal þar getið um verklega og bóklega kennsluþætti og lokapróf. Til þess að standast próf þarf nemandi að kunna skil á

minnst 50% þessa námsefnis, er hefir verið kennt. Nemandi er heimilt að endurtaka próf einu sinni og heimil endurseta í bekk einu sinni.

Á sama hátt skulu nemendur standast kröfur skólans í verknámi. Skólanum er heimilt að nota bókstafi eða tölustafi til einkunnagjafa.

9. gr.

Skólastjóra er heimilt að óska eftir prófdómara í prófgreinum, og skal þá leita samþykkis heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

10. gr.

Verklegt nám skal vera 34 vikur og skiptast þannig í sjúkrastofnunum:

10—12 vikur á handlækningadeild,

10—12 vikur á lyflækningadeild,

10—12 vikur í almennu sjúkrahúsi eða á hjúkrunardeild/langlegudeild.

Verklega námið fer fram í stofnunum, er skólinn viðurkennir og ráðuneytið samþykkir. Skólastjóri skipuleggur það í samráði við hjúkrunarforstjóra viðkomandi stofnana.

Að lokinni námsdvöl á sérhverri deild fær nemandinn umsögn er hjúkrunardeildarstjóri gefur.

11. gr.

Forfallist nemandi frá námi lengur en 14 daga, lengist námið sem því svarar.

III. KAFLI

Starfsréttindi og starfssvið sjúkraliða.

12. gr.

Rétt til þess að starfa sem sjúkraliði hér á landi og kalla sig sjúkraliða hefir sá einn, sem til þess hefir fengið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

13. gr.

Löggildingu samkvæmt 12. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá Sjúkraliðaskóla Íslands eða sambærilegu sjúkraliðaprófi hér á landi, viðurkenndu af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

14. gr.

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 13. gr. tekur til, löggildingu eða tímabundið starfsleyfi, enda sanni viðkomandi, að hann hafi menntun, sem sambærileg er við viðurkennt sjúkraliðanám hér á landi.

15. gr.

Sjúkraliði hefir rétt til þess að starfa í samræmi við 16. gr. reglugerðar þessarar. Honum er óheimilt að stunda sjálfstæð hjúkrunarstörf.

16. gr.

Sjúkraliðar skulu starfa undir stjórn hjúkrunarfræðings.

Störf, er sjúkraliði á að kunna skil á að námi loknu, eru í aðalatriðum þessi:

Umbúnaður. Umbúnaður og skipting á mikið veikum sjúklingum með hjúkrunarfræðingi.

Sjúklingi leiðbeint varðandi persónulegt hreinlæti. Sjúklingi þvegið um andlit og hendur. Hárhirðing, munnhirðing, neðanþvottur, fótahirðing. Sjúklingur baðaður (í steypibaði, baðkeri, rúmi).

Hitamæling. Púlstalning. Blóðþrýstingsmæling.

Fylgst með líðan sjúklinga. Kalli sjúklinga svarað og flutt skilaboð.

Fylgst með úrgangsefnum líkamans. (Hægðir, þvag, uppgangur). Gefin og tekin bekja. Gefin stólpípa. Tekin og merkt sýnishorn. Mælt magn og eðlisþyngd þvags. Eftirlit með þvaglegg og þvagpoka.

Varnir gegn fylgikvillum sjúkdómslegu, t. d. varnir gegn legusárum.

Framreiðsla matar. Sjúklingum hagrætt fyrir og eftir máltíðir. Þeir sjúklingar mataðir, sem ekki geta borðað sjálfir. Mataráhöld fjarlægð.

Aðstoð við endurhæfingu sjúklinga, fótaferð, fataskipti, hreyfingar, notkun hjálpartækja (hjólástóll, hækjur, göngugrind). Hreinsun á hjálpartækjum og hjúkrunargögnum.

Umbúðir gerðar. Tekið við blómum og öðru til sjúklinga og gestum þeirra leiðbeint. Hirðing á blómum, blómavögnum og blómaskolum. Hirðing á sjúkrastofum, skolherbergjum og líni.

Aðstoð við umbúnað líks.

Sjúkraliðar mega ekki taka til eða gefa lyf í sjúkrahusum.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði

17. gr.

Skólinn skal annast um framhalds- og endurmenntunarnám sjúkraliða með skipulögðum námsbrautum, eftir því sem þörf krefur. Námskeið, skv. þessari grein, skulu haldin árlega og taka a. m. k. 3 mánuði hvert. Ráðuneytið samþykkir námskrá fyrir þessi námskeið.

18. gr.

Kostnaður við rekstur Sjúkraliðaskóla Íslands skal greiddur úr ríkissjóði.

Stofnanir, sem hafa nemendur í verknámi skulu greiða þeim laun þann tíma samkvæmt samningi er nemendur og fjármálaráðuneytið gera með sér. Þær skulu einnig sjá nemendum fyrir starfsklæðnaði og þvotti á honum. Nemendur skulu ekki taka laun meðan þeir eru í bóknámi.

19. gr.

Á þeim stöðum, þar sem ekki reynist unnt að fá hjúkrunarfræðing til starfa, má ráða sjúkraliða til hjúkrunarstarfa um skemmri tíma, og skal hann þá starfa undir stjórn læknis. Leita skal samþykkis ráðuneytisins hverju sinni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 586 frá 30 október 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. maí 1983.

Svarar Gestsson.

Ingibjörg R. Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

um Orðabók Háskólans.

1. gr.

Orðabók Háskólans er háskólastofnun og heyrir undir rektor og háskólaráð, sbr. 64. gr. háskólareglugerðar.

2. gr.

Orðabók Háskólans er vísindaleg orðfræðistofnun. Hlutverk hennar er að vinna að hvers kyns orðfræðirannsóknnum á íslensku máli, þ. m. t. að orðtaka prentað mál frá upphafi prentaldar á Íslandi svo og texta í handritum frá sama tímabili eftir því sem ástæða þykir til. Forgangsverkefni OH er að vinna að samningu sögulegrar orðabókar. Að öðru leyti ákveður stjórn OH á hverjum tíma markmið og verkefni OH.

3. gr.

Stjórn Orðabókar Háskólans skal hafa á hendi yfirstjórn Orðabókarinnar á vegum rektors og háskólaráðs. Hún skal kosin af háskólaráði, að fengnum tillögum heimspeki-deildar, til fjögurra ára í senn. Stjórnin skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Rektor skipar einn þeirra formann stjórnarinnar og ákveður þóknun til hans að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

4. gr.

Fastráðnir starfsmenn Orðabókar Háskólans eru: a) forstöðurmaður (orðabókarstjóri), b) sérfræðingar.

Stofna má fleiri fastar stöður við Orðabókina með samþykki menntamálaráðherra að fenginni heimild í fjárlögum.

Ráðherra ræður fasta starfsmenn að fengnum tillögum samkvæmt þessari grein.

Umsækjendur um sérfræðingsstörf skulu leggja fram með umsókn sinni rækilega skýrslu um námsferil sinn og fræðistörf sem þeir hafa unnið, fræðirit og ritgerðir sem máli skipta vegna starfsins, prentuð sem óprentuð. Orðabókarstjórn skal dæma um hæfni umsækjenda og skal hraða störfum eftir föngum og rökstyðja með hliðsjón af fræðilegu gildi ritverk umsækjenda, svo og námsferil og starfsreynslu, hvort hún telur umsækjanda hæfan til að gegna sérfræðingsstarfi. Álitsgerð orðabókarstjórnar — eða einstakra stjórnarmanna — skal höfð til hliðsjónar við veitingu stöðunnar. Óheimilt er að veita manni sérfræðingsstarf við OH nema meiri hluti orðabókarstjórnar telji hann hæfan.

Stjórn Orðabókar Háskólans tilnefnir úr hópi sérfræðinga við stofnunina mann til að gegna starfi forstöðumanns. Skal hann skipaður til fjögurra ára í senn að fenginni álitsgerð orðabókarstjórnar.

Um aðrar fastar stöður sem stofnaðar kunna að verða skulu gilda hliðstæðar reglur eftir því sem við á.

Lausráðið fólk ræður forstöðumaður með samþykki formanns orðabókarstjórnar eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Aðalstarfsvið stjórnar Orðabókarinnar er þetta:

- a. Stjórnin skal hafa yfirumsjón með orðabókarstarfinu og skipulagningu þess. Skal formaður koma að minnsta kosti vikulega í stofnunina og fylgjast með því, sem gert er, ræða þau vandamál, sem upp kunna að koma, við orðabókarstjóra og aðra starfsmenn stofnunarinnar.

- b. Stjórnin hefur, í samráði við rektor og orðabókarstjóra, ráðstöfunarrétt á húsnæði Orðabókarinnar, ef óskað er eftir að nýta það til annars en þarfa Orðabókarinnar, þó svo að það rekist ekki á starf hennar.
- c. Stjórnin skal, í samráði við orðabókarstjóra, gera áætlanir um árlega fjárför Orðabókarinnar. Fjárlagatillögur skulu kynntar háskólarektor, bæði á undirbúningsstigi og í lokagerð.
- d. Ef ágreiningur rís innan stofnunarinnar, sker orðabókarstjórn úr.

6. gr.

Verksvið starfsfólks Orðabókarinnar er þetta:

- a. Forstöðumaður leggur stund á hvers kyns orðafræðirannsóknir í tengslum við orðabókarstarfið og er hann tengiliður milli stjórnar OH og starfsfólks. Hann hefur með höndum daglega verkstjórn á OH og umsjón með því starfi sem þar er unnið. Í upphafi hvers starfsárs gefur hann orðabókarstjórn skýrslu um starfsemi liðins árs og leggur fram starfsáætlun fyrir það ár. Forstöðumaður er í fyrirsvari fyrir Orðabók Háskólans ásamt stjórnarformanni. — Að öðru leyti sinnir forstöðumaður þeim verkefnum sem orðabókarstjórn felur honum og heyra beint undir orðabókarstarfið.
Forstöðumaður á setu á fundum orðabókarstjórnar án atkvæðisréttar. Hann skal halda fundi með sérfræðingum stofnunarinnar tvisvar á ári um starfsáætlun og oftast ef þurfa þykir um þau verkefni sem stofnunina varða. Heimilt er að kveðja formann orðabókarstjórnar á slíka fundi. Samþykktir slíkra funda skulu bornar undir orðabókarstjórn ef þær varða valdsvið hennar.
- b. Sérfræðingar leggja stund á hvers kyns orðafræðirannsóknir í tengslum við orðabókarstarfið og annast orðtöku og ritstjórn á vegum OH. Í samráði við orðabókarstjóra vinna þeir að þeim verkefnum sem orðabókarstjórn markar eða ákveðin hafa verið á starfsmannafundum, sbr. a-lið. Heimilt er að kveðja sérfræðinga á fund stjórnar OH og jafnframt geta þeir óskað eftir fundi með henni.

7. gr.

Rekstur stofnunarinnar er kostaður af ríkisfé, samkvæmt því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Aðrar tekjur eru þessar:

- a. Styrkir til rannsókna eða greiðsla fyrir umbeðin verkefni.
- b. Gjafir.

Öflun tekna á þann hátt, er greinir í 2. málsgrein, er háð samþykki stjórnarinnar.

Ársreikningar stofnunarinnar skulu sendir ríkisendurskoðun til endurskoðunar ásamt fylgiskjölum. Samrit reikninganna sendist háskólarektor og menntamálaráðuneytinu.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Háskóla Íslands, nr. 77/1979, 36. gr., sbr. 64. gr. háskólareglugerðar, nr. 78/1979, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Orðabók Háskólans, nr. 271/1979.

Ákvæði 5. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar, um skipun forstöðumanns, koma þá fyrst til framkvæmda er núverandi forstöðumaður lætur af starfi.

Menntamálaráðuneytið, 24. maí 1983.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur nr. 108 4. mars 1975, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 61 25. janúar 1977, sbr. og reglugerð nr. 336 21. september 1977.

1. gr.

3. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 1.10 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.55 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 1.10 á brúttórúmllest, þó ekki oftari en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 71.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 351.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

4. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.55 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 56.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Fjörugjald.

Fyrir að leggja skipi í fjöru eða taka skip í slipp til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða kr. 0.42 af hverri brúttórúmllest skipsins en þó aldrei minna en kr. 93.00.

Dráttarbrautarfyrirtæki eru skyld að sjá um og bera ábyrgð á innheimtu gjalds þessa fyrir hafnarsjóð hjá þeim skipum, sem tekin eru á land hjá þeim.

4. gr.

9. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 207.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.55 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 48.00 í hafnsögusjóð.

5. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 16. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 19.20 fyrir hver 1000 kg.

2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 40.50 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 111.50 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 10.90 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 10.10.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1983, sbr. auglýsingu nr. 273 27. apríl 1983, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 201 22. mars 1983.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundartangahafnar,
nr. 213 28. mars 1980.**

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 1.10 á brúttórúmmlest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.55 á brúttórúmmlest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmmlestum greiði kr. 1.10 á brúttórúmmlest, þó ekki oftari en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 71.00 á brúttórúmmlest, þó aldrei minna en kr. 351.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðsla lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.55 á brúttórúmmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 56.00 af hverri brúttórúmmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 11. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 19.20 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 40.50 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 111.50 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 10.90 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 10.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1983 sbr. auglýsingu nr. 273 27. apríl 1983, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 202 22. mars 1983.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness nr. 267 11. júní 1975, sbr. reglugerð nr. 388 26. nóvember 1977.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 1.10 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.55 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 1.10 á brúttórúmllest, þó ekki oftari en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 71.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 351.00.

Gjaldldagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðsla lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.55 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 56.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 207.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.55 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 48.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 19.20 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 40.50 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 111.50 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 10.90 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 10.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1983, sbr. auglýsingu nr. 273 27. apríl 1983, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 203 22. mars 1983.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness nr. 147 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 1.10 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.55 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 1.10 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 71.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 351.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísinda-
legra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn
eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.55 á brúttórúmllest
fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10
brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir,
sem árgjald í heimahöfn, kr. 56.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 9. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 19.20 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 40.50 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 111.50 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 10.90 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 10.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér
með til að öðlast gildi 1. maí 1983 sbr. auglýsingu nr. 237 27. apríl 1983, og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 204 22. mars
1983.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Rífi á Snæfellsnesi
nr. 195 25. apríl 1975.**

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttó-
rúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 1.10 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.55 á brúttórúmllest.
- c) Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 1.10 á brúttórúmllest, þó ekki oftari
en tvisvar í mánuði.

d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 71.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 351.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.55 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 56.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

10. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 207.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.55 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 48.00 í hafnsögusjód.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 19.20 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 40.50 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 111.50 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 10.90 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 10.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1983, sbr. auglýsingu nr. 273 27. apríl 1983, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 205 22. mars 1983.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsvíkur, nr. 112 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 1.10 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.55 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 1.10 á brúttórúmllest, þó ekki oftari en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 71.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 351.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.55 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 56.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 207.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.55 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 48.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 19.20 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 40.50 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 111.50 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 10.90 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 10.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1983, sbr. auglýsingu nr. 273 27. apríl 1983, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 206 22. mars 1983.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

Nr. 360

17. maí 1983

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundarfjarðar, nr. 136 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 1.10 á brúttórúmllest.
- Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.55 á brúttórúmllest.
- Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 1.10 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 71.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 351.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.55 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 56.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 207.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.55 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 48.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 19.20 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 40.50 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 111.50 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 10.90 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 10.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1983 sbr. auglýsingu nr. 273 27. apríl 1983, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 207 22. mars 1983.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stykkishólms, nr. 118 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 1.10 á brúttórúmlest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.55 á brúttórúmlest.
- c) Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 1.10 á brúttórúmlest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 71.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 351.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðsla lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.55 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 56.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 207.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.55 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf t gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 48.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 19.20 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 40.50 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 111.50 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 10.90 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 10.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1983 sbr. auglýsingu nr. 273 27. apríl 1983, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 208 22. mars 1983.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykhólafagnar, Austur-Barðastrandarsýslu nr. 259 25. apríl 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 1.10 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.55 á brúttórúmllest.
F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Eyra.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 24,10 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald:

- | | |
|--|------------|
| a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ " | kr. 169,00 |
| b) fyrir mæla 1" til 2" | kr. 336,00 |
| c) fyrir mæla 3" eða stærri | kr. 673,00 |

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 121,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Rúmmál húsa (utanmál)	Heimæðagjald	
Allt að 500 m ³	kr. 18 000,00	+ 36,00 kr/m ³
500—2 000 m ³	kr. 36 000,00 fyrir	500 m ³ + 24,10 kr/m ³ þar yfir.
2 000—6 000 m ³	kr. 72 200,00 fyrir	2 000 m ³ + 18,10 kr/m ³ þar yfir.
Meira en 6 000 m ³	kr. 145 500,00 fyrir	6 000 m ³ + 14,40 kr/m ³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 3 360,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. apríl 1983 (1774 stig).

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, kr. 239,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. maí 1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 120 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 227,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 90,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 52,90 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 151,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 21 400,00,

Hús 300—2 000 m³ kr. 21 400,00 fyrir 300 m³ og kr. 15,80 fyrir hvern m³ þar yfir.

Hús stærri en 2 000 m³ kr. 48 300,00 fyrir 2 000 m³ og kr. 13,20 fyrir hvern m³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 2 150,00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1774 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. maí 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 280/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 8,60 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 2 370,00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m³.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

1. Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 1 100,00
2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" kr. 1 550,00

III Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m³, kr. 22 300,00

400 til 2 000 m³, kr. 22 300,00 af 400 m³ + kr. 18,80 á m³ þar yfir að 2 000 m³.

2 000 m³ kr. 52 400,00 + kr. 15,30 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 3 820,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 231,00

V Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 10. maí 1983 með tilvísan til auglýsingar nr. 280/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 121 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar nr. 269 28. maí 1980, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

- a. Samkvæmt magnhemli kr. 645,00 fyrir hvern mínútulíttra á mánuði.
- b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 32,30 fyrir hvern rúmmetra vatns.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðargjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðargjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf gjald. Heimæðargjöld eru miðuð við þátttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun svo og af þeim nýbyggingum sem samþykktar eru fyrir 1. október 1979, skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 22\,800,00 + 24,90 \times V.$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

- b) Af nýju húsnæði og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, sem samþykkt er eftir 1. október 1979, skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 34\,300,00 + 37,20 \times V.$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 10. maí 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 280/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976, með síðari breytingum.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 419,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli kr. 25,20 pr. tonn.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- | | |
|---|------------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. 91,40 |
| b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" | kr. 184,00 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri | kr. 366,00 |

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

- | | |
|------------------------------------|---|
| Allt að 400 m ³ kr. | 29 100,00. |
| 400— 2 000 m ³ kr. | 29 100,00 + kr. 23,30 pr. m ³ þar yfir. |
| 2 000— 6 000 m ³ kr. | 66 400,00 + kr. 20,00 pr. m ³ þar yfir. |
| 6 000—10 000 m ³ kr. | 146 000,00 + kr. 17,40 pr. m ³ þar yfir. |
| Meira en 10 000 m ³ kr. | 216 000,00 + kr. 15,10 pr. m ³ þar yfir. |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 3 500,00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

11. gr. gjaldskrárinnar síðasta málsgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 182,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 10. maí 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 280/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mái.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.
Páll Flygening.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Raforkugjöld.

A. Almennir taxtar.

- A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:
- | | |
|---------------------|--------------|
| Orkugjald | 2,49 kr/kWh |
| Lágmarksgjald | 896,00 kr/ár |
- A.2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:
- | | |
|------------------|----------------|
| Fast gjald | 1 790,00 kr/ár |
| Orkugjald | 3,74 kr/kWh |

B. Afltaxtar.

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

- | | |
|-----------------|--------------------|
| Aflgjald | 2 980,00 kr/kWh/ár |
| Orkugjald | 0,59 kr/kWh |
- Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafli 30 kW.

Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.

Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki Rafmagnsveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

B.2 Verð á rafmagni til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afl:

- | | |
|---------------------|---------------------|
| Aflgjald | 5 110,00 kr/kWh/ár |
| Viðhaldsgjald | 5 390,00 kr/kWh |
| Gjald samtals | 10 500,00 kr/kWh/ár |
- Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

Lýsing þessi stýrist af stjórnbúnaði Rafmagnsveitunnar.

C. Hitunartaxtar.

C.1 Verð á rafmagni til órofinnar hitunar:

- | | |
|------------------|----------------|
| Fast gjald | 2 690,00 kr/ár |
| Orkugjald | 1,47 kr/kWh |

C.2 Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar:

- | | |
|------------------|----------------|
| Fast gjald | 1 790,00 kr/ár |
| Orkugjald | 0,63 kr/kWh |
- Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti.

C.3 Verð á rafmagni til rofinnar næturhitunar:

- | | |
|------------------|----------------|
| Fast gjald | 1 790,00 kr/ár |
| Orkugjald | 0,37 kr/kWh |
- Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09.00 til 21.00.

3. gr.

Mælaleiga.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

	Kr.
Orkumælir, einfasa	168,00
Orkumælir, þrífasa	670,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	1 130,00
Aflmælir	1 090,00
Aflmælir með straumspennum	1 710,00
Tvígjaldsorkumælir	1 090,00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	1 710,00
Móttökuliði, einpóla	754,00
Móttökuliði, þrípóla	1 090,00

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt liðum A.1, A.2, C1, C2 og C3.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

4. gr.

Heimtauggjöld.

4.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

4.2 Heimtaugar greinast í aðaltaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

4.3 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtauggjöld	Málstraumur	Heimtauggjöld
63 A 1-fasa	kr. 14 200,00	315 A 3-fasa	kr. 76 700,00
63 A 3-fasa	kr. 15 400,00	400 A 3-fasa	kr. 97 400,00
100 A 3-fasa	kr. 24 200,00	710 A 3-fasa	kr. 174 000,00
200 A 3-fasa	kr. 48 600,00	1 200 A 3-fasa	kr. 292 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

		Lengdargjald		
		Jarðstrengur	Loftlína	
Málstraumur	Stofngjald	kr/m	kr/stólpa	
63 A 1-fasa	kr. 2 740,00	409,00	5 180,00	
63 A 3-fasa	kr. 3 860,00	409,00	6 010,00	
100 A 3-fasa	kr. 4 090,00	533,00	6 900,00	

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstraumsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útítengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

- 4.5 Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.
- 4.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.
- 4.7 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.
- 4.8 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

5. gr.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

6. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

7. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 195,00 kr.

8. gr.

Fyrir tengingu ásamt afltengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 367,00 kr.

9. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 367,00 kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

10. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

11. gr.

Söluskattur 23,50% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í C-liðum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

12. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skal ætíð liggja fyrir áætlun um rekstur og fjárfestingu á næsta 5 ára tímabili.

13. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, til að taka gildi 10. maí 1983, með tilvísun til auglýsingar nr. 281/1983 um hækkun smásöluverðs raforku. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 124 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.*Guðrún Skúladóttir.***GJALDSKRÁ****Rafveitu Hafnarfjarðar.****I. RAFORKA.**

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar samkvæmt uppsettu afl:

Aflgjald	5 640,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	5 940,00 kr/kW/ár
Gjald samtals	11 580,00 kr/kW/ár

Auk afl og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

2. 2,78 kr/kWh séu lampar ófasviksjafnaðir. Sjá lið 3.4 og 3.5.

B. Heimilisnotkun.

1. 2,78 kr/kWh, til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. Vélar.

1. 2,78 kr/kWh, til véla.

2. 0,66 kr/kWh, og 3 300,00 kr/kW/a, til véla og fyrir iðnaðarhita, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafnotkun 30 kW.

3. 4,17 kr/kWh, til vinnuvéla, vinnuljósá og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Fast gjald	2 000,00 kr/á
------------------	---------------

D. Hitun.

D 1. Órofin hitun:

Orkugjald	1,64 kr/kWh
Fast gjald	2 980,00 kr/á

D 3. Húshitun með rofi:

Orkugjald	0,63 kr/kWh
Fast gjald	2 000,00 kr/á
Rjúfa má straum í allt að 3 klst. á dag við hitun íveruhúsnæðis og allt að 5 klst. við hitun á öðru en íveruhúsnæði.	

D.5. Næturhiti með rofi:

Orkugjald	0,37 kr/kWh
Fast gjald	2 000,00 kr/á
Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring við hitun á íveruhúsnæði og frá kl. 08:00 - 24:00 við hitun á öðru en íveruhúsnæði.	

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan rofstíma.
- Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
- Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
- Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.
- Að raforkan sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum, sem breyta henni í hitaorku.
- Ákvæði liðanna a til og með g, eiga ekki við varðandi tengingu við skip. Það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar RER um raforkuvirki sbr. gr. nr. 102.

Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og edli tækjanna, svo sem raflíðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitaldi tækisins mega vera tengd og sammæld með hitatækinu enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg. Undir lið D í gjaldskránni falla ekki olúkynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræstikerfum eða loft-hitakerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið B, C eða E, eftir því sem við á.

E. Stórnotkun.

- Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksafnotkun minnst 200 kW. 0,47 kr/kWh og 4 170,00 kr/kWh/a, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

- Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
- Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

	kr./mán.
1. Af einfasa mælum	24,20
2. Af þrífasa mælum til og með 80 A	68,40
3. Af þrífasa mælum yfir 80 A	100,00
4. Af mestumælum	251,00
5. Móttökuliði	54,50
6. Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis. Tækjaleiga greiðist ekki við rafmagnssölu eftir liðum C3, D1, D3 og D5.	

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

- 2.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, sem tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Hafnarfjarðar.
- 2.2 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.
- 2.3 Aðalheimtaug. Gjald fyrir aðalheimtaug og breytingu á heimtaug skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Heimtaugargjald kr.	Loftlínuheimtaug breytt í jarð- strengsheimtaug kr.	Einfasaheim- taug 63 A aukin í 3×6 A kr.
220 V kerfi			
63 A 1-fasa	15 600,00	4 730,00	
63 A 3-fasa	16 800,00	5 890,00	3 080,00
100 A 3-fasa	23 000,00	7 420,00	
200 A 3-fasa	40 000,00		
300 A 3-fasa	57 000,00		
380 V kerfi			
63 A 1-fasa	15 600,00	4 730,00	
63 A 3-fasa	16 900,00	5 890,00	5 960,00
100 A 3-fasa	26 900,00	12 800,00	
200 A 3-fasa	53 700,00		
300 A 3-fasa	80 600,00		
400 A 3-fasa	107 000,00		
600 A 3-fasa	161 000,00		
900 A 3-fasa	241 000,00		
1 200 A 3-fasa	322 000,00		

- 2.4 Gjald fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan tilgreinir, reiknast í réttu hlutfalli við 300 A heimtaug í 220 V kerfi og 1 200 A heimtaug í 380 V kerfi.
- 2.5 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
- 2.6 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.
- 2.7 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3×220 V notendakerfi er breytt í $3 \times 380/220$ V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innan húss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

2.10 Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Lengdargjald Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa	3 040,00	451,00	5 720,00
63 A 3-fasa	4 270,00	451,00	6 640,00
100 A 3-fasa	4 510,00	590,00	7 610,00

- 2.11 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu að útitingiskáp eða rofa í dreifistöð og fyrir hvern stólpa í loftlínuheimtaug.
- 2.12 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafveitunnar.
- 2.13 Ef hluti af bráðabirgðaheimtaug nýtist með óbreyttri legu sem aðalheimtaug, reiknast ekki lengdargjald af þeim hluta.

2.20 Varðandi aðalheimtaug og bráðabirgðaheimtaugar.

- 2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
- 2.22 Óski húseigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafveitunnar.
- 2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald kr. 489,00. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greiða gjald kr. 1 060,00.

III. ÝMIS ÁKVÆÐI.

- 3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppnun veitunnar kr. 409,00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
- 3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 409,00 og sett viðeigandi vör.
- 3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduroppnun veitunnar kr. 818,00.
- 3.4 Ef launafli nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.
- 3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.
- 3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 60% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. nóvember 1982 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að $\frac{4}{5}$ af þeirri breytingu. Breyting skv. þessum lið er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.
- 3.7 Sölugjald 23,5% og 19% verðjöfnunargjald, samtals 42,5% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema í húshitunartöxtum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 10. maí 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 281/1983 um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 125 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

Tafla I. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.

Númer Gjald- skrárl.	Heiti gjaldskrárlíða	Orkuverð kr/kWh	Fastar greiðslur í krónum	
			Daggreiðslur	Ársgreiðslur
A-LÝSING				
A.1.	Með fastagjaldi	3,19	0,14	53,80/m ²
A.2.	Án fastagjalds	8,44		
B-HEIMILISNOTKUN OG FL.				
B.1.	Heimilisnotkun	2,40	0,54	201,00/herb.
B.2.	Mannvirkjagerð Akraneshöfn	4,09		
C-VÉLANOTKUN				
C.1.	Með fastagjaldi	3,19	1,83	670,00
C.2.	Með rofi 1½ klst. á dag	2,40		
C.3.	Stórnotkun (Afltaxti)	0,79	7,69	2 810,00
D-HÚSHITUN				
D.1.	Án rofs	1,35		
D.2.	Með rofi 1 1/2 klst. á dag	0,73		
D.3.	Með rofi 2 1/2 klst. á dag	0,67		
D.4.	Með rofi 4 1/2 klst. á dag	0,53		
D.5.	Með rofi 14 1/2 klst. á dag	0,38		
D.6.	Sumarhitun með rofi 3 klst. á dag	0,49		
E-ANNAÐ				
E.1.	Sérsamningar			
E.2.	Gatna- og hafnarlýsing			10 300,00
E.3.	Lokun og endurofnun veitu		412,00	
MÆLA-OG ROFALEIGA				
10	Einfasa		0,44	163,00
11	Einfasa með rofa		2,34	857,00
20	Prífasa		1,73	633,00
21	Prífasa með rofa		3,63	1 330,00
24	Prífasa með 2 rofum		4,52	1 640,00
30	Prífasa með aflmæli		2,79	1 010,00

Ákvæði og skýringar með töflu I.

A. Lýsing.

- A. 1 Til lýsingar, og reiknast fastagjald af stærð húsnæðis í fermetrum. Reikna skal til fastagjalds, aðeins helming gólfplatnar í göngum og geymslum. Í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn skal reikna hálf fermetragjald, en ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.
- A. 2 Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

B. Heimili og vinnuljós.

- B. 1 Til heimilisnota og reiknast fastagjald af hverju herbergi sem ætlað er til íbúðar, og einnig eldhúsi. Herbergi sem er minna en 5 m² reiknast sem hálf. Ef herbergi er stærra en 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem herbergi.
- B. 2 Til véla og vinnuljósá, fyrir hús sem eru í byggingu, einnig til véla við Akraneshöfn. Eftir þessum lið má einnig selja raforku um tengla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3×332 A. og 3×50 A. 220 V.

C. Vélar.

- C. 1 Til véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Fastagjald reiknast á hvert kW. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsa.
- C. 2 Til véla í matvælaíðnaði, þar sem uppsett afl fastra vinnuvéla er yfir 40 kW. og árlegur nýtingartími eigi skemmri en 1200 klst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tíma mesta álags. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til rafsúðu málna.
- C. 3 Til atvinnutækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafli í 15 mín.

D. Hitun.

- D. 3 Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.
- D. 6 Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. okt. ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

E. Annað.

- E. 1 Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
- E. 2 Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu álitni rafveitunefndar.
- E. 3 Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunnar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppnun samkvæmt þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
- Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
- Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu og miðast verðið við útsöluverð diselólíu á hverjum tíma.
- Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
- Að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
- Að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er liður D. 1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á lið D. 1.
- Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, en notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi.

Mæla- og rofaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og klukkurofa, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,9 miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, er rafveitunni heimilt að miða við voltamper (VA). Við fassviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliða-tengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjaldskrárlíður nr.	Málstraumur aðalvara		Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara kVa.	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftlh. allt að 30 m. kr
	220 V. kerfi Amp.	380 V. kerfi Amp.		
2.01	2×35	1×35	7	6 590,00
2.02	2×60	1×60	13	7 900,00
2.03	3×60		22	9 880,00
2.04	3×100	3×60	38	13 400,00
2.05		3×100	66	19 500,00
2.06	2×200		76	21 700,00
2.07	3×350	3×200	132	34 000,00
2.08		3×350	231	55 700,00
2.09	Bráðabirgðaheimt. 1×35 Amp.			2 440,00
2.10	Bráðabirgðaheimt. 3×35 Amp.			4 900,00
2.11	Bráðabirgðaheimt. 3×60 Amp.			8 380,00
2.12	Tenging við Akraneshöfn			314,00

Tafla 3. Tenging við veitukerfið (spennistöð).

Gjaldskrárlíður nr.	Stærð spennis kVa.	Tengigjald kr.
3.01	150	45 300,00
3.02	300	84 800,00
3.03	500	137 000,00
3.04	600	163 000,00
3.05	800	216 000,00

Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.

- Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 m. þannig: $Y_j = (299,00 + 0,30 \times kVA)$ kr/m og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana $Y_j = (200,00 + 0,20 \times kVA)$ kr/m að viðbættum kr. 3 540,00 á hvern stólpa í umframlínu.
- Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
- Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meir en tengigjaldi nemur.
- Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, eru innifalin í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema á liðum D (húshitun), sem eru undanþegnar gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 10. maí 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 281/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 126 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g.
Frá og með 5. nóv. 1982. er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 2,34 kr.

Skammstafanir:

kw = kílóvatt = afl, h = klukkustund, kwh = kílóvattstund orka, d = dagur, a = ár = 365 d, g = gjaldstig, kr. = krónur.

I. KAFLI

RAFMAGNSSALA.

Gjaldskrárliður	Orkuverð		Aflverð og fastagjöld	
	g/kwh	kr/kwh	Ársgreiðslur	kr/a
A1 (Lýsing)	1	2,34	30	70,20 á fermetra, skilyrt notk.
A2	2	4,68		lágmark 1200 kwh/a
A3	3	7,02		
B1 (Heimili)	1	2,34	180	421,00 á herbergi, skilyrt notk.
C1 (Vélar)	1	2,34	600	1 400,00 á kw, ástimpluð
C2	0,3	0,70	1600	3 740,00 á árskílóvatt
	g/kwh	kr/kwh		kr/kwh
D1 Húshitun	0,603	1,41		Án rofs, 2,01 til annarra nota
D2 —	0,336	0,79	Rof	1,5 h/d, 1,13 til annarra nota
D3 —	0,316	0,74	Rof	2,5 h/d, 1,05 til annarra nota
D4 —	0,257	0,60	Rof	4,5 h/d, 0,86 til annarra nota
D5 —	0,178	0,42	Rof	14,6 h/d, 0,60 til annarra nota

Til annarra nota en húshitunar bætist verðjöfnunar- og sölugjald við taxa D1—5, samtals 42.5%.

E. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Pegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1,3 g/kwh, sem jafngildir nú 3,04 kr/kwh.

F. Mæla- og rofagjöld.

		Árgjöld		Daggjöld
		g/a	kr/a	kr/d
F10	Einfasa mælir	300	702,00	1,92
F11	Einfasa mælir m. rofa	900	2 110,00	5,78
F20	Prífasa mælir	600	1 400,00	3,84
F21	Prífasa mælir m. rofa	1200	2 810,00	7,70
F30	Aflmælir	2800	6 550,00	17,90

Allir taxtar skulu ennfremur fullnægja þeim nánari skilyrðum sem tilgreind eru í skýringum hér á eftir. M. a. koma taxtar A1, A2 og B1 ekki til greina nema fullnægt sé tilgreindum skilyrðum um lágmarksnotkun.

Skýringar á töxtum:

- A1: Fast árgjald reiknast 30 gjaldstig fyrir hvern fermetra gólfflatar í rými því er lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmis. Ef flatarmál er minna en 40 fermetrar og ársnotkun minni en 1200 kwh koma taxtar A2 eða A3 í stað A1 — 40 fermetrar og 1200 kwh jafngildir hér hvort 1200 gjaldstigum.
- A2: Ef ársnotkun er minni en 1200 kwh kemur taxti A3 í stað A2.
- A3: Fyrir ársnotkun minni en 1200 kwh.
- B1: Fast árgjald reiknast 180 gjaldstig fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m² reiknast sem tvö. Í stað þessa herbergjagjalds má reikna fermetragjald samkvæmt A1. Um stærð gólfrymis og minnstu ársnotkun gilda sömu ákvæði og fyrir taxa A1.
- C1: Fast árgjald reiknast 600 gjaldstig á hvert kw rafvéla fyrir föst vinnutæki. Miðað er við ástimplað raf afl, samanlagt reiknað í heilum kw.
- C2: Mesta ársálag mælt um mestafli-mæli.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- D: a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
- b) að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c) að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu búnaðarins og greiði leigu af honum skv. ákvæðum um rofagjöld.
- d) að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með rofum og hitastillum.
- e) að notkun sé minnst 6000 kwh. á ári.
- A-E: a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti herra verð fyrir raforkuna.
- b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að dómi hans vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.

- c) Taxtar reiknast hér í nýkrónum með þrjá aukastafi fyrir aftan kommu, sem samsvavar einum aukastaf fyrir aura. Allar greiðslur skulu þó standa á heilum tug aura. Daggreiðslur fást með því að deila 365 í ársgreiðslur.
- d) Mæli- og rofagjöld reiknast samkvæmt F-lið og bætast við önnur gjöld eins og við á í hvert skipti.

II. KAFLI

Tengigjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

Gjaldskrárlíður	Málstraumur stofnvara í		Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis kVa	Tengigjald skv. jöfnu $g = 3600 + 130 \times \text{kVA}$	Tengigjald kr.
	220 V kerfi A	380 V kerfi A			
T1	2×60	1×60	$0,22 \times 60 = 13$	5 360	12 500,00
T2	3×60		$0,38 \times 60 = 22$	6 570	15 400,00
T3	3×100	3×60	$0,38 \times 100 = 38$	8 730	20 400,00
T4		3×100	$0,66 \times 100 = 66$	12 510	29 300,00
T5	3×200		$0,38 \times 200 = 76$	13 860	32 400,00
T6	3×350	3×200	$0,66 \times 200 = 132$	21 420	50 100,00
T7		3×350	$0,66 \times 350 = 231$	34 780	81 400,00
T8			$= 300$	44 100	103 000,00
T9			$= 500$	71 100	166 000,00
T10			$= 800$	111 600	261 000,00

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

a) Um heimtaugar: Önnur ákvæði:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

$$Y(J) = (200 + 3 \times \text{kVA}) \text{ gjaldstig á metra.}$$

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig:

$$Y(L) = (40 + 2 \times \text{kVA}) \text{ gjaldstig á metra, að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.}$$

b) Um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) Almenn:

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 2000 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

III. KAFLI

Opnunargjald.

Opnunargjald nemur allt að 100 gjaldstigum, en skal standa á heilli krónu.

Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduropnun.

IV. KAFLI

Verðgildi gjaldstigs.

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reikna eftir hlutfallsgrunni, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé reikningsgrunnurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir breytingunni. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí, nema sérstakt tilefni sé til breytinga á öðrum tíma. Verðgildi gjaldstigs reiknast í krónum með tveimur aukastöfum fyrir aftan kommu, sem jafngildir heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 10. maí 1983, sbr. auglýsingu nr. 281/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 127 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.**

I. SMÁSALA

Gjaldskrárlíðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Heimilisnotkun.

Orkugjald	2,78 kr/kWh
Fastagjald	1 350,00

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtíma notkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjum, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	4,16 kr/kWh
Fastagjald	1 350,00 kr/a

A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.	
Orkugjald	2,40 kr/kWh
Fastagjald	1 350,00

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.	
Orkugjald	0,94 kr/kWh
Fastagjald	5 400,00

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.	
Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	15 000,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW	2 070,00 kW/a
Orkugjald af allri notkun	0,48 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram afstillingu	2,78 kr/kWh
Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.	

A.6 Almenn notkun.

Öll almenn notkun svo sem lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	3,60 kr/kWh
Fastagjald	1 350,00

B.1 Aflmæling.

Öll meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun.	
Lágmarksaflgjald 12 kW	44 280,00 kr/a
Aflgjald umfram 12 kW	3 690,00 kr/kWh
Orkugjald	1,15

C.1 Hitun.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald	0,71 kr/kWh
Fastagjald	1 350,00
Roftími er allt að $2 \times 1\frac{1}{2}$ klukkustund á dag.	

C.2 Hitun.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald	0,44 kr/kWh
Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.	

D.1 Hitun.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald	0,94 kr/kWh
Fastagjald	1 350,00
Roftími er allt að $2 \times 1\frac{1}{2}$ klukkustund á dag.	

D.2 Hitun.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald	0,58 kr/kWh
Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.	

Lokun.

Gjald fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals kr. 514,00.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.**1. Utanhússlýsing.**

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

2. Sumarbústaðanotkun.

Orkuverð A.4 fylgir orkuverði D.1.

3. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgurrkun eða húshitun.

4. Aflgjaldsmæling.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda, en hjá fiski-bræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og við hliðstæða notkun, meðaltal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 12 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafla á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall.

Rafmagnsveiturnar geta krafðið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos Ø undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.

2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfínanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur Orkubúíð sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A.4, A.5, C.1, C.2, D.1 og D.2 og tilsvarendi fastagjöldum.

Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

II. HEIMTAUGARGJALD Í PÉTTBÝLI

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubússtjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsóknnum gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1. Heimtaug.

Varstærð A	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd ¹⁾ kr/m
63 þriggjafasa	20 700,00	477,00
100 þriggjafasa	32 000,00	594,00
200 þriggjafasa	63 900,00	694,00
315 þriggjafasa	101 000,00	877,00
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2)	4 500,00	

¹⁾Yfirlengd reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð.

2.2. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.

2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Pegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjòlsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppstept hús — er lagt Orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

2.4. Telji Orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1. Grunn gjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 2 710,00.

3.2. Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.3. Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Orkubúsins, skal greiða eins og 2.1. segir til um miðað við 63 A stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Orkubúsins hverju sinni.

III. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM

9. Heimtaugargjald í sveitum.

9.1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

9.2. Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundradshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera 13 506,00 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald, skal greiða 1,2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 1 127 970,00 af matsverði, og 0,6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 1 127 970,00, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1,5 km á hverjar 13 506,00 krónur sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum. Framangreint grunngjald kr. 13 506,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1482 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækunar eða lækkunar þannig að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubússtjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 620 371,00 kr.

Heimtaugargjöld sumarbústaða, veiðihúsa, verksmíðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra mannvirkja, sem ekki eru í tengslum við búrekstur greiðast samkv. kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein (9.2) skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 10. maí 1983, sbr. auglýsingu nr. 282/1983 um breytingu á gjaldskrám rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 64 22. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti A—1	Orka til lýsingar og véla, í verslun, iðnaði og hliðstæðum atvinnugreinum	kr.	2,92 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
A—2	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW)	—	8 600,00 árskW
Taxti B—1	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hlið- stæðra stofnana	—	2,92 kWh
	Lágmarksgjald	—	43,90 á mán.
	Leiga af mælum ekki tekin.		
Taxti C—1	Orka til mannvirkjagerðar	—	4,39 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
C—2	Orka samkv. 15 mín. meðalafsmælingu	—	0,96 kWh
	+ aflgjald (lágmark 20 kW)	—	3 880,00 árskW
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
	Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.		
Taxti D—1	Orka til húshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag án söluskatts	—	0,70 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
D—2	Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1,5 klst. á dag	—	0,96 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
D—3	Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota, roftími allt að 13 klst. á sólarhring	—	0,74 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWh.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

- Af einfasa mælum 30 A og minna kr. 14,50 á mán.
- Af þrífasa mælum 50 A og minna — 24,00 á mán.
- Af þrífasa mælum 50—100 A — 33,70 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 1,5 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Jarðstrengur Yfirlengd kr/m
63 A 1-fasa	14 600,00	465,00
63 A 3-fasa	17 300,00	465,00
100 A 3-fasa	22 500,00	640,00
125 A 3-fasa	28 100,00	713,00
200 A 3-fasa	44 000,00	967 00
300 A 3-fasa	63 600,00	1 750,00

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðast skv. kostnaði.

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörku-um. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Pegar lóð er lögð til, er það gert Rafveitunni að kostnaðarlausu og hlýta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskmjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteipt hús — er lagt Rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði augin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 195,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 195,00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Söluskattur 23,5% auk 19% verðjöfnunargjalds til Rafveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I kafla gjaldskrár þessarar, nema á Taxta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 10. maí 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 281/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 128 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA.

1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar kr. 2,78 á kwh

2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana kr. 2,78 á kwh

3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar kr. 2,78 á kwh

3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafslmælingu, lágmark 20 kw kr. 0,97 á kwh
Aflgjald með lýsingu kr. 4 030,00 kw/á ári.

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.-mæli þannig:
Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun kr. 2,78 hverja kwh
Fyrir næstu 80 000 kwst. ársnotkun kr. 2,08 hverja kwh
Fyrir umfr. 100 000 kwst. ársnotkun kr. 1,91 hverja kwh

4. Hitun.

4.1 Orka til íbúðarhúshitunar, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag kr. 0,78 á kwh

4.2 Orka til atvinnuhúshitunar, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag kr. 0,86 á kwh

4.3 Orka til hitunar í iðnaði, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag kr. 1,23 á kwh

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafv.stjóra.
- Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar.
- Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld	Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa	kr. 11 300,00	644,00
63 A 3-fasa	kr. 11 300,00	644,00
100 A 3-fasa	kr. 15 300,00	731,00
125 A 3-fasa	kr. 18 800,00	827,00
200 A 3-fasa	kr. 24 800,00	1 120,00
300 A 3-fasa	kr. 42 900,00	1 310,00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálf tveimur heimtaugargjöld, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 108,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduronuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 108,00 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla og gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 10. maí 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 282/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 129 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA.

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 3,01 hver kWh til lýsingar.

A—2 Kr. 2,09 hver kWh til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 1 070,00 á ári fyrir 25 m² gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 32,30 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Pennan gjaldskrárlíð má nota í verslunum fyrir kælskápa og 1-fasa mótoru upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Kr. 2,43 hver kWh til heimilisnotkunar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 2,99 hver kWh til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári kr. 3 220/kW/ár og kr. 0,72 kWh. Ljósanotkun hjá notendum sem kaupa samkvæmt þessum gjaldskrárlíð verði mæld um sama mæli og vélanotkunin.

C—3 Kr. 2,99 hver kWh ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári.

C—4 Sértaxti Gefjunar, kr. 0,41/0,36 hver kWh og kr. 3 290,00 hvert kW.

C—5 Kr. 4,44 hver kWh til nýbygginga.

D. Hitun.

D—1 Kr. 0,66 hver kWh til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D—2 Kr. 0,48 hver kWh til upphitunar (næturhitun), ef straumur er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 1,45 hver kWh til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWh á ári.

F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 0,99 hver kWh til iðnaðar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Að notandi kosti tengingu stjórnækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn, getur með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR.

Rafveita ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns, og skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 169,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 675,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 1 140,00
Aflmælir	kr. 1 100,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 1 740,00
Móttökuliði, einpóla	kr. 758,00
Móttökuliði, þrípóla	kr. 1 100,00

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi Rafveitu Akureyrar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
3. Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Heimtaugargjald
63 A	1-fasa	kr. 14 300,00
63 A	3-fasa	kr. 15 500,00
100 A	3-fasa	kr. 24 500,00
160 A	3-fasa	kr. 39 200,00
200 A	3-fasa	kr. 49 000,00
315 A	3-fasa	kr. 77 200,00
400 A	3-fasa	kr. 98 000,00
715 A	3-fasa	kr. 174 000,00
1 200 A	3-fasa	kr. 294 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4. Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Lengdargjald		
		Stofngjald	Jarðstrengur	Loftlína
		kr.	kr/m	kr/stólpi
63 A	1-fasa	2 790,00	411,00	5 230,00
63 A	3-fasa	3 880,00	411,00	6 050,00
100 A	3-fasa	4 110,00	541,00	6 950,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útí tengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

5. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
6. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
7. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram.
8. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun veitunnar kr. 335,00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 335,00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 10. maí 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 281/1983 um breytingu á gjaldskráum rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 130 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

- 1.1 Um kWh-mæli á kr. 11,40.
- 1.2 Um kWh-mæli á kr. 4,82 á hverja kWh, auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

- a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 3,86 á ferm., á mánuði.
- b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 2,04 á ferm., á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1 Um kWh-mæli kr. 2,85 á hverja kWh, auk fastagjalds er nemi kr. 20,90 á mánuði, af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íbúðarherbergi, hol eða eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. telst hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

- 3.1 Um einn kWh-mæli þannig: á kr. 7,82 á hverja kWh.
- 3.2 Kr. 2,42 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
- 3.3 Kr. 3,14 hver kWh, án skilyrða um lokun fyrir straum. Til iðnaðar, ef uppsett vélarafli fasttengdra véla er yfir 20 kW.
- 3.4 Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 2 960,00 kW/ári.
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 1,04 hver kWh.
- 3.5 Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja það þannig:
Um kWh-mæli á kr. 1,04 á hverja kWh, auk fastagjalds kr. 2 340,00 á ári, fyrir hvert kW í málraun véla.

D. Hitun.

- 4.1 Til húshitunar um kWh-mæli kr. 1,28 hver kWh.
- 4.2 Til húshitunar um kWh-mæli kr. 0,66 hver kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar:

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

- 5.1 Til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli kr. 4,82. Alla raforkunotkun sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1.
- 5.2 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum kr. 1,97. Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum kr. 20,90 á mán.
2. Af þrífasa mælum allt að 100 A kr. 27,20 á mán.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 A kr. 66,80 á mán.
4. Af mestaafismælum kr. 122,00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan inniheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Stofngjald:

1. 60 A 1-fasa kr. 19 500,00 innif. allt að 40 m.
2. 60 A 3-fasa kr. 29 300,00 innif. allt að 40 m.
3. 100 A 3-fasa kr. 37 700,00 innif. allt að 40 m.
4. 2000 A 3-fasa kr. 51 900,00 innif. allt að 40 m.

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitingar- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJALD.

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 289,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 289,00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 23,5% söluskattur og 19% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 10. maí 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 281/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 131 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gudrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐUR.

1. Lýsing.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1.1 Fast gjald	F1	
Orkugjald		7,86 kr. á kWh
1.2 Fast gjald	F1 + F2	
Orkugjald		3,67 kr. á kWh

2. Notkun til heimilisparfa.

2.1 Fast gjald	F1 + F3	
Orkugjald		2,35 kr. á kWh

3. Vélanotkun.

3.1 Fast gjald	F1 + F2	
Orkugjald		4,53 kr. á kWh
Lágmarksgjald		18 × F1 á ári
3.2 Aflgjald lágmark 3 kW		9 820,00 kr. á ári.
Aflgjald frá 3—5 kW		3 320,00 kr. á kW
Fast gjald	F1 + F3	
Orkugjald		1,14 kr. á kWh
3.3 Aflgjald umfram 5 kW		2 950,00 kr. á kW á ári.
Fast gjald	F1 + F3	
Orkugjald		0,94 kr. á kWh
3.4 Til súgurrkunar		
Fast gjald	F1	
Orkugjald		1,05 kr. á kWh

4. Húshitun.

4.1 Fast gjald	F1 + F4	
Orkugjald		1,75 kr. á kWh
Roftími allt að 1 klst. á dag.			

	Taxti I til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði	Taxti II til hitunar á íbúðarhúsnæði
4.2 Fast gjald	257,00 kr/kW/ári	4 050,00 kr/ári
Orkugjald	0,76 kr/kWh	0,63 kr/kWh
Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.3 Orkugjald	0,58 kr/kWh	0,44 kr/kWh
Roftími allt að 15 klst. á dag.		

5. Utanhússlýsing.

5.1 Fast gjald	F1	
Orkugjald		2,35 kr. á kWh

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.**Föst gjöld.**

F1	55,60 kr. á mán.
F2 a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	1,75 kr. á m ² mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h.	1,03 kr. á m ² mán.
F3	17,80 kr. á gj.e. mán.

Gjaldeiningar eru:

- a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu.
Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálf, 25 m² eða stærra tvö.
 - b) Fyrir félagsheimili, skóla gistihús o. þ. h. 20 m² mælt innan útveggja.
 - c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m² fyrir vinnslurúm, 40 m² fyrir geymslurúm.
 - d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m² eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m² ein gjaldeining.
- F4 Hvert uppsett kW 232,00 kr. kW á ári.

6. Hitun.*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- b) Að vélaafl, götulínur, og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðli undir 0,8.

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 473,00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 249,00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug kr. 97,60

Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að kr. 7 010,00

5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en $3 \times 70q$, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárlíðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 10. maí 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 282/1983, um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 132 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Vestmannaeyja.

1. RAFORKA.

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Almenn notkun.

A1 Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald 2,72 kr/kWh.

Fastagjald 985,00 kr/a.

Þessi liður kemur í stað liða A1, A2, A3, A6, B1, C1 og F1 í fyrri gjaldskrá, og getur verið skráður þannig á reikningum.

C. Afl og orkumæling.

C2 Um kW-kWh — mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.

Aflgjald 4 150,00 kr/kWh/a.

Orkugjald:

0—2500 kWh/kW 1,33 kr/kWh

2500—4000 kWh/kW 0,77 kr/kWh

Yfir 4000 kWh/kW 0,39 kr/kWh

Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins. Á tímabilinu 16. maí—15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20%, án þess að aflgjald hækki.

Sé húshitun innan þessa liðar, sérmæld, þá greiðist ekki verðjöfnunargjald og sölu-gjald af þeirri orku.

Ofangreindur taxti fylgir kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning rafveitunnar sé ávallt 40%. Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundradshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

D. Hitun.

- D1 Til hitunar á íbúðarhúsnæði (án sölu- og verðjöfnunargjalds).
Orkugjald 0,70 kr/kWh
Fastagjald 985,00 kr/a
- D3 Iðnaðarhitun.
Orkugjald 1,06 kr/kWh
Fastagjald 985,00 kr/a
- D3 Til hitunar á húsnæði öðru en íbúðarhúsnæði (án sölu- og verðjöfnunargjalds).
Orkugjald 0,77 kr/kWh
Fastagjald 985,00 kr/a

F. Önnur raforkunotkun.

- F2 Orkugjald 3,94 kr/kWh.
Fastagjald 985,00 kr/a
til vinnuljósa, vinnuvéla og annarar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.
- F5 Aflgjald 8 330,00 kr/kWh
af uppsettu afli til gatna- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxa C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi rafveita til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiði notandi aðrar 8 330,00 kr/kWh/a fyrir þá þjónustu.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan leigir mælitæki við því verði sem hér segir:

1. Einfasa kWh-mælir	194,00 kr/a
2. Þrífasa kWh-mælir	735,00 kr/a
3. Þrífasa kWh-mælir með straumspennum	1 240,00 kr/a
4. Þrífasa kW-kWh-mælir	1 240,00 kr/a
5. Þrífasa kW-kWh-mælir með straumspennum	1 970,00 kr/a

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald ¹⁾ kr/m
63 A einfasa	16 200,00	499,00
63 A þrífasa	17 800,00	499,00
100 A þrífasa	28 300,00	611,00
200 A þrífasa	58 500,00	735,00
315 A þrífasa	88 600,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	111 000,00	—
710 A þrífasa	203 000,00	—
1200 A þrífasa	344 000,00	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald ¹⁾²⁾ Jarðstrengur kr/m
63 A einfasa	3 190,00	499,00
63 A þrífasa	4 440,00	499,00
100 A þrífasa	4 710,00	611,00

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhug-
aða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum
samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og
hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til
húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta
skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er
lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður
notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir
lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt út loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug
svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heim-
taug, að frádrögn hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðar við gildandi
gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðar-
ákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 396,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi
opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 396,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og önnur þjónusta,
sem rafveitan veitir, að ósk notanda, skal greiða gjald, kr. 396,00.

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar
láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir
hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. 23.5% sölugjald, ásamt 19.0% verðjöfnunargjaldi er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema orku til húshitunar, D liðum.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágs ársnýtingartíma, getur Rafveita Vestmanneyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárlíði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. maí 1983 sbr. auglýsingu ráuneytisins nr. 282/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 133 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Rafveitu Selfoss.****I. RAFORKA.**

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

- 1.1 Til almennrar lýsingar, svo og til götulýsingar.
Orkugjald 3,45 kr/kWh.
- 1.2 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald 4,30 kr/kWh.

2. Heimili o. fl.

- 2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum. Orkugjald 3,15 kr/kWh.

3. Vélar o. fl.

3.1 Til vélanotkunar.

Orkugjald 3,45 kr/kWh.

3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafli 20 kW. Gjaldskýlt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.

Orkugjald 1,08 kr/kWh.

Aflgjald 3 270,00 kr/kW á ári.

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag:

Orkugjald 1,56 kr/kWh.

4.2 Til húshitunar, roftími $2 \times 1\frac{1}{2}$ klst. á dag.

Orkugjald 0,59 kr/kWh.

4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.

Orkugjald 2,25 kr/kWh.

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.

Orkugjald 0,69 kr/kWh.

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW uppsetts aflls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- d. Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr.	251,00
Orkumælir, þrífasa	kr.	593,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr.	1 010,00
Aflmælir	kr.	964,00
Aflmælir með straumspennum	kr.	1 530,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	15 400,00	501,00	4 110,00
3 × 63	16 700,00	501,00	7 070,00
3 × 100	26 500,00	767,00	9 010,00
3 × 200	52 300,00	1 270,00	
3 × 315	83 300,00	1 480,00	
3 × 400	106 000,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	188 000,00	—	
3 × 1200	317 000,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekens notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekens notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnaði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnaðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 × 63A kr. 3 410,00 3 × 63A kr. 4 590,00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald, samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 225,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 10. maí 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 281/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 134 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitna Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis.

I. RAFORKA.

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1 Til almennrar lýsingar.	
Orkugjald	11,00 kr/kWh
1.2 Til almennrar lýsingar.	
Orkugjald	3,43 kr/kWh
Fastagjald af gólfleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja.	
Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	57,30
kr/m ² á ári	
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	21,40 kr/m ² á ári
1.3 Til götulýsingar.	
Orkugjald	3,43 kr/kWh
1.4 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.	
Orkugjald	5,48 kr/kWh

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

2.1 Til heimilisnotkunar.	
Orkugjald	2,57 kr/kWh
Fastagjald af hverju herbergi	231,00 kr. á ári
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m ² eða minna reiknast hálf, en 25 m ² eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m ² má reikna með þeirri meðalstærð.	
2.2 Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu tæki fasttengd.	
Orkugjald	2,57 kr/kWh

3. Vélanotkun o. fl.

3.1 Til véla o. fl.	
Orkugjald	5,48 kr/kWh
Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlíð. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlíð 1.2, en þriðjung lægra.	

3.2 Til véla o. fl.

Orkugjald	0,88 kr/kWh
Aflgjald, lágmark 2 kW	8 880,00 kr. á ári
Aflgjald, umfram 2 kW	2 960,00 kr/kWh á ári

Gjaldskyld afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.

Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2 og lágmarksaflgjald af 20 kW.

3.3 Til véla.

Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

Orkugjald	0,88 kr/kWh
Aflgjald, lágmark	8 270,00 kr. á ári
Aflgjald, af uppsettum kW í málraun véla, umfram 2 kW	2 340,00 kr á ári

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur viðkomandi rafveita krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfínnanlegum truflunum hjá notendum, eða takmarka notkun þeirra tiltekinn tíma sólarhrings.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag.

Orkugjald	2,08 kr/kWh
-----------------	-------------

4.2 Til húshitunar, roftími $2 \times 1\frac{1}{2}$ klst á dag.

Orkugjald	0,89 kr/kWh
-----------------	-------------

4.3 Til húshitunar, roftími 15 klst. að degi til.

Orkugjald	0,56 kr/kWh
-----------------	-------------

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.

Orkugjald	1,00 kr/kWh
-----------------	-------------

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði: Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum viðkomandi rafveitu.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem viðkomandi rafveita leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum viðkomandi rafveitu, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Viðkomandi rafveita ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 187,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 418,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 1 020,00
Aflmælir	kr. 968,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 1 530,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	13 500,00	437,00	4 180,00
3 × 63	14 600,00	437,00	5 730,00
3 × 100	17 400,00	493,00	7 380,00
3 × 200	27 700,00	675,00	
3 × 315	58 400,00	922,00	
3 × 400	81 500,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	134 000,00	—	
3 × 1200	217 000,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvorttveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt, að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum viðkomandi rafveitu um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem hér segir:

1 × 63 A kr. 2 990,00	3 × 63 A kr. 4 020,00.
-----------------------	------------------------

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 1 530,00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra ársheimingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 256,00.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 10. maí 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 281/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 135 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- A—1. Um kWh-mæli á kr. 13,10 hverja kWh. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
- A—2. Um kWh-mæli á kr. 5,42 á hverja kWh auk fastagjalds, sem er kr. 58,00 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 19,30 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWh-mæli á kr. 3,36 hverja kWh.

C. Vélnotkun o. fl.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% eru innifalin í öllum gjaldskrárlíðum, nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A. 4, A. 5, C. 1, C. 2, D. 1 og D. 2 og tilsvarendi fastagjöldum.

Gjaldskrárverð breytist til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

II. HEILDSALA.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæða þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaxsmánuðir og almanaxsár.

2. gr.

Rafmagnsgjald.

Aflgjald	2 087,21 kr. á árskW
+ Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW	66,90 aurar á kWh
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	38,30 aurar á kWh
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW ..	19,50 aurar á kWh

3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 málsþennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

4. gr.

Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalalag á afhendingarstað.

5. gr.
Ársnýting.

Ársnýting í klukkustundum er raforkunotkun eins almanaksárs í kWh deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

6. gr.
Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

7. gr.
Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílóvattstundarverð skv. 2. gr. umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundradshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

8. gr.
Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda sbr. 76. gr. orkulaga nr. 581, 1967.

III. HEIMTAUGAGJÖLD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugagjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

- 1.0 Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
- 2.0 Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 Heimtaug.

Varstærð Amp.	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd ¹⁾ kr/m
63 einfasa	18 700,00	477,00
63 þriggjafasa	20 700,00	477,00
100 þriggjafasa	32 000,00	594,00
200 þriggjafasa	63 900,00	694,00
315 þriggjafasa	101 000,00	877,00
400 þriggjafasa	128 000,00	Samkv. kostn.
710 kVA spst.	227 000,00	—
1200 kVA spst.	383 000,00	—
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.3)	4 500,00	

2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frá-dregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínu heimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

Pegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Pegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkuarhúsum, fiskmjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðahús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3.0 Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1 Grunn gjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 2 710,00.

3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.3 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínu-staur í kerfi Rafmagnsveitnanna, skal greiða eins og 2.1 segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

4.0 Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

1) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug, sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.

IV. HEIMTAUGAGJÖLD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu, Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunnjaldsskytt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.
2. Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundradshluta af fasteignamatverði. Grunnjald skal vera kr. 13 988,00 á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald, skal greiða 1,2 af hundraði af fasteignamatverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 1 169 104,00 af matsverði, og 0,6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatverðs, sem er fram yfir kr. 1 169 104,00, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágsþennulínu veitunnar ekki yfir 1,5 km á hverjar 13 998,00 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum.

Framangreint grunnjald, kr.13 998,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 1482 stig. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 42 993,00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatverð húsa. Heimtaugagjöld sumarbústaða, sumarþúða, veiðihúsa, hótela, verksmíðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 10. maí 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 282/1983 um breytingar á gjaldskrám rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 142 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 10. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygning.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um þjóðvegi í kaupstöðum og kaптúnum.

1. gr.

Í kaupstöðum og kaптúnum með 200 íbúa og fleiri skulu vegir og götur teljast þjóðvegir samkvæmt 30. gr. vegalaga nr. 6/1977, svo sem hér segir (númer þjóðvegjar er tilgreint í sviga eftir því sem við á).

Vík í Mýrdal:

Suðurlandsvegur (1) frá ristarhliði, norðan gatnamóta upp á Reynisfjall, að söluskála Kaupfélags Vestur-Skaftafellinga. Víkurbraut frá Suðurlandsvegi (1) austan Víkurár að verslunarhúsum KVS.

Hvolsvöllur:

Suðurlandsvegur (1) frá Hvolsgötu að Hlíðarvegi. Fljótshlíðarvegur (261) frá Suðurlandsvegi (1) um Hlíðarveg að læk austan sýslumannsbústaðar.

Hella:

Prúðvangur frá Suðurlandsvegi (1) norður fyrir hús Kaupfélagsins Þórs.

Vestmannaeyjar:

Skildingavegur frá Básaskersbryggju. Heiðarvegur, neðri hluti Strembugötu og Dalvegur að Smáragötu. Strandvegur frá Skildingavegi að Hlíðavegi (Stórhöfðavegi).

Stokkseyri:

Gaulverjabæjarvegur (33) frá Baldurshaga að Kaðalstöðum. Holtavegur (314) frá Pálsbæ að Gaulverjabæjarvegi (33).

Eyrbakki:

Álfsstétt frá Túngötu að Götunni. Gatan frá Álfsstétt að Búðarstíg. Búðarstígur frá Götunni að Einarshafnarvegi. Einarshafnarvegur frá Búðarstíg að bryggju.

Selfoss:

Suðurlandsvegur (1) frá Ölfusárbrú um Austurveg að vegamótum Laugardælavegar vestri. Eyrbakkavegur (34) frá Suðurlandsvegi (1) um Eyurveg að Fossheiði.

Hveragerði:

Breiðamörk frá Suðurlandsvegi (1) upp að Grýlu. Pelamörk frá Suðurlandsvegi (1) austur undir Varmá að Laufskógum.

Porlákshöfn:

Porlákshafnarvegur (38) frá fiskverkunarhúsi Glettings hf., um Óseyrarbraut að Egilsbraut frá Óseyrarbraut að syðri hafnargarði.

Grindavík:

Víkurbraut frá enda Grindavíkurvegjar (43) við félagsheimilið Festi að kirkju. Ránargata frá Víkurbraut að höfn. Austurvegur frá Ránargötu að Mánagötu.

Sandgerði:

Garðskagavegur (45) frá tengingu að bræðsluverksmiðju að Strandgötu að enda Reykjanesbrautar (41).

Gerðar, Gerðahreppi:

Garðskagavegur (45) frá vegi að Réttarholti að Útgarðsvegi. Útgarðsvegur frá Garðskagavegi (45) að vegamótum utan Hofs. Gerðavegur frá Garðskagavegi (45) að hafnargarði.

Keflavík:

Reykjanesbraut (41) frá mörkum Njarðvíkurhrepps um Flugvallarveg. Hringbraut og að mörkum 110 m norðan enda Hringbrautar. Hafnargata frá Flugvallarvegi að Víkurbraut. Víkurbraut frá Hafnargötu að hafnarvogi.

Njarðvík:

Sjávargata frá Reykjanesbraut (41) að hafnargarði. Njarðvíkurbraut frá Innri-Njarðvíkurvegi (422) að Hafnarbraut.

Vogar á Vatnsleysuströnd:

Hafnargata frá gatnamótum Vatnsleysustrandarvegur (420) og Vogavegur (421) að hafnargarði.

Hafnarfjörður:

Reykjavíkurvegur frá Hafnarfjarðarvegi (40) í Engidal. Fjarðargata og Strandgata að Ásbraut. Ásbraut frá Strandgötu að Reykjanesbraut (41). Flatahraun milli Reykjavíkurvegar og Hafnarfjarðarvegur (40). Lækjargata milli Strandgötu og Reykjanesbrautar (41).

Bessastaðahreppur:

Álftanesvegur (416) frá Landakoti að Bessastaðavegi (415).

Garðabær:

Vífilsstaðavegur (412) milli Hafnarfjarðarvegur (40) og Reykjanesbrautar (41). Bæjarbraut milli Vífilsstaðavegar (42) og Arnarnesvegur (411).

Kópavogur:

Nýbýlavegur frá Hafnarfjarðarvegi (40) að Suðurhlíðarvegi. Suðurhlíðarvegur frá Nýbýlavegi að Reykjanesbraut (41).

Reykjavík:

Eiðsgrandi frá mörkum Seltjarnarneskaupstaðar; Ánanaust; Hringbraut, Miklabraut og Vesturlandsvegur (1) að Höfðabakka; Kringlumýrarbraut frá Sætúni að Fossvogslæk; Sætún, Kleppsvegur, Elliðavogur og Reykjanesbraut (1) að Breiðholtsbraut; Fossvogsbraut frá Hringbraut við Sóleyjargötu, sunnan Öskjuhlíðar, um Fossvogsdal að Höfðabakka; Höfðabakki frá Vesturlandsvegi (1) að Breiðholtsbraut; Bæjarháls frá Höfðabakka að Suðurlandsvegi; Bústaðavegur frá Reykjanesbraut (41) um Öskjuhlíð að Miklatorgi; Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur, Lækjargata, Kalkofnsvegur; Tryggvagata og Mýrargata frá Kalkofnsvegi að Ánanaustum.

Seltjarnarnes:

Norðurströnd og Suðurströnd frá upphafi við Eiðsgranda hringinn kringum byggðina að enda við Eiðsgranda.

Mosfellssveit:

Framhald Hafravatnsvegjar (431) frá Vesturlandsvegi (1) til norðvesturs frá Þverholti ofan Markholtshverfis og á fyrirhugaðan Þingvallaveg (36) við Leiruvog (nálægt Hrossatangja).

Akranes:

Kalmansbraut frá Esjubraut. Kirkjubraut að Akratorgi, Akratorg og Akursbraut að Faxabraut frá Akursbraut að ferjubryggju. Esjubraut frá Kirkjubraut að Víkurbraut.

Borgarnes:

Borgarnesbraut (531) frá tengingu í Sandvík um Borgarbraut og Brákarbraut að höfn í Brákarey.

Hellissandur og Rif:

Höskuldsbraut frá Útnesvegi (574) að Skólabraut, Keflavíkurgata frá Útnesvegi (574) að enda hennar við Höskuldsá, Gata frá Útnesvegi (574) að Rifshöfn.

Ólafsvík:

Ólafsvíkurvegur (54) frá tengingu við Innra-Klif um Ólafsbraut og Ennisbraut vestur fyrir byggð. Ennfremur álma „Norðurtangi“ frá Ólafsbraut að efri enda Norðurgarðsbryggju.

Grundarfjörður:

Snæfellsvegur (57), frá því á mótis við innri hafnargarð um Grundargötu vestur fyrir byggð ásamt álmu að höfn um Hrannarstíg.

Stykkishólmur:

Stykkishólmsvegur (58) frá vestri gatnamótum við Nesveg, um Aðalgötu og Hafnargötu að höfn.

Búðardalur:

Vestfjarðavegur (60) frá gatnamótum við mjólkurbú að gatnamótum 140 m norðan áhaldahúss Vegagerðar ríkisins og álma að höfn frá Vestfjarðavegi að Kaupfélagshúsum.

Patreksfjörður:

Baðastrandarvegur (62) frá Bergstöðum um brú á Mikladalsá, um Aðalstræti, Strandgötu og Þórsgötu að hafnarbakka í Patrekshöfn.

Tálknafjörður:

Tálknafjarðarvegur (617) (Strandvegur) frá innstu húsum í þéttbýli 170 m innan Geitár að ystu húsum í þéttbýli 110 m innan við nýja brú á Hólsá.

Bíldudalur:

Ketildalavegur (619) frá vegamótum Bíldudalsvegjar (63) við Litlu-Eyri, um Dalbraut og Tjarnarbraut að Jaðri, Hafnarteigur að bryggju.

Þingeyri:

Vestfjarðavegur (60) frá mörkum 500 m austan vegamóta við Svalvogaveg (622). Svalvogavegur (622) frá vegamótum Vestfjarðavegjar um Fjarðargötu og Aðalstræti að Byggðarenda við Svalvogaveg (622) með álmu um Hafnarstræti út undir bryggju.

Flateyri:

Flateyjarvegur (64) frá vegamótum Eyrarhjallavegar um Hafnarstræti að bryggju.

Suðureyri:

Súgandafjarðarvegur (65) frá Höfða innan við syðsta hús um Aðalgötu út á móts við læk sem rennur utan til við ysta hús kaптúnsins á svokölluðu Stekkjarnesi.

Bolungarvík:

Djúpvegur (61) frá gatnamótum um 330 m sunnan við Hólsá, um nýjan veg og brú yfir ána um Aðalstræti, Hafnarstræti og Hafnargötu niður á brimbrjót.

Ísafjörður:

Djúpvegur (61) frá tengingu við íþróttavöll um Sólgötu og Fjarðarstræti að húsinu nr. 13 við Hnífsdalsveg, ásamt álmu um Hafnarstræti og Aðalstræti að bátabryggju. Í Hnífsdalsbyggð, Djúpvegur (61) frá gatnamótum Dalbrautar um Strandgötu út fyrir Heimabæjarvör, svo langt sem sjóvarnargarður nær (um 200 m).

Súðavík:

Djúpvegur (61) frá heimreið að Eyrardal um Aðalgötu að gatnamótum Höfðabrekku, ásamt álmu að Hafnargarði.

Hólmavík:

Hólmavíkurvegur (68) frá Höfðatúni um Hafnarbraut og Höfðaveg niður á bryggjutanga.

Hvammstangi:

Hvammstangavegur (72) frá gatnamótum við mjólkurstöð um Hvammstangabraut og Norðurbraut að Hvammvegi. Klapparstígur og Strandgata frá Hvammstangabraut að nyrðri hafnargarði.

Blönduós:

Norðurlandsvegur (1) frá Blöndubrú að tengingu að áhaldahúsi V. r. Húnabraut frá Norðurlandsvegi (1) að Hafnarbraut og Hafnarbraut að bryggju. Gata frá Norðurlandsvegi (1) við Svínvetningabraut að Aðalbraut.

Skagaströnd:

Skagastrandarvegur (74) frá vegamótum austan við félagsheimilið um Fellsbraut, Strandgötu og Skagastrandarveg (74) um 150 m norður fyrir gatnamót Bankastrætis.

Sauðárkrókur:

Skagavegur (745) frá mjólkursamlagi við Sauðárkróksbraut (75) um Skagfirðingabraut, Aðalgötu og Eyrarveg norður fyrir frystihús. Sauðárkróksbraut (75) frá mjólkursamlagi um Hegrabraut að NV horni flugvallar.

Hofsós:

Hofsósbraut (77) frá Kirkjugötu um Suðurbraut, Skólagötu og Kirkjustíg. Suðurbraut frá Skólagötu að nyrðri (vestari) hafnargarði.

Siglufjörður:

Siglufjarðarvegur (76) frá Dalbæ um Hvanneyrarbraut, Túngötu og Snorrögötu að götu til hægri 990 m frá enda Túngötu. Aðalgata frá Túngötu, Tjarnarbraut að höfn. Gránugata frá Tjarnarbraut að Lækjargötu. Lækjargata frá Gránugötu að Aðalgötu. Norðurgata frá Gránugötu að Öldubrjót.

Ólafsfjörður:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá vegamótum við fyrirhugaða bensinstöð um Aðalgötu að brú á Ólafsfjarðará, ásamt álmu að hafnargarði. Ólafsfjarðarvegur eystri (802) um Ægisgötu frá Aðalgötu að gatnamótum við Bylgjubygð.

Dalvík:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá gatnamótum sunnan barnaskóla um Skíðabraut að Hafnarbraut, Hafnarbraut frá Skíðabraut að Karlsraudatorgi, Gunnarsbraut frá Karlsraudatorgi að brú á Brimnesi og Karlsraudatorgi frá Hafnarbraut að bryggju.

Hrísey:

Norðurvegur frá gatnamótum 180 m norðan Sólvallagötu að Brekkugötu og álma um Hafnargötu að höfn.

Akureyri:

Norðurlandsvegur (1) frá tengibraut um Hlíðarhverfi II (Hlíðarbraut) um Hörgárbraut, Glerárgötu og veg skv. skipulagi austan Skipagötu og Hafnarstrætis að vegi, er liggur til vesturs um Búðagil skv. skipulagi.

Grenivík:

Ægisíða frá Grenivíkurvegi við Sunnuhvol að gamla útibúi KEA og að tengingu frá Grenivíkurvegi við Sunnuhvol, að bryggju við frystihús.

Húsavík:

Norðausturvegur (85) gegnum Húsavík um Stangarbakka frá tengingu inn á iðnaðarsvæði í Hauksmýri (sunnan sláturhúss K.P.) og Héðinsbraut frá Stangarbakka að Baldursbrekku.

Reykjahlíð:

Hlíðarvegur frá Norðurlandsvegi (1) að Múlavegi.

Raufarhöfn:

Norðausturvegur (85) gegnum kaптúnið og álma að höfn, þ. e. Aðalbraut frá Höfðabraut að Bæjarási og Hafnarbraut frá Aðalbraut að bryggju.

Þórshöfn:

Langesvegur (869) í gegnum kaптúnið ásamt álmu að höfn, þ. e. Fjarðarvegur frá Norðausturvegi (85) að Langesvegi. Langesvegur frá Fjarðarvegi að hreppamörkum við olíustöð og Hafnarvegur frá Langesvegi að bryggju.

Vopnafjörður:

Norðausturvegur (85) gegnum kaптúnið með álmu að höfn, þ. e. Hamrahlíð frá syðsta húsi að Miðbraut. Miðbraut frá Hamrahlíð að Kolbeinsgötu, Kolbeinsgata frá Hafnarbyggð suður fyrir hús nr. 64 og Hafnarbyggð frá Kolbeinsgötu að nýja hafnargarði.

Egilsstaðir:

Norðfjarðarvegur (92) frá Austurlandsvegi (1) að tengingu verkstæðishúss Brúnáss. Tjarnarbraut frá Norðurfjarðarvegi (92) að gatnamótum Árskóga, Skógarlönd frá Tjarnarbraut að Árskógum, Árskógar frá Skógarlöndum að Ártröð. Kaupvangur frá Norðfjarðarvegi (92) að Mjólkurstöð.

Seyðisfjörður:

Seyðisfjarðarvegur (93) frá kirkjugarði um Vesturveg að gatnamótum Vestdalseyraryrvegur og Hánefsstaðavegar. Vestdalseyraryrvegur (951) um Ránargötu að götu að Vélsmiðjunni Stál. Hánefsstaðavegur um Austurveg að Hafnargötu og Hafnargötu frá Austurvegi að Flísarhúsalæk utan og ofan Norðursíldar.

Neskaupstaður:

Norðfjarðarvegur (92) frá vegi að nýju hafnarsvæði um Strandgötu, Hafnarbraut og Egilsbraut að gatnamótum Eyrargötu.

Eskifjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Bleiksárbrú um Strandgötu upp Botnabraut að gatnamótum við Hátún. Helgustaðavegur (954) frá mótum Strandgötu og Botnabrautar um Strandgötu að hreppamörkum á Mjóeyri.

Reyðarfjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Kvíagilslæk um Aðalgötu að læk við Neðri-Bakka. Hafnargata frá Aðalgötu um höfn og Strandgata frá Hafnargötu vestur fyrir hús Kaupfélags Héraðsbúa og þaðan til norðurs að Aðalgötu.

Fáskrúðsfjörður:

Suðurfjarðavegur (96) frá hreppamörkum við Heiði um Búðaveg að Hafnargötu. Hafnargata, Búðavegur frá Hafnargötu að Búðalæk.

Stöðvarfjörður:

Suðurfjarðavegur (96) frá ristarhlíði við Sellæk að gatnamótum 100 m norðaustan við Sólhól.

Breiðdalsvík:

Breiðdalsvíkurvegur (97) frá gatnamótum við Kolluhraun (400 m norðan kaupfélags) og gatnamótum við kaupfélag og Hafnarbraut að Hafnargarði.

Djúpivogur:

Djúpavogsvegur (98) frá gatnamótum við Borg framhá kirkju að höfn með álmu að síldarbræðslu nyrst í Gleiðuvík.

Höfn í Hornafirði:

Hafnarvegur (99) frá gatnamótum Vesturbrautar að gatnamótum Víkurbrautar. Víkurbraut frá hóteli að bryggju í Álaugarey.

2. gr.

Um framkvæmd við lagningu og viðhald þjóðvega samkvæmt 1. gr., svo og greiðslu kostnaðar, skal farið samkvæmt 2.—9. gr. reglugerðar um ríkisframlag þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum nr. 257/1964.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 6 27. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 92 5. febrúar 1981.

Samgönguráðuneytið, 7. júní 1983.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á Akureyri.

1. gr.

Fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga.

1. taxti kr. 20,00.
2. taxti kr. 70,00.

2. gr.

Greiðslutaxti neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans. Samkvæmt 1. taxa greiðir einstaklingur sem hefur mánaðarlega minni tekjur en svarar til tvöfalds einstaklingslífeyris almannatrygginga auk tvöfaldrar tekjutryggingar, svo sem upphæðir þessar eru í þeim mánuði, sem heimilisþjónustan fer fram. Hafi einstaklingur hærri tekjur mánaðarlega en þessu nemur skal hann greiða eftir 2. taxa. Hjón og sambýlisfólk er nota heimilisþjónustu greiði eftir 1. taxa, hafi þau lægri mánaðartekjur en svarar til 1.5 földum lífeyri hjóna með tekjutryggingu, en skv. 2. taxa ella.

3. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari, ef þar að lútandi umsókn berst ráðinu og aðstæður krefjast þess.

4. gr.

Breytingar á gjaldstiga þessum skulu ákveðnar af félagsmálaráði Akureyrar en staðfestar af bæjarstjórn og félagsmálaráðuneyti.

5. gr.

Heimilisþjónusta, sem innt er af hendi eftir 1. maí 1983, skal greidd skv. gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1983.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

skv. lögum nr. 95/1981 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Bú, nær í reglugerð þessari yfir rekstrareiningu eins bónda, maka hans og barna innan sextán ára aldurs. Til búsin telst einnig búpeningur og framleiðsla annarra en þeirra, er að framan getur, á sömu jörð. Bú nær einnig til búrekstrar, sem er í samningsbundnu, félagslegu formi á sömu jörð, þ. e. félagsbú. Fyrir skal liggja þinglýstur samningur er greini frá aðilum sem að félagsbúinu standa og gagnkvæmum skyldum og réttindum þeirra. Þá nær bú yfir fyrirtæki sem stofnað er eftir lögbundnu félagsformi um búrekstur og búrekstur ríkis og félagssamtaka.

Lögbýli er skilgreint þannig, sbr. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976:

Jörð eða **lögbýli** nefnist í lögum þessum hvert það býli, sem sérstaklega er metið til verðs í fasteignamati, með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum, ef um hjáleigu eða býli er að ræða, sem hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum. Ennfremur verður býli að hafa það landrými eða búrekstraraðstöðu, að það framfleyti minnst 10 kúgildum. Auk þess sé á landinu nauðsynlegur húsakostur til að nýlja jörðina. Jörð sem ekki hefur verið setin í tvö ár eða lengur telst eyðijörð, og þó að hús séu fallin eða rifin telst hún lögbýli, nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t. d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð. Jörð eða lögbýli teljast ennfremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli sem hlotið hafa samþykki jarðanefndar og staðfestingu landnámsstjórnar sem lögbýli.

Ærgildi er talin vetrarfóðruð sauðkind. Ærgildi í nautgripum reiknast þannig: Kýr telur 20 ærgildi, kelfd kvíga 12, vetrungur 8 og kálfur 4.

Ærgildisafurð er meðaltal afurða, þ. e. kjöts, gæru og sláturs á vetrarfóðraða kind yfir þrjú ár og það magn mjólkur og/eða nautgripakjöts sem er jafn verðmætt einni ærgildisafurð í sauðfé sömu ár skv. verðskráningu í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins.

Aðrar tekjur af landbúnaði reiknast í ærgildisafurðir á sama hátt skv. mati Hagstofu Íslands í áætlun um heildarverðmæti landbúnaðarafurða.

Framleiðandi er hver sá sem á eigin vegum hefur með búvöruframleiðslu að gera, hvort sem er einstaklingur, forsvarsmaður bú, aðili að félagsbúi, ríkisbúi eða fyrirtæki um búrekstur.

Búmark er tala ærgildisafurða sem fundin er fyrir hvern framleiðanda skv. nánari reglum II. kafla og er höfð til viðmiðunar þegar ákveða þarf mismunandi verð fyrir búvöru til framleiðanda vegna framleiðslustjórnunar.

II. KAFLI

Ákvörðun á búmarki.

2. gr.

Telji Framleiðsluráð landbúnaðarins horfu á að ekki fáið viðunandi verð á erlendum mörkuðum fyrir þá framleiðslu landbúnaðarafurða, sem er umfram markaðsþarfir innanlands þannig að útflutningsbætur skorti eða horfi til óedlilegrar birgðasöfnunar, er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða að greiða bændum mismunandi afurðaverð. Einnig

getur landbúnaðarráðherra ákveðið að greiða hluta niðurgreiðslna beint til bænda í samræmi við framleiðslumagn eða endurgreiða kjarnfóðurgjald vegna framleiðslujöfnunar skv. a-lið 2. gr. laga nr. 95/1981.

3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út búmark fyrir framleiðslu búvöru á hverju lögbýli og fyrir framleiðendur utan lögbýla, sem hafa meirihluta tekna sinna af landbúnaði. Búmark er reiknað fyrir hverja búgrein fyrir sig og við þann útreikning lögð til grundvallar meðalframleiðsla á því búi eða hjá þeim framleiðanda, sem um ræðir, árin 1976–1978 skv. skattframtali. Framleiðsluráði er heimilt að víkja frá því að ákvarða búmark einstakra aðila skv. skattframtali, séu sérstakar ástæður fyrir hendi. Þá er Framleiðsluráði heimilt, að fenginni umsögn sérgreinafélaga og með samþykki landbúnaðráðherra að víkja frá þeirri reglu að nota til viðmiðunar framleiðslutölur skv. skattframtölum fyrir árin 1976–1978 fyrir einstakar búgreinar, séu sérstakar ástæður fyrir hendi.

4. gr.

Afurðamagni sauðfjár og nautgripa á félagsbúum, sem starfandi voru á árunum 1976–1978, skal skipt milli aðila skv. skattframtali 1979, nema fram komi rökstuddar óskir um annað. Þar sem aðrir framleiðendur voru á lögbýlinu en bóndinn og fjölskylda hans, skal framleiðslan lögð saman og mynda búmark viðkomandi býlis.

Heimilt er að endurskoða og þrengja búmark, ef félagsbúsaðilum hefur fækkað frá 1979. Sama gildir um búmark á lögbýli, sem fengið hefur úrskurð um búmark til félagsbús eða fleirbýlis eftir 1979, ef einhver aðila, sem aðild áttu að þeim rétti, er hættur búrekstri eða hefur flutt lögheimili af lögbýlinu.

Framleiðendur utan lögbýlis, sem fengu reiknað búmark fyrir árslok 1982, skulu halda því óbreyttu á meðan þeir hafa samfellda búvöruframleiðslu með höndum, nema öðruvísi verði ákveðið í lögum eða reglugerð. Búmarksréttur framleiðenda utan lögbýla er ekki framseljanlegur með bústofni eða á annan hátt.

5. gr.

Við ábúendaskipti á lögbýlum skal framleiðsla fráfarandi bónda og þess er við tekur teljast framleiðsla býlisins á viðkomandi framleiðsluári og reiknast skv. þeim búmarksrétti sem viðkomandi aðilar hafa. Sé um verðskerðingu að ræða, skiptist hún í hlutfalli við innlagt afurðamagn og búskapartíma hvers (hvors) aðila fyrir sig.

Telji Framleiðsluráð landbúnaðarins rétt að endurskoða búmarksútreikning fyrir allt landið, skal það gera tillögur til landbúnaðarráðherra um hvernig með skuli farið.

6. gr.

Heimilt er að auka búmark þeirra framleiðenda, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna bygginga á viðkomandi jörð, hafi byggingarnar verið teknar í notkun árið 1976 eða síðar. Jafnframt má stækka búmark lögbýla þegar ábúendaskipti verða, þannig að frumbýlingum verði sköpuð hliðstæð framleiðsluskilyrði samanborið við aðra bændur. Skal í þessum tilvikum höfð hliðsjón af fjármagnskostnaði og útlánareglum Stofnlánadeildar landbúnaðarins svo og vinnutekjum við rekstur búsinns miðað við laun í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins hverju sinni. Umsókn um rýmkun búmarks skal fylgja lýsing héraðsráðunautar um framleiðslumöguleika jarðarinnar ásamt rökstuddri áætlun um hæfilegt búmark.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að undanþiggja þá framleiðendur verðskerðingu skv. búmarksútreikningi, að hluta eða öllu leyti, sem leggja niður búvöruframleiðslu á

lögbylum ákveðinn tíma eða fækka í bústofni sínum um 15% eða meira. Framleiðsluráð gerir samninga við þá framleiðendur sem leggja niður búvöruframleiðslu um ákveðinn tíma. Heimilt er að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra að greiða þessum framleiðendum sérstakar bætur á búleysistímanum sbr. ákvæði 16. gr.

7. gr.

Að jafnaði skal ekki heimila skiptingu búmarks á fleiri aðila við stofnun félagsbús, nema stærð þess bús sem á að skipta sé a. m. k. 25% umfram verðlagsgrundvallarbú, talið í ærgildisafurðum, og aðilar sem hlut eiga að búinu séu allir búsettir á viðkomandi býli, og hafi meirihluta tekna sinna af landbúnaði.

EKKI MÁ ÚTHLUTA NÝJU BÚMARKI TIL MANNA, SEM Hafa aðaltekjur sínar af búvöruframleiðslu hjá öðrum aðila, sem hefur búmark.

Standi jörð auð samfelt í fimm ár eða lengur, fellur búmark hennar niður. Á sama hátt fellur niður búmark framleiðanda án lögbylis, um leið og hann hættir búvöruframleiðslu.

Framleiðendur á lögbylum eiga rétt til, ef þörf krefur, að óska endurskoðunar á búmarki skv. 3. og 4. gr. Þau atriði sem réttlæta ósk um endurskoðun, eru m. a. versnandi fjárhagsstaða, sérstakur tekjumissir, breyttir fjölskylduhagir og ættliðaskipti.

Heimilt er að veita tímabundið aukningu í búmarki, sé hún vegna ættliðaskipta.

III. KAFLI

Ákvörðun á mismunandi búvöruverði til framleiðenda — Framleiðslustjórnun.

8. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins áætla fyrir júnílok ár hvert hvaða gjald af hverri afurðaeiningu skuli taka hjá sláturleysihöfum, mjólkurbúum og öðrum vinnslu- og dreifingaraðilum á viðkomandi framleiðsluári til jöfnunar á greiðslum til framleiðenda og vegna verðskerðingar skv. búmarksútreikningi sbr. 2. gr. Landbúnaðarráðherra getur ákveðið önnur tímamörk, telji Framleiðsluráð það nauðsynlegt. Greiðsluaðilum er skylt að standa skil á gögnum er innheimtuna varða og á þeim fjármunum er um ræðir, til Framleiðsluráðs landbúnaðarins skv. nánari ákvörðun þess. Framleiðsluráð tilkynnir viðkomandi aðilum um gjalddaga. Hafi skil eigi farið fram innan 20 daga frá gjalddaga, skal reikna dráttarvexti af fjárhæðinni frá gjalddaga, eins og þeir eru ákveðnir.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra setur hverju sinni reglur um uppgjör til framleiðenda á landbúnaðarafurðum, þegar grípa þarf til verðskerðingar.

Í lok hvers verðlagsárs skal Framleiðsluráð gera tillögur að reglum fyrir uppgjör til landbúnaðarráðherra fyrir búvöruframleiðsluna. Tillögur þessar skulu kynntar á aðalfundi Stéttarsambands bænda. Reglur, sem settar verða, skulu birtar í Stjórnartíðindum.

10. gr.

Ef ákveðið verður að grípa til framleiðslustjórnunar í landbúnaði vegna markaðsaðstæðna sbr. 2. gr., með því að greiða hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn eða með því að innheimta framleiðslugjald af framleiðendum til verðjöfnunar, mishátt eftir bústærð, skal um það sett sérstök reglugerð.

IV. KAFLI

Álagning, innheimta og endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds.

11. gr.

Innheimta skal við tollafgreiðslu gjald af innfluttu kjarnfóðri.

Gjaldið skal vera 33,33% af innkaupsverði hinnar gjaldskyldu vöru. Innkaupsverð telst vera cif-verð vörunnar (tollverð) kominnar í innflutningshöfn.

Gjaldið skal lagt á fullunnar fódurblöndur og hráefni í fódurblöndur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer:

10-01-10	10-07-10	17-03-01	23-03-00	23-04-60
10-01-20	10-07-20	23-02-10	23-04-10	23-04-70
10-02-00	10-07-30	23-02-20	23-04-20	23-04-80
10-03-00	11-01-21	23-02-30	23-04-30	23-04-90
10-04-00	11-01-22		23-04-40	23-06-00
10-05-00	úr 11-01-29	blandað hænsnakorn	23-04-50	23-07-00
	11-02-21			
	úr 11-02-39	valsað bygg í lausu		

Undanskilin gjaldtöku eru fódursölt, snefilefni, herðir, bætiefni, steinefnablöndur og gæludýrafóður í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna. Einnig er undanskilið gjaldtöku fóður, sem fer til fiskieldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis, sem flokkast undir ofangreint tollskrárnúmer, enda sé varan í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna og umbúðirnir beri með sér, að varan sé ætluð til manneldis. Gjald sem tekið hefur verið af korni og vörum úr því, sem nota má jafnhliða til manneldis og skepnufóðurs, en fer til manneldis, endurgreiðist skv. reglum, sem Framleiðsluráð setur og landbúnaðarráðherra staðfestir.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er ennfremur heimilt að undanþiggja gjaldtöku fóður fyrir gæludýr í umbúðum umfram 5 kg. Þá heimild skal þó aðeins veita samtökum um ræktun þeirrar dýrategundar sem um ræðir, og skulu þau annast innflutning þess fóðurs, sem er undanþegið gjaldtöku. Samtökin skulu rökstyðja beiðni um undanþágu gjaldskyldu með upplýsingum um starfsemi sína og áætlun um notkun fóðurs fyrir dýr félagsmanna.

12. gr.

Heimilt er að endurgreiða framleiðendum gjald af innfluttu kjarnfóðri að hluta eða að öllu leyti. Landbúnaðarráðherra ákveður tímabundnar reglur fyrir endurgreiðslu kjarnfóðurgjalds að fengnum tillögum frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Endurgreiða má kjarnfóðurgjald á eftirfarandi hátt:

- Endurgreiðsla eftir bústærð.** Framleiðsluráð gerir áætlun um hæfilega bústofsstærð í landinu til að fullnægja þörfum fyrir þá landbúnaðarafurð, sem ekki er í samræmi við markaðsmöguleika eða hætta er á að fari úr jafnvægi við þá. Endurgreiðsla kjarnfóðurgjaldsins miðist við hæfilegan búfjárfjölda til að framleiða þá afurð er um ræðir. Heimilt er að fara eftir búmarki við ákvörðun um hvaða endurgreiðslurétt hver framleiðandi fær.
- Endurgreiðsla eftir framleiðslumagni.** Framleiðsluráð gerir áætlun um hæfilegt framleiðslumagn þeirrar afurðar sem komin er eða hætta er á að fari úr jafnvægi við

markaðsmöguleika. Kjarnfóðurgjaldið endurgreiðist að hluta eða öllu leyti svarandi til þess framleiðslumagns, sem er talið nauðsynlegt fyrir markaðinn. Réttur til endurgreiðslu miðist m. a. við útreiknað búmark hvers framleiðanda.

- c) **Svæðisbundin endurgreiðsla.** Framleiðsluráð leitar umsagnar Búnaðarfélags Íslands, komi til álita endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds að hluta eða öllu leyti vegna harðæris eða uppskerubrests. Búnaðarfélag Íslands gefur álit sitt á því hvort og þá í hvaða mæli harðæri eða uppskerubrestur hafi valdið svæðisbundnu tjóni, að teknu tilliti til uppskeru og búfjárfjöldi á undanförunum árum. Endurgreiðsla er því aðeins heimil að um verulegt tjón sé að ræða og að það sé afmarkað við einstaka landshluta eða svæði.
- d) **Til að auka framleiðslu á búvöru sem skortir á markað.** Telji Framleiðsluráð rétt að endurgreiða kjarnfóðurgjald til að auka framleiðslu búvöru, sem skortur er á eða hætta er á að komi til með að vanta, gerir það áætlun um hæfilegt framleiðslumagn og endurgreiðslu til að ná því.

Landbúnaðarráðherra getur þó heimilað ráðstöfun fjár til fleiri verkefna en að framan eru talin, enda telji Framleiðsluráð að þau styrki einstakar búgreinar, landbúnaðinn í heild eða styrki byggð í afmörkuðum landshlutum.

Heimilt er að endurgreiða kjarnfóðurgjald til smærri búa án viðmiðunar við búmark skv. staflíðum a) og b).

Við ákvörðun endurgreiðslna skv. þessum staflíðum skal hafa til hliðsjónar áætlað kjarnfóðurmagn, er fer til framleiðslu hverrar afurðaeiningar og/eða bústofnseiningar skv. upplýsingum, er Búnaðarfélag Íslands gefur.

13. gr.

Framleiðsluráði er heimilt að gefa innflytjendum á kjarnfóðri gjaldfrest, óski þeir þess, gegn útgáfu skuldaviðurkenningar. Framleiðsluráði er rétt að krefjast bankaábyrgðar hjá aðilum sem ætla má að flytji inn kjarnfóður óreglubundið, aðallega til eigin nota, hafa ekki verslunarleyfi eða hafa lent í vanskilum með greiðslu gjaldsins. Heimild til gjaldfrests skal framvísað við tollafgreiðslu vörunnar og afgreiðir innheimtumaður ríkissjóðs vöruna eftir því.

Framleiðsluráð getur framlengt áður gefinn gjaldfrest á öllu gjaldinu eða hluta þess, þegar sérstaklega stendur á t. d. vegna nauðsynlegrar birgðasöfnunar á svæðum, þar sem hafishætta er eða þar sem sérstök harðindi stöðja að, sem valda því að rétt þykir að hafa sérstakar birgðir af kjarnfóðri. Innflutningsaðili skal mánaðarlega sanna fyrir Framleiðsluráði landbúnaðarins að fyrir liggi birgðir af óseldu kjarnfóðri, sem skuldaviðurkenning hefur verið gefin fyrir og fallin er í gjalddaga, til að fá möguleika á framlengingu gjaldfrests.

Verði vanskil á greiðslu skuldaviðurkenningar, skal Framleiðsluráði heimilt að svipta viðkomandi innflytjanda rétti til frekari greiðslufrests, þar til skil hafa verið gerð. Verði um ítrekuð vanskil að ræða, er Framleiðsluráði heimilt að svipta viðkomandi aðila rétti til greiðslufrests að fullu. Framleiðsluráð skal tilkynna viðkomandi innheimtumönnum ákvörðun sína um sviptingu á greiðslufresti.

Að því leyti, sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari varðandi vöruflökkun, innheimtu o. fl., skulu gilda eftir því sem við getur átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Peir aðilar, sem versla með kjarnfóður í smásölu, skulu mánaðarlega senda skýrslu til Framleiðsluráðs um kjarnfóðurkaup og sölu hvers mánaðar.

14. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera skil á innheimtu kjarnfóðurgjaldi samkvæmt reglugerð þessari, eftir fyrirmælum þeim, sem fjármálaráðuneytið hefur sett um skil innflutningsgjalda sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975. Þó getur landbúnaðarráðherra ákveðið að skil á innheimtu kjarnfóðurgjaldi fari fram beint til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Þeir, sem framleiðla fóðurmjöl innanlands, skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu á þeirri framleiðslu innanlands. Skal þar tilgreint hverjir hafa keypt vöruna, heildarsöllumagn til hvers kaupanda og einingarverð.

Fulltrúafundur Stéttarsambands bænda skal gera tillögur til landbúnaðarráðherra um gjaldtöku af innfluttu kjarnfóðri.

V. KAFLI

Gæsla og ráðstöfun fjár.

15. gr.

Gæsla þess fjár sem innheimt er skv. þessari reglugerð, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Sérstakt reikningshald skal vera, er sýni álagningu, innheimtu og ráðstöfun þessara fjármuna. Halda skal aðgreindu því fé, sem innheimt verður vegna verðskerðingar, verði ákveðið að greiða framleiðendum mismunandi verð fyrir búvöru og því fé sem innheimt verður við innflutning kjarnfóðurs. Reikninga skal færa um framlög eða endurgreiðslur til hvernar búgreinar fyrir sig. Reikningsfirlit ber að gera fyrir hvert verðlagsár og hvert almanaksár. Landbúnaðarráðherra tilnefni endurskoðendur að reikningum þessum. Ársreikninga skal senda landbúnaðarráðherra.

16. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins ráðstafar þeim fjármunum sem innheimtir verða skv. ákvæðum þessarar reglugerðar að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra hverju sinni. Meðal annars er heimilt að verja þeim til að greiða verðbætur til framleiðenda sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð. Fjármunir, sem þannig er varið, skulu teljast til framleiðslukostnaðar í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða.

17. gr.

Nú verður ákveðið að greiða framleiðendum bætur sbr. ákv. 16. gr. til að draga úr óhagkvæmri framleiðslu. Framleiðsluráð gerir þá samninga við þá framleiðendur sem þess óska um greiðslu bóta og leyfilega framleiðslu. Við samningagerð þessa skal það hafa forgang að vinna gegn búfjársjúkdómum. Þar næst verði tekin hliðsjón af æskilegri landnýtingu skv. álitum Landgræðslu ríkisins og svæðisbundinni framleiðsluþörf að mati Framleiðsluráðs.

18. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal fyrir hvert verðlagsár gera áætlun til landbúnaðarráðherra hverju þurfi að verja af innheimtu kjarnfóðurgjaldi og verðskerðingarfé, álögðu eftir búmarki til að jafna halla af útflutningi landbúnaðarafurða vegna þess að útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir skv. 12. gr. laga nr. 95/1981 nægja ekki og til endurgreiðslu til framleiðenda. Sá hluti þessara gjalda, sem er áætlaður til að jafna halla af útflutningi landbúnaðarafurða svo og endurgreiðsla þeirra til framleiðenda skv. almennri reglu, skal

ekki við verðákvæðanir teljast til framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða. Að öðru leyti skulu þau teljast til framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða við verðákvæðanir sexmannanefndar eða annarra þeirra aðila sem hafa með verðákvörðun landbúnaðarafurða að gera.

Innflytjendum og seljendum kjarnfóðurs er skylt að gefa sundurliðun á verði kjarnfóðurs, þannig að sjá megi hverju kjarnfóðurgjaldið nemur í söluverði kjarnfóðurs til framleiðenda, sé þess óskað af stjórnvöldum, Framleiðsluráði landbúnaðarins eða sexmannanefnd.

19. gr.

Sé ákveðin önnur notkun þeirra fjármuna, sem innheimtir verða samkvæmt þessari reglugerð en til að jafna halla af útfluttum landbúnaðarafurðum eða endurgreiðsla þeirra til framleiðenda, sbr. 12. gr., skal sá hluti gjaldanna teljast til framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða við verðákvæðanir. Óheimilt er að ráðstafa fjármunum á annan hátt en um getur í 18. gr. nema þeir verði taldir til framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða við verðákvæðanir. Framleiðsluráð landbúnaðarins gerir sexmannanefnd grein fyrir þeim framleiðslukostnaðarauka sem um ræðir að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra. Nefndin metur þennan lið á sama hátt og aðra framleiðslukostnaðarliði. Ágreiningi, ef verður í nefndinni, skal vísa til yfirnefndar sbr. 8. gr. laga nr. 95/1981.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert, ókeypis og ótilkvaddir, gefa Framleiðsluráði upp, í því formi sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framleiðendum búvöru sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi eftir kröfu Framleiðsluráðs.

Skylt er þeim er taka við búfé til slátrunar eða búvöru til sölumeðferðar að vega alla vöru og setja á afurðamiða magn og verð og hvað framleiðandi tekur heim til eigin ráðstöfunar.

Framleiðsluráð getur krafðið mjólkurbú og sláturhús um upplýsingar, er þessir aðilar geta veitt og nauðsynlegar eru, til að framkvæma heimild skv. reglugerð þessari.

21. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast framkvæmd ákvæða þessarar reglugerðar. Það getur falið búnaðarsamböndum eða búnaðarfélögum framvæmd einstakra verkþátta.

Formenn búnaðarfélaga skulu vera trúnaðarmenn Framleiðsluráðs hver á sínu félagssvæði. Framleiðsluráð getur valið sér aðra trúnaðarmenn, þyki ástæða til.

Trúnaðarmenn skulu tilkynna Framleiðsluráði um ábúendaskipti á jörðum og breytingar á búrekstri er máli skipta við framkvæmd þessarar reglugerðar. Framleiðsluráð getur einnig óskað aðstoðar þeirra við eftirlit með kjarnfóðursölu og fleiri atriðum ef ástæða þykir til.

Landbúnaðarráðherra ákveður Framleiðsluráði árlega þóknun fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar af innheimtum gjöldum skv. reglugerðinni og skal sá hluti þeirra teljast með framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða við verðlagningu.

22. gr.

Nú telur einhver aðili að brotinn sé réttur hans skv. reglugerð þessari og skal hann þá gera Framleiðsluráði skriflega grein fyrir málinu. Náist ekki samkomulag um úrlausn ágreiningsefnisins, skal vísa því til sérstakrar nefndar til úrskurðar.

Nefnd þessi skal skipuð fimm mönnum til tveggja ára í senn. Tveir skulu skipaðir af Stéttarsambandi bænda, tveir fulltrúar af Búnaðarfélagi Íslands og formaður skipaður af landbúnaðarráðherra. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af Framleiðsluráði skv. ákvörðun landbúnaðarráðherra sbr. 4. mgr. 21. gr.

23. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 46. gr. laga nr. 95/1981. Jafnframt geta slík brot varðað missi réttar skv. 3. og 4. gr. reglugerðarinnar.

24. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 95/1981 um Framleiðslurád landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 348 22. ágúst 1979 skv. lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðslurád landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl. og reglugerðir til breytinga á þeirri reglugerð nr. 491 30. september 1981 og nr. 579 19. október 1982.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. apríl til 31. des. 1983 skal Framleiðslurád landbúnaðarins greiða til Áburðarverksmiðju ríkisins 20 %-stig af 33 $\frac{1}{3}$ %-stigum af innheimtu kjarnfóðurgjaldi, allt að 40 millj. kr.

Hagstofa Íslands reiknar út við ákvörðun búvöruverðs 1. júní og 1. september 1983 hverju þessi 20 %-stig nema í verði kjarnfóðurs eftir þeim reglum, sem Hagstofan áætlar kjarnfóðurverð við verðlagningu landbúnaðarafurða. Þessi hluti kjarnfóðurgjaldsins skal teljast með framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða við ádurnefndar búvöruverðsákvæðanir.

Til að jafna upp það kjarnfóðurgjald sem innheimt er á tímabilinu 1. apríl til 31. maí 1983 og hefur ekki verið talið til framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða þennan tíma, skal margfalda þann hluta kjarnfóðurgjaldsins sem telja skal til framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða sbr. 2. mgr. með stuðlinum 1,67 í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða tímabilið 1. júní til 31. ágúst 1983. Á sama hátt skal margfalda þann hluta kjarnfóðurgjaldsins sem telja ber til framleiðslukostnaðar tímabilið 1. september til 30. nóvember 1983 með 1,33 í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða.

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið, beri brýna nauðsyn til, að jafna skuli upp það kjarnfóðurgjald, sem innheimt hefur verið, en ekki verið talið til framleiðslukostnaðar sbr. það sem að framan er nefnt, á skemmri eða lengri tíma en að framan getur. Álagið breytist þá í réttu hlutfalli við tíma. Sama regla gildi um innheimt kjarnfóðurgjald í desembermánuði, sem reikna ber sbr. ofanritað, sem aukaálag í verði landbúnaðarafurða mánuðina september–nóvember. Landbúnaðarráðherra tilkynnir sexmannanefnd hvaða álag ber að reikna á kjarnfóðurgjald skv. þessum ákvæðum og yfir hvaða tíma.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. maí 1983,

Pálmi Jónsson.

Guðmundur Sigþórsson.

ALÞINGISMENN

kosnir í apríl 1983.

Samkvæmt tilkynningum yfirkjörstjórna og landskjörstjórnar voru eftirtalin kjörin alþingismenn (aðalmenn og varamenn) við alþingiskosningar 23. apríl 1983.

Skammstafanir: A = Alþýðuflokkur, Ab = Alþýðubandalag, F = Framsóknarflokkur, J = Bandalag jafnaðarmanna, K = Samtök um kvemmalista, S = Sjálfstæðisflokkur.

A. Þingmenn kjördæma.

- Reykjavíkurbjördæmi:
1. Albert Guðmundsson (S).
 2. Friðrik Sóphusson (S).
 3. Svavar Gestsson (Ab).
 4. Birgir Ísl. Gunnarsson (S).
 5. Jón Baldvin Hannibalsson (A).
 6. Ellert B. Schram (S).
 7. Guðmundur J. Guðmundsson (Ab).
 8. Vilmundur Gylfason (J).
 9. Ólafur Jóhannesson (F).
 10. Ragnhildur Helgadóttir (S).
 11. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (K).
 12. Pétur Sigurðsson (S).

- Vesturlandskjördæmi:
1. Friðjón Þórðarson (S).
 2. Alexander Stefánsson (F).
 3. Valdimar Indriðason (S).
 4. Skúli Alexandersson (Ab).
 5. Davíð Aðalsteinsson (F).

- Vestfjarðakjördæmi:
1. Matthías Bjarnason (S).
 2. Steingrímur Hermannsson (F).
 3. Karvel Pálmason (A).
 4. Þorvaldur Garðar Kristjánsson (S).
 5. Ólafur P. Þórðarson (F).

- Norðurlandskjördæmi vestra:
1. Pálmi Jónsson (S).
 2. Páll Pétursson (F).
 3. Ragnar Arnalds (Ab).
 4. Eyjólfur Konráð Jónsson (S).
 5. Stefán Guðmundsson (F).

- Norðurlandskjördæmi eystra:
1. Ingvar Gíslason (F).
 2. Lárus Jónsson (S).
 3. Stefán Valgeirsson (F).
 4. Steingrímur J. Sigfússon (Ab).
 5. Halldór Blöndal (S).
 6. Guðmundur Bjarnason (F).

- Austurlandskjördæmi: 1. Halldór Ásgrímsson (F).
2. Helgi Seljan (Ab).
3. Sverrir Hermannsson (S).
4. Tómas Árnason (F).
5. Hjörleifur Guttormsson (Ab).

- Suðurlandskjördæmi: 1. Þorsteinn Pálsson (S).
2. Þórarinn Sigurjónsson (F).
3. Árni Johnsen (S).
4. Garðar Sigurðsson (Ab).
5. Jón Helgason (F).
6. Eggert Haukdal (S).

- Reykjaneskjördæmi: 1. Matthías Á. Mathiesen (S).
2. Gunnar G. Schram (S).
3. Kjartan Jóhannsson (A).
4. Salome Þorkelsdóttir (S).
5. Geir Gunnarsson (Ab).

B. Landskjörnir þingmenn.

1. Kristín Kvaran (J).
2. Jóhanna Sigurðardóttir (A).
3. Guðrún Agnarsdóttir (K).
4. Guðmundur Einarsson (J).
5. Eiður Guðnason (A).
6. Karl Steinar Guðnason (A).
7. Kristín Halldórsdóttir (K).
8. Kolbrún Jónsdóttir (J).
9. Ólafur G. Einarsson (S).
10. Guðrún Helgadóttir (Ab).
11. Egill Jónsson (S).

C. Varaþingmenn.

Varamenn þingmanna Reykjavíkurbjördæmis:

- Fyrir Alþýðubandalagið: Ólafur Ragnar Grímsson
Grétar Þorsteinsson
- Fyrir Alþýðuflokkinn: Bjarni Guðnason
- Fyrir Bandalag jafnaðarmanna: Stefán Benediktsson
- Fyrir Framsóknarflokkinn: Haraldur Ólafsson
- Fyrir Samtök um kvennalista: Kristín Ástgeirsdóttir
- Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Geir Hallgrímsson
Guðmundur H. Garðarsson
Jón Magnússon
Geir H. Haarde
Bessí Jóhannsdóttir
Elín Pálmadóttir

Varamenn þingmanna Vesturlandskjördæmis:

Fyrir Alþýðuflokkinn: Jóhann Ársælfsson
Fyrir Framsóknarflokkinn: Jón Sveinsson
Sigurður Þórólfsson
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Sturla Böðvarsson
Davíð Pétursson

Varamenn þingmanna Vestfjarðakjördæmis:

Fyrir Alþýðuflokkinn: Sighvatur Björgvinsson
Fyrir Framsóknarflokkinn: Magnús Reynir Guðmundsson
Magdalena Margrét Sigurðardóttir
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Einar Kristinn Guðfinnsson
Hilmar Jónsson

Varamenn þingmanna Norðurlandskjördæmis vestra:

Fyrir Alþýðubandalagið: Þórður Skúlason
Fyrir Framsóknarflokkinn: Sverrir Sveinsson
Brynjólfur Sveinbergsson
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Páll Dagbjartsson
Ólafur B. Óskarsson

Varamenn þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra:

Fyrir Alþýðubandalagið: Svanfríður Jónasdóttir
Fyrir Framsóknarflokkinn: Niels Á. Lund
Valgerður Sverrisdóttir
Hákon Hákonarson
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Björn Dagbjartsson
Vigfús B. Jónsson

Varamenn þingmanna Austurlandskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalagið: Sveinn Jónsson
Þorbjörg Arnórsdóttir
Fyrir Framsóknarflokkinn: Jón Kristjánsson
Guðrún Tryggvadóttir
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Tryggvi Gunnarsson

Varamenn þingmanna Suðurlandskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalagið: Margrét Frímannsdóttir
Fyrir Framsóknarflokkinn: Böðvar Bragason
Guðmundur Búason
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Siggeir Björnsson
Guðmundur Karlsson
Óli Þ. Guðbjartsson

Varamenn þingmanna Reykjaneskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalagið: Elsa Kristjánsdóttir
 Fyrir Alþýðuflokkinn: Kristín H. Tryggvadóttir
 Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Kristjana Milla Thorsteinsson
 Bragi Michaelsson
 Ellert Eiríksson

Varamenn landskjörinna þingmanna:

Fyrir Alþýðubandalagið: Kjartan Ólafsson
 Fyrir Alþýðuflokkinn: Magnús H. Magnússon
 Árni Gunnarsson
 Sighvatur Björgvinsson
 Fyrir Bandalag jafnaðarmanna: Kristófer Már Kristinsson
 Sjöfn Halldórsdóttir
 Grétar Jónsson
 Fyrir Samtök um kvennalista: Málfríður Sigurðardóttir
 Sigríður Þorvaldsdóttir
 Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Geir Hallgrímsson
 Sturla Böðvarsson

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. maí 1983.

Nr. 467

AUGLÝSING

13. júní 1983

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983:

Óverkaður saltfiskur:	U.S. \$ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2 500,00
Millifiskur nr. 1	2 300,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 000,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	1 850,00

Verðbil verður 2% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júní 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1983:

6×5 lbs. og 5×5 lbs. í skel garndregin.

7—9	\$ 11,44	pr. lbs. cif. U.S.A.
9—12	\$ 9,90	pr. lbs. cif. U.S.A.
12—15	\$ 9,20	pr. lbs. cif. U.S.A.
15—18	\$ 8,14	pr. lbs. cif. U.S.A.
18—24	\$ 7,26	pr. lbs. cif. U.S.A.
24—30	\$ 6,40	pr. lbs. cif. U.S.A.

5×5 lbs. í skel garndregin.

9—12	s.fr. 66,50	pr. kg cif. Hamborg
12—15	s.fr. 63,00	pr. kg cif. Hamborg
15—18	s.fr. 43,40	pr. kg cif. Hamborg
18—24	s.fr. 39,30	pr. kg cif. Hamborg

6×5 lbs. og 5×6 lbs. í skel með görn.

7—15	\$ 6,20	pr. lbs. cif. U.S.A.
15—30	\$ 6,17	pr. lbs. cif. U.S.A.
30—45	\$ 5,00	pr. lbs. cif. U.S.A.
45—60	\$ 3,25	pr. lbs. cif. U.S.A.

5×3 kg í skel með görn.

45—60	\$ 7,00	pr. kg. cif. Milano
-------	---------	---------------------

B 6×5 lbs. í skel með görn.

7—9	\$ 10,30	pr. lbs. cif. U.S.A.
9—12	\$ 9,00	pr. lbs. cif. U.S.A.
12—15	\$ 8,10	pr. lbs. cif. U.S.A.
15—18	\$ 7,35	pr. lbs. cif. U.S.A.
18—24	\$ 6,55	pr. lbs. cif. U.S.A.
24—30	\$ 5,76	pr. lbs. cif. U.S.A.

Verðbil verður 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júní 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum þorskflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum þorskflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983:

Söltuð þorskflök:	U.S. \$ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up	3 550,00
Flokkur A 400/700	3 300,00
Flokkur A 200/400	2 950,00
Flokkur A 100/200	2 500,00
Flokkur B 700/up	3 150,00
Flokkur B 400/700	2 900,00
Flokkur B 200/400	2 550,00
Flokkur B 100/200	2 100,00

Verðbil verður 3% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júní 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 470

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs X og Alexandrine drottningar, fyrir árið 1982.

Sjóður í ársbyrjun:	kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	5 836,00
Vextir	2 334,00
	<hr/>
	8 170,00

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1983.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Haliðadóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983:

Söltuð ufsaflök:	D.M. pr. lest cif.
16/20 FF	5 500,00
21/25 FF	5 350,00
26/30 FF	5 150,00
31/35 FF	4 900,00
36/40 FF	4 400,00
41/45 FF	4 200,00
45/50 FF	3 900,00

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júní 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 472

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Steinunnar Sighvatsdóttur og Magnúsar Ólafssonar, fyrir árið 1982.

Sjóður í ársbyrjun:	kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487	1 583,00
Vextir	655,00
	<hr/>
	2 238,00

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1983.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar, fyrir árið 1982.

Sjóður í ársbyrjun:		kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716	6 689,00	
Vextir	2 676,00	
	<hr/>	
	9 365,00	
	<hr/>	

*Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1983.***Hallgrímur Dalberg.**

*Lára Hafliðadóttir.***REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Míningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, fyrir árið 1982.

Sjóður í ársbyrjun:		kr.	kr.
Útvegsbankainnstæða nr. 1662	170 505,00		
Skuldabréf Dvalarh. Borgarnesi	33 500,00		204 005,00
	<hr/>		
Vextir:			
Af Útvegsbankainnstæðu	74 441,00		
Af skuldabréfi	5 360,00		
Afborgun af skuldabréfi	3 300,00		83 101,00
	<hr/>		
			287 106,00
			<hr/>
Sjóður til næsta árs:			
Útvegsbankainnstæða nr. 1662	256 906,00		
Skuldabréf Dvalarh. Borgarnesi	30 200,00		287 106,00
	<hr/>		
			287 106,00
			<hr/>

*Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1983.***Hallgrímur Dalberg.**

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu, fyrir árið 1982.

Sjóður í ársbyrjun:		kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551	561,00	
Vextir	225,00	
	<hr/>	
	786,00	

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1983.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 476

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Grímseyjarsjóðs W. Fiske, fyrir árið 1982.

Sjóður í ársbyrjun:	kr.	kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	603,00	
Búnaðarbankainnstæða nr. 521682	1 406,00	2 009,00
	<hr/>	
Vextir:		
Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	241,00	
Af Búnaðarbankainnstæðu	623,00	864,00
	<hr/>	
		2 873,00
		<hr/>
Gjöld:		
Styrkur til Grímseyinga		190,00
Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	614,00	
Búnaðarbankainnstæða nr. 521682	2 069,00	2 283,00
	<hr/>	
		2 873,00
		<hr/>

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1983.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR**Styrktarsjóðs Þórarins Tulinius, fyrir árið 1982.**

Sjóður í ársbyrjun:	kr.	kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	268,00	
Búnaðarbankainnstæða nr. 521674	4 308,00	4 576,00
		<hr/>
Vextir:		
Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	107,00	
Af Búnaðarbankainnstæðu	1 897,00	2 004,00
		<hr/>
		6 580,00
		<hr/>
Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	280,00	
Búnaðarbankainnstæða nr. 521674	6 300,00	6 580,00
		<hr/>
		6 580,00
		<hr/>

*Fjármálaráðuneytið 1. júní 1983.***Hallgrímur Dalberg.**Lára Hafliðadóttir.**REIKNINGUR****yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum,
fyrir árið 1982.**

Sjóður í ársbyrjun:	kr.
Búnaðarbankainnstæða nr. 521704	11 575,00
Vextir	5 139,00
	<hr/>
	16 714,00
	<hr/>
Sjóður til næsta árs:	
Búnaðarbankainnstæða nr. 521704	16 714,00
	<hr/>

*Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1983.***Hallgrímur Dalberg.**Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stígs, fyrir árið 1982.

Sjóður í ársbyrjun:	kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395	1 249,00
Vextir	517,00
	<hr/>
	1 766,00

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1983.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

20. júní 1983

Nr. 480

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1. gr.

Um gjaldskyldu.

Þeir aðilar sem hafa undir höndum starfsemi samkvæmt 2. gr. 1. nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. einnig 90. gr. þeirra laga, skulu greiða í ríkissjóð iðgjöld samkvæmt reglugerð þessari.

Undanskilin gjaldskyldu eru laun sjómanna, kafara og áhafna flugvéla sbr. 2. mgr. 2. gr. 1. nr. 46/1980.

Iðnmeistarar skulu greiða iðgjöld vegna iðnnema á samningi en iðnskólar vegna iðnnema sem ekki eru á samningi við meistara.

Gjaldskyldan nær til bænda vegna þeirra sjálfra, maka þeirra og barna 12—16 ára svo og til atvinnurekenda er starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum og skiptir ekki máli þó þeir undanskilji sig slysatryggingu með áritun á skattframtal.

2. gr.

Gjaldstofn.

Gjaldstofn iðgjalda gjaldskyldra aðila skv. 1. gr. skal ákvarðaður á sama hátt og gjaldstofn vegna iðgjalds til slysatrygginga skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum sbr. 5. gr. 1. nr. 59/1978. Gjaldstofninn skal þannig vera öll greidd vinnulaun hverju nafni sem nefnast og þær greiðslur sem jafna má til launagreiðslna.

Hjá þeim aðilum sem greinir í 3. og 4. mgr. 1. gr. skal stofninn ákvarðaður eftir sömu reglum og greinir í lögum nr. 14/1965 um launaskatt með síðari breytingum og reglugerðum og starfsreglum sem settar eru með stöð í þeim lögum sbr. og eftir því sem við eiga ákvæði 1. tl. A-liðar 7. gr. sbr. 59. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum.

3. gr.

Gjaldstig.

Hundraðshluti iðgjalds á árinu 1983, vegna tekjuársins 1982, skal nema 0,0905% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Um álagningu.

Iðgjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu lögð á af skattstjórum og færð á skattskrá.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu.

Iðgjöld skulu innheimt af þeim aðilum sem innheimta tekju- og eignarskatt og gilda ákvæði laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt með síðari breytingum um þau, þ. á m. um gjalddaga, dráttarvexti og lögtaksrétt.

Vinnueftirlit ríkisins innheimtir sjálft iðgjöld sem ríkissjóði ber að greiða.

6. gr.

Um ráðstöfun tekna af iðgjaldi.

Iðgjöld þau sem innheimt verða samkvæmt reglugerð þessari skulu renna til reksturs Vinnueftirlits ríkisins.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 20. júní 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 — 1983

28. júní 1983

777

Nr. 481

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 225/1982 um sérstakt gjald af bifreiðum og
bifhjólum, sbr. reglugerð nr. 466/1982.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjald af bifreiðum skal lagt á í sjö eftirfarandi flokkum miðað við eigin þyngd eða sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetum:

	Eigin þyngd kg	Sprengirými cm ³	Gjald í %
I	0— 700	0—1 000	0
II	701— 800	1 001—1 300	4
III	801— 900	1 301—1 600	9
IV	901—1 100	1 601—2 000	14
V	1 101—1 300	2 001—2 300	19
VI	1 301—1 500	2 301—3 000	24
VII	≥1 501	≥3 001	29

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öllum bifhjólum og beltabifhjólum skal greiða 10% gjald.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr., laga nr. 4/1960 um efnahagsmál og gildir frá og með 1. júlí 1983.

Fjármálaráðuneytið, 28. júní 1983.

Albert Guðmundsson.

Porsteinn Geirsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það er hindrar umferð.

Bannað er að leggja ökutækjum á gangstéttum. Borgarstjórn getur veitt undanþágu frá banninu. Merkja skal sérstaklega þau bifreiðastæði, sem undanþága nær til. Bifreiðastæði þessi mega ekki taka meiri breidd af gangstétt en svo, að eftir verði a. m. k. 1,5 metri fyrir umferð um gangstéttina.

Vörubifreiðum, sem eru 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira, og fólksflutninga-bifreiðum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, má ekki leggja á götum eða almennum bifreiðastæðum borgarinnar á tímabilinu milli kl. 22.00 og kl. 06.00. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar, án tillits til þunga þeirra. Borgarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, þar sem undanþága hefur verið veitt.

Heimilt er að flytja burtu og taka í vörslu borgarinnar bifreiðar, sem standa án skráningarúmera á götum og almennum bifreiðastæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn. Hann ber kostnað vegna flutnings og vörslu bifreiðarinnar.

2. gr.

Við 46. gr., sbr. breytingar nr. 95 14. júlí 1958, nr. 468 22. október 1975 og nr. 318 25. ágúst 1977, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Á svæðinu, sem afmarkast af Suðurgötu, Hringbraut, Ánanausti, Mýrargötu, Grófinni og Aðalstræti skal hámarkshraði vera 30 km á klst. Ákvæði þetta gildir ekki um Hofsvallagötu norðan Hringbrautar og Túngötu.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði nýrrar 3. málsgr. 15. gr. tekur þó eigi gildi fyrr en þremur mánuðum eftir birtingu samþykktarinnar.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. júní 1983.

Jón Helgason.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983:

Porskur:	U.S. cent pr. lbs. cif.
4×14 m/r 5–8 oz	92,71
4×14 m/r 8–12 oz	95,01
4×14 m/r 12–16 oz	96,72
4×14 m/r 1–3 lbs.	97,87
1×35 m/r 250–750 gr	98,44
4×12 r/l 6–16 oz	110,46
4×12 rj/l 1–3 lbs.	111,60
4×14 r/l 8–12 oz	105,31
4×14 r/l 12–16 oz	107,60
4×14 r/l 1–3 lbs.	108,74
10×5, 3×18 og 6×5	157,51
5×8 og 6×8 hnakkast.	170,86
4×10, 5×10 og 6×10	157,51
4×12 og 4×13	157,51
4×15 og 1×20	161,96
Blokk reg.	118,00
Blokk m/punnildum U.S.A.	113,00
Blokk m/punnildum Evrópa	98,22
Blokk O.R.	106,20
Punnildisblokk Evrópa	90,00
Marningsblokk	52,00
 Ýsa:	
4×14 m/r 4–8 oz	83,56
4×14 m/r 8–12 oz	89,28
4×14 m/r 12–16 oz	91,57
4×14 m/r 1–3 lbs.	93,29
4×14 r/l 5–8 oz	107,60
4×14 r/l 8–12 oz	109,89
4×14 r/l 12–16 oz	112,18
4×14 r/l 1–3 lbs.	113,32
10×5	157,51
3×18, 4×13, 4×12	157,51
4×12 m/r	80,85
12×1	155,56
Blokk reg.	118,00
Blokk O.R.	106,20
Punnildisblokk Evrópa	59,11
Marningsblokk	52,00
Marningsblokk (punnildi)	27,82

	U.S. cent pr. lbs. cif.
Steinbítur:	
8×7 r/l	77,11
10×5	181,95
Blokk reg.	125,00
Hökkuð blokk	40,00
Karfi:	
8×7 m/r	77,11
10×5 m/r og 6×5 m/r	83,64
10×5 r/l og 4×13 r/l	90,76
10×5 Sea Star	79,19
4×10 m/r flokkað (SÍS)	93,35
5×8 m/r og b/l 4–8 oz	95,21
5×8 m/r og b/l 8 oz og yfir	95,21
1×35 m/r að 150 gr	86,00
4×15 og 3×20	93,63
4×6 kg r/l lagp.	73,75
12×1 r/l	99,58
Blokk reg.	80,00
Marningsblokk	25,00
Ufsi:	
8×7 r/l	64,41
10×5	85,42
4×12 og 4×13	85,42
4×15 og 3×20 r/l (JUMBO)	96,63
Blokk reg.	64,00
Blokk (þunnildi)	45,00
Marningsblokk	35,00
Langa:	
8×7 r/l	77,11
10×5	124,10
Blokk reg.	75,00
Marningsblokk	20,00
Keila:	
8×7 r/l	77,11
Blokk reg.	65,00
Lýsa:	
Blokk reg.	90,00
Grálúða:	
Heilfr. hausuð yfir 3 kg	60,71
Heilfr. hausuð yfir 2 kg	52,55
Heilfr. hausuð 1–2 kg	38,06
Heilfr. m/h U.S.S.R.	34,47
4×10 r/l 4–8 oz	110,75
4×10 r/l 8–32 oz	115,20
4×12 4–8 oz lagp.	110,75

Grálúða:	U.S. cent pr. lbs. cif.
4×12 8–32 oz lagp.	115,20
4×6	110,00
Blokk U.S.S.R.	77,11
Blokk U.S.A.	80,00
 Heilfrystur fiskur 3×9	 34,47

Verðbil verður 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.
Greiðslur í sjóðinn verða 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.
Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. júní 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

15. júní 1983

Nr. 484

SAMÞYKKT

um stjórn Höfðahrepps og fundarsköp hreppsnefndar.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps er skipuð 5 fulltrúum kjörnum samkvæmt lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps er almennt í fyrirsvari fyrir hreppinn og skal engu máli er varðar sérstaklega hagsmuni hans til lykta ráðið án umsagnar hreppsnefndar.

Hreppsnefndinni ber að gæta hagsmuna hreppsins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum svo og málefni sem henni eru fengin á samþykktum er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Hreppsnefnd fer með yfirstjórn á fjárreiðum kaптúnsins.

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber hreppsnefnd að gera áætlun um tekjur og gjöld kaптúnsins fyrir yfirstandandi ár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli haga sbr. B-lið, ennfremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
2. Hreppsnefnd á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn hreppsins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.
3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.

4. Hún kveður á um lántökur fyrir hreppinn, þó er sveitarstjóra heimilt að taka stutt rekstrarlán án sérstakrar samþykktar hreppsnefndar. Hún kveður á um ábyrgðir hreppsins.
 5. Hreppsnefnd skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga hreppsins eigi síðar en í febrúarlök ár hvert.
- B. Hreppsnefnd fer með yfirstjórn verklegra framkvæmda hreppsins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginráttum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlun um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk eftir því sem ástæða þykir til.
- C. Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra og kýs nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum svo og endurskoðendur reikninga hreppsins. Ennfremur kýs hreppsnefnd fulltrúa hreppsins á fundi samtaka sveitarfélaga sem hreppurinn er aðili að, svo og fulltrúa er hreppnum kann að vera skylt að tilnefna samkvæmt lögum. Hún skipar einnig fasta starfsmenn hreppsins.
- D. Hreppsnefnd setur reglur og reglugerðir um stjórn og meðferð tiltekinna málefna hreppsins, ákveður lóðaleigur og aðrar gjaldskrár hrepps- og hreppsfiyirtækja, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

Fundarsköp hreppsnefndar.

3. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum kýs hún sér oddvita og varaoddvita úr hópí hreppsnefndarfulltrúa til 4ra ára í senn nema annað kunni að verða ákvarðað.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmingis hreppsnefndarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo sem flest fengu atkvæðin.

Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir störfum fundarstjóra uns kosinn hefur verið oddviti.

4. gr.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar umræðum á fundum hennar og sér um að allt fari fram í reglu og eftir fundarsköpum. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Fundarmönnum er skylt að hlíta úrskurði hans, þó skal skjóta úrskurðinum til hreppsnefndar, ef vafi leikur á um skilning á fundarsköpum. Í gerðabók skal geta þess, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitja fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal einnig í fundargerð geta hvers þess máls, sem tekið er til umræðu, og hverjir taka þátt í umræðum um hvern einstakan dagskrárlið. Að loknum fundi skal fundargerðin lesin upp og viðstaddir fundarmenn undirrita hana. Hver fundarmaður, sem eigi er sammála hinum á rétt á því, að ágreiningur hans verði ritaður með fáum orðum í gerðabókina.

5. gr.

Sveitarstjóri boðar hreppsnefndarfundu í samráði við oddvita og ákveður stund og stað. Skylt er að boða til fundar ef a. m. k. tveir hreppsnefndarmenn óska þess.

6. gr.

Sveitarstjóri ákveður dagskrá fundar í samráði við oddvita. Röð mála á dagskrá getur hreppsnefnd breytt með ályktun sinni, svo og tekið mál af dagskrá. Heimilt er oddvita að taka mál á dagskrá, þótt þess sé ekki getið í fundarboði, sé meirihluti hreppsnefndarmanna samþykkur slíku. Sveitarstjóri skal senda öllum hreppsnefndarmönnum dagskrá reglulegs fundar, er greini erindi þau er fyrir fundinn eiga að koma, tveimur sólarhringum fyrir fund.

7. gr.

Hverjum hreppsnefndarmanni er heimilt að krefjast þess að ákveðið mál verði tekið á dagskrá fundar, en skylt er honum að gera það skriflega og með þeim fyrirvara að hægt sé að greina frá því í fundarboði.

Hreppsnefnd er heimilt að taka mál á dagskrá sem hún hefur áður ályktað um, enda liggi fyrir nýjar upplýsingar í málinu og/eða beiðnir um endurupptöku þess.

8. gr.

Hreppsnefnd getur enga ályktun gert nema meir en helmingur hreppsnefndarmanna sé viðstaddur á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Sveitarstjóri og hver hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingatillögur, viðauka-tillögur eða frávísunartillögur við hvert mál, sem til umræðu er, og hreppsnefnd á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal oddviti fundarmönnum ráðrúm til að semja tillögu á fundi, ef þörf krefur.

Dagskrártillögur hafa forgang fram yfir aðrar tillögur og skulu þær afgreiddar umræðulaust strax og þær berast. Breytingatillögur teljast eingöngu þær tillögur sem fela í sér minniháttar breytingu á stefnu eða orðalagi aðaltillögu, og skal sú sem lengst gengur, að mati oddvita, berast upp fyrst.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa frá með rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu sveitarstjóra eða nefnda, eða með því að fresta því.

Oddviti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað. Enginn hreppsnefndarfulltrúi má greiða atkvæði í máli sem varðar hagsmuni hans sérstaklega. Honum er þó heimilt að skýra málið af sinni hendi. Hreppsnefnd sker úr því umræðulaust, hvort mál sé svo vaxið sem hér er sagt.

9. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál við eina umræðu nema fjárhagsáætlun hreppsins, ársreikninga og reglugerðir sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra. Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða vika hið skemmsta milli umræðna.

10. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram þannig að hreppsnefndarmaður réttir upp hönd. Nafnakall skal viðhafa ef oddviti, sveitarstjóri eða hreppsnefndarmaður óskar þess.

Draga skal um á hverjum byrja skal. Við nafnakall er hreppsnefndarmanni skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er oddviti metur gild.

Ef hreppsnefndarmaður vill ekki una úrskurði oddvita, má hann skjóta úrskurðinum til hreppsnefndar, sem sker úr án umræðna.

Komi upp sú staða að meirihluti nefndarmanna sitji hjá við atkvæðagreiðslu með handauppréttingu skal oddviti viðhafa nafnakall og endurtaka atkvæðagreiðslu og telst mál þá afgreitt þótt meirihluti segist ekki greiða atkvæði.

11. gr.

Hver hreppsnefndarmaður, sem vill taka til máls, skal óska heimildar oddvita.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumann, svo og hreppsnefndarmann sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs, ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala.

12. gr.

Ef oddviti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum sé hætt.

Þá getur oddviti hvenær sem er lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma.

Hreppsnefnd afgreiðir tillögur oddvita skv. 1. og 2. málsg. umræðulaust. Hver hreppsnefndarmaður getur borið fram slíkar tillögur og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

13. gr.

Skylt er hreppsnefndarmönnum að lúta valdi oddvita er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef hreppsnefndarmaður ber aðra menn brigslum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann og nefna þau ummæli er hann vítir. Ef hreppsnefndarmaður er víttur tvisvar á sama fundi, getur oddviti lagt það til við hreppsnefnd að hann verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef hreppsnefndarmaður hlýðnast ekki úrskurði hreppsnefndar eða almennt agaleysi kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða, ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

14. gr.

Fundargerðir hreppsnefndarfunda skal vélrita og senda hreppsnefndarmönnum að fundi loknum, eða með dagskrá næsta hreppsnefndarfundar sem haldinn er.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

15. gr.

Hverjum hreppsnefndarmanni er skylt að sækja fundi hreppsnefndar og sitja þá, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum t. d. oddvitastarf, setur í nefndum o. s. frv.

Sá sem verið hefur oddviti eða setið í nefnd getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Hreppsnefndarmönnum er skylt að koma trúðmannlega fram á hreppsnefndarfundum og gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem hreppsnefndarfulltrúar.

Þá er þeim skylt að gæta hagsmuna og velferðar kaupþúsins út á við, sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli hreppsnefndarmanna og hafa í huga, að heill sveitarfélagsins er ofar þrasi og togstreitu stjórnmalanna.

16. gr.

Hreppsnefndarmönnum er heimilt að kynna sér skjöl sveitarfélagsins.

17. gr.

Hver hreppsnefndarmaður á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd eftir ákvörðun hreppsnefndar. Þóknun skal ákveðin í desember ár hvert.

18. gr.

Ef hreppsnefndarmaður, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn af til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn samkvæmt 3. og 4. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

19. gr.

Hreppsnefnd getur veitt hreppsnefndarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá starfi.

IV. KAFLI

Um sveitarstjóra.

20. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

Heimilt er þó að ráða sveitarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í hreppsnefnd fyrir ráðningu sveitarstjóra, svo að sveitarstjóri er í andstöðu við meirihluta hreppsnefndar, og getur þá ráðherra ákveðið að hreppsnefndar-kosningar skuli fara fram á ný.

21. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra sem hreppsnefnd tekur og fer með framkvæmd á málefnum sveitarfélagsins yfirleitt, að því leyti, sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Skyld er sveitarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu sveitarfélagsins.

22. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar sömu réttindi og skyldur og hreppsnefndarmenn. Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt hreppsnefndarmaður. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum hreppsnefndar.

23. gr.

Nú samþykkir hreppsnefnd ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur sveitarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Sveitarstjóri skal senda hreppsnefndarmönnum eftirrit af skýrslunni svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytsins.

24. gr.

Veruleg útgjöld, sem ekki eru lögboðin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt hreppsnefndar, má ekki greiða nema til komi samþykki hreppsnefndar.

Ekkert gjald má greiða úr sveitarstjóði, nema sveitarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð hans eða hreppsnefndar til slíks.

V. KAFLI

Endurskoðendur.

25. gr.

Hreppsnefnd kýs tvo endurskoðendur fyrir kjörtímabilið og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.

Hreppsnefndarmenn eru ekki kjörgengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 15. mars ár hvert.

VI. KAFLI

Um kosningu nefnda o. fl.

26. gr.

Hreppsnefnd kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög mæla fyrir.

A. Til eins árs:

1. 2 menn í stjórn Skagstrendings hf. og tvo til vara.

2. 3 menn í stjórn Trésmiðju Guðmundar Lárussonar hf. og þrjá til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. 5 menn í byggingarnefnd og 5 til vara.

2. 4 menn í skólanefnd og 4 til vara.

3. 3 menn í barnaverndarnefnd og 3 til vara.

4. 3 menn í bókasafnsnefnd og 3 til vara.

5. 2 menn í áfengisvarnanefnd og 2 til vara.

6. 2 menn í sáttanefnd og 2 til vara.

7. 5 menn í æskulýðs- og íþróttaráð og 5 til vara.

8. 3 menn í hafnarnefnd og 3 til vara.

9. 3 menn í stjórn verkamannabústaða og 3 til vara.

10. 3 menn í sjóminja- og munasafnanefnd og 3 til vara.

11. 3 menn í rekstrarnefnd Fellsborgar og 3 til vara.

12. 2 endurskoðendur hreppsreikninga og 2 til vara.

13. 5 menn í atvinnumálanefnd.

14. Einn fulltrúa á þing Fjórðungssambands Norðlendinga og jafnmarga til vara.
Sveitarstjóri á jafnframt sæti á fjórðungsþingi samkvæmt lögum þess.

15. Einn fulltrúi á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, og einn til vara.

C. Aðrar nefndir vegna sérstakra samþykktu hreppsnefndar.

Formenn skulu sjá um að nefndir séu boðaðar til fundar. Ef tveir nefndarmenn hið fæsta óska eftir, að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga sæti í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina til fundar svo fljótt sem audið er. Einnig getur sveitarstjóri boðað, að fundir skuli haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til, til að ræða ýmis hreppsmál.

27. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verkvið sem og fundarsköp, fer eftir því sem ákveðið er í lögum eða samþykktum hreppsnefndar.

Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur hreppsnefnd sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem hreppsnefnd er fengið að lögum.

Kjörtímabil nefnda og umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími hreppsnefndar er á enda. Nema um sé að ræða nefnd sem hefur fengið til úrlausnar ákveðið afmarkað verkefni, þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt eða hreppsnefnd leggi nefndina niður.

28. gr.

Allar nefndir hreppsnefndar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem hreppsnefnd setur í einstök mál, lagðar fyrir hreppsnefnd til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

29. gr.

Nefndarmenn eiga rétt á þóknun fyrir störf sín, samkvæmt reglum sem hreppsnefnd setur, nema annað sé tekið fram í lögum, reglugerðum eða samningum.

Samþykkt þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58/1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1983.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

1. gr.

Fjárhæð 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1983:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	kr. 26 440,00
Hjón	kr. 37 010,00

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1983.

Matthías T. Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REIKNINGUR**Innheimtustofnunar sveitarfélaga, fyrir árið 1982.****Rekstrarreikningur fyrir árið 1982.**

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld		kr.	
Annar rekstrarkostnaður			
Gjaldfærð fjárfesting			
			<hr/>
			2 324 724,00
			<hr/>

Rekstrartekjur:

Innheimtuþóknun	kr.	kr.
Endurgreiddur innheimtukostnaður	37 025,00	
Vextir	230 253,00	
Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	1 222 632,00	1 489 910,00
		834 814,00
		<hr/>
		2 324 724,00
		<hr/>

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1982.

Eignir:

Óinnheimtar kröfur		kr.
Jöfnunarsjóður v/skrifstofukostnaður	126 838 182,00	
Sjóður	834 814,00	
Inneign á hlr. nr. 333 í Útvegsbanka Íslands	373 381,00	1 473 663,00
		<hr/>
		129 520 040,00
		<hr/>

Skuldir:

Tryggingastofnun ríkisins	kr.
Framlag Jöfnunarsjóðs	90 717 682,00
	38 802 358,00
	<hr/>
	129 520 040,00
	<hr/>

Reykjavík, 3. júní 1983.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga:

Guðm. Vignir Jósefsson, form.,

Alexander Stefánsson,
Árni Guðjónsson.

Hallgrímur Dalberg

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um radióbúnað og fjarskipti á skipum,
nr. 813 2. desember 1981.

I.

Á I. kafla reglnanna (almennar kröfur) eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. gr.

Grein 1.10 breytist þannig:

Í stað A1 komi A1A

Í stað A2 komi A2A

Í stað A2H komi H1A

Í stað A3 komi A3E

Í stað A3H komi H3E

Í stað A3J komi J3E

Í stað A3A komi R3E

Í stað F3 komi F3E

2. gr.

Síðasta setning í grein 2.10 breytist þannig:

Í stað RR 23-2, 853, 854 og 855 komi RR 55-2, 3866, 3867 og 3868. Á eftir grein 2.10 komi ný grein, sem verður 2.11, svohljóðandi:

Við skoðun vélbáta í 6. flokki felur Póst- og símamálastofnunin skipaskoðunarmanni að prófa metrabylgjustöð bátsins áður en hann gefur út háffærnissskírteini eða skoðunarovottorð. Stöðina skal prófa á móti strandstöð Póst- og símamálastofnunarinnar, hvenær sem því verður við komið.

3. gr.

Grein 3.5 orðist þannig:

5. flokkur:

Fiskiskip 8m og allt að 15m skráningarlengd.

Grein 3.6 orðist þannig:

6. flokkur:

Vélbátar styttri en 8m skráningarlengd.

4. gr.

Tilvitnun í síðustu setningu í grein 4.1 breytist þannig: Í stað „RR 23“ komi „RR 55“.

5. gr.

Grein 5.3; 2. mgr. 1. töluliður, breytist þannig: Í stað orðanna „að vild“ komi „að dómi“.

6. gr.

Grein 6.2, 4. töluliður, breytist þannig: Í stað „Varaviðtæki“ komi „Varðviðtæki“.

Grein 6.5. orðist þannig:

Skip í 6. flokki:

Vélbátar styttri en 8 m skráningarlengd.

1. Metrabylgjutalstöð (VFH) 156-162 MHz

(11. gr. í II. kafla).

7. gr.

2. málsg. í grein 14.6 orðist þannig:

Tíðnirnar 4125 kHz og 6215,5 kHz má senda með H3E mótonaraðferðinni til 1. janúar 1984.

II.

Á II. kafla reglnanna (tækniröfur) eru gerðar eftirtaldar breytingar:

8. gr.

Í stað síðasta orðsins í grein 1.6 „rið“ komi „Hz“.

9. gr.

Í stað orðanna „VHF-tækni“ í 2. línu og síðustu línu 3. mgr. í grein 1.14 og 5. línu 2. mgr. í grein 1.15 komi orðið „metrabylgjutækin“.

10. gr.

Grein 2.1 orðist þannig:

Sendirinn skal búinn útgeislunartegundum R3E og J3E. Sé hann einnig hannaður fyrir morsesendingar skal hann hafa A1A.

11. gr.

Í tilvitnun neðanmáls í grein 6.8 komi í 1. mgr. í svigum stafirnir A2A í stað A2.

12. gr.

Í grein 8.2 komi í 2. setningu orðið „vera“ í stað „málaður“.

13. gr.

Síðasta málsgrein í gr. 9.2 orðist þannig:

Við venjulegar aðstæður skulu sendingar með tvöföldu hliðarbandi (DSB) eða einföldu hliðarbandi (SSB) með fullri burðarbylgju (m. a. H3E) hafa mótonardýpt a. m. k. 70% við hámarksþéttleika (peak intensity). Mótun á sendingu á einföldu hliðarbandi (SSB) með minnkaðri (reduced) burðarbylgju eða deyfðri (suppressed) burðarbylgju (R3E, J3E) skal vera þannig að óæskilegar útgeislanir fari ekki yfir þau gildi, sem tilgreind eru í radióreglugerðinni.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 28. júní 1983.

Matthías T. Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

REIKNINGUR

**Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannes-
dóttur árið 1982.**

Rekstrarreikningur fyrir árið 1982.

	Tekjur:	
Vextir af bankainnstæðum		kr. 1 947,36
		<hr/>
	Gjöld:	
Tekjur umfram gjöld		kr. 1 947,36
		<hr/>
		1 947,36

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1982:

	Eignir:	
Bankainnstæður		kr. 7 356,60
		<hr/>
		7 356,60
	Skuldir:	
Höfuðstólsreikningur:		
Hrein eign pr. 1. jan. 1982	kr. 5 409,24	
Hreinar tekjur árið 1982	kr. 1 947,36	kr. 7 356,60
		<hr/>
		7 356,60

Samgönguráðuneytið, 29. apríl 1983.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 330 frá 12. júlí 1983 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 7. júlí 1983.

F. h. r.
Sveinn Björnsson.

Yngvi Ólafsson.